Stjórnartíðindi
1995 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 1754a er aukablaðsíða.
Meiriháttar gallar á bls. 1072 og 1092.
Gallar á bls. 942, 1014-1015, 1315, 1335, 1361, 1368, 1379, 1447, 1454, 1461, 1477, 1623, 1651, 1675, og 1932.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 - 1995

10. júlí 1995 913 Nr. 385

AUGLÝSING

um tollflokkun á kornvörum.

Ráðuneytið tilkynnir hér með, að ákveðið hefur verið að eftirfarandi skuli gilda um tollflokkun kornvara í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

1001.1009, 1001.9009, 1002.0009, 1003.0009, 1004.0009, 1005.9009, 1007.0009, 1008.1009, 1008.2009, 1008.3009, 1008.9009, 1101.0029, 1102.2009, 1102.3009, 1102.9019, 1102.9029, 1103.1109, 1103.1209, 1103.1319, 1103.1329, 1103.1909, 1103.2109, 1103.2909, 1104.1109, 1104.1229, 1104.1909, 1104.2109, 1104.2229, 1104.2309, 1104.2909, 1104.3009, 1213.0019 og 1213.0029.

Undir ofangreind tollskrárnúmer skal einungis heimilt að tollflokka kornvörur sem flokkast undir ofangreinda vöruliði tollskrárinnar, þ.e.a.s. fyrstu fjóra tölustafina í tollskrárnúmerinu, og ekki eru ætlaðar fóðurs eða fóðurgerðar. Einungis er því heimilt að tollflokka kornvöru undir ofangreind tollskrárnúmer sé hún ætluð til manneldis án frekari vinnslu eða vinnslu annarrar en fóðurgerðar. Ennfremur er heimilt að tollflokka undir ofangreind tollskrárnúmer kornvörur, sem einungis er ætlað til þess að fóðra gæludýr.

Flokki innflytjandi vöru undir ofangreind tollskrárnúmer telst hann hafa gefið yfirlýsingu um að varan sé eingöngu til manneldis og verði eingöngu notuð eða seld til þeirra nota eða til nefndrar framleiðslu innanlands. Selji innflytjandi vöruna heildsala, smásala eða framleiðenda nefndra framleiðsluvara, skal innflytjandi því aðeins afhenda kaupanda vöruna að kaupandi skrifi undir yfirlýsingu þess efnis, að hann muni eingöngu nota vöruna samkvæmt þeim skilmálum sem tollflokkun hennar var byggð á við innflutning. Sé í vörusendingu vara sem bæði er ætluð til fóðurs eða fóðurgerðar og til annarra nota er innflytjanda heimilt að skipta upp vöru í aðflutningsskýrslu í viðeigandi tollskrárnúmer. Þeir sem fá vörur tollafgreiddar eða kaupa vörur til endursölu eða til nota við framleiðslu nefndra framleiðsluvara samkvæmt auglýsingu þessari skulu halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörurnar aðgreindum í bókhaldi sínu sem tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji þau ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Skulu þeir veita tollyfirvöldum upplýsingar um sölu, notkun eða aðra ráðstöfun varanna sé þess óskað.

Með sömu skilmálum og um ræðir hér að framan um ofangreindar vörur í 10., 11. og 12. kafla tollskrárinnar er tollstjóra heimilt að fella niður toll af vörum í 23. kafla tollskrárinnar.

Gutenberg

Komi í ljós við rannsókn tollyfirvalda að innflytjandi eða aðrir, sem notið hafa tollívilnana samkvæmt auglýsingu þessari, hafi misnotað ívilnunina skulu þeir þegar, að kröfu tollyfirvalda, greiða full aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt viðurlögum samkvæmt 134. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi. Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 126. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem tollafgreiddar hafa verið frá og með 1. júlí 1995 enda lýsi innflytjandi því yfir að skilmálar þeir, sem kveðið er á um í auglýsingu þessari skuli í einu og öllu gilda um þær vörusendingar sem endurgreitt er af.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 – 1995

11. júlí 1995 915 Nr. 386

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 12. júlí 1995 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°02,00 N - 16°11,20 V
2. 63°56,43 N - 16°02,70 V
3. 63°45,65 N - 16°23,75 V
4. 63°45,50 N - 16°30,15 V
5. 63°48,00 N - 16°40,00 V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 12. júlí 1995 felld úr gildi reglugerð nr. 311, 2. júní 1995, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 63, nr. 386. Útgáfudagur 11. júlí 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 - 1995

Nr. 387 916 18. júlí 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 644, 21. desember 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

2. málsliður 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 644/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins fellur niður.

2. gr.

Í stað 11. gr. reglugerðar nr. 644/1994 kemur ný grein er orðist svo:

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru samkvæmt l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum.

Úreldingarstyrkur skal vera það hlutfall er tiltekið er hér á eftir af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess árs er umsókn barst. Falli skip ekki undir samræmdar reglur um húftryggingarmat (s.s. Fjárhæðanefnd fiskiskipa eða Samábyrgð Íslands á fiskiskipum) eða liggi slíkt mat ekki fyrir, skal stjórn sjóðsins áætla húftryggingarverðmæti skipsins og er í þeim efnum ekki bundin af umsaminni húftryggingarfjárhæð skipsins. Um mat af þessu tagi skal stjórnin setja sérstakar starfsreglur og getur hún m.a. leitað um slíkt mat til sérfróðra eða reyndra aðila. Á árinu 1995 skal úreldingarstyrkur þó aldrei nema hærri fjárhæð en 93.087.000 kr. fyrir hvert skip. Á árinu 1995 skulu úreldingarstyrkir vera:

1. Vegna umsókna er bárust fyrir árslok 1994 gilda ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 416/1994.
2. Vegna umsókna er bárust á árinu 1995 og sjóðstjórn hafði samþykkt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu styrkir nema 40% af verðmæti skips eins og það er skilgreint í 2. mgr.
3. Vegna annarra umsókna er sjóðnum berast á árinu 1995:
   a) Vegna báta er stundað hafa veiðar með línu og handfærum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða (krókabátar) skulu styrkir nema 45% af verðmæti báts eins og það er skilgreint í 2. mgr.
   b) Vegna annarra skipa skal styrkur nema 20% af verðmæti skips eins og það er skilgreint í 2. mgr.

Gutenberg

Skilyrði fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita loforð um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að skipið hafi fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Það eru ennfremur skilyrði að réttur eigandi eða eigendur skips lýsi því yfir að skipið verði eða hafi verið tekið varanlega af skipaskrá eða verði ekki haldið til veiða í efnahagslögsögu Íslands né gert út sem fiskiskip frá Íslandi, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og að allar aflaheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa. Greiði sjóðurinn styrk vegna úreldingar skips, sem orðið hefur fyrir tjóni sem bætt er af vátryggingarfélagi, skal samtala tjónabóta og úreldingarstyrks aldrei nema hærri fjárhæð en húftryggingarmati skipsins.

Stjórn sjóðsins er óheimilt að greiða úreldingarstyrk fyrr en annað hvort liggur fyrir vottorð Siglingamálastofnunar um afskráningu skipsins af skipaskrá svo og að skipi hafi verið eytt ellegar það selt úr landi eða að þinglýst hefur verið kvöð á skipið þess efnis að það hafi verið tekið varanlega úr fiskiskipastól Íslendinga og að því verði ekki haldið til veiða frá Íslandi og skal þá ennfremur liggja fyrir staðfesting Siglingamálastofnunar um það að skipið sé ekki lengur skráð sem fiskiskip. Form og efni þinglýstu kvaðarinnar skal vera samþykkt af stjórn Þróunarsjóðs. Sé skip afskráð skal liggja fyrir yfirlýsing eiganda skips og handhafa viðkomandi réttinda um það að skipið verði ekki að þeirra tilstuðlan skráð aftur á íslenska skipaskrá. Ennfremur liggi fyrir yfirlýsing frá Fiskistofu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins. Áður en úreldingarstyrkur kemur til útborgunar skal stjórn Þróunarsjóðs krefjast þess að annað hvort liggi fyrir þinglýsingarvottorð sem sýnir að skip sé kvaða- og veðbandalaust að frátalinni þeirri kvöð sem málsgrein þessi segir til um eða samþykki veðhafa á úreldingu þess. Þegar skip er afskráð skal alltaf krefjast þess að fyrir liggi þinglýsingarvottorð sem sýnir að skip sé kvaða- og veðbandalaust. Þá er óheimilt að veita skipi leyfi til veiða í atvinnuskyni ef Þróunarsjóður hefur greitt styrk vegna úreldingar þess. Ennfremur er óheimilt að nýta fiskiskip, er hlotið hefur úreldingarstyrk, til fiskveiða í efnahagslögsögu Íslands eða gera það út sem fiskiskip frá Íslandi.

Komi í ljós að fjárhagur Þróunarsjóðs leyfi ekki greiðslu úreldingarstyrkja samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal sjóðstjórn gera tillögu til ráðherra um lækkun á því hlutfalli af húftryggingarverðmæti sem styrkur miðast við. Jafnframt er sjóðstjórn heimilt að ákveða frestun á greiðslu styrkja ef hún telur að um tímabundinn skort á ráðstöfunarfé sé að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 64, nr. 387. Útgáfudagur 19. júlí 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 - 1995

Nr. 388 918 27. júní 1995

REGLUGERÐ

um Kvikmyndaskoðun.

1. gr.

Kvikmyndaskoðun starfar samkvæmt lögum nr. 47/1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, nema leyfð hafi verið skoðun annars staðar.

2. gr.

Kvikmyndaskoðun úrskurðar að hvers kyns dreifing kvikmyndar, þ.m.t. sýning, sala, leiga eða útlán sé bönnuð hér á landi, teljist kvikmyndin ofbeldiskvikmynd í skilningi laga nr. 47/1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Þá úrskurðar Kvikmyndaskoðun hvort takmarka skuli dreifingu kvikmyndar miðað við tiltekið aldursmark teljist kvikmyndin að mati Kvikmyndaskoðunar geta haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna, sjá 3. gr.

Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar eru endanlegir. Ef sérstök ástæða þykir til er Kvikmyndaskoðun heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmyndar sem áður hefur verið metin.

3. gr.

Telji skoðunarmenn Kvikmyndaskoðunar að takmarka skuli aðgang barna að kvikmynd úrskurðar Kvikmyndaskoðun að bannað skuli að sýna myndina börnum innan tiltekinna aldursmarka. Um sýningar í kvikmyndahúsum skal miða við eftirtalin aldursmörk eftir mati skoðunarmanna: 10 ár, 12 ár, 14 ár eða 16 ár. Um dreifingu á myndböndum skal miða við aldursmörkin 12 ár eða 16 ár. Ef atriði í kvikmynd, sem ekki sætir aðgangstakmörkun, gætu hugsanlega vakið ótta ungra barna skal auðkenna slíka kvikmynd með sérstakri viðvörun.

Heimilt er Kvikmyndaskoðun að ákveða sérstök aldursmörk fyrir mismunandi myndmiðla.

4. gr.

Markmið með skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaskoðun er að meta hvort kvikmyndin teljist ofbeldiskvikmynd í skilningi laga nr. 47/1995 og hvort kvikmyndin sé við hæfi barna, sbr. 2. gr.

Þeim aðilum, sem framleiða kvikmyndir hér á landi, flytja þær til landsins eða ætla að sýna, dreifa eða selja kvikmyndir hérlendis, er skylt að koma kvikmynd til skoðunar hjá Kvikmyndaskoðun og er sala, dreifing eða sýning kvikmyndar óheimil nema fyrir liggi skoðunarvottorð Kvikmyndaskoðunar, sjá þó 5. gr. laga nr. 47/1995 að því er varðar kvikmyndir í sjónvarpi.

Gutenberg

Tveir fulltrúar sem skipaðir hafa verið af menntamálaráðherra í Kvikmyndaskoðun skulu skoða hverja kvikmynd. Greini þá á getur forstöðumaður Kvikmyndaskoðunar kvatt hinn þriðja til og ræður þá meiri hluti skoðunarmanna.

Kvikmyndaskoðun gefur út skriflegt vottorð um að skoðun hafi farið fram. Skal það látið skoðunarbeiðanda í té að afgreiðslu lokinni gegn greiðslu gjalds, sbr. 6. gr.

Þegar um skoðun kvikmyndar á myndbandi er að ræða fær skoðunarbeiðandi auk vottorðs einnig afhentan tiltekinn fjölda límmiða og skal þar koma fram aldursmark ef úrskurðuð er takmörkun skv. 3. gr., svo og skráningarnúmer viðkomandi kvikmyndar hjá Kvikmyndaskoðun. Límmiða þessa skal skoðunarbeiðandi í umboði Kvikmyndaskoðunar koma fyrir á sérhverri myndbandsspólu og kápu, þannig að fullljóst megi vera að skoðun á vegum Kvikmyndaskoðunar hafi farið fram. Skoðunarbeiðandi ber ábyrgð á því að öll eintök myndbandsútgáfu kvikmyndarinnar séu þannig merkt áður en þau koma til almennrar dreifingar.

Aðrir skoðunarmenn en þeir sem upphaflega skoða kvikmynd geta ef svo ber undir farið á almenna sýningu kvikmyndarinnar endurgjaldslaust gegn framvísun skilríkja, enda sé þá um faglega nauðsyn að ræða að mati forstöðumanns og samkomulag um framkvæmd við eigendur kvikmyndahúss.

5. gr.

Kvikmyndaskoðun kveður upp úrskurði sína svo fljótt sem unnt er, sbr. 2. gr. og 3. gr. Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar skv. 2. gr. skulu vera skriflegir og skal fylgja þeim rökstuðningur þar sem koma fram þau meginsjónarmið sem úrskurðurinn byggist á. Úrskurðir Kvikmyndaskoðunar skulu kynntir aðilum sem hlut eiga að máli og vera almenningi aðgengilegir.

Kvikmyndaskoðun gefur a.m.k. tvisvar á ári út heildaryfirlit yfir skoðaðar kvikmyndir þar sem fram kemur mat á sýningarhæfni þeirra. Kvikmyndaskoðun skal sjá til þess að yfirlit þessi séu almenningi aðgengileg.

Kvikmyndaskoðun annast heildarskráningu á kvikmyndum sýndum í kvikmyndahúsum og útgefnum á myndbandamarkaði.

6. gr.

Fyrir skoðun kvikmynda á myndböndum skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hverrar kvikmyndar þannig að fast gjald, kr. 1.700, greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 57 fyrir hverja mínútu kvikmyndarinnar og merkingu allt að 150 eintaka af hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2,50 fyrir hvern merkimiða umfram þann fjölda.

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi skal sá er skoðunar beiðist greiða gjald í ríkissjóð, kr. 5.500. Fari skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálft gjald fyrir skoðun og tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. eru miðaðar við vísitölu neysluverðs 172.1 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, verið áður skoðuð í kvikmyndahúsi og skal þá skoðunarbeiðandi einvörðungu greiða mínútugjald, kr. 57, fyrir hverja mínútu myndarinnar skv. 1. mgr. vegna skoðunar og skráningar kvikmyndarinnar. Ekki er áskilið að tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd þegar svo stendur á ef forstöðumaður metur það svo.

Fyrir endurmat á sýningarhæfni kvikmyndar skv. 3. mgr. 2. gr. skal ekki greiða skoðunargjald.

7. gr.

Þóknunargreiðslur til nefndarmanna í Kvikmyndaskoðun og þóknun til forstöðumanns vegna umsjónarstarfa skal ákveðin af menntamálaráðherra.

8. gr.

Aðilum skv. 2. mgr. 4. gr. rg. þessarar er skylt að sjá til þess að á öllum eintökum hinnar skoðuðu kvikmyndar sé merki Kvikmyndaskoðunar þar sem mat á sýningarhæfni kemur fram.

Dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda skulu láta niðurstöður Kvikmyndaskoðunar fylgja öllum auglýsingum og kynningu á kvikmyndum í fjölmiðlum. Stefnt skal að því að mat Kvikmyndaskoðunar á sýningarhæfni kvikmyndar birtist á skjámynd áður en sýning hennar hefst, hvort sem er í kvikmyndahúsi eða í öðrum myndmiðlum. Allt kynningarefni svo sem efni auglýsingar, tónlistarmyndbönd og sýnishorn úr öðrum kvikmyndum, sem fylgir sýningu aðalmyndar í kvikmyndahúsi eða útgáfu hennar á myndbandi skal vera í samræmi við aldursmark þeirrar kvikmyndar.

Forstöðumaður kvikmyndahúss ber ábyrgð á að úrskurði Kvikmyndaskoðunar um aldursmörk sé framfylgt og breytir engu þó að barn sé í fylgd þeirra sem heimild hafa til að sjá kvikmyndina.

Óheimilt er að leigja, lána eða selja börnum eintak kvikmyndar, ef hún er bönnuð börnum á viðkomandi aldri. Hver sá sem rekur myndbandaleigu ber ábyrgð á að úrskurði Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt í hvívetna.

Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa reglubundið eftirlit með því, að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og að aðeins séu til dreifingar, sýningar, sölu eða leigu kvikmyndir, sem Kvikmyndaskoðun hefur skoðað og heimilað dreifingu á.

9. gr.

Sjónvarpsstöðvar sem leyfi hafa til útvarps skv. útvarpslögum nr. 68/1985 annast skoðun kvikmynda, sem þær sýna, að höfðu samráði við Kvikmyndaskoðun. Menntamálaráðherra getur þó ákveðið, að tiltekin kvikmynd skuli skoðuð af Kvikmyndaskoðun, sem hefur þá úrskurðarvald um það hvort myndin brjóti gegn ákvæðum laga nr. 47/1995.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/1995 um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum. Heimilt er að gera upptækar kvikmyndir ef sýning, dreifing eða sala þeirra fer í bága við ákvæði framangreindra laga. Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 47/1995 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 614/1989 með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um nítrósamín í gúmmítúttum og snuðum.

I. KAFLI
Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um nítrósamín og önnur efni sem geta umbreyst í nítrósamín og hugsanlegt flæði þeirra úr gúmmítúttum og snuðum, sbr. einnig III. kafla reglugerðar nr. 537/1993 um efni og hluti sem ætlað er að snerta matvæli.

2. gr.

Gúmmítúttur og snuð skulu ekki gefa frá sér nítrósamín eða efni sem geta umbreyst í nítrósamín í meira magni en hægt er að greina samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í viðauka. Greiningarmörk aðferðarinnar eru eftirfarandi:

- 0,01 mg nítrósamín/kg þess hluta gúmmítúttu eða snuðs sem er úr gúmmíi;
- 0,1 mg efni sem geta umbreyst í nítrósamín/kg þess hluta gúmmítúttu eða snuðs sem er úr gúmmíi.

II. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

4. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 48. tölul., tilskipun 89/109/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka bókun 1 við samninginn, tilskipun 93/11/EBE um losun N-nítrósamína og N-nítrósamínmyndandi efna úr túttum og snuðum úr elastómer eða gúmmíi.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki
Skilyrði við ákvörðun á flæði nítrósamína og efna sem geta umbreyst í nítrósamín úr gúmmítúttum og snuðum.

1. Prófunarlausn (saltlausn)
Eftirfarandi sölt eru leyst í 1 lítra af eimuðu vatni:

4,2 g natríumbíkarbónat ($NaHCO_3$)
0,5 g natríumklóríð (NaCl)
0,2 g kalíumkarbónat (K_2CO_3)
0,03 g natríumnítrít ($NaNO_2$)

Lausnin skal hafa pH-gildi 9.

2. Aðstæður prófunar
Útbúin skulu sýni úr hæfilegum fjölda af gúmmítúttum eða snuðum og þau höfð í prófunarlausninni í 24 klst. við 40°C ± 2°C.

3. Mæling á flæði
a) Flæði nítrósamína skal mælt í einum skammti af hverri lausn sem fengin er samkvæmt tölulið 2. Nítrósamín eru dregin út með nítrósamínfríu tvíklórmetani (DCM) og magn þeirra ákvarðað í gasgreini.
b) Flæði efna sem geta umbreyst í nítrósamín skal mælt í öðrum skammti af hverri lausn sem fengin er samkvæmt viðauka 1. Efnunum er breytt í nítrósamín með því að bæta saltsýru (HCl) í prófunarlausnina. Að því búnu er magn nítrósamína ákvarðað með útdrætti með tvíklórmetani (DCM) og gasgreiningu.

Nr. 390 6. júlí 1995

REGLUGERÐ
um ölkelduvatn.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.
1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ölkelduvatn (mineral water). Ákvæði hennar ná þó ekki til ölkelduvatns sem er ætlað til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og vatns sem er skilgreint sem lyf samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 65/65/EBE. Ölkelduvatn og eftirlit með því skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

2. gr.

Með ölkelduvatni er í reglugerð þessari átt við vatn sem á upptök sín neðanjarðar og kemur frá einni eða fleiri náttúrulegum uppsprettum eða borholum. Vatn þetta er einkum frábrugðið öðru neysluvatni að því leyti að upprunalegt ástand þess og eðli hefur varðveist sökum þess að vatnið á upptök sín neðanjarðar og er varið fyrir mengun. Breyting á rennslishraða (flæði) vatnsins skal ekki hafa áhrif á samsetningu þess, sem skal vera stöðug hvað varðar einkennandi þætti eins og innihald steinefna, snefilefna og annarra efnisþátta.

II. KAFLI
Skilyrði fyrir hagnýtingu.

3. gr.

Hver sá er hyggst hagnýta ölkelduvatn til dreifingar þarf til þess leyfi viðkomandi heilbrigðisnefndar, að undangenginni staðfestingu Hollustuverndar ríkisins, vegna þeirra skilyrða sem fram koma í þessum kafla reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefnd skal auglýsa veitt leyfi í Lögbirtingablaðinu og Hollustuvernd sér síðan um að koma nauðsynlegum gögnum til umhverfisráðuneytis sem kemur þeim til birtingar í stjórnartíðindum ESB.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. gildir mest í tvö ár og ef það er endurnýjað áður en sá tími er liðinn er ekki nauðsynlegt að leggja fram að nýju öll gögn sem krafa er gerð um í þessum kafla. Eftirlitsaðili skal hafa fullan aðgang að gögnum úr innra eftirliti leyfishafa til að fylgjast með stöðugleika og gæðum vatnsins.

4. gr.

Hagnýting á ölkelduvatni er eingöngu heimil ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt af hálfu umsóknaraðila og vatnið samræmist þeim skilyrðum sem hér koma fram.

1. Fyrir mat á jarð- og vatnsfræðilegum þáttum skal leggja fram:
   a) nákvæma staðsetningu írennslissvæðis (catchment) og hæð yfir sjávarmáli, skráð á landakort á kvarða ekki stærri en 1:1000;
   b) greinargerð um jarðfræði, uppruna og eðli landsvæðisins;
   c) lýsingu á vatnafræði og jarðlögum;
   d) lýsingu á írennslissvæðinu og virkni þess;
   e) afmörkun svæðisins eða lýsingu á öðrum aðgerðum sem vernda uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
2. Kanna skal eftirfarandi eðlis- og efnafræðilega þætti:
   a) rennslishraða vatnsins;
   b) hitastig vatnsins við upptöku og hitastig umhverfisins;
   c) sambandið milli eðlis landsvæðisins og eðlis og gerðar vatnsins;
   d) leifar þurrefnis við 180°C og 260°C;
   e) rafleiðni eða viðnám (tilgreina skal hitastig);
   f) sýrustig (pH);
   g) styrk anjóna og katjóna;
   h) styrk ójónaðra efna;
   i) styrk snefilefna;
   j) þar sem við á, styrk ísótópa súrefnis (O16-O18) og vetnis (H1-H3) í vatninu.
3. Örverufræðilegir þættir sem ekki skulu finnast við rannsókn á vatninu:
   a) sníkjudýr og sýklar;
   b) Escherichia coli og aðrir kólígerlar í 250 ml;
   c) saurkokkar í 250 ml;
   d) grómyndandi loftfælnar súlfítafoxandi örverur í 50 ml;
   e) Pseudomonas aeruginosa í 250 ml.

5. gr.

Óheimilt er að sótthreinsa vatnið eða meðhöndla það á annan hátt sem gæti haft áhrif á líftölu þess, að undanskildum ákvæðum 6. gr. Líftala örvera, þ.e. fjöldi kóloníumyndandi eininga, í vatninu á upptökustað, skal vera í samræmi við eðlilega líftölu vatnsins og vera næg sönnun þess að upptökin séu varin gegn allri mengun. Líftala skal ákvarðast með ræktun við 20-22°C í 72 klst. og við 37°C ± 1°C í 48 klst.

Á upptökustað skal miðað við að líftalan fari ekki yfir 20 í ml eftir 72 klst. við 20-22°C og 5 í ml eftir 48 klst. við 37°C. Eftir átöppun er óheimilt að þessi gildi fari yfir

100 í ml eftir 72 klst. ræktun við 20-22°C og 20 í ml eftir 48 klst. ræktun við 37°C ± 1°C. Líftalan skal mæld innan 12 klst. frá átöppun og skal halda vatninu við 4°C ± 1°C á þessu 12 klst. tímabili. Við upptök og í neytendaumbúðum skal vatnið jafnframt uppfylla skilyrði 3. tölul. 4. gr.

6. gr.

Ölkelduvatn, í upprunalegu ástandi, er óheimilt að meðhöndla nema á eftirfarandi hátt:

1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteinssambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu. Meðferðin má ekki hafa áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því séreiginleika.
2. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða að hluta.
3. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið, ef það er gert í samræmi við skilgreiningar á freyðandi ölkelduvatni í 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir notkun ölkelduvatns við framleiðslu svaladrykkja.

7. gr.

Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns og þau skilyrði sem slíkt vatn þarf að uppfylla, svo sem kröfur um efnarannsóknir og stöðugleika í efnasamsetningu.

III. KAFLI
Umbúðir og merking.

8. gr.

Umbúðir átappaðs ölkelduvatns skulu vera þannig gerðar að þær komi í veg fyrir að vatnið spillist með einhverjum hætti.

9. gr.

Heiti eða nánari vörulýsing átappaðs ölkelduvatns skal vera „ölkelduvatn“. Heiti eða vörulýsing freyðandi ölkelduvatns skal vera: „náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“, „ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ eða „kolsýrt ölkelduvatn“, sbr. eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“ merkir ölkelduvatn sem inniheldur sama koltvísýringsmagn við átöppun og það gerði við upptök að undangenginni fellingu ef við á. Með fyrirvara um leyfileg tæknileg viðmiðunarmörk, er heimilt að bæta í vatnið jafnmiklum koltvísýringi frá upptökustað og þeim sem tapaðist við vinnslu.
2. „Ölkelduvatn bætt kolsýru frá upptökustað“ merkir ölkelduvatn sem við átöppun inniheldur koltvísýring sem fenginn er frá upptökustað vatnsins.
3. „Kolsýrt ölkelduvatn“ merkir ölkelduvatn bætt koltvísýringi sem ekki er fenginn frá upptökustað.

Hafi vatnið verið meðhöndlað eins og um getur í 2. tl. 6. gr. skal bæta við heitið eða vörulýsinguna: „afkolsýrt“ eða „afkolsýrt að hluta“.

10. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Annað hvort orðin „samsetning í samræmi við niðurstöður viðurkenndrar greiningar frá: (dagsetning greiningar)“, eða lýsing á samsetningu vörunnar með upplýsingum um einkennandi efnisþætti.

2. Heiti svæðis þar sem vatnið er tekið og heiti upptökustaðar. Heiti svæðis getur verið hluti af heiti vörunnar eða nánari vörulýsingu, sbr. 9. gr., ef þetta er ekki á nokkurn hátt villandi um uppruna vörunnar.

Heimilt er að sérmerkja umbúðir ölkelduvatns með þeim upplýsingum sem fram koma í viðauka, þegar tryggt er að viðeigandi skilyrðum um þær er fullnægt.

11. gr.

Þegar uppspretta eða borhola er nýtt til hagnýtingar og markaðssetningar á ölkelduvatni er óheimilt að nota fleiri en eina vörulýsingu fyrir vatn úr þeirri uppsprettu eða borholu. Með vörulýsingu er átt við ákvæði þessa kafla reglugerðarinnar um merkingar.

IV. KAFLI
Eftirlit.

12. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

13. gr.

Tryggt skal að reglubundið eftirlit sé haft með þeim búnaði sem notaður er við hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns og skal hann uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Búnaður sem notaður er verður að vera þannig að hann spilli ekki vatninu og tryggi að eiginleikar þess við upptöku varðveitist.
2. Vernda skal uppsprettuna/borholuna gegn mengun.
3. Leiðslur, geymar og annar búnaður verður að vera úr efni sem hæfir vatninu og er þannig hannaður að komið verði í veg fyrir efna-, eðlis- og örverufræðilegar breytingar á vatninu.
4. Aðstæður við vinnslu, sérstaklega þvotta- og átöppunarhúsnæði, skulu samrýmast almennum kröfum um hollustuhætti. Sérstaklega verður að gæta þess að ílát og umbúðir séu þannig gerð og meðhöndluð að örveru- og efnafræðilegir eiginleikar vatnsins breytist ekki.
5. Bannað er að flytja ölkelduvatn í öðrum ílátum en þeim sem ætluð eru til dreifingar til neytenda.

14. gr.

Komi í ljós mengun ölkelduvatns við vinnslu eða að vatnið uppfyllir ekki lengur ákvæði 5. gr., skal stöðva átöppun þegar í stað og ekki hefja hana að nýju fyrr en mengunin er upprætt og/eða sýnt þykir að vatnið uppfyllir örverufræðileg skilyrði samkvæmt 4. og 5. gr. Sömu starfsaðferðir skulu viðhafðar ef gallar koma fram við skynmat.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

15. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 26. tölul., tilskipun 80/777/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns, og þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki
Sérmerking umbúða.

Merking	**Skilyrði**
Steinefnasnautt	Ekki meira en 50 mg/l
Lítið magn steinefna	Ekki meira en 500 mg/l
Steinefnaríkt	Meira en 1500 mg/l
Inniheldur bíkarbónat	Meira en 600 mg/l
Innihaldur súlfat	Meira en 200 mg/l
Inniheldur klóríð	Meira en 200 mg/l
Inniheldur kalk	Meira en 150 mg/l
Inniheldur magnesíum	Meira en 50 mg/l
Inniheldur flúoríð	Meira en 1 mg/l
Inniheldur járn	Meira en 1 mg/l
Súrt	Óbundinn koltvísýringur yfir 250 mg/l
Inniheldur natríum	Meira en 200 mg/l
Má nota í natríumskert fæði	Natríum minna 20 mg/l

Nr. 391 6. júlí 1995

REGLUGERÐ

um hunang.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hunang samkvæmt skilgreiningu í 2. grein. Hún gildir þó ekki um hunang sem ætlað er til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

1. **Hunang** er vara sem hunangsflugur framleiða úr hunangslegi blóma eða seytu jurta og sem þær safna, umbreyta, binda sérstökum efnum, geyma og láta þroskast í vaxkökum. Afurðirnar eru ýmist fljótandi, í föstu formi eða kristallaðar.
2. **Blómahunang** er hunang sem er aðallega fengið úr hunangslegi blóma.

3. **Daggarhunang** er hunang sem er aðallega fengið úr seytu jurta.
4. **Vaxkökuhunang** er hunang sem býflugur safna í hólf nýbyggðra lirfulausra vaxkaka og selt er í lokuðum vaxkökum, heilum eða í hlutum.
5. **Hunang sem fengið er með dreypni** er unnið með því að láta drjúpa af opnum lirfulausum vaxkökum.
6. **Hunang sem fengið er með skiljun** er hunang sem skilið er frá opnum lirfulausum vaxkökum í skilvindu.
7. **Pressað hunang** fæst með því að pressa lirfulausar vaxkökur við vægan eða engan hita.
8. **Iðnaðarhunang** er hunang sem telst hæft til manneldis, en hefur framandi lykt eða bragð, er byrjað að gerjast eða freyða eða hefur hlotið hitameðhöndlun. Virkni „díastasa“ eða magn „hýdroxímetýlfurfurals“ getur einnig verið umfram það sem tilgreint er í viðauka.

II. KAFLI
Samsetning og merking.

3. gr.

Ekki er heimilt að bæta efnum í hunang eða breyta efnasamsetningu þess með öðrum hætti. Við markaðssetningu skal samsetning hunangs vera í samræmi við það sem fram kemur í viðauka.

Hunang skal, að því marki sem slíkt er framkvæmanlegt, vera laust við aðskotaefni og aðskotahluti og að öðru leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Hunang, annað en iðnaðarhunang, má ekki hafa framandi bragð eða lykt, vera byrjað að gerjast eða freyða, eða sýrustig þess hafa tekið óeðlilegum breytingum. Óheimilt er að hita hunang að því marki að náttúrulegir lífhvatar þess hafi verið eyðilagðir eða gerðir óvirkir.

5. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, skal orðið „hunang“ eða eitt þeirra heita sem talin eru upp í 2. gr. koma fram á umbúðum hunangs. Ef um iðnaðarhunang er að ræða skal það merkt sem slíkt.

6. gr.

Að iðnaðarhunangi undanskildu er heimilt að eftirfarandi komi fram á umbúðum hunangs:

a) upplýsingar um blóma- eða jurtauppruna, að því tilskildu að afurðin sé nánast eingöngu af þeim uppruna sem um er getið og hafi eiginleika slíks hunangs, svo sem lykt og bragð;
b) upplýsingar um landfræðilegan uppruna, ef unnt er að staðfesta að varan komi eingöngu frá tilteknu svæði;
c) eiginleikar eða gæði, sem gera hunangið frábrugðið öðru sambærilegu hunangi.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði og gildistaka.

7. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

8. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

9. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 9. tölul., tilskipun 74/409/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki
Kröfur um samsetningu hunangs.

1. Afoxandi sykur (reiknað sem invertsykur)	
- Blómahunang	≥ 65 %
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi	≥ 60%
2. Rakainnihald	
- Almennt	≤ 21%
- Beitilyngshunang (Calluna) og smárahunang (Trifolium sp.)	≤ 23%
- Iðnaðarhunang	≤ 25%
3. Súkrósi	
- Almennt	≤ 5%
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi, akasíu-, lofnarblóma- og „banksia menziesii“ hunangi	≤ 10%
4. Fituleysanleg efni	
- Almennt	≤ 0,1%
- Pressað hunang	≤ 0,5%
5. Steinefni (aska)	
- Almennt	≤ 0,6%
- Daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi	≤ 1%

6. Óbundnar sýrur	≤ 40 millíjafngildi (meqv) sýru/kg
7. Virkni díastasa og magn hýdroxímetýlfurfurals (HMF) eftir vinnslu og blöndun	
a) Virkni díastasa (Schade-kvarði)	
- Almennt	≥ 8
- Hunang með lágt innihald náttúrulegra lífhvata (t.d. sítrushunang) og með HMF-innihald ≤ 15 mg/kg	≥ 3
b) HMF	≤ 40 mg/kg

REGLUGERÐ

um mjólkurprótein til notkunar í matvæli.

I. KAFLI
Gildissvið og ýmis ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um mjólkurprótein samanber skilgreiningu í 2. gr. og blöndur þeirra. Hún gildir þó ekki um slíkar vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Kasein er í reglugerð þessari hreinsað og þurrkað mjólkurprótein, óleysanlegt í vatni og fengið úr undanrennu við útfellingu með einhverri eftirtalinna aðferða:

a) með notkun sýru;
b) sýringu með örverum;
c) með hleypi;
d) öðrum lífhvötum;

Heimilt er að beita jónaskipta- eða þykkingaraðferðum fyrir útfellingu.

Kaseinöt eru afurðir fengnar með því að þurrka kasein, sem hefur verið hlutleyst.

3. gr.

Við framleiðslu og markaðssetningu skulu mjólkurprótein uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka. Framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Hráefni sem notað er til framleiðslu á kaseinum og kaseinötum skal hitameðhöndlað þannig að fosfatasi verði óvirkur.

4. gr.

Kasein og kaseinöt skal merkja samkvæmt reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla. Auk þess skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt þar sem við á:

a) heiti vörutegunda skal vera í samræmi við skilgreiningar í 2. gr. og skilyrði í viðauka;
b) í tengslum við heiti vörutegunda sem innihalda kaseinöt skal merkja upplýsingar um katjónir;

c) vörum, sem dreift er sem blöndum, skal merkja með „blanda af...“ ásamt heitum á efnum sem blandan er úr, í röð eftir minnkandi magni. Ef blandan inniheldur kaseinöt skulu upplýsingar um katjónir og magn próteina koma fram;
d) ef varan er flutt inn frá ríki utan Evrópsks efnahagssvæðis skal tilgreina framleiðsluland.

Fullnægjandi er að upplýsingar um magn próteina, nettóþyngd og heiti og heimilisfang framleiðanda eða dreifingaraðila komi aðeins fram í fylgiskjölum. Þegar um stórar einingar er að ræða, er heimilt að láta þessa undanþágu einnig ná til upplýsinga um katjónir og merkingu framleiðslulotu eða aðra sambærilega merkingu, sem segir til um rekjanleika vörunnar.

II. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Sýnataka á kaseinum og kaseinötum skal vera í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 86/424/EBE frá 15. júlí 1986.

Aðferðir til greiningar á kaseinum og kaseinötum skulu vera í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 85/503/EBE frá 25. október 1985.

7. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigiðseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 32. tölul., tilskipun 83/417/EBE um tiltekin mjólkurprótein (kasein og kaseinöt) sem ætluð eru í matvæli, 35. tölul., tilskipun 85/503/EBE um greiningaraðferðir á ætum kaseinum og kaseinötum og 40. tölul., tilskipun 86/424/EBE um aðferðir við sýnatöku fyrir efnagreiningu á tilteknum ætum kaseinum og kaseinötum. Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Umhverfisráðuneytið, 6. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki
Skilyrði fyrir kasein og kaseinöt.

I. Sýrt kasein fyrir matvæli

a) Samsetning

1.	Rakainnihald	hámark 10% m.v.þ.[1])
2.	Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni,	lágmark 90% m.v.þ.
	þar af kasein	lágmark 95% m.v.þ.
3.	Mjólkurfita miðað við þurrefni	hámark 2,25% m.v.þ.
4.	Súrleiki kaseina, fundinn með títrun og gefinn upp í ml af 0,1 N NaOH-lausn í grammi	hámark 0,27
5.	Aska (þar með talið P_2O_5)	hámark 2,5% m.v.þ.
6.	Laktósi (afvatnaður)	hámark 1% m.v.þ.
7.	Botnfall (brenndar agnir)	hámark 22,5 mg í 25 g

b) Aðskotaefni og -hlutir

Blý (Pb)	hámark 1 mg/kg
Framandi efni (s.s viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar)	engin í 25 g

c) Tæknileg hjálparefni og örverur, sem henta í matvæli og eru leyfileg við framleiðslu

- mjólkursýra (E 270)
- saltsýra (E 507)
- brennisteinssýra (E 513)
- sítrónusýra (E 330)
- ediksýra (E 260)
- fosfórsýra (E 338)
- mysa
- örverur til að framleiða mjólkursýru

d) Skynmat

Lykt: Engin framandi lykt.

Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan má ekki innihalda kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

II. Hleypt kasein fyrir matvæli

a) Samsetning

1.	Rakainnihald	hámark 10 % m.v.þ.
2.	Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni,	lágmark 84% m.v.þ.
	þar af kasein	lágmark 95% m.v.þ.
3.	Mjólkurfita miðað við þurrefni	hámark 2% m.v.þ.
4.	Aska (þar með talið P_2O_5)	lágmark 7,5% m.v.þ.
5.	Laktósi (afvatnaður)	hámark 1% m.v.þ.
6.	Botnfall (brenndar agnir)	hámark 22,5 mg í 25 g

b) Aðskotaefni og -hlutir

Blý	hámark 1 mg/kg
Framandi efni (s.s viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar)	engin í 25 g

c) Tæknileg hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu
- hleypir
- aðrir lífhvatar til að hleypa mjólk

d) Skynmat
Lykt: Engin framandi lykt.
Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan má ekki innihalda kekki sem ekki leysast upp við vægan þrýsting.

III. Kaseinöt fyrir matvæli
a) Samsetning

1.	Rakainnihald	hámark 8% m.v.þ.
2.	Magn mjólkurpróteina miðað við þurrefni	lágmark 88% m.v.þ.
3.	Mjólkurfita miðað við þurrefni	hámark 2% m.v.þ.
4.	Laktósi (afvatnaður)	hámark 1% m.v.þ.
5.	Sýrustig (pH gildi)	6 til 8
6.	Botnfall (brenndar agnir)	hámark 22,5 mg í 25 g

b) Aðskotaefni og -hlutir

Blý	hámark 1 mg/kg
Framandi efni (s.s viður, málmagnir, hár eða skordýrahlutar)	engin í 25 g

c) Tæknileg hjálparefni sem eru leyfileg við framleiðslu
Hýdroxíð, karbónöt, fosföt og sítröt af natríum (Na), kalíum (K), kalsíum (Ca), ammóníum (NH_4) og magníum (Mg).

d) Skynmat
Lykt: Mjög dauf, framandi lykt.
Útlit: Frá hvítum út í rjómagulan lit. Varan skal vera laus við harða kekki.
Leysni: Mikil í eimuðu vatni, nema fyrir kalsíumkaseinöt.

---

[1] m.v.þ. = miðað við þyngd

Nr. 393 7. júlí 1995

AUGLÝSING

um breytingu á nafni Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Nafn sveitarfélagsins skal vera Vestmannaeyjabær.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á samþykkt um stjórn Vestmannaeyja og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 196/1988, sbr. samþykktir nr. 420/1992, 407/1993 og 180/1994:

a. Heiti samþykktarinnar skal vera svohljóðandi: Samþykkt um stjórn Vestmannaeyjabæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
b. Í stað orðsins „Vestmannaeyja“ í 1., 3. og 6. gr. samþykktarinnar kemur orðið „Vestmannaeyjabæjar“.

Ofangreindar breytingar, sem samþykktar eru af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar, staðfestast hér með samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

30. júní 1995 Nr. 394

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm, nr. 139 3. mars 1995.

1. gr.

Í stað „30. júní 1995“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. nóvember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Guðni Karlsson.

3. júlí 1995 Nr. 395

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

1. gr.

3., 6. og 9. tölul. 2. gr. falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. september 1995 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu af launum, greiðslum og bótum, sem greidd eru frá og með þeim tíma.

Fjármálaráðuneytið, 3. júlí 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, kt. 301063-4159, Jörundarholti 102, 300 Akranesi, Garðar Guðmundsson, kt. 310353-2139, Ægisíðu 56, 107 Reykjavík, Mjöll Snæsdóttir, kt. 120250-4939, Skólavörðustíg 26a, 101 Reykjavík og Orri Vésteinsson, kt. 221267-3979, Víðimel 27, 107 Reykjavík, stofna hér með sjálfseignarstofnun og setja henni svofellda skipulagsskrá.

1. gr.

Stofnunin heitir Fornleifastofnun Íslands og er heimili hennar og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla rannsóknir og útgáfustarfsemi á sviði fornleifafræði og skyldra greina. Stofnunin skal eiga og reka safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar. Í hennar nafni skal stunda grunnrannsóknir í fornleifafræði og standa að útgáfu á afrakstri þeirra.

Í þessu starfi er stofnuninni heimilt að hafa samstarf við einstaklinga, fyrirtæki, félög, sveitarfélög, ríki eða stofnanir þeirra.

3. gr.

Stofnfé.

A) Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson leggja til öll rannsóknargögn sín úr leiðöngrum á þeirra vegum frá árinu 1989 til gildistöku þessarar skipulagsskrár, þ.e. stafrænan gagnagrunn, dagbækur, filmur, litskyggnur, teikningar, uppdrætti og öll önnur frumgögn sem ekki eru bundin ákvæðum um skilaskyldu til annarra stofnana eða safna lögum samkvæmt. Þeir leggja einnig til allan sinn leiðangurs- og rannsóknarbúnað, þ.e. tölvur, prentara, hugbúnað, uppgraftartæki, teiknibúnað, og bókakost er varðar rannsóknarsvið stofnunarinnar, alls kr. 920.000.

B) Garðar Guðmundsson leggur til sýnatökubúnað, safn fræsýna og plantna, alls kr. 100.000.

C) Mjöll Snæsdóttir leggur til kortasafn og safn erlendra fræðirita, alls kr. 60.000. Stofnfé verður því alls kr. 1.080.000 samkvæmt mati á verðgildi þessara eigna.

4. gr.

Stjórn.

Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum stofnunarinnar og annast rekstur hennar.

Stjórnarmenn velja formann úr sínum hópi og skal hann jafnframt vera forstöðumaður stofnunarinnar. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og skal fyrsta stjórn hennar skipuð þannig: Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson og Orri Vésteinsson.

Varamenn í stjórn: Mjöll Snæsdóttir og Birna Gunnarsdóttir, kt. 120365-4799, Keldulandi 19, 108 Reykjavík.

Framangreind stjórn skal sitja þar til stjórnarmaður óskar þess að verða leystur frá stjórnarstörfum. Ef stjórnarmaður óskar að vera leystur frá stjórnarsetu eða fellur frá, skulu þeir sem sitja eftir í stjórninni velja nýjan stjórnarmann í samráði við varamenn stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar skal halda skrá yfir eignir hennar.

Stjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín sem lögð er fram til samþykktar á aðalfundi hennar sem halda skal fyrir ágústlok ár hvert. Jafnframt heldur hún gerðabók og skal þar færa inn skipulagsskrá þessa og fundargerðir stjórnar.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Til breytinga á þessari skipulagsskrá og til að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna, á fullskipuðum fundi.

5. gr.

Um rannsóknir og útgáfu.

Stofnunin annast fornleifarannsóknir á eigin vegum og eða í samvinnu við aðra aðila. Lögð skal sérstök áhersla á fornleifaskráningu, fornleifauppgröft, fornvistfræðirannsóknir, þróun aðferða og rannsóknir á landnytjum og menningarsögu.

Kennsla og ráðgjöf um fornleifarannsóknir og verndun fornleifa, heyrir og til starfssviðs stofnunarinnar.

Stofnunin skal annast útgáfu á tímaritinu *Archaeologia Islandica – Íslensk fornleifafræði* og skal útgáfan vera með reglubundnum hætti. Þar skal birta árangur rannsókna sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar, svo og annað efni er samræmist markmiðum hennar.

6. gr.

Aðild.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita einstaklingum er stunda rannsóknir á sviði fornleifafræði aðstöðu við stofnunina. Getur aðild að stofnuninni verið með tvennum hætti:

a) tímabundin aðild vegna einstakra sérverkefna á starfssviði stofnunarinnar, eða

b) rannsóknarstöður, fyrir vísindamenn er stunda umfangsmeiri rannsóknir. Stjórn metur hæfni umsækjenda um aðild að stofnuninni og skal hún skipa dómnefnd sér til ráðgjafar um sérsvið umsækjanda ef við á.

7. gr.

Fjármál.

Forstöðumaður stofnunarinnar ber ábyrgð á fjárvörslu fyrir hönd stjórnar.

Heimilt er að greiða stjórnarmönnum laun, ráða framkvæmdastjóra, ritstjóra og annað starfsfólk vegna rannsókna, útgáfustarfsemi eða annarra framkvæmda á vegum stofnunarinnar. Veðsetning og sala á eignum er ekki heimil að undanskilinni endurnýjun á tækjabúnaði.

Heimilt er að þiggja styrki, gjafir eða aðrar greiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir, útgáfu, rekstur og aðra starfsemi á vegum stofnunarinnar. Skulu fjárreiður vegna slíkra verkefna vera á höndum stofnunarinnar og hlýta reglum sem hér eru settar um endurskoðun reikninga, sbr. 8. gr.

8. gr.

Reikningar.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar og skal endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir næstliðið starfsár.

9. gr.

Verði stofnunin lögð niður sbr. 4. gr. skulu rannsóknargögn, búnaður og aðrar eignir hennar að frádregnum skuldum renna til þeirra aðila sem að mati fráfarandi stjórnar munu stunda vísindastörf í anda þeirra markmiða sem stofnuninni hefur verið sett.

Reykjavík, 18. júní 1995.

Adolf Friðriksson. *Garðar Guðmundsson.*
Mjöll Snæsdóttir. *Orri Vésteinsson.*

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Högni S. Kristjánsson.

Nr. 397 11. júlí 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnaverndarstofu, nr. 264/1995.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 2. gr. orðast svo:
Félagsmálaráðherra skipar forstjóra barnaverndarstofu til fimm ára í senn.

2. gr.

25. gr. orðast svo:
Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1995.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um áburð og jarðvegsbætandi efni.

I. KAFLI
Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

Tilgangur með reglugerð þessari er að tryggja fullnægjandi gæði þeirrar framleiðslu sem reglugerðin tekur til, án þess að settar séu ónauðsynlegar hindranir á viðskipti.

Reglugerðin tekur til áburðar, jarðvegsbætandi efna, jarðvegslíkja og vaxtarefnis sem seld eru á Íslandi.

Reglugerðin gildir ekki um seyru, nema um sé að ræða hluta af blöndu eða seyru sem meðhöndluð hefur verið til að virka sem áburður.

2. gr.

Skilgreiningar.

Framleiðsla: Framleiðsla, hreinsun, blöndun, pökkun, merking á vöru sem reglugerðin tekur til.

Framleiðandi: Sérhver sá sem með sölu í huga framleiðir, hreinsar, blandar, pakkar og merkir vörur sem reglugerðin tekur til. Framleiðandi telst einnig sá sem markaðsfærir eða selur eina af þeim vörum sem reglugerðin tekur til undir öðru nafni en varan er framleidd undir.

Innflytjandi: Sérhver sá sem flytur til landsins einhverja af þeim vörum sem reglugerðin tekur til.

Sala: Öll sala, birgðahald og hvers kyns miðlun þessara vara til neytenda. Sala tekur einnig til vara sem afhentar eru ókeypis.

Plöntunæringarefni: Sem plöntunæringarefni teljast aðalnæringarefnin köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K) og aukanæringarefnin kalk (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na) og brennisteinn (S) og snefilefnin bór (B), kóbolt (Co), kopar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), molýbden (Mo) og sink (Zn).

Áburður: Tæknilega framleidd eða meðhöndluð vara sem vegna innihalds af plöntunæringarefnum hefur jákvæð áhrif á vöxt plantna.

Jarðvegsbætandi efni: Vörur sem aðeins eða aðallega hafa jákvæð áhrif á efna-, eðlis- eða líffræðilegt ástand jarðvegs og þar með aðeins óbein áhrif á plöntuvöxt.

Jarðvegslíki: Efni af náttúrulegum toga eða gerfiefni sem ein sér eða í blöndu, með eða án næringarefna eða annarra efna sem ætluð eru til ræktunar á plöntum.

Efni til jarðgerðar: Efni eða hvatar ætluð til íblöndunar lífrænum efnum (úrgangi), notuðum til jarðgerðar eða til blöndunar í búfjáráburð til að flýta fyrir rotnun og bæta áburðargildið.

Vaxtarhvatar: Efni sem örva vöxt eða stýra þroska plantna án þess að um plöntunæringaráhrif sé að ræða.

Eingildur áburður: Eingildur áburður er áburður sem inniheldur aðeins eitt aðalnæringarefni.

Blandaður áburður: Blandaður áburður er ólífrænn áburður sem inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringarefni og er framleiddur í verksmiðju þannig að aðalnæringarefnin eru annað hvort að öllu leyti eða að hluta til saman í efnasambandi.

Blandaðar áburðategundir: Blandaðar áburðategundir (tæknilega blandaður áburður) er ólífrænn áburður sem inniheldur a.m.k. tvö aðalnæringaefni og framleiddur er með því að blanda saman tveim eða fleiri eingildum áburðartegundum eða blönduðum áburði og einum eða fleiri eingildum áburðartegundum.

Lífrænn áburður: Lífrænn áburður er áburður úr dýra- eða jurtaríkinu og inniheldur a.m.k. 40% lífrænna efna miðað við þurrefni og hefur beint áburðargildi umfram önnur jákvæð áhrif sem kunna að skapast fyrir plöntur. Þvagefni eða önnur tilbúin lífræn köfnunarefnissambönd eru ekki talin lífrænn áburður.

Áburðarkalk: Kalksamband eða kalkmagnesíumsamband sem hafa afsýrandi eiginleika.

Seyra: Allar tegundir af botnfalli sem verða til við hvers kyns hreinsun á fráveitum, rotþróm eða öðrum þeim búnaði sem notaður er til að hreinsa fráveitur.

3. gr.

Viðaukar.

Viðaukar með reglugerð þessari gilda sem hluti reglugerðarinnar og gilda bæði fyrir ESB-áburð og annan áburð.

II. KAFLI
Vörugæði og markaðssetning.

4. gr.

Almennt um vörugæði.

Óheimilt er að flytja inn eða versla með vörur sem ekki uppfylla gæðakröfur sem þessi reglugerð kveður á um, einnig ef notkun þeirra getur reynst hættuleg mönnum, dýrum eða plöntum.

Landbúnaðarráðuneytið getur að fengnum tillögum aðfangaeftirlits ákveðið að innihald tiltekinna grunnefna eða efnasambanda megi ekki fara yfir ákveðin mörk og mælt fyrir um að innihald slíkra efna skuli tilgreint við skilgreiningu á viðkomandi vöru.

Landbúnaðarráðurneytið getur einnig bannað sölu tiltekinna efna sem áburðar, jarðvegsbætandi efna eða jarðvegslíkis og notkun slíkra efna sem kunna að verða notuð til framleiðslu þeirra vara sem reglugerðin tekur til. Vörur sem innihalda seyru, búfjáráburð, lífrænan úrgang og skyld efni ber að meðhöndla þannig að ekki valdi smithættu fyrir menn, dýr eða plöntur.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið ákveðið gæðamörk fyrir vörur sem reglugerð þessi tekur til og unnar eru úr úrgangsefnum.

Ef nota á seyru að hluta til eða öllu leyti í vörur sem reglugerð þessi tekur til skal seyran fyrst hafa hlotið viðurkenningu til slíkra nota af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Vörur sem reglugerð þessi tekur til verða að hafa sýnileg og skráningarhæf áhrif.

Komi ekki sérstaklega fram með vörumerkingu, skal vatN-innihald og aðrir eiginleikar sem máli skipta við not vörunnar ekki víkja til muna frá því sem telja má eðlilegt um viðkomandi vöru.

5. gr.

Markaðsfærsla og sala.

Vörur sem reglugerð þessi tekur til má því aðeins bjóða til sölu að þær fullnægi ákvæðum reglugerðarinnar um gæði, þar með talið kröfur um merkingar og vottun.

Landbúnaðarráðuneytið getur bannað verslun með þær vörur sem reglugerð þessi tekur til ef vöruheiti er villandi eða ófullnægjandi eða hafi á einhvern hátt verið gefnar villandi upplýsingar um vöruna. Eiginleika vöru og gagnsemi hennar verður að vera hægt að sanna við sölu.

Við sölu, dreifingu eða kynningu er með öllu óheimilt að vísa til þess að varan sé háð opinberu eftirliti eða framleidd með opinberu samþykki eða leyfi.

III. KAFLI
Skráning, vöruvottun og tilkynningar.

6. gr.

Skráning.

Öllum þeim sem flytja inn eða framleiða vörur sem reglugerð þessi tekur til eða hyggjast hefja slíka starfsemi ber að tilkynna það til aðfangaeftirlitsins.

Allar vörur sem reglugerð þessi tekur til skulu skráðar hjá aðfangaeftirliti áður en kynning, dreifing og sala hefst. Við skráningu skal eftirfarandi upplýst:

a. Vöruflokkur og vörutegund (áburður, jarðvegsbætandi efni o.s.frv.) ásamt vörulýsingu. Ef selja á vöruna undir sérstöku verslunarheiti skal það einnig gefið upp.
b. Nánari upplýsingar um innihald vörunnar af virkum efnum, efnasamböndum og annað það sem þýðingu hefur fyrir mat á eiginleikum vörunnar.
c. Fyrir vörur sem innihalda seyru, húsdýraáburð, lífrænan úrgang eða sambærileg efni, sbr. 3. mgr. 4. gr., þarf að lýsa þeirri sótthreinsun sem varan hefur hlotið.
d. Upplýsingar um merkingu á umbúðum, miðum eða fylgiseðlum.

Aðfangaeftirlitið getur gert kröfur um vottun á virkni vörunnar og aðrar nauðsynlegar viðbótarupplýsingar um vöruna, sbr. a-d lið 2. mgr.

Allar breytingar á áður gefnum upplýsingum skal tilkynna aðfangaeftirlitinu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þremur vikum áður en sala hinnar breyttu vöru hefst.

7. gr.

Vöruvottun.

Krafa um vottun skv. þessari grein gildir ekki um ESB-áburð nema með tilliti til kornastærðar og kadmíuminnihalds, enda sé sá sem hyggst bjóða áburðinn heimilisfastur á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

Vörur þær sem reglugerð þessi tekur til skulu að öðru leyti vera viðurkenndar af aðfangaeftirlitinu til dreifingar og sölu á Íslandi.

Heimilt er að veita tímabundna viðurkenningu allt að einu ári ef sérstaklega stendur á að mati yfirvalda. Einnig má takmarka slíka heimild til þriggja ára ef nauðsynlegt telst og æskilegt að þróa viðkomandi vöru betur með tilraunum.

8. gr.

Tilkynningarskylda.

Öllum þeim sem flytja inn eða framleiða vörur sem falla undir þessa reglugerð skulu fyrir 31. janúar ár hvert gefa eftirfarandi upplýsingar til aðfangaeftirlitsins fyrir hverja vöru:

a. Sala frá innflytjanda eða framleiðanda undangengið almanaksár.

b. Kadmíuminnflutning undangengins árs í kílóum í hverri þeirri vörutegund sem flutt var inn eða framleidd. Aðfangaeftirlitið útbýr eyðublöð vegna þessara tilkynninga.

9. gr.

Staðfesting kadmíuminnihalds.

Fyrir ólífrænan áburð sem inniheldur fosfór þarf að leggja fram yfirlýsingu um kadmíuminnihald áður en sala hefst. Í yfirlýsingu skal eftirfarandi koma fram:

a. Lýsing á viðkomandi áburðarsendingu (við innflutning: vörutegund og stærð sendingar; við framleiðslu á Íslandi: vörutegund og framleiðslutímabil).
b. Staðfesting á að áburðurinn innihaldi minna en 50 mg kadmíum (Cd) pr. kg fosfór (P).
c. Undirskrift frá framleiðanda eða þeim aðila sem ber ábyrgð á á dreifingu og sölu á áburðinum.

Við innflutning skal samskonar yfirlýsing fylgja tollskjölum hverrar einstakrar vörusendingar.

Á a.m.k. sex mánaða fresti skal aðfangaeftirlitinu fengin samskonar yfirlýsing vegna hérlendrar framleiðslu. Yfirlýsing þessi skal fylgja á öllum heildsölustigum og hefur kaupandi rétt á að sjá hana. Aðfangaeftirlitið getur gert kröfu um nánari staðfestingu á að viðkomandi yfirlýsing sé rétt.

10. gr.

Undanþága frá kröfu um skráningu, vottun og tilkynningar.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt tímabundna undanþágu fyrir vörur sem reglugerð þessi tekur til, enda sé varan á þróunarstigi og staðfest að varan spilli ekki heilsu manna og dýra.

IV. KAFLI
Merking á vörum.

11. gr.

Merkingarskylda.

Framleiðendur og/eða innflytjendur vöru sem reglugerð þessi tekur til eru skyldugir að sjá til þess að vörurnar séu greinilega merktar með vörulýsingu. Sekkjuð vara skal merkt með vörulýsingu, annað hvort á umbúðir eða á fylgimiða. Fyrir ósekkjaða vöru (í búlk) skal vörulýsingin fylgja sölunótu. Allar vörur þarf að auðkenna t.d. með skiltum á vörulager og á öllum sölustigum.

Fyrir allar vörur sem reglugerðin tekur til skal merkingu hagað sem hér segir, annað hvort á umbúðum, á miðum eða með fylgiseðlum:

a. Vörulýsing (auðkenni) sbr. skilgreiningu í 12. gr.
b. Aðrar upplýsingar sem heimilaðar hafa verið skv. reglugerð þessari.
c. Vörumerki framleiðandans og venjulegt verslunarheiti vörunnar.
d. Sérstakar upplýsingar um notkun, geymslu og meðhöndlun vörunnar.

Upplýsingar þær sem nefndar eru undir stafaliðum c. og d. mega ekki vera í mótsögn við upplýsingar sem nefndar eru í stafaliðum a. og b. og verða að vera greinilega aðskildar frá þeim.

Merkingar sem krefjast má skv. öðrum reglum má setja á umbúðirnar, miða eða fylgiseðla. Þessar merkingar verða að vera greinilega aðskildar frá merkingum skv. þessari reglugerð.

12. gr.

Vörulýsing.

Í vörulýsingu á umbúðum, á miðum eða á fylgiseðlum þarf að gefa eftirfarandi upplýsingar:

a. Fyrir ESB-áburð: Stafina „ESB-ÁBURÐUR" með stórum bókstöfum. Tilsvarandi áritun á einhverju tungumáli EES svæðisins er fullnægjandi.
b. Vörutegund: Fyrir áburð í samræmi við 15. gr., fyrir áburðarkalk í samræmi við 24. gr. og fyrir jarðvegslíki í samræmi við 25. gr. Fyrir vöru sem ekki er hægt að flokka skv. 15., 24. og 25. gr. skal flokkunin gefin skv. uppruna vörunnar og tegund. Í slíkum tilvikum er vöruflokkunin ákveðin í samráði við aðfangaeftirlitið.
c. Innihald næringarefna sem ábyrgst er og annarra virkra efna og þeir eiginleikar sem framleiðandi lýsir og ábyrgist með tilliti til gerðar og/eða leysanleika eins og kveðið er á um fyrir hverja vörutegund í viðaukum 1 og 2, eða í stöðlum sem tilgreindir eru í reglugerðinni.
d. Innihald nánar ákveðinna grunnefna eða efnasambanda, hugsanlega aðrir eiginleikar, þar sem það kann að vera ákveðið fyrir ákveðnar vörutegundir í seinni greinum þessarar reglugerðar, í viðaukum reglugerðarinnar eða í stöðlum sem reglugerðin vísar til.
e. Þungi eða rúmtak vöru. Fyrir áburð þarf alltaf að gefa upp nettó- eða brúttóþunga. Ef gefinn er upp brúttóþungi þarf einnig að gefa upp þyngd umbúða.
f. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða innflytjanda, eða fyrir ESB-áburð: nafn, verksmiðjunafn eða vöruheiti eða heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á markaðsfærslu, enda hafa viðkomandi heimilisfesti á EES svæðinu.

Fyrir vörur sem ekki er hægt að vöruflokka skv. 15., 24. og 25. gr. skal magn hins virka efnis gefið upp sem hundraðshluti af þunga vörunnar. Aðfangaeftirlitið getur heimilað að hið virka efni sé gefið upp í þunga m.v. ákveðið rúmtak. Vörulýsingin fyrir slíkar vörur ákveðst að öðru leyti af aðfangaeftirlitinu.

Næringarefnin á alltaf að telja í eftirfarandi röð: köfnunarefni (N), fosfór (P og/eða P_2O_5), kalí (K og/eða K_2O), kalk (Ca), magnesíum (Mg), natríum (Na), brennisteinn (S), bór (B), kóbolt (Co), kobar (Cu), járn (Fe), mangan (Mn), mólýbden (Mo) og sink (Zn).

Innihald næringarefnana á að gefa upp á grundvelli frumefnis og skal alltaf gefa upp magn frumefnis og efnafræðiheiti. Óheimilt er að gefa upp innihald af óskilgreindum næringarefnum. Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið bannað að einhverjar þær upplýsingar séu gefnar þar sem vafi kann að leika á um raunverulega virkni.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið heimilað að innihald efna sé gefið upp á ákveðnu bili með tveimur tölum. Þetta bil má ekki vera stærra en tvöfalt leyfilegt efnafrávik viðkomandi efnis í áburðinum.

13. gr.

Kröfur um merkingar.

Miðar eða umbúðarmerkingar með tilskyldum vörulýsingum sbr. 12. gr. verða að sjást vel. Merkimiða verður að festa með lokunarbúnaði umbúða. Ef lokunarbúnaðurinn er

innsigli verður það að vera á einhlítan hátt merkt framleiðanda, innflytjanda eða þeim sem ábyrgð hefur skv. f-lið 12. gr.

Vörulýsingu má ekki vera hægt að afmá og hún verður að vera vel læsileg.

Þegar vörulýsing er gefin sem fylgiseðill (sbr. 11. gr.) verður eintak af fylgiseðlinum alltaf að vera með vörunni og vera aðgengilegt fyrir eftirlitsaðila.

Merkingar og texti á hugsanlegum fylgiseðlum eiga að vera á íslensku. Ef merking á umbúðum er ekki á íslensku skal tryggja kaupanda tilsvarandi upplýsingar á fylgiseðli á íslensku. Fylgiseðlar með lausri vöru skulu alltaf vera á íslensku.

14. gr.

Undanþágur frá ákvæðum merkingar.

Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið í sérstökum tilvikum heimilað undanþágu frá ákvæðum 11., 12. og 13. gr. um merkingar.

Landbúnaðarráðuneytið getur að fenginni umsókn og að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið, heimilað að vöru sé lýst með innihaldi af öðrum grunnefnum en þeim sem tilgreindar eru sem plöntunæringarefni í 2. gr. og heimilað lýsingu á efnasamböndum sem hafa þýðingu fyrir vöxt plantna. Skulu þá fylgja umsókninni fullnægjandi upplýsingar á aðferðum sem notaðar eru til að ákveða viðkomandi efni og ákveða lýsinguna í hverju tilviki.

Þessi undanþága um merkingu gildir ekki fyrir ESB-áburð.

V. KAFLI
Áburður.

15. gr.

Merking vörutegunda.

Áburð þarf að tegundamerkja í samræmi við ákvæði í viðauka 1 og 2 fyrir blandaðan áburð og áburðarblöndur að viðbættum tölum sem gefa upp innihald næringarefnanna. Tölurnar eru gefnar í sömu röð og efnafræðiheitið.

Áburður sem aðallega inniheldur aðalnæringarefni N og/eða P og/eða K og sem skilgreindur er með eitt eða fleiri af aukanæringarefnunum kalki, magnesíum, natríum og brennisteini skal tegundamerkja með merkingunum í viðauka 1 kafla A og B að viðbættu „með“ ásamt efnafræðiheiti eða heitum þeirra næringarefna sem sögð eru í áburðinum. Tölur um efnainnihald má síðan gefa upp í sviga eftir tölum um innihald aðalnæringarefna. (T.d.: NPK-áburður 15-4-12 (3-3) með magnesíum og brennisteini).

Áburður sem aðallega inniheldur aðalnæringarefnin og sem skilgreindur er að innihaldi snefilefni skal tegundamerktur skv. ákvæðum í viðauka 1, kafla A og B að viðbættu annað hvort

- „með snefilefnum“
- eða „með“ og síðan nafn eða nafn þess/þeirra snefilefna sem eru í áburðinum eða efnafræðiheitið. Aðeins tölurnar sem gefa upp innihald aðal- og aukanæringarefna má setja í tegundarskráningu, en ekki snefilefnin.

Áburður sem inniheldur aðeins eitt snefilefni (bór, kóbolt, kobar, járn, mangan, mólýbden eða sink) er tegundarmerktur í samræmi við viðauka 1, kafla B. Blöndur sem gerðar eru úr tveimur eða fleirum áburðartegundum í kafla D og sem innihalda í það minnsta tvö ólík snefilefni skulu tegundarmerktar með „blanda af snefilefnum“ og síðan nafnið á þeim snefilefnum sem eru í áburðinum eða efnafræðiheiti þeirra.

Tegundamerkingar má aðeins nota fyrir vörur sem uppfylla ákvæði reglugerðarinnar úr viðaukanum um vörulýsingar, samsetningu, leysanleika o.s.frv.

16. gr.

ESB-áburður.

Eingöngu er heimilt að merkja áburð sem ESB-áburð ef hann er framleiddur að öllu leyti eða að öðru leyti nægjanlega unninn innan EES svæðisins. Ákvæði starfsreglu 4 í EES-samningnum um upprunareglur gilda eftir því sem við á.

Eftirfarandi vörur má merkja sem „ESB-ÁBURÐ“:

a. Áburð sem fullnægir ákvæðum um efnainnihald, samsetningu, leysanleika o.fl. sbr. viðauka 1.
b. Áburð sem er í samræmi við viðauka 1, kafla A og B og sem er skilgreindur með innihald annarra næringarefna þegar innihald þessara efna er ámóta eða meira en gildin í viðauka 3, dálk 3-5.
c. Áburð sem er í samræmi við viðauka 1, kafla C og sem skilgreindur er með innihald næringarefna þegar innihald þessara efna er sama eða meira en gildin í viðauka 3, dálki 3-5.
d. Blöndu af tveim eða fleiri áburðartegundum í viðauka 1, kafla D sem innihalda a.m.k. tvö mismunandi snefilefni í magni sem er sama eða stærra en gildin í viðauka 3, dálki 1-2.

ESB-áburð skal merkja með stöfunum „ESB-ÁBURÐUR“ , sbr. 12. gr.

17. gr.

Vörulýsingar fyrir áburð.

a. Vörulýsing skal vera í samræmi við 12. gr. stafliði a-f.
b. Allar upplýsingar um efnainnihald skulu gefnar sem þungaprósenta og í heilum tölum eða hugsanlega með einum aukastaf. Innihald næringarefna má þó gefa upp með þeim fjölda aukastafa sem hvert næringarefni er tilgreint í viðauka 3. Gerð og leysanleiki næringarefna má einnig gefa upp í þungaprósentu af áburðinum, nema í þeim tilvikum þar sem í viðauka 1 er kveðið á um að upplýsingar séu gefnar upp á annan hátt.
   Innihald næringarefna skal gefa bæði með heiti efna og efnafræðitákna. Í vörulýsingu skal alltaf nefna næringarefni í sömu röð og í 6-lið 2. gr.
c. Fyrir þær áburðartegundir sem taldar eru upp í viðauka 1, þar með talið NPK-áburð, sbr. 18. gr., er lýsingarmörk m.t.t. næringarefna gefin í grein 17.1-17.3.
d. Fyrir áburðartegundir sem ekki eru taldar upp í viðauka 1 eru lýsingarmörk m.t.t. næringarefna gefin upp í grein 17.4.

17.1 Áburður sem eitt eða fleiri aðalnæringarefni.

a. Lýsa skal magni, gerð og leysanleika hvers aðalnæringarefnis skv. því sem kveðið er á um fyrir hverja mismunandi vörutegund í viðauka 1, kafla A, dálki 6 eða kafla B, dálki 5, 6 og 7.
b. Tilgreina má magn á kalki, magnesíum, natríum og brennisteini að því tilskyldu að þau séu í því magni sem fram kemur í viðauka 3, dálki 3-6. Magnið skal alltaf gefa upp sem þungaprósentu af áburðinum og skal það gefið upp á eftirfarandi hátt:
   Í ESB-áburði:
   - Heildarmagn eða
   - ef næringarefnið er algerlega leysanlegt í vatni: Vatnsleysanlegt innihald eða
   - ef vatnsleysanlegt innihald er minnst 1/4 af heildarmagninu: Bæði heildar-innihald og vatnsleysanlegt innihald.

   Í öðrum áburði en ESB-áburði:
   - Bæði heildarinnihald og vatnsleysanlegt innihald eða
   - næringarefni alveg leysanleg í vatni: Aðeins vatnsleysanlegt innihald.

c. Því aðeins má tilgreina kalkmagn í fljótandi ESB-áburði sem ætlaður er til úðunar að kalkinnihald sé í það minnsta 5,7%.

d. Innihald snefilefna skal tilgreina þegar snefilefnum er bætt í og/eða eru til staðar í magni sem a.m.k. jafnast á við minnsta magn sem tilgreint er í viðauka 3, dálki 3-6 og áburðurinn eftir sem áður uppfyllir ákvæði viðauka 1, kafla A og B. Ef snefilefnin eru venjuleg fylgiefni hráefnis aðal- eða aukanæringarefna og til staðar í magni skv. viðauka 3 er frjálst að tilgreina snefilefnin. Innihald snefilefna skal skilgreina eins og tilgreint er í grein 17.3, staflið b.

17.2 Áburður með aukanæringarefni sem þýðingarmesta næringarefni.

a. Lýsing á innihaldi aukanæringarefna og eiginleika þeirra, gerð og leysanleika skal skilgreind eins og kveðið er á um fyrir ólíkar vörutegundir í viðauka 1, kafla C, dálki 6.

b. Innihald af kalki má aðeins skilgreina fyrir vörutegundirnar 1 og 2 í viðauka 1, kafla C.

c. Innihald snefilefna skal skilgreina þegar þeim er bætt í og þau til staðar í því magni sem a.m.k. svarar til lágmarksins sem tilgreint er í viðauka 3, dálki 3-5 og áburði sem áfram uppfyllir ákvæði viðauka 1, kafla 7. Ef snefilefnin eru eðlilegur hlutur þeirra hráefna sem sjá fyrir aukanæringarefnunum og til staðar í því magni sem tilgreind er í viðauka 3, er skilgreining snefilefna valfrjáls. Innihald snefilefna skal skilgreina sbr. ákvæði b-liðar í grein 17.3.

17.3 Áburður með eitt eða fleiri snefilefni sem aðalnæringarefni.

a. Fyrir áburð sem aðeins inniheldur eitt snefilefni skal innihaldið skilgreint í samræmi við kröfur í viðauka 1, kafla B.

b. Í blöndum af tveim eða fleiri áburðartegundum skv. staflið a, má því aðeins tilgreina magn snefilefna að það a.m.k. svari til lágmarksins sem gefið er upp í viðauka 3.

Fyrir blöndur af tveim eða fleiri áburðartegundum sem tilgreindar eru í staflið a og fyrir áburð með aðal- eða aukanæringarefni sem þýðingarmestu næringarefnin og samtímis eru skilgreind að innihaldi snefilefna þá skal magn snefilefna gefið upp í þungaprósentu af áburðinum á eftirfarandi hátt:

Í ESB áburði:

- Heildarmagn eða
- ef næringarefnið er algjörlega leysanlegt í vatni: Bara vatnsleysanlegt innihald eða
- ef vatnsleysanlegur hluti er í það minnsta helmingurinn af heildarmagninu: Bæði heildarinnihald og vatnsleysanlegt innihald.

Í öðrum áburði en ESB-áburði:

- Bæði heildarinnihald og vatnsleysanlegt innihald eða
- ef næringarefnið er algjörlega leysanlegt í vatni: Bara vatnsleysanlegt innihald.

Ef snefilefni eru að hluta eða alveg efnafræðilega bundin lífrænu efnasambandi skal næringarefnið auðkennt með þessum upplýsingum:

- „bundið..." og síðan skal tilgreina nafn þess lífræna efnasambands eða stytting þess eins og gefið er upp í viðauka 4, kafla A eða B.

Nota má styttingu fyrir hið lífræna efnasamband í stað nafnsins.

c. Innihald snefilefna skal gefið upp sem þungaprósenta í heilum tölum, hugsanlega með einum aukastaf fyrir efnaáburðategundir sem innihalda aðeins eitt snefilefni (viðauki 1, kafli D). Fyrir áburðategundir sem innihalda fleiri snefilefni má fjöldi

aukastafa fyrir hvert næringarefni vera í samræmi við það sem gefið er upp í viðauka 3.

d. Innihald snefilefna skal gefið upp bæði með nöfnum og efnafræðiheitum.

17.4 Áburðartegundir sem ekki eru tilgreindar í viðauka 1.

a. Innihald næringarefna o.s.frv. í ólífrænum áburðartegundum sem ekki eru taldar í viðauka 1 skal gefa upp á eftirfarandi hátt:
   - Köfnunarefni (N): Í öllum áburðartegundum sem innihalda köfnunarefni N, er uppgefið heildarköfnunarefni.
   - Fosfór (P): Í NPK- og NP áburði skal bæði gefa upp vatns- og sítratleysanlegt P. Hið sama gildir um eingildar tegundir fosfóráburðar nema Thomasfosfat og hráfosfat þar sem líka skal gefa upp heildar P. Kornastærð (fínleiki) fyrir Thomasfosfat og hráfosfat skal gefin upp í mm.
   - Kalíum (K). Í öllum áburðartegundum sem innihalda kalíum, skal gefa upp vatnsleysanlegt innihald af K.
   - Innihald af magnesíum (Mg), kalki (Ca), brennisteini (S) og snefilefnum má aðeins gefa upp ef innihald þeirra fer yfir þau gildi sem tiltekin eru í viðauka 3.
   - Ef innihald af magnesíum, kalki, brennisteini og snefilefnum er gefið upp skal gefa upp heildarinnihald svo fremi að ekki sé annað tiltekið.

b. Lífrænum áburði og áburðarblöndum af lífrænum og ólífrænum toga skal lýsa í samræmi við ákvæði viðauka 2.

Landbúnaðarráðuneytið getur, að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið, veitt undanþágu varðandi upplýsingar um næringarefnainnihald undir þeim mörkum sem hér hafa verið tilgreind, fyrir einstakar vörur eða vörur til sérnota.

18. gr.

Kröfur til NPK-áburðar.

NPK-áburður sem ekki er seldur sem ESB-áburður á að innihalda a.m.k. 0,8% magnesíum (Mg) í formi kíseríts, eða 0,8% vatnsleysanlegt magnesíum (Mg) ef notaður er annar Mg gjafi, a.m.k. 0,8% brennistein (S) og a.m.k. 0,018% bór (B). Hlutfallið milli ammoníumköfnunarefnis og nítratköfnunarefnis í slíkum áburði má ekki vera yfir 60/40.

19. gr.

Snefilefnaáburður.

Snefilefnaáburður sem tilgreindur er í viðauka 1, kafla D og blöndur tveggja eða fleiri tegunda í kafla D, skulu vera í lokuðum umbúðum. Eftirfarandi setningum skal bætt á umbúðirnar, miða eða á fylgiseðla:

„Má aðeins nota skv. staðfestri þörf. Ekki má nota meira en mælt er með."

Fyrir snefilefnaáburð sem tilgreindur er í viðauka 1, kafla D, og blöndur af honum, verða á miðanum eða á fylgiseðlinum að vera upplýsingar um magn og skilyrði fyrir þau jarðvegs- eða ræktunarskilyrði sem að nota á áburðinn fyrir. Þessar upplýsingar eiga að vera greinilega aðskildar frá þeim vörulýsingum sem tilgreindar eru í 12. gr.

20. gr.

Áburðarvökvi.

Áburðarvökva má ekki bjóða eða selja nema að honum fylgi viðeigandi leiðbeiningar, sem m.a. veita upplýsingar um geymsluhita og hvernig hindra megi hugsanlegt tjón við geymslu. Í vörulýsingu með áburðarvökva má gefa upp magn næringarefna í þunga á hverja

rúmeiningu (kg/hl eða g/l) til viðbótar við innihald tilgreint sem þungaprósenta. Í vörulýsingu skal tilgreina þunga fljótandi áburðar. Heimilt er að tilgreina rúmtak.

21. gr.

Áburðarblöndur (blandaðar áburðartegundir).

Áburðarblöndur eiga að auðkennast með orðunum „Áburðarblöndur" í framhaldi af tegundamerkingu.

22. gr.

Hreinn ammoníumnítratáburður með hátt köfnunarefnisinnihald.

Átt er við „hreinan ammoníumnítratáburð" og vörur framleiddar úr ammoníumnítrati sem framleiddar eru efnafræðilega til notkunar sem áburður og sem hafa köfnunarefnisinnihald hærra en 28% af þunga og geta innihaldið ólífræn íblöndunarefni eða óvirk efni (sem sprengiefni) eins og t.d. kalksteinsmjöl eða dólómítmjöl, kalsíumsúlfat, magnesíumsúlfat og kísirít. Hreinn ammoníumnítratáburður verður að vera í samræmi við lýsingar og mörk sem sett eru í viðauka 6. Hreinan ammoníumnítratáburð má aðeins selja neytanda í lokuðum umbúðum.

Landbúnaðarráðuneytið getur krafist þess að ammoníumnítratáburður hafi verið sprengjuþolsprófaður sbr. lýsingu í viðauka 7 áður en hann er settur á markað. Óheimilt er að selja áburð sem ekki uppfyllir kröfur í viðauka 6 eða hefur ekki staðist sprengjuþolsprófun skv. ákvæðum í viðauka 7.

23. gr.

Innihald óæskilegra efna.

a. Magn af kadmíum í ólífrænum áburði má ekki fara yfir 50 mg Cd per kg P. Sama gildir um ólífrænan áburð í blöndum, sbr. 8. og 9. gr. Framleiðandi og/eða innflytjandi áburðar verður að geta staðfest kadmíuminnihald vöru sinnar fyrir skráningu hjá aðfangaeftirliti.

b. Magn af bíuret í þvagefni (urea) má ekki verða hærra en hámarksinnihald sem gefið er upp fyrir einstakar vörutegundir í viðauka 1. Hugsanleg þvagefni í blönduðum áburði sem ekki er flokkaður í vörutegundir skv. viðauka 1 og ekki er seldur sem ESB-áburður má ekki innihalda meira en 0,5% bíuret.

c. Klórmagn má ekki fara yfir þau mörk sem skráð eru fyrir hverja vörutegund í viðauka 1. Lýsinguna „klórsnautt" má því aðeins nota að klór fari ekki yfir 2%. Klórinnihald má skilgreina í samræmi við það sem gefið er upp fyrir einstaka vörutegundir í viðauka 1.

d. Landbúnaðarráðuneytið getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið ákveðið hámarksinnihald og skilgreiningar fyrir önnur óæskileg efni.

VI. KAFLI

Jarðvegsbætandi efni og jarðvegslíki.

24. gr.

Jarðvegsbætandi efni.

Fyrir áburðarkalk og önnur jarðvegsbætandi efni skulu gilda sérstakar reglur sem aðfangaeftirlitið setur um gæði. Fyrir önnur jarðvegsbætandi efni gilda auk þess ákvæði 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 12. gr.

25. gr.
Jarðvegslíki.

Jarðvegur og jarðvegsblöndur, ræktunartorf, jarðgerðarefni og aðrar vörur sem seldar eru til nota vegna ræktunar plöntu eiga að skilgreinast í samræmi við reglur sem aðfangaeftirlitið setur um skilgreiningar, pökkun og merkingu.

Undir trjábörk til notkunar við ræktun falla ferskur-, gamall- og jarðgerður börkur. Skilgreiningar skulu vera í samræmi við reglur sem aðfangaeftirlitið setur um skilgreiningar, sýnatöku, pökkun og merkingu.

Aðfangaeftirlitið setur einnig reglur um skilgreiningar, sýnatöku, pökkun og merkingu fyrir jarðveg til notkunar í almenningsgörðum og matjurtargörðum, sem hefur verið blandaður eða meðhöndlaður.

VII. KAFLI
Frávik.

26. gr.
Leyfileg frávik.

Vegna breytileika í framleiðslu, sýnatöku og við efnamælingar varðandi flestar af þeim vörum sem reglugerð þessi tekur til skulu sett skilgreind mörk milli mældrar niðurstöðu og þess sem skilgreint hefur verið og gildir fyrir viðkomandi næringarefni og eiginleika þess.

Með leyfilegu fráviki er átt við, ef ekkert annað er tekið fram, leyfilega vöntun á skilgreindu innihaldi næringarefnis. Þar sem ekki eru sett leyfileg mörk skal skilgreint gildi vera Lágmarksgildi. Ef hið skilgreinda gildi er gefið upp með tveim tölum sem ákveðið bil, gildir lægri talan sem lágmarksgildið. Ekki eru leyfð frávik frá lágmarks- eða hámarksgildum þeim sem tekin eru fram í reglugerðinni eða viðaukum við hana. Umframmagn eins næringarefnis réttlætir ekki skort eða vöntun á öðru.

Sé niðurstaða ítrekaðra mælinga við neðri mörk er heimilt að mæla svo fyrir að framleiðandi viðkomandi vöru geri breytingar til hækkunar á efnainnihaldi eða lækki viðmiðunarmörk samkvæmt vörulýsingu.

Fyrir áburð gilda mörk um leyfileg frávik sem gefin eru upp í viðauka 5. Fyrir áburðarkalk og jarðvegsbætandi efni verða mörk fyrir leyfileg frávik tilgreind í reglum sem aðfangaeftirlitið setur.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr.
Eftirlit.

Aðfangaeftirlitið skal hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Aðfangaeftirlitinu er heimilt að taka sýnishorn af öllum vörum sem reglugerðin gildir um.

28. gr.
Undanþágur.

Landbúnaðarráðherra getur að höfðu samráði við aðfangaeftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar ef sérstakar aðstæður mæla með því.

29. gr.
Sáðvöru- og áburðarnefnd.

Til aðstoðar afangaeftirlitinu skipar landbúnaðarráðherra sáðvöru- og áburðarnefnd til fjögurra ára og skal nefndin vera ráðgefandi um framkvæmd eftirlits samkvæmt reglugerð þessari. Um skipun nefndarinnar og hlutverk fer samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 22/1994.

30. gr.
Þóknun.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur aðfangaeftirlitsins samkvæmt reglugerð þessari skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,1% af innflutningsverði (cif) vöru sem reglugerðin gildir um sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,1% af söluverði (án vsk.) innlendrar vöru, sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, sem aðfangaeftirlitið sendir þeim að kostnaðarlausu. Gjalddagar eftirlitsgjalds skulu vera 1. mars og 1. október ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal reikna mánaðarlega dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og eru dráttarvextir hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands. Eftirlitsgjald má taka fjárnámi.

Standi framleiðandi ekki skil á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til álagningar eftirlitsgjalds eða gögn um gjaldskylda vöru eru ófullnægjandi að mati aðfangaeftirlitsins er heimilt að áætla gjaldið og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun. Aðfangaeftirlitið skal skriflega tilkynna greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningarinnar um áætlun gjaldsins, krafist þess skriflega að aðfangaeftirlitið taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Aðfangaeftirlitið skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu aðfangaeftirlitsins til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu bréfs aðfangaeftirlitsins. Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga eftirlitsgjaldsins, né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu þess. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu aðfangaeftirlits eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

31. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt 9. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

32. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felldur I. kafli reglugerðar nr. 256/1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Viðauki 1.

Heiti vöruflokka, vörulýsingar og leyfilegt svigrúm í efnainnihaldi fyrir ólífrænan áburð.

A. Eingildur áburður sem aðeins inniheldur eitt aðalnæringarefni.

1. Köfnunarefnisáburður.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefna-innihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
1a	Kalksaltpétur	Efnaiðnaðarvara með kalknítrat og e.t.v. ammoníaknítrat sem aðaluppistöðu.	15% N N gefið upp sem heildar N eða sem nítrat og ammonium N. Mesta innihald af ammonium N: 1,5% N		Heildar N Heimil viðbótarlýsing Nítrat N Ammoníak N
1b	Kalkmagnesíumnítrat	Efnaiðnaðarvara með kalknítrat og magnesíumnítrat sem aðaluppistöðu.	13 % N N gefið upp sem nítrat N. Lágmarks innihald af magnesíum, sem vatnsleysanleg sölt gefið upp sem magnesíum: 3% Mg.		Nítrat N Vatnsleysanlegt Mg
1c	Magnesíumnítrat	Efnaiðnaðarvara með magnesíumnnítrat sem aðaluppistöðu.	10% N N gefið upp sem nítrat N: 14%. Magnesíumoxíð og magnesíum gefið upp sem vatnsleysanlegt magnesíumoxíð.		
1d	Magnesíumnítrat áburðarvökvi	Efnaiðnaðarvara framleidd með því að leysa magnesíumnítrat í vatni.	6% N N gefið upp sem nítrat N. 9% MgO Magnesíum gefið upp sem vatnsleysanlegt MgO. Lágmarks pH: 4		Nítrat N Vatnsleysanlegt MgO.
2a	Natríumnítrat	Efnaiðnaðarvara með natríumnítröt sem aðaluppistöðu.	15% N N gefið upp sem nítrat N.		Nítrat N
2b	Chilesaltpétur	Vara framleidd úr fuglaúrgangi í Chile með natríumnítrat sem aðaluppistöðu.	15% N N gefið upp sem nítrat N.		Nítrat N
3a	Kalksíanamíð	Efnaiðnaðarvara með kalsíumsíanamíð sem aðaluppistöðu, kalkoxíð og smávegis af ammoníumsöltum og þvagefni.	18% N N gefið upp sem heildar N, a.m.k. 75% af uppgefnu N sem síanamíð N.		Heildar N
3b	Nítratríkt kalksíanamíð	Efnaiðnaðarvara með nítratríkt kalksíanamíði sem aðaluppistöðu að viðbættu nítrati.	18% N N gefið upp sem heildar N a.m.k. 75% af uppgefnu ekki-nítrat N í formi síanamíðs N. Innihaldið af nítrat N: Lágmark 1% N Hámark 3% N		Heildar N Nítrat N
4	Ammoníumsúlfat	Efnaiðnaðarvara með ammoníumsúlfat sem aðaluppistöðu.	20% N N sem gefið er upp sem ammonium N.		Ammonium N

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefna-innihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
5	Ammoníumnítrat eða kalkammonsaltpétur	Efnaiðnaðarvara með ammoníumnítrat sem aðaluppistöðu og með kalksteinsmjöl, kalksúlfat, dólómítmjöl, magnesíumsúlfat, og kiseritt sem möguleg burðarefni.	20% N N gefið upp sem nítrat N og ammoníum N sem hvort um sig er helmingur af N-innihaldinu.	Merkinguna kalkammonsaltpétur má eingöngu nota um áburð sem inniheldur kalkkarbónat (kalkstein) eða magnesíumkarbónat og kalsíumkarbónat (dólómít) auk ammoníumnítratsins. Lágmarks innihald þessara karbónata verður að vera 20% og hreinleikinn í það minnsta 90%.	Heildar N Nítrat N Ammoníum N
6	Ammoníumsúlfat	Efnaiðnaðavara með ammoníumnítrat og ammoníumsúlfat sem aðaluppistöðu.	25%N N gefið upp sem ammoníum- og nítrat N. Lágmarks innihald af nítrat N: 5%.		Heildar N Nítrat N Ammoníum N
7	Magnesíumsúlfatnítrat	Efnaiðnaðarvara með ammoníumnítrat, súlfat og magnesíumsúlfat sem aðaluppistöðu.	N gefið upp sem ammoníum- og nítrat- N. Lágmarks innihald af nítrat N: 6%. Magnesíum í formi vatnsleysanlegs salts gefið upp sem magnesíum.		Heildar N Ammoníum N Nítrat N Vatnsleysanlegt Mg
8	Magnesíum-ammoníumnítrat	Efnaiðnaðarvara með ammonínítrat og magnesíumsambönd, (dolomít, magnesíumkarbónat og/eða magnesíum-súlfat) sem aðaluppistöðu.	19% N N gefið upp sem ammoníum- og nítrat- N. Lágmarks nítrat N: 6% N. 3% Mg gefið upp sem heildarmagnesíum.		Heildar N Ammoníum N Nítrat N Heildar Mg og ef vill vatnsleysanlegt Mg
9	Þvagefni (urea)	Efnaiðnaðarvara með karbamíð sem aðaluppistöðu.	44% N Heildarþvagefnis N (biuret meðtalið). Hámark af biuret: 1,2%.		Heildar N gefið upp sem þvagefnis N
10	Crotonylidene diurea	Efnaiðnaðarvara með þvagefni og crotonaldehýð sem aðaluppistöðu. Eingilt samband.	28% N N gefið upp sem heildar N. A.m.k. 25% N úr crotonylidene diurea. Hámark þvagefnis N: 3%.		Heildar N Þvagefnis N ef það er meira en 1% af þunga. N úr crotonylidene diurea
11	Isobutylidene diurea	Efnaiðnaðarvara með þvagefni og isobutylaldehýð diurea sem aðaluppistöðu. Eingilt samband.	28% N N gefið upp sem heildar N. A.m.k. 25% N úr isobutylidene diurea. Hámark þvagefnis N: 3%.		Heildar N Þvagefnis N ef það er meira en 1% af þunga. N úr isobutylidene diurea.
12	Þvagefnisformaldehýð	Efnaiðnaðarvara með þvagefnis aldehýð sem aðaluppistöðu. Fleirgilt samband (polymer).	36% N N gefið upp sem heildar N. A.m.k. 3/5 af uppgefnu heildar N skulu vera leysanleg í heitu vatni. A.m.k. 31% N úr þvagefnisaldehýði. Hámark þvagefnis N: 5%		Heildar N Þvagefnis N ef það er meira en 1% af þunga. N úr þvagefnisformaldihýði leysanlegt í köldu vatni. N úr þvagefnisformaldihýði aðeins leysanlegt í heitu vatni.
13	N áburður sem inniheldur crotonylidene diurea	Efnaiðnaðarvara með crotonylidene diurea og N áburð samkvæmt töluliðum hér að framan (nema 3a, 3b og 5) sem aðaluppistöðu.	18% N A.m.k. 3% N sem ammoníum og/eða nítrat og/eða þvagefni. Heildar N verður að koma úr crotonylidene diurea. Hámarks biuret innihald: (þvagefnis N + crotonylidene diurea N) x 0,026.		Heildar N. Fyrir hvert N samband sem er a.m.k. 1% af blöndu: nítrat N ammoníum N þvagefnis N N úr crotonylidene diurea.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefna-innihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
14	N áburður sem inniheldur isobutylidene diurea	Efnaiðnaðarvara með isobutylidene diurea og N áburð samkvæmt töluliðum hér að framan (nema 3a, 3b og 5) sem aðaluppistöðu.	18% N A.m.k. 3% N sem ammoníum og/eða nítrat og/eða þvagefni. A.m.k. 1/3 af uppgefnu heildar N verður að koma úr isobutylidene diurea. Hámarks biuret innihald: (þvagefnis N + isobutylidene diurea N) x 0,026.		Heildar N. Fyrir hvert N samband sem er a.m.k. 1% af blöndu: nítrat N ammoníum N þvagefnis N N úr isobutylidene diurea.
15	Köfnuarefnisáburður sem inniheldur þvagefnisformaldehýð.	Efnaiðnaðarvara með þvagefnisformaldehýð og N áburð samkvæmt töluliðum hér að framan (nema 3a, 3b og 5) sem aðaluppistöðu.	18% N A.m.k. 3% N sem ammoníum og/eða nítrat og/eða þvagefni. A.m.k. 1/3 af uppgefnu heildar N verður að koma úr þvagefnisformaldehýði. Hámarks biuret innihald: (þvagefnis N + isobutylidene diurea N) x 0,026.		Heildar N. Fyrir hvert N samband sem er a.m.k. 1% af blöndu: nítrat N ammoníum N þvagefnis N þvagefnisformaldehýð N Þvagefnisformaldehýð N leysanlegt í köldu vatni. Þvagefnisformaldehýð N aðeins leysanlegt í heitu vatni.
16	Ammoníumsúlfat með nítrunarvörn (dicyandiamide)	Efnaiðnaðarvara með ammoníumsúlfat og dicyandiamide sem aðaluppistöðu.	20% N N gefið upp sem heildar N. Lágmarks ammoníum N: 18%. Lágmarks dicyandiamide: 1,5%.		Heildar N Ammoníum N Dicyandiamide N Tæknilegar upplýsingar [1]
17	Ammoníumsúlfónítrat með nítrunarvörn (dicyandiamide)	Efnaiðnaðarvara með ammoníumsúlfónítrat og dicyandiamide sem aðaluppistöðu.	24% N N gefið upp sem heildar N. Lágmarks nítrat N: 3%. Lágmarks dicyandiamide: 1,5%.		Heildar N Ammoníum N Dicyandiamide N Tæknilegar upplýsingar[1]

[1] Tæknilegar upplýsingar eins góðar og mögulegt er verða að fylgja hverri vörueiningu. Söluaðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum. Þessar upplýsingar verða einkum að vera notanda til leiðbeiningar um notkunarmagn og notkunartíma miðað við þann jarðargróða sem áburðurinn er ætlaður

2. Fosfóráburður.

Fyrir áburð sem seldur er kornaður og með skilgreindri kornastærð fyrir þau næringaefni sem hann inniheldur (áburður undir 1,3,4,5,6 og 7) skal finleiki mældur á grundvelli heppilegrar mæliaðferðar.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
1	Thomasfosfat	Fosfórríkur úrgangur úr jámbræðsluiðnaði með kalsíum-kísilfosfat sem aðaluppistöðu.	5,2% P Fosfór gefinn upp sem sýruleysanlegt fosfórpentoxíð. A.m.k. 75% af uppgefnu innihaldi leysanlegt í 2% sítrónusýru eða: 4,4% P gefinn upp sem P leysanlegt í 2% sítrónusýru. Finleiki: -A.m.k. 75% komast gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 96% komast gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í 2% sítrónusýru. Fosfór leysanlegur í vatni.
2a	Súperfosfat	Efnaiðnaðarvara úr hráfosfati og brennisteinssýru með mónókalsíumfosfat og kalsíumsúlfat sem aðaluppistöðu.	7% P Fosfór gefinn upp sem P leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. A.m.k. 93% af uppgefnu heildarfosfór skal vera vatnsleysanlegur. Stærð sýnis 1g. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. P leysanlegur í vatni.
2b	Tvísúperfosfat	Efnaiðnaðarvara úr hráfosfati, brennisteinssýru og fosfórsýru með mónókalsíumfosfat og kalsíumsúlfat sem aðaluppistöðu.	10,9% P Fosfór leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. A.m.k. 93% af uppgefnu magni skal vera vatnsleysanlegt. Stærð sýnis 1g. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. Vatnsleysanlegur P.
2c	Þrífosfat	Efnaiðnaðarvara úr hráfosfati og fosfórsýru með mónókalsíumfosfat sem aðaluppistöðu.	16,6% P Fosfór leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. A.m.k. 93% af uppgefnu magni skal vera vatnsleysanlegt. Stærð sýnis 3 g. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í hlutlausri ammoníumsítrat lausn. Vatnsleysanlegur P.
3	Hráfosfat uppleyst að hluta.	Efnaiðnaðarvara þar sem hráfosfat er uppleyst að hluta með brennisteinssýru eða fosfórsýru með mónókalsíumfosfat, tríkalsíumfosfat og kalsíumsúlfat sem aðaluppistöðu.	8,7% P Fosfór gefinn upp sem sýruleysanlegt P. A.m.k. 40% af uppgefnu P skal vera vatnsleysanlegt. Finleiki: -A.m.k. 90% komast í gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 98% komast í gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		Sýruleysanlegur P Vatnsleysanlegur P

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
4	Díkalsíumfosfat	Vara felld út í fosfórsýru sem búin er til úr ólífrænum fosfötum eða beinum með díkalsíumfosfat dihýdrat sem aðaluppistöðu.	16,6% P Fosfór gefinn upp sem P leysanlegur ammoníumsítratlút (Petermann). Fínleiki: -A.m.k. 90% komast í gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 98% komast í gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í ammoníumsítratlút.
5	Pýrofosfat	Vara framleidd við hitameðhöndlun á hráfosfati með alkalísambanda og kísilsýru. Með alkalíkalsíumfosföt og kalsíumsílíköt sem aðaluppistöðu.	10,9% P Fosfór gefinn upp sem P leysanlegur ammoníumsítratlút (Petermann). Fínleiki: -A.m.k. 75% komast í gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 96% komast í gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		P leysanlegur í ammoníumsítratlút.
6	Aluminium-kalsíumfosfat	Vara af ótiltekinni gerð framleidd við hitun og mölun með aluminium og kalsíumfosföt sem aðaluppistöðu.	13,1% P Fosfór gefinn upp sem sýruleysanlegur P. A.m.k. 75% af uppgefnu P skal vera leysanlegur í ammoníumsítratlút (Joulie). Fínleiki: -A.m.k. 90% komast í gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 99% komast í gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		Heildar P (sýruleysanlegur). P leysanlegur í ammoníumsítratlút.
7	Mjúkt hráfosfat	Vara framleidd við mölun á mjúku hráfosfati með tríkalsíumfosfat og kalsíumkarbónat sem aðaluppistöðu.	10,9% P Fosfór gefinn upp sem sýruleysanlegur P. A.m.k. 55% af uppgefnu magni skal vera leysanlegt í 2% maurasýru. Fínleiki: -A.m.k. 90% komast í gegnum 0,160 mm möskva. -A.m.k. 99% komast í gegnum 0,630 mm möskva. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd pr. kg P.		Heildar P (sýruleysanlegur) P leysanlegur í 2% maurasýru. Hluti af vörunni sem fer í gegnum 0,063 mm gefinn upp sem þungaprósenta.

3. Kaliáburður.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringarefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringarefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
1	Kainitt/Kalíhrásalt	Vara unnin úr hreinu kalíhrásalti.	8,3% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K. 3% Mg Magnesíum ákvarðað sem vatnsleysanlegt Mg.	Nota má algengustu verslunarheiti.	Vatnsleysanlegt K. Vatnleysanlegt c.
2	Auðgað kainitt/kalíhrásalt	Vara framleidd við blöndun á kalíhrásalti og kalíklóríði.	14,9% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K.	Nota má algengustu verslunarheiti.	Vatnsleysanlegt K. Gefa má upp innihald af vatnsleysanlegu Mg þegar það fer yfir 3%.
3	Kalíklórið	Vara framleidd við meðhöndlun á kalíhrásalti með kalíklóríð sem aðaluppistöðu.	30,7% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K.	Nota má algengustu verslunarheiti.	Vatnleysanlegt K.
4	Kalíklórið með magnesíum	Efnaiðnaðarvara framleidd við meðhöndlun á kalíhrásalti og íblöndun magnesíumsalta. Kalíklórið og magnesíumsölt eru aðaluppistaða.	30,7% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K. 3% Mg. Magnesíum ákvarðað sem vatnsleysanlegt Mg.		Vatnsleysanlegt K. Vatnsleysanlegt Mg.
5	Kalísúlfat	Efnaiðnaðarvara framleidd við meðhöndlun á kalísöltum með kalísúlfat sem aðaluppistöðu.	39% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K. Mesta klórinnihald: 3% Cl.		Vatnsleysanlegt K. Frjálst er að tilgreina klórinnihald ef það er minna en 3% Cl.
6	Kalísúlfatmagnesíum	Efnaiðnaðarvara úr kalísöltum hugsanlega með íblöndun magnesíumsalta með kalísúlfat og magnesíumsúlfat sem aðaluppistöðu.	18,3% K Kalí ákvarðað sem vatnsleysanlegt K. 4,8% magnesíum ákvarðað sem vatnsleysanlegt Mg. Mesta klórinnihald: 3% Cl.	Nota má algengustu verslunarheiti.	Vatnsleysanlegt K. Vatnsleysanlegt Mg. Frjálst er að tilgreina klórinnihald ef það er minna en 3% Cl.
7	Kieserit með kalísúlfati	Vara framleidd með því að blanda kalísúlfati í kieserit.	4,8% Mg Magnesíum gefið upp sem vatnsleysanlegt Mg. 5% K Kalí gefið upp sem vatnsleysanlegt K. Heildar Mg/0,6 + K/0,83: 20%.	Nota má algengustu verslunarheiti.	Vatnsleysanlegt K. Vatnsleysanlegt Mg. Frjálst er að tilgreina klórinnihald ef það er minna en 3% Cl.

B. Blandaður áburður.
1. NPK áburður.

Tegunda-heiti	Upplýsingar um framleiðslu-máta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
NPK áburður	Vara framleidd efnafræðilega eða við blöndun án íblöndunar lífrænna næringarefna.	20% (N+P/0,436+K/0,83)	3% N ESB áburður: 2,2% P. Annar áburður: 1,0% P og 4,1% K	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N 5. Cyanamíð N	1. Vatnsleysanl. P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati og vatni 4. P aðeins leysanlegt í ólífrænni sýru 5. P aðeins leysanlegt í ammoníumsítratlút (Petermann) 6. P leysanlegt í 2% sítrónusýru 7. P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 75% af uppgefnu innihaldi af P skal vera leysanlegt í ammoníumsítratlút (Joulie) P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 75% af uppgefnu innihaldi P skal vera leysanlegt í 2% maurasýru	Vatnsleysanlegt K.	1. Heildar N 2. Ef N innihaldið í N-samböndum (2) til (5) er meira en 1 þungaprósenta skal það gefið upp.	1. NPK áburður sem hvorki inniheldur, thomasfosfat, pýrófosfat, aluminiumkalsíumfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða mjúkt hráfosfat skal skilgreint samkvæmt leysanleika sem gefinn er upp í (1), (2) eða (3): -ef vatnsleysanlegur fosfór er undir 0,9% er aðeins gefinn upp leysanleiki (2). -ef vatnsleysanlegt P er a.m.k. 0,9% er gefinn upp leysanleiki (3) ásamt vatnsleysanlegum fosfór (leysanleiki(1)). Magn P sem aðeins er leysanlegt í ólífrænni sýru má ekki fara yfir 0,9%. Fyrir þessa áburðartegund skal stærð sýnis til ákvörðunar á leysanleika (2) og (3) vera 1g. Kadmíum má ekki vera meira en 50 mg Cd pr. kg P.	1. Vatnsleysanlegt K 2. Áritunin „klórsnauður" er háð því að hámarks-innihald klórs sé 2% Cl. 3. Klórinnihald má gefa upp.
				Fínleiki fyrir helstu fosfórtegundirnar: Thomasfosfat: a.m.k. 75% komast gegnum 0,160 mm möskva. Aluminium-kalsíum-fosfat: a.m.k. 90% komast gegnum 0,160 mm möskva. Pýrófosfat: a.m.k. 75% komast gegnum 0,160 mm möskva. Mjúkt hráfosfat: a.m.k. 90% komast gegnum 0,063 mm möskva. Hráfosfat uppleyst að hluta: a.m.k. 90% komast gegnum 0,160 mm möskva.			2a. NPK áburður sem inniheldur mjúkt hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta má hvorki innihalda thomasfosfat, pýrófosfat eða aluminiumkalsíumfosfat. Áburðurinn er skilgreindur með leysanleika í samræmi við (1), (3) og (4). Þessi áburður verður að innihalda: -a.m.k. 0,9 % P aðeins leysanlegt í ólífrænni sýru (leysanleiki(4)). -a.m.k. 2,2% P leysanlegt í vatni og hlutlausu ammoníumsítrati	

Tegunda-heiti	Upplýsingar um framleiðslu-máta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
								(leysanleiki(3)). -a.m.k. 1,1% vatnsleysanlegt P (leysanleiki (1)). Þennan áburð má selja sem „NPK áburður með hráfosfati" eða „NPK áburður með hráfosfati uppleyst að hluta". Fyrir þennan áburð 2 (a) skal sýnið til ákvörðunar á leysanleika (3) vera 3g. Kadmíum innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P 2b. NPK áburður sem inniheldur aluminiumkalsíumfosfat má hvorki innihalda thomasfosfat, pýrófosfat, hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta. Hann verður að skilgreina með tilliti til leysan-leika (1) og leysanleika (7) að frádregnum leysanleika (4).	
NPK áburðar-vökvi	Efnaiðnaðar-vara leyst upp í vatni, órokgjörn og án íblöndunar lífrænna næringarefna	15% (N+P/0,436+K/0,83) Mesta innihald af biuret þvag-efnis Nx 0.026.	2% N 1,3% P 2,5% K Mesta innihald af biuret: þvagefnis Nx 0.026.	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N	1. Vatnsleysanlegt P.	Vatnsleysanlegt K.	1. Heildar N Ef innihald af N-sambandi (2-4) er meira en 1 þunga-prósenta skal það gefið upp. Ef biuret-innihald er minna er 0,2% má merkja áburðinn „lágt biuretinnihald".	Vatnsleysnalegur P. Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg/kg P.	1. Vatnsleysanlegt K. 2. Merkinguna „klór-snautt" má aðeins nota ef klórinnihald er 2% eða minna. 3. Gefa má upp klórinni-hald.
NPK áburðar-grugglausn	Vara í fljót-andi formi með nær-ingarefni bæði í upplausn og í grugglausn án íblöndunar lífrænna	20% (N+P/0,436+K/0,83) Mesta innihald af biuret: þvagefni sNx 0.026.	3% N 1,7% P 3,3% K Mesta inni-hald af biuret: þvagefnis Nx 0.026.	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N	1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum-sítrati 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum-sítrati og vatni.	Vatnsleysanlegt K	1. Heildar N 2. Ef innihald af N-sambandi (2-4) er meira en 1 þunga-prósenta skal það gefið upp. Ef biuret-innihald er minna er 0,2% má merkja áburðinn „lágt	Áburðurinn má ekki innihalda aluminiumkalsíumfosfat, pýrófosfat, hráfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða „slagga" af thomasfosfati. Kadmíuminnihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P. 1. Ef vatnsleysanlegt P er minna en 0,9% P er aðeins gefinn leysanleiki (2).	1. Vatnsleysanlegt Kum-oxíð. 2. Áritunina „klórsnauður" má aðeins nota ef klór-innihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa upp.

Tegunda-heiti	Upplýsingar um framleiðslu-máta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
	næringarefna.						biuretinnihald".	2. Ef vatnsleysanlegt P er 0,9% a.m.k. er gefinn upp leysanleiki (3) og leysanleiki (1) skal gefinn upp. Þessi áburðartegund verður að innihalda: -a.m.k. 0,9% vatnsleysanlegt P -a.m.k. 2,2% P samkvæmt leysanleika (7) Þennan áburð skal selja með árituninni „NPK áburður með aluminium-kalsíum-fosfati". Kadmíum má ekki fara yfir 50 mg/kg P. 3. Fyrir NPK áburð sem aðeins inniheldur eina af eftirtöldum tegundum fosfóráburðar: thomas-fosfat, pýrófosfat, aluminium-kalsíumfosfat, mjúkt hráfosfat, skal við merkinguna bætt fosfór-tegundarheitinu. Skilgreining á leysanleika P verður að vera í samræmi við eftirfarandi: -fyrir áburð sem byggir á thomas-fosfati , leysanleiki (6) -fyrir áburð sem byggir á pýró-fosfati, leysanleiki (5) -fyrir áburð sem byggir á aluminium-kalsíum-fosfati, leysanleiki (7) -fyrir áburð sem byggir á mjúku hráfosfati, leysanleiki (8) Kadmíuminnihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P	
NPK áburður sem inni-heldur eftir atvikum: croton-	Efnaiðnaðar-vara án íblöndunar lífrænna næringarefna með	20% (N+P/0,4 36+K/0,8 3).	5% N A.m.k. 1/4 af skil-greindu N verður að vera í formi	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammonium N 4. Þvagefnis N 5. N úr crotonylidene diurea	1. Vatnsleysanlegt P. 2. P leysanlegt í hlut-lausu ammoníumsítrati. 3. P leysanlegt í hlut-lausu ammoníumsítrati og vatni.	Vatnsleysanlegt K	1. Heildar N 2. Ef einhver N tegundanna (2) til (4) er 1% eða meira verður að skilgreina það.	NPK áburður án „slagga" úr thomasfosfati, kalsíumfosfati, aluminiumkalsíumfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta og hrá-fosfat verður að skilgreina samkvæmt leysanleika (1), (2)	1. Vatnsleysanlegt Kum-oxíð 2. Áritunina „klórsnauður" má aðeins nota er klór-innihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa

Tegunda-heiti	Upplýsingar um framleiðslu-máta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
ylidene diurea eða iso-butylidene diurea eða þvagefnis formald-ehýð.	crotonylidene diurea eða isobutylidene diurea eða þvagefnis formaldehýð sem stöðu.		(5), (6) eða (7). A.m.k. 3/5 af skil-greindu N (7) verður að vera leysanlegt í heitu vatni. 2,2% P 4,2% K	6. N úr isobutylidene diurea 7. N úr þvagefnis formaldehýð 8. N úr þvagefnis formaldehýði sem er aðeins leysanlegt í heitu vatni. 9. N úr þvagefnis formaldehýði sem er aðeins leysanlegt í köldu vatni.			3. Ein N tegundanna frá (5) til (7) eftir því sem við á. N tegund (7) verður að vera skilgreind flokkun (8) og (9), dálki 5.	eða (3): -þegar vatnsleysanlegt P nær ekki 0,9% þarf aðeins að skilgreina leysanleika (2) -þegar vatnsleysanlegt P er 0,9% eða meira þarf að skilgreina leysanleika (3) og (1). Innihald af P aðeins leysanlegu í ólífrænni sýru má ekki fara yfir 0,9%. Sýni til ákvörðunar leysanleika (2) og (3) skal vera 1 g.	upp.

2. NP áburður.

Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringarefni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
NP áburður	Vara framleidd efnafræðilega eða með blöndun án íblöndun lífrænna næringarefna.	18% (N+P/0, 436)	3% N 2,2% P	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N 5. Cyanamíð N	1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum sítrati. 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum sítrati og vatni 4. P aðeins leysanlegt í ólífrænni sýru 5. P aðeins leysanlegt í ammoníumsítratlút (Petermann) 6. P leysanlegt í 2% sítrónusýru 7. P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 75% af uppgefnu innihaldi af P skal vera leysanlegt í ammoníumsítralút (Joulie) 8. P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 55% af uppgefnu innihaldi P skal vera leysanlegt í 2% maurasýru.		1. Heildar N 2. Ef innihald N-tegundanna (2) til (5) er 1% eða meira skal það tilgreint.	1. NP áburður sem hvorki inniheldur, thomasfosfat, pýrófosfat, aluminium-kalsíum-fosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða mjúkt hráfosfat skal skilgreindur samkvæmt leysanleika sem gefinn er upp í (1), (2) eða (3): -ef vatnsleysanlegur fosfór er undir 0,9% er aðeins gefinn upp leysanleiki (2). -ef vatnsleysanlegt P er a.m.k. 0,9% er gefinn upp leysanleiki (3) ásamt vatnsleysanlegu P (leysanleiki(1)). Magn P sem aðeins er leysanlegt í ólífrænni sýru má ekki fara yfir 0,9%. Fyrir þessa áburðartegund skal stærð sýnis til ákvörðunar á leysanleika (2) og (3) vera 1 g. Kadmíum má ekki vera meira en 50 mg Cd pr. kg P. 2a. NP áburður sem inniheldur mjúkt hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta má hvorki innihalda, thomasfosfat, pýrófosfat eða aluminium-kalsíum-fosfat. Áburðurinn er skilgreindur með leysanleika í samræmi við (1), (3) og (4). Þessi áburður verður að innihalda: -a.m.k. 0,9 % P aðeins leysanlegt í ólífrænni sýru (leysanleiki(4)). -a.m.k. 2,2% P leysanlegt í vatni og hlutlausu ammoníumsítrati (leysanleiki(3)). -a.m.k. 1,1% vatnsleysanlegt P (leysanleiki (1)). Þennan áburð má selja sem „NP áburður með mjúku hráfosfati“ eða „NP áburður með hráfosfati	

Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringarefni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
								uppleyst að hluta". Fyrir þennan áburð 2 (a) skal sýnið til ákvörðunar á leysanleika (3) vera 3g. Kadmíum innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P 2b. NP áburður sem inniheldur aluminium-kalsíum-fosfat má hvorki innihalda thomasfosfat, pýrófosfat, mjúkt hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta. Hann verður að skilgreina með tilliti til leysanleika (1) og leysanleika (7) að frádregnum leysanleika (1). Þessi áburðartegund þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: -innihalda 0,9% vatnsleysanlegt P -innihalda 2,2% P í samræmi við leysanleika (7) Þessa áburðartegund skal selja með áletruninni „NP áburður með aluminiumkalsíumfosfati." Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg/kg P. 3. Fyrir NP áburð sem aðeins inniheldur eina af eftirtöldum tegundum fosfóráburðar: thomasfosfat, pýrófosfat, aluminiumkalsíumfosfat, mjúkt hráfosfat, skal við merkinguna bætt fosfórtegundinni. Skilgreining á leysanleika P verður að vera í samræmi við eftirfarandi: -fyrir áburð sem byggir á thomasfosfati , leysanleiki (6) -fyrir áburð sem byggir á pýrófosfati, leysanleiki (5) -fyrir áburð sem byggir á aluminiumkalsíumfosfati, leysanleiki (7) -fyrir áburð sem byggir á mjúku	

Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringarefni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
								hráfosfati, leysanleiki (8) Kadmíuminnihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P.	
NP áburður sem inniheldur eftir atvikum: crotonyliden e diurea eða isobutylidene diurea eða þvagefnis formaldehýð	Efnaiðnaðarvara án íblöndunar lífrænna næringarefna með crotonyliden e diurea eða isobutyliden e diurea eða þvagefnis formaldehýð sem aðaluppistöðu.	18% (N+P/0, 436)	5% N A.m.k. 1/4 af skilgreindu N verður að vera í formi (5), (6) eða (7). A.m.k. 3/5 af skilgreindu N (7) verður að vera leysanlegt í heitu vatni. 2,2% P	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N 5. N úr crotonylidene diurea 6. N úr isobutylidene diurea 7. N úr þvagefnis formaldehýð 8. N úr þvagefnis formaldehýði sem er aðeins leysanlegt í heitu vatni. 9. N úr þvagefnis formaldehýði sem er leysanlegt í köldu vatni.	1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati og vatni.		1. Heildar N 2. Ef einhver N tegundanna (2) til (4) er 1% eða meira verður að skilgreina það. 3. Ein N tegundanna frá (5) til (7) eftir því sem við á. N tegund (7) verður að vera skilgreind skv. flokkun (8) og (9) í dálki 5.	NP áburður án „slagga" úr thomasfosfati, kalsíumfosfati, aluminiumkalsíumfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta og hráfosfat verður að skilgreina samkvæmt leysanleika (1), (2) eða (3): -þegar vatnsleysanlegt P nær ekki 0,9% þarf aðeins að skilgreina leysanleika (2) -þegar vatnsleysanlegt P er 0,9% eða meira þarf að skilgreina leysanleika (3) og (1). Innihald af P aðeins leysanlegu í ólífrænni sýru má ekki fara yfir 0,9%. Sýni til ákvörðunar leysanleika (2) og (3) skal vera 1 g.	
NP áburðarvökvi	Efnaiðnaðarvara leyst upp í vatni, órokgjörn og án íblöndunar lífrænna næringarefna	18% (N+P/0, 436) Mesta innihald af biuret: þvagefnis Nx 0.026	3% N 2,2% P Mesta innihald af biuret: þvagefnis Nx 0.026	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N	1. Vatnsleysanlegt P		1. Heildar N 2. Ef innihald af N sambandi (2-4) er meira en 1 þungaprósenta skal það gefið upp. Ef biuretinnihald er minna er 0,2% má merkja áburðinn „lágt biuretinnihald".	Vatnsleysanlegur P Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg/kg P	
NP áburðargrugglausn.	Vara í fljótandi formi með næringarefni bæði í upplausn og í grugglausn án íblönd-	18% (N+P/0, 436) Mesta innihald af biuret: þvag-	3% N 2,2% P Mesta innihald af biuret: þvagefnis Nx 0.026.	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N	1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati og vatni.		1. Heildar N 2. Ef innihald af N sambandi (2-4) er meira en 1 þungaprósenta skal það gefið upp. Ef biuretinnihald er minna er 0,2% má	Áburðurinn má ekki innihalda aluminiumkalsíumfosfat, pýrófosfat, hráfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða „slagga" af tómasfosfati. Kadmíuminnihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P. 1. Ef vatnsleysanlegt P er minna en 0,9% P er aðeins gefinn	

Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringarefni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
	unar lífrænna næringarefna.	efnis Nx 0.026					merkja áburðinn „lágt biuret-innihald".	leysanleiki (2). 2. Ef vatnsleysanlegt P er 0,9% eða meira þá er gefinn upp leysanleiki (3) og leysanleiki (1) skal gefinn upp.	

3. NK áburður

Tegunda-heiti	Upplýsingar um fram-leiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
NK áburður	Vara fram-leidd efna-fræðilega eða með blöndun án íblöndun lífrænna nær-ingarenfa.	18% (N+K/0 ,83)	3% N 4,1% K	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N 5. Cyanamíð N		Vatnsleysan-legt K	1. Heildar N 2. Ef innihald N teg-undanna (2) til (5) er 1% eða meira skal það skilgreint.		1. Vatnsleysanlegt K. 2. Áletrunina „klór-snauður áburður" má nota ef klórinnihald er 2% Cl eða minna.
NK áburður sem inni-heldur eftir atvikum: croton-ylidene diurea eða isobutyl-dene diurea eða þvagefnis formalde-hýð	Efnaiðnaðar-vara án íblöndunar lífrænna næringarefna með crotonyliden e diurea eða isobutyliden e diurea eða þvagefnis formaldehýð sem aðaluppi-stöðu.	18% (N+K/0 ,83)	5% N A.m.k. 1/4 af skil-greindu N verður að vera í formi (5), (6) eða (7). A.m.k. 3/5 af skil-greindu N (7) verður að vera leysanlegt í heitu vatni. 2,2% P	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N 5. N úr crotonylidene diurea 6. N úr isobutylidene diurea 7. N úr þvagefnis formaldehýð 8. N úr þvagefnis formaldehýði sem er aðeins leysanlegt í heitu vatni. 9. N úr þvagefnis formaldehýði sem er leysanlegt í köldu vatni.		Vatnsleysan-legt K	1. Heildar N 2. Ef einhver N-tegundanna (2) til (4) er 1% eða meira verður að skilgreina það. 3. Ein N tegundanna frá (5) til (7) eftir því sem við á. N tegund (7) verður að vera skil-greind samkvæmt N-tegundunum (8) og (9).		1. Vatnsleysanlegt Kum-oxíð 2. Áritunina „klór-snauður" má aðeins nota ef klórinnihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa upp.
NK áburðar-vökvi	Efnaiðnaðar-vara leyst upp í vatni, órokgjörn og án íblönduna-r lífrænna næringarefna	15% (N+K/0 ,83) Mesta innihald biurets þvag-efnis Nx 0.026	3% N 4,1% K Mesta inni-hald biurets: þvagefnis Nx 0.026	1. Heildar N 2. Nítrat N 3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N		Vatnsleysan-legt K	1. Heildar N 2. Ef innihald af N-sambandi (2-4) er meira en 1 þunga-prósenta skal það gefið upp. Ef biuretinnihald er minna er 0,2% má merkja áburðinn „lágt biuretinnihald".		1. Vatnsleysanlegt Kum. 2. Áritunina „klór-snauður" má aðeins nota ef klórinnihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa upp.
NK áburðar-	Vara í fljótandi	18% (N+K/0	3% N 4,1% K	1. Heildar N 2. Nítrat N		Vatnsleysan-legt K	1. Heildar N 2. Ef innihald af N-		1. Vatnsleysanlegt Kum. 2. Áritunina „klór-

Tegunda-heiti	Upplýsingar um fram-leiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
grugglausn	formi með næringaefni bæði í upp-lausn og í grugglausn án íblönd-unar lífrænna næringarefna	,83) Mesta innihald biurets þvag-efnis Nx 0.026	Mesta inni-hald biurets: þvagefnis Nx 0.026	3. Ammoníum N 4. Þvagefnis N			sambandi (2-4) er meira en 1 þungaprós-enta skal það gefið upp. Ef biuretinnihald er minna er 0,2% má merkja áburðinn „lágt biuretinnihald".		snauður" má aðeins nota ef klórinnihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa upp.

4. PK áburður

Tegunda-heiti	Upplýsingar um fram-leiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
PK áburður	Vara fram-leidd efna-fræðilega eða við blöndun án íblöndunar lífrænna næringar-efna.	18% (P/0,43 6+K/0, 83)	2,2% P 4,1% K		1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum sítrati. 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníum sítrati og vatni 4. P aðeins leysanlegt í ólífrænni sýru 5. P aðeins leysanlegt í ammoníumsítratlút (Petermann) 6. P leysanlegt í 2% sítrónusýru 7. P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 75% af uppgefnu innihaldi af P skal vera leysanlegt í ammoníumsítratlút (Joulie) 8. P leysanlegt í ólífrænni sýru. A.m.k. 55% af uppgefnu innihaldi P skal vera leysanlegt í 2% maurasýru.	Vatnsleysan-legt K		1. PK áburður sem hvorki inniheldur, thomasfosfat, pýrófosfat, aluminium-kalsíum-fosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða mjúkt hráfosfat skal skilgreint samkvæmt leysanleika sem gefinn er upp í (1), (2) eða (3): -ef vatnsleysanlegur fosfór er undir 0,9% er aðeins gefinn upp leysanleiki (2). -ef vatnsleysanlegt P er a.m.k. 0,9% er gefinn upp leysanleiki (3) ásamt vatnsleysanlegum fosfór (leysanleiki(1)). Magn P sem aðeins er leysanlegt í ólífrænni sýru má ekki fara yfir 0,9%. Fyrir þessa áburðartegund skal stærð sýnis til ákvörðunar á leysanleika (2) og (3) vera 1g. Kadmíum má ekki vera meira en 50 mg Cd /kg P.	1. Vatnsleysanlegt K 2. Áritunin „klórsnauður" er háð því að hámarksinnihald klórs sé 2% Cl. 3. Klórinnihald má gefa upp.
				Fínleiki fyrir helstu fosfórtegundirnar: Thomasfosfat: a.m.k. 75% komast gegnum 0,160 mm möskva. Aluminium-kalsíum-fosfat: a.m.k. 90% komast gegnum 0,160 mm möskva. Pýrófosfat: a.m.k. 75% komast gegnum 0,160 mm möskva. Mjúkt hráfosfat: a.m.k. 90% komast gegnum 0,063 mm möskva Hráfosfat uppleyst að hluta: a.m.k. 90% komast gegnum 0,160 mm möskva.			2a. PK áburður sem inniheldur mjúkt hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta má hvorki innihalda, thomasfosfat, pýrófosfat eða aluminiumkalsíumfosfat. Áburðurinn er skilgreindur með leysanleika í samræmi við (1), (3) og (4). Þessi áburður verður að innihalda: -a.m.k. 0,9 % P aðeins leysanlegt í ólíf-rænni sýru (leysanleiki(4)). -a.m.k. 2,2% P leysanlegt í vatni og hlutlausu ammoníumsítrati (leysan-leiki(3)).	

Tegunda-heiti	Upplýsingar um fram-leiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringar-efni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
								-a.m.k. 1,1% vatnsleysanlegt P (leysan-leiki (1)). Þennan áburð má selja sem „PK áburður með hráfosfati" eða „PK áburður með hráfosfati uppleyst að hluta". Fyrir þennan áburð 2 (a) skal sýnið til ákvörðunar á leysanleika (3) vera 3 g. Kadmíum innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P 2b. PK áburður sem inniheldur alumin-ium-kalsíum-fosfat má hvorki innihalda thomasfosfat, pýrófosfat, hráfosfat eða hráfosfat uppleyst að hluta. Hann verður að skilgreina með tilliti til leysanleika (1) og (7) að frádregnum leysanleika (1). Þessi áburðartegund þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði: -innihalda a.m.k. 0,9% vatnsleysanlegt P -innihalda a.m.k. 2,2% P í samræmi við leysanleika (7) 3. Fyrir PK áburð sem aðeins inniheldur eina af eftirtöldum tegundum fosfór-áburðar: thomasfosfat, pýrófosfat, alu-minium-kalsíum-fosfat, mjúkt hráfosfat, skal við merkinguna bætt fosfór-tegundinni. Skilgreining á leysanleika P verður að vera í samræmi við eftirfarandi: -fyrir áburð sem byggir á thomasfosfati, leysanleiki (6) -fyrir áburð sem byggir á pýrófosfati, leysanleiki (5) -fyrir áburð sem byggir á aluminium-kalsíum-fosfati, leysanleiki (7) -fyrir áburð sem byggir á mjúku hráfosfati, leysanleiki (8) Kadmíum-	

Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðslumáta	Lágmarksinnihald næringarefna (þungaprósenta)		Gerð, leysanleiki og innihald næringarefna sem skilgreina á samkvæmt lýsingum í dálkum 8 - 10. Fínleiki.			Upplýsingar um eiginleika áburðarins. Aðrar upplýsingar.		
		Alls	Fyrir hvert næringarefni	N	P	K	N	P	K
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
								innihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P	
PK áburðarvökvi	Efnaiðnaðarvara leyst upp í vatni, órokgjörn og án íblöndunar lífrænna næringarefna.	18% (P/0,43 6+K/0, 83)	2,2% P 4,1% K		Vatnsleysanlegt P	Vatnsleysanlegt K		Vatnsleysanlegur P Kadmium innihald má ekki fara yfir 50 mg/kg P	1. Vatnsleysanlegt K 2. Merkinguna „klórsnautt" má aðeins nota ef klórinnihald er 2% eða minna. 3. Gefa má upp klórinnihald.
PK áburðargrugglausn	Vara í fljótandi formi með næringarefni bæði í upplausn og í grugglausn án íblöndunar lífrænna næringarefna.	18% (P/0,43 6+K/0, 83)	2,2% P 4,1% K		1. Vatnsleysanlegt P 2. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati 3. P leysanlegt í hlutlausu ammoníumsítrati og vatni.	Vatnsleysanlegt K		Áburðurinn má ekki innihalda aluminíumkalsíumfosfat, pýrófosfat, hráfosfat, hráfosfat uppleyst að hluta eða „slagga" af thomasfosfati. Kadmíuminnihald má ekki fara yfir 50 mg Cd/kg P. 1. Ef vatnsleysanlegt P er minna en 0,9% P er aðeins gefinn leysanleiki (2). 2. Ef vatnsleysanlegt P er 0,9% eða meira þá er gefinn upp leysanleiki (3) og leysanleiki (1) skal gefinn upp.	1. Vatnsleysanlegt K. 2. Áritunina „klórsnauður" má aðeins nota er klórinnihald er 2% eða minna. 3. Klórinnihald má gefa upp.

C. Áburður með aukanæringarefnin kalk, magnesíum eða brennistein sem aðaluppistöðu.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringaefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringaefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
1	Kalsíumsúlfat	Náttúruleg eða iðnaðarvara sem inniheldur kalsíumsúlfat með breytilegu vatN-innihaldi	17,9% Ca 14% S Kalk og brennisteinn gefinn upp sem heildar Ca +S. Fínleiki: -minnst 80% komast í gegnum 2 mm möskva -minnst 90% komast í gegnum 10 mm möskva.	Nota má venjuleg verslunarheiti.	Heildar S Ef vill: heildar Ca
2	Kalsíumklóríð vökvi	Kalsíumklóríð lausn af iðnaðartoga	8,6% Ca Kalsíum gefið upp sem vatnsleysanlegt Ca.		Kalsíum Ef vill: til vökvunar á plöntum.
3	Hreinn brennisteinn	Meira eða minna hreinsaður brennisteinn af náttúrulegum eða iðnaðartoga.	98% S Brennisteinn gefinn upp sem heildar S.		Heildar S
4	Kieseritt	Steinefni af náttúrulegum toga með magnesíumsúlfat bundið einni vatnssameind	14,4% Mg 18% S	Nota má venjuleg verslunarheiti	Vatnsleysanlegt Mg Ef vill: vatnsleysanlegt S

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringaefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringaefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
		sem aðaluppistöðu.	Magnesíum og brennisteinn gefin upp á vatnsleysanlegu formi.		
5	Magnesíumsúlfat	Vara með magnesíumsúlfat bundið 7 vatnssameindum sem aðaluppistöðu.	9% Mg 11,2% S Magnesíum og brennisteinn gefin upp á vatnsleysanlegu formi.	Nota má venjuleg verslunarheiti	Vatnsleysanlegt Mg Ef vill: vatnsleysanlegt S
5.1	Magnesíumsúlfat áburðarvökvi	Vara sem búin er til við að leysa upp efnaiðnaðarframleitt magnesíumsúlfat.	5% MgO 10% SO_3 Mg og S gefinn upp sem vatnsleysanleg MgO og SO_3.	Nota má venjuleg verslunarheiti	Vatnsleysanlegt Mg Ef vill: vatnsleysanlegt S
6	Magnesíumklóríð vökvi	Vara sem búin er til við að leysa upp efnaiðnaðarframleitt magnesíumklóríð.	7,8% Mg Magnesíum gefið upp sem Mg. Mesta kalsíuminnihald: 2,2% Ca.		Mg

D. Eingildur snefilefnaáburður.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðsluaðferð og megin hráefni.	Lágmarks næringaefnainnihald (þungaprósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringaefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
BÓR					
1a	Bórsýra	Vara framleidd við sýrumeðhöndlun á bórati.	14% vatnsleysanlegur B	Nota má venjuleg verslunarheiti	Vatnsleysanlegur B
1b	Natríumbórat	Efnaiðnaðarvara með natríum-bórat sem aðaluppistöðu.	10% vatnsleysanlegur B	Nota má venjuleg verslunarheiti	Vatnsleysanlegur B
1c	Kalsíumbórat	Vara framleidd úr colemanitt eða pandermitt, með kalsíumbórat sem aðaluppistöðu.	7% B alls Fínleiki: a.m.k. 98% komast í gegnum 0,063 mm möskva.	Nota má venjuleg verslunarheiti	Heildar B
1d	Bóretanólamín	Vara framleidd við blöndun bórsýru með etanólamíni.	8% vatnsleysanlegur B		Vatnsleysanlegur B
1e	Bór áburðarlausn	Vara framleidd sem upplausn eða grugglausn af gerðunum 1a, 1b eða 1d í vatni.	2 % vatnsleysanlegur B		Vatnsleysanlegur B
KÓBALT					
2a	Kóbaltsalt	Efnaiðnaðarvara með ólífrænt kóbaltsalt sem aðaluppistöðu.	19% vatnsleysanlegt Co	Tegundaheitið skal fela í sér nafn málmjónarinnar.	Vatnsleysanlegt Co
2b	Kóbalt klóbundið	Vara framleidd við efnasamruna kóbalts og klóbindiefnis.	2% vatnsleysanlegt Co. Þar af a.m.k. 8/10 klóbundið.	Tegund klóbindiefnis.	Vatnsleysanlegt Co Klóbundið Co
2c	Kóbalt áburðarlausn	Vara framleidd með því að leysa tegund 2a og/eða 2b upp í vatni.	2% vatnsleysanlegt Co	Tegundaheitið skal fela í sér: a. nafn (nöfn) málmjónanna b. nafn sérhvers klóbindiefnis ef það er notað.	Vatnsleysanlegt Co Klóbundið Co ef um það er að ræða.
KOPAR					
3a	Koparsalt	Efnaiðnaðarvara með málmsalt af kopar sem aðaluppistöðu.	20% vatnsleysanlegur Cu	Tegundaheitið verður að fela í sér nafn málmjónarinnar.	Vatnsleysanlegur Cu
3b	Koparoxíð	Efnaiðnaðarvara með koparoxíð sem aðaluppistöðu.	70% heildar Cu. Fínleiki: a.m.k. 98% komist í gegnum 0,063 mm möskva.		Heildar Cu
3c	Koparhýdroxíð	Efnaiðnaðarvara með koparhýdroxíð sem aðaluppistöðu.	45% heildar Cu. Fínleiki: a.m.k. 98% komist í gegnum 0,063 mm möskva.		Heildar Cu
3d	Kopar klóbundinn	Vatnsleysanleg vara framleidd við samruna kopars við klóbindiefni.	9% vatnsleysanlegur Cu, a.m.k. 8/10 af uppgefnu magni skal vera klóbundið.	Nafn klóbindiefnis	Vatnsleysanlegur Cu Klóbundinn Cu
3e	Kopar áburður	Vara framleidd við blöndun tegundanna 3a, 3b, 3c, eða 3d og ef vill burðarefni sem hvorki hefur næringar- eða eituráhrif.	5% Cu alls. Fínleiki: a.m.k. 98% komist í gegnum 0,063 mm möskva.	Tegund klóbindiefnis	Heildar Cu Vatnsleysanlegur Cu ef hann er a.m.k. 1/4 af heildar Cu Klóbundinn Cu.
3f	Kopar áburðarvökvi	Vara framleidd með því að leysa tegundirnar 3a og/eða 3d upp í vatni.	3% vatnsleysanlegur Cu	Tegund klóbindiefnis	Vatnsleysanlegur Cu Klóbundinn Cu ef um hann er að ræða.
3g	Koparoxíðklóríð	Efnaiðnaðarvara með kopar-oxíðklóríð ($Cu_2Cl(OH)_3$) sem aðaluppistöðu.	50% heildar Cu. Fínleiki: a.m.k. 98% komist í gegnum 0,063 mm möskva.		Heildar Cu
3h	Koparoxíðklóríð grugglausn	Vara framleidd sem grugglausn úr tegund 3g.	17% heildar Cu		Heildar Cu
JÁRN					

4a	Járnsalt	Efnaiðnaðarvara með járnsalt sem aðaluppistöðu.	12% vatnsleysanlegt Fe	Tegundaheitið verður að fela í sér heiti málmjónarinnar.	Vatnsleysanlegt Fe
4b	Járn klóbundið	Efnaiðnaðarvara framleidd við samruna járns og klóbindiefnis.	5% vatnsleysanlegt Fe þar sem að a.m.k. 8/10 af skilgreindu magni eru klóbundnir.	Nafn klóbindiefnis	Vatnsleysanlegt Fe Klóbundið Fe ef um það er að ræða.

Nr.	Tegundaheiti.	Upplýsingar um framleiðslumáta og megin hráefni.	Lágmarks næringaefnainnihald (þunga-prósenta). Upplýsingar um framsetningarmáta næringaefnainnihalds. Aðrar kröfur.	Aðrar upplýsingar um tegundaheiti.	Næringaefni sem lýsa verður. Gerð næringarefna og leysanleiki. Önnur viðmið.
1	2	3	4	5	6
MANGAN					
5a	Mangansalt	Efnaiðnaðarvara með málmsalt mangans (Mn II) sem aðaluppistöðu.	17% vatnsleysanlegt Mn	Tegundaheitið verður að fela í sér heiti fylgimálmjóna.	Vatnsleysanlegt Mn
5b	Mangan klóbundið	Vatnsleysanleg efnaiðnaðarvara framleidd við samruna mangans við klóbindiefni.	5% vatnsleysanlegt Mn og a.m.k. 8/10 hlutar af skilgreindu magni skal vera klóbundið	Nafn klóbindiefnis	Vatnsleysanlegt Mn Klóbundið Mn
5c	Manganoxíð	Efnaiðnaðarvara með manganoxíð sem aðaluppistöðu.	40% heildar Mn. Fínleiki: a.m.k. 80% komist í gegnum 0,063 mm möskva.		Heildar Mn
5d	Mangan áburður	Vara framleidd við blöndun tegundanna 5a og 5c.	17% heildar Mn	Tegundaheitið skal fela í sér nafn mangan efnasambandsins.	Heildar Mn Vatnsleysanlegt Mn ef það er a.m.k. 1/4 af heildar Mn.
5e	Mangan áburðarvökvi	Vara framleidd með því að leysa upp í vatni tegund 5a og/eða eina af tegundunum í flokki 5b.	3% vatnsleysanlegt Mn	Tegundaheitið skal fela í sér: a. nafn (nöfn) málmjónanna b. nafn hvers klóbindiefnis sem notað er.	Vatnsleysanlegt Mn Klóbundið Mn ef um það er að ræða.
MÓLÝBDEN					
6a	Natríummólýbdat	Efnaiðnaðarvara með natríummólýbdat sem aðaluppistöðu.	35% vatnleysanlegt Mo		Vatnsleysanlegt Mo
6b	Ammoníummólýbdat	Efnaiðnaðarvara með ammoníummólýbdat sem aðaluppistöðu	50% vatnsleysanlegt Mo		Vatnsleysanlegt Mo
6c	Mólýbden áburður	Vara framleidd með blöndun tegundanna 6a og 6b.	35% vatnsleysanlegt Mo	Tegundaheitið skal fela í sér nafn (nöfn) mólýbden sambandanna.	Vatnsleysanlegt Mo
6d	Mólýbden áburðarvökvi	Vara framleidd með því að leysa upp í vatni tegundirnar 6a og/eða eina af tegundunum 6b.	3% vatnsleysanlegt Mo	Tegundaheitið skal fela í sér nafn (nöfn) mólýbden sambandanna.	Vatnsleysanlegt Mo
SINK					
7a	Sinksalt	Efnaiðnaðarvara með málmsalt af sinki sem aðaluppistöðu	15% vatnsleysanlegt Zn	Tegundaheitið skal fela í sér nafn málmjónanna.	Vatnsleysanlegt Zn
7b	Sink klóbundið	Vatnsleysanleg vara framleidd með efna-sambandi sinks við klóbindiefni.	5% vatnsleysanlegt Zn og a.m.k. 8/10 af skilgreindu magni skulu vera klóbundnir.	Nafn klóbindiefnis.	Vatnsleysanlegt Zn Klóbundið Zn
7c	Sinkoxíð	Efnaiðnaðarvara með sinkoxíð sem aðal-uppistöðu.	70% heildar Zn Fínleiki: a.m.k. 80% komist í gegnum 0,063 mm möskva.		Heildar Zn
7d	Sink áburður	Vara framleidd með því að blanda saman tegundunum 7a og 7c	30% heildar Zn	Tegundaheitið skal fela í sér nafn sinksambandanna.	Heildar Zn Vatnsleysanlegt Zn ef það er a.m.k. 1/4 af heildar Zn.
7e	Sink áburðarvökvi	Vara framleidd með því að leysa upp í vatni tegundirnar 7a og/eða eina af tegundunum 7b.	3% vatnsleysanlegt Zn	Tegundaheitið skal fela í sér: a. nafn (nöfn) málmjónanna b. nafn hvers klóbindiefnis sem notað er.	Vatnsleysanlegt Zn Klóbundið Zn ef um það er að ræða.

Viðauki 2.

Lífrænn áburður.

Nr.	Tegundaheiti	Upplýsingar um framleiðsluháta og aðaluppistöðu.	Lágmarksinnihald næringarefna. Upplýsingar um á hvaða formi næringarefnin eru. Aðrar kröfur.	Næringarinnihald o.fl. sem skilgreina skal.
1	Lífrænn áburður	Vara einvörðungu úr hráefnum úr dýra- eða jurtaríki og með áburðaráhrif sem eru til muna meiri en önnur áhrif sem varan kann að hafa á vöxt plantna.	Lífrænt efni a.m.k. 40% af þurrefni. Lífrænt efni er gefið upp sem glæðitap. N gefið upp sem heildar N og summan af nítrat N og ammoníum N. Fosfór, kalí og magnesíum eru gefin upp á grundvelli leysanleika í ammoníumlagtati. Innihald annarra næringarefna og snefilefna má aðeins skilgreina ef magn næringarefnanna er jafnt og eða meira en það sem gefið er upp sem lágmark í viðauka 3.	Einstök hráefni skulu talin upp í röð eftir minnkandi innihaldi. -Þurrefnisinnihald -Lífrænt efni -Heildar N -NO_3-N+NH_4-N -P-Al, K-Al -Hugsanlega heildarinnihald snefilefna
2	Lífrænn-ólífrænn áburður	Blanda lífrænna hráefna og ólífræns/steinefnaáburðar með, bein áburðaráhrif sem eru til muna meiri en önnur áhrif sem varan kann að hafa á vöxt plantna.	Lífrænt efni er gefið upp sem glæðitap. N gefið upp sem heildar N og summan af nítrat N og ammoníum N. Fosfór, kalí og magnesíum eru gefin upp á grundvelli leysanleika í ammoníumlaktati. Innihald annarra næringarefna og snefilefna má aðeins skilgreina ef magn næringarefnanna er jafnt og eða meira en það sem gefið er upp sem lágmark í viðauka 3.	Einstök hráefni skulu talin upp í röð eftir minnkandi innihaldi. -Þurrefnisinnihald -Lífrænt efni -Heildar N -NO_3-N+NH_4-N -P-Al, K-Al -Hugsanlega heildarinnihald snefilefna

Viðauki 3.

Lágmarksinnihald auka- og snefilefna í áburði.

Gildin í töflunni tilgreina lágmarksinnihald næringarefnis sem skal/má skilgreina sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Ekki eru leyfileg nein frávik frá þessu lágmarki. Skilgreint efnainnihald verður því alltaf að vera hærra en þetta lágmark (til að gefa rúm fyrir frávik).

Öll gildi eru gefin upp í þungaprósentu af áburðinum.

Næringarefni	Snefilefnablöndur í föstu eða fljótandi formi.		Áburður sem inniheldur aðal- og/eða aukanæringarefni ásamt snefilefnum.			Annar NPK áburður en ESB áburður.
	1	2	3	4	5	6
	Næringarefni í ólífrænu formi.	Komplex bundin næringarefni t.d. klóbundin.	Til notkunar á/í jörð á akra og túni	Til notkunar á/í jörð í garðyrkju	Blaðaáburður	
Ca	-	-	*	*	5,7	0,6
Mg	-	-	1,2	1,2	1,2	0,8
Na	-	-	2,2	2,2	2,2	2,2
S	-	-	2,0	2,0	2,0	0,8
B	0,2	0,2	0,01	0,01	0,01	0,016
Co	0,02	0,02	0,002	-	0,002	
Cu	0,5	0,1	0,01	0,002	0,02	Sömu gildi og í dálkum 3-5.
Fe	2,0	0,3	0,5	0,02	0,02	
Mn	0,5	0,1	0,1	0,01	0,01	
Mo	0,02	-	0,001	0,001	0,001	
Zn	0,5	0,1	0,01	0,002	0,002	

* Innihald af kalsíum er ekki hægt að skilgreina í ESB áburði en það má skilgreina í öðrum áburði ef innihaldið er a.m.k. 0,6% Ca. Heildarlágmarksinnihald snefilefna í áburðarblöndum í föstu formi í viðauka 1, kafla d skal vera a.m.k. 5% af þunga áburðar. Heildarlágmarksinnihald snefilefna í áburðarvökva í viðauka 1, kafla d skal vera a.m.k. 2% af þunga áburðar.

Viðauki 4.

Skrá yfir lífræn efni sem viðurkennd eru til myndunar komplexsambanda við snefilefni.
Skilgreining á komplexbundnum snefilefnum:
Í reglugerð þessari þýðir komplexbundið snefilefni samband þar sem málmar eru sem:
-klóbindingur
-komplex

Viðurkennd efni:
1. Klóbindar:
Natríum, kalíum og ammoníum, sýrur eða sölt af:

etylendiamintetraeddikksyre:	EDTA	$C_{10}H_{16}O_8N_2$
dietylentriaminpentaeddiksyre:	DTPA	$C_{14}H_{23}O_{10}N_3$
etylendiamin-di-(o-hydroksyfenyleddiksyre):	EDDHA	$C_{18}H_{20}O_6N_2$
2-hydroksyetylendiamintrieddiksyre:	HEDTA	$C_{10}H_{18}O_7N_2$
etyldiamin-di (O-hydroksi-p-metylfenyleddiksyre):	EDDHMA	$C_{20}H_{24}O_6N_2$
etylendiamin-di (5-karboksi-2-hydroksifenyleeddiksyre):	EDDCHA	$C_{20}H_{20}O_{10}N_2$

Viðauki 5.

Leyfileg frávik í efnainnihaldi áburðar.

a. Hér fara á eftir leyfileg frávik milli mælds og skilgreinds innihalds næringarefnis í áburði.
b. Markmiðið er að taka tillit til breytileika við framleiðslu, sýnatöku og efnamælingu.
c. Engin frávik eru leyfileg frá lágmarks- og hámarksgildum sem tilgreind eru í viðauka 1, eða með tilliti til lágmarksinnihalds af Mg, S og B í NPK áburði.
d. Ef ekki er tilgreint hámark eru engin takmörk fyrir magni, umfram skilgreint innihald næringarefnis.
e. Fyrir skilgreint innihald næringarefna í hinum ýmsu tegundum áburðar í viðauka 1 gilda eftirfarandi frávik:

A. Eingildur áburður. Frávik í N, P, K og Cl

	(Þungaprósenta)
1. Köfnunarefnisáburður (N)	
Kalksaltpétur	0,4
Kalsíum-magnesíumnítrat	0,4
Natríumnítrat	0,4
Chilesaltpétur	0,4
Kalsíumcyanamíð	1,0
Nítratríkt kalsíumsíanómíð	1,0
Ammoníumsúlfat	0,3
Ammoníumnítrat eða kalkammonsaltpétur	
-allt að 32% N	0,8
-meira en 32% N	0,6
Ammoníumsúlfatnítrat	0,8

Magnesíumsúlfatnítrat	0,8
Magnesíumammoníumnítrat	0,8
Þvagefni	0,4
Köfnunarefnisáburðarvökvi	0,6
Köfnunarefnisáburðarvökvi m/þvagefni	0,6
Annar köfnunarefnisáburður	0,4
2. Fosfóráburður (P)	
Thomasfosfat	
-skilgreint magn undir 0,9% P	0
-magn skilgreint með einni tölu	0,44
Annar fosfóráburður (sbr. nr. áburðar í viðauka 1).	
Leysanleiki á P í:	
Ólífræn sýra (3,6,7)	0,35
Maurasýra (7)	0,35
Hlutlaust ammoníumsítrat (2a,2b,2c)	0,35
Ammoníumsítratlútur (4,5,6)	0,35
Vatn (2a,2b,3)	0,39
Vatn (2c)	0,57
Annar fosfóráburður	0,4
3. Kalíáburður.	
Kainitt/kalíumhrásalt	1,25
Auðgað kainitt/kalíumhrásalt	0,83
Klíumklóríð	
-allt að 45,7% K	0,83
-meira en 45,7% K	0,42
Kalíumklóríð með magnesíumsalti	1,25
Kalíumsúlfat	0,42
Kalíumsúlfat með magnesíumsalti	1,25
Annar kalíáburður	0,5
4. Önnur efni.	
Klór	0,2

B. Áburður sem inniheldur fleiri aðalnæringarefni.
Eftirfarandi frávik gilda.

	I. Blandaður áburður og blandaðar áburðategundir með merkinguna ESB áburður.	II. Annar blandaður áburður og blandaðar áburðategundir.
1. Neikvæð frávik einstakra næringarefna:		
Köfnunarefni (N)	1,1	-
Fosfór (P)	0,48	-
Kalí (K)	0,91	-
2. Summa neikvæðra frávika:		
NP áburður	(N+P/0,436)</= 1,5	0,8

NK áburður	(N+K/0,83)</= 1,5	0,8
PK áburður	(P/0,436+K/0,83)</= 1,5	0,8
NPK áburður	(N+P/0,436+K/0,83)</= 1,9	1,2

C. Aukanæringarefni.

Þau frávik sem heimil eru frá skilgreindu magni af kalki, magnesíum, natríum og brennisteini eru 1/4 af skilgreindu magni þessara næringarefna með eftirfarandi hámarksfrávik prósentueininga:

Kalk (Ca)	0,64
Magnesíum (Mg)	0,55
Natríum (Na)	0,67
Brennisteinn (S)	0,36

D. Snefilefni.

Þau frávik sem heimil eru í innihaldi snefilefna frá skilgreindu magni í öllum áburðartegundum skulu vera sem hér segir:

-0,4 prósentueiningar ef skilgreint magn er meira en 2%

-fimmti hluti af skilgreindu magni ef það er 2% eða minna.

f. Leyfilegt er frávik allt að 2% fyrir N og 0,9% fyrir P þegar um er að ræða skilgreint innihald köfnunarefnis á ólíku formi eða skilgreindur leysanleiki á fosfór er 10% af heildarmagni viðkomandi næringarefnis að því tilskyldu að ákvæðum um heildarinnihald og frávik sé að öðru leyti fullnægt.

g. Fyrir lífrænan áburð og lífrænan-ólífrænan áburð sbr. viðauka 2 er t allt að 10% neikvætt frávik af skilgreindu magni.

Viðauki 6.

Einkenni og markgildi fyrir hreinan ammoníumnítrat áburð með hátt köfnunarefnisinnihald.

1. Þéttni (olíugleypni).

Olíugleypni í áburði sem fengið hefur tvær hitameðferðir upp á 25-50°C má ekki vera meiri en 4%.

2. Brennanlegir hlutar.

Innihald af brennanlegum hluta áburðar mælt sem kolefni má ekki vera meira en 0,2% af áburði með köfnunarefnisinnihald 31,5% eða meira, og má ekki vera meira en 0,4% fyrir köfnunarefnisáburð með 28-31,5% N.

3. pH

Áburðarlausn með 10 g áburðar í 100 ml af vatni verður að hafa pH gildi upp á 4,5 eða meira.

4. Kornastærð.

Allt að 5% af áburðinum má geta farið í gegnum 1mm möskva og í mesta lagi 3% mega geta farið í gegnum 0,5 mm möskva.

5. Klór.

Mesta innihald klórs er 0,02%.

6. Þungmálmar.

Innihald kopars má ekki vera meira en 10 ppm.

Viðauki 7.

Lýsing á sprengjuþoli (ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB(87/94/EBE) ásamt seinni tíma breytingum gilda um mælingu á sprengjuþoli).

Prófun verður að gera á gildu sýni. Fyrir sprengjuþolsprófið þarf allt sýnið að hafa hlotið 5 hitameðferðir. Áburðurinn er prófaður fyrir sprengjuþoli í láréttu stálröri við eftirfarandi skilyrði:

Heildregið stálrör	
rörlengd	a.m.k. 1000 mm
ytra þvermál	a.m.k. 114 mm
veggþykkt	a.m.k. 5 mm
hleðsla	tegund sprengiefnis og umfang styrktarhleðslu skal hagað þannig að sprengjuáhrifin verð sem mest á áburðarsýnið.
prófunarhiti	15-25°C
viðmiðunarhólkur úr blýi til að sýna fram á sprengjukraft	50 mm í þvermál 100 mm á lengd

settir með 150 mm bili þannig að hólkurinn liggi láréttur. Prófunin skal gerð tvisvar. Áburðurinn telst hafa staðist prófið ef a.m.k. einn af viðmiðunarhólkunum þrýstist minna en 5% saman við hverja prófun.

Viðauki 8.

Um efnagreiningar á áburði gilda ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnar ESB (77/535/EBE) ásamt seinni tíma breytingum.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1995

19. júlí 1995 977 Nr. 399

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Til og með 8. ágúst 1995 eru allar loðnuveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum:

1. Sunnan 68°10´N og vestan 18´V.
2. Sunnan 67°40´N og austan 18´V.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 66, nr. 399. Útgáfudagur 20. júlí 1995.

B 69
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1995

Nr. 400 978 20. júlí 1995

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

1. gr.

Frá og með 22. júlí 1995 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta.

1. 64°02,00 N-16°11,20 V
2. 63°56,43 N-16°02,70 V
3. 63°46,74 N-16°22,89 V
4. 63°48,00 N-16°40,00 V

Að norðan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá og með 22. júlí 1995 felld úr gildi reglugerð nr. 386, 11. júlí 1995, um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 508, 16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Frá og með 22. júlí 1995 er felldur úr gildi B. liður 1. tl. 1. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 - 1995

Nr. 402 980 20. júlí 1995

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiárið 1995/1996 skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum, er nema 12.000 þorskígildislestum, skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem verða fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1995/1996.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildunum til þeirra skipa, sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli framangreindra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

Við úthlutun skal miða við, að leyfður heildarafli af innfjarðarrækju á hverju svæði verði hinn sami fiskveiðiárið 1995/1996 og hann var fiskveiðiárið 1994/1995 og að heildarafli af loðnu verði 936 þúsund lestir.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið er hefst 1. september 1995, miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 20. júlí 1995. Í þessu sambandi skal undanskilja skip sem voru á skipaskrá 20. júlí 1995 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið 1995/1996. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87, 24. maí 1994 og lög nr. 83, 20. júní 1995, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996.

Leyfilegur heildarafli.

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1995/1996 skulu við það miðast að þorskafli þeirra fari ekki yfir 21.000 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk. Auk þess skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk.

Almennt veiðibann.

2. gr.

Allar veiðar eru krókabátum bannaðar í desember og janúar svo og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi sbr. 8. gr. Þá eru allar veiðar krókabáta bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi.

Val um þorskaflahámark eða viðbótarbanndaga.

3. gr.

Eigendum krókabáta skal gefinn kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt 4. gr. og þess að stunda veiðar með viðbótarbanndögum samkvæmt 5. gr.

Val skv. 1. mgr. er bindandi en þó skal eigandi krókabáts, sem velur krókaleyfi með þorskaflahámarki, eiga kost á því að velja krókaleyfi með sóknardögum á fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996.

Eigendur skulu tilkynna val sitt til Fiskistofu eigi síðar en 1. ágúst 1995. Velji eigandi báts ekki fyrir tilskilinn frest skal báti hans úthlutað krókaleyfi með viðbótarbanndögum.

Þorskaflahámark.

4. gr.

Sameiginlegt þorskaflahámark þeirra báta sem velja að stunda veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 21.000 lestum sbr. 1. gr. og nam samanlagðri hlutdeild þeirra í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994.

Þorskaflahámarki samkvæmt 1. mgr. skal skipt á einstaka báta á grundvelli veiðireynslu viðkomandi báts almanaksárin 1992, 1993 og 1994. Skal við þá skiptingu taka tvö bestu árin varðandi þorskafla hvers báts og reikna meðalþorskafla bátsins á þeim árum.

Sá hluti reiknaðs meðalþorskafla hvers báts, sem er umfram 50 lestir skal margfaldaður með stuðlinum 0,7 og skal þannig umreiknaður meðalafli lagður til grundvallar hlutfallslegri skiptingu sameiginlegs þorskaflahámarks milli einstakra báta.

Við ákvörðun þorskaflahámarks skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Viðbótarbanndagar.

5. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem velja viðbótarbanndaga, skal vera sama hlutfall af 21.000 lestum af þorski og nam samanlagðri hlutdeild þeirra í heildarþorskafla krókabáta á almanaksárinu 1994.

Sameiginlegum hámarksafla samkvæmt 1. mgr. skal skipt þannig hlutfallslega á einstök veiðitímabil:

1. tímabil;	september - nóvember:	24%
2. tímabil;	febrúar - apríl:	11%
3. tímabil;	maí - júní:	32%
4. tímabil;	júlí - ágúst:	33%

Hafi þorskafli þeirra báta, er viðbótarbanndaga velja, farið fram úr fyrrgreindu hámarki á einhverju tímabili fiskveiðiársins 1994/1995 skal banndögum á sama tímabili á fiskveiðiárinu 1995/1996 fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á viðkomandi tímabili fiskveiðiársins 1994/1995 og finna viðbótarbanndaga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal banndögum fjölgað um heila daga og broti sleppt.

Viðbótarbanndagar skulu falla á þær helgar sem veiðar eru ekki bannaðar samkvæmt 2. gr. og síðan bætast framan við fasta banndaga á viðkomandi tímabili. Skal viðbótarbanndögum skipt eins jafnt niður og unnt er. Fyrstu sjö viðbótarbanndagarnir á fyrsta tímabili skulu þó vera í lok tímabilsins.

Sóknardagar.

6. gr.

Frá og með 1. febrúar 1996 skal bátum, sem fengið hafa krókaleyfi með viðbótarbanndögum samkvæmt 5. gr. úthlutað ákveðnum fjölda sóknardaga innan hvers veiðitímabils. Skal útgerð skips ráða hvaða dagar innan veiðitímabils teljist sóknardagar.

Fjöldi sóknardaga skal ákveðinn þannig að sókn sé heimil á 34% færri dögum á hverju tímabili en leitt hefði af reiknuðum viðbótarbanndögum samkvæmt 5. gr.

Takmarkanir á línuveiðum.

7. gr.

Óheimilt er að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala af línu ef einn er í áhöfn báts en 20 bala ef tveir eða fleiri eru í áhöfn báts. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala. Takmarkanir þessar taka ekki til báta, sem velja þorskaflahámark.

Aðrar veiðar krókabáta.

8. gr.

Á banndögum sbr. 2. gr., viðbótarbanndögum sbr. 5 gr. og utan sóknardaga sbr. 6. gr. eru allar veiðar bannaðar. Þá er krókabátum, sem náð hafa þorskaflahámarki sínu bannað að stunda allar veiðar.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net.

Þorskafli sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámarks.

Fái bátur, sem krókaleyfi hefur með sóknardögum, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma, sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta leyfið ekki allan gildistíma þess, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur skv. 4. mgr. á þeim tíma, sem hann stundar veiðar samkvæmt sérstöku leyfi sbr. 2. mgr., afla í kvótabundnum fisktegundum í þeim mæli, að óeðlilegt sé að mati Fiskistofu skal Fiskistofa áætla á bátinn sóknardaga í samræmi við afla hans, sem dragast frá leyfilegum sóknardagafjölda.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr. til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, þannig að ljóst er að um misnotkun er að ræða, skal báturinn sviptur leyfinu.

Skilgreining á sóknardegi.

9. gr.

Við útreikning sóknardaga telst hver sólarhringur eða hluti hans, sem líður frá því að bátur lætur úr höfn til veiða til þess er hann kemur til hafnar til löndunar, einn sóknardagur. Sólarhringur telst í þessu sambandi tíminn frá kl. 00.00 til kl. 24.00.

Stöðvun veiða.

10. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með banndögum og viðbótarbanndögum að vera á sjó með veiðarfæri þegar banndagar eða viðbótarbanndagar standa yfir. Sama gildir utan sóknardaga fyrir báta, sem krókaleyfi hafa með sóknardögum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu.

Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu.

Endurnýjun krókabáta.

11. gr.

Um endurnýjun krókabáta gilda ákvæði 11.-18. gr. reglugerðar, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með þorskaflahámarki tveggja eða fleiri krókabáta til eins báts, sem þá fær krókaleyfi með því þorskaflahámarki sem er hærra eða hæst.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með viðbótarbanndögum eða sóknardögum tveggja eða fleiri báta til eins báts sem þá hlýtur sams konar krókaleyfi.

Sé krókaleyfi með viðbótarbanndögum og krókaleyfi með þorskaflahámarki flutt til eins báts skal eigandi velja, hvort báturinn hlýtur krókaleyfi með viðbótarbanndögum eða þorskaflahámarki. Velji eigandi krókaleyfi með þorskaflahámarki skal bátnum úthlutað krókaleyfi með sama þorskaflahámarki og sá bátur hafði er krókaleyfi lét. Velji eigandi krókaleyfi með viðbótarbanndögum fellur þorskaflahámarkið niður.

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra tilgreinir með sérstakri auglýsingu banndaga, viðbótarbanndaga og fjölda sóknardaga. Þá setur ráðherra nánari reglur um sóknardag og framkvæmd eftirlits með þeim.

13.gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast gildi 1. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiárið 1995/1996 skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum er nema 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1995/1996.

Aflaheimildir af þorski skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum til skipa, þannig að skerðing úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Ekkert skip skal þó fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið 1995/1996. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 20. júlí 1995 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna í hverri tegund eins og hún var 20. júlí 1995 og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Hinsvegar skal taka tillit til úthlutunar til jöfnunar á fiskveiðiárinu 1995/1996 skv. 9. gr. laga nr. 38/1990 við útreikninga þessa. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1995/1996 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 12.930 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 139 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.300 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1,00, ýsa 1,10, ufsi 0,55, karfi 0,8, grálúða 1,7, skarkoli 1,3, rækja 1,00, humar (slitinn) 8,4, hörpudiskur 0,40, síld 0,08, loðna 0,05.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, koma aðeins til greina þau skip, sem veiðileyfi hafa fengið samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með áorðnum breytingum.

Heimilt er að flytja veiðileyfi, sem skip hefur fengið til nýs eða nýkeypts sambærilegs skips, enda hafi slíkum rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til nýs eða nýkeypts skips er, að eigandi skips, sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því, að veiðileyfið sé varanlega flutt til annars skips.

Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur og veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur, enda sé tryggt að afkastageta fiskiskipaflotans, sem veiðileyfi hefur í fiskveiðilögsögu Íslands, aukist ekki við skiptin.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996 skal leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

Utan aflamarks

		Leyfilegur heildarafli 1995/1996	**Línu-afli 1995/1996**	**Til jöfnunar 1995/1996**	**Króka-bátar 1995/1996**	**Úthlutað aflamark 1995/1996**
		Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	155.000	13.810	11.866	21.500	107.824
2.	Ýsa	60.000	3.190	2.658	2.000	52.152
3.	Ufsi	70.000		3.101	1.500	65.399
4.	Karfi	65.000		2.879		62.121
5.	Grálúða	20.000		888		19.112
6.	Skarkoli	13.000		577		12.423

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1995 til 31. ágúst 1996 skal leyfilegur heildarafli úr neðangreindum tegundum vera sem hér segir:

1. Síld (íslensk sumargotssíld) ..... 125.000 lestir
2. Úthafsrækja ..... 63.000 lestir

3.	Humar		1.500 lestir
4.	Hörpudiskur samtals		9.250 lestir
	þ.a. Breiðafjörður	8.000 lestir	
	þ.a. Arnarfjörður	300 lestir	
	þ.a. Ísafjarðardjúp	150 lestir	
	þ.a. Húnaflói	800 lestir	
5.	Innfjarðarrækja samtals		6.700 lestir
	þ.a. Eldey	1.500 lestir	
	þ.a. Arnarfjörður	500 lestir	
	þ.a. Ísafjarðardjúp	1.400 lestir	
	þ.a. Húnaflói	1.500 lestir	
	þ.a. Skagafjörður	500 lestir	
	þ.a. Skjálfandaflói	500 lestir	
	þ.a. Axarfjörður	800 lestir	

Leyfilegur heildarafli af innfjarðarækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramót 1995/1996.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1995 til og með 1. maí 1996. Veiðitímabil úthafsrækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil humars er frá og með 16. maí 1996 til og með 15. ágúst 1996.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 1995 til 1. maí 1996 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Miðað er við að rækjuvertíð, sem hófst við Eldey í maí 1995, ljúki 1. desember 1995. Miðað er við að nýtt veiðitímabil við Eldey hefjist 1. maí 1996 að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla.

Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildarafli af loðnu.

Úthafsrækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 303/1995, um úthafsrækjusvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafsrækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30´N telst ekki til aflamarks í úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn á því svæði, sbr. 2. mgr. 20. gr. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafsrækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Úthlutað aflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og úthlutað var fyrir fiskveiðiárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, að teknu tilliti til leiðréttinga og flutnings á aflahlutdeild milli skipa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalinn afli dreginn frá:

1. Áætlaður afli krókabáta skv. 6. gr.
2. Línuafli utan aflamarks skv. 4. mgr. 8. gr.
3. Aflaheimildir, sem nota skal til jöfnunar sbr. 2. gr.

Krókabátar.

6. gr.

Bátum, sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða, skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, með áorðnum breytingum, kallast krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar. Um veiðar krókabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996.

Sameiginlegur hámarksafli krókabáta í þorski skal vera 21.000 lestir miðað við óslægðan þorsk með haus. Auk þess skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorsk-aflahámark sem nemur 500 lestum, miðað við óslægðan fisk.

Óheimilt er að flytja krókaleyfi til báts, sem haft hefur veiðileyfi með aflamarki. Heimilt er þó að leyfa flutning krókaleyfis til aflamarksbáts í þeim tilvikum sem krókabátur hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá eða settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að krókabáturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Flutningur krókaleyfis til aflamarksbáts skal sæta takmörkunum þeim er felast í 2. mgr. 12.gr.

Útreikningur aflamarks.

7. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið ákveður reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðalaflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar skal fiskur aðeins reiknast að hálfu til aflamarks fiskiskipa þar til sameiginlegur línuafli á þorski og ýsu hefur náð 34.000 lestum miðað við óslægðan fisk. Fiskistofa skal fylgjast með línuafla á þessu tímabili og tilkynna ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að ofangreindu hámarki verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma línuafli skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þegar meta skal hvort línuafli telst veiddur í framangreindum mánuðum skal miða við að veiðiferð hefjist 1. nóvember eða síðar og að afla sé landað fyrir 1. mars.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

8. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1995 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1996 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

9. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem áttu þinglýst veð í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Þegar meira en 15% af aflamarki því í einstakri tegund, sem úthlutað er til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu, er óheimilt fyrir 1. janúar 1996 að flytja aflamark í sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt fyrir 1. janúar 1996 að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins fyrr á fiskveiðiárinu. Flutningur milli skipa í eigu sömu útgerðar og jöfn skipti sæta ekki takmörkunum samkvæmt þessari málsgrein. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá þessu banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark eða aflahlutdeild milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Verðmætastuðlar.

10. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996 vera eftirfarandi: Þorskur 1,00, ýsa 1,10, ufsi 0,55, karfi 0,80, grálúða 1,70, skarkoli 1,30, loðna 0,05, síld 0,08, humar (slitinn) 8,40, rækja 1,00 og hörpudiskur 0,40. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á. Jafnframt skal á þeim byggt við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

11. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar Fiskistofa hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

12. gr.

Rúmtala skips eða skipa sem veiðileyfi fá skv. 2. mgr. 1. gr. skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa sem veiðileyfi láta í þeirra stað.

Sé krókaleyfi flutt á krókabát skal rúmtala þess er leyfið fær vera a.m.k. 50% minni en rúmtala þess krókabáts eða krókabáta er veiðileyfi láta. Ekki er heimilt að flytja krókaleyfi skv. 1. gr. og 3. mgr. 6. gr. til báts sé hann 6 brúttótonn eða stærri.

13. gr.

Við útreikning samkvæmt 12.-13. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki heföbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

14. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eða þriggja skipa til eins, enda sé eitt skipanna, sem veiðileyfi lætur a.m.k. 70% af rúmtölu þess skips sem veiðileyfi fær. Frá þessu má þó víkja megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin. Leyfileg rúmtala þess skips er veiðileyfið fær, skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er veiðileyfin láta. Takmörkun á fjölda báta, samkvæmt 1. málslið þessarar greinar, tekur ekki til krókabáta.

Hafi veiðileyfi verið flutt af einu skipi (a) til annars skips (b) verður veiðileyfi af þriðja skipi (c) ekki síðar flutt til hins veiðileyfislausa skips (a) nema heimilt hefði verið samkvæmt reglum þessarar greinar að flytja veiðileyfi af þriðja skipinu (c) til þess skips sem veiðileyfi fékk (b).

15. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa. Leyfileg rúmtala þeirra skipa sem veiðileyfi fá skal þá miðast við rúmtölu þess skips, sem leyfið lætur.

16. gr.

Séu heimildir 12.-15. gr. til endurnýjunar skips eða stækkunar ekki fullnýttar fellur það sem umfram er af rúmtölunni niður.

17. gr.

Aðeins er heimilt að veita skipi veiðileyfi að fullnægt sé skilyrðum 2.-3. mgr. 1. gr. Óheimilt er að stunda veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands nema að fengnu veiðileyfi Fiskistofu.

18. gr.

Óheimilt er, án sérstaks leyfis Fiskistofu, að breyta skipum, sem veiðileyfi með aflamarki hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 11. gr. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. jafn stóru skipi og sem stækkun skipsins nemur.

Óheimilt er, án leyfis Fiskistofu, að breyta krókabátum þannig að rúmtala eða brúttótonnastærð þeirra vaxi. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. tvisvar sinnum stærri báti en sem stækkun bátsins nemur.

Sé skipi, sem veiðileyfi fékk með aflamarki í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 1986 eða krókabáti, breytt í verulegum mæli þannig að gerð eða lögun hans breytist eða rúmtala hans aukist um meira en 20% skal Fiskistofa úrskurða, að fenginni umsögn tæknideildar Fiskifélags Íslands, hvort um nýsmíði eða breytingu á eldra skipi sé að ræða. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur ekki til þeirra skipa eða báta, sem samningur hefur verið gerður um breytingar á, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, enda hafi breytingum verið lokið fyrir 1. janúar 1996 og nýtt haffærisskírteini verið gefið út.

Séu breytingar gerðar á skipi, sem veiðar stundar samkvæmt aflamarksveiðileyfi, sem það fékk fyrst fyrir 1. janúar 1986, skulu þær breytingar ekki lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu þess síðar. Í þessu sambandi skal miðað við skráða stærð þess hjá Siglingamálastofnun ríkisins 21. júní 1995.

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla, sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri. Óheimilt er að stunda úthafsrækjuveiðar á svæðum þar sem rækja er svo smá að fleiri en 300 stk. eru í hverju kg.

20. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla.

Skipstjórar fiskiskipa, sem fara til veiða á tegundum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Í tilkynningum til Fiskistofu skal afli áætlaður, sundurliðaður eftir tegundum. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og norðan 65°30´N og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á loðnu, úthafskarfa, blálöngu eða síld.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 3. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

21. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum, sem Fiskistofa leggur til. Skal skýrslum skilað fyrir hverja þrjá mánuði, en útgerðir krókabáta, sem veiðar stunda með banndögum/sóknardögum, skulu þó aðeins skila skýrslu fyrir allt fiskveiðiárið.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Skilafrestur á skýrslum til Fiskistofu og afladagbókum skal vera tvær vikur frá lokum hvers tímabils.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi sem Fiskistofa ákveður.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 1995

21. júlí 1995 993 Nr. 407

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1995.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 291 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1995, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum við birtingu auglýsingarinnar, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1995 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

2. gr.

Veiðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	**Kýr**	**Samtals**
Svæði 1	15	19	34
Svæði 2	30	35	65
Svæði 3	10	20	30
Svæði 4	6	9	15
Svæði 5	12	14	26
Svæði 6	23	26	49
Svæði 7	12	16	28
Svæði 8	14	20	34
Svæði 9	5	5	10
Alls:	**127**	**164**	**291**

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga á veiðisvæðum sbr. 4. gr. með hliðsjón af ágangi hreindýra.

B 70
Gutenberg

3. gr.

Tarfaveiði miðast við tveggja vetra og eldri tarfa en veturgamlir tarfar eru alfriðaðir.

Auk ofangreindra veiðiheimilda er ætlast til að kálfar, sem fylgt hafa felldum kúm, séu einnig felldir, sé þess kostur.

4. gr.

Veiðisvæðin ná yfir eftirtalin sveitarfélög:

Svæði 1

Fjallahreppur
Skeggjastaðahreppur
Vopnafjarðarhreppur
Hlíðarhreppur
Jökuldalshreppur norðan Jökulsár á Brú

Svæði 2

Jökuldalshreppur austan Jökulsár á Brú
Fljótsdalshreppur
Fellahreppur
Tunguhreppur
Skriðdalshreppur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Vallahreppur vestan Grímsár

Svæði 3

Hjaltastaðahreppur
Borgarfjarðarhreppur
Eiðahreppur

Svæði 4

Seyðisfjarðarkaupstaður
Mjóafjarðarhreppur
Egilsstaðabær
Vallahreppur austan Grímsár
Reyðarfjarðarhreppur

Svæði 5

Neskaupstaður
Norðfjarðarhreppur
Eskifjarðarbær

Svæði 6

Skriðdalshreppur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Búðahreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Stöðvarhreppur
Breiðdalshreppur

Svæði 7
Djúpavogshreppur

Svæði 8
Bæjarhreppur
Hornafjarðarbær austan Hornafjarðarfljóts (áður Nesjahreppur og Höfn í Hornafirði)

Svæði 9
Hornafjarðarbær vestan Hornafjarðarfljóts (áður Mýrahreppur).

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta Hreindýraráð og Veiðistjóraembættið heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðiheimildum Svæða 1, 4, 6 og 7 á Svæði 2 með þeim takmörkunum er hér greinir enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum Svæðis 1 á þeim hluta Svæðis 2 sem Jökuldalshreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum Svæðis 4 á þeim hluta Svæðis 2 sem Vallahreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum Svæðis 6 á þeim hluta Svæðis 2 sem er austan Kelduár í Fljótsdalshreppi.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum Svæðis 7 á þeim hluta Svæðis 2 í Fljótsdalshreppi sem er austan Kelduár að Flatarheiði.

6. gr.

Heimild þessi er veitt skv. 6. gr. reglugerðar nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða frá 13. júlí 1994, sbr. og 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytið 21. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 - 1995

Nr. 408 996 24. júlí 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA, IIIB, IVA og IVB við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Úr tollkafla 4:					
0405.0000	Smjör	01.08.-31.10.	12.000		201
	Ostur:	01.08.-31.10.	18.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysostur o.fl.	01.08.-31.10.	-		143
0406.2000	Rifinn og mulinn ostur	01.08.-31.10.	-		143
0406.3000	Órifinn og ómulinn ostur	01.08.-31.10.	-		107
0406.4000	Gráðostur	01.08.-31.10.	-		164
0406.9000	Annar ostur	01.08.-31.10.	-		160
0408.1900	Eggjarauða gerilsn. önnur	01.08.-31.10.	15.000		87
0408.9100	Annað, þurrkað	01.08.-31.10.	1.500		329
Úr tollkafla 6:					
0601.2004	Pottapl. 100 sm og stærri	01.08.-31.10.	15.000	30	
0603.1002	Nellikur o.fl.	01.08.-31.10.	550	30	
0603.1003	Ættkvíslar skv. tollskrá	01.08.-31.10.	2.100	30	
0603.1004	Afskornar greinar	01.08.-31.10.	2.100	30	
0603.1009	Annars	01.08.-31.10.	1.600	30	
0603.9000	Annað (þurrkuð blóm)	01.08.-31.10.		30	
0604.9109	Annað	01.08.-31.10.	3.000	30	

Gutenberg

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Úr tollkafla 7:					
0704.2000	Rósakál	01.09.-31.10.		30	
0704.9005	Fóðurmergskál	01.09.-31.10.		30	
0705.1102	Salat	01.09.-31.10.		15	92
0705.2100	Kaffifífilsblöð	01.09.-31.10.		30	
0705.2900	Annað	01.09.-31.10.		30	
0709.4000	Selja, önnur en seljarót	01.10.-31.10.		7,5	100
0709.5100	Sveppir	01.09.-31.10.		15	200
0709.9002	Kúrbítur	01.09.-31.10.		30	
Úr tollkafla 16:					
	Kjötvörur úr vörulið 1602:		26.000		
1602.1001	Annað kjöt 60% eða meira	01.09.-31.12.	-		84
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		84
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.09.-31.12.	-		117
1602.2012	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		117
1602.2019	Annað	01.09.-31.12.	-		44
1602.2021	Meira en 60% af d. lifur	01.09.-31.12.	-		117
1602.2022	Meira en 20%, til og með 60%	01.09.-31.12.	-		78
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3102	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3109	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.3901	Annað meira en 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3902	Annað 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		204
1602.3909	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%	01.09.-31.12.	-		526
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		343
1602.4109	Annað	01.09.-31.12.	-		115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti	01.09.-31.12.	-		412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		247
1602.4209	Annað	01.09.-31.12.	-		83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti	01.09.-31.12.	-		511
1602.4902	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		307
1602.4909	Annað	01.09.-31.12.	-		102

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
1602.5100	Meira en 60% kjöt úr nautgr.	01.09.-31.12.	-		365
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		304
1602.5009	Annað	01.09.-31.12.	-		102
1602.9011	Dilkakj. meira en 60%	01.09.-31.12.	-		442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		265
1602.9019	Annað	01.09.-31.12.	-		89
1602.9021	Úr öðru kjöti meira en 60%	01.09.-31.12.	-		442
1602.9029	Meira en 20% til og með 60%	01.09.-31.12.	-		265
1602.9030	Annað	01.09.-31.12.	-		89

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í tollflokki 0405.0000 og vörum úr tollkafla 6, öðrum en 0603.9000 meiri en sem nemur magni skv. 2. gr. er heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun eða leita tilboða í tollkvóta. Skilyrði hér um verði tekin fram í auglýsingu.

4. gr.

Við úthlutun í vörulið 0406 skal gilda sú regla, að fyrst skal úthluta vegna umsókna á ostategundum sem ekki eru framleiddar hér á landi. Við þá úthlutun skal ganga fyrir vara sem ætluð er til matvælaiðnaðar. Þar á eftir verði úthlutað kvótum vegna annarra umsókna. Verði umsóknir meiri en tollkvóti leyfir, ræðst úthlutun af hlutkesti. Aðilar sem sækja um þennan innflutning skulu tilgreina tegund, magn og framleiðsluland. Við úthlutun á tollkvóta í vörulið 0408 skal fyrst úthlutað til iðnaðarframleiðslu.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995. Tollstjórum skal heimilt að endurgreiða innflytjanda toll af þeim vörusendingum sem falla undir tollkafla 4 skv. 2. gr. og tollafgreiddar hafa verið eftir 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

25. júlí 1995 Nr. 409

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 24 21. janúar 1994 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins.

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 52. gr laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 18. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 1995

Nr. 410 1000 20. júlí 1995

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988. Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu er sveitarstjórnum heimilt, að höfðu samráði við svæðisnefnd, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta árleg eftirlitsgjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

2. gr.

Flokkun.

Eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt heilbrigðisreglugerð sem talin eru upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er skipt í þrjá flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal 1.

Eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, er skipt í fimm flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal nr. 2 og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Í fylgiskjölum nr. 1 og 2 er hverjum flokki skipt niður í fimm þrep eftir umfangi starfseminnar.

3. gr.

Eftirlitsgjöld.

Eftirlitsgjald hvers aðila er reiknað út frá grunngjaldinu kr. 800.-. Upphæð eftirlitsgjalds miðast við að það standi undir kostnaði sem heilbrigðiseftirlitið hefur af reglubundu eftirliti hjá viðkomandi aðila.

Eftirlitsgjald er ávallt tiltekið margfeldi af grunngjaldi samkvæmt reglum í fylgiskjölum nr. 1 og 2 og er sem hér segir:

Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 1

Þrep-umfang	<1	<3	<5	<20	≥20
Flokkur 1	4.000 kr.	12.000 kr.	24.000 kr.	36.000 kr.	60.000 kr.
Flokkur 2	4.000 kr.	8.000 kr.	12.000 kr.	24.000 kr.	36.000 kr.
Flokkur 3	4.000 kr.	8.000 kr.	12.000 kr.	16.000 kr.	20.000 kr.

Gutenberg

Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 2

þrep-umfang	<1	<3	<5	<20	≥20
Flokkur 1	16.000 kr.	32.000 kr.	48.000 kr.	64.000 kr.	80.000 kr.
Flokkur 2	8.000 kr.	16.000 kr.	24.000 kr.	32.000 kr.	40.000 kr.
Flokkur 3	8.000 kr.	16.000 kr.	24.000 kr.	32.000 kr.	40.000 kr.
Flokkur 4	4.000 kr.	12.000 kr.	20.000 kr.	28.000 kr.	36.000 kr.
Flokkur 5	4.000 kr.	8.000 kr.	12.000 kr.	16.000 kr.	20.000 kr.

Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld sé um að ræða starfsemi sem hefur sérstakt innra eftirlit sem hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald á því ári. Aðilar sem hefja rekstur síðar á árinu greiða hálft gjald á því ári.

Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli og um náskylda starfsemi sé að ræða.

4. gr.

Gjöld fyrir vottorð.

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun er heimilt að innheimta kr. 5.000.

5. gr.

Útseld þjónusta.

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra. Sama gildir um önnur þjónustuverkefni og útselda vinnu. Tímakaup í útseldri vinnu er kr. 3.500.

6. gr.

Innheimta gjalda.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra semur fyrir hönd svæðisnefndar skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæði sínu, samkvæmt fyrrgreindum fylgiskjölum. Listi með nöfnum aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 1. febrúar ár hvert.

Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld á eigin ábyrgð og kostnað. Sveitarfélög skulu standa skil á eftirlitsgjöldum í sameiginlegan sjóð heilbrigðiseftirlits á svæðinu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988. Gjöld þessi skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir í umboði sveitarfélaga á svæðinu gjöld fyrir vottorð, þjónustuverkefni og útselda vinnu, sbr. 4. og 5. gr.

7. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöld ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem er samin af svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og samþykkt af sveitarstjórnum á svæðinu, sbr. 5. gr., 6. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr.

81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, sbr. c. lið 52. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 600/1989 og breyting á henni nr. 119/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. verður gjalddagi eftirlitsgjalda á árinu 1995 1. ágúst og eindagi 1. september.

Umhverfisráðuneytið, 20. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal 1.

Flokkun fyrirtækja sem eru eftirlitsskyld samkvæmt heilbrigðisreglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi.

Flokkur 1.

Fyrirtæki sem selja, geyma, dreifa, framleiða eða meðhöndla kælivöru eða aðrar óvarðar neysluvörur.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	5x	15x	30x	45x	75x

A. Þjónusta
1. Gististaðir með matsölu
2. Veitingahús
3. Fangageymslur / gæsluvarðhald / afplánun
4. Mötuneyti
5. Dvalarheimili
6. Hjúkrunarheimili
7. Sumarbúðir

B. Framleiðsla
1. Fiskvinnsluhús fyrir innanlandsmarkað
2. Smurbrauðsstofur
3. Kjötvinnslur
4. Ísgerðir
5. Mjólkurstöðvar
6. Smörlíkisgerðir
7. Salatgerð
8. Reykhús og reykkofar
9. Veitingaverslun
10. Pizzugerð

C. Verslun
1. Neysluvörusala
2. Matsöluvagnar
3. Skíðaskálar með matsölu

D. Líkams- og heilsurækt
1. Sundlaugar

E. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 2.

Fyrirtæki sem geyma, selja, framleiða eða dreifa hráefnum og pakkaðri vöru, annarri en kælivöru.

Umfang(/Störf):	**<1**	**<3**	**<5**	**<20**	**≥20**
Gjald:	**5x**	**10x**	**15x**	**30x**	**45x**

A. Sölustarfsemi
1. Torgsala
2. Neysluvörusala, einföld
3. Sala efna til matargerðar
4. Heildverslun
5. Apótek

B. Geymsla o.fl.
1. Vörugeymslur allar nema kæligeymslur
2. Frystigeymslur
3. Flutningsaðilar og tæki

C. Framleiðsla ýmis
1. Neysluvörur
2. Kaffibrennsla
3. Sælgætisiðnaður
4. Sultu- og efnagerð
5. Brauðgerð
6. Gos- og drykkjarvöruframleiðsla
7. Kartöfluframleiðsla
8. Kryddgerð
9. Vinnsla náttúruafurða
10. Áfengisframleiðsla
11. Vinnsla, flokkun, pökkun og geymsla garðávaxta

D. Annar rekstur sambærilegur

Flokkur 3.

Fyrirtæki sem bjóða dvöl eða persónulega þjónustu og annar sambærilegur rekstur sem ekki fellur í aðra gjaldflokka.

Umfang(/Störf):	**<1**	**<3**	**<5**	**<20**	**≥20**
Gjald:	**5x**	**10x**	**15x**	**20x**	**25x**

A. Snyrti- og læknastofur
1. Læknastofur
2. Tannlæknastofur
3. Sjúkraþjálfun
4. Ljósastofur
5. Hársnyrting
6. Ýmsar snyrtistofur og verslun
7. Nuddstofur
8. Heilsugæsla / sjúkrahús

B. Líkams- og heilsuræktarstöðvar
1. Gufubaðstofur
2. Heilsuræktarstöðvar
3. Íþróttasalir / íþróttahús
4. Íþróttavellir með búningsaðstöðu

C. Tjald-, útivistar- og gistiþjónusta
1. Tjaldsvæði (með hreinlætisaðstöðu)
2. Skíðasvæði með aðstöðu fyrir almenning
3. Skíðaskálar
4. Fjallaskálar
5. Sumarhús án matsölu
6. Vegahótel án matsölu
7. Útivistarsvæði
8. Orlofsheimili

D. Dagheimili, leiksvæði, kirkjur, samkomuhús
1. Dagheimili án mötuneyta
2. Kvikmyndahús
3. Samkomusalir
4. Kirkjur og safnaðarheimili
5. Biðstöðvar
6. Fangageymslur án mötuneyta
7. Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur

E. Tómstundastarfsemi
1. Leiktækjasalir
2. Knattborðsstofur
3. Tómstundamiðstöðvar

F. Ýmislegt
1. Bensínstöðvar án neysluvara, með eitur- og hættulegum efnum
2. Blómaverslanir
3. Leikfangaverslanir
4. Framleiðsla hreinlætisvara
5. Sala á hjúkrunarvörum
6. Almenn samgöngutæki
7. Véla- og varahlutaverslanir
8. Málningar- og byggingavöruverslanir
9. Búsáhaldaverslanir

G. Annar sambærilegur rekstur

Fylgiskjal 2.

Flokkun fyrirtækja sem eru undir eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt mengunarvarnareglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi.

Flokkur 1.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	20x	40x	60x	80x	100x

Flokkur 2.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Skólphreinsistöðvar
2. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 3.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

A. Vinnsla úr járni og öðrum málmum
1. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum

B. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu
1. Ullarþvottastöðvar
2. Fituherslur
3. Lifrarbræðslur
4. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi

C. Búfjár- og dýrahald
1. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn

D. Starfsemi sem snertir vélknúin farartæki
1. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m3 geymslurými (STP)
2. Bensínstöðvar

E. Ýmislegt
1. Saltvinnsla úr sjó

F. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 4.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	5x	15x	25x	35x	45x

A. Vinnsla úr járni og öðrum málmum
1. Stálsmíði og stálskipagerð
2. Málmsteypur

B. Efnaiðnaður
1. Hreinlætisvöruverksmiðjur
2. Plastframleiðsla
3. Efnalaugar
4. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
5. Prentiðnaður

C. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu
1. Litun og bleiking

D. Matvælavinnsla
1. Sláturhús
2. Reykhús og reykofnar
3. Mjólkurstöðvar
4. Heitloftsþurrkun fiskafurða

E. Starfsemi sem snertir vélknúin ökutæki
1. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
2. Flugvellir
3. Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
4. Bílaþvottastöðvar

F. Ýmislegt

1. Seiðaeldisstöðvar með minna en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn.
2. Fiskeldisstöðvar með ársframleiðslu undir 200 tonnum og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er undir 20 tonnum og fráveita í ferskvatn.

G. Annar sambærilegur rekstur.

Flokkur 5.

Umfang(/Störf):	<1	<3	<5	<20	≥20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

A. Vinnsla úr járni og öðrum málmum

1. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
2. Nagla- og skrúfuframleiðsla
3. Vélaframleiðsla
4. Blikksmiðjur
5. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði

B. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum

1. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
2. Steinsmíði
3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
4. Leirmunaverkstæði

C. Efnaiðnaður

1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
2. Lakksprautun
3. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
4. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
5. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum í matvælaiðnaði

D. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta og dýraríkinu

1. Fóðurstöðvar
2. Fóðurblöndun
3. Gúmmívinnsla
4. Trésmíðaverkstæði
5. Sögunarmyllur
6. Fúavörn á timbri
7. Framleiðsla á spónaplötum og þess háttar
8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
9. Leðurvinnsla
10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur

E. Matvælavinnsla

1. Kjötvinnsla
2. Niðursuðuverksmiðjur
3. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
4. Framleiðsla tilbúinna rétta
5. Framleiðsla mjólkurdufts
6. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
7. Kaffibrennsla
8. Smjörlíkisgerðir
9. Kartöfluvinnsla
10. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
11. Lauksteikingarverksmiðjur
12. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
13. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
14. Kæli- og frystigeymslur

F. Búfjárhald
1. Minkabú
2. Refabú
3. Hænsna- og kjúklingabú
4. Svínabú
5. Kanínurækt og kanínuhald
6. Hestahald
7. Dýraspítalar
8. Hunda- og kattageymslur
9. Gæludýraverslanir

G. Starfsemi er snertir vélknúin ökutæki
1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
2. Bifreiða- og vélaverkstæði
3. Smurstöðvar
4. Völuflutningamiðstöðvar
5. Biðstöðvar leigubifreiða
6. Bið- og endastöðvar strætisvagna

H. Ýmislegt
1. Stórar spennistöðvar
2. Stórar vörugeymslur
3. Líkbrennslur
4. Skotvellir
5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
6. Æfingasvæði slökkviliðs
7. Þvottahús
8. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
9. Endurvinnsla úrgangs
10. Gasbirgðastöðvar
11. Kyndistöðvar

I. Annar sambærilegur rekstur.

11. júlí 1995 Nr. 411

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Jóns M. Guðjónssonar.

Í samræmi við við vilja sr. Jóns M. Guðjónssonar, fyrrv. sóknarprests og prófasts á Akranesi, síðast með lögheimili að Laugarbraut 15, Akranesi, stofna undirritaðir sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður sr. Jóns M. Guðjónssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.035.180 sem sundurliðast þannig:

Almenn framlög	kr. 285.180
Börn sr. Jóns M. Guðjónssonar	kr. 250.000
Akraneskaupstaður	kr. 250.000
Sóknarnefnd Akraness	kr. 250.000

Sjóðinn skal ávaxta með sem tryggustum hætti.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

10% af árlegum nettótekjum sjóðsins (þ.e. brúttótekjur að frádregnum kostnaði) skal lagt við höfuðstól.

Gjafafé skal ávaxta með sem bestum hætti og er sjóðsstjórn heimilt að ráðstafa því í samræmi við tilgang sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verja tekjum sjóðsins, sbr. þó 3. gr., skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, til að koma á fót listasafni, sem verður staðsett í Byggðasafninu að Görðum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn: Bæjarstjórinn á Akranesi, forstöðumaður Byggðasafnsins að Görðum, einn fulltrúi niðja séra Jóns M. Guðjónssonar og fulltrúi sóknarnefndar Akraness.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, skipar bæjarstjórn Akraness nýja stjórnarmenn. Stjórnarmaður skal víkja úr stjórn ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknað, sem gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum Akraneskaupstaðar og birtir með reikningum bæjarins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Með samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 26. apríl 1994, má breyta skipulagsskrá þessari, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Verði sjóður þessi lagður niður, skulu eignir hans renna til Byggðasafns Akraness og nærsveita.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er staðfest af bæjarstjórn Akraness, börnum séra Jóns M. Guðjónssonar og stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita, auk sóknarnefndar Akraness.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1995

12. júlí 1995 1009 Nr. 412

SKIPULAGSSKRÁ

Vísinda- og tækjakaupasjóðs Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum, Lyflækningadeild Landspítalans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísinda- og tækjakaupasjóður Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum, Lyflækningadeild Landspítala. Hann var stofnaður með skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra 29. desember 1993. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:
Bjarni Þjóðleifsson, kt. 290139-3849, yfirlæknir.
Einar Oddsson, kt. 301243-3599, sérfræðingur.
Hallgrímur Guðjónsson, 130552-3239, sérfræðingur.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 427.000 kr. og má ekki skerða það.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn:

1) Yfirlæknir Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum og skal hann vera formaður.
2) Framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs ríkisspítala eða sá sem gegnir samsvarandi stöðu verði sú staða lögð niður.
3) Sérfræðingur starfandi á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum, valinn af öðrum stjórnarmönnum til eins árs í senn. Meðan Einar Oddsson og Hallgrímur Guðjónsson starfa sem sérfræðingar á rannsóknarstofunni skulu þeir skipa sæti sérfræðings í stjórninni á víxl eitt ár í senn.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði meltingarsjúkdóma annaðhvort með verkefnum, sem unnin eru á vegum sjóðsins eða með tækjakaupum, rannsóknarstyrkjum, ferðastyrkjum og endurmenntun starfsfólks. Ennfremur skal heimilt að greiða starfsfólki umbun fyrir aðstoð við rannsóknarvinnu og vel unnin störf.

6. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

1) Tekjur af starfsemi á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum aðrar en þær sem koma frá sjúklingum og Tryggingastofnun ríkisins.
2) Styrkur til stofnenda eða til Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum.
3) Vextir af inneign í sjóðnum.
4) Hluti aðstöðugjalds sérfræðinga sem starfa á Rannsóknarstofu í meltingarsjúkdómum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður á hvern hátt hann skuli ávaxtaður og hvernig fé hans er varið í samræmi við 3. gr. Ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum skal háð eftirliti og samþykki sjóðstjórnar. Fjármunir sem greiðast í sjóðinn samkvæmt 6. gr. 4. lið skulu lagðir á sérstakan reikning með sérstöku reikningshaldi.

8. gr.

Sjóðstjórn skal halda fundagerðabók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum þó sbr. ákvæði 9. gr.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis.

Engin breyting fær þó gildi nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 11. gr. um ráðstöfun eigna við sjóðslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa eða rannsóknarstarfsemi samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sem kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 29. desember 1993 og fellur jafnframt úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Eirarhús.

Neðanskráð félagasamtök, stofnanir og sveitarfélög stofna með sér sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Eirarhús, kt. 700394-2049.

1. Reykjavíkurborg.
2. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.
3. Blindrafélagið.
4. Blindravinafélag Íslands.
5. Búnaðarbanki Íslands.
6. EIR, sjálfseignarstofnun.

Stofnfé er kr. 441.000 og skal það haldast óskert.

Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til byggingar almennra kaupleiguíbúða.

1. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að reisa og reka almennar kaupleiguíbúðir. Verkefnið er langtímaverkefni.

Íbúar eiga val um einn af neðangreindum kostum:

- Leiga með kauprétti.
- Leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð.
- Kaup á íbúðinni.

2. gr.

Stofnaðilar ábyrgjast greiðslur og stofnframlag eins og kveðið er á um í 68. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Réttur einstaklinga til íbúða er bundinn við þau atriði er fram koma í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og IV. kafla gildandi reglugerðar um félagslegar íbúðir og Byggingasjóð verkamanna.

Ekki fá aðrir úthlutað íbúðum en þeir sem uppfylla ofangreind ákvæði og reglur stofnunarinnar á hverjum tíma.

Leigu skal jafnan stillt í hóf í samræmi við 73. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

3. gr.

Stofnaðilum skal gefinn kostur á að úthluta til skjólstæðinga sinna íbúðum, enda uppfylli þeir lög og reglur þar að lútandi. Skulu þeir þá ábyrgjast greiðslu á 10% af verði hverrar íbúðar og skilvísar greiðslur á eftirstöðvum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Úthluti sjálfseignarstofnunin íbúðum beint skal hún sjálf ábyrgjast greiðslu á 10% af verði þeirra íbúða og skilvísar greiðslur á eftirstöðvum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

4. gr.

Hver stofnandi velur 2 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar og einn til vara.

Fundir fulltrúaráðs skulu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar á ári og skal boða þá með viku fyrirvara. Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Fulltrúaráðinu er skylt að boða til fundar ef minnst 2 eignaraðilar óska þess.

5. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að fylgjast með framkvæmdum og rekstri á vegum stofnunarinnar, kjósa stjórn og endurskoðendur og setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara og skal kjörtímabil hennar vera 4 ár.

Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðs og boðar fundi þess. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

7. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar fer með fjármál hennar, annast framkvæmdir hennar og gerir samninga varðandi rekstur hennar. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur.

8. gr.

Stjórninni er heimilt að ganga frá sölu eða veðsetningu á einstökum íbúðum eftir því sem ástæða er til og lög heimila.

9. gr.

Hver húseining skal vera sjálfstæð rekstrareining.

10. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki meirihluta fulltrúaráðs.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki 3/4 fulltrúaráðsins enda hljóti breytingin staðfestingu réttra yfirvalda.

12. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu skuldlausar eignir hennar renna til EIRAR, hjúkrunarheimilis.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUR

um vinnuöryggi á fiskiskipum 15 metrar og lengri.

1. Öryggi á opnu þilfari.

1.1. Gangar utan vistarvera skulu vera hæfilega breiðir fyrir þá notkun, sem þeim er ætluð. Þeir skulu búnir handriðum, þar sem þess er talin þörf. Gólf í göngum skulu vera þannig, að hreingerning þeirra sé auðveld og að ekki gæti hálku í bleytu.

1.2. Stigar og stigaþrep skulu gerð úr óbrennanlegu efni, og þrepin vera þannig, að þau verði ekki hál í bleytu t.d. úr upplyftu stáli eða áli.

1.3. Tvíþilja fiskiskip skulu hafa uppi þegar þau eru í höfn landgang eða annan viðurkenndan búnað, sem auðveldar mönnum að komast slysalaust að og frá borði. Öryggisnet skal setja undir landgang við erfiðar aðstæður. Bjarghring með líflínu skal staðsetja við landgang.

1.4. Stigar og landgangar skulu hafa örugga festingu, svo umferð sé örugg.

1.5. Þar sem efri endi landgangs eða stiga endar við borðstokk verður að hafa tröppur með handriði frá borðstokk að þilfari.

1.6. Gangar, stigar og landgangar skulu vera hreinir og í góðu ásigkomulagi, svo að öll notkun sé örugg.

1.7. Gera skal ráðstafanir til þess að draga úr hálku á þilfari t.d. með stállistum eða á annan viðurkenndan hátt að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.8. Allar vindur skal vera hægt að stöðva úr brú með einu handtaki (neyðarstöðvun). Hjálparvindur á þilfari skal einnig vera hægt að stöðva beggja megin á afturþilfari.

1.9. Kallkerfi úr brú skal vera það sterkt að fyrirskipanir heyrist örugglega á vinnustöðum, hvort sem er á opnu þilfari eða milliþilfari og vera þannig að hægt sé að svara frá þeim stað sem kallað er á.

2. Skuttogarar.

2.1. Á skuttogurum skal vera eftirgreindur búnaður og skal hann notaður undir yfirumsjón skipstjórnarmanna.

2.2. Skuttogarar skulu búnir grandaravindum eða öðrum búnaði jafngildum.

2.3. Í seilingarhæð beggja vegna skutrennu skal strekktur vír, sem líflína öryggisbelta leikur auðveldlega á.

2.4. Að minnsta kosti 5 öryggisbelti ásamt líflínum af viðurkenndri gerð skulu vera um borð í skuttogurum til notkunar við vinnu á opnu þilfari. Líflínur séu hæfilega langar, þannig að þær torveldi ekki vinnu við og í skutrennu.

2.5. Líflínur skulu þannig gerðar, að slaki dragist sjálfkrafa af þeim og þær séu búnar öryggiskrókum í báða enda, sem auðvelt er að krækja í festingar, svo sem í öryggisvír og öryggisbelti.

2.6. Öryggishjálmar af viðurkenndri gerð með áföstum kraga. Hver maður, sem vinnur á opnu þilfari, skal hafa sinn hjálm.

2.7. Tveir bjarghringir, vel aðgengilegir og búnir ljósi, skulu staðsettir sitt hvoru megin við skutrennu.

2.8. Skuttogarar skulu búnir vökva eða rafknúnum skutrennuloka. Hann skal vera stálþil, sem fellur í stokk neðan þilfars, eða annar búnaður jafngildur að mati Siglingamálastofnunar, enda skal fyrirkomulag vera háð samþykki hennar hverju sinni.
2.9. Eigi má sami maður stjórna skipi og þilfarsvindum samtímis.

3. Skip er stunda hringnótaveiðar.

3.1. Þeir sem vinna á þilfari, þegar nótin er dregin, skulu hafa hlífðarhjálm á höfði.
3.2. Vörn skal vera til að hindra að menn geti runnið fyrir borð úr nótakassa eða gryfju.
3.3. Tryggja skal eftir því sem mögulegt er, að nótin geti runnið eðlilega út, þegar henni er kastað.
3.4. Þegar poki nótarinnar með afla í er bundinn upp, þarf frágangur að vera þannig að sleppa megi öllu lausu, ef nauðsyn krefur.
3.5. Æskilegt er að góður og beittur hnífur sé hafður til taks á nótapalli.

4. Skip er stunda línu- og netaveiðar.

4.1. Á fiskiskipum sem búin eru línuvindu til netaveiða, skal vera sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að vinda stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að vindunni með veiðarfærunum.
4.2. Skipstjórum þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt um borð og virkur, þegar skipin eru á netaveiðum.
4.3. Búnaður þessi skal háður viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins á hverju einstöku skipi.

5. Öryggi á milliþilfari og í lestum.

5.1. Allar styttur skulu traustar og tryggilega festar. Einnig skulu öll lestarborð vera í góðu lagi og þola það álag, sem þeim er ætlað.
5.2. Göngum, stigum og handriðum skal haldið eins öruggum til umferðar eins og framast er unnt. Stigar og handrið skulu traust og tryggilega fest og vel við haldið.
5.3. Hafa skal hlífar við eða á vélum og færiböndum, til þess að tryggja öryggi við vinnu.
5.4. Ekki má nota vélar né færibönd, ef hlíf er fjarlægð vegna viðgerðar á vél.
5.5. Koma skal fyrir öryggisbúnaði við vélar og færibönd, sem tryggi, að þessi tæki verði ekki ræst af vangá.
5.6. Við færibönd skal vera hæfilegur fjöldi neyðarrofa, svo stöðva megi þau með skjótum hætti.

6. Leiðbeiningar.

6.1. Leiðbeiningar verði á íslensku um notkun á vélum og tækjum, stjórnun, neyðarstöðvun og annað það sem varast ber (t.d. hausskurðarvélar, flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettivélar, marningarvélar o.s.frv.).

7. Öryggi í vélarrúmi.

7.1. Gólf í vélarrúmi skal gert úr traustu óbrennanlegu efni og þannig, að það sé ekki hált.
7.2. Varnarhlífar, á eða við vélbúnað, má ekki fjarlægja meðan vélin er í notkun. Sé hlíf fjarlægð, má ekki gangsetja án þess að koma hlífinni á sinn stað.
7.3. Þegar vél er í viðgerð, skal þess gætt, að ekki sé unnt að ræsa hana óvart eða hreyfa af vangá. Gera skal ræsibúnað óvirkan, þegar ástæða er til.

7.4. Þegar unnið er við lok eða loka, sem er undir þrýstingi, skal þess gætt að þrýstingur sé tekinn af áður en verk er hafið.
7.5. Gæta skal þess, að allir þungir vélarhlutir séu vel festir og lausir hlutir geti ekki skaðað menn við vinnu í vélarrúmi.
7.6. Vélargólfi, stigaþrepum og handriðum í vélarrúmi skal haldið vel hreinum.

8. Þilfarsvindur, lyfti- og losunarbúnaður.

8.1. Allar vindur skulu þannig útbúnar að hlaupari sé fastur á tromlu. Skal við meðhöndlun veiðarfæra ekki dregið að með öðrum hætti.
8.2. Allur vindu-, lyfti- og losunarbúnaður skal búinn hemli sem stöðvar samstundis við aflrof, það er við straumrof eða ef vökvaþrýstingur fellur. Á sama hátt skal búnaður bómu og gálga þannig gerður að þau falli ekki niður við aflrof.
8.3. Búnaður við lúgur, þ.e. fiski- og veiðafæralúgur, skal þannig gerður, að lúgan falli ekki við aflrof.
8.4. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.
8.5. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.
8.6. Stjórnlokar skulu þannig gerðir að stjórnarmur falli í miðstöðu og vinda eða lyfti- og losunarbúnaður stöðvist samstundis sé stjórnarmi sleppt. Þó er heimilt, þegar um er að ræða vindur sem að jafnaði eru í notkun í lengri tíma í einu, t.d. línu- og netaspil, að nota stjórnventla sem unnt er að festa í ákveðinni stöðu, að því tilskildu að við búnaðinn sé viðurkenndur búnaður til neyðarstöðvunar, sbr. gr. 4.1.

9. Kælivélar.

9.1. Ekki má hafa opinn eld eða heita hluti í klefum, þar sem kælivélakerfið er. Gæta skal fyllstu varúðar með allan kælimiðil.

10. Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.

10.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir svo og geymslustaðir þeirra, skulu uppfylla viðurkennd öryggisákvæði.
10.2. Þrýstijafnarar, lagnir og ventlar skulu vel varðir.
10.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
10.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

11. Gildistaka.

11.1. Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Hornafirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hornafjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hornafirði, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

I. KAFLI
Aðalbrautarréttur.

A. Aðalbrautir:

Eftirtaldir vegir og götur skulu vera aðalbrautir:

1. Hafnarbraut frá Dalbraut að Víkurbraut við hafnarsvæði.

B. Stöðvunarskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera stöðvunarskylda:

1. Kirkjubraut, sunnan megin við Vesturbraut.
2. Svalbarði við Hafnarbraut.
3. Skólabrú við Hafnarbraut.
4. Bogaslóð við Hafnarbraut.

C. Biðskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Götu frá Ægisíðu við þjóðveg (Hafnarbraut).
2. Dalbraut við Hafnarbraut.
3. Götu frá Kúabitahaga við Hafnarbraut.
4. Sunnubraut við Dalbraut.
5. Mánabraut við Dalbraut.
6. Smárabraut við Dalbraut.
7. Austurbraut við Dalbraut.
8. Tengigötu við Austurbraut.
9. Tengigötu við Smárabraut.
10. Smárabraut við Silfurbraut.
11. Heiðarbraut við Silfurbraut.
12. Hólabraut við Silfurbraut.
13. Hrísbraut við Silfurbraut.
14. Hvannabraut við Silfurbraut.
15. Við útakstur frá byggðasafni við Hafnarbraut.
16. Við útakstur frá tjaldsvæði við Hafnarbraut.
17. Vesturbraut við Hafnarbraut.
18. Vesturbraut 2, 4 og 6 (hliðargata) við Vesturbraut.
19. Kirkjubraut, norðan megin við Vesturbraut.
20. Silfurbraut við Vesturbraut.
21. Norðurbraut við Vesturbraut.
22. Vogabraut við Vesturbraut.
23. Götu frá leikskólanum Lönguhólum við Kirkjubraut (við nr. 43).
24. Götu frá kirkju við Kirkjubraut.
25. Kirkjubraut við Víkurbraut.

26. Hlíðartúni við Víkurbraut.
27. Miðtúni við Víkurbraut.
28. Tengigötu frá Hlíðartúni við Hafnarbraut.
29. Brautarholti við Hafnarbraut.
30. Víkurbraut við Hafnarbraut (við Fiskhól).
31. Fiskhól við Víkurbraut.
32. Júllatúni við Kirkjubraut.
33. Hagatúni við Kirkjubraut.
34. Miðtúni við Kirkjubraut.
35. Kirkjubraut við Hafnarbraut.
36. Kirkjubraut (er komið er frá Hafnarbraut) við tengingu Kirkjubrautar og Sandbakkavegs.
37. Sandbakka við Sandbakkaveg.
38. Sandbakkavegi 2, 4 og 6 (hliðargata) við Sandbakkaveg.
39. Höfðavegi við tengingu Ránarslóðar og Sandbakkavegs.
40. Höfðavegi við Hafnarbraut.
41. Tjarnarbrú við Hafnarbraut.
42. Garðsbrún við Bogaslóð.
43. Ránarslóð við Óslandsveg.
44. Hafnarbraut við Víkurbraut (við Hafnarvog).
45. Öllum hliðargötum við Óslandsveg.
46. Tengigötu milli Álaugarvegar og Krosseyjarvegar (Skinney hf.) við Krosseyjarveg og Álaugarveg.
47. Götu austan við fiskiðjuver Borgeyjar hf. við Krosseyjarveg.
48. Krosseyjarvegi við Sæbraut.
49. Heppuvegi við tengigötu milli Álaugarvegar og Krosseyjarvegar (Skinney hf.).
50. Heppuvegi við Víkurbraut.
51. Víkurbraut, sunnan megin við Álaugarveg.
52. Fákaleiru við Víkurbraut og Álaleiru.
53. Bugðuleiru við Víkurbraut og Álaleiru.
54. Álaleiru 1, 3 og 5 við Bugðuleiru og Álaleiru.
55. Álaleiru við Álaugarveg.
56. Sæbraut við Álaugarveg.

Nesjahverfi:
1. Hæðargarði við veg að Meðalfelli.
2. Hraunhól við veg að Meðalfelli.
3. Við útakstur frá Nesjaskóla við þjóðveg.
4. Við veg frá Stekkhól við þjóðveg.
5. Frá verslun og bensínafgreiðslu í Nesjum.

II. KAFLI
Stöðvun og lagning ökutækja.

A. Bannað að stöðva ökutæki:

Á eftirtöldum stöðum er bannað að stöðva ökutæki:
1. Hafnarbraut milli Brautarholts og Víkurbrautar (Fiskhólssund).
2. Kirkjubraut vestan megin, milli Vesturbrautar og Víkurbrautar.

B. Bannað að leggja öllum ökutækjum:

Á eftirtöldum stöðum er bannað að leggja ökutækjum:

1. Hafnarbraut vestan megin, frá mótum Víkurbrautar (við Fiskhól) til endamarka Hafnarbrautar við hafnarsvæði.
2. Svalbarði, austan megin.
3. Á hafnarsvæði utan merktra bifreiðastæða.

C. Bannað að leggja stórum ökutækjum:

1. Við götur þar sem er sérstaklega merkt, að stór ökutæki (stærri en 2,8 t) mega ekki leggja.

III. KAFLI
Einstefnuakstur.

Á eftirtöldum götum skal vera einstefnuakstur:

1. Frá Svalbarði 1 að Tjarnarbrú.

IV. KAFLI
Gangbrautir og hraðahindranir.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

1. Hafnarbraut við hús nr. 30 og pósthús.
2. Hafnarbraut við hús nr. 16 og sundlaug.
3. Hafnarbraut milli bókasafns/sparisjóðs og apóteks.
4. Hafnarbraut við tjaldsvæði/gæsluvöll.
5. Víkurbraut milli Olís og Ásbjörns rakara.
6. Víkurbraut milli Heppuskóla og skólagarða.
7. Kirkjubraut móts við hús nr. 43 og hús nr. 48.
8. Vesturbraut milli Verslunarinnar 10-10 og Silfurbrautar 1.
9. Vesturbraut milli Norðurbrautar 5 og 7.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir og hraðahindranir:

1. Hafnarbraut við hús nr. 43 gegnt spennistöð.
2. Hafnarbraut við Sindrabæ austan Höfðavegar.
3. Silfurbraut milli Hólabrautar og Hrísbrautar.
4. Smárabraut við hús nr. 3 og 4, og við hús nr. 14 og 15.
5. Kirkjubraut við hús nr. 5.
6. Miðtún á móts við leikvöll.
7. Hæðargarði.

V. KAFLI
Viðvaranir.

A. Börn:

Á eftirtöldum stöðum skal vera viðvörun um börn:

1. Svalbarði, áður en komið er að Hafnarskóla.
2. Víkurbraut, áður en komið er að Heppuskóla (beggja vegna).
3. Miðtún, áður en komið er að leikvelli (beggja vegna).
4. Á þjóðvegi við Nesjaskóla.

B. Hættuleg beygja:

Á eftirtöldum stöðum skal vera viðvörunarmerki um hættulega beygju framundan:

1. Áður en komið er að krappri beygju við Ránarslóð 14 og 16, viðvörun skal vera úr báðum áttum.

VI. KAFLI

Bann við tiltekinni umferð.

1. Allur akstur fjórhjóla, vélsleða (torfærutækja) er bannaður í þéttbýli Hornafjarðar.
2. Allur akstur utan vega án brýnnar nauðsynjar er bannaður.
3. Framúrakstur er bannaður á Hafnarbraut frá Brautarholti að Víkurbraut við hafnarsvæði.
4. Bannað að beygja til vinstri frá Svalbarði við Hafnarbraut.

VII. KAFLI

Ökuhraði.

Hámarkshraði ökutækja innan marka Hafnar er eftirfarandi:

1. Á þjóðvegi frá pípuhliði að Dalbraut (á móts við mjólkurstöð) 60 km/klst.
2. Á öllum öðrum götum og vegum 45 km/klst.

Hámarkshraði ökutækja í þéttbýli í Nesjum er eftirfarandi:

1. Á þjóðvegi við Nesjaskóla, Mánagarð og verslun í Nesjum 50 km/klst.
2. Á húsagötum í Nesjum 45 km/klst.

Annars staðar á þjóðvegi er hámarkshraði ökutækja 90 km/klst.

VIII. KAFLI

Umferðarmerki.

Við götur og vegi og á þeim, skulu vera umferðarmerki og umferðarmerkingar, til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningum sem ástæða þykir til að hafa.

IX. KAFLI

Gildistaka og fleira.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla eldri auglýsingar um umferð, svo og allar reglur um umferð í Hornafirði, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.m.t. ákvæði 67. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 76/1969 um 35 km almennan hámarkshraða í bænum.

Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, 6. júlí 1995.

Páll Björnsson.

REGLUGERÐ

um áhafnir íslenskra kaupskipa.

1. gr.

Fjöldi skipverja í áhöfnum íslenskra kaupskipa skal ákveðinn af mönnunarnefnd, sem samgönguráðherra skipar samkvæmt 10. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995.

2. gr.

Í mönnunarnefnd skulu eiga sæti sjö aðalmenn og jafnmargir varamenn þeirra. Skal einn aðalfulltrúi og einn varafulltrúi skipaður eftir tilnefningu eftirtalinna hagsmunasamtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vélstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. Ráðherra skipar, að höfðu samráði við framangreind hagsmunasamtök, formann og varaformann nefndarinnar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

3. gr.

Þegar fjöldi skipverja er ákveðinn í áhöfn skips skal hliðsjón höfð af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa og atvinnuskírteini einstakra skipverja fullnægi lágmarkskröfum og skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum, sem tryggja öryggi áhafnar, skips og farþega er það flytur, svo sem boðið er í alþjóðasamþykktinni (STCW) frá 1978, um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna.

4. gr.

Með hliðsjón af 3. gr. og 13. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa er mönnunarnefnd heimilt að herða á eða draga úr skilyrðum og kröfum um fjölda í áhöfn, svo og að kveða á um sérstakar menntunar- eða þjálfunarkröfur varðandi skip, þar sem sérstakar aðstæður gera þess þörf eða leyfa, fyrir einstök skip, og skip sem annast staðbundin verkefni á takmörkuðu farsviði.

5. gr.

Erindi sem nefndinni berast til ákvörðunar samkvæmt 3. og 4. gr. skulu tekin til afgreiðslu án ástæðulauss dráttar. Boðar formaður þá til fundar um erindið og stýrir fundi.

Til þess að fundur sé ályktunarbær skulu auk formanns a.m.k. fjórir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslu erindis, jafnmargir fulltrúar útgerðar og stéttarfélaga þeirra starfsstétta áhafnar, sem erindi varðar.

Við afgreiðslu erinda, sem nefndinni berast, skal leitast við að ná samkomulagi hagsmunaaðila um afgreiðslu þeirra. Ef allir fulltrúar hagsmunaaðila eru sammála um afgreiðslu erindisins, skal um það bókað í gerðarbók sem ákvörðun nefndarinnar og skal hún tafarlaust tilkynnt Siglingamálastofnun, sem gefur út mönnunarskírteini í samræmi við þá ákvörðun.

6. gr.

Nú verður erindi ekki afgreitt með samkomulagi, svo sem ráð er fyrir gert í 5. gr. og getur þá fulltrúi eða fulltrúar hagsmunasamtaka þeirra starfsstétta skipaverja, sem erindi varðar og ekki vill fallast á erindið, krafist þess, að úrskurður gangi um ágreininginn. Þennan rétt eiga hagsmunasamtök útgerðar eða vinnuveitenda á sama hátt.

Að úrskurði standa eftir atvikum þrír, fimm eða allir sjö nefndarmenn.

Ef erindi varðar aðeins eina starfsstétt skipverja úrskurðar fulltrúi hagsmunasamtaka hennar ásamt einum fulltrúa útgerðar eða vinnuveitenda auk formanns.

Ef erindi varðar eða getur varðað fjölda skipverja úr tveimur starfsstéttum úrskurða fulltrúar beggja hagsmunasamtaka auk tveggja fulltrúa útgerðar eða vinnuveitenda og formanns.

Ef erindi varðar eða getur varðað fjölda skipverja úr fleiri starfsstéttum skipverja en tveimur skulu allir nefndarmenn taka þátt í úrskurði.

Nú er ágreiningur með nefndarmönnum um það hvort þrír eða fleiri eigi að taka þátt í úrskurði og sker þá formaður úr.

7. gr.

Þegar mál er tekið til úrskurðar samkvæmt 6. gr. skal það rekið án ástæðulauss dráttar. Aðilum skal veittur skammur frestur til þess að færa fram gögn til rökstuðnings kröfum sínum þar á meðal skriflegar greinargerðir ef þeir kjósa og jafnframt að flytja mál sitt munnlega fyrir gerðarmönnunum áður en málið er tekið til úrskurðar.

Úrskurður skal upp kveðinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 10 dögum eftir að ágreiningsefnið hefur verið lagt til úrskurðar af aðilum.

Úrskurðir skulu vera rökstuddir. Í forsendum skal í stuttu máli greina frá kröfum, rökum og málsástæðum aðila og rökstuðningi gerðarmanna fyrir niðurstöðu þeirra.

Atkvæði meiri hluta gerðarmanna er bindandi úrlausn erindisins á sviði stjórnsýslunnar. Ákvörðun sem í úrskurði felst skal tafarlaust tilkynnt Siglingamálastofnun.

Það frestar ekki gildistöku ákvörðunar, þótt úrskurði og ágreiningi er hann tekur til sé vísað til almennra dómsstóla.

8. gr.

Mönnunarnefnd heldur fundi eftir þörfum. Formaður boðar fundi og stýrir þeim.

Nefndin heldur gerðarbók um fundi sína og störf. Í gerðarbók skal skrá stund og stað funda og hverjir nefndarmanna eða varamanna eru mættir og taka þátt í afgreiðslum. Erindi, sem nefndinni berast skulu skráð í númeraröð og hafa í heiti sínu nafn sendanda erindis og heiti skips, sem erindið varðar. Gögn, sem erindi fylgja skulu skráð í númeraröð með erindinu og dagsetningu þegar þau eru móttekin og lögð fram. Þá skal í gerðarbók greina frá því, ef aðrir en nefndarmenn sækja fundi, ástæður þess eða tilgang og árangur með gagnyrtri bókun.

Allar ákvarðanir sem varða fjölda manna í áhöfn skipa, hvort heldur þær eru byggðar á samkomulagi eða úrskurði, skulu færðar í gerðarbók og undirritaðar af þeim nefndarmönnum, sem þátt tóku í ákvörðun eða úrskurði.

9. gr.

Nefndarmönnum, varamönnum þeirra, embættismönnum og öðrum þeim, sem tekið hafa þátt í störfum nefndarinnar, skal óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir hafa komist að í störfum sínum fyrir nefndina eða á fundum hennar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun nefndarmanna samkvæmt reglugerð þessari eftir mati þóknananefndar.

11. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skal vera mönnunarnefnd til ráðuneytis við afgreiðslu erinda sem nefndinni berast samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar í samræmi við ákvæði laga um stofnunina.

Siglingamálastofnun ríkisins gefur út mönnunarskírteini fyrir hvert íslenskt kaupskip í samræmi við ákvarðanir mönnunarnefndar.

Mönnunarskírteinin skulu vera gerð í samræmi við kröfur Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) og ákvæði alþjóðasamþykktarinnar frá 1978 (STCW), um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, og þeim breytingum sem á þeirri samþykkt kunna að verða gerðar. Siglingamálastofnunin hefur samráð við samgönguráðuneytið um gerð skírteinanna.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa nr. 59/1995, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi ákvæði reglugerðar um mönnunarnefnd nr. 64/1985, sbr. rg. nr. 630/1991 að svo miklu leyti sem sú reglugerð tekur til flutningaskipa og farþegaskipa.

Samgönguráðuneytið, 9. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 417 10. júlí 1995

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Þorragötu, húsagötu fyrir nr. 5, 7 og 9, gagnvart umferð á Þorragötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. júlí 1995.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Reykjavík, nr. 206/1984 með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott og í stað hennar komi þrjár nýjar málsgreinar er hljóði svo:

Rúmmál húss skal reikna frá neðstu grunnplötu. Í íbúðarhúsum skal við ákvörðun gatnagerðargjalds reikna rúmmál með því að margfalda gólfflatarmál með 2,7 m. Í öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði skal rúmmál bygginga, þar sem lofthæð (hæð yfir gólfplötu) er yfir 5,5 metrum, ekki teljast með við ákvörðun gatnagerðargjalds. Bílgeymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem í 1.-4. tl. þessarar málsgreinar segir:

1. Af kjallararýmum íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi, enda sé húsrýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innanfrá.
2. Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar, sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa, sem þær eiga að þjóna.
3. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar- og/eða skrifstofuhúsa, sem teljast til sameignar viðkomandi húss (húsa) og eru til almenningsnota á afgreiðslutíma viðkomandi verslana/skrifstofa, skal greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að hús, sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum byggingarlaga og -reglugerðar án hennar og jafnframt að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki ein sér kröfum byggingarlaga og -reglugerðar.
4. Af auknu rúmmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu kvista, anddyris, hækkun þaks, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h., skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 1/3 hluta af rúmmáli íbúðarinnar og aldrei meiru en 100 m^3 á hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkv. þessum tölulið skal meta í einu lagi þær stækkanir, sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan.

Samþykki byggingarnefnd breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis, sem undanþágur samkv. 1., 2. eða 3. tl. 3. mgr. þessarar greinar taka til, þannig að það uppfyllir ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalda, skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá, að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis. Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds samkv. 1., 2. eða 3. tl. 3. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til greiðslu gatnagerðargjalda.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkurborgar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 419 12. júlí 1995

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Iðnskólans í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins nam við stofnun hans 1993 kr. 427.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti af skólagjöldum, samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990, en auk þess gjafir til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að kaupum á búnaði, rekstri og öðru því sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta. Meðal annars hefur sjóðurinn það verkefni að stuðla að menningarstarfi í skólanum og námsferðum nemenda.

Vöxtum og öðrum tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Skólameistari sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta skólanefndar.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Hún kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 3. febrúar 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

12. júlí 1995 Nr. 420

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Menntaskólans við Hamrahlíð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans við Hamrahlíð.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti af skólagjöldum samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990, en auk þess gjafir til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Rektor, formaður skólanefndar og fulltrúi tilnefndur af skólanefnd.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Rektor sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta skólanefndar.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 421 14. júlí 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

2. grein orðist svo:

Eftirlits- og starfrækslugjöld fyrir radíótæki.
(skylduskoðun og/eða sértíðnir).
Árleg gjöld.

fyrir hverja starfsstöð eða tæki (skip, flugvélar, fastastöðvar, farstöðvar).

2.1	Skip og flug, >100W	kr. 8.640
2.2	Skip og flug, <=100W	kr. 6.480

2.2.1	Þrátt fyrir ákvæði 2.2 skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna VHF rása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.	
2.3	Skip og flug, aukask., >100W	kr. 4.800
2.4	Skip og flug, aukask., <=100W	kr. 4.800
2.5	Fastastöðvar, land (sértíðnir)	kr. 4.320
2.6	Talstöðvar í landi, skipa- og flugvélatíðnir	kr. 2.400
2.7	Farstöðvar með landtíðnum (sértíðnir):	
2.7.1	2ja tíðna rás(ir)	kr. 3.240
2.7.2	1 tíðna rás(ir)	kr. 2.160
2.7.3	1 tíðna rás, sítónn	kr. 1.080

Aðilar skv. 2.7 með neyðar- og hjálpartíðnir skulu greiða 25% af ofangreindum gjöldum.

2.8	Talstöðvar, skammtímaleyfi (hámark 6 mánuðir)	kr. 2.400

2. gr.

4. grein orðist svo:

Fastasambönd.

Árleg gjöld.

4.1	1-9 talrásir	kr. 15.000
4.2	10-29 talrásir	kr. 22.000
4.3	30-119 talrási	kr. 30.000
4.4	120-299 talrásir	kr. 36.000
4.5	300-599 talrásir	kr. 50.000
4.6	600-999 talrásir	kr. 58.000
4.7	>=1000 talrásir	kr. 68.000
4.8	1 sjónvarpsrás	kr. 36.000

Hver 2 Mb/s í stafrænum samböndum reiknast sem 30 talrásir.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. nr. 32/1993 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. júlí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKTIR

fyrir Myndhöfundasjóð Íslands - Myndstef.

1. gr.

Tilgangur.

Myndstef eru hagsmunasamtök á sviði höfundaréttar að myndverkum og gegnir því hlutverki að vernda höfundarétt félagsmanna vegna birtingar á verkum þeirra til almennings og vegna annarrar hliðstæðrar notkunar. Heimili Myndstefs og varnarþing er í Reykjavík.

Verkefni samtakanna auk almennrar höfundaréttargæslu fyrir félagsmenn skal vera að safna upplýsingum um notkun myndefnis félagsmanna vegna útgáfu og birtingar á því til almennings, að koma á fót skrifstofu og vinnukerfi til þess að innheimta þóknun fyrir þessa notkun og koma henni til skila til félagsmanna og hafa með höndum gerð gjaldskrár og taxta í því sambandi.

Myndstef tekur einnig að sér innheimtu höfundaþóknunar utanfélagsmanna í þeim tilvikum sem gerðir eru samningar um greiðslur fyrir afnot myndverka og ábyrgist jafnframt skil þeirra gjalda til viðkomandi höfunda, þannig að þeir verði jafnsettir félagsmönnum hvað innheimtu og skil þessara gjalda varðar. Vísast í því sambandi m.a. til 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 57/1992 um breytingu á höfundalögum.

Ennfremur að hafa með höndum samskipti við hliðstæða erlenda aðila og koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart Fjölís og öðrum höfundasamtökum í samræmi við tilgang félagsins.

Þá er það og verkefni félagsins að fylgjast grannt með þróun laga, reglna og viðskiptahátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna við opinbera- og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna vegna opinberrar birtingar og notkunar á myndverkum þeirra.

Félagsmönnum er ekki skylt að fela Myndstefi neina aðra hagsmunagæslu á höfundaréttarsviði nema hvað varðar birtingu á myndverkum og aðra hliðstæða notkun.

2. gr.

Aðild.

Stofnendur Myndstefs eru Samband íslenskra myndlistarmanna, Félag íslenskra teiknara, Félag grafískra teiknara og Ljósmyndarafélag Íslands. Allir sem eru aðilar þessara félaga verða sjálfkrafa félagsmenn í Myndstefi enda skal setja sérstakt ákvæði þar um í lög eða samþykktir ofangreindra félaga.

Rétt til inngöngu í félagið eiga hagsmunasamtök og stofnanir sem fara með höfundarétt að myndverkum eins og skilgreint er í 1. mgr. 1. gr. hér að framan. Fulltrúaráð fjallar um þær aðildarumsóknir og þarf samþykki 2/3 hluta aðildarfélaga til þess að aðild teljist samþykkt. Auk þess geta átt aðild að Myndstefi þeir sem eiga og fara með höfundarétt að myndverkum og geta átt hagsmuna að gæta vegna birtingar og annarrar hliðstæðrar notkunar á myndverkum þeirra. Til þess að geta öðlast slíka aðild að Myndstefi þarf viðkomandi aðili að undirrita umboð til Myndstefs og skuldbinda sig til þess að lúta lögum og reglum félagsins. Ennfremur þarf að liggja fyrir samþykkt stjórnar um aðild.

Fulltrúaráðið getur ákveðið að þeir sem eiga einstaklingsaðild að Myndstefi myndi hóp og tilnefni fulltrúa í fulltrúaráð og stjórn Myndstefs, sbr. 3. gr.

Heimilt er að segja sig úr félaginu en til þess að úrsögn sé gild þarf hún að berast stjórn með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót.

3. gr.

Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráð Myndstefs. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarfélög tilkynna tilnefningu fulltrúa skriflega til Myndstefs og gildir hún þar til hún er afturkölluð skriflega.

Aðalverkefni fulltrúaráðsins eru að fjalla um í aðalatriðum starf og stefnu Myndstefs, sbr. 1. gr. samþykktar þessarar og þarf 3/4 hluta atkvæða til ákvarðana. Ennfremur að hafa eftirlit með starfsemi félagsins.

Fulltrúaráðið skal koma saman til aðalfundar einu sinni á ári eigi síðar en í maí.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Stjórnarformaður flytur skýrslu stjórnar.
2. Lagðir fram til afgreiðslu endurskoðaðir reikningar.
3. Kosning formanns fulltrúaráðs.
4. Tilnefning stjórnar og varamanna lögð fram.
5. Kosning tveggja endurskoðenda og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.
6. Önnur mál.

Fulltrúaráðsfundi skal halda þegar stjórn eða a.m.k. tvö aðildarfélög óska þess. Fulltrúaráðið skal boðað til funda skriflega með minnst 2 vikna fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Formaður stjórnar fundum fulltrúaráðs og verður ekki ályktað á fulltrúaráðsfundi um mál sem ekki er getið í fundarboði. Afl atkvæða ræður úrslitum sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Fundargerðir skulu færðar í gerðarbók.

4. gr.

Hvert stofnfélag sbr. 1. mgr. 2. gr. skipar einn aðalmann og einn til vara í stjórn Myndstefs. Aðildarfélög tilkynna tilnefningu stjórnarmanna skriflega til Myndstefs og gildir hún þar til hún er afturkölluð skriflega. Fjölgi aðildarfélögum skal hvert félag skipa einn aðalmann og einn varamann í stjórn félagsins. Verði aðildarfélög fleiri en sjö skal endurskoða þessa lagagrein þó út frá því grundvallaratriði að stofnfélög hafi hvert einn fulltrúa í stjórn en önnur aðildarfélög skipti á milli sín þremur fulltrúum. Stjórn velur sér formann og varaformann, úr sínum hópi, til eins árs í senn. Varamaður formanns kemur inn í stjórn sem aðalmaður og tilnefnir félag hans annan til vara.

Stjórnin stýrir starfsemi Myndstefs. Boðað skal til stjórnarfunda með viku fyrirvara skriflega og greina frá fundarefni. Skylt er að halda stjórnarfund ef formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og meirihluti stjórnarmanna og/eða varamanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Fundargerðir stjórnarfunda skulu skráðar í gerðarbók.

Stjórnin sér um daglegan rekstur Myndstefs og getur í því sambandi tekið ákvörðun um rekstur skrifstofu og gert samninga um starfsmannahald. Stjórnin skipar fulltrúa til setu í stjórnum, ráðum og nefndum sem Myndstef kann að eiga aðild að.

Stjórnin hefur rétt til setu á fulltrúaráðsfundum með málfrelsi og tillögurétti svo og framkvæmdastjóri félagsins sem hefur sams konar rétt til fundarsetu á stjórnarfundum.

5. gr.

Þeim fjármunum sem félagið innheimtir skal úthlutað til þeirra höfundaréttarhafa sem hlut eiga að máli að svo miklu leyti sem það er unnt og eftir að stjórnin hefur dregið frá kostnað vegna innheimtu. Aðra fjármuni sem eðli máls samkvæmt verður ekki úthlutað beint

til höfundaréttareigenda skal leggja á sérstakan reikning. Árlega skal gera reikning þennan upp á þann veg að fyrst skal taka fyrir rekstrarkostnaði félagsins eftir nánari ákvörðun stjórnar og síðan skal greiða hverju aðildarfélagi sem rétt eiga til fjármuna í þeim hlutföllum sem félögin eru sammála um skiptinguna. Hafi stjórnin komið sér saman um skiptingu milli aðildarfélaganna skal ekki inna greiðslur af hendi fyrr en ljóst er að ekki verði óskað gerðardóms sbr. 6. gr. Verði ágreiningur um skiptingu fjárins skal leggja þann ágreining fyrir stjórn félagsins en náist ekki fullt samkomulag um ágreininginn innan stjórnar getur aðildarfélag vísað málinu til gerðardóms sbr. 6. gr. samþykkta þessara.

6. gr.

Öllum ágreiningsmálum sem upp kunna að koma vegna ákvörðunar stjórnar um meðferð og skiptingu fjármuna félagsins skal vísað til sérstaks gerðardóms enda hafi áður verið fjallað um ágreininginn í fulltrúaráði og stjórn. Gerðardómur úrskurðar ennfremur í málum sem lúta að synjun á aðildarumsóknum svo og ágreiningsmálum milli aðildarfélaga um skilning á samþykktum Myndstefs.

Stefnu til gerðardóms skal senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir afgreiðslu stjórnar á ágreiningsmáli og tilkynningu aðila um úrslit þar um. Að öðru leyti gilda um málsmeðferð reglur í lögum um meðferð einkamála í héraði. Ofangreindur gerðardómur skal þannig skipaður að yfirborgardómari í Reykjavík tilnefnir þrjá dómendur til tveggja ára í senn þar af a.m.k. tvo lögfræðinga og skal annar þeirra vera sérfróður á sviði höfundaréttar.

7. gr.

Samþykktir þessar taka gildi þegar þær hafa verið samþykktar með meirihluta atkvæða á fyrsta fulltrúaráðsfundi. Til breytinga á þeim þarf 3/4 hluta atkvæða á aðalfundi fulltrúaráðs enda séu mættir fulltrúar fyrir 4/5 hluta aðildarfélaganna.

Slíta skal félaginu ef þess er krafist af 3/4 hluta aðildarfélaga og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum 3/4 hluta allra aðildarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verja skal öllum innheimtum tekjum félagsins fyrstu þrjú starfsár þess, sem ekki verður úthlutað beint til höfundaréttarhafa, til þess að standa straum af stofnkostnaði og koma rekstri þess í viðunanlegt horf. Fulltrúaráðið getur framlengt þetta tímabil ef nauðsyn krefur.

Með birtingu þessari staðfestist hér með lögformleg viðurkenning Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs á grundvelli 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. 9. gr. laga nr. 57/1992.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

Myndstefs vegna endurbirtingar myndverka.

Menntamálaráðuneytið hefur staðfest eftirfarandi taxta Myndstefs vegna opinberrar endurbirtingar myndverka sbr. 2. mgr. 25. gr. höfundalaga nr. 73/1972 eins og henni var breytt með 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1992.

I. TAXTAR

Bækur.

Myndabækur.

Upplag	forsíða kr.	innsíður kr.
allt að 2.500	25.000	12.000
2.500-5.000	27.000	15.000
5.000-10.000	30.000	18.000
10.000 og yfir	35.000	20.000

Bækur aðrar en myndabækur.

Upplag	forsíða kr.	innsíður kr.
allt að 2.500	20.000	10.000
2.500-5.000	22.000	12.000
5.000-10.000	27.000	15.000
10.000 og yfir	30.000	18.000

Birta skal myndverk allt en ekki hluta þess nema með sérstöku leyfi höfundar. Ætíð skal getið nafns höfundar við birtingu. Við birtingu litmynda skal leitast við að halda litum frumverks.

Félagsblöð, ársskýrslur og fréttabréf.

	forsíða kr.	innsíða kr.
félagsblöð	8.000	5.000
ársskýrslur	25.000	15.000

Upplag	forsíða kr.	innsíða kr.
fréttabréf að 5.000	20.000	12.000
yfir 18.000	25.000	18.000

Með félagsblöðum er átt við blöð sem ekki eru til sölu á almennum markaði. Fréttabréf/fyrirtækjablöð eru blöð sem dreift er til almennings í upplýsinga- eða auglýsingaskyni án endurgjalds.

Bæklingar, dreifimiðar og auglýsingar.

Auglýsingabæklingar/dreifimiðar.

Upplag	forsíða kr.	innsíður kr.
allt að 10.000	25.000	15.000
yfir 10.000	32.000	18.000

Auglýsingar.

síða	1/1	1/2	1/4
	kr.	kr.	kr.
blöð/tímarit o.fl.	32.000	25.000	20.000

Ef fleiri en ein mynd birtast í auglýsingu skal greiða fullt gjald fyrir fyrstu mynd og 50% gjalds fyrir aðrar myndir. Höfundar ef fleiri eru en einn skipta síðan jafnt á milli sín heildargjaldi.

Veggspjöld, vöruumbúðir, smágripir, umslög myndbanda, hljómplatna/geisladiska og snælda.

Veggspjöld.

Veggspjöld	kr. 50.000

Af veggspjöldum, sem eru söluvara skal auk þess greiða 5% af útsöluverði þeirra án virðisaukaskatts.

Ofangreindur taxti gildir ekki þegar veggspjöld (plaköt) eru gefin út vegna listsýninga á söfnum eða vegna einkasýninga enda er þá í flestum tilvikum um að ræða kynningu á list viðkomandi myndhöfundar. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir að aðilar semji sérstaklega sín á milli.

Vöruumbúðir, smágripir, umslög myndbanda/hljómplatna/geisladiska/snælda.

Vöruumbúðir/smágripir	kr. 30.000
umslög myndbanda/ hljómplatna/geisladiska/ snælda	kr. 25.000

Dagatöl, símskeyti, frímerki, póstkort og skyggnuútgáfa.

Dagatöl og símskeyti.

Upplag	kr.
að 5.000	15.000
5.000-10.000	25.000
10.000 og yfir	35.000

Frímerki.

eitt verðgildi	kr. 150.000
sama mynd	
fleiri verðgildi	kr. 75.000
pr. verðgildi	

Póstkort og skyggnuútgáfa.

Upplag að 5.000 kr. 15.000, yfir 5.000 kr. 25.000.

Merki.

Minnispeningar.

Upplag allt að 1.000 stk., einn peningur kr. 30.000. Fyrir sett með 2 eða fleiri peningum greiðast kr. 15.000 fyrir hvern umframpening. Upplag yfir 1.000 stk. og allt að 5.000 stk. einn peningur kr. 45.000. Fyrir sett með 2 eða fleiri peningum greiðast kr. 20.000 fyrir hvern umframpening.

Sé upplag stærra en hér segir skal semja sérstaklega.

Barmmerki/lyklakippur/pennar og aðrir smágripir.

	kr.
allt að 5.000 stk.	15.000
allt að 7.000 stk.	20.000
stærra upplag	30.000

Límmiðar.

	kr.
allt að 5.000 stk.	12.000
stærra upplag	15.000

Plattar/öskubakkar/drykkjarkönnur.

	kr.
allt að 10.000 stk.	15.000
stærra upplag	20.000

T-bolir.

	kr.
allt að 3.000 stk.	15.000

Varðandi aðra notkun er vísað í aðra taxta í gjaldskránni.

Leiga vegna sýninga.

Sbr. þó 1. mgr. 25. gr. höfundalaga.

Málverk og aðrar frummyndir.

1% af tryggingaverðmæti myndverks fyrir hvern hafinn mánuð sem verkið er úr vörslu höfundar. Sé um að ræða lán sem stendur lengur en 1 ár skal greiða 1,5%.

Verk sem gerð hafa verið í fleiri eintökum en einu.

(Grafík, þrykk, ljósmyndir).

Fyrir hvern dag greiðist kr. 100 pr. myndverk, þó minnst fyrir 7 daga.

Þóknun fyrir lán á verkum til sýningar skal verða 1% af tryggingarverðmæti hvers verks fyrir hvern hafinn mánuð sem sýningaraðili hefur verkið í sinni vörslu. Ef um farandsýningu er að ræða sem stendur lengur en eitt ár skal greiða 1,5% af tryggingarverðmæti myndverks fyrir hvern hafinn mánuð sem verkið er úr vörslu eiganda. Þóknun skv. þessari grein skal að hámarki til miðast við hundraðshluta af kr. 1.000.000 enda þótt tryggingarmat kunni að vera hærra.

Ef um er að ræða ljósmyndir, grafíkverk eða myndverk sem gerð eru í nokkrum eintökum geta aðilar samið sérstaklega um fasta þóknun í krónutölu miðað við hvern hafinn mánuð sem verk er úr vörslu höfundar eða fyrir hvern dag.

II. ALMENNIR SKILMÁLAR FYRIR ENDURBIRTINGU MYNDVERKA.

1. Heimild til endurbirtingar myndefnis er háð því að fyrir liggi samþykki höfundar eða Myndstefs.
2. Við birtingu myndverks skal þess gætt að birta allt verkið en óheimilt er að birta hluta myndverks nema með sérstakri heimild höfundar. Við birtingu litmynda skal leitast við að litgreining sé sem næst litum frummyndarinnar. Myndstef getur fyrir hönd höfundar gert kröfu um að fá sýnishorn áður en viðkomandi myndverk er birt/prentað.

3. Við birtingu myndverka skal að jafnaði merkja þau þannig: „nafn verks“, ártal ef vitað, © „nafn höfundar/MYNDSTEF“.
4. Um leið og heimild er veitt til að birta/nota myndverk eða það er birt/notað er greiðsla skv. gjaldskrá þessari fallin í gjalddaga.
5. Taxtar skv. þessari gjaldskrá eiga ekki við þegar myndhöfundur er fenginn til þess að vinna myndverk (eftir pöntun).
6. Notkun myndverks og greiðsla fyrir hana skv. þessari gjaldskrá veitir aðeins rétt til þess að nota myndverkið einu sinni. Greiða skal sérstaklega fyrir endurtekin not.
7. Ef fjárhagslegir hagsmunir tengdir notkun á höfundarétti eru mjög miklir gilda ekki taxtar skv. þessari gjaldskrá og ber þá að semja um notkunina hverju sinni.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. ágúst 1995 en hún breytist á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingar á vísitölu vöru- og þjónustu. Víkja má frá gjaldskránni bæði til hækkunar og lækkunar. Taxtar skv. gjaldskránni eru án virðisaukaskatts en í þeim er innifalin innheimtuþóknun Myndstefs.

Menntamálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Nr. 424 26. júní 1995

AUGLÝSING

um aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda.

1. gr.

Aðgangsnúmer til útlanda í almenna símakerfinu skal vera 00.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984, sbr. l. nr. 32/1993 og með hliðsjón af ákvörðun ESB ráðsins frá 11. maí 1992 um að taka í notkun í bandalaginu staðlað aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda (92/264/EBE).

Samgönguráðuneytið, 26. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um stærð og þyngd ökutækja.

I. GILDISSVIÐ O.FL.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um stærð og þyngd ökutækja, samkvæmt skilgreiningu 2. gr., sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum, þ.e. þjóðvegum og öðrum vegum í eigu opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga, sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda og, eftir því sem við á, um stærð og þyngd annarra ökutækja.

Ákvæðin gilda um notkun ökutækja hér á landi. Um notkun ökutækja, sem skráð eru hér á landi, í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) gilda ákvæði EBE tilskipunar nr. 85/3 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 92/7.

Skilgreiningar.

2. gr.

Ökutæki:

Ökutæki sem er notað á vegum, er á a.m.k. fjórum hjólum, er hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst. og er annað hvort ætlað:

- til vöruflutninga þegar hámarksþyngd með farmi fer yfir 3,5 tonn, eða
- til farþegaflutninga, ef það er með fleiri en níu sæti að meðtöldu sæti ökumanns.

Bifreið:

Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram.

Hópbifreið:

Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en átta farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Liðvagn:

Hópbifreið sem sett er saman úr tveimur ósveigjanlegum hlutum sem eru tengdir saman með liðamótum. Innangengt skal vera á milli farþegavagnanna.

Samtengd ökutæki:

Vagnlest sem samanstendur af bifreið og viðtengdum eftirvagni.

Eftirvagn:

Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Útfærsla eftirvagns getur verið þrenns konar:

- *Tengivagn:* Eftirvagn á tveimur ásum eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki án þess að lóðréttir kraftar geti flust á milli ökutækjanna.
- *Festivagn:* Eftirvagn á einum ási eða fleiri sem tengdur við dráttartæki þannig að hluti af þyngd eftirvagnsins hvílir á því.

- *Hengivagn:* Eftirvagn á einum ási eða tvíása sem tengdur er við dráttartæki þannig að lóðréttir kraftar færast á milli ökutækjanna.

Kælivagn með þykkum veggjum:
Ökutæki, með fastri eða færanlegri yfirbyggingu, sem er sérbúið til flutninga á vörum við fast hitastig í samræmi við B, C, E og F flokka í alþjóðasamningi frá 1. september 1970 um millilandaflutninga á matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og um sérstakan búnað sem nota á til slíkra flutninga (ATP) og sem er með a.m.k. 45 mm þykkum hliðarveggjum að einangrun meðtalinni.

Mesta leyfileg heildarþyngd:
Mesta þyngd ökutækis, eða samtengdra ökutækja, með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum sem leyfð er í akstri.

Leyfður ásþungi:
Mesti þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ási ökutækis sem leyfður er í akstri.

II. LENGD, BREIDD OG HÆÐ ÖKUTÆKJA

Lengd ökutækja.

3. gr.

Ökutæki má ekki vera lengra en sem hér segir:

a.	Bifreið	12 m.
b.	Eftirvagn	12 m.
c.	Vagnlest, bifreið með festivagni eða hengivagni	16,5 m.
d.	Vagnlest, bifreið með tengivagni	18,35 m.
e.	Liðvagn	18 m.

Lengd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta þess sem standa lengst fram og lengst aftur. Þó skal mæla lengd eftirvagns frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengingar að aftasta hluta eftirvagnsins. Fjarlægð frá lóðréttri línu í gegnum miðju tengipinna að fremsta hluta festivagns má ekki vera meira en 2,04 m.

Bifreið, svo og samtengdum ökutækjum, skal vera hægt að aka á snúningsboga með 12,5 m radíus í ytri hring og 5,3 m radíus í innri hring.

4. gr.

Fjarlægð mæld samhliða lengdarási vagnlestar frá utanverðum fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að utanverðum aftasta hluta eftirvagns, að frádreginni fjarlægðinni milli afturenda dráttartækisins og framenda eftirvagnsins, má mest vera 15,65 m.

Fjarlægð mæld samhliða lengdarási vagnlestar frá utanverðum fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að utanverðum aftasta hluta eftirvagns má mest vera 16 m. Fjarlægðin milli aftasta áss bifreiðar og miðlínu fremsta áss tengivagns má ekki vera innan við 3 m.

Breidd ökutækja.

5. gr.

Breidd bifreiðar og eftirvagns má ekki vera meiri en 2,55 m. Yfirbygging kælivagns með þykkum hliðarveggjum má mest vera 2,6 m.

Breidd vinnuvélar eða tengitækis til landbúnaðarstarfa eða vegavinnu má mest vera 3,3 m. Lögregla getur bannað akstur slíkra ökutækja þegar sérstaklega stendur á.

Breidd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta þess sem standa lengst til hliðar. Speglar eða ljósker á hliðum ökutækis teljast ekki til breiddar þess, né heldur keðjur á hjólbörðum.

6. gr.

Breidd eftirvagns eða tengitækis sem bifreið dregur má, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr. 5. gr., ekki ná meira en 30 sm út fyrir hvora hlið bifreiðarinnar.

Hæð ökutækja.

7. gr.

Hæð ökutækis má ekki vera meiri en 4 m.

Hæð ökutækis skal mæld lóðrétt frá yfirborði vegar að þeim hluta þess sem hæst stendur.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Mál sem tilgreind eru um lengd, breidd og hæð ökutækja eiga einnig við lausar yfirbyggingar og staðlaðar farmeiningar, t.d. gáma, svo og um farm ökutækisins.

Undanþágur.

9. gr.

Lögreglustjóri getur, að höfðu samráði við veghaldara, veitt undanþágu frá ákvæðum um mestu lengd, breidd og hæð ökutækja þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi skal að jafnaði því aðeins veita að flutningarnir geti ekki með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Leyfið skal að jafnaði vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Leyfi má veita fyrir einstökum flutningi eða sem almennt leyfi í allt að eitt ár. Lögreglustjóri getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.

Þegar undanþága varðar flutning um tvö eða fleiri lögreglustjórnarumdæmi veitir lögreglustjóri þar sem ferð hefst leyfið.

Varúð.

10. gr.

Ökumaður fyrirferðarmikils ökutækis skal sýna sérstaka varúð og tillitssemi gagnvart annarri umferð. Hann skal og víkja greiðlega fyrir öðrum ökutækjum og nema staðar ef þörf krefur.

Þrátt fyrir ákvæði um hæð ökutækja hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

III. HEILDARÞYNGD OG ÁSÞUNGI ÖKUTÆKJA

Almenn ákvæði.

11. gr.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður ásþungi ökutækja skal vera innan marka sem kveðið er á um í viðauka I. Á vegum sem ekki þola þá heildarþyngd og þann ásþunga sem tilgreindur er í viðauka I skal þyngdin vera innan marka sem kveðið er á um í viðauka II.

Veghaldari skal gera og gefa út skrá yfir vegi sem falla undir ákvæði viðauka I eða viðauka II. Ef slík skrá er ekki gerð gilda ákvæði viðauka I.

Ásþyngd drifáss eða drifása ökutækis eða samtengdra ökutækja má ekki vera innan við 25% af heildarþyngd hlaðins ökutækis eða samtengdra ökutækja.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður ásþungi ökutækis miðast við að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ekki meiri en 0,8 MPa (8 bör eða 116 PSI), mælt í köldum hjólbarða.

Heildarþyngd bifreiðar með fimm eða sex ásum má mest vera 32 tonn og gilda þá ákvæði liðar 1.3.3 í viðauka I.

Heildarþyngd bifreiðar á beltum má mest vera 12 tonn.

12. gr.

Ökutæki má aldrei hlaða þannig að heildarþyngd þess eða ásþungi verði meiri en heimilað er í skráningarskírteini þess.

13. gr.

Veghaldari getur takmarkað tímabundið mestu leyfðu heildarþyngd og leyfðan ásþunga ökutækja, sbr. 11. gr., miðað við burðarþol brúar eða vegar, svo sem á þeim árstíma þegar burðarþol vegar er skert vegna frostþíðuáhrifa.

Undanþágur.

14. gr.

Veghaldari getur leyft meiri heildarþyngd ökutækja á einstökum vegum eða vegarköflum og leyft allt að:

a. 44 tonn fyrir vagnlest sem samanstendur af þríása bifreið og tvíása eftirvagni, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
   - hver ás nema framás bifreiðar sé á tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem telst jafngildur,
   - vagnlestin sé knúin af tveimur sívirkum drifásum,
   - þungi á framási sé ekki meiri en 7 tonn en á öðrum ásum ekki meiri en 10 tonn, og
   - loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður í allt að 0,5 MPa (5 bör eða 70 PSI) mælt í köldum hjólbarða eftir ástandi vegar, gerð ökutækis og kröfum veghaldara.

b. 49 tonn fyrir vagnlest sem samanstendur af þríása bifreið með þríása eftirvagni, enda séu uppfyllt:
   - sömu skilyrði og tilgreind eru í a-lið, og
   - a.m.k. 14 m séu milli fremsta og aftasta áss vagnlestar og a.m.k. 6 m frá aftasta ási ökutækis að fremsta ási festivagns.

Veghaldari getur bundið heimild þessa við ástand vega hverju sinni og gerð ökutækis.

15. gr.

Veghaldari ákveður nánar og gefur út undanþágur um mestu leyfðu heildarþyngd og leyfðan ásþunga ökutækja ef ökutæki uppfyllir ekki fyllilega ákvæði reglugerðar þessarar, t.d. um bil milli ása eða fjöðrunarbúnað. Undanþágur þessar er heimilt að veita allt til 1. júní 1997.

Þá getur veghaldari og veitt undanþágu frá ákvæðum um heildarþyngd og ásþunga ökutækis þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

Endurprentað blað.

Leyfi skal að jafnaði því aðeins veita að flutningarnir geti ekki með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Leyfið skal að jafnaði vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur. Veghaldari getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.

16. gr.

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu eða akstur með þunga umfram heimild getur varðað afturköllun leyfis.

IV. LÖGREGLUAÐSTOÐ

17. gr.

Sá sem fær undanþágu til flutninga samkvæmt 9. gr. eða 2. mgr. 15. gr. skal greiða fyrir lögregluaðstoð sem að mati lögreglustjóra er þörf á við flutninginn.

Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður þessi verði greiddur fyrirfram eða að sett verði trygging sem hann metur gilda fyrir greiðslu hans.

V. GILDISTAKA

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 14. tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 85/3/EBE með breytingum samkvæmt tilskipunum 86/360/EBE, 88/218/EBE, 89/338/EBE, 89/460/EBE, 89/461/EBE, 91/60/EBE og 92/7/EBE), öðlast gildi 15. ágúst 1995.

EBE gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S40, bls. 133-147, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 375-378.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr.107 26. febrúar 1988, sbr. reglugerð nr. 447 19. nóvember 1990 og nr. 203 24. apríl 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nota má ökutæki sem er stærra en leyft er í reglugerð þessari ef notkun ökutækisins var heimil samkvæmt eldri reglum, með þeim takmörkunum sem hér greinir:

a. Eftir 31. desember 1995 skal vagnlest sem samanstendur af bifreið og festivagni ekki vera lengri en 19,5 m og vagnlest sem samanstendur af bifreið og tengivagni ekki lengri en 22 m.
b. Eftir 31. desember 2000 skal vagnlest sem samanstendur af bifreið og festivagni ekki vera lengri en 17,5 m og vagnlest sem samanstendur af bifreið og tengivagni ekki lengri en 20 m. Ákvæðið gildir til 31. desember 2005.
c. Til 31. desember 2005 má nota ökutæki sem er allt að 4,2 m að hæð.
d. Til 31. desember 2005 má nota hópbifreið sem er allt að 14,5 m að lengd.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júlí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Endurprentað blað.

Viðauki I.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður ásþungi á vegum.

1.	**Mesta leyfileg heildarþyngd**	
1.1.	*Ökutæki sem er hluti af samtengdu ökutæki*	
1.1.1.	Tvíása tengivagn	18 tonn
1.1.2.	Þríása tengivagn	24 tonn
1.2.	*Samtengd ökutæki*	
1.2.1.	Fimm- eða sexása vagnlest (tengivagn) a. Tvíása bifreið með þríása tengivagni b. Þríása bifreið með tvíása tengivagni c. Þríása bifreið með þríása tengivagni	 40 tonn 40 tonn - 40 tonn - 44 tonn ef drifás er með tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.2.	Fimm- eða sexása vagnlest (festivagn) a. Tvíása bifreið með þríása festivagni b. Þríása bifreið með tvíása festivagni c. Þríása bifreið með tví- eða þríása festivagni sem ber 40 feta ISO gám í samtengdum flutningum d. Þríása bifreið með þríása festivagni	 40 tonn 40 tonn 44 tonn - 40 tonn - 44 tonn ef drifás er með tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn

1.2.3.	Fjórása vagnlest sem samanstendur af tvíása bifreið og tvíása tengivagni	36 tonn
1.2.4.	Fjórása vagnlest sem samanstendur af tvíása bifreið og tvíása festivagni, ef fjarlægðin milli ása festivagnsins er:	
1.2.4.1.	- 1,3 m eða þar yfir, þó ekki yfir 1,8 m	36 tonn
1.2.4.2.	- yfir 1,8 m	36 tonn + 2 tonn þegar ákvæði um mestu leyfilega heildarþyngd ökutækisins (18 tonn) og tvíáss festivagnsins (20 tonn) eru virt og drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE
1.3.	*Bifreið*	
1.3.1.	Tvíása bifreið	18 tonn
1.3.2.	Þríása bifreið	- 25 tonn - 26 tonn ef drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.3.3.	Fjórása bifreið með tveimur stýrisásum	32 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.4.	Þríása liðvagn	28 tonn
2.	**Leyfður ásþungi**	
2.1.	*Einn ás* Einn ás sem er ekki drifás	10 tonn

2.2.	*Tvíásasamstæða eftirvagns* Heildarásþungi á tvíásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.2.1.	- minni en 1 m (f<1,0 m), má ekki fara yfir	11 tonn
2.2.2.	- frá 1,0 m og upp að 1,3 m (1,0 m ≤ f < 1,3 m), má ekki fara yfir	16 tonn
2.2.3.	- frá 1,3 m upp að 1,8 m (1,3 m ≤ f < 1,8 m), má ekki fara yfir	18 tonn
2.2.4.	- 1,8 m og þar yfir (1,8 m ≤ f), má ekki fara yfir	20 tonn
2.3.	*Þríásasamstæða eftirvagns* Heildarásþungi á þríásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.3.1.	- 1,3 m eða minna (f ≤ 1,3 m), má ekki fara yfir	21 tonn
2.3.2.	- yfir 1,3 m og upp að 1,4 m (1,3 m < f ≤ 1,4 m), má ekki fara yfir	24 tonn
2.4.	*Drifás*	
2.4.1.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.1 og 1.2.2	- 10,5 tonn - 11,5 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE
2.4.2.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.3, 1.2.4, 1.3 og 1.4	- 10,5 tonn - 11,5 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE

2.5.	*Tvíásasamstæða bifreiðar* Samanlagður ásþungi á hverja tvíásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.5.1.	- innan við 1 m (f < 1,0 m), má ekki fara yfir	11,5 tonn
2.5.2.	- frá 1,0 m og allt að 1,3 m (1,0 m ≤ f < 1,3 m)	16 tonn
2.5.3.	- frá 1,3 m og allt að 1,8 m (1,3 m ≤ f < 1,8 m)	- 18 tonn - 19 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka III sem fylgir tilskipun 92/7/EBE, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
3.	**Aðrir eiginleikar ökutækja**	
3.1.	*Mesta leyfileg heildarþyngd miðað við afstöðu ásanna* Heildarþyngd í tonnum á fjórása bifreið má ekki fara yfir fimmfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækisins	

Viðauki II.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður ásþungi á vegum sem ekki falla undir viðauka I.

1.	**Mesta leyfileg heildarþyngd**	
1.1.	*Ökutæki sem er hluti af samtengdu ökutæki*	
1.1.1.	Tvíása tengivagn	16 tonn með tvöföldum hjólum 11 tonn með einföldum hjólum
1.1.2.	Þríása tengivagn	22 tonn með tvöföldum hjólum 16 tonn með einföldum hjólum

1.2.	*Samtengd ökutæki*	
1.2.1-2.	Allar vagnlestir	40 tonn
2.	**Leyfður ásþungi**	
2.1.	Einn ás sem ekki er drifás	10 tonn með tvöföldum hjólum 7 tonn með einföldum hjólum
2.2.3.	*Tvíásasamstæða* Milli 1,3 m og 1,8 m (1,3 m ≤ f < 1,8 m)	16 tonn með tvöföldum hjólum 11 tonn með einföldum hjólum
2.3.1.	*Tvíásasamstæða* Innan við 1,3 m (f ≤ 1,3 m)	16 tonn með tvöföldum hjólum 11 tonn með einföldum hjólum
2.3.2.	*Þríásasamstæða* Milli 1,3 m og 1,4 m (1,3 m < f ≤ 1,4 m)	22 tonn með tvöföldum hjólum 16 tonn með einföldum hjólum
2.4.1.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.1 og 1.2.2	10 tonn með tvöföldum hjólum 7 tonn með einföldum hjólum
2.4.2.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.3, 1.2.4, 1.3 og 1.4	10 tonn með tvöföldum hjólum 7 tonn með einföldum hjólum
2.5.1.	*Tvíásasamstæða* Innan við 1,0 m (f < 1,0 m)	10 tonn með tvöföldum hjólum 7 tonn með einföldum hjólum
2.5.2.	*Tvíásasamstæða* Milli 1,3 m og 1,8 m (1,3 m ≤ f < 1,8 m)	16 tonn með tvöföldum hjólum 11 tonn með einföldum hjólum

REGLUGERÐ

um sykur og sykurvörur.

I. KAFLI
Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um sykur og sykurvörur sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir þó ekki um flórsykur, kandíssykur eða vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Þau heiti sem skráð eru í viðauka 1 gilda um þær vörur sem þar eru skilgreindar og skal nota þau í viðskiptum til að auðkenna þær. Heimilt er að nota heiti í 2. tl. viðauka 1 til að auðkenna vörur sem tilgreindar eru í 3. tl. sama viðauka.

3. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu g kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

a) vöruheiti í samræmi við skilgreiningar í viðauka 1. Auk þess er heimilt að fram komi heiti sem er viðurkennt í einstökum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, að því tilskildu að ekki sé hætta á að slíkt heiti villi um fyrir neytendum. Ekki er skylt að setja áletrunina „mónóhýdrat“ og „anhýdríð“ á vörur sem skilgreindar eru í 9. og 10. tl. viðauka 1 og seldar eru í smásölu.
b) upplýsingar um magn þurrefnis og invertsykurs í sykurlausn, invertsykurlausn eða invertsírópi;
c) heitið „kristallað” fyrir invertsíróp sem inniheldur kristalla.

Fyrir vörur sem pakkað er í 10 kg einingar eða meira (nettóþyngd) og ekki eru ætlaðar til smásölu, er heimilt að upplýsingarnar sem um getur í liðum b og c, komi aðeins fram í fylgiskjölum.

II. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Aðferðir við sýnatöku og greiningu skulu vera í samræmi við viðauka 2 í þessari reglugerð og tilskipun Evrópusambandsins nr. 79/786/EBE um greiningaraðferðir á sykri frá 26. júlí 1979.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 7. tölul., tilskipun 73/437/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar sykurvörur til manneldis og 21. tölul., tilskipun 79/786/EBE um greiningaraðferðir innan bandalagsins á tilteknum sykrungum sem ætlaðir eru til manneldis. Þá var höfð hliðsjón af reglugerð ESB nr. 1265/69/EBE um aðferðir til að ákvarða gæði tiltekinna sykurvara.

Umhverfisráðuneytið, 12. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1
Vöruheiti og skilgreiningar

1. Hálfhvítur sykur

– hreinsaður og kristallaður súkrósi, sem einkennist af eftirfarandi:

a)	skautun	≥ 99,5°
b)	invertsykur	≤ 0,1% miðað við þyngd
c)	efnistap við þurrkun	≤ 0,1% miðað við þyngd
d)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤15 mg/kg

2. Sykur eða hvítur sykur

– hreinsaður og kristallaður súkrósi, sem einkennist af eftirfarandi:

a)	skautun	≥ 99,7°
b)	invertsykur	≤ 0,04% miðað við þyngd
c)	efnistap við þurrkun	≤ 0,1% miðað við þyngd
d)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤ 15 mg/kg
e)	litargerð	≤ 12 punktar (sbr. viðauka 2)

3. Fínhreinsaður hvítur sykur

– vara sem hefur sömu einkenni og um getur í a-d lið 2. tl. með heildarpunktafjölda sem ákvarðaður er samkvæmt viðauka 2, mest 8 og ekki fleiri en:
– 4 fyrir litargerð
– 6 fyrir ösku
– 3 fyrir lit lausnar

4. Sykurlausn[1)]

– vatnslausn súkrósa sem einkennist af eftirfarandi:

a)	þurrefni	≥ 62% miðað við þyngd
b)	invertsykur (hlutfall frúktósa og glúkósa 1±0,2)	≤ 3% miðað við þyngd þurrefnis
c)	aska (mælt með leiðni)	≤ 0,1% miðað við þyngd þurrefnis (sbr. viðauka 2)
d)	litur í lausn	≤ 45-ICUMSA einingar (sbr. viðauka 2)
e)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤ 15 mg/kg þurrefnis

5. *Invertsykurlausn*[1)]

– vatnslausn súkrósa (að hluta til vatnsrofinn), sem einkennist af eftirfarandi:

a)	þurrefni	≥ 62% miðað við þyngd
b)	invertsykur (hlutfall frúktósa og glúkósa 1±0,1)	Frá 3% og upp í 50% miðað við þyngd þurrefnis
c)	aska (mælt með leiðni)	≤ 0,4% miðað við þyngd þurrefnis (sbr. viðauka 2)
d)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤ 15 mg/kg þurrefnis

6. *Invertsíróp*[1)]

– vatnslausn (hugsanlega kristölluð) af súkrósa, sem er að hluta til vatnsrofinn, þar sem magn invertsykurs er meira en 50% af þurrefni og lausnin að öðru leyti í samræmi við a, c og d lið 5. töluliðar.

7. *Glúkósasíróp*

– hreinsuð og þykkt vatnslausn sykra, sem unnar eru úr sterkju, og einkennist af eftirfarandi:

a)	þurrefni	≥ 70% miðað við þyngd
b)	dextrósajafngildi	≥ 20% miðað við þyngd þurrefnis, gefið upp sem glúkósi
c)	aska (súlfateruð)	≤1% miðað við þyngd þurrefnis
d)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤ 20 mg/kg

8. *Þurrkað glúkósasíróp*

– glúkósasíróp þurrkað að hluta, með a.m.k. 93% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við b–d lið 7. töluliðar.

9. *Dextrósamónóhýdrat*

– hreinsaður og kristallaður glúkósi, kristallaður með einni sameind af vatni og sem einkennist af eftirfarandi:

a)	dextrósi (glúkósi)	≥ 99,5% miðað við þyngd þurrefnis
b)	þurrefni	≥ 90% miðað við þyngd
c)	aska (súlfateruð)	≤ 0,25% miðað við þyngd þurrefnis
d)	leifar brennisteinsdíoxíðs	≤ 15 mg/kg þurrefnis

10. *Dextrósaanhýdríð*

– hreinsaður og kristallaður glúkósi sem er ekki kristallaður með vatni, með a.m.k. 98% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við a, c og d lið 9. töluliðar.

[1)] Orðið „hvítur" er eingöngu heimilt að nota um:

– sykurlausnir, þegar litur þeirra fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar (International Commission for Uniform Methods of Sugar Analysis) sbr. viðauka 2;

– invertsykurlausn og invertsíróp, sem inniheldur ekki meira en 0,1% ösku og litur lausnarinnar fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar.

Viðauki 2
Litargerð, öskuinnihald og litur lausna af hvítum og fínhreinsuðum hvítum sykri

Litargerð:
Einn punktur svarar til 0,5 eininga, sem ákvarðaðar eru samkvæmt 2. mgr. A-hluta í viðauka reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1265/69/EBE frá 1. júlí 1969.

Aska:
Einn punktur svarar til 0,0018%, ákvarðað með aðferðum Alþjóðanefndarinnar um samræmdar aðferðir í sykurgreiningum (ICUMSA) sem um getur í 1. mgr. A-hluta í viðauka við ofangreinda reglugerð.

Litur:
Einn punktur svarar til allt að 7,5 eininga, sem ákvarðaðar eru með ICUMSA-aðferðinni sem um getur í 3. mgr. A-hluta í viðauka við ofangreinda reglugerð.

Nr. 427 21. júlí 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, er tekur til landnotkunar vestan við Eiðsgranda.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 21. júlí 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum, er tekur til landnotkunar og fyllingar vestan við Eiðsgranda.

Landnotkun breytist úr helgunarsvæði stofnbrautar og almennu útivistarsvæði í lóð undir verslun og þjónustu (bensínsala).

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 21. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um aldinsultur og sambærilegar vörur.

I. KAFLI
Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um aldinsultur og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis eða um vörur sem ætlaðar eru til framleiðslu á sætabrauði, kökum og kexi.

2. gr.

Vörum, sem skilgreindar eru í viðauka 1, er einungis heimilt að dreifa ef þær eru í samræmi við skilgreiningar og önnur ákvæði reglugerðarinnar. Hráefni, sem notuð eru við framleiðslu þeirra, skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka 2 og 3. Við framleiðslu er auk neysluvatns aðeins heimilt að nota þessi hráefni og þá í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í viðaukum.

3. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum þar sem við á:

a) vöruheiti samkvæmt viðauka 1 ásamt upplýsingum um ávaxtategund/-ir sem notaðar eru, í röð eftir minnkandi magni. Fyrir vörur unnar úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta, má láta merkinguna „blandaðir ávextir“ eða upplýsingar um fjölda ávaxtategunda duga. Þau heiti sem fram koma í 1. og 3. tl. viðauka 1 má einnig nota fyrir þær vörur sem skilgreindar eru í 2. og 4. tl. í sama hluta viðaukans;
b) magn ávaxta í 100 g af vörunni;
c) þegar næringargildi er ekki merkt skal tilgreina heildarmagn sykurs í 100 g af vörunni, ákvarðað með ljósbrotsmæli við 20°C (skekkjumörk ± 3°);
d) fyrir aldinmauk skal taka fram hvort varan inniheldur börk eða ekki.

II. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka 1 séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 19. tölul., tilskipun 79/693/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aldinsultu, ávaxtahlaup og -mauk og hnetumauk, með síðari breytingum. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 50/1936 um aldinsultu og aldinmauk.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. janúar 1996 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Til loka árs 1996, er Hollustuvernd ríkisins heimilt að veita aðilum frest til að uppfylla tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar. Slíka fresti skal einungis veita að fenginni rökstuddri umsókn.

Umhverfisráðuneytið, 12. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Viðauki 1
Skilgreiningar á vörutegundum

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við nema þegar um blöndur ávaxtategunda er að ræða. Í þeim tilvikum skal lágmarksinnihald af tilteknum ávexti, sem mælt er fyrir um í tölulið 1-6, minnkað í hlutfalli við það magn sem notað er af þessum ávexti í blandaða vöru.

1. Sulta:

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og aldinkjöti og/eða aldinmauki einnar ávaxtategundar eða fleiri. Magn aldinkjöts og/eða aldinmauks sem notað er til að framleiða 1 kg af vörunni skal ekki vera minna en 350 g nema í eftirfarandi tilvikum:

- sólber, rósaldin, kveður 250 g
- engifer 150 g
- kasúhnetur 160 g
- ástaraldin 60 g

2. Sulta í sérflokki:

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og aldinkjöti einnar ávaxtategundar eða fleiri, að undanskildum eplum, perum, plómum með steini, melónum, vatnsmelónum, þrúgum, graskerjum, agúrkum og tómötum. Magn aldinkjöts sem notað er til að framleiða 1 kg af vörunni skal ekki vera minna en 450 g nema í eftirfarandi tilvikum:

- sólber, rósaldin, kveður 350 g
- engifer 250 g
- kasúhnetur 230 g
- ástaraldin 80 g

3. Hlaup:

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og safa og/eða ávaxtaseyði úr einni eða fleiri ávaxtategundum. Magn safa og/eða ávaxtaseyðis sem notað er til að framleiða 1 kg af vörunni má ekki vera minna en það sem tilgreint er í tölulið 1, reiknað eftir að þyngd vatnsins, sem notað er við tilbúning á ávaxtaseyðinu, hefur verið dregin frá.

4. Hlaup í sérflokki:

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og safa og/eða vatnsseyði úr einni eða fleiri ávaxtategundum, fyrir utan epli, perur, plómur með steini, melónur, vatnsmelónur, þrúgur, grasker, agúrkur og tómata. Magn safa og/eða ávaxtaseyðis sem notað er til að framleiða 1 kg af vörunni skal ekki vera minna en það sem tilgreint er í tölulið 2, reiknað eftir að þyngd vatnsins, sem notað er við tilbúning á ávaxtaseyðinu, hefur verið dregin frá.

5. Mauk (marmelaði):

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og einum eða fleiri eftirfarandi hlutum af sítrusávöxtum: aldinkjöti, ávaxtamauki, safa, ávaxtaseyði eða berki. Magn sítrusávaxta sem notað er við framleiðslu á 1 kg af vörunni skal ekki vera minna en 200 g og þar af 75 g eða meira fengið úr innlagi aldinveggjar (endocarp).

6. Sætt kastaníuhnetumauk:

Hæfilega hlaupkennd blanda af sykri og kastaníuhnetum (Castanea sativa). Magn kastaníuhneta sem notað er til að framleiða 1 kg af vörunni skal ekki vera minna en 380 g.

Viðauki 2
Hráefni

A. Skilgreiningar

Ávextir:

- Skulu vera ferskir, hæfilega þroskaðir, heilir, óskaddaðir og með öllum mikilvægustu innihaldsefnum sínum, eftir að hafa verið hreinsaðir, snyrtir og blóm fjarlægð. Tómatar, ætir hlutar rabarbarastöngla, gulrætur og sætuhnúðar eru hér taldir til ávaxta.
- „Engifer" merkir þann hluta af rót engiferplöntunnar sem hæfur er til neyslu.

Aldinkjöt:

- Sá hluti af ávöxtum, með eða án hýðis og aldinsteina, sem hæfur er til neyslu og ef til vill skorinn í bita eða stappaður, en ekki maukaður.

Ávaxtamauk:

- Sá hluti af heilum ávexti, afhýddum og/eða steinalausum, sem hefur verið maukaður.

Ávaxtasafi:

- Ávaxtasafi, ávaxtaþykkni og þurrkaður ávaxtasafi í samræmi við kröfur sem setja skal í reglugerð um slíkar vörur.

Ávaxtaseyði:

- Vatnsseyði ávaxta, sem inniheldur alla vatnsleysanlega efnisþætti ávaxtanna sem notaðir eru (með fyrirvara um óhjákvæmilegt tap við framleiðslu).

Sítrusbörkur:

- Börkur sítrusávaxta, hreinsaður, með eða án aldinsteina.

Sykur:
- Sykurvörur sem falla undir reglugerð um sykur og sykurvörur.
- Ávaxtasykur (frúktósi).
- Annar sykur úr ávöxtum.

B. Meðhöndlun
Heimilt er að:
- hita, kæla, frysta, frostþurrka og þykkja þau hráefni sem hér eru skilgreind að undanskildum sykrinum;
- þurrka engifer eða geyma í sykurlausn;
- meðhöndla apríkósur til framleiðslu á sultu með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun;
- leggja kastaníuhnetur stutta stund í bleyti í lausn af brennisteinsdíoxíði eða söltum þess (E 220-224, E 226-227);
- geyma sítrusbörk í saltpækli.

Viðauki 3
Hráefni sem aðeins er heimilt að nota við framleiðslu á tilteknum vörum

Ávaxtasafi	í sultur
Safi sítrusávaxta	í sultur og sultur í sérflokki úr afurðum öðrum en sítrusávöxtum
Rauður ávaxtasafi	í sultur og sultur í sérflokki úr jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum eða plómum
Rauðrófusafi	í sultur og hlaup úr jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rifsberjum eða plómum
Sítrusolíur	í aldinmauk
Börkur sítrusávaxta og blöð af *Pelargonium odoratissimum*	í sultur og hlaup úr kveðum
Neysluhæf olía og fita sem froðueyðir	í allar vörur í viðauka 1
Áfengir drykkir, valhnetur, heslihnetur, möndlur, krydd, kryddjurtir, hunang	í allar vörur í viðauka 1
Vanilla	í sultur og hlaup úr eplum, kveðum eða rósaldinum, aldinmauk
Pektín	í allar vörur í viðauka 1

Nr. 429 21. júlí 1995

REGLUR

um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um vinnu í lokuðu rými sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með lokuðu rými er hér átt við rými þar sem hætta getur verið á súrefnisskorti og/eða lofttegundum yfir hættumörkum vegna ófullnægjandi loftræstingar og þar sem aðgengi er erfitt. Dæmi um lokuð rými eru geymar, katlar, dælurými, eldsneytisgeymar, þurrrými, lagnastokkar, súrheysgryfjur, loðnuþrær og kjallarar.

2. gr.

Vinna í lokuðu rými.

Þegar vinna þarf í lokuðu rými skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir og vinnan skipulögð, undirbúin og framkvæmd þannig að hún ógni ekki öryggi og heilsu starfsmanna.

Sérstaklega skal gæta varúðar við eftirfarandi:

* Málmsuðu og logskurð.
* Málningarvinnu með efnum sem innihalda leysiefni.
* Vinnu þar sem notuð eru eldsneytisdrifin verkfæri.
* Vinnu í rými þar sem hættulegt magn heilsuspillandi, eld- og sprengifimra efna af ólíkum uppruna er til staðar.
* Vinnu í þróm, geymum, gryfjum, djúpum brunnum og kjöllurum þar sem hættulegt gas getur myndast og rutt burt súrefni.
* Vinnu við sandblástur og þar sem mikið ryk myndast.
* Vinnu við hreinsun með hættulegum efnum.
* Vinnu þar sem hlutfall súrefnis er of lágt eða of hátt.

Áður en vinna hefst í lokuðu rými skal leggja mat á þá hættu sem fyrir hendi er. Nauðsynlegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau efni og mengun sem til staðar er. Mæla skal hlutfall súrefnis og skal það vera á bilinu 20-21%. Ekki má hefja vinnu í lokuðu rými þar sem hlutfall súrefnis er lægra en 20% nema með því að nota fullnægjandi ferskloftsbúnað. Sé hlutfall súrefnis hærra en 21% má ekki hefja vinnu þar jafnvel með ferskloftsbúnaði því að auðveldlega getur þá kviknað í hári, fatnaði og öðrum brennanlegum efnum.

Þar sem eldfim efni hafa verið skal mæla gasinnihald. Loft telst gasfrítt þegar það inniheldur minna en 1% af neðri sprengimörkum hins eldfima efnis. Ekki skal veita heimild til þess að fara inn í geymi eða annað lokað rými nema loft innihaldi minna en 5% af neðri sprengimörkum hins eldfima gass. Séu eldfim gös og varasöm efni til staðar eða hlutfall súrefnis of hátt skal ekki hefja vinnu fyrr en rýmið hefur verið loftræst, hreinsað, mælt og það vottað af ábyrgum aðila.

3. gr.

Takmörkun á aðgangi.

Við upphaf vinnu í lokuðu rými getur þurft að girða svæðið af. Í slíkum tilvikum þarf einnig að setja upp greinilegar varúðarmerkingar og bannskilti með upplýsingum um hættur og bönn. Einnig önnur skilti með nafni verktaka og síma og öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar þykja. Brýnt er að halda leiðum að svæðinu opnum. Sé unnið við sprengingar er nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart hruni.

4. gr.

Loftræsting.

Áður en vinna hefst í lokuðu rými skal loftræsta það. Loftræsting skal hefjast jafn skjótt og dyr eða mannop eru opnuð. Besta loftræsting næst sé hægt að opna rýmið bæði að ofan

og neðan til. Eftir aðstæðum skal metið hvort nota skuli útsog eða blása inn fersklofti. Sé um eldhættu að ræða skal blásari sem notaður er vera sprengiþéttur. Séu gufur eða gas þyngri en loft skal nota útblástur frá gólfi. Ef um er að ræða gufur og gas sem eru léttari en loft skal loftræsta ofan frá. Í þrumuveðri skal sýna sérstaka aðgæslu vegna íkveikjuhættu. Við slíkar aðstæður getur þurft að loka vinnurýminu á meðan. Eftir að vinna hefst skal loftræstingu haldið áfram á meðan unnið er í rýminu. Leiki einhver vafi á loftgæðum eða ef ekki er hægt að tryggja næga loftræstingu skal sjá til þess að allir þeir sem fara inn í rýmið séu með ferskloftsbúnað.

5. gr.

Heimild til vinnu.

Vinnuveitanda ber að sjá til þess að lokað rými sé athugað m.t.t. slysahættu og öryggis gagnvart heilsu starfsmanna svo að unnt sé að meta hvort hættulaust sé að vinna þar. Vinnuveitandi eða annar sem hann tilnefnir skal gefa út heimild til vinnu í lokuðu rými.

Heimildin skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

* Rýmið skal hafa verið loftræst og loftræsting tryggð allan tímann sem vinna fer fram.
* Súrefnis- og gasmælingar skulu framkvæmdar við upphaf vinnu.
* Nota skal viðeigandi persónuhlífar.
* Öryggisbelti og lína skal vera fyrir hvern starfsmann.

Þegar unnið er í geymum skal vera:

* Stöðug vakt yfir starfsmönnum og samskiptareglur vaktmanns og annarra starfsmanna ljósar.
* Búnaður við mannop til að ná mönnum upp.

Þar sem eldhætta er til staðar eru eftirfarandi skilyrði sett:

* Brunavarsla skal vera á staðnum.
* Reykköfunartæki skulu vera tiltæk og starfsmenn skulu hafa þekkingu á notkun þeirra.
* Slökkvitæki skulu vera tiltæk.
* Skór skulu vera neistafríir og leiðandi fyrir stöðurafmagn.
* Ekki má nota fatnað úr gerviefnum sem myndar stöðurafmagn við núning.
* Verkfæri skulu vera viðurkennd og neistafrí.
* Handljós og færanleg ljós skulu vera sprengiheld.
* Leiðandi hlutir skulu vera jarðtengdir og vinnupallar, séu þeir notaðir, jarðtengdir með tveimur taugum þannig að ávallt sé önnur taugin tengd.
* Bannað skal að bera á sér eldfæri.
* Öll umferð með óbyrgð ljós og reykingar skulu bannaðar innan 20 m fjarlægðar frá vinnusvæðinu.

6. gr.

Hreinsun.

Við hreinsun á geymum og öðru lokuðu rými skal fara eftir þeim öryggiskröfum sem fyrirhuguð vinna í þeim krefst, t.d. ef raf- eða logsjóða á í lokuðu rými eða ef hreinsa á umhverfis vinnustaðinn þannig að þar sé ekki hætta á íkviknun frá eldfimum efnum. Loftræsta þarf rýmið allan tímann sem hreinsun fer fram. Þegar um er að ræða lofttegundir þyngri en loft þarf loftinntak að vera að ofan og útsog að neðan. Nota skal neistafrí áhöld, persónuhlífar og ferskloftsgrímur eins og við á. Sérstaka aðgæslu skal sýna þegar hreinsun er framkvæmd með háþrýstihreinsun og hið lokaða rými inniheldur eldfimar gufur og gös og

rafhleðsla getur myndast í umhverfinu. Skolun skal framkvæmd með gætni. Séu notaðir jektorar við hreinsun skal jarðtengja rýmið.

7. gr.

Gaseyðing og gaseyðingarvottorð.

Ekki má hefja vinnu við hreinsun, viðgerð eða aðra vinnu í geymi þar sem verið hefur eldfimur eða eitraður vökvi eða gas fyrr en gaseyðing hefur farið fram og í kjölfar þess gas- og súrefnismælingar og Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það viðurkennir gefið út gaseyðingarvottorð. Þó er viðurkenndum eftirlitsaðila við skoðunarstörf eða rannsókn heimilt að fara um vinnusvæðið enda fylgi hann viðeigandi öryggisreglum.

Verði vart við olíu í geymi, t.d. vegna leka frá leiðslum, á meðan vinna stendur yfir svo að ætla megi að olíueimur (gufa) myndist skal þegar stöðva vinnuna og er óheimilt að hefja hana aftur fyrr en nýtt gaseyðingarvottorð hefur verið gefið út af viðurkenndum aðila að undangenginni rannsókn.

Gaseyðingarvottorð skal gefið út af Vinnueftirliti ríkisins eða þeim sem það hefur veitt heimild til slíks. Þeim sem heimilað hefur verið að gefa út slík vottorð skulu hafa nauðsynlega kunnáttu á eðlis- og efnafræðilegum þáttum er varða þau efni sem um er að ræða og þekkja hættu sem af þeim geta stafað. Þá skulu þeir hafa kunnáttu í meðhöndlun þeirra mæla sem notaðir eru og þekkingu á því umhverfi sem unnið er í. Vinnueftirlit ríkisins veitir leyfi til að gefa út gaseyðingarvottorð til 5 ára í senn. Þá skulu þeir mælar sem nota á hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

Gaseyðingarvottorð skal gefið út í þríriti. Skal eitt fest upp á áberandi stað við inngang að vinnustaðnum (lokuðu rýminu) og skal það hanga uppi meðan á vinnu stendur. Eitt skal geymt hjá ábyrgðarmanni verksins sbr. 5. gr. og eitt skal sent til Vinnueftirlits ríkisins.

8. gr.

Undanþágur.

Undanþegnir ákvæðum reglna þessara eru slökkviliðsmenn og björgunaraðilar sem öðlast hafa sérþekkingu og þjálfun á því sviði er þeir sinna enda noti þeir nauðsynlegan hlífðarbúnað.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins með stoð í IV., V. og VI. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 201/1952 um öryggisráðstafanir gegn slysahættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. ágúst 1995.

I. KAFLI
Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.
1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og línu ..... kr. 8 550,00

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar og greiðist við úthlutun. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.
Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.
Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.
Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1–2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.
Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 1 110,00 fyrir heimili og kr. 2 220,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,67 fyrir hvert teljaraskref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama gjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir búnað í símtöð til að senda talningar til notanda kr. 505,00 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.
Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

			kr.
a.	Lengd línuleiðar	0.5–1.0 km	280,00
b.	Lengd línuleiðar	1.0–2.0 km	415,00
c.	Lengd línuleiðar	2.0–4.0 km	695,00
d.	Lengd línuleiðar	4.0–8.0 km	1 675,00
e.	Lengd línuleiðar	yfir 8.0 km	2 230,00

3. Millisambönd.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
3.1.	Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 965,00	545,00
3.2.	Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00	1 205,00
3.3.	Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin	10 325,00	7 120,00
3.4.	Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin	4 035,00	505,00
3.5.	Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð	10 325,00	2 920,00
3.6.	Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð	10 325,00	8 825,00
3.7.	Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 440,00		

4. Þverlínusambönd.

		Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1.	Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum.		
4.1.1.	Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	7 170,00	
4.1.2.	Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	6 820,00
4.1.3.	Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	7 170,00	9 750,00
4.1.4.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	5 920,00
4.1.5.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	7 405,00
4.1.6.	Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	7 170,00	8 880,00

4.1.7. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.1.4.-4.1.6. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.

4.1.8. Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálstjóra í samráði við ráðuneytið.

5. Flutningsgjald.

		Kr.
5.1.	Milli húsa á sama símstöðvarsvæði fyrir hvert númer og venjulegan búnað	4 275,00
	Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í húsi, sem flutt er í.	
5.2.	Milli símstöðvarsvæða	5 290,00

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama símstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 5.1. niður í allt að kr. 2 195,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 725,00 ef 6-12 mánuðir líða á milli.

6. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 800,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 855,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.
Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 710,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 5.1. og 5.2. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi grænns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi langlínusímtöl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur-

og helgartaxta. Fyrir innkomandi staðarsímtöl greiðir rétthafi samkvæmt staðartaxta. Fyrir símtöl til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands. Sá sem hringir í grænt símanúmer greiðir alltaf samkvæmt staðartaxta.

7.1. Stofngjald fyrir þjónustuna 27 715,00
7.2. Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi 11 085,00

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Sérþjónusta á talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.

8.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.

8.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

8.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.

8.1.3. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað.

8.1.4. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

8.1.5. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

8.1.6. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar.
Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn sem þjónustan er notuð.

8.2. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.

8.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
a) Öll símtöl flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.
Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það teljaraskref samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.

8.3. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.

8.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 153,00 á ársfjórðungi.

8.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi.
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.

8.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 153,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.

9. Símatorg.

Heimilt er að símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni sé í eigu rekstraraðilans (SP).

9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 2 220,00. Greitt er fyrir hverja línu.

9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 8 550,00 og ársfjórðungsgjald kr. 4 440,00.

9.3. Ef rekstraraðili notar símsvara í eigu Pósts og síma er greidd leiga kr. 400 000,00 á ári fyrir hverja klukkustund sem notuð er af minni símsvarans. Minnsta gjald er fyrir 10 mínútur. Leigan er einungis fyrir aðgang að símsvarabúnaði og rekstri hans en innifelur ekki neina þjónustu tengda þeim upplýsingum sem eru á símsvaranum.

9.4. Viðskiptagjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatalninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútugjald og skipting er eftirfarandi:

Flokkur	Mínútu-gjald kr.	Hlutur P&S kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	10,01	5,00	5,01	50,0
II	13,35	6,68	6,67	50,0
III	20,03	9,01	11,02	55,0
IV	32,04	12,30	19,74	61,6
V	53,40	17,03	36,37	68,1

Auk þessa er tekið fyrir svarskref sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.

10. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í stafræna símakerfinu er gefinn kostur á að fá sundurliðun yfir símtöl önnur en venjuleg staðarsímtöl. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og fjöldi teljaraskrefa. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

10.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00

10.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00

11. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp með minnst eins mánaðar fyrirvara og skal það gert skriflega.

12. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

1. Stofngjald.

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 555,00.

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.5. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá atvinnurekendum eða verslunum o.s.frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

III. KAFLI
Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands: Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, t < s \\ 1, 2, 3, \ldots t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalningu og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	240 sek.
2		48 sek.
3		32 sek.

1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til 23.00 frá mánudegi til föstudags.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	480 sek.
2		72 sek.
3		48 sek.

1.3. Nætur- og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

Gjaldflokkur		sek. í skrefi
1	staðarsímtöl	480 sek.
2		96 sek.
3		64 sek.

2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

		Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
2.1.	Innan sama númerasvæðis	21,00	7,00
	Milli númerasvæða	36,00	12,00
	Við farsíma	60,00	20,00

2.2. Kvaðning kr. 27,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.3. Afgreiðslugjald: kr. 59,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.

2.4. Boðun í síma: kr. 83,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 42,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaboðunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

2.5. Handvirk vakning kr. 57,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 960,00.

2.6. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 8 sek. fresti.

3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,47 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 27,00.

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	90,00	30,00
Millibylgja (MF)	111,00	37,00
Stuttbylgja (HF)	153,00	51,00

4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	103,05	34,35
Millibylgja (MF)	124,05	41,35
Stuttbylgja (HF)	166,05	55,35

4.3. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt III. kafla; 2.

4.4. Fyrir radíósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
c. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt III. kafla; 2.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir símtöl til útlanda er í gildi næturtaxti frá kl. 23.00 til kl. 08.00 alla daga.

IV. KAFLI
Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 500,00.

1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 2 000,00.

1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf hjá notanda í farsímakerfi er kr. 300,00.

2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir notanda í almenna símakerfinu er kr. 750,00.

2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir faxhólf er kr. 1 500,00.

2.4. Fyrir hringingu í hólfið úr síma í almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir skrefagjald miðað við 12 sek. í skrefi. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist venjulegt

viðskiptagjald frá viðkomandi farsíma. Samsvarandi gjald greiðir rétthafi hólfsins ef kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum. Ef notandi í almenna stafræna símakerfinu vísar yfir í hólf greiðir hann gjald miðað við 12 sek. í skrefi fyrir innkomin skilaboð eða fax en fyrir notanda farsíma í NMT eða GSM er það gjaldfrjálst.

V. KAFLI
Símskeyta- og símatelexgjöld.
1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 66,00 og kr. 3,60 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.

1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 250,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 24,00.

1.3. Veðurskeyti: Kr. 29,00 fyrir hvert skeyti.

1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 77,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálft hraðboðagjald kr. 125,00.

1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 66,00 og hálft hraðboðagjald kr. 125,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.

1.6. Afhending símskeyta.

1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.

1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.

1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.

1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.

1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 250,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 24,00 að auki.

1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 66,00.

b. Línugjald kr. 3,60 á hvert orð.

c. Strandargjald kr. 4,05 hvert orð.

d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
3.2. Sérstök loftskeyti.
3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 29,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 22,00.
3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.
4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.
4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til 21.00 er kr. 75,00.
4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
4.2. Gjald fyrir móttöku.
4.2.1. Símnefni á ári kr. 660,00.
4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 635,00.
4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 150,00.

5. Stöðvartelex.

5.1. Gjald fyrir sendingu.
5.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 150,00.
5.1.2. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 57,00.

VI. KAFLI
Fjarritvélar og gjald fyrir telexritanir.

1. Stofngjald.

		Kr.
1.1.	Númer í telexstöð	15 290,00
1.2.	Bæjarlína	3 820,00
1.3.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer	3 695,00
1.4.	Breyting á telexheiti	1 965,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1.	Númer í telexstöð	2 125,00
2.2.	Bæjarlína	640,00
2.3.	Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega	16 425,00
2.4.	Innbyggður endurgati	2 410,00
2.5.	Innbyggður vélsendir	2 410,00
2.6.	Morsetæki (vélsendir eða vélgatari)	8 810,00
2.7.	Afriðill	1 965,00
2.8.	Tengipúlt	2 485,00

2.9. Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%.
2.10. Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður.
2.11. Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%.

3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

3.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðvar 7 000,00
3.2. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar 10 555,00

4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 2,59 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 6,48 á mínútu.
4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

5. Leiga, uppsögn o.fl.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI
Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínum og notendalínum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.
Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án

tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.
Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7. og 2.1.9. til 2.1.11.

1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfs km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

		Gjald fyrir hvern km	
		2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1.	Tallína	745,00	1 190,00
2.1.2.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Mesti hraði 19,2 Kb/s.	935,00	1 500,00
2.1.3.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Hraði 48–64 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		8 835,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 650,00
2.1.4.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Hraði 128 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		10 606,00
	Gjald fyrir hvern km.		1 987,00
2.1.5.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Hraði 256 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		13 253,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 723,00
2.1.6.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Hraði 512 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		15 903,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 300,00
2.1.7.	Lína fyrir gagnasendingar.		
	Hraði 2 Mb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda		30 923,00
	Gjald fyrir hvern km.		6 600,00
	Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		11 980,00
2.1.8.	Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu	3 065,00	3 435,00
2.1.9.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp.		
	Óháð lengd kr. 51 160,00		
	og að auki fyrir hvern km.		1 025,00

		Gjald fyrir hvern km 2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.10.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 85 260,00 og að auki fyrir hvern km.		1 705,00
2.1.11.	Lína fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin):		
	Gjald fyrir hvern enda, 140 Mb/s.		83 155,00
	Gjald fyrir hvern enda, 70 Mb/s.		49 890,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 858,00
	Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:		
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi		3 613,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi		1 442,00
	Gjald fyrir hvern km.		282,00
	Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:		
	Gjald fyrir hvern enda, sendiendi		4 841,00
	Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi		2 404,00
	Gjald fyrir hvern km.		329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.1.12. Fjarstýringarlína 745,00 1 190,00

2.1.13. Ritsímalína í tónritsíma 385,00

2.1.14. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.12. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.15. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:

2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við miðstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í símakerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í notendakerfi frá endapunktum langlínu, samkvæmt 2.1. Línur samkvæmt þessum lið má ekki nota til að tengja einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Gjald fyrir hvern enda, eða úttak		22 570,00
Gjald fyrir hvern km.		235,00

2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða eða innan gjaldsvæðis. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0–4800	1,10
A2	4801–9600	1,21
A3	9601–19200	1,43
A4	48000–64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

2.2.6. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1,0
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

2.2.7. Lína fyrir sjónvarp, 70 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda	49 890,00
Gjald pr. km.	3 858,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	3 613,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 442,00
Gjald fyrir hvern km.	282,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 841,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 404,00
Gjald fyrir hvern km.	329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.2.8. Lína fyrir sjónvarp, 140 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda	83 155,00
Gjald pr. km.	3 858,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	11 478,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	7 789,00
Gjald fyrir hvern km.	282,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	22 607,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	11 576,00
Gjald fyrir hvern km.	329,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.9., 2.1.10. og 2.1.11. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir línur skv. 2.1.9. og 2.1.10. greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/10 af ársfjórðungsgjaldi, þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist fyrir allar línur nema skv. 2.1.11. 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

Fyrir línur skv. 2.1.11. greiðist eftirfarandi:

Tengigjald fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	13 235,00
Gjald pr. mínútu, 140 Mb/s.	218,00
Gjald pr. mínútu, 70 Mb/s.	130,00
Gjald pr. mínútu/10 km	23,00
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	11,50
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 000,00
Gjald pr. mínútu	13,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,30
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,15

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur fimm sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring. Fyrir línur skv. 2.2.7. greiðist eftirfarandi:

Tengigjald fyrir 70 Mb/s sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	13 235,00
Gjald pr. mínútu	130,00
Gjald pr. mínútu/10 km	23,00
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	11,50
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 000,00
Gjald pr. mínútu	13,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,30
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,15

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

VIII. KAFLI
Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 660,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 150,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI
Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.
Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, kr. 205,00. Sé auk aðalsímnotenda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 350,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t.d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.
Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

2. Skráning í stafrófsskrána.

2.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	350,00
2.2.	Aukanafn í skrá	350,00
2.3.	Aukalína í skrá, hver lína	205,00
2.4.	Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 350,00 + 350,00	700,00

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

3. Skrásetning í atvinnuskrána.

3.1. Skrásetning án sérstaks gjalds. Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

3.2. Skrásetning gegn borgun.
Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 205,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 350,00. Auglýsingalína kostar kr. 205,00.

4. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka upplýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

X. KAFLI
Þjónusta um radíóstöðvar.
1. Viðskiptagjöld.

1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.

1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3. hér að framan.

1.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum. Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1–5 báta	155,00
Fyrir 6–15 báta	285,00
Fyrir 16–30 báta	405,00
Fyrir 31 bát og fleiri	540,00

Ef um leigustöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 285,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 540,00.

1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 77,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.
Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	285,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	425,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	565,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	775,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

XI. KAFLI

Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist 1/5 venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00-08:00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símtækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.

Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t.d. talfærasnúrur o.þ.h., enda hefur Póst- og símamála-

stofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.

2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.

2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 170,00, fyrir enduropnun símasambands.

2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotabímabili.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. ágúst 1995. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. ágúst 1995 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 293 3. júní 1994.

Samgönguráðuneytið, 25. júlí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

21. júlí 1995 Nr. 431

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, að því er tekur til landnotkunar milli Bæjarháls og Hraunbæjar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 21. júlí 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum, er tekur til landnotkunar á landspildu milli Bæjarháls og Hraunbæjar.

Breytt er landnotkun á hluta af landspildu milli Bæjarháls og Hraunbæjar þannig að í stað blandaðrar notkunar íbúðasvæðis og almennrar útivistar komi lóð undir verslun og þjónustu (bensínsala).

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 21. júlí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í samkeppni.

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. ágúst 1995,

I. KAFLI
NMT-farsímakerfið.

1. Farsímaþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1.1. Stofngjald er kr. 9 390,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.

1.2. Afnotagjald er kr. 1 220,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 275,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.

1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 870,00.

1.5. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

1.6. Notkunargjald fyrir hringingar í Símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi Símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.

1.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr NMT-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.

1.8 Fyrir notkun á íslenskum NMT-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.

2. Frístundafarsími.

Frístundafarsími er þjónusta innan NMT-farsímakerfisins þar sem stofngjald og afnotagjald er lægra en fyrir venjulegan farsíma. Hentar vel fyrir þá sem vilja nota símann utan venjulegs vinnutíma og sem öryggistæki í sumarbústöðum og á ferðalögum.

2.1. Stofngjald er kr. 2 000,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess.

2.2. Afnotagjald er kr. 400,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

2.3. Notkunargjald til og frá frístundafarsíma milli kl. 18:00 og 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 á mánudegi er skrefagjald, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrja skref.
Ef hringt er úr frístundafarsíma milli kl. 08:00 og 18:00 virka daga eru 4 sek. í skrefi og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref. Ef hringt er í frístundafarsíma úr almenna símakerfinu eða venjulegum farsíma á sama tíma greiðir sá sem hringir venjulegt farsímagjald.

2.4. Notkunargjald fyrir hringingar í Símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi Símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
2.5. Ef fristundanúmeri er breytt í venjulegt NMT-farsímanúmer þarf að greiða mismun á stofngjaldi.
2.6. Ef venjulegu NMT-farsímanúmeri er breytt í fristundanúmer þarf að greiða kr. 1 870,00.
2.7. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr fristundafarsíma til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
2.8. Fyrir notkun á íslenskum NMT-fristundafarsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi.

3. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustur og eru þær án sérstaks stofngjalds.
3.1. Læsing til útlanda.
3.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.
3.2. Símtalaflutningur.
Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutninga sem eru án afnotagjalds:
a. Flutningur á öllum símtölum.
b. Flutningur ef ekki er svarað.
c. Flutningur ef númer er upptekið.
Rétthafi farsímans greiðir ekkert fyrir símtal sem er flutt úr NMT-kerfinu í almenna símakerfið eða í annað númer í NMT-farsímakerfinu. Ef símtal er flutt í númer í GSM-kerfinu greiðir rétthafi gjald miðað við 20 sek. í skrefi fyrir flutt símtal.

4. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtalsins. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.
4.1. Símtöl til útlanda.
4.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
4.1.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.
4.2. Öll símtöl.
4.2.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
4.2.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.

II. KAFLI
GSM-farsímakerfið.

GSM-farsímakerfið er stafrænt sem gefur möguleika á talsímaþjónustu innanlands, milli landa og á ferðalögum erlendis.

1. Farsímaþjónusta.

1.1. Stofngjald er kr. 3 500,00 fyrir hvert númer og greiðist við úthlutun þess og fær notandi þá afhent SIM-kort, sem er aðgangskort að farsímakerfinu. Notanda í NMT-kerfinu gefst kostur á að gerast notandi í GSM-kerfinu gegn kr. 1 870,00 stofngjaldi, óháð því hvort hann heldur áfram að vera NMT-notandi eða ekki. Ef SIM-kort týnist eða eyðilegst þá þarf að greiða fyrir nýtt kort kr. 1 000,00.
1.2. Afnotagjald er kr. 1 525,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 1 870,00.
1.4. Notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, hvert skref kr. 2,67 og er tekið fyrir hvert byrjað skref. Frá kl. 08:00 til 18:00 mánudag til föstudags eru 8 sek. í skrefi innanlands en 12 sek. á öllum öðrum tímum.
1.5 Notkunargjald fyrir hringingar í Símatorg er samkvæmt gjaldskrá fyrir viðkomandi Símatorg að viðbættum kr. 12,00 fyrir hverja mínútu eða brot úr mínútu.
1.6. Gjald fyrir sjálfvirkt símtal úr GSM-farsímakerfinu til útlanda er eins og gjald til viðkomandi lands úr almenna kerfinu að viðbættum kr. 12,00 á mínútu eða brot úr mínútu.
1.7. Fyrir notkun á íslenskum GSM-farsíma erlendis er greitt samkvæmt gjaldskrá í viðkomandi landi að viðbættu 15% álagi.
1.8. Fyrir innkomin símtöl í íslenskan GSM-farsíma erlendis greiðir rétthafi farsímans símtalagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá frá Íslandi til viðkomandi lands.

2. Sérþjónusta í stafræna farsímakerfinu.

Sækja þarf sérstaklega um sérþjónustur og eru þær án sérstaks stofngjalds.
2.1. Læsing til útlanda.
2.1.1. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00.
2.2. Símtalaflutningur.
Hægt er að fá eftirfarandi tegundir símtalsflutninga sem eru án afnotagjalds ef farsíminn er innanlands:
a. Flutningur á öllum símtölum.
b. Flutningur ef ekki er svarað.
c. Flutningur ef númer er upptekið.

3. Sundurliðun reikninga í stafræna farsímakerfinu.

Rétthafa er gefinn kostur á að fá sundurliðun símtala. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, að slepptum tveimur síðustu stöfum, hvenær, hve lengi símtalið stóð og verð símtals. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.
3.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
3.2. Gjald pr. símtal kr. 1,00.

III. KAFLI
Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón- og talnaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.
Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og notkunargjald.

1. Boðkallsþjónusta.

1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.
1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 4 000,00.
1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 4 000,00.
1.2. Afnotagjald (ársfjórðungsgjald) greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn breyting á afnotagjaldi leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.
1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 890,00.
1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1 110,00.

1.3. Viðtökugjald er kr. 2 700,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.
1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1 110,00.
1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 555,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópkalli.
Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.
1.6. Notkunargjald fyrir hvert boðkall er 3 skref, hvert skref kr. 2,67.

2. Einkaboðtæki.

Einkaboðtæki eru bæði fyrir tón- og talnaboð.
2.1. Skráningargjald: kr. 1 600,00.
2.2. Ársfjórðungsgjald er ekki tekið.
2.3. Notkunargjald er skrefagjald og tekin eru 12 skref fyrir hvert boðkall, hvert skref kr. 2,67.
2.4. Breyting á venjulegu boðkallsnúmeri í einkaboðkallsnúmer kostar kr. 1 600,00.
2.5. Ef einkaboðkallsnúmeri er breytt í venjulegt boðkallsnúmer þarf að greiða kr. 2 400,00.
Áskilinn er réttur til þess að loka einkaboðkallsnúmeri að 2 árum liðnum frá skráningu ef meðaltalsnotkun er minni en nemur 10 boðköllum á mánuði á tímabilinu. Notanda verður tilkynnt um lokunina með 2 mánaða fyrirvara og getur hann þá endurnýjað skrásetningu eða breytt áskrift skv. gr. 2.5.

3. Stafaboðkallsþjónusta.

Með stafaboðkallsþjónustu er hægt að nota Boðkerfið til þess að senda bókstafi og tölustafi til stafaboðtækis, tölustafi til talnaboðtækis og tónboð til tónboðtækis með hjálp tölvu og mótalds.
Samskipti eru um almenna símakerfið. Nota má einföld samskiptaforrit fyrir handvirkan samskiptamáta eða TAP/PET samskiptastaðal fyrir sjálfvirk uppköll. Í fyrstu er aðeins veitt almenn boðkallsþjónusta, stafaboðköll allt að 80 stöfum, talnaboðköll að hámarksfjölda tölustafa í þeirri þjónustu og tónboðköll.
3.1. Stofngjald fyrir stafaboðkallstæki: kr. 3 500,00.
3.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 2 000,00.
3.3. Notkunargjald er skrefagjald, hvert skref kr. 2,67. Hvert skref er 3 sek. og tekið eitt skref við svar.

4. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

4.1. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirkt (venjulega innan nokkurra sek.).
4.1.1. Stofngjald: kr. 1 110,00.
4.1.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 110,00.
4.2. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki, eða öll talnaboðtæki.
4.2.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 11 085,00.

4.2.2. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúmerin í hópnum: kr. 5 545,00.

4.2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópkall: kr. 1 325,00.

4.2.4. Viðskiptagjald fyrir hópkall er skrefagjald, kr. 2,67 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópkall að einhverju eða öllu leyti.

IV. KAFLI
Almenna gagnaflutningsnetið.

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru gögn send í formi pakka, hver með vistfangi viðtakanda. Skiptistöðvar eru víðs vegar um landið og notendur eru ýmist tengdir þeim með beinum línum eða þeir velja sig inn á netið gegnum sjálfvirka símakefið. Í flestum tilvikum þarf mótald á báða enda línunnar sem tengir notanda við skiptistöð. Grunnbandsmótöld fyrir hraða allt að 19200 b/s er hægt að nota á notendalínu, sem er stutt frá næstu gagnanetsstöð (um 3 km). Mótaldið í skiptistöð leggur Póst- og símamálastofnunin til og er gjaldið fyrir það innifalið í gjaldskránni. Notandi leggur til mótald á sinn enda, nema fyrir 64000 b/s hraða, en þá er það innifalið í gjaldskránni. Gjaldskráin nær einungis til gjalda fyrir innanlandsnotkun, en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	14 400	19 200[1]	64 000[2]
Stofngjald kr.	23 280,00	32 150,00	46 565,00	55 435,00	64 305,00	123 190,00

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	14 400	19 200[1]
Stofngjald kr.	13 530,00	16 070,00	18 180,00	21 180,00	24 165,00	26 215,00	28 265,00

1.1.3. Ef breytt er úr X.3/X.28 í X.25 eða hraði aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.

1.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 775,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.5. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með innhringingu greiði skráningargjald sem er kr. 2 215,00.

1.1.6. Skráningargjald fyrir úthringigátt er kr. 2 215,00.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notendalínu samkvæmt staðlinum X.25

Hraði (b/s)	2 400	4 800	9 600	14 400	19 200[1]	64 000[2]
Ársfjórðungsgjald kr.	11 645,00	16 630,00	23 280,00	28 270,00	33 260,00	60 525,00

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

Hraði (b/s)	300	1 200	2 400	4 800	9 600	14 400	19 200[1]
Ársfjórðungsgjald kr.	4 320,00	5 2350,00	5 825,00	6 740,00	7 565,00	8 150,00	8 730,00

1. Gildir einungis þegar hægt er að nota grunnbandsmótald.
2. Á þeim stöðum sem hægt er að veita þjónustu á þessum hraða.

2.1.3. Ársfjórðungsgjald fyrir innhringingu í gagnaflutningsnetið er 880,00 krónur.
2.1.4. Ársfjórðungsgjald fyrir úthringigátt er kr. 880,00.
2.1.5. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist kr. 145,00 á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).
2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.
2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 57 aurar.
2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu ..... 10,4 aurar
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu..... 15,6 aurar
c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.5.), skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,60 á mínútu til viðbótar.
2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu ..... 1,24 eyrir
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu..... 2,40 aurar
Fyrir fyrstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 85% gjald.
Fyrir þar næstu 500 þúsund gagnasneiðar á mánuði er tekið 70% gjald.
Fyrir gagnasneiðar umfram 1500 þúsund á mánuði er tekið 50% gjald.
2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu ..... 5 545 krónur
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu..... 6 320 krónur
Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

3. Sérþjónusta.

3.1. Lokaður hópur um notendalínu.
3.1.1. Stofngjald kr. 6 000,00.
3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 1 275,00.
Skráningargjald er kr. 535,00 og greiðist í hvert sinn sem beðið er um tengingu eða breytingu á tengingu við lokaða hópinn.
3.2. Aðrir möguleikar eru:
Læsing, eftirfarandi kostir bjóðast:
Lokað á öll innkomin uppköll.
Lokað á öll útfarandi uppköll.
Lokað til útlanda.
Lokað frá útlöndum.
Beint val.
Hópnúmer.
Flutningur á samtali.
Viðtakandi greiðir fyrir samtal.
3.2.1. Skráningargjald kr. 625,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn.
3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 153,00 fyrir hvern möguleika.

4. Viðtöku- og flutningsgjald.

4.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er $^1/_2$ stofngjald, háð hraða.
4.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er $^1/_2$ stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
4.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er $^1/_2$ stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

5. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

5.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.
5.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

6. Sundurliðun uppkalla.

Rétthafa í gagnaflutningsnetinu er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt, hvenær og hve lengi sambandið var og fjöldi sendra og móttekinna gagnasneiða. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

6.1. Ársfjórðungsgjald kr. 150,00.
6.2. Gjald pr. samband kr. 1,00.

V. KAFLI

Háhraðanet.

Póst- og símamálastofnunin starfrækir almennt háhraðanet innanlands. Hraði sendinga í netinu er 14,4 Kb/s, 28,8 Kb/s, 64 Kb/s eða 2 Mb/s en á stöðum þar sem skiptistöðvar eru í netinu fást einnig 128 Kb/s, 256 Kb/s og 512 Kb/s. Í umsókn um aðgang að netinu skal tilgreina tegund sendingar og hraða. Notendum er óheimilt að veita öðrum aðila aðgang að netgátt sinni.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir aðgang að Háhraðanetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra hjá notanda með einni ethernettengingu (grunntengingu), einni línu til stöðvar og IP-flutning:

1.1.1.

Hraði	14,4 Kb/s	28,8 Kb/s	64 Kb/s	128 Kb/s	256 Kb/s	512 Kb/s	2 Mb/s
	85 000,00	90 000,00	99 000,00	102 000,00	123 000,00	148 000,00	205 000,00

1.1.2. Ef hraðinn er aukinn skal greiða mismun á stofngjaldi samkvæmt þessari gjaldskrá.
1.1.3. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingu bætast kr. 15 000,00 við 1.1.1.
1.1.4. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 70 000,00 við 1.1.1.
1.1.5. Fyrir ethernettengingu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 50 000,00 við 1.1.1.
1.1.6. Fyrir auka línu til stöðvar verður gjaldið 80% af hvorri tengingu samkvæmt 1.1.1.
1.1.7. Ef valdar eru aðrar skiptareglur en IP hækka gjöldin í 1.1.1. um 10%.
1.1.8. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.

2. Afnotagjald.

2.1. Afnotagjald á ársfjórðungi fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir og miðast við einn leiðstjóra hjá notanda með einni ethernettengingu (grunntengingu), einni línu til stöðvar og IP-flutning:

2.1.1. Hraði	14,4 Kb/s	28,8 Kb/s	64 Kb/s	128 Kb/s	256 Kb/s	512 Kb/s	2 Mb/s
	41 000,00	53 000,00	72 000,00	93 000,00	121 000,00	157 000,00	324 000,00

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

2.1.4. Fyrir ethernettenginu auk grunntengingar í sama leiðstjóra bætast kr. 40 000,00 við 2.1.1.

2.1.5. Fyrir auka línu til stöðvar verður gjaldið 80% af hvorri tengingu samkvæmt 2.1.1.

2.1.6. Ef valdar eru aðrar samskiptareglur en IP hækka gjöldin í 2.1.1. um 10%.

2.1.7. Ef sami aðili notar fleiri en 10 tengingar er veittur afsláttur á eftirfarandi hátt:
Fyrir fyrstu 10 tengingar er tekið fullt gjald.
Fyrir næstu 10 tengingar er tekið 85% gjald.
Fyrir tengingar umfram 20 er tekið 75% gjald.
Ef tengingar eru á mismunandi hraða (verði) skal reikna afslátt af meðalafnotagjaldi tenginga.

3. Skammtímatengingar.

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna háhraðanetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:

3.1. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 60 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi hraða á tengingunni. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 30 daga.

Notendur greiða stofngjald og afnotagjald fyrir línur til skiptistöðva skv. gjaldskrá Pósts og síma fyrir leigulínur.

VI. KAFLI

Gagnahólf.

Notendur tengjast kerfinu annað hvort sem útstöð eða með einkakerfi. Einkakerfi er pósthús hjá notanda sem vinnur samkvæmt X.400 staðli eða öðrum aðferðum t.d. MSMail og cc:Mail. Útstöð tengist gagnahólfakerfinu um Gagnanetið eða sjálfvirka símakerfið og fylgir eitt pósthólf slíkri tengingu. Einkakerfi tengjast gagnahólfakerfinu um Gagnanetið, Háhraðanetið eða sjálfvirka símakerfið. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innan Gagnahólfa og fyrir sérþjónustur. Gjald fyrir flutning milli landskerfa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

1. Stofngjald.

		Kr.
1.	Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi.	
1.1.	Fyrir útstöð	3 330,00
1.2.	Fyrir einkakerfi	16 630,00

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi.

2.1.1. Fyrir útstöð 1 110,00

2.1.2.	Fyrir einkakerfi	5 545,00
2.2.	Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða magneiningu sem er 1024 stafir (bæti).	
2.2.1.	Sending á fyrstu 2048 stöfunum í skeyti, hver eining	5,36
2.2.2.	Sending umfram 2048 stafi í skeyti, hver eining	3,75
2.2.3.	Sending umfram 10240 stafi í skeyti, hver eining	2,14
2.2.4.	Fyrir sendingar umfram 2048 þúsund (2 Mb) stafi á mánuði er veittur 50% afsláttur. Afslátturinn skiptist á magneiningar samkvæmt 2.2.1., 2.2.2. og 2.2.3. eins og hlutfall þeirra af heildareiningafjölda segir til um.	
2.3.	Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.	
2.3.1.	Fyrir útstöð	1,61
2.4.	Geymslugjald er tekið fyrir hverja 1024 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4096 stafirnir án gjalds.	
2.4.1.	Fyrir útstöð	0,43
2.5.	Grunngjald fyrir hvert sent skeyti	2,14
2.6.	Gjald fyir þjónustueiningar. Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar. Tekið er gjald fyrir eftirfarandi:	
2.6.1.	Tilkynning um afhendingu	6,00

3. Sérþjónusta.

Þessi gjöld koma til viðbótar öðrum gjöldum sem áður eru talin.

3.1.	Sending á telexi	
3.1.1.	Gjald fyrir hvert sent telex	15,60
3.1.2.	Gjald fyrir hverja senda 400 stafi	7,30
3.2.	Sending á faxi	
3.2.1.	Gjald fyrir hvert sent fax	15,60
3.2.2.	Gjald fyrir hverja senda 1024 stafi	11,40

4. Sundurliðun reikninga.

Rétthafa er gefinn kostur á sundurliðun yfir uppköll. Í sundurliðun kemur fram hverjum var sent skeyti þ.m.t. telex og fax, hvenær og hve stórt skeytið var. Á sama hátt eru sundurliðaðar tilkynningar um afhendingu. Að auki er sundurliðaður tengitími hvers sambands, þ.e. hvenær og hve lengi það varir og geymslumagn eftir dögum. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

		Kr.
4.1.	Ársfjórðungsgjald	150,00
4.2.	Gjald fyrir hverja færslu	1,00

VII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá sem óskar að fá fjarskiptaþjónustu eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun notendabúnaðar og sambanda.

1.2. Krefjast má þess að notendur fjarskiptaþjónustu setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot þjónustunnar.
1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður við hvaða stöð notendabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer ef það telst nauðsynlegt.
1.4. Verði bilun í fjarskiptavirki eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því þótt fjarskiptasamband rofni um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er sambandið er rofið, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
1.5. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu fjarskiptaþjónustu hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.
1.6. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.
1.7. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um fjarskiptaþjónustu eða útiloka frá fjarskiptum um stundarsakir eða fullu sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu fjarskiptaþjónustunnar eða ef búnaður þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
1.8. Sé samband einhvers notanda óhæfilega oft upptekið að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar getur stofnunin krafist þess að notandinn fallist á lagfæringar.
1.9. Verðskrá sú er póst- og símamálastjóri gefur út fyrir notendabúnað skal liggja frammi á símstöðvum.
1.10. Þeir sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á notendabúnaði eða fjarskiptaneti í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til þjónustunnar og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á notendabúnaði hans.
2.2. Gjalddagi fyrir fjarskiptaþjónustu er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.
2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddaga. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldin samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann er heimilt að beita útilokun fjarskiptasambanda gagnvart þeim notendum sem skulda vangreidd gjöld krónur 1 000,00 eða meira þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald krónur 170,00 fyrir enduropnun sambanda.
2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra er heimilt að beita útilokun frá fjarskiptum fyrirvaralaust nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má fjarskiptasambandi upp um mánaðarmót með minnst eins mánaðar fyrirvara nema þar sem sérákvæði gilda og skal uppsögn vera skrifleg.

VIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 og gengur í gildi 1. ágúst 1995. Reiknast nýju gjöldin fyrir þjónustu veitta 1. ágúst 1995 eða síðar.

Póst- og símamálastofnunin, 26. júlí 1995.

Ólafur Tómasson.

Guðmundur Björnsson.

Nr. 433 20. júlí 1995

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að viðvörun um skaðsemi vörunnar sé skráð á umbúðir hennar skv. ákvæðum 2. - 6. gr. eða 7. gr. reglugerðar þessarar.

Með tóbaki er átt við vörur unnar að öllu leyti eða að hluta til úr tóbaki, svo sem vindlinga (sígarettur), vindla, reyktóbak, neftóbak og munntóbak. Með munntóbaki er átt við allar munntóbaksvörur, að öllu leyti eða að hluta til úr tóbaki, nema þær sem eru ætlaðar til reykinga eða eru tuggðar, sem eru í formi dufts eða fíngerðra agna eða samsettar úr þessum formum, einkum tóbaksvörur í bréfum eða gropbréfum, eða í formi er minnir á matvæli.

2. gr.

Viðvörunin „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu“ skal prentuð eða rækilega fest á mest áberandi stað á umbúðir tóbaks.

Viðvörunin skal vera skýr og læsileg, feitletruð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hætta á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaðar og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Stærð viðvarana skal vera skv. 3. mgr. 3. gr. á umbúðum vindlinga en 2. mgr. 4., 5. og 6. gr. á öðrum tóbaksumbúðum, sbr. 7. gr. um myndmerkingar.

Vindlingar.

3. gr.

Á hlið vindlingapakka skulu prentaðar upplýsingar um tjöru- og nikótíninnihald viðkomandi tegundar samkvæmt ISO-stöðlum 4387 og 3400. Ganga skal úr skugga um nákvæmni slíkra upplýsinga í samræmi við ISO-staðal 8243. Upplýsingarnar skulu vera á

íslensku, prentaðar á hlið pakkans með skýru læsilegu letri sem sker sig frá bakgrunni og þekur a.m.k. 4% flatar.

Á annan af tveimur stærstu flötum vindlingapakka skal prentuð viðvörun samkvæmt lista A á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á pakkningar, innan 5% skekkjumarka.

Viðvörun skv. 2. mgr. skal ásamt viðvörun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 4% af tveimur stærstu flötum vindlingapakkans. Hún skal vera skýr og læsileg, feitletruð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hætta á að hún skemmist þegar pakkinn er opnaður og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir.

Vafningstóbak.

4. gr.

Á öðrum af stóru flötum umbúða vafningstóbaks skal vera viðvörun af lista A á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á umbúðir, innan 5% skekkjumarka.

Viðvörunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Vindlar og reyktóbak.

5. gr.

Á umbúðum vindla, smávindla, píputóbaks og annars reyktóbaks skal vera viðvörun af lista B á fylgiskjali 1. Viðvaranir skulu dreifast jafnt á umbúðir.

Viðvörunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Reyklaust tóbak.

6. gr.

Viðvörunin „Veldur krabbameini“ skal vera á umbúðum reyklauss tóbaks.

Viðvörunin skal prentuð eða rækilega fest á umbúðirnar og skal ásamt viðvörun skv. 2. gr. þekja a.m.k. 1% af heildaryfirborði þeirra. Hún skal vera auðlæsileg og óafmáanleg. Merkingin skal vera á áberandi stað á bakgrunni sem sker sig úr og óheimilt er að hylja hana, brengla eða skipta með öðru rit- eða myndmáli.

Myndmerking.

7. gr.

Viðvörunin „Tóbak hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu“ skal prentuð eða rækilega fest á mest áberandi stað á umbúðir tóbaks. Hún skal vera skýr og læsileg, feitletruð, prentuð á bakgrunn sem sker sig frá á þann hátt að ekki sé hætta á að hún skemmist þegar umbúðirnar eru opnaður og ekki vera prentuð á gagnsæjar umbúðir eða aðrar ytri umbúðir. Viðvörunin skal þekja a.m.k. 4% flatar vindlingapakka en 1% flatar á öðrum tóbaksumbúðum.

Á hlið vindlingapakka skulu prentaðar upplýsingar um tjöru- og nikótíninnihald viðkomandi tegundar samkvæmt ISO-stöðlum 4387 og 3400. Ganga skal úr skugga um

nákvæmni slíkra upplýsinga í samræmi við ISO-staðal 8243. Upplýsingarnar skulu vera á íslensku, prentaðar á hlið pakkans með skýru læsilegu letri sem sker sig frá bakgrunni og þekur a.m.k. 4% flatar.

Á umbúðir sem innihalda tóbaksvörur skal einnig prentuð viðvörun samkvæmt fyrirmynd er birtist sem fylgiskjal 2 með reglugerð þessari. Stærð merkingarinnar skal vera 30x40 mm. Ekki er heimilt að setja merkingar á glært plast eða aðrar ytri umbúðir.

Á vindlingum skulu merkingarnar vera á framhlið eða bakhlið hvers pakka. Í hverri vindlingasendingu, sem kemur til landsins, skulu allar merkingar notaðar jafnt á hverri tegund.

Á vindlum og reyktóbaki (píputóbaki), skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða. Skulu báðar merkingarnar notaðar jöfnum höndum. Á neftóbaki og munntóbaki skulu merkingarnar settar á aðalhlið neytendaumbúða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Tóbaksvarnarnefndar, breytt myndmerkingum. Ákvörðun um slíkt skal birt eigi síðar en 6 mánuðum fyrir gildistöku.

Kostnaður.

8. gr.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar samkvæmt reglugerð þessari.

Viðurlög.

9. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta sektum eða varðhaldi sé brot ítrekað.

Gildistaka o.fl.

10. gr.

Ákvæði 1. - 6. gr. reglugerðar þessarar eru í samræmi við tilskipun 89/622/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum og tilskipun 92/41/EBE um breyting á tilskipun 89/622/EBE.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 499/1984, um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrirmæli um merkingar skv. 2. - 6. gr. eða 7. gr. reglugerðar þessarar skulu þegar koma til framkvæmda þó þannig að framleiðendur hafa frest til 1. ágúst 1996 til að uppfylla fyrirmæli 1. og 2. mgr. 7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Dögg Pálsdóttir.

Fylgiskjal 1

A. Viðvörunarmerkingar á vindlinga og vafningstóbak.
„Reykingar valda krabbameini“
„Reykingar valda hjartasjúkdómum“
„Reykingar valda banvænum sjúkdómum“
„Reykingar valda dauða“
„Reykingar móður á meðgöngu skaða fóstrið“
„Verndið börnin - látið þau ekki anda að sér tóbaksreyk“
„Reykingar þínar eru heilsuspillandi fyrir þá sem eru nálægt þér“
„Ef þú hættir að reykja dregur þú úr líkum á alvarlegum sjúkdómum“
„Reykingar valda fíkn“

B. Viðvörunarmerkingar á vindla og reyktóbak.
„Reykingar valda krabbameini“
„Reykingar valda ólæknandi sjúkdómum“
„Reykingar hafa skaðleg áhrif á þá sem eru nálægt þér“
„Reykingar valda hjartasjúkdómum“

Fylgiskjal 2.
(myndir)

Sígarettur:

Nr.1



Pant. Process Blue

Nr.2



Pant. Red 032

Nr.3



Pant. Purple

Nr.4



Pant. nr.172 (orange)

Nr.5



Pant. Reflex Blue


Nr.6



Pant. Process Black 26

Vindlar og reyktóbak:

Nr.7



Pant. Reflex Blue


Nr.3



Pant. Purple

Neftóbak og munntóbak:

Nr.8



Pant. Red 021

Pant.= Pantone

GJALDSKRÁ

vegna skoðunar leiguíbúða.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. júní 1995 eftirfarandi gjaldskrá vegna skoðunar leiguíbúða, sbr. 69. gr. laga nr. 36/1994:

Útseld vinna tæknimanns m/vsk 1 1/2 klst. á kr. 3.750	kr.	5.175
Boðun annars aðila með símskeyti	kr.	600
Afgreiðsla beiðna, eyðublöð, símaþjónusta	kr.	725
Akstur	kr.	500
	Samtals kr.	7.000

Borgarstjórinn í Reykjavík, 20. júlí 1995.

Hjörleifur B. Kvaran.
e.u.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningar- og styrktarsjóð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og styrktarsjóður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, stofnaður að tilhlutan stjórnar sparisjóðsins og staðfest af aðalfundi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10.000.000 -tíu milljónir króna-. Þar af skal bundið stofnfé vera kr. 1 milljón með hæstu vöxtum og verðtryggingu Bakhjarlsreikninga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar á íslenskri lista- og menningarstarfsemi í Reykjavík og nágrenni, svo og að styðja þar heilbrigðis- og líknarmál.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til tveggja ára í senn og skulu þeir tilnefndir af stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxtatekjur.

7. gr.

Stjórn Menningar- og styrktarsjóðs ráðstafar fé, og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum aðila búsettum í Reykjavík og nágrenni. Árleg úthlutun má þó aldrei skerða bundið stofné kr. 1 milljón sbr. 2. gr.

8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða að leggja sjóðinn niður. Meirihluti stjórnar Menningar- og styrktarsjóðs Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur gert tillögur til breytinga á skipulagsskránni til aðalfundar sparisjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarmála í Reykjavík, skv. nánari ákvörðun aðalfundar.

Áður en þær breytingar sem að framan greinir koma til framkvæmda þarf til samþykki ráðherra sbr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. júlí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 436 20. júlí 1995

AUGLÝSING

um friðlýsingu æðarvarps og sellátra í Strandasýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Strandasýslu, umdæmis sýslumannsins á Hólmavík.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Strandasýslu.

Sýslumaðurinn á Hólmavík, 20. júlí 1995.

Hjördís Hákonardóttir, sett.

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1995

31. júlí 1995 1093 Nr. 437

REGLUGERÐ

um refa- og minkaveiðar.

Orðskýringar.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Friðun: Bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr viðkomu refa eða minka.

Veiðar: Að handsama eða drepa refi og minka.

Tjón af völdum refa og minka: Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

Markmið og umsjón veiða.

2. gr.

Veiðistjóri hefur umsjón með opinberum aðgerðum til að meta og draga úr tjóni af völdum refa og minka. Í því skyni stundar veiðistjóri hagnýtar rannsóknir í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar stofnanir eða einstaklinga eftir því sem þörf krefur. Niðurstöður rannsókna skulu birtar opinberlega og lagðar til grundvallar aðgerðum til að draga úr tjóni af völdum refa og minka.

3. gr.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl um allt land, nema á svæðum þar sem veiðar eru bannaðar skv. sérstökum reglum sem settar eru á grundvelli laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 1. viðauka.

Heimilt er að veiða mink allt árið um land allt, nema á svæðum þar sem umhverfisráðherra hefur auglýst friðun hans tímabundið í rannsóknaskyni og á svæðum þar sem veiðar

Gutenberg

eru bannaðar skv. sérstökum reglum sem settar eru á grundvelli laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, sbr. 1. viðauka.

Á eignarlöndum eru refa- og minkaveiðar einungis heimilar með leyfi veiðiréttarhafa.

4. gr.

Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóra, að veiðar séu nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum refa og minka er sveitarstjórn skylt að ráða skotmenn til grenjavinnslu og minkaveiða árlega. Svæði sem hér um ræðir eru tilgreind í 2. viðauka. Eigi fleiri sveitarfélög sameiginlegt upprekstrarland skulu sveitarfélög fela stjórn viðkomandi upprekstrar- eða fjallskilafélags umsjón veiðanna.

Telji sveitarstjórn og veiðistjóri ekki þörf á að stunda grenjavinnslu og minkaveiðar á hluta þeirra svæða sem tilgreind eru í 2. viðauka er þeim heimilt með samþykki umhverfisráðherra að gera með sér samkomulag um takmörkun veiða á svæðinu.

Eftirlit með því að sveitarfélög sjái um refa- og minkaveiðar er í höndum veiðistjóra.

Sérákvæði um refaveiðar.

5. gr.

Á grenjatíma, sem telst vera frá 1. maí til 31. júlí, eru refaveiðar heimilar skotmönnum sem ráðnir eru til grenjavinnslu skv. 4. gr. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Skal viðkomandi tilkynna skotmönnum ráðnum skv. 4. gr. um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Skotmenn sem ráðnir eru samkvæmt 4. gr. skulu einnig vera til reiðu á grenjatíma ef refir valda tjóni og greni þeirra finnast eigi.

Þar sem veiðistjóra og sveitarstjórn þykir betur henta má skipuleggja refaveiði að vetrarlagi í stað grenjavinnslu.

6. gr.

Menn sem ráðnir eru til grenjavinnslu skulu aðeins leita einu sinni á hverju sumri á hverju þekktu greni á viðkomandi svæði.

Telji sveitarstjórn þörf á að leita áður óþekktra grenja skal haft um það samráð við veiðistjóra og skal kostnaðaráætlun samþykkt af veiðistjóra áður en leit hefst.

Grenjaskyttur skulu vera vel vopnum búnar og kappkosta að vinna hvert greni á sem stystum tíma.

Séu dýrabogar lagðir fyrir yrðlinga í grenjum skal búa þannig um bogana að sem minnst hætta sé á að yrðlingar meiðist. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr. Ekki má yfirgefa greni þar sem bogar hafa verið lagðir fyrir yrðlinga. Yrðlingar skulu aflífaðir á skjótvirkan hátt.

7. gr.

Skylt er að ganga vel um greni og skilja þar ekkert rusl eftir. Heimilt er að merkja greni með því að hlaða smávörðu eða byrgi í námunda við það.

Óheimilt er að eyðileggja greni.

Ekki má láta hunda hlaupa um á greni á grenjatíma né hafa þar óþarfa umgang.

Sveitarstjórnir skulu halda skrá yfir öll þekkt greni og er grenjaskyttum skylt að viðhalda henni með upplýsingum um ný greni sem þeir kunna að finna. Afrit af grenjaskrá skal vera í vörslu veiðistjóra.

Sérákvæði um minkaveiðar.

8. gr.

Menn sem ráðnir eru til minkaveiða skulu að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní. Þar sem sveitarstjórn og veiðistjóra þykir betur henta má skipuleggja minkaveiðar á öðrum árstímum.

Skylt er að ganga þannig um minkabæli að ekki hljótist landspjöll af.

Ráðnir minkaveiðimenn skulu leita meðfram sjó, ám og vötnum þar sem líklegt telst að minkabæli finnist.

Minkaveiðimenn skulu vera vel tækjum búnir og hafa með sér vana minkaveiðihunda ef þess er nokkur kostur.

Séu gildrur lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ef fótbogar og dauðagildrur eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt. Gerðir fótboga og gildra skulu hafa hlotið samþykki ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

Leiðbeiningar og uppgjör vegna veiða.

9. gr.

Skylt er veiðistjóra að leiðbeina grenjaskyttum og minkaveiðamönnum, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, um veiðiaðferðir, veiðitækni og búnað við veiðar. Veiðistjóri skal og veita allar upplýsingar og aðstoð sem tök eru á, halda námskeið fyrir veiðimenn eftir þörfum og gera tilraunir með ný tæki og veiðiaðferðir.

Grenjaskyttur og minkaveiðmenn, sem sveitarfélög semja við um refa- og minkaveiðar, skulu í starfi stuðla að aukinni þekkingu á refum og minkum í samvinnu við veiðistjóra og láta í té sýni úr felldum dýrum sér að kostnaðarlausu, fari veiðistjóri fram á það eða aðrir sem hann samþykkir.

10. gr.

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa grenjaskyttna og minkaveiðimanna og verðlauna fyrir löglega unna refi og minka. Verðlaun fyrir unnin dýr skulu aðeins greidd sé skott af hverju unnu dýri lagt fram til sönnunar. Gildir þetta jafnt um ráðnar grenjaskyttur og minkaveiðimenn sem aðra.

Vilji veiðimaður hagnýta sér skinn af unnu dýri getur hann sannað veiði sína með því að leggja skinnið fram hjá sveitarstjórn. Skal þá skinnið auðkennt með merkibleki á innanvert skottið og skal stungið í merkið með oddhvassri nál.

Við uppgjör skulu grenjaskyttur og menn sem ráðnir eru til minkaveiða leggja fram sundurliðaða reikninga og útdrátt úr dagbók þar sem skráð er hvar og hvenær grenjaleit og veiðar fóru fram. Skulu afrit af kvittunum og útdráttur úr dagbók fylgja árlegu reikningsyfirliti til veiðistjóra, sbr. 11. gr.

11. gr.

Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst næsta ár. Skylt er oddvitum, sveitarstjórum, bæjarstjórum og öðrum þeim, er sjá um framkvæmd refa- og minkaveiða, að senda veiðistjóra skýrslu um veiðina ásamt reikningsyfirliti innan 6 vikna frá lokum uppgjörstímabils.

Veiðistjóri endurskoðar reikninga vegna refa- og minkaveiða. Urskurði veiðistjóri að reikningar séu réttir og hóflegir endurgreiðir ríkissjóður viðkomandi sveitarfélagi helming útlagðs kostnaðar við veiðarnar.

Veiðistjóri skal árlega birta upplýsingar um veiðarnar og kostnað við þær.

Vanræki sveitarstjórn að framfylgja fyrirmælum þessarar greinar er umhverfisráðherra heimilt að svipta það sveitarfélag framlagi því úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir í reglugerðinni, eitt ár í senn.

Refsiákvæði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, upptöku skotvopna og sviptingu veiðileyfis, sbr. 19. gr. laga nr. 64/1994. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

Heimildarákvæði.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7., 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358/1994 um að aflétta friðun refa og um veiðar á refum og minkum.

Umhverfisráðuneytið, 31. júlí 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigurður Á. Þráinsson.

1. VIÐAUKI

Friðlýst svæði, skv. lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd, þar sem veiðar eru óheimilar, sbr. 10. gr. laga nr. 64/1994.

Heiti	Eðli friðlýsingar	Auglýsing í Stjórnartíð.
Ástjörn	friðland	189/1978
Borgir	náttúruvætti	269/1981
Búðahraun	friðland	357/1979
Díma í Lóni	náttúruvætti	523/1975
Dverghamrar	náttúruvætti	446/1987
Eldey	friðland	119/1974
Esjufjöll	friðland	188/1978
Geitland	friðland	283/1988
Grótta	friðland	131/1984
Gullfoss	friðland	141/1979
Herdísarvík	friðland	121/1988
Hornstrandir	friðland	332/1985
Hraunfossar og Barnafossar	náttúruvætti	410/1987
Húsafellsskógur	friðland	217/1974
Hvannalindir	friðland	32/1973

Ingólfshöfði	friðland	388/1978
Jökulsárgljúfur	þjóðgarður	359/1993
Kringilsárrani	friðland	524/1975
Melrakkaey	friðland	118/1974
Skaftafell	þjóðgarður	319/1984
Skógarfoss	náttúruvætti	477/1987
Spákonufellshöfði	fólkvangur	444/1980
Surtsey	friðland	122/1974
Varmárósar	friðland	506/1987
Víghólasvæðið	náttúruvætti	778/1983
Þjórsárver	friðland	507/1987

2. VIÐAUKI

Svæði þar sem refa- og minkaveiðar skulu stundaðar, sbr. 12. gr. laga nr. 64/1994.

Til þess að draga úr tjóni af völdum refa og minka skal stunda skipulega grenjaleit, grenjavinnslu og minkaveiðar um allt land á öðrum svæðum en þeim sem óheimilt er að veiða á, sbr. 1. viðauka, og á svæði á miðhálendi landsins sem afmarkast af línu er hugsast dregin milli eftirtalinna hnita, sbr. kort Landmælinga Íslands:

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla

1. ÞÓRISJÖKULL, hæðarpunktur 1350
2. EIRÍKSJÖKULL, hæðarpunktur 1675
3. VEIÐITJÖRN, vesturendi

Vestur- og Austur-Húnavatnssýsla

4. HALLDÓRSHÓLL, hæðarpunktur 475
5. SAUÐAFELL, hæðarpunktur 679

Skagafjarðarsýsla

6. SANDFELL, hæðarpunktur 827

Suður-Þingeyjarsýsla

7. SANDMÚLAVATN, norðurendi
8. BLÁFJALL, hæðarpunktur 1222
9. BÚRFELL, hæðarpunktur 953
10. ÁRMÓT JÖKULSÁR Á FJÖLLUM OG SKARÐSÁR

Norður-Múlasýsla

11. ÞRÍHYRNINGUR, hæðarpunktur 958
12. ÁRMÓT SAUÐÁR OG JÖKULSÁR Á BRÚ

Suður-Múlasýsla

13. ÞRÁNDARJÖKULL, hæðarpunktur 1248
14. HOFSJÖKULL, hæðarpunktur 1190, sýslumörk

Austur-Skaftafellssýsla
15. EFSTAFELL, hæðarpunktur 1275
16. MÁFABYGGÐIR, hæðarpunktur 1440
17. FREMRIMENN, hæðarpunktur 834

Vestur-Skaftafellssýsla
18. HOLTASKER, hæðarpunktur 834
19. LEIÐÓLFSFELL, hæðarpunktur 548
20. EINHYRNINGUR, hæðarpunktur 684
21. SANDFELL, hæðarpunktur 597

Rangárvallasýsla
22. ENTA, hæðarpunktur 1350
23. HEKLA, hæðarpunktur 1491
24. HRAUNEYJARFOSS Í TUNGNAÁ

Árnessýsla
25. LAMBAFELL, hæðarpunktur 714
26. BLÁFELL, hæðarpunktur 1204
27. ELDBORGIR Í LAMBAHRAUNI, hæðarpunktur 678, hreppamörk
28. SKJALDBREIÐUR, hæðarpunktur 1060, bein lína í hnit 1

Undantekning er þó gerð að því er varðar minkaveiðar (A) í Herðubreiðarfriðland, sbr. auglýst mörk friðlandsins í auglýsingu nr. 272/1974 í B-deild Stjórnartíðinda og (B) í Veiðivötnum í Rangárvallasýslu, á svæði sem takmarkast af eftirfarandi hnitum:

I. HÓFSVAÐ í Tungnaá
II. FONTUR, hæðarpunktur 738
III. TUNGNAÁ við Jökulvatn (Jökullón) með vesturbakka Tungnaár í hnit I.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1995

2. ágúst 1995 1099 Nr. 438

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996 skal leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

			Utan aflamarks			
		Leyfilegur heildarafli 1995/1996	**Línu-afli 1995/1996**	**Til jöfnunar 1995/1996**	**Króka-bátar 1995/1996**	**Úthlutað aflamark 1995/1996**
		Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	155.000	13.810	11.070	21.500	108.620
2.	Ýsa	60.000	3.190	2.350	2.000	52.460
3.	Ufsi	70.000		2.741	1.500	65.759
4.	Karfi	65.000		2.545		62.455
5.	Grálúða	20.000		785		19.215
6.	Skarkoli	13.000		511		12.489

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 74, nr. 438. Útgáfudagur 3. ágúst 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1995

Nr. 439 1100 26. júlí 1995

AUGLÝSING

um fjölda kennslustunda í 1. - 10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina. (Viðmiðunarstundaskrá).

1. gr.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 228/1994 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina. Auglýsingin gildir frá og með skólaárinu 1995 - 96, þar til öðruvísi verður ákveðið.

2. gr.

Heildarfjöldi vikulegra nemendastunda í 1. - 10. bekk grunnskóla skal að lágmarki vera þessi:

1.	*2.*	*3.*	*4.*	*5.*	*6.*	*7.*	*8.*	*9.*	*10.*	*bekkur*
26	*27*	*27*	*27*	*30*	*32*	*34*	*35*	*35*	*35*	*stundir*

3. gr.

Skipting nemendastunda á námsgreinar og námsár:

TAFLA: Skipting nemendastunda á námsgreinar og námsár.

BEKKUR	1.	2.	3.	1.-3. b. samt.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	1.-10. b. samt.	
ÍSLENSKA	x	x	x		6	6	6	6	5	5	5		
STÆRÐFRÆÐI	x	x	x		4	4	4	4	4	4	5		
				30								95	37,7%
MYND- OG HANDMENNT	x	x	x		4	4	4	4	4	4			
HEIMILISFRÆÐI	x	x	x		1	1	1	2	2	2			
TÓNMENNT	x	x	x		1	1	1	1	1	1			
				15								54	21,4%
SAMFÉLAGSFRÆÐI	x	x	x			3	3	3	2	2	(2)		
KRISTIN FRÆÐI	x	x	x		4	1	1	1	1	1			
NÁTTÚRUFRÆÐI	x	x	x			2	2	2	3	3	(2)		
DANSKA							2	2	3	3	4		
ENSKA								2	3	3	4		
				9								73	29,0%
ÍÞRÓTTIR	x	x	x		3	3	3	3	3	3	3		
				9								30	11,9%
BUNDNAR STUNDIR SAMTALS	21	21	21		23	25	27	30	31	31	25	252	81,8%

Gutenberg

TIL RÁÐSTÖFUNAR SKÓLA	6	6	7	4	5	5	4	4	4	10	56	18,2%
LÁGMARKS-NEMENDASTUNDIR	26	27	27	27	30	32	34	35	35	35	308	

Til viðbótar fá skólar eða skólahverfi nemendastundir til:
SÉRKENNSLU (Sbr. reglugerð um sérkennslu)
AÐ SKIPTA BEKKJUM (Sbr. 7. gr. a) og b) liður)
SKÓLASAFNSKENNSLU (Sbr. 7. gr. c) liður)

Skýringar:

Í 1. - 3. bekk er sýndur æskilegur stundafjöldi að meðaltali á viku í greinaflokkum. Krossar sýna að kenna skal umræddar greinar á hverju námsári. Innbyrðis hlutföll milli námsgreina í þessum bekkjum er ákvörðunarefni hvers skóla. Mælt er með því að beitt sé sveigjanlegum kennsluháttum og skólastarfið sé skipulagt þannig að möguleikar samkennslu og samþættingar nýtist sem best.

Hlutfall greinaflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals og miðað er við 40 mín. kennslustundir. Stundir sem tilgreindar eru á tiltekinn bekk í einstökum námsgreinum eru lágmarks viðmiðunarstundir. Lágmark nemendastunda er sá vikulegi kennslustundafjöldi sem hver nemandi á rétt á.

Áherslur í skólastarfi geta breyst frá einu ári til annars. Sé ekki haldið uppi þeirri lágmarkskennslu sem bundnar stundir segja til um í tiltekinni grein eða greinasviði eitt árið þarf að auka hana síðar. Enda þótt bundnum stundum sé dreift á námsár, er það gert til viðmiðunar. Ekki þarf að fylgja þeirri skiptingu út í æsar fyrir hvert námsár heldur er ætlast til að áherslur í grunnskólanáminu í heild eða áföngum þess séu sem næst því sem hér er tilgreint. Suma námsþætti má t.d. kenna í námskeiðsformi eða skipuleggja tveggja til þriggja ára nám í tiltekinni námsgrein á þann hátt að meginþunginn komi á eitt ár.

Stundir til sundkennslu eru meðtaldar í stundum til íþrótta (sjá reglugerð um sundnám nr. 395/1986)

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á t.d. ef ekki fæst kennari í námsgrein eða aðstaða er ekki fyrir hendi og útilokað að ráða bót á því, getur fræðslustjóri heimilað skóla tímabundnar undanþágur frá því að uppfylla þá lágmarkskennslu í námsgreininni sem bundnar stundir segja til um.

Fræðslustjóri getur einnig heimilað að bundnar stundir sem ætlaðar eru námsgrein sem af óviðráðanlegum ástæðum er ekki hægt að kenna, séu notaðar til annarrar kennslu. Slík heimild er ekki veitt tvö ár í röð án þess að fyrir liggi áætlun um hvernig leysa skuli umræddan vanda.

5. gr.

Stundir til ráðstöfunar eru ekki ætlaðar sem skiptistundir.

Stundir til ráðstöfunar eru einkum ætlaðar til kennslu þeirra námsþátta sem greint er frá í 17. kafla aðalnámskrár og ákveður hver skóli fyrir sig hvernig þessum stundum er ráðstafað til kennslu.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til að auka kennslu í þeim námsgreinum sem tilgreindar eru í í 3. gr.

Mælst er til þess að skólar noti hluta af stundum til ráðstöfunar í umsjónarkjarna handa umsjónarkennurum bekkja til að fjalla með nemendum um námið, tilgang þess og gildi.

Stundir til ráðstöfunar má einnig nota til skólasafnsfræðslu umfram það sem gert er ráð fyrir í 8. grein c) lið eða fyrir 1. - 5. bekk.

Í 9. bekk má verja stundum til ráðstöfunar í valgreinar.

Í 10. bekk eru stundir til ráðstöfunar m.a. ætlaðar til valgreina, sbr. 8. gr. b) lið og reglur um valgreinar.

6. gr.

Miða skal við að hlutföll milli námsgreina og greinaflokka séu sem næst því sem sýnt er í 3. grein. Hlutföll milli flokka námsgreina eru reiknuð út frá samtölu bundinna stunda. Þessum stundum getur skóli breytt með stundum til ráðstöfunar.

7. gr.

Í 10. bekk mynda íslenska, stærðfræði, enska, danska og íþróttir kjarna.

Til viðbótar kjarna velja nemendur minnst 4 vikustundir í samfélagsgreinum (sögu, landafræði, félagsfræði) og/eða náttúrufræði (eðlis- og efnafræði, líffræði).

Úr öðrum valgreinum sem skólinn býður fram velja nemendur 10. bekkjar þar til náð er samtals 35 vikustundum að lágmarki.

8. gr.

Auk þeirra stunda sem taldar eru í 3. gr. hafa skólahverfi stundir til ráðstöfunar sem hér segir:

a) Í skólahverfum þar sem 12 nemendur eða fleiri eru í bekk (einn aldursflokkur eða fleiri) reiknast stundir til að skipta bekkjardeildum - einkum í verklegri kennslu- eins og hér segir:

Í 1. - 3. bekk 1 vikustund á hverja 24 nemendur.

Í 4. - 9. bekk 3,5 vikustundir á hverja 24 nemendur.

Skólum er heimilt að færa skiptistundir milli árganga ef henta þykir. Séu nemendur færri en 12 í bekk fær skólahverfið ekki skiptistundir samkvæmt þessari grein.

b) Stundir vegna valgreina í 10. bekk sem reiknast samkvæmt reglunni:

$$\left(\frac{\text{Fjöldi nem. í árgangi}}{17} - \text{fjöldi deilda}\right) \times 12$$

Stundir til valgreina verða þó aldrei færri en 4 í skólahverfi sem hefur 10. bekk.

c) Stundir til reglubundins hópnáms í skólasafni undir leiðsögn kennara. Hverjum skóla er reiknuð ein vikustund á hverja 30 nemendur í 6. - 10. bekk.

9. gr.

Við ákvörðun fjölda kennslustunda sem ríkissjóður greiðir samkvæmt reglum þessum er miðað við nemendafjölda í einstökum bekkjardeildum sem hér segir:

Í 1. og 2. bekk 22 nemendur.

Í 3. - 10. bekk 28 nemendur.

Fræðslustjóri getur þegar sérstaklega stendur á, ákveðið hækkun á þessum viðmiðunartölum um allt að 2 nemendur í bekk þannig að hámarksfjöldi í 1. og 2. bekk getur orðið 24 og í 3. - 10. bekk 30 nemendur.

Í fámennum skólum þar sem aldursflokkar í 1. - 8. bekk eru saman í deildum skal miðað við að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

8 nemendur ef aldursflokkar eru fleiri en fjórir
12 nemendur ef aldursflokkar eru fjórir
17 nemendur ef aldursflokkar eru þrír
22 nemendur ef aldursflokkar eru tveir.

Í 9. og 10. bekk skal miða við að deildir séu ekki færri en aldursflokkar þeir sem sækja þessa bekki skólans. Til þess að 9. og 10. bekk verði haldið uppi í skólahverfi mega nemendur í þessum deildum þó ekki vera færri en 12 að meðaltali, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Í fámennum skólum þar sem nemendur í 1. - 8. bekk eru saman í deildum, skal miða við að heildarstundafjöldi og innbyrðis hlutföll milli námsgreina séu sem næst því sem segir í 2. og 3. gr.

11. gr.

Kennsluáætlanir skóla samkvæmt reglum þessum skulu staðfestar af fræðslustjóra áður en til framkvæmda kemur.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

2. ágúst 1995 Nr. 440

REGLUGERÐ

um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

1. gr.

Í sveitarfélagi þar sem metin hefur verið hætta á ofanflóðum gerir sveitarstjórn tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggja á samkvæmt aðalskipulagi. Tillögunum fylgi teikningar, uppdrættir og aðrar upplýsingar þannig að meta megi gæði og varnaðaráhrif varnarvirkja. Auk þess skulu fylgja uppdrættir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni hverju varnarvirkin eru talin breyta um mörk hættusvæða, og útreikningar því til stuðnings. Upplýsingar um tölu og tegund fasteigna sem á að verja skulu enn fremur fylgja.

Varnarvirki skulu að jafnaði reist nema kostnaður við gerð þeirra sé talinn hærri en kostnaður við kaup eða flutning húseigna, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að gera tillögu um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki ef það er talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Tillögunum fylgi kostnaðaráætlun þar sem gerður er samanburður á kostnaði við kaup eða flutning á húsum og kostnaði við gerð varnarvirkja.

3. gr.

Tillögur sveitarstjórna skv. 1. og 2. gr. skulu lagðar fyrir Almannavarnir ríkisins sem fara yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir og sannreyna gildi þeirra. Almannavarnir skulu

hafa tekið afstöðu til tillögu innan átta vikna frá því hún barst nema mál sé sérstaklega umfangsmikið og skulu Almannavarnir í því tilviki tilkynna sveitarstjórn um það fyrirfram og hversu langan tíma vænta megi að meðferð Almannavarna muni taka.

Tillögur öðlast gildi að fengnu samþykki Almannavarna ríkisins og staðfestingu félagsmálaráðherra.

4. gr.

Sveitarstjórnir annast framkvæmdir við gerð varnarvirkja og samninga um kaup eða flutning á húseignum í samræmi við staðfestar áætlanir. Náist ekki samkomulag um kaup á húseign er sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi. Um framkvæmd eignarnáms fer samkvæmt lögum um það efni, nr. 11/1973.

Framkvæmdir við varnarvirki skulu unnar á grundvelli útboða þar sem því verður við komið. Almannavarnir ríkisins skulu fylgjast með framkvæmdum við varnarvirki.

5. gr.

Ofanflóðasjóði er heimilt að greiða allt að 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, kaup á löndum, lóðum og húseignum og kostnaði við flutning húseigna.

Félagsmálaráðherra ákveður úthlutun að fengnum tillögum Almannavarna ríkisins. Ráðherra er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr ofanflóðasjóði sem nemur kostnaðarhlut þeirra enda sé viðkomandi sveitarfélagi fjárhagslega ofviða að leggja fram sinn kostnaðarhlut. Um lánskjör fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Greiðslur ofanflóðasjóðs miðast við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Við ákvörðun þess skal ekki tekið tillit til hækkana á markaðsverði sem rekja má til ákvörðunar um kaup á húseignum á hættusvæði. Rísi ágreiningur um hvað sé markaðsverð samkvæmt framansögðu getur húseigandi, sveitarfélag eða ofanflóðasjóður leitað álits dómkvaddra matsmanna. Þeir skulu vera tveir og tilnefndir hverju sinni af héraðsdómi í því umdæmi þar sem húseign er.

Heimilt er að miða greiðslur sjóðsins við framreiknað kaupverð húseignar sem keypt hefur verið á síðustu árum, ásamt mati á kostnaði núverandi eiganda af endurbótum hennar, ef fyrir liggur að staðsetning húseignar á hættusvæði eða í námunda við það hefur haft áhrif til lækkunar kaupverðs.

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu við brunabótamat húseignar og kostnað vegna nýrra gatnagerðargjalda. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð skal miða við endurstofnverð.

Náist ekki samningar milli sveitarfélags og húseiganda þannig að til eignarnáms kemur miðast greiðslur sjóðsins við fjárhæð eignarnámsbóta.

Greiðslur skulu inntar af hendi til sveitarfélags samkvæmt samkomulagi Almannavarna ríkisins og sveitarfélags. Sveitarfélögin annast greiðslur til húseigenda.

7. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir ekki kostnað vegna kaupa á löndum og lóðum nema það sé nauðsynlegt vegna bygginga varnarvirkja.

8. gr.

Greiðslur ofanflóðasjóðs vegna flutnings á húseignum miðast við kostnað við flutninginn og kostnað við að koma húsi fyrir á nýjum stað enda hafi verið leitað hagkvæmustu leiða í því sambandi. Sjóðurinn greiðir ekki vegna kaupa á húseign sem unnt er að flytja nema flutningskostnaður sé metinn hærri en kaupverð.

9. gr.

Eigandi keyptra húseigna er viðkomandi sveitarsjóður. Hann ber ábyrgð á viðhaldi og rekstri húseigna og getur tekið ákvörðun um að hús skuli eyðilagt.

Ofanflóðasjóður endurgreiðir ekki kostnað sem leiðir af 1. mgr.

10. gr.

Nýting keyptra húseigna er háð samþykki Almannavarna ríkisins og lögreglustjóra.

Sveitarfélagi er óheimilt að selja húseign sem keypt hefur verið nema með leyfi Almannavarna ríkisins. Ef sala er heimiluð skal andvirði sölunnar renna til ofanflóðasjóðs í sömu hlutföllum og greiðsluhlutur sjóðsins var.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 14. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerð þessi skal tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1996 með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hennar.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1995.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

1. ágúst 1995 Nr. 441

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar við austurbrún Skíðabrautar, Hafnarbrautar og Gunnarsbrautar.
2. Sognstún verður lokað fyrir gegnumakstri.

Fyrrnefndar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með umferðarmerkjum og merkingum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. ágúst 1995.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ

um góðar starfsvenjur við rannsóknir.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til skoðunar og sannprófunar á aðstæðum og aðferðum sem notaðar eru við undirbúning, framkvæmd, skráningu og skýrslugerð við rannsóknir á rannsóknarstofum vegna óbeinna prófa, sem gerð eru í samræmi við lög og reglur, á öllum efnum í því skyni að meta áhrif þessara efna á menn, dýr og umhverfi. Efni þau sem hér falla undir eru t.d. snyrtivörur, efni sem notuð eru í iðnaði, lyf, aukaefni í matvælum og dýrafóðri og varnarefni. Ákvæðin taka ekki til túlkunar og mats á niðurstöðum úr prófunum.

Reglugerð þessi nær til þeirra efnarannsókna þar sem þörf er á gagnkvæmri viðurkenningu á niðurstöðum prófana á efnum vegna viðskipta með þau á EES svæðinu.

2. gr.

Í reglum um góðar starfsvenjur við rannsóknir vegna óbeinna prófana á efnum, sbr. 1. gr. felst að innra skipulag og stjórnun skal vera traust, aðbúnaður og umhverfi fullnægi kröfum starfseminnar og að rannsóknum sé unnið samkvæmt ótvíræðum og fastmótuðum verklagsreglum og rannsóknaraðferðum. Í viðauka við reglugerð þessa er nánar vikið að þessum kröfum.

3. gr.

Löggildingarstofan skoðar rannsóknarstofur og annast úttektir á rannsóknaraðferðum í því skyni að meta hvort góðum starfsvenjum við rannsóknir sé fylgt. Þessar skoðanir og úttektir skulu gerðar í samræmi við ákvæði viðauka reglugerðarinnar.

4. gr.

Rannsóknarstofur sem framkvæma rannsóknir þær sem um getur í 1. gr. og óska eftir því að Löggildingarstofan staðfesti að viðkomandi rannsóknarstofa ástundi góðar starfsvenjur við rannsóknir samkvæmt reglugerð þessari, skulu fara eftir þeim reglum og ástunda þau vinnubrögð sem lýst er og leiða af ákvæðum viðauka reglugerðarinnar.

5. gr.

Löggildingarstofan skal árlega skrifa skýrslu um niðurstöður skoðana og úttekta á framkvæmd góðra starfsvenja við rannsóknir. Í skýrslunni skal koma fram:

1) Skrá yfir skoðaðar rannsóknarstofur.
2) Dagsetning hverrar skoðunar.
3) Stutt samantekt um niðurstöður skoðunarinnar.

Skýrsla þessi skal koma út fyrir 1. mars ár hvert og send Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA ríkjanna fyrir 31. mars.

6. gr.

Þess skal gætt að farið sé með viðskiptaleyndarmál og trúnaðarupplýsingar, sem aflað er við skoðun og eftirlit með rannsóknarstofum, sem undir reglugerð þessa falla, sem trúnaðarmál.

7. gr.

Skoðanir og eftirlit sem framkvæmdar eru skv. reglugerð þessari greiðist af viðkomandi rannsóknarstofu eða öðrum verkbeiðanda. Gjaldtaka skal vera skv. gjaldskrá Löggildingarstofunnar, eins og við á, sem viðskiptaráðuneyti gefur út.

8. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 100/1992, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Hún byggir á ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 8. tölul., tilskipun 87/18/EBE um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnum og 9. tölul., tilskipun 88/320/EBE um skoðun og sannprófun á góðum starfsvenjum við rannsóknir ásamt tilskipun 90/18/EBE um aðlögun að tækniframförum á viðauka við tilskipun ráðsins 88/320/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Viðskiptaráðuneytið, 31. júlí 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI.

Ákvæðin um eftirlit og sannprófun á góðum starfsvenjum við rannsóknir í viðaukum I og II hér á eftir eru þau sömu og í 1. viðauka (Leiðbeiningar um aðferðir við eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir) og 2. viðauka (Leiðbeiningar um skoðun rannsóknarstofa og úttekt á rannsóknum) við drög að tilmælum ráðsins um að meginreglum um góðar starfsvenjur við rannsóknir sé fylgt (OECD ENV/CHEM/CM/88/15 (fyrsta endurskoðun)).

VIÐAUKI I

I.1. Leiðbeiningar um aðferðir við eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir (GSR).

Til að auðvelda gagnkvæma viðurkenningu á prófgögnum sem eru lögð fyrir eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) er mikilvægt að aðferðir við eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir séu samhæfðar og hægt sé að gera samanburð á því hversu góðar og ítarlegar þær eru.

Markmiðið með þessum viðauka er að gefa aðildarríkjum OECD nákvæmar leiðbeiningar um uppbyggingu, aðferðir og framkvæmd innlendra áætlana um eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir til að þessar áætlanir verði frambærilegar á alþjóðavettvangi.

Það er viðurkennt að aðildarríkin verða að samþykkja meginreglur um GSR (góðar starfsvenjur við rannsóknir) og koma sér upp aðferðum til að fylgjast með því hvort þeim er fylgt í samræmi við innlenda löggjöf og stjórnsýsluvenju og í samræmi við þær áherslur sem þau leggja til dæmis á umfang fyrstu og síðari umfjallana um efnaflokka og tegundir prófa.

Þar sem aðildarríkin kunna að tilnefna fleiri en eitt eftirlitsyfirvald til að fylgjast með góðum starfsvenjum við rannsóknir, í samræmi við lög þeirra og stjórnsýsluvenjur um eftirlit með efnum, getur verið þörf á fleiri en einni áætlun um eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir. Eftirfarandi leiðbeiningar snerta því ein eða fleiri yfirvöld og eina eða fleiri áætlanir, eftir því sem við á.

II. 2. Skilgreining hugtaka.

Í þessari reglugerð er merking hugtaka eins og segir í „Meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir", sem samþykktar voru í 1. gr. tilskipunar ráðsins 87/18/EBE (1). Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Meginreglur um GSR: Meginreglur um góðar starfsvenjur við rannsóknir sem samrýmast meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir sem samþykktar voru í 1. gr. tilskipunar 87/18/EBE.

Eftirlitsyfirvald með GSR: Stofnun sem stjórnvöld hafa falið að annast skoðanir á og eftirlit með rannsóknarstofum og úttektir á rannsóknaraðferðum skv. reglugerð þessari, hér Löggildingarstofan.

Skoðun rannsóknarstofu: Athugun á staðnum á vinnuaðferðum og starfsvenjum á rannsóknarstofu til að meta að hve miklu leyti meginreglum um GSR er fylgt. Við skoðun eru stjórnskipan og rekstraraðferðir rannsóknarstofunnar athugaðar, rætt við tæknimenntað starfsfólk í lykilstöðum og gæði og áreiðanleiki gagna metin og skráð.

Eftirlit með GSR: Reglubundin skoðun rannsóknarstofa og/eða úttekt á rannsóknum í því skyni að sannprófa hvort meginreglum um GSR er fylgt.

Úttekt á rannsóknum (rannsóknaraðferðum): Samanburður á óunnum gögnum og skrám sem að þeim lúta við hluta- eða lokaskýrslu. Markmiðið er að ákvarða hvort óunnin gögn hafi verið skráð nákvæmlega í skýrslur og hvort próf var gert í samræmi við rannsóknaráætlun og skriflegar verklagsreglur. Tilgangur úttektar er einnig að afla frekari upplýsinga sem koma ekki fram í skýrslu og ganga úr skugga um hvort aðferðir sem notaðar voru til að afla gagna dragi úr gildi gagnanna.

Skoðunarmaður: Einstaklingur sem skoðar rannsóknarstofur fyrir hönd eftirlitsyfirvalds með GSR.
Áætlanir um eftirlit með GSR: Sá háttur sem hafður er á skoðunum og úttektum á rannsóknum til að hafa eftirlit með því að rannsóknarstofur hér á landi fylgi góðum starfsvenjum við rannsóknir.
Staða við mat á GSR: Mat eftirlitsyfirvalds með GSR á hversu vel rannsóknarstofa fylgir meginreglum um GSR.
Stjórnvald: Ráðuneyti eða annar innlendur aðili sem ber lagalega ábyrgð á málum er varða eftirlit með efnum.

I. 3. Þættir (innlendra) áætlana um eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir.
I.3.1. Stjórnsýsla

Eftirlitsyfirvald sem til hefur verið stofnað á réttan hátt, er auðkennd að lögum, hefur viðeigandi starfslið og starfar innan ákveðins stjórnsýsluramma skal bera ábyrgð á áætlun um eftirlit með GSR. Hér á landi fer Löggildingarstofan með þetta hlutverk, en hægt er að setja á fót fleiri en eitt eftirlitsyfirvald í hverju aðildarríki EES.
Aðildarríkin skulu:

- sjá til þess að eftirlitsyfirvald með GSR beri beina ábyrgð á nægilegum fjölda skoðunarmanna og geti í samræmi við gr. I.3.3. kallað til skoðunarmenn sem hafa nauðsynlega tæknilega/fræðilega kunnáttu til að framkvæma þær skoðanir og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð þessari,
- birta skjöl í tengslum við samþykkt meginreglna um GSR á yfirráðasvæðum sínum,
- birta skjöl sem gefa ítarlegar upplýsingar um (innlenda) áætlun um eftirlit með GSR, þar með talið upplýsingar um laga- eða stjórnsýsluramma fyrir áætlunina og tilvísanir í birt skjöl, forskriftaskjöl (til dæmis reglur og siðavenjur), handbækur um skoðun, leiðbeiningar o. s. frv.,
- halda skrár yfir rannsóknarstofur sem hafa verið skoðaðar (og stöðu þeirra við mat á GSR) og rannsóknir sem úttekt hefur verið gerð á.

Til að stuðla að gagnkvæmum alþjóðlegum skilningi og samvinnu skulu aðildarríkin tilkynna Efnahags- og framfarastofnuninni og öðrum aðildarríkjum (til dæmis eftir þeim leiðum sem Efnahags- og framfarastofnunin hefur til upplýsingaskipta) hvaða skjöl hafi verið samin og séu tiltæk um GSR, ásamt póstföngum og símanúmerum eftirlitsyfirvalda með GSR.

I.3.2. Trúnaður.

Eftirlitsyfirvöld með GSR hafa aðgang að verðmætum upplýsingum um viðskipti og geta jafnvel stundum þurft að fjarlægja skjöl sem innihalda viðskiptaleyndarmál úr rannsóknarstofu eða geta þeirra ítarlega í skýrslum sínum.
Aðildarríkin skulu:

- gera ráðstafanir til að tryggja þagmælsku, ekki eingöngu skoðunarmanna heldur einnig allra annarra einstaklinga sem hafa aðgang að trúnaðarmálum vegna starfa er tengjast eftirliti með GSR,

- tryggja að aðgang að skýrslum um skoðun rannsóknarstofa og úttektir á rannsóknum hafi einungis stjórnvöld og, eftir því sem við á, rannsóknarstofurnar sem skoðaðar voru eða eiga aðild að þeim og þeir sem fjármagna rannsóknirnar. Hafi allar upplýsingar sem teljast viðskiptaleyndarmál og trúnaðarmál verið fjarlægðar er unnt að víkja frá þessu.

Eftirlitsyfirvöld með GSR í öðrum aðildarríkjum skulu, að fenginni beiðni, fá upplýsingar um heiti rannsóknarstofa sem þurfa að sæta skoðun innan ramma áætlunar um eftirlit með GSR, í hve miklum mæli þær fylgja innlendum meginreglum um GSR og hvenær skoðun fór fram.

I.3.3. Starfsfólk og menntun.

Eftirlitsyfirvöld með GSR skulu:

- *sjá til þess að viðeigandi fjöldi skoðunarmanna sé tiltækur*
  Fjöldi skoðunarmanna fer eftir því:
  a) hve margar rannsóknarstofur falla undir áætlun um eftirlit með GSR,
  b) hve oft er metið hvort rannsóknarstofurnar fylgja GSR,
  c) hve margar og flóknar rannsóknir eru stundaðar á rannsóknarstofunum,
  d) hve margar sérstakar skoðanir eða úttektir stjórnvöld fara fram á,
- *sjá til þess að skoðunarmenn hafi viðeigandi menntun og hæfi og þjálfun*
  Skoðunarmenn skulu hafa menntun og hæfi og starfsreynslu í þeim vísindagreinum sem skipta máli við prófun efna.

Eftirlitsyfirvöld með GSR skulu:

a) sjá til þess að gerðar séu ráðstafanir fyrir viðeigandi þjálfun skoðunarmanna, með hliðsjón af menntun, hæfi og reynslu hvers og eins,
b) hvetja til samráðs, þar með talið sameiginlegrar þjálfunarstarfsemi ef þörf krefur, með starfsfólki eftirlitsyfirvalda með GSR í öðrum aðildarríkjum til að stuðla að alþjóðlegri samhæfingu í túlkun og beitingu meginreglna um GSR og eftirliti með því að þessum meginreglum sé fylgt,

- *sjá til þess að starfsfólk eftirlitsyfirvalds eða skoðunarmenn hafi hvorki fjárhagslegra né annarra hagsmuna að gæta varðandi rannsóknarstofurnar sem eru skoðaðar, rannsóknirnar sem gerð er úttekt á né fyrirtækin sem fjármagna rannsóknirnar,*
- *sjá til þess að skoðunarmenn beri persónuskilríki (til dæmis kennivottorð).*
  Skoðunarmenn geta verið:
- fastráðnir starfsmenn eftirlitsyfirvalds með GSR,
- fastráðnir hjá annarri stofnun,
- ráðnir samkvæmt samningi eða á annan hátt hjá eftirlitsyfirvaldi með GSR til að skoða rannsóknarstofur eða gera úttekt á rannsóknum.

Í tveimur síðari tilvikunum skal eftirlitsyfirvald með GSR bera endanlega ábyrgð á því að ákvarða stöðu rannsóknarstofa við mat á GSR, gæði/ásættanleika rannsóknarúttektar og allar aðgerðir sem niðurstöður úr skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsóknum kunna að gefa tilefni til.

I.3.4. Áætlanir um eftirlit með góðum starfsvenjum við rannsóknir.

Tilgangurinn með áætlunum um eftirlit með GSR er að ganga úr skugga um hvort rannsóknarstofur beiti meginreglum um GSR við rannsóknir og geti sýnt fram á að gæði niðurstaðna séu fullnægjandi. Eins og nefnt var hér á undan ber aðildarríkjunum að birta ítarlegar upplýsingar um áætlanir sínar um eftirlit með GSR. Upplýsingarnar skulu meðal annars:

- *skilgreina gildissvið og umfang áætlunarinnar*
- Áætlun um eftirlit með GSR getur tekið til takmarkaðs fjölda efna, til dæmis iðnaðarefna, varnarefna, lyfjaefna o. s. frv. eða til allra efna. Skilgreina skal gildissvið eftirlitsáætlunarinnar bæði að því er varðar efnaflokka og tegundir prófa sem hún tekur til, til dæmis eðlis-, efna- og eiturefnafræðileg próf og/eða próf til að kanna eituráhrif á umhverfið.
- *gefa upplýsingar um eftir hvaða leiðum rannsóknarstofur koma inn í áætlunina*
- Beiting meginreglna um GSR á gögn um öryggi heilbrigðis og umhverfis, sem safnað er eftir föstum reglum, getur verið lögbundin. Koma þarf upp leiðum sem rannsóknarstofur geta farið til að láta viðeigandi eftirlitsyfirvald með GSR fylgjast með því að þær fylgi meginreglum um GSR.
- *veita upplýsingar um þá flokka sem skoðun rannsóknarstofa/úttekt á rannsóknum skiptist í*

  Áætlun um eftirlit með GSR skal taka til:

  a) reglulegs eftirlits með rannsóknarstofum, sem að meginreglu yrði annað hvert ár. Þess háttar skoðun nær bæði til almennrar skoðunar rannsóknarstofu og (afmarkaðrar) úttektar á rannsókn sem er í gangi eða rannsókn sem er lokið,

  b) sérstakrar skoðunar rannsóknarstofa/úttektar á rannsókn að fenginni beiðni stjórnvalda, til dæmis vegna spurninga í tengslum við gögn sem lögð hafa verið fyrir stjórnvöld,
- *skilgreina umboð skoðunarmanna til að fara inn á rannsóknarstofur og fá aðgang að gögnum rannsóknarstofanna*
- Þótt skoðunarmenn óski yfirleitt ekki eftir aðgangi að rannsóknarstofum gegn vilja stjórnenda rannsóknarstofanna geta komið upp aðstæður þar sem aðgangur að rannsóknarstofu og gögnum hennar er mikilvægur í því skyni að vernda almannaheilbrigði eða umhverfi. Í slíkum tilvikum skal skilgreina umboð eftirlitsyfirvalds með GSR,
- *lýsa aðferðum við skoðun rannsóknarstofu og úttekt á rannsókn til að sannprófa að GSR sé fylgt*
- Skjölin skulu veita upplýsingar um þær aðferðir sem notaðar eru til að athuga bæði vinnsluferli og skilyrði við skipulagningu, framkvæmd, eftirlit með og skrásetningu rannsókna á rannsóknarstofu. Leiðbeiningar um þessar aðferðir eru gefnar í viðauka II, hér á eftir.
- *lýsa aðgerðum sem grípa má til í framhaldi af skoðun rannsóknarstofa og úttektum á rannsóknum.*

I.3.5. Eftirmál vegna skoðunar rannsóknarstofa og úttekta á rannsóknum.

Að lokinni skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn skal skoðunarmaður semja skriflega skýrslu um niðurstöðurnar.

Komi í ljós frávik frá meginreglum um GSR við eða eftir skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn ber aðildarríkjum að grípa til viðeigandi aðgerða. Aðgerðunum skal lýsa í skjölum sem eftirlitsyfirvald með GSR sendir frá sér.

Komi aðeins í ljós minniháttar frávik frá meginreglum um GSR við skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn skal þess farið á leit við rannsóknarstofuna að hún lagfæri slík minniháttar frávik. Skoðunarmaðurinn þarf ef til vill að fara á staðinn aftur við hentugt tækifæri til að sannprófa að frávikin hafi verið leiðrétt.

Komi engin eða aðeins minniháttar frávik í ljós er eftirlitsyfirvaldi með GSR heimilt að:

- gefa út yfirlýsingu um að skoðun rannsóknarstofunnar hafi leitt í ljós að hún sé starfrækt í samræmi við meginreglur um GSR. Geta skal dagsetningar skoðunar og, eftir því sem við á, hvaða flokkar prófana voru skoðaðir á rannsóknarstofunni á þeim tíma. Heimilt er að nota þessar yfirlýsingar í upplýsingaskyni fyrir eftirlitsyfirvöld með GSR í öðrum aðildarríkjum,

  og/eða

- afhenda stjórnvaldi því sem fór fram á úttekt á rannsókn ítarlega skýrslu um niðurstöðurnar.

Komi í ljós alvarleg frávik eru aðgerðir þær sem eftirlitsyfirvöld með GSR grípa til í hverju tilfelli komnar undir þeim lagaákvæðum og stjórnsýslufyrirmælum sem gilda í hverju landi um eftirlit með GSR. Aðgerðir sem grípa má til geta meðal annars tekið til, en eru ekki takmarkaðar við, eftirfarandi:

- gefin er út yfirlýsing þar sem gerð er ítarleg grein fyrir því sem er áfátt og gætu haft áhrif á gildi rannsókna sem fara fram á rannsóknarstofunni,
- skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn er stöðvuð tímabundið og, að fenginni heimild stjórnvalda, rannsóknarstofunni vikið brott úr áætluninni um eftirlit með GSR eða hún tekin af listum eða skrám yfir rannsóknarstofur sem lúta eiga skoðun skv. GSR,
- þess er krafist að yfirlýsing sem gerir ítarlega grein fyrir frávikunum fylgi skýrslum um tilteknar rannsóknir,
- málið er lagt fyrir dómstóla ef kringumstæður og laga-/stjórnsýslumeðferð leyfa.

Komi í ljós alvarleg frávik sem gætu hafa haft áhrif á tilteknar rannsóknir skal eftirlitsyfirvald með GSR meta þörf þess að tilkynna viðkomandi stjórnvöldum eða eftirlitsyfirvöldum með GSR í öðrum aðildarríkjum um niðurstöður skoðunarinnar.

I.3.6. Áfrýjunarleiðir.

Vandamál eða ágreiningur milli skoðunarmanna og stjórnenda rannsóknarstofu leysast venjulega meðan á skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn stendur. Þó getur komið fyrir að ekki sé hægt að komast að samkomulagi. Í slíkum tilfellum er rannsóknarstofu og/eða eftirlitsyfirvaldi heimilt að vísa ágreiningi til viðskiptaráðuneytis til úrskurðar þess.

VIÐAUKI II

Leiðbeiningar um skoðun rannsóknarstofa og úttektir á rannsóknum.

II.1. Inngangur.

Markmiðið með þessum viðauka er að kveða á um leiðbeiningar fyrir skoðun rannsóknarstofa og úttektir á rannsóknum sem geta hlotið gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Þær fjalla fyrst og fremst um skoðun rannsóknarstofa sem tekur mikinn tíma skoðunarmanna fyrir GSR. Við skoðun rannsóknarstofu er takmörkuð eða valin úttekt á tiltekinni rannsókn eða endurskoðun venjulega hluti af skoðuninni, en endrum og eins þarf einnig að gera úttekt á rannsóknum, til dæmis að fenginni beiðni frá stjórnvöldum. Í lok þessa viðauka eru gefnar almennar leiðbeiningar um úttektir á rannsóknum.

Rannsóknarstofur eru skoðaðar í þeim tilgangi að ákvarða að hve miklu leyti rannsóknarstofur og rannsóknir sem eru stundaðar þar eru í samræmi við meginreglur um GSR og til að ákvarða áreiðanleika gagna í því skyni að ganga úr skugga um að niðurstöður séu nægilega góðar til að stjórnvöld geti notað þær við mat og ákvarðanatöku. Skoðun rannsóknarstofu lýkur með gerð skýrslu þar sem því er lýst að hve miklu leyti meginreglum um GSR er fylgt á rannsóknarstofunni. Rannsóknarstofur skulu skoðaðar reglubundið og að staðaldri til að kanna og halda skrá um stöðu rannsóknarstofunnar skv. GSR.

II.2. Skilgreining hugtaka.

Í viðauka þessum er merking hugtaka eins og segir í „Meginreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um góðar starfsvenjur við rannsóknir“, sem samþykktar voru í 1. gr. tilskipunar ráðsins 87/18/EBE og í viðauka I hér að framan.

II.3. Skoðun rannsóknarstofa.

Skoðun til að kanna hvort meginreglum um GSR er fylgt getur farið fram á öllum rannsóknarstofum sem afla gagna um öryggi, heilbrigði og umhverfi samkvæmt gildandi reglum. Skoðunarmenn geta þurft að gera úttekt á gögnum um eðlis-, efna- og eiturefnafræðilega eiginleika efnis eða efnablöndu, eða eituráhrif efnisins og blöndunnar á umhverfið. Í sumum tilvikum kunna skoðunarmenn að þarfnast aðstoðar sérfræðinga í ákveðnum greinum.

Þar eð rannsóknarstofur eru ákaflega mismunandi (bæði að því er varðar húsa- og stjórnskipan) og rannsóknir mjög fjölbreytilegar verða skoðunarmenn að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir meta hvernig og í hve miklum mæli meginreglum um GSR sé fylgt. Skoðunarmönnum ber þó að leitast við að vera samkvæmir í mati sínu á því hvort ákveðin rannsóknarstofa eða rannsókn fylgi hverri meginreglu um GSR á viðunandi hátt.

Í eftirfarandi greinum er kveðið á um leiðbeiningar er varða mismunandi þætti rannsóknarstofa, þar með talið starfsfólk og vinnuaðferðir, sem líklegt er að skoðunarmenn kanni. Tilgangi skoðunar hvers þáttar er lýst og þau atriði sem gætu komið til athugunar við skoðun rannsóknarstofu eru talin upp með dæmum. Þessi upptalning er ekki og má ekki skoðast sem tæmandi.

Skoðunarmenn skulu hvorki láta sig varða þörfina fyrir né markmiðið með rannsókn eða túlkun á niðurstöðum rannsóknar hvað snertir hættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfis. Þeir þættir eru í höndum stjórnvalda sem taka við gögnum samkvæmt gildandi reglum.

Skoðun rannsóknarstofa og úttektir á rannsóknum hljóta óhjákvæmilega að trufla dagleg störf á rannsóknarstofunum. Skoðunarmönnum ber því að skipuleggja störf sín vandlega og koma til móts við óskir stjórnenda rannsóknarstofunnar, eftir því sem kostur gefst, um komutíma í ákveðnar deildir rannsóknarstofunnar.

Við skoðun rannsóknarstofa og úttektir á rannsóknum fá skoðunarmenn aðgang að verðmætum trúnaðarupplýsingum um viðskipti. Mikilvægt er að þeir tryggi að slíkar upplýsingar komi ekki fyrir augu óviðkomandi. Skyldur þeirra að þessu leyti skulu fastákveðnar innan ramma áætlana um eftirlit með GSR.

II.4. Skoðunarreglur.

II.4.1. Forskoðun.

Markmið: Að skoðunarmaður kynni sér rannsóknarstofuna sem skoða á, það er að segja stjórnskipan, húsaskipan og umfang rannsókna.

Skoðunarmenn skulu setja sig inn í aðstæður á rannsóknarstofunni áður en skoðun eða úttekt á rannsókn fer fram. Athuga skal allar fyrirliggjandi upplýsingar um rannsóknarstofuna, þar með talið fyrri skoðunarskýrslur, húsaskipan rannsóknarstofunnar, skipurit, rannsóknarskýrslur, aðferðarlýsingar og upplýsingar um nám og störf starfsmanna í lykilstöðum. Á þessum skjölum má fá upplýsingar um:

- gerð, stærð og húsaskipan rannsóknarstofunnar,
- tegund rannsókna sem líklegt er að verði skoðaðar,
- stjórnskipan rannsóknarstofunnar.

Skoðunarmenn skulu huga sérstaklega að vanköntum sem í ljós komu við fyrri skoðun rannsóknarstofunnar. Hafi rannsóknarstofan ekki verði skoðuð áður má láta fara fram forskoðun í því skyni að afla viðeigandi upplýsinga.

Rannsóknarstofu skal tilkynnt um dag- og tímasetningu fyrir komu skoðunarmanna, markmiðið með komu þeirra og hversu lengi þeir áætla að dvelja. Með þessu móti getur rannsóknarstofan séð til þess að viðeigandi starfsmenn og skjöl séu tiltæk. Þegar athuga á tiltekin skjöl eða skrár getur það komið sér vel að tilkynna rannsóknarstofunni það fyrir komuna svo að hægt sé að ganga að þeim við skoðun.

II.4.2. Undirbúningsfundur.

Markmið: Að tilkynna stjórnendum og starfsliði rannsóknarstofunnar um ástæðuna fyrir skoðuninni eða úttektinni og nefna þá hluta rannsóknarstofunnar, rannsókn(ir), skjöl og starfsmenn sem líklegt er að komi við sögu við skoðunina eða úttektina.

Í upphafi skoðunar skulu skoðunarmenn ræða ítarlega framkvæmd og tilhögun við skoðun eða úttekt. Á undirbúningsfundinum skulu skoðunarmenn:

- gera grein fyrir markmiði og umfangi skoðunarinnar,
- lýsa því hvaða skjöl séu nauðsynleg fyrir skoðunina, svo sem skrár yfir rannsóknir sem eru í gangi og rannsóknir sem er lokið, rannsóknaráætlanir, verklagsreglur, rannsóknarskýrslur o. s. frv. Á þessu stigi skal semja um aðgang að viðeigandi skjölum og, ef þörf krefur, hvernig þau skuli afrituð,

- útlista nánar eða fara fram á upplýsingar um stjórnskipan (skipulag) og starfsmenn rannsóknarstofunnar,
- fara fram á upplýsingar um framkvæmd rannsókna sem falla undir meginreglur um GSR og eru í gangi samhliða rannsóknum sem falla ekki undir þær reglur,
- ákveða til bráðabirgða hvaða hluta rannsóknarstofunnar skuli skoða,
- lýsa skjölum og sýnishornum sem þörf er á við rannsókn(ir) sem eru í gangi eða er lokið og valdar voru til úttektar.

Áður en lengra er haldið með skoðun rannsóknarstofu er ráðlegt að skoðunarmaður setji sig í samband við gæðatryggingardeild eða gæðastjóra rannsóknarstofunnar.

Skoðunarmönnum er yfirleitt hjálp í því að starfsmaður úr gæðatryggingardeildinni sé í fylgd með þeim við skoðunina.

Skoðunarmenn geta farið þess á leit að fá sérstakt herbergi til ráðstöfunar fyrir skoðun skjala og aðra starfsemi.

II.4.3. Skipulag og starfsmenn.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofa ræður yfir nógu mörgum menntuðum og hæfum starfsmönnum, öðru starfsfólki og þjónustustarfsemi er nægir fyrir þann fjölda mismunandi rannsókna sem þar fer fram; hvort hún er skipulögð á hentugan hátt og hvort stjórnendur hafi mótað stefnu varðandi endurmenntun og eftirlit með heilbrigði starfsfólks sem er viðeigandi með hliðsjón af þeim rannsóknum sem fara fram á rannsóknarstofunni.

Stjórnendur skulu beðnir um að leggja fram tiltekin skjöl, svo sem:

- teikningu af rannsóknarstofunni,
- skipurit yfir stjórnun og vísindastarfsemi,
- upplýsingar um nám og störf starfsmanna sem taka þátt í þeirri tegund (þeim tegundum) rannsókna sem valdar voru til úttektar,
- skrá yfir rannsóknir sem eru í gangi og rannsóknir sem er lokið ásamt upplýsingum um tegund rannsóknar, byrjunar- og lokadag, prófunarkerfi, aðferð við gjöf og nafn þess sem stýrir tilrauninni,
- stefnuskrá um endurmenntun starfsfólks og eftirlit með heilbrigði þess, hafi stefna verið mótuð þar að lútandi,
- skrá yfir endurmenntun starfsfólks ef slík skrá er til,
- skrá yfir verklagsreglur rannsóknarstofunnar,
- sérstakar verklagsreglur fyrir rannsóknir eða rannsóknaraðferðir sem verið er að skoða eða gera úttekt á,
- skrá(r) yfir stjórnendur rannsókna sem hafa afskipti af rannsókninni sem verið er að gera úttekt á.

Skoðunarmaður skal einkum athuga:

- skrár yfir rannsóknir sem eru í gangi og rannsóknir sem er lokið til að kanna umfang rannsókna sem fram fara á rannsóknarstofunni,
- hverjir stjórni rannsókninni og hver sé menntun og hæfi þeirra, yfirmanns gæðatryggingardeildar og annarra starfsmanna í lykilstöðum,
- hvort til eru verklagsreglur á öllum viðkomandi sviðum prófana.

II.4.4. Áætlun um gæðatryggingu.

Markmið: Að ákvarða hvort notað er fullnægjandi kerfi til að tryggja gagnvart stjórnendum að rannsóknir fari fram í samræmi við meginreglur um GSR.

Yfirmaður gæðatryggingardeildar skal beðinn um að sýna þau kerfi og aðferðir sem notaðar eru við skoðun á og eftirlit með gæðum rannsókna svo og kerfið sem notað er til að skrá athuganir sem gerðar eru við gæðaeftirlitið.

Skoðunarmenn skulu athuga:

- menntun og hæfi yfirmanns gæðatryggingardeildar og alls starfsliðs deildarinnar,
- hvort gæðatryggingardeildin starfar óháð því starfsliði sem vinnur við rannsóknirnar,
- hvernig gæðatryggingardeildin skipuleggur og framfylgir skoðun, hvernig eftirlit er með lokaáföngum rannsókna og hvaða möguleikar eru í boði fyrir skoðun og eftirlit vegna gæðatryggingar,
- hvort hægt er að koma við úrtakseftirliti þegar um er að ræða rannsóknir sem taka svo stuttan tíma að erfitt er að koma við eftirliti með hverri rannsókn,
- umfang og nákvæmni gæðatryggingareftirlits með gangi rannsóknarinnar,
- aðferðir við gæðatryggingu til að tryggja að lokaskýrslan sé í samræmi við óunnin gögn,
- hvort stjórnendur fá skýrslur frá gæðatryggingardeildinni um vandamál sem líklegt er að hafi áhrif á gæði eða áreiðanleika rannsóknar,
- hvaða aðgerða gæðatryggingardeildin grípur til þegar frávik koma í ljós,
- hvort gæðatryggingardeildin gegnir einhverju hlutverki, og þá hvaða, þegar rannsóknir eða hlutar rannsókna fara fram í rannsóknarstofum hjá undirverktaka,
- hvort gæðatryggingardeildin gegnir einhverju hlutverki, og þá hvaða, við endurskoðun, endurmat og endurnýjun á verklagsreglum.

II.4.5. Rannsóknarstofan.

Markmið: Að ákvarða hvort stærð, smíði, hönnun og staðsetning rannsóknarstofu samsvarar þeim kröfum sem gerðar eru til rannsóknanna sem þar fara fram.

Skoðunarmaður skal athuga:

- hvort hönnunin gerir ráð fyrir nægilegri sundurgreiningu þannig að ekki sé hægt að blanda saman til dæmis prófunarefnum, dýrum, fóðri, meinafræðilegum sýnishornum o. s. frv. úr einni rannsókn við það sama úr annarri rannsókn,
- hvort til eru aðferðir til að stýra og fylgjast með umhverfinu sem reynast fullnægjandi á áhættustöðum, til dæmis í húsnæði fyrir tilraunadýr og önnur líffræðileg prófunarkerfi, geymslum fyrir prófunarefni og á svæðum þar sem rannsóknarstörf eru unnin,
- hvort umsjón með húsnæði er fullnægjandi að því er varðar hinar ýmsu einingar og hvort til eru aðferðir, ef þörf krefur, til að ráða niðurlögum meindýra.

II.4.6. Umhirða, aðbúnaður og einangrun líffræðilegra prófunarkerfa.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofan, ef þar eru stundaðar rannsóknir með dýr eða önnur líffræðileg prófunarkerfi, hefur yfir að ráða búnaði og aðstöðu þar sem hægt er að hirða um þau, koma þeim fyrir og einangra þau á annan viðeigandi hátt þannig að koma megi í veg fyrir streitu og önnur vandamál sem gætu haft áhrif á prófunarkerfið og þar af leiðandi á gæði gagnanna.

Á rannsóknarstofu geta farið fram rannsóknir sem krefjast margra dýra- eða jurtategunda svo og örveru- eða annarra frumu- eða frumuhlutakerfa. Sú tegund prófunarkerfa sem notuð er ræður því hvaða þætti skoðunarmaður athugar varðandi umhirðu, aðbúnað eða einangrun. Skoðunarmaður reiðir sig á dómgreind sína þegar hann athugar, í samræmi við prófunarkerfin, hvort:

- aðstaðan hentar fyrir prófunarkerfin sem notuð eru og uppfyllir þær þarfir sem fylgja prófunum,
- gerðar eru ráðstafanir til að setja dýr og plöntur, sem komið er með inn á svæðið, í sóttkví og hvort þessar ráðstafanir reynast fullnægjandi,
- gerðar eru ráðstafanir til að setja dýr (eða aðra þætti prófunarkerfis, ef þörf krefur) í einangrun þegar vitað er, eða grunur leikur á, að þau séu sýkt eða smitberar,
- nægilega er fylgst með og haldnar skrár um heilsu, hegðun og aðra þætti, eftir því sem hentar fyrir prófunarkerfið,
- búnaður til að halda óbreyttu því umhverfi sem hvert prófunarkerfi útheimtir er viðunandi, vel haldið við og skilvirkur,
- búrum, hillum, geymum og öðrum ílátum fyrir dýrin, svo og búnaði sem þessu fylgir, er haldið nægilega hreinum,
- gerðar eru nauðsynlegar greiningar til að fylgjast með ástandi umhverfis og fyrirkomulagi umhirðu,
- hvort aðstaða er til að fjarlægja og farga dýraúrgangi og rusli frá prófunarkerfunum og hvort þetta er gert á þann hátt að dragi úr ásókn meindýra, óþefi, sjúkdómshættu og mengun umhverfis,
- ráð er gert fyrir geymslusvæðum fyrir fóður eða sambærileg efni fyrir öll prófunarkerfi og að þessi svæði eru ekki notuð til að geyma önnur efni, svo sem prófunarefni, varnarefni eða sótthreinsiefni og að þau eru aðskilin frá þeim svæðum þar sem dýr eru til húsa eða önnur líffræðileg prófunarkerfi geymd,
- fóður og undirburður í geymslu er varið skemmdum af völdum slæmra umhverfisskilyrða, ásókn meindýra eða mengunar.

II.4.7. Tæki, efni, hvarfefni og sýnishorn.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofan hafi nóg af vel staðsettum tækjum í góðu ásigkomulagi með nægilega afkastagetu til að uppfylla þær þarfir sem fylgja prófunum sem fram fara á rannsóknarstofunni og að efni, hvarfefni og sýnishorn eru rétt merkt, notuð og geymd.

Skoðunarmaður skal athuga hvort:

- tækin séu hrein og í góðu ásigkomulagi,
- haldnar hafi verið skrár yfir rekstur tækjanna, viðhald, stöðlun og kvörðun,
- efni og kemísk hvarfefni séu rétt merkt og geymd við viðeigandi hitastig og að farið sé eftir fyrningardögum. Á merkimiðum hvarfefnanna ætti að tilgreina uppruna efnanna, auðkenni, styrk og/eða aðrar upplýsingar sem máli skipta,
- sýnishorn eru vel auðkennd eftir prófunarkerfi, rannsókn, tegund og sýnatökudegi,
- tæki og efni sem notuð eru hafi ekki áhrif á prófunarkerfin.

II.4.8. Prófunarkerfi.

Markmið: Að ákvarða hvort gerðar eru viðunandi ráðstafanir fyrir meðhöndlun og eftirlit með þeim fjölda prófunarkerfa sem þarf til rannsóknanna sem fara fram á rannsóknarstofunni, til dæmis efna- og eðlisfræðilegum kerfum, frumu- og örverukerfum, plöntum eða dýrum.

II.4.9. Eðlis- og efnafræðileg kerfi.

Skoðunarmaður skal athuga hvort:

- stöðugleiki prófunar- og tilvísunarefna hafi verið ákvarðaður, ef það er tiltekið í rannsóknaráætlun, og að tilvísunarefnin sem tiltekin voru í prófunaráætlun hafi verið notuð,
- til eru verklagsreglur sem taka til starfsemi rannsóknarstofunnar og að þeim sé fylgt,
- gögn, þar sem notuð eru sjálfvirk kerfi, í formi línurita, kúrfa eða tölvuútprents séu skjalfest sem óunnin gögn og geymd í skjalasafni.

II.4.10. Líffræðileg prófunarkerfi.

Með hliðsjón af viðeigandi þáttum sem vísað er til hér að framan um umhirðu, aðbúnað eða einangrun líffræðilegra prófunarkerfa skal skoðunarmaður athuga hvort:

- prófunarkerfin eru eins og tiltekið er í rannsóknaráætluninni,
- prófunarkerfin eru nægilega vel auðkennd,
- dýrin eru nægilega og, ef eftir því sem þörf krefur og við á, auðkennd hvert og eitt, í öllu rannsóknarferlinu,
- aðbúnaður eða ílát fyrir prófunarkerfi eru rétt auðkennd með öllum nauðsynlegum upplýsingum,
- nægilega er skilið á milli rannsókna sem verið er að gera með sömu dýrategundina (eða sömu líffræðilegu prófunarkerfin) en mismunandi efnum,
- nægilega er skilið á milli dýrategunda (og annarra líffræðilegra prófunarkerfa) annaðhvort í rúmi eða tíma,
- umhverfi líffræðilega prófunarkerfisins er eins og tiltekið er í rannsóknaráætluninni eða í verklagsreglum að því er varðar þætti eins og hitastig eða tímabil ljóss/myrkurs,
- skráning móttöku, meðhöndlunar, aðbúnaðar eða einangrunar, umhirðu og mats á heilsu hentar prófunarkerfinu,
- haldnar hafi verið skrár yfir athuganir, sóttkví, sjúkdómstíðni, dánartíðni, hegðun, sjúkdómsgreiningar og meðferð fyrir dýra- og plöntuprófunarkerfi eða aðra viðlíka þætti eftir því sem hentar hverju líffræðilegu prófunarkerfi,
- hvort gert hafi verið ráð fyrir viðeigandi förgun prófunarkerfa í lok prófa.

II.4.11. Próf og tilvísunarefni.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofan ræður yfir aðferðum til að i) tryggja að auðkenni, styrkur, magn og samsetning prófunar- og tilvísunarefna séu í samræmi við forskriftir þeirra og ii) taka á viðeigandi hátt á móti og geyma prófunar- og tilvísunarefni.

Skoðunarmaður skal athuga hvort:

- til eru verklagsreglur til að skrá móttöku, meðhöndlun, sýnatöku, notkun og geymslu prófunar- og tilvísunarefna,

- ílát undir prófunar- og tilvísunarefni eru merkt á viðeigandi hátt,
- geymsluaðstæður eru þannig að styrkur, hreinleiki og stöðugleiki prófunar- og tilvísunarefna haldast,
- til eru verklagsreglur til að ákvarða auðkenni, hreinleika, samsetningu, stöðugleika og koma í veg fyrir mengun prófunar- og tilvísunarefna, þar sem við á,
- haldnar eru skrár yfir samsetningu, einkenni, styrk og stöðugleika prófunar- og tilvísunarefna, þar sem við á,
- hvort til eru aðferðir til að ákvarða einsleitni og stöðugleika blandna sem innihalda prófunar- og tilvísunarefni, þar sem við á,
- ílát sem innihalda blöndur (eða þynningar) prófunar- og tilvísunarefna séu merkt og hvort haldnar séu skrár yfir einsleitni og stöðugleika innihalds þeirra, þar sem við á,
- tekin eru sýni úr hverri lotu prófunar- og tilvísunarefna í greiningarskyni, þegar prófið varir lengur en fjórar vikur, og hvort þau hafi verið geymd í viðeigandi tíma,
- til séu aðferðir við efnablöndun sem tryggja að ekki eru gerð mistök við auðkenningu eða víxlmengun verði.

II.4.12. Verklagsreglur.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofan hafi skriflegar verklagsreglur fyrir alla mikilvæga þætti í starfsemi rannsóknarstofunnar með það í huga að eitt veigamesta tæki stjórnenda til að stýra starfsemi rannsóknarstofa er notkun skriflegra verklagsreglna. Verklagsreglur taka til allra venjubundinna þátta í þeim prófunum sem gerðar eru á rannsóknarstofu.

Skoðunarmaður skal athuga hvort:

- hver rannsóknarstofa hafi tafarlaust tiltæk staðfest afrit af verklagsreglum,
- til eru aðferðir til að endurmeta og endurnýja verklagsreglur,
- allar breytingar á verklagsreglum hafi verið samþykktar og dagsettar,
- haldnar eru skrár yfir allar verklagsreglur, bæði nýjustu og fyrri útgáfur,
- til eru verklagsreglur fyrir meðal annars:
  - i) móttöku, auðkenningu, merkingu, meðhöndlun, sýnatöku, notkun og geymslu prófunar- og tilvísunarefna;
  - ii) viðhald, þrifnað og kvörðun mælitækja og búnaðar til að hafa eftirlit með umhverfinu;
  - iii) framleiðslu hvarfefna og skammtalaganir;
  - iv) skráningu, skýrslugerð, geymslu og útvegun skráa og skýrslna;
  - v) undirbúning og eftirlit með umhverfi svæða fyrir prófunarkerfin,
  - vi) móttöku, flutning, staðsetningu, einkenni, auðkenningu og umhirðu prófunarkerfa;
  - vii) meðhöndlun prófunarkerfa fyrir, við og í lok rannsóknar;
  - viii) förgun prófunarkerfa;
  - ix) notkun plágueyðandi efna og hreingerningarefna;
  - x) starfsemi sem tengist áætlunum um gæðatryggingu.

II.4.13. Framkvæmd rannsókna.

Markmið: Að sannprófa að til séu skriflegar rannsóknaráætlanir og að áætlanirnar og framkvæmd rannsóknarinnar séu í samræmi við meginreglur um GSR:

Skoðunarmaður skal athuga hvort:

- stjórnandi rannsóknarinnar hafi skrifað undir rannsóknaráætlunina,
- allar breytingar á rannsóknaráætluninni eru undirritaðar og dagsettar,
- hvort skráð hafi verið dagsetning þegar gerður var samningur við fjármögnunaraðila (þar sem við á),
- mælingar, athuganir og próf voru í samræmi við rannsóknaráætlanir og viðeigandi verklagsreglur,
- niðurstöður þessara mælinga, athugana og prófana voru skráðar strax, hratt, nákvæmlega og læsilega og undirritaðar (eða merktar með upphafsstöfum) og dagsettar,
- breyting á óunnum gögnum, að meðtöldum gögnum sem geymd eru í tölvum, gera fyrri færslur ekki óskýrar, ástæðan fyrir breytingunni er tiltekin og breytingin undirskrifuð og dagsett,
- gögn sem eru unnin eða vistuð á tölvum hafi verið auðkennd og að notaðar eru viðunandi aðferðir til að verja þau gegn óleyfilegum breytingum eða glötun,
- hugbúnaður sem notaður er við rannsóknir er áreiðanlegur, nákvæmur og að hægt er að fá hann staðfestan,
- hvort allir ófyrirséðir atburðir sem skráðir eru í óunnum gögnum hafi verið kannaðir og metnir,
- niðurstöður í rannsóknarskýrslu (hluta- eða lokaskýrslu) eru samrýmanlegar, ekkert vantar í þær og þær endurspegla óunnu gögnin á réttan hátt.

II.4.14. Skýrslur um niðurstöður rannsókna.

Markmið: Að ákvarða hvort lokaskýrslur eru unnar í samræmi við meginreglur um GSR.

Þegar lokaskýrsla er tiltæk skal skoðunarmaður athuga hvort:

- hún er undirrituð af stjórnanda rannsóknarinnar og öðrum helstu vísindamönnum sem starfa við hana,
- stjórnandi rannsóknarinnar hafi undirritað yfirlýsingu um að hann tekur á sig ábyrgð á gildi rannsóknarinnar og staðfestir að rannsóknin er í samræmi við meginreglur um GSR,
- undirrituð og dagsett yfirlýsing um gæðatryggingu fylgi skýrslunni,
- starfsmenn, sem bera ábyrgð, hafi gert einhverjar breytingar,
- í henni er skrá yfir þá staði þar sem öll sýni, sýnishorn og óunnin gögn eru geymd.

II.4.15. Söfnun og geymsla skráa.

Markmið: Að ákvarða hvort rannsóknarstofan hafi samið fullnægjandi skrár og skýrslur og hvort gert hafi verið nægilega ráð fyrir öruggri söfnun og geymslu skráa og efnis.

Skoðunarmaður skal athuga:

- skjala- og sýnasafn fyrir söfnun rannsóknaráætlana, óunnina gagna, lokaskýrslna, sýna og sýnishorna,
- aðferðir við að finna efni í geymslu,

- með hvaða aðferðum aðgangur að skjala- og sýnasafni er takmarkaður við starfsmenn sem hafa aðgangsheimild og hvort haldnar eru skrár yfir starfsmenn sem hafa aðgang að óunnum gögnum, skyggnum o. s.frv.,
- hvort til er listi yfir efni sem er fengið úr og skilað í skjala- og sýnasafnið,
- hvort skrár og efni eru geymd í tilskilinn eða viðeigandi tíma og varin gegn glötun eða eyðileggingu í eldi, slæmum umhverfisskilyrðum o. s. frv.

II.5.1 Úttektir á rannsóknum.

Skoðun rannsóknarstofa tekur meðal annars yfirleitt til (afmarkaðra) úttekta á rannsóknum. Þær geta verið í formi skammvinnrar endurskoðunar á rannsóknum sem eru í gangi eða er lokið. Þegar stjórnvöld fara fram á sérstaka úttekt á rannsókn skal gera nákvæma könnun á því hvernig rannsóknin er framkvæmd og frá henni skýrt. Þar eð þær tegundir rannsókna sem úttekt kann að verða gerð á eru mjög fjölbreytilegar er viðeigandi að gefa aðeins almennar leiðbeiningar, og skoðunarmenn og aðrir sem taka þátt í úttekt á rannsóknum þurfa stöðugt að beita dómgreind sinni að því er varðar inntak og umfang á könnun þeirra.

Markmiðið skal vera að endurgera rannsóknina sem lýst er í rannsóknaráætlun með því að nota viðeigandi verklagsreglur, óunnin gögn og annað efni sem geymt er frá rannsókninni.

Í sumum tilvikum kunna skoðunarmenn að þarfnast aðstoðar annarra sérfræðinga til að geta gert úttekt á rannsókn á árangursríkan hátt, til dæmis þegar skoða þarf vefjasýni í smásjá.

Skoðunarmaður sem tekur út rannsókn skal:

- fá nöfn, starfslýsingar og upplýsingar um endurmenntun og reynslu valinna starfsmanna sem taka þátt í rannsókninni, til dæmis stjórnanda rannsóknarinnar og helstu annarra vísindamanna sem starfa við hana,
- athuga hvort nægilegur fjöldi starfsmanna með viðeigandi menntun starfar við rannsóknina (rannsóknirnar),
- auðkenna ákveðin tæki eða sérstakan búnað sem notaður var við rannsóknina og athuga kvörðun, viðhald og skrár yfir viðgerðir á búnaðinum,
- athuga skrár um stöðugleika prófunarefna, greiningar prófunarefna og lagana, greiningar á fóðri o. s. frv.,
- leitast við að ákvarða, með viðtölum ef unnt er, hvaða störf voru fengin völdum einstaklingum sem tóku þátt í rannsókninni til að ganga úr skugga um hvort þessir einstaklingar höfðu nægan tíma til að vinna þau verk sem tiltekin voru í rannsóknaráætluninni eða skýrslunni,
- fá afrit af öllum skjölum sem fjalla um eftirlitsaðferðir eða eru óaðskiljanlegur hluti af rannsókninni, þar með talið:
  i) rannsóknaráætlunin;
  ii) verklagsreglur sem notaðar voru þegar rannsóknin var gerð;
  iii) dagbók, minnisbækur rannsóknarstofunnar, skrár, vinnuseðlar, útprent með tölvugögnum o. s. frv.;
  iv) lokaskýrsla.

Þar sem notuð eru dýr (það er að segja nagdýr og önnur spendýr) við rannsóknir ættu skoðunarmenn að fylgjast með ákveðnum hundraðshluta einstakra dýra frá því að þau koma á rannsóknarstofuna og þar til þau eru krufin. Þeir ættu einkum að leggja áherslu á skýrslur um:

- líkamsþyngd dýranna, inntöku fóðurs/vatns, lögun og gjöf skammta o. s. frv.,
- klínískar upplýsingar og niðurstöður krufningar,
- klíníska efnafræði,
- meinafræði.

II.5.2. Lok skoðunar eða úttektar á rannsókn.

Að lokinni skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn skal skoðunarmaður vera reiðubúinn að ræða niðurstöður sínar við fulltrúa rannsóknarstofunnar og semja skriflega skýrslu sem kallast skoðunarskýrsla.

Líklegt er að skoðun allra stórra rannsóknarstofa leiði í ljós fjölda minniháttar frávika frá meginreglum um GSR en yfirleitt eru þau ekki nægilega alvarleg til að hafa áhrif á gildi rannsókna á rannsóknarstofunni. Í þessum tilvikum er eðlilegt að skoðunarmaður færi í skýrsluna að starfsemi rannsóknarstofunnar sé í samræmi við meginreglur um GSR samkvæmt þeim viðmiðum sem ákveðin eru af eftirlitsyfirvaldi með GSR. Þó skal veita rannsóknarstofunni nákvæmar upplýsingar um vankanta eða skekkjur sem í ljós komu og yfirstjórn hennar skal heita því að gerðar verði ráðstafanir til leiðréttingar. Skoðunarmaður þarf ef til vill að fara aftur á rannsóknarstofuna eftir ákveðinn tíma til að sannprófa að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar.

Komi í ljós alvarleg frávik frá meginreglum um GSR við skoðun rannsóknarstofu eða úttekt á rannsókn sem skoðunarmaður telur að hafi áhrif á gildi rannsóknarinnar eða annarra rannsókna sem gerðar eru á rannsóknarstofunni skal skoðunarmaður skýra eftirlitsyfirvöldum með GSR frá því. Aðgerðirnar sem yfirvaldið grípur til eru undir eðli og umfangi frávikanna komnar og þeim laga- og/eða stjórnsýslufyrirmælum sem taka til áætlana um eftirlit með GSR.

Hafi verið gerð úttekt á rannsókn samkvæmt beiðni stjórnvalds skal semja ítarlega skýrslu um niðurstöðurnar og senda hana til viðeigandi eftirlitsyfirvalds með GSR sem sendir skýrsluna áfram til viðkomandi stjórnvalds.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með breytingu skv. reglugerðum nr. 30/1994, 147/1994 og 335/1994.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. reglugerðarinnar:

a) Tollskrárnúmerin 0201.1000-0210.9000 breytast og verða 0201.1000-0210.9090.
b) Tollskrárnúmerin 1001.1000-1004.0000 breytast og verða 1001.1001-1004.0009.
c) Tollskrárnúmerin 1005.9000-1008.2000 breytast og verða 1005.9001-1008.2009.
d) Tollskrárnúmerið 1008.9000 breytist og verður 1008.9001-1008.9009.
e) Tollskrárnúmerin 1101.0001-1105.2009 breytast og verða 1101.0010-1105.2009.
f) Tollskrárnúmerin 1517.1011-1517.9009 breytast og verða 1517.1001-1517.9009.
g) Tollskrárnúmerin 1601.0001-1605.9029 breytast og verða 1601.0010-1605.9029.
h) Tollskrárnúmerin 1901.1000-1904.9000 breytast og verða 1901.1000-1904-9009.
i) Tollskrárnúmerin 2105.0001-2105.0009 breytast og verða 2105.0011-2105.0029.
j) Við bætist efnisliðurinn 2106.9054.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 3. gr. reglugerðarinnar:

a) 1. mgr. orðist svo: Veitingahús, mötuneyti og hliðstæðir aðilar sem selja tilreiddan mat og þjónustu til almennings skulu innheimta 24,5% virðisaukaskatt af sölu sinni á vörum og þjónustu.
b) Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. er orðist svo: Smásöluverslanir, söluturnar og aðilar sem hafa með höndum tilfallandi matsölu og geta því ekki aðgreint aðföng vegna matsölu frá aðföngum til heimilishalds, teljast ekki til veitingahúsa, mötuneyta eða hliðstæðra aðila skv. 1. mgr. Sama gildir um aðila sem hafa með höndum framleiðslu tilbúinna rétta í heildsölu til matreiðslu eða neyslu.
c) 2. mgr. verður 3. mgr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 4. gr. reglugerðarinnar:
Í stað „3. gr.“ kemur „1. mgr. 3. gr.“

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 19. gr. laga nr. 122/1993, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 3. ágúst 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1994.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1994.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	4.767,10
		4.767,10

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	4.767,10
		4.767,10

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1994.

Eignir

Bankainnstæður	kr.	106.584,18
		106.584,18

Skuldir

Hrein eign pr. 1. janúar 1994	kr.	101.817,08	
Hreinar tekjur árið 1994	kr.	4.767,10	kr. 106.584,18

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1995.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 - 1995

9. ágúst 1995 1125 Nr. 445

AUGLÝSING

um heildarþyngd og ásþunga ökutækja á þjóðvegum.

Með vísun til 11. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425/1995 frá 19. júlí 1995, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan ásþunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka I:

Vegur nr.	Heiti	Kafli
1	Hringvegur	Reykjavík-Norðausturvegur Reykjahlíð-Norðausturvegur v. Vegaskarð Reykjavík-Kirkjubæjarklaustur Egilsstaðir-Djúpivogur
26	Landvegur	
F26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur-Hrauneyjarfossvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur-Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	Skeiðavegur-Landvegur
34	Eyrarbakkavegur	
38	Þorlákshafnarvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Vestm.eyja
39	Þrengslavegur	
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Norðan Vatnsskarðs
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	

Gutenberg

49	Nesbraut	
425	Nesvegur	
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
421	Vogavegur	
422	Njarðvíkurvegur	
431	Hafravatnsvegur	Hringvegur í Mosfellsbæ-Reykjalundarvegur
433	Reykjalundarvegur	
51	Akranesvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Reykjavíkur
54	Ólafsvíkurvegur	Borgarnes-Vegamót Snæfellsnesvegur-Ólafsvík
56	Kerlingarskarðsvegur	
57	Snæfellsnesvegur	Stykkishólmsvegur-Ólafsvíkurvegur
58	Stykkishólmsvegur	Allur vegurinn ásamt ferjuleið til Brjánslækjar
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
574	Útnesvegur	Ólafsvík-Hellissandur
60	Vestfjarðavegur	Laxárdalsvegur-Búðardalur Þingeyri-Djúpvegur
61	Djúpvegur	Hringvegur-Laxárdalsheiði Súðavík-Bolungarvík
62	Barðastrandarvegur	Brjánslækur-Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður-Ketildalavegur
64	Flateyrarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur-Sveinseyri
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur-Bíldudalur
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	Sauðárkróksbraut-Siglufjörður
77	Hofsósbraut	
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur-Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	Hringvegur-Grenivík
85	Norðausturvegur	Hringvegur-Raufarhöfn Hringvegur v. Vegaskarð-Þórshöfn
87	Kísilvegur	
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
830	Svalbarðseyrarvegur	
863	Krófluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	

92	Norðfjarðarvegur	Hringvegur-Norðfjörður
96	Suðurfjarðarvegur	Norðfjarðarvegur-Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður-Hringvegur
98	Djúpavogsvegur	

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. ágúst 1995.

Reykjavík, 9. ágúst 1995.
Vegagerð ríkisins,

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 - 1995

Nr. 446 1128 16. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á jólatrjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA og IIIB, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg.
Úr tollkafla 6:					
0601.2002	Blómst.pottapl. undir 1m	17.08.-31.10	2.000	30	
0604.9101	Jólatré, án rótar	17.08.-31.12	ótilgr.	30	
0604.9102	Jólatrésgreinar	17.08.-31.12	ótilgr.	30	
0604.9109	Annað	17.08.-31.10	ótilgr.	30	
0604.9900	Annars	17.08.-31.10	ótilgr.	30	
Úr tollkafla 7:					
0703.9000	Blaðlaukur	17.08.-31.08	ótilgr.	15	114
0705.1112	Jöklasalat	17.08.-31.10	ótilgr.	30	

Við innflutning sem fellur undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Gutenberg

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990 að því er varðar vörur úr tollkafla 6.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. ágúst 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 - 1995

Nr. 447 1130 17. ágúst 1995

AUGLÝSING

um bann við veiðum krókabáta með viðbótarbanndögum í september, október og nóvember 1995.

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1995, sem leyfi hafa til að stunda veiðar með viðbótarbanndögum, eru bannaðar eftirgreinda daga:

September:	2., 3., 8., 9., 10., 16., 17., 22., 23., 24., 30.
Október:	1., 7., 8., 13., 14., 15., 21., 22., 27., 28., 29.
Nóvember:	4., 5., 9., 10., 11., 12., 18., 19., 21. til 30., að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 403/1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, öðlast gildi 1. september 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um bann við veiðum krókabáta með þorskaflahámarki, fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1995, sem leyfi hafa til að stunda veiðar með þorskaflahámarki eru bannaðar eftirgreinda daga:

September:	8., 9., 10., 22., 23., 24.
Október:	13., 14., 15., 27., 28., 29.
Nóvember:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Desember:	1. til 31., að báðum dögum meðtöldum.
Janúar:	1. til 31., að báðum dögum meðtöldum.
Febrúar:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Mars:	8., 9., 10., 22., 23., 24.
Apríl:	2. til 8., að báðum dögum meðtöldum, 12., 13., 14., 26., 27., 28.
Maí:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Júní:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Júlí:	12., 13., 14., 26., 27., 28., 30., 31.
Ágúst:	1. til 5., að báðum dögum meðtöldum, 9., 10., 11., 23., 24., 25.

2. gr.

Brot á auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 403/1995, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996, öðlast gildi 1. september 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 78, nr. 445-446. Útgáfudagur 18. ágúst 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 1995

Nr. 449 1132 8. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Tekjumörk.

1. gr.

Tekjumörk miðast við meðaltekjur sl. þriggja ára, skv. skattskrá, áður en úthlutun á íbúð fer fram. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

2. gr.

Tekjumörk við
a. kaup á félagslegri eignaríbúð
b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
c. leigu á félagslegri kaupleiguíbúð (með eða án eignarhluta)
d. leigu á félagslegri leiguíbúð
eru að meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 1.500.000 kr. fyrir hvern einstakling og 250.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna skulu vera 25% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 1.875.000 kr.

Eignamörk.

3. gr.

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum skv. síðustu skattskrá.

4. gr.

Eignamörk við
a. kaup á félagslegri eignaríbúð
b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
c. leigu á félagslegri kaupleiguíbúð (með eða án eignarhluta)
d. leigu á félagslegri leiguíbúð
eru 1.900.000 kr.

5. gr.

Eignamörk við
a. kaup á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni
b. kaup á 10% eignarhluta í almennri kaupleiguíbúð
eru 1.900.000 kr.

Séu eignir yfir gildandi eignamörkum, sbr. 1. mgr., er heimilt að veita 70% lán til kaupa á almennri kaupleiguíbúð.

Greiðslugeta.

6. gr.

Greiðslugeta við
a. kaup á félagslegri eignaríbúð
b. kaup á félagslegri kaupleiguíbúð
c. kaup á almennri kaupleiguíbúð
miðast við að greiðslubyrði allra fjárskuldbindinga fari ekki yfir 28% af tekjum.

Meðaltekjur síðustu þriggja mánaða skulu lagðar til grundvallar. Séu meðaltekjur síðustu þriggja mánaða meira en 10% hærri en meðaltekjur á mánuði á síðasta ári, skv. skattskrá, skal miða við þær meðalmánaðartekjur, að teknu tilliti til launavísitölu.

Greiðslumat skal byggt á þeim forsendum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið og kynnt húsnæðisnefndum og öðrum framkvæmdaraðilum.

Undanþáguheimildir.

7. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæðum 4. gr. um eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Jafnframt er Húsnæðisstofnun heimilt að víkja frá 2. gr. og 4. gr. um tekjur og eignir, skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öðrum ástæðum, lækkað svo í tekjum að þeir geta varla haldið íbúðum sínum. Ósk um undanþágu af framangreindum ástæðum skal fylgja umsögn frá félagsmálanefnd í viðkomandi sveitarfélagi.

8. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun að víkja frá ákvæði 6. gr. um greiðslugetu skv. rökstuddri ósk framkvæmdaraðila, enda felist í rökstuðningnum upplýsingar um félagslega hagi umsækjanda sem þyki staðfesta að umsækjandi geti, tímabundið, borið þyngri greiðslubyrði en 6. gr. kveður á um.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15., 17. og 23. gr. laga nr. 58/1995, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin skal endurskoðuð fyrir 1. ágúst 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1995.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Fljótsdalshérað.

I. KAFLI
Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota s.s. leikvelli, almenningsgarða, sölutorg, afgreiðslustaði bifreiða o.s.frv.

Um veitingastaði, almennar knattborðsstofur og leiktækjasali, kvikmyndahús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktarinnar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þ.á.m. við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig að þeir sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að halda uppi röð og reglu.

3. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það sem raskar næturró manna að óþörfu. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga húsa, né heldur hringja dyrabjöllu, dyrasíma eða aðhafast neitt það sem veldur ónæði.

4. gr.

Skipulagðar skrúðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýða fyrirmælum lögreglunnar eða umsjónarmanns svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá, sem búa í nágrenninu.

6. gr.

Á götum og vegum, eða þar sem hætta stafar af, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hljólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið. Lögreglustjóri getur þó heimilað sleðaferðir og leiki barna á tilteknum götum og svæðum, enda séu gerðar sérstakar varúðarráðstafanir sé þeirra þörf.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera í þéttbýli eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal

ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp. Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum, svo sem loftbyssum, í þéttbýli nema á sérstökum æfingasvæðum sem séu rækilega merkt og lögreglustjóri hafi samþykkt þau.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði er sérstaklega stendur á, s.s. um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku leyfi lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt.

Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns og heimilis þegar lögreglan krefst þess. Óheimilt er að villa á sér heimildir eða dulbúast í því skyni.

9. gr.

Óheimilt er að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, s.s. með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt eða vera áberandi ölvaður.

10. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir sterkum áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri, skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt heppilegt eða nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsiábyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagamælum.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögreglu, sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til getur lögreglan krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það, eftir almennum reglum.

12. gr.

Enginn má, nema brýna nauðsyn beri til, taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra og tæknideildar viðkomandi sveitarfélags.

Ekki má heldur slökkva eða kveikja á götuljósum að þarflausu.

II. KAFLI

Sala utan sölubúða, öryggi vegfarenda, frágangur bygginga og byggingasvæða.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð með þeim undanþágum sem taldar eru í þessari grein. Blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða o.þ.h. má selja á almannafæri. Þó getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað slíka sölu ef ástæða

þykir til. Lögreglustjóri getur veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss til farandsölu og til starfrækslu á útimörkuðum að uppfylltum skilyrðum um verslunaratvinnu og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða landeiganda má enginn láta fyrir berast á landareign, húsalóðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húsalóðir né heldur fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Eigi má hengja sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar.

Leyfi byggingarnefnda og umferðanefnda þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar á almannafæri eða ef þær sjást þaðan. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, se standa út frá húshlið fram yfir gangstétt, skal minnst vera 2,70 m.

Uppfestar auglýsingar skal hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því eigi sinnt getur viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn fjarlægt þær á kostnað auglýsenda.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

16. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi.

Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa og ganga frá vettvangi.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akbrautum, torgum, eða gangstéttum nema það sé sérstaklega heimilað.

17. gr.

Húsráðendur eða umráðamenn húseigna skulu hreinsa snjó og klaka af tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum eins og kostur er svo og hreinsa snjó af húsþökum og fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur.

18. gr.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina.

Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð eða landareign hans á lóð eða landareign annars manns.

19. gr.

Umráðamönnum lóða, lendna, jarða og athafnasvæða, bæði einstaklingum og forráðamönnum fyrirtækja og stofnana, er skylt að gæta þess jafnan, að þeim sé haldið hreinum og þrifalegum. Úr vanrækslu í þessum efnum geta sveitarstjórnir látið bæta á kostnað þess er ábyrgð ber á því svæði, sem um er að ræða.

20. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg þéttbýla eða alfaravegi hvar sem er né raska

þeim á neinn hátt nema hann hafi þess leyfi, tæknideildar Egilsstaðabæjar eða byggingayfirvalda annarra viðkomandi sveitarfélaga.

Skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé að. Þá skal því, sem raskað var, aftur komið í samt lag og því haldið við í eitt ár.

Dragist frágangur úr hófi geta bæjar- eða sveitarstjórnir eða lögreglustjóri eða báðir aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess sem verkið átti að vinna. Til tryggingar því, að skilmálum ofangreinds leyfis verði fullnægt, geta sveitarstjórnir krafist bankatryggingar.

Þeir, sem stjórna verki, skulu ætíð gæta þess að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða endurskinsmerkjum. Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og Pósti og síma.

Að öðru leyti geta sveitarstjórnir og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hrörlegt að hætt er við að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli. Sjá ennfremur grein 2.5.20 í byggingarreglugerð.

22. gr.

Þegar hús er byggt, því breytt eða það rifið að fengnu leyfi byggingarnefndar og húsið eða einhver hluti þess liggur að almannafæri er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra byggingafulltrúa frá áður en verkið byrjar. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjórinn setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem byggingafulltrúi leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, möl, grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt að geyma á svæði sem er innan 15 m frá brunahana.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

23. gr.

Vinnupalla, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerða á húsum, við málun, gluggaþvott eða þ.h., skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Við húsbyggingar og aðrar þess háttar framkvæmdir skal þess gætt að endi á steypustyrktarjárni standi ekki upp í loftið þannig að börn eða aðrir geti hlutið skaða af. Beygja skal járnin niður eða byrgja.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

III. KAFLI
Um umferð bifreiða, bifhjóla o.fl.

24. gr.

Öll umferð um vegi, götur og torg fer eftir gildandi umferðarlögum. Í þéttbýli er öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða og fjórhjóla bönnuð bæði á vegum og utan vega.

25. gr.

Með vísun til 50. gr. umferðarlaga má eigi aka hraðar í þéttbýli en 50 km á klst., enda sé þessi hraðatakmörkun gefin til kynna með viðeigandi umferðarmerkjum.

Við vegamót í þéttbýli má ekki leggja ökutæki nær gatnamótum en 5 metra miðað við götulínu.

IV. KAFLI
Um dýrahald.

26. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli Egilsstaða- og Fellabæjar nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar, skv. samþykktum um hunda- og kattahald.

27. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur og bíta, skal fjarlægja þegar í stað og eru þeir réttdræpir.

Flækingshunda, sem ekki eru í eigu eða umsjón neins manns getur lögregla látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan 3ja sólarhringa skal farga hundinum.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

28. gr.

Óheimilt er að halda svín, hænsn, endur, gæsir eða annað fiðurfé í þéttbýli. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til að mega halda kanínur og dúfur í þéttbýli.

29. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilasamþykktar Múlasýslna nr. 472/1991 eins og hún er nú eða kann að verða.

30. gr.

Búpeningur má ekki ganga laus á þéttbýlissvæðum.

Valdi búpeningur spjöllum á löggirtum svæðum, húslóðum, túnum eða görðum eru eigendur þeirra bótaskyldir.

Leyfi byggingayfirvalda þarf til að reisa fjárhús eða önnur peningshús.

Heimilt er að banna með öllu búfjárhald á hverjum stað í þéttbýli.

31. gr.

Ef búfé gengur laust innan afgirtra þéttbýlisstaða eða afgirtra skógarsvæða skal lögregla hlutast til um það með tilstyrk sveitarstjórnar, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sé búfénaðurinn ekki leystur út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem hann kann að hafa valdið, skal hann seldur á opinberu uppboði eða honum slátrað. Þetta er þó aðeins heimilt sé viðkomandi girðing fullnægjandi að mati lögreglustjóra. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða. Jafnframt skulu þeir eða umráðamenn ágangsfénaðar sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

32. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum. Óheimilt er að ríða hestum um götur þar sem þéttbýli er, en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

V. KAFLI
Um friðun almenningseigna o.fl.

33. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafleiðslur, ljósker, símar, símaklefar, póstkassar, pósthólf, ruslakassar, brunaboðar, björgunartæki eða annað ætlað til almenningsnota. Komi slíkt fyrir skal sá er veldur bæta fullum bótum þann skaða sem hann gerir. Sama gildir um hús manna, útvarpsloftnet eða girðingar. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, trjá- eða blómagarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

34. gr.

Bannað er að spilla gróðri í almenningsgörðum eða á víðavangi í þéttbýli. Í sveitum er stranglega bannað að spilla gróðri, nema um sé að ræða jarðarbætur á vegum ábúanda á bújörðum.

35. gr.

Í kirkjugörðum eða grafreitum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru í kirkjugörðum, eða grafreitum, má enginn rífa upp, færa burtu, spilla eða saurga á nokkurn hátt. Gróðursetning og grisjun sé unnin í samráði við hlutaðeigandi yfirvöld kirkjugarða. Skepnum má eigi beita eða sleppa í kirkjugörðum.

VI. KAFLI
Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o.fl.

36. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi skal hann leita umsagnar sveitarstjórna, heilbrigðisnefnda og eldvarnareftirlits. Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds sem seldur er aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð að lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þar uppi löggæslu og eftirliti á staðnum samkomutímann og er leyfishafa skylt að hlýta fyrirmælum þeirra til að halda uppi góðri reglu, velsæmi og hreinlæti.

37. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að halda uppi góðri reglu og velsæmi. Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegt hámark og að loftræsting og hreinlæti séu í góðu lagi.

38. gr.

Heimilt er að hafa veitinga- og samkomustaði opna alla daga frá kl. 06:00-03:00, enda sé sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjölbreyttra kaffiveitinga meginhluti rekstrarins að mati heilbrigðisnefndar. Allir gestir skulu hafa yfirgefið staðinn hálfri stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er ef þeir fá gistingu á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Staðir sem hafa leyfi til að veita áfengi, mega það frá kl. 12:00 til 23:30 alla daga vikunnar. Þá er sömu aðilum heimilt að veita áfengi til kl. 02:00 aðfararnótt laugardags og sunnudags eða almenns frídags.

Að fengnu leyfi lögreglustjóra er heimilt að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir er standi til kl. 01:00 alla daga vikunnar, en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00.

39. gr.

Rekstur knattborðs- og/eða leiktækjastofu er háður leyfi lögreglustjóra að fengnum umsögnum sveitarstjórnar. Leiktækjastofa telst sá staður þar sem leiktæki, spilakassar, tölvuleiktæki og hvers kyns önnur leiktæki eitt eða fleiri eru til afnota fyrir almenning gegn gjaldi.

Leyfi skal veitt einstaklingi, vera staðbundið og ekki framseljanlegt. Leyfi skal veitt til eins árs í senn, en sé sótt um áframhaldandi leyfi má veita það til fjögurra ára. Sveitarstjórn ákvarðar leyfisgjald. Heimilt er þó að lækka eða fella niður leyfisgjald sé starfsemin hluti af æskulýðs- eða félagsstarfsemi.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl á knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

40. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds til sveitarfélagsins, og tiltekur sveitarstjórn þá fjárhæð þess.

41. gr.

Lögreglunni skal heimill umgangur um húsakynni, sem notuð eru í sambandi við veitingar, rekstur spilakassa, knattborða og annarra leiktækja.

42. gr.

Nú hefur einhver orðið sannur að sök um ítrekaða ölvun og óspektir á dansleikjum eða öðrum samkomum, og er þá heimilt að meina honum aðgang að dansleikjum og skemmtisamkomum í tiltekinn tíma eftir tilmælum lögreglumanna og forsvarsmanna samkomu.

Um útivistartíma barna og unglinga o.fl.

43. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13-16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00, nema þeir séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. sept. lengist útivistartími barna og unglinga skv. 1. og 2. málsgrein um tvær klukkustundir.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar skal unglingum á aldrinum 13-16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24:00 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þessi undantekningarregla skal túlkuð þannig að unglingur fái framangreinda heimild frá og með 1. janúar árið sem hann verður 14 ára.

44. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum

eftir kl. 20.00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

45. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningargluga eða á annan hátt birta myndir, sem að dómi félagsmálaráðs eru siðspillandi. Gildir þetta um ljósmyndir, veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða félagsmálaráð bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðinn aldur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vernd barna og unglinga eftir því sem við á.

46. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfnum, ef sérstök ástæða þykir til.

47. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda upp velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

48. gr.

Á almannafæri má eigi kasta hrækjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnabrak, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér upp talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi, og úrgangi á staði, sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á grjóti eða sandi er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

49. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur og annað, skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja í lokuðum vögnum, vel þéttum.

Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar, að auk skjólborða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins, þegar flutt er efni eða varningur, sem hætt er við að hrynji úr.

50. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem hlýst af rekstrinum, a.m.k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga

tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl, sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

VIII. KAFLI

51. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélögin á Fljótsdalshéraði.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

Sektir renna í ríkissjóð eða til viðkomandi sveitarfélags eftir því, sem lög og reglugerðir segja til um.

52. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórnir Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Fellahrepps, Fljótsdalshrepps, Hjaltastaðahrepps, Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps, Skriðdalshrepps, Tunguhrepps og Vallahrepps hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36. 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Samþykktina skal endurskoða ári eftir gildistöku hennar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.

Nr. 451 10. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

3. ml. 3. mgr. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 273, 9. maí 1995, orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí til og með 31. ágúst 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

SAMÞYKKT

um stjórn Snæfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er skipuð 9 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Snæfellsbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Snæfellsbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar

við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta fimmtudag í mánuði.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef eða að svo miklu leyti sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 61. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er, vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því.

Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarra nefnda, ráða eða stjórna skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

29. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur mál-

frelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt til að ræðutími hvers bæjarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti, hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo um mál að hún standi skemur en tvær klukkustundir, meðan nokkur bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Bæjarstjórn afgreiðir tillögur samkvæmt 1. og 2. mgr. umræðulaust. Tveir bæjarfulltrúar hið fæsta geta borið fram slíkar tillögur og skulu þær einnig afgreiddar umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

31. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs, stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef bæjarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallslegar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur, eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

39. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðsluna, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

43. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar, á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

45. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Þeir bæjarfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti.

Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks eða framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti þann tíma, sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

50. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á fimmtudegi kl. 17:30. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

51. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

52. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra formann eða varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

53. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjar-

ins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

54. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

55. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

56. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

57. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

58. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

59. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

60. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá

í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

61. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

62. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. Tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara í *stjórn Sparisjóðs Ólafsvíkur* skv. 36. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Oddamaður skipaður af ráðherra.
2. *Almannavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
3. *Atvinnumálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal efla atvinnuástand og auka fjölbreytni í atvinnumálum.
4. *Byggingarnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
5. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
6. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer einnig með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991, og öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.
7. *Hafnarstjórn.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
8. *Brunamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með yfirstjórn brunavarna o.þ.h. í sveitarfélaginu.
9. *Heilbrigðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
10. *Fulltrúi á landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum Sambands ísl. sveitarfélaga.
11. *Fulltrúar á aðalfund Héraðsnefndar Snæfellinga.* Samkvæmt samþykktum Héraðsnefndar Snæfellinga.
12. *Fulltrúar á aðalfund S.S.V.* Samkvæmt samþykktum S.S.V.
13. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
14. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Yfirstjórn íþrótta- og æskulýðsmála og eftirlit með íþróttamannvirkjum.
15. *Leikskóla- og leikvallanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga

nr. 78/1994 um leikskóla. Nefndin hefur eftirlit með leikskólum og leikvöllum og veröi bæjarstjórn og leikskólastjórum til ráðgjafar um rekstur þeirra.

16. *Lista- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Skal efla lista- og menningarlíf í Snæfellsbæ.
17. *Launanefnd sveitarfélaga.* Bæjarstjóri situr í henni og hefur hún með kjaramál að gera.
18. *Stjórn skíðamiðstöðvar.* Fimm aðalmenn og tveir til vara. Hefur umsjón með skíðasvæðum í Snæfellsbæ.
19. *Stjórn heilsugæslu Snæfellsbæjar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
20. *Stjórn vinnumiðlunar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
21. *Stjórn byggðarsafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með söfnun muna og uppbyggingu safnsins.
22. *Stjórn Jaðars.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hefur umsjón með stjórn dvalarheimilis aldraða.
23. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
24. *Skólanefnd Grunnskóla Hellissands.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
25. *Skólanefnd Lýsuhólsskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
26. *Skólanefnd Grunnskóla Ólafsvíkur.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
27. *Skólanefnd Tónlistarskóla Ólafsvíkur.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
28. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
29. *Umferðarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
30. *Umhverfis- og ferðamálaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með gróðurverndarmál sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965, náttúruverndarmál sbr. 3. gr. laga nr. 47/1971 og skal vera ráðgefandi samnefnari fyrir málaflokk ferðamála.
31. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
32. *Stjórn Náttúrugripasafns Hellissands.* Þrír aðalmenn. Hefur umsjón með söfnun muna og uppbyggingu safnsins.
33. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

C. Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.

63. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

64. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra

þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

65. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar.

Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins.

Bæjarstjóra er heimilt, í samráði við bæjarráð, að fela öðrum að gegna störfum sínum til skemmri tíma. Stendur sú ákvörðun óhögguð, nema bæjarráð ákveði aðra tilhögun. Ef um lengri forföll en tvo mánuði er að ræða, skal bæjarstjórn setja mann til að gegna starfi hans.

66. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

67. gr.

Bæjarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 66. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

68. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

69. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Ólafsvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 229/1989.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1994

Rekstrarreikningur fyrir árið 1994.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	2.327,01
		2.327,01

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	2.327,01
		2.327,01

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1994.

Eignir

Bankainnstæður	kr.	50.405,20
		50.405,20

Skuldir

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. janúar 1994	kr.	48.078,19	
Hreinar tekjur árið 1994	kr.	2.327,01	kr. 50.405,20
			50.405,20

Samgönguráðuneytið, 3. ágúst 1995.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

11. ágúst 1995 Nr. 454

GJALDSKRÁ

fyrir sorpeyðingu í Mosvallahreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Mosvallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorpeyðingargjald árið 1995.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	
Íbúðir, íbúðarhúsnæði	kr. 7.500
Bú, lögbýli án íbúðar	kr. 5.000

3. gr.

Gjalddagi er 1. október.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Mosvallahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 11. ágúst 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1995

21. ágúst 1995 1157 Nr. 455

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367/1995 um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á sveppum (0709.5100) til 1. september n.k., breytast þannig að verðtollur verður 7,5% í stað 15% og magntollur 100 kr/kg í stað 200 kr/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 395/1995, um breyting á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 395/1995 bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þeim aðilum sem greiða út atvinnuleysistryggingabætur er heimilt að fengnu samþykki ríkisskattstjóra að halda slíkum greiðslum tímabundið utan staðgreiðslu, þó eigi lengur en til og með 31. desember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. ágúst 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1995

22. ágúst 1995 1159 Nr. 457

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 374/1995, um tollverð og tollverðsákvörðun.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 23. gr. reglugerðarinnar:

Við greinina bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. er orðist svo: Leggi aðili skv. 1. mgr. ekki fram vörureikning við tollafgreiðslu ökutækis fer ákvörðun tollverðs eftir IV. kafla, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðarinnar. Sé tollverð notaðs ökutækis ákvarðað skv. 21. gr. reglugerðarinnar, skal heimilt að fyrna líklegt fob-verð um 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það, þar til náð hefur verið 90% fyrningu, sem er hámarks fyrning.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 10. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995, svo og 148. gr. tollalaga, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. ágúst 1995.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

Stjórnartíðindi B 81, nr. 457. Útgáfudagur 24. ágúst 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 - 1995

Nr. 458 1160 28. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	**Tímabil**	**Vörumagn**	**Verðtollur**
Úr tollnúmeri:			**kg.**	**%**
0601.2002	Pottapl. af ættkv. Bromilea einnig plönturnar Erica Gracilis og Calluna.	28.08.-31.12	ótilgr.	30
Tollnúmer:				
0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	28.08.-31.12	ótilgr.	0
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt	28.08.-31.12	ótilgr.	30
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	28.08.-31.12	5.000	30
Úr tollnúmeri:				
0602.9900	Staurar af Dracaena til framhalds-ræktunar, með rót.	28.08.-31.12	ótilgr.	30

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1995

Nr. 459 1162 14. ágúst 1995

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Bólstaðarhlíðarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps er skipuð 5 mönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Bólstaðarhlíðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Bólstaðarhlíðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og skulu þeir að jafnaði hefjast kl. 13. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi. Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna og ráðningu starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar eftir að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til fjögurra ára.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi skal aldursforseti gegna oddvitastörfum eða hreppsnefnd kýs fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara (fundarritara) og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til fjögurra ára á sama fundi og oddvitakosningar fara fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu rita fundargerðir á hreppsnefndarfundum og telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál séu rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskráin er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli,

svo sem brýnni skyldustörf eða veikindi. Ef hreppsnefndarmaður er forfallaður tilkynnir hann forföll sín til oddvita með dags fyrirvara og boðar oddviti varamann samkvæmt röðun varamanna.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið.

Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefnda eða stjórna skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti ávíta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukku-

stundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og á móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd kýs fundarritara úr sínum hópi skv. 19. gr. samþykktar þessarar. Annast hann ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt

samhljóða, skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana, nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðsluna, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á að eiga greiðan aðgang að skjölum og bókum hreppsins eins og hann telur þörf á vegna starfa sinna á vegum hreppsins.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd og greiddan ferðakostnað samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar og með hliðsjón af verðlagi á hverjum tíma. Einnig fá nefndarmenn greitt fyrir fundarsetu og ferðakostnað samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir og stjórnir á vegum hreppsins.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í stjórnir og nefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður forfallast um stundarsakir, skal varamaður taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir á fyrsta fundi eftir kosningar:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til eins árs í senn.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis til eins árs í senn. Kjörstjórnin fer jafnframt með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga.
3. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara til fjögurra ára skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara til fjögurra ára skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
5. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara til fjögurra ára, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
   Félagsmálanefnd skal sjá um öldrunarmál skv. lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989. Þá skal nefndin einnig sjá um leikskólamál skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.

6. *Skólanefnd grunnskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara til fjögurra ára skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og starfssamningi um Húnavallaskóla.
7. Tvo *búfjáreftirlitsmenn* og jafnmarga til vara til fjögurra ára skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
8. Einn *úttektarmann* og annan til vara til fjögurra ára skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
9. *Umsjónarmann fjallskilamála* til fjögurra ára og einn til vara.
10. Þrjá menn í stjórn *félagsheimilisins* Húnavers til fjögurra ára og þrjá til vara.
11. *Trúnaðarmann Dýraverndunarfélags Íslands* og einn til vara til fjögurra ára.
12. Einn mann í *Samráðsnefnd v/Blönduvirkjunar* og einn til vara til fjögurra ára, samkvæmt samningi við Landsvirkjun frá 1982.
13. Þrjá menn í *riðunefnd* og þrjá til vara til fjögurra ára, til eftirlits vegna riðuveiki í sauðfé.
14. Fimm menn í *brunavarnanefnd* og fimm til vara til fjögurra ára.
15. Einn fulltrúa í *Héraðsnefnd* og einn til vara til fjögurra ára samkvæmt samningi um Héraðsnefnd A-Hún.
16. Einn fulltrúa á *landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga* og einn til vara til fjögurra ára.
17. *Stjórn Bændasjóðs Bólstaðarhlíðarhrepps.* Þrír menn og þrír til vara til fjögurra ára samkvæmt reglugerð þar um.
18. Einn mann til að sjá um *Rugludal* og einn til vara til fjögurra ára samkvæmt samþykkt hreppsnefndar.
19. *Heilbrigðisnefnd.* Hreppsnefnd velur fulltrúa í nefndina í samráði við önnur sveitarfélög, sbr. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

57. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

58. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1995.

F. h. r.
Húnborgi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Snæfellsbæ.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Snæfellsbæ.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Snæfellsbæ skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 18.00 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra. Einungis söluturnar eða sambærileg starfsemi getur fengið leyfi til að hafa opið milli kl. 23.30 og 07.00.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd

setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Ólafsvík nr. 396/1976.

Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

15. ágúst 1995 Nr. 461

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva nr. 69/1986 með áorðnum breytingum.

1. gr.

4. grein orðist svo:

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Skal auglýst með venjulegum hætti eftir umsóknum. Stjórnin lætur gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um framlög úr sjóðnum. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um áætlaðan kostnað og tímasetningar varðandi gerð eða kaup á þeirri dagskrá sem sótt er um framlög til. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn og tiltekur í auglýsingu hvaða upplýsingar skulu fylgja umsókn.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 15. ágúst 1995.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1994.

Sameinaður rekstrarreikningur ársins 1994.

Fjármunatekjur:	**kr.**
Vaxtatekjur og verðbætur	11.320.690
Fjármunatekjur alls:	11.320.690
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	611.705
Reikngjöld v/verðlagsbreytinga	3.278.554
Fjármagnsgjöld alls:	3.890.259
Hreinar fjármunatekjur:	7.430.431
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	22.225.269
Gjald af söluv. landbúnaðarins	42.522.950
Aðrar tekjur alls:	64.748.219
Tekjur alls:	72.178.650
Styrkveitingar:	
Styrkir	83.194.178
Niðurfærsla skuldabréfaeignar	0
Styrkveitingar alls:	83.194.178
Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	(11.015.528)
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	9.422.221
Rekstrarkostnaður húsnæðis	1.542.718
Sérkostnaður	2.000.256
Innheimtulaun búvörugjalds	879.684
Afskriftir	387.489
Rekstrargjöld alls:	14.232.368
Hagnaður (tap) ársins:	(25.247.896)

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember 1994.

Eignir.

Veltufjármunir:	**kr.**
Bankainnstæður	185.464.999
Framleiðsluráð landbúnaðarins	1.300.000

Aðrar skammtímakröfur	422.657
Næsta árs afborganir	720.335
Veltufjármunir alls:	187.907.991
Fastafjármunir:	
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	720.335
Afborganir næsta árs	(720.335)
Langtímakröfur alls:	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	2.692.238
Fasteignir	17.800.187
	20.492.425
Afskrifað alls	(7.317.768)
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	13.174.657
Fastafjármunir alls:	13.174.657
Eignir samtals:	201.082.648

Skuldir og eigið fé.

Skammtímaskuldir:	**kr.**
Ógreidd ýmis rekstrargjöld	591.490
Ógreiddir styrkir	2.922.217
Séreignadeild	13.318.557
Aðrar skammtímaskuldir	3.516.935
Skammtímaskuldir alls:	20.349.199
Eftirlaunaskuldbinding	10.123.000
Skuldir alls:	30.472.199
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	148.067.621
Óráðstafað eigið fé	22.542.828
Eigið fé alls:	170.610.449
Skuldir og eigið fé samtals:	201.082.648

Áritun endurskoðenda.

Ársreikning þennan fyrir Bjargráðasjóð fyrir árið 1994 hef ég endurskoðað.

Ársreikningurinn, sem er á 16 blaðsíðum, hefur að geyma sameinaðan rekstrarreikning, sameinaðan efnahagsreikning hinn 31. desember 1994, sjóðstreymi, rekstrarreikning almennrar deildar, efnahagsreikning almennrar deildar hinn 31. desember 1994, rekstrarreikning búnaðardeildar og efnahagsreikning búnaðardeildar hinn 31. desember 1994.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Það er álit mitt, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1994, efnahag hans hinn 31. desember 1994 og breytingu handbærs fjár á árinu 1994.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Gunnar Zoëga, lögg. end.

Skýrsla stjórnar.

Starfsemi Bjargráðasjóðs var með hefðbundnum hætti á árinu 1994. Haldnir voru 7 stjórnarfundir, þar sem 624 mál voru tekin fyrir.

Þann 21. febrúar 1994 var gefin út ný reglugerð fyrir sjóðinn. Unnið er að endurskoðun laga um Bjargráðasjóð.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1994 með undirritun sinni.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Berglind Ásgeirsdóttir. Bjarni Kr. Lárusson.
Haukur Halldórsson. Jón Helgason.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Þórður Skúlason. Birgir L. Blöndal.

Nr. 463 16. ágúst 1995

AUGLÝSING

um frítekjumark tekjutryggingar almannatrygginga.

1. gr.

Frítekjumark samkvæmt 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal frá 1. september 1995 vera óbreytt frá því sem segir í reglugerð nr. 232/1993.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. ágúst 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994.

Rekstrarreikningur ársins 1994.

Fjármunatekjur:	**kr.**
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	282.666.287
Aðrar vaxtatekjur	3.035.620
Lántökugjald	8.660.000
Fjármunatekjur alls:	294.361.907
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	44.915.218
Önnur vaxtagjöld	1.624.504
Lántökugjöld	237.500
Fjármagnsgjöld alls:	46.777.222
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	247.584.685
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	46.977.092
Hreinar fjármunatekjur:	200.607.593
Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	118.695.712
Aðrar tekjur alls:	118.695.712
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	10.964.940
Sérkostnaður Lánasjóðs	3.757.231
Afskr. varanl. rekstrarfjármuna	1.400.731
Rekstrargjöld alls:	16.122.902
Tekjuafgangur ársins:	303.180.403

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

Eignir.

Veltufjármunir:	**kr.**
Sjóður	75.269
Bankainnstæður	82.723.727
Útistandandi skuldir	7.019.114
Gjaldf. afborganir og vextir	10.666.658
Áfallnir útistandandi vextir	107.811.034
Afborg. sem gjaldf. á næsta ári	673.490.163
Veltufjármunir alls:	881.785.965

Fastafjármunir:

Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	4.650.505.252
Afb. til greiðslu á næsta ári	681.610.606
Langtímakröfur alls:	3.968.894.646
Áhættufé:	
Hlutabréfaeign	260.000
Áhættufé alls:	260.000
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Tölvubúnaður	0
Fasteign	31.049.011
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	31.049.011
Fastafjármunir alls:	4.000.203.657
Eignir samtals:	4.881.989.622

Skuldir og eigið fé.

Skammtímaskuldir:	**kr.**
Skuldheimtumenn	2.594.889
Áfallnir ógr. vextir	11.218.295
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	74.678.902
Skammtímaskuldir alls:	88.492.086
Langtímaskuldir:	
Langtímalán:	
Framkvæmdasjóður Íslands	217.203.401
Seðlabanki Íslands	5.445.040
Norræni fjárfestingabankinn	512.323.445
	734.971.886
Afborganir næsta árs	74.678.902
Langtímalán alls:	660.292.984
Ábyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldb. v/starfsmanna	10.123.000
Ábyrgðarskuldbinding alls:	10.123.000
Skuldir alls:	758.908.070
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	1.987.011.482
Óráðstafað eigið fé	2.136.070.070
Eigið fé alls:	4.123.081.552
Skuldir og eigið fé samtals:	4.881.989.622

Áritun endurskoðenda.

Ég hefi endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 1994, efnahagsreikning 31. desember 1994 og fjármagnsstreymi og sjóðstreymi 1994.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar, voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar. Það er álit mitt, að miðað við viðteknar reikningsskilavenjur, gefi ársreikningurinn glögga mynd af rekstri sjóðsins árið 1994 og efnahag hans í árslok.

Reykjavík, 31. maí 1995.

Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 31. maí 1995.

Sveinn Sæmundsson. Ingimundur Sigurpálsson.

Skýrsla stjórnar.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 1994 og voru haldnir 5 stjórnarfundir. Húsnæði sjóðsins er að Háaleitisbraut 11 og skrifstofuhald sameiginlegt með Bjargráðasjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eins og verið hefur frá stofnun sjóðsins.

Á árinu 1994 var tekið nýtt lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum að fjárhæð 95 milljónir króna. Auk þess var lánum hjá bankanum, sem tekin voru á árinu 1993 í erlendri mynt, skuldbreytt í íslenskar krónur. Öll lán sjóðsins hjá Norræna fjárfestingarbankanum eru nú í íslenskum krónum og verðtryggð með lánskjaravísitölu.

Stjórn sjóðsins samþykkti lánveitingar að fjárhæð 949 milljónir á árinu 1994, þar af voru framkvæmdalán 804 milljónir og skuldbreytingalán 145 milljónir. Auk þess var endurlánum frá NIB í erlendri mynt frá 1993 að fjárhæð 105,7 milljónir skuldbreytt í íslenskar krónur.

Nánari skipting á útlánum 1994 er eftirfarandi:

	Samþykktar lánveitingar í þús. kr.	Útborguð lán í þús. kr.	Ónýttur lánsréttur í þús. kr.
Skólar, dagheimili, íþróttahús	536.000	526.250	9.750
Gatnagerð, holræsi	155.500	84.500	71.000
Vatnsveitur	7.000	7.000	0
Hitaveitur	15.500	15.500	0
Annað	90.000	90.000	0
	804.000	723.250	80.750
Skuldbreytingarlán, almenn	145.000	142.750	2.250

Skuldbreytingarlán, NIB	105.700	105.700	0
	1.054.700	971.700	83.000

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin útlánafé eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og vextir voru 5% fram til 1. júní 1994 en þá voru vextir sjóðsins lækkaðir í 4,8% samkvæmt ákvörðun stjórnar. Lán sem sjóðurinn tekur og endurlánar síðan er lánað með 0,2% vaxtaálagi og 1% lántökugjaldi en að öðru leyti gilda lántökukjör.

Til tryggingar lánum sjóðsins til sveitarfélaganna hefur sjóðurinn fengið veð í framlögum lántakenda úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga skv. 13. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga og einnig í tekjum sveitarfélaga skv. 1. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 sbr. lög nr. 42/1990.

Á árinu 1992 átti Lánasjóður sveitarfélaga 25 ára starfsafmæli og var af því tilefni gerður samningur við listamanninn Örn Þorsteinsson 2. júlí 1991 um gerð lágmyndar, sem sett skyldi upp í húsnæði sjóðsins að Háaleitisbraut 11-13. Umsamið verð var 1.150 þús. krónur og skyldi verkinu lokið eigi síðar en 25. janúar 1992. Verki þessu lauk 1994 og nam kostnaðurinn 1.197 þús króna, er hann gjaldfærður á árinu.

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfstofnunum hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Farið hafa fram útreikningar á þessari kvöð og samkvæmt þeim útreikningum nemur hlutur Lánasjóðs rúmlega 10 milljónum króna í árslok 1994. Áætluð kvöð Lánasjóðs eða 10.123 þús. króna er því færð meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi sjóðsins en áætluð lækkun kvaðarinnar innan ársins er færð til lækkunar í sérkostnaði sjóðsins eða 120 þús. krónur.

Samkvæmt lögum frá Alþingi 22. desember 1992 voru framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Lánasjóðs á árinu 1993 skert um 110 milljónir króna. Lög þessi voru til eins árs. Á árinu 1994 voru engar skerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs og námu framlög hans á árinu 118,7 milljónum króna.

Afkoma sjóðsins var mjög góð á liðnu ári og varð tekjuafgangur ársins 303,1 milljón króna á móti 186,4 milljónum árið áður. Óskert framlög Jöfnunarsjóðs er meginskýring þessarar hækkunar.

Efnahagur sjóðsins er traustur. Eigið fé nemur í árslok 4.123,1 milljón króna á móti 3.772,2 milljónum árið áður og hefur því aukist um 9,3% á árinu.

Eiginfjárhlutfall er í árslok 84,4% á móti 83,5% árið áður.

Akureyri, 29. apríl 1995.

Freyr Ófeigsson.

Ólafur Kristjánsson.	Jón G. Tómasson.
Kristján Magnússon.	Sigríður Stefánsdóttir.
Þórður Skúlason.	Birgir L. Blöndal.

REGLUGERÐ

um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja.

1. Inngangur og skýringar.

1. gr.

Sérlyf er lyf, sem er markaðssett í upprunalegum umbúðum framleiðandans undir sérheiti eða samheiti, sbr. 3. og 4. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum. Áður en sérlyf er sett á markað, verður það að hafa hlotið viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda, þ.e. verið skráð og fengið markaðsleyfi. Ákvæði þessarar reglugerðar gilda bæði fyrir skráningu og veitingu markaðsleyfa sérlyfja, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Reglur og leiðbeiningar um skráningu, markaðsleyfi og kröfur til sérlyfja á Evrópska efnahagssvæðinu gilda hér á landi, sbr. EES-samning, viðauka II, undirflokkur XIII og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022-9337, EFTA Publication Unit; sjá nánar í viðauka 1 við þessa reglugerð.

Ákvæði reglugerðar þessarar varðandi lyf ætluð mönnum eru í samræmi við tilskipanir ráðs EBE (65/65/EEC), (75/318/EEC) og (75/319/EEC) með síðari breytingum og um dýralyf í samræmi við tilskipanir ráðs EBE (81/851/EEC) og (81/852/EEC) með síðari breytingum.

Undanþegin kröfu um skráningu og markaðsleyfi lyfja eru: blóð, blóðvökvi eða blóðfrumur frá mönnum og dýrum, þau hómópatalyf sem ekki þurfa sérstaka skráningu og lyfjagös.

Sérstakar reglugerðir gilda um skráningu og/eða veitingu markaðsleyfa fyrir samhliða lyf, náttúrulyf, hómópatalyf, bætiefni t.d. vítamín og steinefni og hvaða vörur eru undanþegnar ákvæðum um skráningu og markaðsleyfi.

2. Umsókn um skráningu.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda Lyfjanefnd ríkisins á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknareyðublað skal fyllt út í þremur eintökum fyrir hverja umsókn, sbr. leiðbeiningar í viðauka 2 með reglugerð þessari. Lyfjanefnd ríkisins áritar og tölusetur hverja umsókn og fær umsækjandi eitt eintak.

Fylgiskjöl og gögn með umsókn skal senda í einu eintaki, nema annað sé tekið fram og skal kvittun fyrir greiðslu skráningargjalds fylgja þeim, sjá einnig ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar.

Fylgiskjöl og gögn með umsóknum um lyf ætluð mönnum skulu vera samkvæmt leiðbeiningum Evrópusambandsins "Notice to Applicants for marketing authorisation for medical products for human use" og fyrir dýralyf "Notice to Applicants for marketing authorisation for veterinary medical products", sem í gildi eru hverju sinni.

Öll gögn, er fylgja umsókn um skráningu sérlyfs á Sérlyfjaskrá, skulu vera greinileg og auðlæs og mega vera á íslensku, dönsku, ensku, norsku eða sænsku. Tillögur að samantekt á eiginleikum lyfs (SPC), texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga skulu þó einnig vera á íslensku.

Lyfjanefnd ríkisins getur óskað eftir fyllri upplýsingum og gögnum varðandi umsókn um skráningu eða breytingar á skráðum sérlyfjum.

Umsókn um skráningu sérlyfs verður vísað frá, ef tillögur að merkingu lyfsins og fylgiseðli fylgja ekki, sbr. einnig ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Lyfjanefnd ríkisins mun synja umsókn um skráningu sérlyfs, ef upplýsingar og gögn með umsókninni eru ekki í samræmi við 4. gr. reglugerðar þessarar og enn fremur ef fram kemur við mat á upplýsingum og gögnum að fyrirhuguð notkun lyfsins er skaðleg, að lyfið hafi ekki lækningaverkun, að ekki hafi verið færðar sönnur á lækningaverkun þess svo fullnægjandi þyki, eða að samsetning eða magn innihaldsefna er ekki eins og skýrt var frá.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt sérlyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Eina umsókn þarf fyrir hvern styrkleika lyfs í formi stungulyfsstofns og ef sótt er um eitt lyfjaform í mismunandi samsetningum, t.d. með og án rotvarnarefnis, skal senda inn umsókn fyrir hvora samsetningu. Ef sótt er síðar um skráningu á fleiri lyfjaformum eða styrkleikum sérlyfs eða skráningu nýrra ábendinga, skal vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama lyfs, enda verði hin ýmsu lyfjaform og styrkleikar sérlyfs skráðir einu heiti og undir elsta umsóknarnúmeri viðkomandi lyfs.

3. gr.

Greiðsla skráningargjalds.

Skráningargjald skal greitt skv. reikningi frá Lyfjanefnd ríkisins hjá Ríkisfjárhirslu, Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, sbr. ákvæði reglugerðar um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja, sem í gildi er hverju sinni, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé synjað.

3. Fylgiskjöl og gögn með umsókn.

4. gr.

Almenn ákvæði (Administrative data).

Eftirfarandi upplýsingar og gögn, eftir því sem við á, skulu fylgja umsókn um skráningu sérlyfs og skal umsóknareyðublað fyllt út í samræmi við leiðbeiningar í viðauka 2 með reglugerð þessari:

1. Heiti lyfs, sem sótt er um skráningu á, lyfjaform og styrkleiki og geta skal um hvernig lyfið sé gefið (ikomustaður).
2. Nafn og heimilisfang umsækjanda (væntanlegur handhafi markaðsleyfis) og umboðsmanns hans.
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda/framleiðenda virkra efna og tilbúins lyfjaforms.
4. ATC-flokkur lyfsins (ATCvet-flokkur, ef um dýralyf er að ræða), tillaga að afgreiðslutilhögun og nafn tengiliðs við heilbrigðisyfirvöld.
5. Útfyllt skrá yfir innihaldsefni lyfsins.
6. Pakkningastærðir og gerð umbúða.
7. Geymsluþol og geymsluskilyrði.
8. Listi yfir lönd, þar sem lyfið hefur hlotið markaðsleyfi eða þar sem sótt hefur verið um markaðsleyfi.
9. Framleiðandi sérlyfs skal vera viðurkenndur sérlyfjaframleiðandi í heimalandi sínu og með umsókn skal fylgja afrit af leyfi hans til lyfjaframleiðslu, útgefið af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum, og eigi eldra en 2 ára. Ef lyfið er framleitt í landi utan EES-ríkja og verksmiðja framleiðanda hefur ekki áður verið viðurkennd hér á landi skulu einnig fylgja með umsókn gögn um viðkomandi verksmiðju framleiðanda og

framleiðsluferlið svo hérlend yfirvöld geti lagt mat á hæfni hans til að annast framleiðsluna.

10. Staðfesting á markaðsleyfi sérlyfsins á Norðurlöndunum, í öðrum EES-ríkjum, í N-Ameríku og/eða Ástralíu skal fylgja hverri umsókn, sé slíkt leyfi fyrir hendi.
11. Með umsókn skal fylgja efnisyfirlit yfir þau gögn, sem fylgja umsókninni, þ.e. fjöldi mappa og innihald þeirra. Einnig skal meðfylgjandi lyfjasýnishorna getið.

5. gr.

Gögn um gæði (quality), öryggi (safety) og verkun (efficacy).

Ákvæði um hvaða gögn um gæði, öryggi og verkun skulu fylgja umsókn um skráningu lyfja, sem ætluð eru mönnum, eru tilgreind í 4. gr. tilskipunar ráðs EBE (65/65/EEC) og í viðauka við tilskipun ráðs EBE (75/318/EEC). Hliðstæð ákvæði um hvaða gögn skulu fylgja umsókn um skráningu dýralyfja eru tilgreind í 5. gr. tilskipunar ráðs EBE (81/851/EEC) og í viðauka við tilskipun ráðs EBE (81/852/EEC).

Með umsókn skulu fylgja gögn er varða efnafræði og lyfjagerðarfræði, þar sem m.a. kemur fram lýsing á framleiðslu vörunnar á öllum framleiðslustigum og upplýsingar um framleiðslustað og framleiðsluefirlit. Lýsa skal aðferðum til sannkennslis og magngreiningar á innihaldsefnum lyfsins og lokaframleiðslunni, sérstökum rannsóknum eins og t.d. á sæfingu, tandurkveikjum, þungmálmum og stöðugleika lyfsins.

Með umsókn skulu einnig fylgja:

1. stutt lýsing á framleiðsluaðferð lyfsins,
2. lýsing á framleiðsluaðferðum fyrir virkt innihaldsefni svo og aðferðum og niðurstöðum úr gæðamatsprófum á því,
3. niðurstöður eðlisefnafræðilegra, líffræðilegra og örverufræðilegra rannsókna,
4. niðurstöður lyfja- og eiturefnafræðilegra rannsókna,
5. niðurstöður klínískra rannsókna.

Framangreind gögn skulu vera unnin af sérfræðingum sem ráða yfir nauðsynlegri tækni og sérþekkingu og skulu þau vera undirrituð, sbr. ákvæði 1. gr. tilskipunar ráðs EBE (75/319/EEC) og 6. gr. tilskipunar ráðs EBE (81/851/EEC) eftir því sem við á.

Í einstaka tilvikum er ekki krafist heildargagna um öryggi og verkun lyfsins, sbr. 4. kafla reglugerðarinnar.

Sérstakar kröfur eru gerðar til gagna um bóluefni, eiturefni, sermi og ofnæmis-/ónæmisvaka (allergens), sbr. tilskipun ráðs EBE (89/342/EEC), geislavirk lyf, sbr. tilskipun ráðs EBE(89/343/EEC) og lyf úr mannsblóði eða blóðvökva, sbr. tilskipun ráðs EBE (89/381/EEC). Um dýralyf gilda sérstakar kröfur um ónæmislyf fyrir dýr, sbr. tilskipun ráðs EBE (90/677/EEC).

6. gr.

Afurðanýting dýra.

Ef nýta á afurðir dýra til manneldis skulu, samkvæmt 5. gr. tilskipunar ráðs EBE (81/851/EEC), fylgja upplýsingar um þann tíma sem þarf að líða frá því lyfið er gefið dýrinu samkvæmt venjulegum fyrirmælum og þar til tryggt er, að lyfjaleifar hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu neytenda. Með umsókn skal fylgja skýrsla þar sem greinir frá aðferðum og niðurstöðum rannsókna á útskilnaði lyfsins í viðkomandi dýrategundum.

Með umsókn skulu einnig fylgja upplýsingar frá viðurkenndum alþjóðlegum stofnunum, einkum Codex Alimentarius, um leyfilegt hámarksmagn lyfjaleifa í afurðum, sem nýttar eru til manneldis, sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 252/1995 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

7. gr.

Skýrslur sérfræðinga (expert reports).

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. í tilskipun ráðs EBE (75/319/EEC) um lyf ætluð mönnum og 7. gr. tilskipunar ráðs EBE (81/851/EEC) um lyf ætluð dýrum skulu fylgja með umsókn skýrslur sérfræðinga (expert reports) um gæði, öryggi og verkun lyfsins.

Í skýrslunum skal koma fram gagnrýnið mat á gæðum, öryggi og verkun lyfsins og skulu þær unnar af hæfum sérfræðingum í viðkomandi greinum og vera dagsettar og undirritaðar. Skýrslur sérfræðinga skulu fylgja öllum umsóknum, en skýrslur um öryggi og verkun annarra lyfja en nýrra, þurfa ekki að vera eins ítarlegar. Leiðbeiningar um skýrslugerð sérfræðinga eru í "Notice to Applicants", sbr. ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Samantekt á eiginleikum lyfs (SPC).

Tillaga á íslensku að samantekt á eiginleikum lyfsins (Summary of Product Characteristics (SPC)) skal fylgja hverri umsókn samkvæmt ákvæðum 4. gr. a í tilskipun ráðs EBE (65/65/EEC) fyrir lyf ætluð mönnum eða 5. gr. a í tilskipun ráðs EBE (81/851/EEC) fyrir dýralyf. Ef um erlent lyf er að ræða skal auk þess fylgja tillaga að samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) á dönsku, ensku, norsku, eða sænsku.

Leiðbeiningar um gerð samantektarinnar eru í viðauka 3 með reglugerð þessari og í "Notice to Applicants", sbr. ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar.

Æskilegt er að tillaga á íslensku að samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) fylgi einnig á disklingi.

9. gr.

Merking umbúða og fylgiseðlar.

Tillögur að áletrun á merkimiða og/eða innri og ytri umbúðir lyfsins skulu fylgja umsókn.

Tillaga á íslensku að texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, ef við á, skal fylgja hverri umsókn.

Æskilegt er að tillögur að þessum textum fylgi einnig á disklingi.

Tillögur að merkimiðum og fylgiseðli sem fylgja umsókn skulu vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum. Lyfjanefnd ríkisins vísar frá umsókn um skráningu sérlyfs fylgi framangreindar tillögur ekki umsókninni, sbr. ákvæði 7. gr. reglugerðar nr. 418/1994.

10. gr.

Lyfjasýnishorn.

Sýnishorn af lyfinu (eitt eintak) skal fylgja hverri umsókn, auk þess sýnishorn af fylgihlutum, ef við á.

Lyfjanefnd ríkisins og Lyfjaeftirlit ríkisins geta krafist sýnishorna af virkum innihaldsefnum og öðrum mikilvægum innihaldsefnum lyfsins.

4. Tegundir umsókna.

11. gr.

Nýtt lyf (heildarumsókn; Full Application).

Með umsóknum um skráningu sérlyfja sem innihalda ný virk efni (NCE (New Chemical Entity)), sem ekki hafa áður verið í skráðu sérlyfi hér á landi skulu fylgja öll gögn sem talin eru í 4. gr. tilskipunar EBE (65/65/EEC) fyrir lyf ætluð mönnum og í 5.

gr. tilskipunar EBE (81/851/EEC) fyrir dýralyf, þar með talin gögn er varða öryggi og verkun lyfsins.

Þegar sótt er um nýtt lyfjaform eða nýjan styrkleika fyrir skráð sérlyf má vísa í gögn um öryggi og verkun lyfsins, sem fylgdu upphaflegri umsókn, en jafnframt skulu fylgja viðeigandi ný gögn í samræmi við leiðbeiningar í "Notice to Applicants", sbr. ákvæði 2. gr. þessarar reglugerðar.

Þegar sótt er um skráningu lyfs sem inniheldur nýja blöndu virkra efna sem öll eru á markaði hérlendis er ekki krafist gagna um öryggi og verkun fyrir hvert einstakt virkt efni. Með slíkri umsókn skulu fylgja gögn er varða öryggi og verkun lyfsins í umsóttri samsetningu.

Þegar sótt er um skráningu nýrra ábendinga fyrir skráð sérlyf er heimilt að vísa í gögn um gæði og öryggi er fylgdu upphaflegri umsókn, en jafnframt skulu fylgja viðeigandi gögn um verkun lyfsins við þeirri ábendingu, sem sótt er um, auk ítarlegri gagna um öryggi við notkun lyfsins, ef við á, sbr. einnig leiðbeiningar í "Notice to Applicants", sbr. 2. gr. í reglugerð þessari.

12. gr.

Samheitalyf (einföld umsókn; Abridged Application).

Hægt er að sækja um skráningu samheitalyfs með einfaldri umsókn og er þá ekki krafist að niðurstöður rannsókna á öryggi og verkun lyfsins fylgi.

Samheitalyf er lyf sem er jafngilt frumlyfinu, inniheldur sama virka efni, í sama magni og lyfjaformi og sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að aðgengi þeirra er jafngilt.

Með einfaldri umsókn er hægt að sækja um skráningu á samheitalyfi:

1. þegar framleiðandi frumlyfs hefur veitt heimild til að vísa í gögn sín um öryggi og verkun,
2. með tilvísun í birtar heimildir,
3. þegar lyf hefur verið á markaði í 6 ár eða lengur á Evrópska efnahagssvæðinu eða í 10 ár ef um er að ræða lyf framleidd með erfðatæknilegum aðferðum. Þessi takmörkun gildir þó ekki falli einkaleyfi viðkomandi lyf fyrr úr gildi.

13. gr.

Aðrar umsóknir (Hybrid Application).

Með öðrum umsóknum er átt við umsóknir um skráningu samheitalyfja, sem eru frábrugðin skráðum sérlyfjum, t.d. þegar sótt er um aðra ábendingu en þegar hefur verið viðurkennd eða lyfið gefið á annan hátt eða í öðrum skömmtum en áður hafa verið viðurkenndir. Viðeigandi gögn varðandi öryggi og/eða verkun lyfsins skulu fylgja slíkum umsóknum eins og greint er í leiðbeiningum "Notice to Applicants (Abridged Applications)", sbr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Það sama á við ef sótt er um annað salt/ester/afleiðu efnis eða lyf með yfiraðgengi (suprabioavailable product).

5. Breytingar sem varða skráð sérlyf.

14. gr.

Almenn ákvæði.

Markaðsleyfishafa er skylt að fylgjast með nýjungum á sviði tækni og vísinda og gera breytingar á framleiðslu og prófunaraðferðum skráðs sérlyfs í samræmi við þær. Upplýsingar um slíkar breytingar skal senda til Lyfjanefndar ríkisins til viðurkenningar.

15. gr.

Breyting á samsetningu.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingu á samsetningu á skráðum sér-

lyfjum m.t.t. tegundar og magns hjálparefna *með formlegri umsókn* og skulu viðeigandi gögn er varða umbeðnar breytingar fylgja umsókn ásamt rannsóknarniðurstöðum og gildingu (validation) á rannsóknaraðferðum. Með umsókninni skal einnig fylgja skýrsla sérfræðings (expert report) um áhrif breytingarinnar á gæði og verkun lyfsins. Ekkert skráningargjald er fyrir slíkar umsóknir.

Umboðsmaður skal tilkynna hvenær samþykkt breytt samsetning verður tilbúin til markaðssetningar, þegar hún hefur verið samþykkt.

16. gr.

Breyting á skammtastærðum.

Sækja verður um breytingar á skammtastærðum lyfs *með formlegri umsókn* og skulu fylgja gögn, er varða breytingarnar. Slíkum umsóknum skal fylgja skýrsla sérfræðings (expert report), tillaga að nýrri samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC, sbr. viðauka 3) og tillaga að breytingum á texta um lyfið í Sérlyfjaskrá (sbr. viðauka 4) og texta fylgiseðils.

17. gr.

Breyting á framleiðslu- og prófunaraðferðum.

Sækja skal um viðurkenningu á breytingum á framleiðsluaðferð, gæðakröfum og/eða prófunaraðferðum fyrir virkt efni, hjálparefni og/eða sjálft lyfið. Gögn, sem varða hugsanleg áhrif breytinganna á gæði og virkni lyfsins, skulu fylgja, auk skýrslu hæfs sérfræðings um mat á breytingunum.

18. gr.

Breyting á framleiðanda.

Sækja skal um viðurkenningu á nýjum framleiðanda lyfjaforms, framleiðslustað og samningsbundnum framleiðanda. Meðfylgjandi skal vera afrit af framleiðsluleyfi viðkomandi framleiðanda, útgefið af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum, og eigi eldra en 2 ára auk afrits af samningi við verktaka, ef við á. Ef lyfjaformið er framleitt í landi utan EES skulu einnig fylgja gögn um verksmiðju framleiðanda svo og um framleiðsluferil lyfjaformsins svo hérlend yfirvöld geti lagt mat á hæfni hans til að annast framleiðsluna.

Sækja skal um viðurkenningu á nýjum framleiðanda eða birgi fyrir virkt innihaldsefni og nýjum ábyrgum aðila (qualified person).

19. gr.

Breyting á geymsluþoli og geymsluskilyrðum.

Sækja skal um viðurkenningu á lengdu geymsluþoli og breytingu á geymsluskilyrðum lyfs og skulu fylgja gögn því til stuðnings. Með umsókn um viðurkenningu á lengdu geymsluþoli skulu að jafnaði fylgja niðurstöður geymsluþolsrannsókna fyrir a.m.k. 3 framleiðslulotur. Hámarksgeymsluþol, sem viðurkennt er fyrir sérlyf, er 5 ár.

Tilkynna skal ósk framleiðanda um styttra geymsluþol en viðurkennt er fyrir sérlyf.

20. gr.

Breyting á umbúðum, áletrun umbúða, notkunarleiðbeiningum og fylgiseðlum.

Sækja skal um viðurkenningu á breyttri gerð umbúða og/eða útliti þeirra og skulu fylgja sýnishorn nýrra umbúða, upplýsingar um gerð þeirra og gæði svo og gögn sem varða hugsanleg áhrif breytinganna á verkun lyfsins og gæði, þ.m.t. geymsluþol þess.

Enn fremur skal sækja um viðurkenningu á breyttri áletrun umbúða, breyttum texta notkunarleiðbeininga svo og texta fylgiseðla. Sýnishorn merkimiða/umbúða með breyttri áletrun, sýnishorn breyttra notkunarleiðbeininga eða fylgiseðla skal senda í tveimur eintökum.

21. gr.

Nýjar pakkningastærðir og afskráning pakkningastærða.

Sækja þarf um viðurkenningu á nýjum pakkningastærðum sérlyfs. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um gerð umbúða og sýnishorn í tveimur eintökum af merkimiðum og ytri umbúðum ef við á. Sé lyfinu pakkað í þynnupakkningar skulu fylgja sýnishorn af áletruðum þynnum og ytri umbúðum í tveimur eintökum.

Sækja skal um afskráningu einstakra pakkningastærða til Lyfjanefndar ríkisins.

22. gr.

Breyting á heiti framleiðanda eða markaðsleyfishafa og breyting á markaðsleyfishafa eða umboðsmanni.

Tilkynna skal um breytingu á heiti framleiðanda og handhafa markaðsleyfis svo og breytingu á handhafa markaðsleyfis eða umboðsmanni.

23. gr.

Nýjar upplýsingar um aukaverkanir.

Tilkynna skal um nýjar upplýsingar um aukaverkanir, frábendingar og aðvaranir vegna notkunar sérlyfs og skulu fylgja með viðeigandi gögn. Ef framangreindar upplýsingar eru þess eðlis að breyta þurfi samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC, sbr. viðauka 3), skal tillaga að nýrri samantekt fylgja, auk tillögu að breyttum texta um lyfið í Sérlyfjaskrá (sbr. viðauka 4) og texta fylgiseðils.

6. Undanþága frá lyfseðilsskyldu.

24. gr.

Sækja verður um undanþágu frá lyfseðilsskyldu sérlyfs til Lyfjanefndar ríkisins. Í viðauka 5 með reglugerð þessari er getið þeirra skilyrða sem lyfið þarf að uppfylla svo og þeirra gagna sem fylgja skulu slíkri umsókn, sbr. og tilskipun ráðs EBE (92/26/EEC).

7. Árgjald.

25. gr.

Handhafi markaðsleyfis skal greiða Lyfjanefnd ríkisins árgjald af hverju lyfjaformi og hverjum styrkleika sérlyfs, ár hvert, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja, sem í gildi er hverju sinni, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

8. Gildistími skráninga og markaðsleyfa.

26. gr.

Skráning og markaðsleyfi sérlyfs er veitt til 5 ára í senn.

Sendi handhafi markaðsleyfis ekki inn umsókn um endurskráningu sérlyfs á tilskildum tíma, sbr. ákvæði 27. gr. þessarar reglugerðar, fellur skráning og markaðsleyfi þess úr gildi.

9. Umsókn um endurskráningu.

27. gr.

Sækja skal um endurskráningu sérlyfs eigi síðar en þremur mánuðum áður en markaðsleyfi þess rennur út á eyðublaði fyrir umsókn um skráningu sérlyfs sem senda skal til Lyfjanefndar ríkisins ásamt eftirfarandi fylgigögnum:

1. tillögu að samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC, sbr. viðauka 3),
2. tillögu á íslensku að texta í Sérlyfjaskrá (sbr. viðauka 4),

3. tillögu á íslensku að fylgiseðli,
4. sýnishornum í tveimur eintökum af merkimiðum fyrir lyfið og ytri umbúðum ef við á,
5. stuttri greinargerð varðandi gæði (efna-/lyfjagerðarfræðileg gögn) og öryggi lyfsins (safety update), sem byggir á reynslu af notkun þess ásamt uppfærðri skýrslu sérfræðings (expert report),
6. yftirliti í tímaröð yfir allar breytingar, sem gerðar hafa verið á lyfinu frá veitingu markaðsleyfis þess eða endurnýjun markaðsleyfis,
7. afriti af leyfi framleiðanda lyfsins eða lyfjaformsins til lyfjaframleiðslu í heimalandi hans útgefið af viðkomandi yfirvöldum og skal það eigi eldra en 2 ára. Ef fleiri en eitt fyrirtæki annast framleiðslu lyfsins skal fylgja afrit af framleiðsluleyfi hvers þeirra. Sjá einnig ákvæði 9. tl. 4. gr. þessarar reglugerðar.

Með umsókn skal fylgja kvittun fyrir greiðslu endurskráningargjalds, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

10. Takmörkuð skráning.

28. gr.

Heimilt er að binda skráningu lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði, sbr. ákvæði 8. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

11. Umsóknir um markaðsleyfi og verð.

29. gr.

Umsóknir um markaðsleyfi.

Umsækjandi um markaðsleyfi lyfs getur sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu umsókn þar um á sérstöku eyðublaði, sbr. viðauka 6 með reglugerð þessari, að fengnum meðmælum Lyfjanefndar ríkisins með skráningu eða endurskráningu lyfsins, þ.m.t. viðurkenndri samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC), áletrun umbúða, texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, eftir því sem við á.

Meðmæli Lyfjanefndar ríkisins með skráningu lyfs falla úr gildi hafi umsækjandi ekki sótt um markaðsleyfi lyfsins innan eins árs.

Erlendir aðilar er sækja um markaðsleyfi fyrir lyf verða að hafa umboðsmann hér á landi.

30. gr.

Umsóknir um verð.

Sækja skal um samþykki á verði lyfs til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsókn má senda áður en markaðsleyfi hefur verið veitt.

12. Sérlyfjaskrá og Lyfjaverðskrá II.

31. gr.

Upplýsingar um sérlyf verða því aðeins birtar í Sérlyfjaskrá og Lyfjaverðskrá II að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Markaðsleyfi lyfsins sé fyrirliggjandi.
2. Texti á íslensku um lyfið, í fullu samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) og leiðbeiningar í viðauka 4 með reglugerð þessari, sem tilbúinn er til birtingar í Sérlyfjaskrá sé fyrirliggjandi. Texti skal sendur Lyfjanefnd ríkisins til samþykktar og er æskilegt að hann fylgi einnig á disklingi.
3. Samþykkt Lyfjanefndar ríkisins sé fyrirliggjandi á endanlegri gerð merkimiða og ytri

umbúða lyfs, áletruðum þynnum og ytri umbúðum, ef lyfinu er pakkað í þynnur, í þeim pakkningastærðum, sem óskað er markaðssetningar á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum fyrir hverja pakkningastærð.

4. Samþykkt Lyfjanefndar ríkisins sé fyrirliggjandi á endanlegri gerð fylgiseðils og notkunarleiðbeininga með lyfinu, eftir því sem við á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum.
5. Samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði lyfsins.

13. Umsókn um niðurfellingu markaðsleyfis.

32. gr.

Handhafi markaðsleyfis getur sótt um niðurfellingu markaðsleyfis sérlyfs, einstaks lyfjaforms eða styrkleika þess til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

14. Afturköllun markaðsleyfis.

33. gr.

Komi í ljós að lyf, sem er á markaði hér á landi, uppfylli ekki gildandi lög og reglur um lyf eða kröfur til þess að hljóta markaðsleyfi getur ráðherra, að fenginni umsögn Lyfjanefndar ríkisins og/eða Lyfjaeftirlits ríkisins, afturkallað markaðsleyfi þess.

15. Tilkynning um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra.

34. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilkynnir hlutaðeigandi markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans, Lyfjanefnd ríkisins og Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra, sbr. ákvæði 29. gr., 32. gr. og 33. gr. reglugerðar þessarar.

16. Umfjöllun umsókna.

35. gr.

Lyfjanefnd ríkisins skal leitast við að tryggja, að umfjöllun um umsókn um skráningu sérlyfs sé lokið innan 210 daga frá því að viðunandi umsóknargögn berast nefndinni.

17. Gildistaka.

36. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast gildi 1. september 1995. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um skráningu sérlyfja á Sérlyfjaskrá nr. 544/1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Viðauki 1.

Eftirtaldar gerðir ráðsins (EBE) fjalla um skráningu og markaðsleyfi og kröfur til sérlyfja á Evrópska efnahagssvæðinu og gilda hér á landi, sbr. viðauka II við EES-samninginn. Þær er að finna í íslenskri þýðingu í riti um EES-samninginn II. viðauka, undirflokki XIII og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022-9337, EFTA Publication Unit.

1. Tilskipun ráðs EBE frá 26. janúar 1965 með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf (65/65/EEC, 66/454/EEC, 75/319/EEC, 78/420/EEC, 83/570/EEC, 87/21/EEC, 89/341/EEC, 89/342/EEC, 89/343/EEC, 89/381/EEC, 92/73/EEC)
2. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu laga aðildarríkja um stöðlun efnagreiningar og efnafræði-, eiturefnafræði- og læknisfræðilegra staðla varðandi prófun sérlyfja (75/318/EEC, (83/570/EEC, 83/571/EEC, 87/19EEC, 89/341/EEC, 91/507/EEC)),
3. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna um litarefni, er nota megi í lyfjum (78/25/EEC, 81/464/EEC),
4. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um afgreiðsluflokkun lyfja, sem ætluð eru mönnum (92/26/EEC),
5. Tilskipun ráðs EBE frá 31. mars 1992 um merkingu lyfja og fylgiseðla (92/27/EEC),
6. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 13. júní 1990, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti lyfja, sem ætluð eru mönnum (91/356/EEC).,
7. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981 um samræmingu löggjafa aðildarríkjanna varðandi dýralyf (81/851/EEC, 90/676/EEC, 90/677/EEC, 92/743/EEC),
8. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981, með síðari viðbót, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi stöðlun rannsókna og skýrslna vegna prófana á dýralyfjum (81/852/EEC, 87/20/EEC, 92/18/EEC),
9. Tilskipun ráðs EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á lögum, reglugerðum og ákvæðum í aðildarríkjunum varðandi verndun dýra, sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EEC),
10. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 23. júlí 1991, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti dýralyfja (91/412/EEC).
11. Reglugerð ráðs (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 með síðari breytingum, þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.

Viðauki 2.

Umsókn um skráningu sérlyfs, samkvæmt ákvæðum lyfjalaga nr. 93 frá 20. maí 1994.

Sendist til Lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnes.

Fyllt út af Lyfjanefnd ríkisins.

Umsókn veitt móttaka og gjald greitt. Dagsetning: Undirskrift:	Umsóknarnúmer: Skráningargjald:

❑ **Lyf ætlað mönnum**
❑ **Dýralyf**

❑ Vísað til fyrri umsóknar (lyf, umsóknarnúmer): _____
❑ Endurnýjun umsóknar (markaðsleyfisnúmer): _____

❑ **Nýtt lyf:**
❑ Nýtt virkt efni
❑ Ný blanda þekktra virkra efna
❑ Lyf framleitt með nýrri erfðatæknilegri aðferð

❑ **Samheitalyf:**
❑ Með tilvísun í gögn frumlyfs
❑ Með tilvísun í birtar heimildir
❑ Gögn frumlyfs eru ekki lengur vernduð

❑ Ný ábending
❑ Nýtt lyfjaform
❑ Nýr styrkleiki
❑ Breyting á samsetningu
❑ Breyting á skammtastærðum
❑ Annað _____

❑ **Aðrar umsóknir;** samheitalyf frábrugðið skráðu sérlyfi m.t.t. eftirfarandi:
❑ Annað salt/estri/afleiða
❑ Önnur lækningaleg notkun
❑ Annað lyfjaform
❑ Lyfið gefið á annan hátt
❑ Annar styrkleiki
❑ Önnur skömmtun
❑ Yfiraðgengi
❑ Annað _____

Heiti lyfs:
Lyfjaform: Styrkleiki:
Lyfið gefið (íkomustaðir):

Umsækjandi (væntanlegur handhafi markaðsleyfis):	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

ATC-flokkur:

ATCvet-flokkur:

Tillaga að afgreiðslutilhögun o.fl.:

- ❑ Lausasala
- ❑ Lausasala í takmörkuðu magni
- ❑ Lyfseðilsskylda
- ❑ Hámarksmagn sem ávísa má hverju sinni
- ❑ Eftirritunarskylda
- ❑ Sjúkrahúslyf/-deildir
- ❑ Heimild til ávísunar takmörkuð við ákveðnar sérgreinar
- ❑ Annað_____

Tengiliður við Lyfjanefnd ríkisins, Lyfjaeftirlit ríkisins og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Nafn persónu:	
Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
Sími:	Bréfsími:

Framleiðandi fullbúins lyfs:	Framleiðandi til vara:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:
Framleiðslustig:	Framleiðslustig:

Verktaki:	Verktaki til vara:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:
Framleiðslustig:	Framleiðslustig:

Verktaki við þróunarvinnu:	Verktaki við þróunarvinnu:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:
Framleiðslustig:	Framleiðslustig:

Framleiðandi virks efnis:	Framleiðandi virks efnis:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:
Tilvísun í Drug Master File og hvenær sent inn:	Tilvísun í Drug Master File og hvenær sent inn:

Innflytjandi/framl., ábyrgur fyrir prófunum og lokasamþykkt á EES-svæði:	Hvar prófanir og lokasamþykkt fara fram á EES-svæði:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

SKRÁ YFIR INNIHALDSEFNI

Dagsetning: _____

Undirskrift: _____

Heiti sérlyfs: _____

Lyfjaform og styrkleiki: _____

Handhafi markaðsleyfis: _____

		Eining:		
Nafn innihaldsefnis:	**Heimild**	**Magn**	**Staðall**	**Tegund efnis**

Eining: Sú eining sem magnið er miðað við. Tafla, hylki, ml (stungulyf, mixtúrur, o.fl.), 1000 ml (innrennslislyf), g (duft, kyrni, smyrsli, krem, o.fl.).
Heimild: INN, BAN, o.s.frv.
Staðall: Ph.Eur., DLS, o.s.frv.

Tegund efnis: VI: virkt efni; **HJ:** hjálparefni sem flokkast ekki annars staðar; **LI:** litarefni; **RO:** rotvarnarefni; **AO:** andoxunarefni; **ST:** stabiliserandi efni; **BR:** bragðefni; **DR:** drifefni.

Upplýsingar um yfirmagn

Efni:	**Magn:**	**Eining:**

Pakkningar:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Hefur lyfið hlotið markaðsleyfi eða hefur verið sótt um markaðsleyfi fyrir það í öðrum löndum; hvaða löndum?

- Á Norðurlöndum.
- Í öðrum EES-ríkjum.
- Í öðrum PER-löndum.
- Í N-Ameríku.

Lönd:	Sérlyfjaheiti:	Tegund umsóknar:	Staða umsóknar*:	Dags.:

*): **SA:** samþykkt; **ÍV:** í vinnslu; **SY:** synjað; **DR:** dregin til baka af framleiðanda; **AF:** afskráð af framleiðanda; **AY:** afskráð af yfirvöldum.

Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (væntanlegur handhafi markaðsleyfis) eða viðurkennds umboðsmanns.

Leiðbeiningar um útfyllingu umsóknareyðublaðs og nokkrar skýringar.

Athugið að fylla skal eyðublaðið út eftir því sem við á hverju sinni. Ef rýmið á eyðublaðinu nægir ekki þá má vísa í fylgiblöð.

Bls. 1 á umsóknareyðublaði.

Umsóknarnúmer: Fyllt út af Lyfjanefnd ríkisins.

Ef sótt hefur verið um skráningu lyfsins áður, ber að vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama lyfs.

Endurnýjun umsóknar á m.a. við um umsókn um endurnýjun skráningar lyfs áður en markaðsleyfi þess rennur út, sbr. 9. gr. þessarar reglugerðar.

Í 4. gr. tilskipunar ráðs EBE ((65/65/EEC), lyf ætluð mönnum) og í 5. gr. tilskipunar ráðs EBE ((81/851/EEC), dýralyf) svo og í 2., 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar er tilgreint hvaða fylgiskjöl og gögn eiga að fylgja með umsóknum um skráningu sérlyfs, bæði umsóknum um ný lyf og einnig umsóknum um samheitalyf, þar sem ekki þarf að senda inn heildargögn um gæði, öryggi og verkun.

Með öðrum umsóknum er átt við umsóknir um skráningu samheitalyfja, sem eru frábrugðin skráðum lyfjum m.t.t. einhverra þeirra atriða, sem koma fram á umsóknareyðublaði undir yfirskriftinni "Aðrar umsóknir".

Eftirfarandi er til leiðbeiningar um hvaða gögn skulu fylgja mismunandi tegundum annarra umsókna:

Annað salt/estri/afleiða:

Gögn sem sýna að lyfjahvörf, eiturverkanir og lyfhrif breytast ekki þannig að það hafi áhrif á öryggi og verkun. Að öðrum kosti er litið á lyfið sem nýtt virkt efni.

Önnur lækningaleg notkun:

Klínísk gögn um öryggi og verkun. Forklínísk gögn ef þörf krefur.

Annað lyfjaform, lyfið gefið á annan hátt:

Klínísk gögn um öryggi og verkun. Gögn um lyfjahvörf. Forklínísk gögn (t.d. staðbundin eiturhrif) ef þörf krefur.

Annar styrkleiki:

Gögn um aðgengi.

Önnur skömmtun:

a) breytt stærð einstakra skammta:

Gögn um aðgengi.

b) breytt tíðni skömmtunar og/eða stærð einstakra skammta og/eða stærð dagsskammta:

Klínísk gögn um öryggi og verkun. Gögn um lyfjahvörf.

Yfiraðgengi:

a) óbreytt skammtatíðni en skammtar minnkaðir til að sama blóðþéttni fáist:

Gögn um aðgengi eru oft nægjanleg.

b) breytt skammtatíðni:

Klínísk gögn um öryggi og verkun. Gögn um lyfjahvörf.

Bls. 2 á umsóknareyðublaði.

Gera þarf nákvæma grein fyrir umsækjanda og umboðsaðila. Umsækjandi er væntanlegur handhafi markaðsleyfis.

ATC-flokkur eða tillaga að slíkri flokkun, sbr. "Guidelines for ATC classification" og "Anatomical Therapeutic Chemical (ATC) classification indexes". Þessi rit má panta

frá WHO Collaborating Centre for Drug Statistics Methodology, P.O.Box 100, Veitvet, N-0518 Osló, Noregi.

Ef um dýralyf er að ræða skal geta ATCvet-flokkunar eða tillögu að slíkri flokkun, sbr. "Guidelines on ATCvet classification" og " ATCvet index", sem má panta frá Nordic Council on Medicines, P.O.Box 26, S-751 03 Uppsölum, Svíþjóð.

Gera skal tillögu að afgreiðslutilhögun.

Sjá leiðbeiningar í viðauka 5 við reglugerð þessa um lausasölulyf.

Bls. 3 og 4 á umsóknareyðublaði.

Þetta skýrir sig að mestu sjálft. Fylla á út í þá reiti sem við á hverju sinni.

Bls. 5 á umsóknareyðublaði.

Greina þarf frá öllum innihaldsefnum lyfsins með viðeigandi merkingum eins og skýrt er fyrir neðan töfluna. Fyrir lyf í afmældum einingum (töflur, hylki o.s.frv.) skal miða magnið við eina einingu. Þegar um er að ræða lyf í hálfföstu eða föstu formi svo sem smyrsli, duft, kyrni á að miða við eitt g, en einn ml fyrir lyf í fljótandi formi (stungulyf, mixtúrur o.s.frv.). Fyrir innrennslislyf skal þó miðað við 1000 ml. Sjá ennfremur reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum og viðauka 1 við þá reglugerð.

Ef yfirmagn efna er notað við framleiðslu lyfsins þarf að greina frá því hér. Ef yfirmagn virks innihaldsefnis er notað við framleiðslu lyfsins skal greina frá því hér og gera grein fyrir ástæðu þess í fylgiskjali.

Bls. 6 á umsóknareyðublaði.

Hér þarf að greina frá pakkningum, stærð þeirra, gerð umbúða, geymsluþoli og geymsluskilyrðum.

Bls. 7 á umsóknareyðublaði.

Greina þarf frá markaðs- og/eða skráningarstöðu lyfsins í öðrum löndum. Þau lönd sem einkum eru áhugaverð í þessu sambandi eru Norðurlönd, önnur V-Evrópulönd, N-Ameríka og Ástralía.

PER táknar samvinnu nokkurra landa um mat á lyfjum; um er að ræða Austurríki, Ástralíu, Bretland, Finnland, Holland, Írland, Ísland, Ítalíu, Kanada, Noreg, Nýja Sjáland, Sviss, Svíþjóð, S-Afríku, Ungverjaland og Þýskaland.

Viðauki 3.

Samantekt á eiginleikum lyfs (Summary of Product Characteristics, SPC; Produktresume).

Lyf ætluð mönnum.

Þessi samantekt skal vera á íslensku og dönsku, ensku, norsku eða sænsku ef um erlent lyf er að ræða og skulu eftirfarandi atriði koma fram (sjá einnig sérstakar leiðbeiningar á bls. 28-29):

1. **Heiti lyfsins**
2. **Virkt (virk) innihaldsefni**
3. **Lyfjaform**
   3.1 **Afgreiðslutilhögun**
4. **Klínískar upplýsingar**
   4.1 **Ábendingar**
   4.2 **Skammtar**
   4.3 **Frábendingar**
   4.4 **Varnaðarorð og varúðarreglur**
   4.5 **Milliverkanir**
   4.6 **Meðganga og brjóstagjöf**
   4.7 **Akstur** (lyf sem geta haft áhrif á viðbragðsflýti)
   4.8 **Aukaverkanir**
   4.9 **Ofskömmtun og eitranir**
5. **Lyfjafræðilegar upplýsingar**
   5.1 **Flokkun** eftir verkun (ATC)
   5.2 **Verkunarháttur**
   5.3 **Lyfjahvörf**
   5.4 **Forklínískar upplýsingar**
6. **Lyfjagerðarfræðilegar upplýsingar**
   6.1 Tæmandi **samsetning** (nöfn allra innihaldsefna)
      6.1a Eiginleikar lyfjaformsins
   6.2 **Blöndun** (í/með hverju má blanda/þynna lyfið)
   6.3 **Geymsluþol**
   6.4 **Geymsluskilyrði**
   6.5 **Pakkningar** (stærð og gerð)
   6.6 Ákvæði um **meðferð/meðhöndlun** lyfsins
   6.7. **Förgun lyfjaleifa**
7. **Handhafi markaðsleyfis**
8. **Markaðsleyfisnúmer**
9. **Dagsetningar** (sbr. leiðbeiningar)
10. **Dagsetning þessarar útgáfu af samantekt af eiginleikum lyfsins.**

Samantekt á eiginleikum lyfs (Summary of Product Characteristics, SPC; Produktresume).

Lyf ætluð dýrum.

Þessi samantekt skal vera á íslensku og dönsku, ensku, norsku eða sænsku ef um

erlent lyf er að ræða og skulu eftirfarandi atriði koma fram (sjá einnig sérstakar leiðbeiningar á bls. 28-29):

1. **Heiti lyfsins**
2. **Virkt (virk) innihaldsefni**
3. **Lyfjaform**
   3.1 **Afgreiðslutilhögun**
4. **Klínískar upplýsingar**
   4.0 **Dýrategund**
   4.1 **Ábendingar** (fyrir tilgreinda dýrategund)
   4.2 **Skammtar** (fyrir tilgreinda dýrategund)
   4.3 **Frábendingar**
   4.4 **Varnaðarorð og varúðarreglur**
   4.5 **Milliverkanir**
   4.6 **Meðganga og mjólkurgjöf**
   4.8 **Aukaverkanir**
   4.9 **Ofskömmtun og eitranir**
   4.10. **Afurðanýting**
5. **Lyfjafræðilegar upplýsingar**
   5.1 **Flokkun** eftir verkun (ATCvet)
   5.2 **Verkunarháttur**
   5.3 **Lyfjahvörf**
   5.4 **Forklínískar upplýsingar**
6. **Lyfjagerðarfræðilegar upplýsingar**
   6.1 Tæmandi **samsetning** (nöfn allra innihaldsefna)
   6.1a Eiginleikar lyfjaformsins
   6.2 **Blöndun** (í/með hverju má blanda/þynna lyfið)
   6.3 **Geymsluþol**
   6.4 **Geymsluskilyrði**
   6.5 **Pakkningar** (stærð og gerð)
   6.6 Ákvæði um **meðferð/meðhöndlun** lyfsins
   6.7 **Förgun lyfjaleifa**
7. **Handhafi markaðsleyfis**
8. **Markaðsleyfisnúmer**
9 **Dagsetningar** (sbr. leiðbeiningar)
10. **Dagsetning þessarar útgáfu af samantekt á eiginleikum lyfsins.**

Leiðbeiningar um samantekt á eiginleikum lyfs
(Summary of Product Characteristics, SPC; Produktresume).

Samanber leiðbeiningar ESB: Summary of Product Characteristics, sem er að finna í Notice to Applicants for marketing authorisation for medical products for human use og fyrir dýralyf Notice to Applicants for marketing authorisation for veterinary medical products, sem í gildi eru hverju sinni.

Samantektin skal vera á íslensku og dönsku, ensku, norsku eða sænsku þegar um erlent lyf er að ræða. Skrifa skal sérstaka samantekt fyrir hvert lyfjaform. Samantektin á að vera með sömu fyrirsögnum, í sömu röð og hér er lýst. Undirfyrirsögnum sem augljóslega eiga ekki við skal sleppt. Ef upplýsingar um eitthvert atriði eru ekki til eða eru óviðunandi, á að taka það fram.

1. **Heiti lyfsins.**
2. **Virkt (virk) innihaldsefni:** Tegund og magn virks (virkra) innihaldsefnis (-efna). Heiti skal greina sem INN heiti eða á annan hátt, sbr. ákvæði í viðauka 1 við reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum.
3. **Lyfjaform** (sbr. viðauka 2 við reglugerð nr. 418/1994, ef unnt er).
   3.1 **Afgreiðslutilhögun** (lausasala, lyfseðilsskylda, o.s.frv.) eða tillaga um afgreiðslutilhögun.
4. **Klínískar upplýsingar:**
   4.0 **Dýrategund** (ef um dýralyf er að ræða).
   4.1 **Ábendingar** (helst í samræmi við ICD (International Classification of Diseases) eða ef um geðsjúkdómalyf er að ræða DSM (Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorder), nýjustu útgáfur).
   4.2 **Skammtar** (fyrir hverja dýrategund ef um dýralyf er að ræða):
      4.2a Skammtar handa fullorðnum, skammtar handa börnum og ef við á skammtar handa öldruðum eða sérstökum sjúklingahópum (tilgreina skal lyfjaform og aðferð við lyfjagjöf ef við á).
      4.2b Eftirlit með lyfjagjöf og skömmtum (lyfjamælingar í blóði o.fl.).
   4.3 **Frábendingar** (einungis algerar frábendingar).
   4.4 **Varnaðarorð og varúðarreglur:**
      4.4a Hættur sem eru alvarlegar á að tilgreina fyrst á áberandi hátt, t.d. með breyttri leturgerð.
      4.4b Ástand sjúklinga þar sem gæta verður sérstakrar varúðar, t.d skert lifrar- og nýrnastarfsemi, aðrir sjúkdómar eða visst aldursskeið (börn, aldraðir).
   4.5 **Milliverkanir** (einungis þær sem hafa klíníska þýðingu).
   Milliverkanir skal flokka niður í:
   a) lyf við sömu ábendingu,
   b) matur, fæðutegundir o.fl.,
   c) lyf við öðrum ábendingum.
   Fyrir hverja milliverkun skal gera grein fyrir:
   1) verkunarhætti (ef hann er þekktur),
   2) áhrifum á blóðþéttni, öðrum mælingum eða klínískum einkennum,
   3) ráðleggingum (samtímis notkun óráðleg, breyta skammti eða annað).
   4.6 **Meðganga og brjóstagjöf:** Ef vitað er um skaðleg áhrif á fóstur þarf að lýsa þeim og taka fram á hvaða skeiði meðgöngunnar (t.d. fyrsta þriðjungi eða lok meðgöngu) hættan er mest. Ef mikil reynsla er af lyfinu án grunsemda um skaðleg áhrif á fóstur skal gera grein fyrir því. Vitna má í niðurstöður dýratilrauna eða annars konar tilrauna.
   Ef lyfið skilst ekki út í móðurmjólk eða ef ekki er vitað hvort það skilst út í móðurmjólk er nægjanlegt að skýra frá því. Aðrir helstu möguleikarnir eru að lyfið skiljist út í magni sem sé ólíklegt að hafi skaðleg áhrif á barnið eða í magni sem geti eða sé líklegt að hafi skaðleg áhrif á það. Ef um dýralyf er að ræða, skal greina hliðstæðar upplýsingar undir yfirskriftinni: **"Meðganga og mjólkurgjöf".**
   4.7 **Akstur** (lyf sem geta haft áhrif á viðbragðsflýti).
   4.8 **Aukaverkanir:** Telja skal upp a.m.k. allar algengar og allar hættulegar aukaverkanir. Tilgreina á algengi aukaverkananna ef unnt er, t.d. með því að skipta þeim í flokka eftir tíðni: ***(Algengar (>1%); Sjaldgæfar (0,1-1%); Mjög sjaldgæfar (<0,1%))***. Einnig er æskilegt að skipta aukaverkunum í flokka eftir líf-

færum innan hvers tíðniflokks. Ef einhverjar aðstæður auka eða draga úr líkum á aukaverkunum á að skýra frá því.

4.9 **Ofskömmtun og eitranir:** Hvaða skammtar valda eitrunum og hvernig lýsir eitrun sér? Lýsa skal meðferð við eitrun ef unnt er.

4.10 **Afurðanýting dýra:** Tilgreina skal þann tíma, sem þarf að líða frá síðustu lyfjagjöf þar til nýta má afurðir dýra til manneldis.

5. **Lyfjafræðilegar upplýsingar:**

5.1 **Flokkun** eftir verkun (ATC eða ATCvet flokkun eða tillaga um slíka flokkun).

5.2 **Verkunarháttur og verkanir** (stutt lýsing).

5.3 **Lyfjahvörf:**

5.3a Upplýsingar varðandi virkt/virk efni (frásog, dreifing, brotthvarf, samband skammta og verkunar, samband tíma og verkunar).

5.3b Upplýsingar varðandi sjúklinginn (kyn, aldur, skert lifrar- og nýrnastarfsemi, aðrir sjúkdómar, reykingar, o.fl.).

5.4 **Forklíniskar upplýsingar.** Upplýsingar sem ekki koma fram annars staðar í samantektinni og hafa verulega þýðingu fyrir mat á klínísku notagildi lyfsins.

6. **Lyfjagerðarfræðilegar upplýsingar:**

6.1 Tæmandi **samsetning** (nöfn allra innihaldsefna).

6.1a Eiginleikar lyfjaformsins: Sérstakir galenískir eiginleikar. Einkenni svo sem litur, form, stærð, merking og bragð.

6.2 **Blöndun** (í/með hverju má blanda/þynna lyfið; vandamál eins og aðsog að sprautum og slöngum).

6.3 **Geymsluþol** (geymsluþol lyfsins og tilbúinnar blöndu af lyfinu).

6.4 **Geymsluskilyrði** (viðurkenndar geymsluaðstæður).

6.5 **Pakkningar** (stærðir og gerð umbúða).

6.6 Ákvæði um **meðferð/meðhöndlun** lyfsins.

6.7 **Förgun lyfjaleifa** (ákvæði um förgun lyfjaleifa ef mengunarhætta getur stafað af þeim).

7. **Handhafi markaðsleyfis** (nafn, heimilisfang).

8. **Markaðsleyfisnúmer** (umsóknarnúmer).

9. **Dagsetning fyrstu skráningar lyfsins og síðustu endurnýjaðrar skráningar.**

10. **Dagsetning þessarar útgáfu** af samantekt á eiginleikum lyfsins.

Viðauki 4.
Leiðbeiningar um texta í Sérlyfjaskrá.

Textinn skal vera á íslensku og efnisatriði í þeirri röð sem hér greinir:

Heiti lyfs.

Handhafi markaðsleyfis og skráningarnúmer.

Heiti lyfjaforms og ATC-flokkur (ATCvet-flokkur ef um dýralyf er að ræða).

Innihaldslýsing, sbr. ákvæði í viðauka 1 við reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

Eiginleikar: Lyfjaflokkur og lýsing á verkunarhætti, stundum borið saman við önnur lyf eða lyfjaflokka. Lyfjahvörf: frásog, aðgengi (nýting), tími að hámarksmagni í blóði og/eða hámarksverkun, dreifing og dreifingarrúmmál, binding við plasmaprótein, brotthvarf (umbrot, umbrotsefni, útskilnaður, helmingunartími í blóði, e.t.v. klerans, útskilnaður, verkunarlengd sérstaklega ef um forðalyf er að ræða). Áhrif aldurs og sjúkdóma á lyfjahvörf, ef við á.

Ábendingar: Upptalning sjúkdóma/-einkenna. Nöfn (skilgreiningar) eiga að vera í samræmi við ICD ef unnt er.

Frábendingar: Fyrst skal telja algerar frábendingar. Afstæðar frábendingar geta komið hér eða í kaflann Varúð. Sérstök ástæða er til að nefna ofnæmi ef um er að ræða krossofnæmi eða heila lyfjaflokka.

Varúð: Hér má nefna sjúkdóma eða ástand sjúklings sem getur skapað hættur við notkun lyfsins. Einnig má nefna annað varðandi notkun lyfsins sem ástæða er til að vara við.

Meðganga og brjóstagjöf: Ef vitað er um skaðleg áhrif á fóstur þarf að lýsa þeim og taka fram á hvaða skeiði meðgöngunnar (t.d. fyrsta þriðjungi eða lok meðgöngu) hættan er mest. Ef mikil reynsla er af lyfinu án grunsemda um skaðleg áhrif á fóstur má skýra frá því. Vitna má í niðurstöður dýratilrauna eða annars konar tilrauna.

Ef lyfið skilst ekki út í móðurmjólk eða ef ekki er vitað hvort það skilst út er nægjanlegt að skýra frá því. Aðrir helstu möguleikarnir eru að lyfið skiljist út í magni sem sé ólíklegt að hafi skaðleg áhrif á barnið eða í magni sem geti eða sé líklegt að hafi skaðleg áhrif.

Hliðstæðar upplýsingar skal gefa undir yfirskriftinni **„Meðganga og mjólkurgjöf"**, ef um dýralyf er að ræða.

Aukaverkanir: Telja skal upp a.m.k. allar algengar og allar hættulegar aukaverkanir. Tilgreina á algengi aukaverkananna ef unnt er, t.d. með því að skipta þeim í flokka eftir tíðni ***(Algengar (>1%); Sjaldgæfar (0,1-1%); Mjög sjaldgæfar (<0,1%)).*** Einnig er æskilegt að skipta aukaverkunum í flokka eftir líffærum innan hvers tíðniflokks. Ef einhverjar aðstæður auka eða draga úr líkum á aukaverkunum á að skýra frá því.

Milliverkanir: Skýra á frá milliverkunum sem hafa klíníska þýðingu. Tilgreina á hvaða lyf verður fyrir áhrifum og hvers konar áhrif það eru (t.d. aukin verkun); ekki er nægjanlegt að segja að milliverkun eigi sér stað. Greina má frá milliverkunarhætti.

Ofskömmtun og/eða eiturverkanir: Ef upplýsingar eru til um ofskömmtun eða ef segja má fyrir um áhrif ofskömmtunar, á að greina frá því. Lýsa skal einkennum (eiturverkunum) ofskömmtunar og greiningu ofskömmtunar, ef við á. Lýsa skal meðferð ofskömmtunar og nefna móteitur með nafni ef þau eru til.

Skammtastærðir handa fullorðnum: Tilgreina skal venjulega skammta, venjulega upphafsskammta og viðhaldsskammta. Lýsa skal því hve oft á dag taka á lyfið, á hvaða tímum, hvort taka á lyfið með mat o.s.frv. Lýsa skal hve hratt auka má skammtana, eða draga úr skömmtum þegar það á við. Tilgreina skal hámarksdagsskammta ef unnt er. Hér getur þurft að greina milli mismunandi ábendinga, lyfjaforma og aðferða við lyfjagjöf (t.d. im eða iv) og er oftast skýrast að nota undirfyrirsagnir. Ef sérstakir aldurshópar eða sjúklingahópar þurfa aðra skammta á að greina frá því hér.

Skammtastærðir handa börnum: Ef lyfið er ekki ætlað börnum innan ákveðins aldurs á að tilgreina það hér. Í vissum tilvikum má vísa í fullorðinsskammta, t.d. ef þeir eru þeir sömu miðað við líkamsþyngd. Barnaskammta má miða við aldur en nákvæmara er að miða þá við líkamsþyngd (mg/kg líkamsþunga). Stundum er skýrast að setja skammtana fram í töfluformi.

Athugið: Hér geta komið ýmis konar upplýsingar um notkun lyfsins og meðferð þess. Hér má t.d. greina frá blöndun lyfsins, geymsluþoli og hugsanlegu ljósnæmi fyrir og/eða eftir blöndun.

Aðrar upplýsingar: Ef koma þarf á framfæri einhverjum öðrum upplýsingum um lyfið.

Dýralyf: Ef um dýralyf er að ræða skal tilgreina þann tíma sem þarf að líða frá síðustu lyfjagjöf þar til nýta má afurðir til manneldis.

Útlit: Heimilt er að lýsa útliti lyfjaforms t.d. stærð, lögun, lit og merkingu taflna.

Pakkningar: Stærðir pakkninga og gerð umbúða (t.d. hgl. (hettuglös), þynnupakkningar).

Viðauki 5.
Leiðbeiningar um umsóknir um undanþágu frá lyfseðilsskyldu.

Sækja verður til Lyfjanefndar ríkisins um undanþágu frá lyfseðilsskyldu.

Helsti eiginleiki sem lausasölulyf þarf að hafa er að það henti fyrir sjálfsmeðferð. Þetta þýðir að sjúklingurinn verður að geta, með allgóðu öryggi, greint sjúkdóminn eða þekkt aftur einkenni sjúkdóms sem læknir hefur áður greint. Sjúklingurinn verður einnig að geta metið árangur meðferðarinnar.

Upplýsingar um öryggi lyfsins verða að liggja fyrir, ekki bara við rétta notkun heldur einnig ef lyfið er notað á rangan hátt eða misnotað.

Lausasölulyf má ekki vera vanabindandi, þ.e. það má hvorki valda vellíðan né örva miðtaugakerfið og það má hvorki valda þolmyndun né fráhvarfseinkennum.

Lausasölulyf má ekki vera þannig, að það geti leynt einkennum hættulegra sjúkdóma.

Lyf sem inniheldur nýtt virkt efni (NCE), eða sem er stungulyf eða innrennslislyf, er alltaf lyfseðilsskylt. Ekki er hægt að sækja um afnám lyfseðilsskyldu fyrr en umtalsverð reynsla hefur fengist af notkun lyfsins.

Með umsókn um heimild til lausasölu lyfja skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar/gögn:

- Heiti sérlyfs, markaðsleyfishafi, skráningarnúmer/markaðsleyfisnúmer, lyfjaform og styrkleiki.
- Samheiti virks/virkra innihaldsefnis/efna.
- Ábending(ar), sem sótt er um lausasölu fyrir og skammtar, bæði handa fullorðnum og börnum eftir því sem við á.
- Umbúðagerð og stærð pakkninga fyrir lausasölu.
- Ef lyfið er selt í lausasölu í öðru EES landi, PER landi eða N-Ameríku skal greina frá því og hvenær lausasala í viðkomandi löndum var heimiluð.
- Yfirlit yfir lyfja- og eiturefnafræði með hliðsjón af lausasölu. Hér þarf að koma fram að lyfið sé almennt lítið eitrað, upplýsingar um notkun þess á meðgöngutíma og að það valdi hvorki stökkbreytingum né krabbameini. Gefa þarf upp viðeigandi tilvísanir í heimildir.
- Þær ábendingar, sem sótt er um lausasölu fyrir, verða að vera í samræmi við skráðar ábendingar lyfsins. Þessar ábendingar þarf að ræða út frá jákvæðum áhrifum lausasölu og þeim hættum sem henni fylgja.
- Gera þarf grein fyrir tegund og tíðni aukaverkana. Ef vara þarf vissa áhættuhópa við notkun lyfsins vegna aukaverkana, þarf að gera grein fyrir því.
- Lýsa þarf eitrunareinkennum við ofskömmtun.
- Tillaga að lausasöluáletrun og/eða fylgiseðli á íslensku í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.
- Ef fram koma nýjar upplýsingar um lyfið, eftir að sótt hefur verið um heimild til lausasölu, sem skipt geta máli við afgreiðslu umsóknarinnar, á umsækjandi að senda þær tafarlaust til Lyfjanefndar ríkisins. Á þetta einnig við um lyf eftir að heimild hefur verið veitt til lausasölu.

Hliðstæðar upplýsingar og að framan eru taldar skulu fylgja umsókn um heimild til lausasölu dýralyfs.

Viðauki 6.

Umsókn um markaðsleyfi sérlyfs, skv. ákvæðum lyfjalaga nr. 93 frá 20. maí 1994.

Sendist til Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, lyfjamáladeild, Laugavegi 116, 150 Reykjavík.

Skráningarnúmer:	MTnr:

❑ Nýtt markaðsleyfi
❑ Endurnýjun á markaðsleyfi
❑ Annað:

Heiti lyfs:
Lyfjaform og styrkleiki:
Virkt (virk) innihaldsefni:

Handhafi markaðsleyfis:	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Gildistími markaðsleyfis: _____

Veiting markaðsleyfis:

Staður og dagsetning.	Staður og dagsetning.
Undirskrift umsækjanda (handhafa markaðsleyfis eða umboðsmanns).	Undirskrift Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Neskaupstaðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Neskaupstað:

Aðalbrautir.
Norðfjarðarvegur.
Strandgata.
Hafnarbraut.
Egilsbraut.
Nesgata.
Bakkavegur.
Starmýri frá Bakkavegi að Mýrargötu nema botnlangi.
Mýrargata.
Sverristún.
Miðstræti.
Melagata frá Miðstræti að Víkurbraut.
Víkurbraut.
Naustahvammur.

Biðskylda verði af:
Ásgarði inn á Strandgötu.
Ásgarði inn á Tröllaveg.
Bakkavegi inn á Mýrargötu og Nesgötu.
Blómsturvöllum (austurhluta) inn á Sólvelli og vesturhluta Blómsturvalla.
Blómsturvöllum inn á Hlíðargötu.
Borgarnausti inn á Naustahvamm.
Ekrustíg inn á Skólaveg.
Eyrargötu inn á Nesgötu.
Gauksmýri inn á Starmýri.
Gilsbakka inn á Bakkaveg.
Hafnarsvæði austan og vestan við Egilsbraut 6 inn á Egilsbraut.
Hólsgötu (efri hluta) inn á Miðstræti.
Hólsgötu (neðri hluta) inn á Miðstræti.
Hólsgötu inn á Stekkjargötu.
Hrafnsmýri inn á Starmýri.
Kvíabólsstíg inn á Sverristún og Miðstræti.
Lyngbakka inn á Bakkaveg.
Marbakka inn á Bakkaveg.
Melagötu (vesturhluta) inn á Víkurbraut og Melagötu (austurhluta).
Melagötu inn á Hafnarbraut og Egilsbraut.
Miðgarði inn á Tröllaveg.
Naustahvammi inn á Flugvallarveg.
Naustahvammi inn á Strandgötu.
Nesbakka inn á Bakkaveg.
Skólavegi inn á Nesgötu og Egilsbraut.

Sólvöllum inn á Þiljuvelli.
Starmýri (vesturenda) inn á Starmýri (aðalbraut).
Starmýri inn á Bakkaveg.
Starmýri inn á Mýrargötu.
Stekkjargötu inn á Miðstræti.
Sæbakka inn á Bakkaveg að austan og vestan.
Urðarteig inn á Strandgötu.
Valsmýri inn á Starmýri.
Víðimýri inn á Mýrargötu.
Víkurbraut inn á Hafnarbraut.
Vindheimanausti inn á Naustahvamm.
Þiljuvöllum inn á Hólsgötu og Hlíðargötu.
Þiljuvöllum inn á Mýrargötu og Sverristún.
Þórhólsgötu inn á Egilsbraut.
Þórhólsstíg inn á Sverristún.
Öllum vegum svo og heimreiðum bæja sem liggja að Norðfjarðarvegi.

Stöðvunarskylda verði af:
Árbliki inn á Nesgötu.
Kvíabólsstíg inn á Egilsbraut.
Stekkjargötu inn á Egilsbraut og Hafnarbraut.
Tröllavegi inn á Strandgötu og Hafnarbraut.

Bannað verði að leggja bifreiðum á:
Blómsturvöllum að sunnan.
Egilsbraut að norðan við Egilsbraut 7.
Egilsbraut að sunnan frá Hafnarbraut að Egilsbraut 4.
Hafnarbraut að sunnan frá gatnamótum Víkurbrautar að Egilsbraut.
Hafnarbraut að norðan frá gatnamótum Víkurbrautar í austur 70 metra.
Hólsgötu beggja megin frá Stekkjargötu að Miðstræti.
Miðstræti að norðan.
Mýrargötu að sunnan.
Starmýri að sunnan.
Stekkjargötu að vestan.
Urðarteig að sunnan.
Þiljuvöllum að sunnan.

Hraðahindranir.
Á Hlíðargötu við hús nr. 17.
Á Mýrargötu við hús nr. 23.
Á Mýrargötu við hús nr. 7.
Á Nesgötu við hús nr. 14.
Á Urðarteig við hús nr. 4.

Gangbrautir.
Á bakkaveg austan gatnamóta Nesbakka og Bakkavegar.
Á Bakkaveg austan innri gatnamóta Sæbakka og Bakkavegar.
Á Egilsbraut 7 vestan afleggjara að Hafnarsvæði.
Á Hafnarbraut við lóðamörk húsa nr. 2 og 4.
Á Hafnarbraut við hús nr. 2.

Á Miðstræti við hús nr. 14.
Á Mýrargötu vestan gatnamóta við Víðimýri.
Á Mýrargötu við innkeyrslu að Verkmenntaskóla.
Á Naustahvamm við vesturenda húss nr. 43.
Á Nesbakka við gatnamót Bakkavegar og Nesbakka.
Á Nesgötu við hús nr. 14.

Beygjur bannaðar.
Vinstri beygja bönnuð inn á Hólsgötu þá ekið er austur Melagötu.
Hægri beygja inn á Melagötu, þá ekið er niður Hólsgötu.
Hægri beygja bönnuð upp Kvíabólsstíg, þá ekið er vestur Egilsbraut.
Vinstri beygja bönnuð inn á Egilsbraut, þá ekið er niður Kvíabólsstíg.

Takmörkun hámarkshraða í 35 km.
Blómsturvellir.
Egilsbraut.
Hafnarbraut frá Víkurbraut að Egilsbraut.
Hlíðargata.
Hólsgata.
Kvíabólsstígur.
Melagata.
Miðstræti.
Sólvellir.
Stekkjargata.
Sverristún.
Víkurbraut.
Þiljuvellir.

Akstur vélsleða innan þéttbýlis í Neskaupstað er bannaður nema með sérstakri heimild lögreglustjóra.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Neskaupstað eru felldar úr gildi með samþykkt þessari.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 18. ágúst 1995.

Bjarni Stefánsson.

22. ágúst 1995 Nr. 467

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin stöðvunarskylda á Sægarða gagnvart umferð um Vatnagarða.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. ágúst 1995.

Böðvar Bragason.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis- og Selfossbæja.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis- og Selfossbæja, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 7 fulltrúar.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir Ölfushrepps, Hveragerðis og Selfoss skipa hver um sig tvo fulltrúa úr hópi sveitarstjórnarmanna. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir þennan landshluta sbr. rg. nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi skal halda ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á.

Formaður boðar til fundar með a. m. k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin kýs sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerðarbók í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um sérálit sitt bókaða.

Senda skal fundargerð til nefndarmanna og til umhverfisráðuneytisins.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir nefndin tillöguna til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

5. gr.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað

vegna sinna fulltrúa. Skipulagsstjórn greiðir kostnað vegna síns fulltrúa og aðstoðar embættisins við vinnuna.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnum. Ef ekki næst samkomulag sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl 1997. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar þó ekki lengur en eitt ár í senn.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr.19/1964, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur sem félagsmálaráðuneyti setti nefndinni 24. október 1989.

Umhverfisráðuneytið, 22. ágúst 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

15. ágúst 1995 Nr. 469

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 625/1994.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. B samþykktarinnar:

a. 15. tölul. fellur brott.
b. 16.-25. tölul. verða 15.-24. tölul.
c. Nýr 25. tölul. hljóði svo:
Þrjá menn í *rafveitunefnd* og þrjá til vara skv. orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð um Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifulglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun.

1. gr.

Í stað 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar komi þrjár nýjar málsgreinar, er verði 5., 6. og 7. mgr., svohljóðandi:

Ófrystar sláturafurðir alifugla, sem boðnar eru til sölu, skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. tvisvar á eldistímanum að ekki hafi greinst Salmonella í fuglunum.

Afurðir sem reynast mengaðar Salmonellu skulu einungis boðnar til sölu frystar eða eftir að hafa fengið hitameðferð samkvæmt reglum sem yfirdýralæknir setur.

Óheimilt er að bjóða til sölu afurðir alifugla sem eru án umbúða eða í ómerktum umbúðum. Einnig er óheimilt að pakka til sölu afurðum af sjálfdauðum fuglum eða fuglum þar sem auðsæjar sjúklegar breytingar hafa fundist við slátrun. Hræ af slíkum fuglum skal eytt á tryggilegan hátt. Þá er óheimilt að bjóða til sölu alifugla þar sem innyfli hafa ekki verið fjarlægð. Um eftirlit með dreifingu og sölu fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 471 29. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Fræðslusjóð brunamála nr. 138/1993.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 5. gr. reglugerðar þessarar skal brunamálastjóri að fengnu samþykki félagsmálaráðherra úthluta styrkjum úr Fræðslusjóði brunamála á síðari hluta ársins 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 24. gr. laga um brunavarnir og brunamál nr. 41/1992, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. ágúst 1995.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ökutæki sem fellur undir ákvæði reglna samkvæmt reglugerð þessari og er eingöngu í innanlandsflutningum skal svo fljótt sem unnt er, þó ekki síðar en 15. nóvember 1995, búið ökurita samkvæmt reglum þessum. Þó er nægilegt að ökuriti sem notaður er sem gjaldmælir fyrir þungaskatt fái viðurkenningu fyrir reglur um aksturs- og hvíldartíma fyrir 15. janúar 1996. Þar til ökutæki sem ákvæði þetta nær til hefur verið búið ökurita samkvæmt reglum þessum skal ökumaður skrá aksturs- og hvíldartíma í akstursbók sem ávallt skal vera í ökutækinu. Ráðuneytið getur kveðið nánar á um hvenær ökutækið skuli búið ökurita eftir því hvar á landinu það er notað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. mgr. 44. gr., 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Högni S. Kristjánsson.

22. ágúst 1995 Nr. 473

REGLUGERÐ

um starfstíma grunnskóla.

1. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skólaárið 1995-96 skal vera níu mánuðir og hefjast 1. september en ljúka 31. maí.

2. gr.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum getur fræðslustjóri, í umboði menntamálaráðuneytisins, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. Skólanefnd leggur þá fram við fræðslustjóra rökkstudda beiðni um undanþágu frá níu mánaða starfstíma. Fræðslustjóri tilkynnir menntamálaráðuneytinu um slíkar undanþágur.

3. gr.

Skólar sem hafa fengið undanþágu frá níu mánaða starfstíma sbr. 2. gr. skulu gera fræðslustjóra sérstaka grein fyrir því hvernig þeim dögum sem á vantar níu mánaða starfstíma, verður ráðstafað í þágu skólans.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skal eigi síðar en 15. mars 1996, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, gefa út skóladagatal til leiðbeiningar fyrir skólaárið 1996-97 þar sem fram koma starfsdagar grunnskóla og fastir leyfisdagar skv. 28. gr. laga nr. 66/1995.

5. gr.

Starfstími grunnskólanemenda skal vera 170 skóladagar á skólaári.

Á starfstíma nemenda fer fram kennsla og annað skólastarf samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá og stundaskrá skólans.

Skóladagar teljast kennsludagar, prófdagar skv. 6. gr., skólaskemmtanir og sýningar á skólatíma með almennri þátttöku nemenda, vettvangsferðir, dvöl í skólabúðum, skíðaferðir, skólaferðalög, starfsfræðsla, landgræðslustörf og önnur skipuleg kennsla utan skólans samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla enda njóti aðrir nemendur skólans fullrar kennslu samkvæmt stundaskrá.

6. gr.

Heimilt er að verja skóladögum sérstaklega til formlegra prófa eða annars námsmats í heilum árgöngum sem hér segir:

Í 1.-3. bekk. Mest tvo daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 4. bekk. Mest þrjá daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 5., 6. og 7. bekk. Mest fjóra daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 8.-10. bekk. Mest tíu daga á skólaári í hverjum bekk.

Samræmd lokapróf í 10. bekk eru meðtalin.

Ef ekki eru teknir heilir dagar til formlegra prófa, jafngilda 6 stundir, sem kennsla fellur niður vegna prófa, einum skóladegi.

7. gr.

Fræðslustjóri getur heimilað skerðingu á starfstíma nemenda að hámarki tveimur skóladögum á skólaárinu vegna námskeiða og fræðslufunda kennara.

8. gr.

Fastir leyfisdagar nemenda eru dagar samkvæmt 28. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, aðrir helgidagar þjóðkirkjunnar og almennir lögboðnir frídagar.

9. gr.

Auk 170 skóladaga nemenda skulu á tímabilinu 1. september 1995 til 31. maí 1996 vera fimm bundnir vinnudagar kennara (45,77 klst. miðað við fullt starf). Þeir eru 1. desember, öskudagur og þriðjudagur eftir hvítasunnu svo og tveir dagar samkvæmt ákvörðun skólastjóra í samráði við kennara. Auk þess skulu vera sex bundnir vinnudagar kennara í ágúst og/eða júní.

10. gr.

Skólastjóri skal árlega í samráði við kennara gera áætlun um skólastarfið á komandi skólaári þar sem fram kemur upphafs- og lokadagur skólahalds, fjöldi kennsludaga og prófdaga svo og ráðstöfun þeirra daga sem varið er til annarra starfa en kennslu sbr. 7. gr.

Áætlunin skal kynnt starfsmönnum skólans og foreldraráði og send fræðslustjóra til samþykktar.

Afrit af stundaskrám nemenda skulu send fræðslustjóra fyrir 15. september 1995.

11. gr.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins í viðmiðunarstundaskrá.

12. gr.

Óheimilt er að skerða starfstíma nemenda umfram það sem reglugerð þessi tilgreinir nema óviðráðanlegar ástæður komi til s.s. óveður.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga nr. 49/1991 sbr. 57. gr. laga nr. 66/1995 og öðlast hún þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um starfstíma grunnskóla nr. 132/1992 og reglugerð um leyfi í skólum nr. 80/1976 að því er varðar grunnskólastig.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

30. ágúst 1995 Nr. 474

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Snæfellsbæ 1995.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 9.000 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist á gjalddaga sem er 1. september og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga sem er 1. október 1995.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar er kr. 4.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1995.

Umhverfisráðuneytið, 30. ágúst 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993.

1. gr.

3. gr., liður 3.9, orðist svo:

3.9. Verð fyrir hvern leik (röð) í „Lottó 5/38“ er 50 kr. og í Víkingalottói 20 kr. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár.

2. gr.

5. gr., liður 5.7.a, orðist svo:

a) enginn þátttakandi hafi allar 5 aðaltölur réttar, skal vinningsfjárhæð þess flokks, án viðbótar samkvæmt lið 5.5.1.a, yfirfærast til næstu leikviku og koma í hlut þeirra er fá allar fimm aðaltölur réttar í þeirri leikviku. Verði heldur ekki neinn þátttakandi með allar aðaltölur réttar í þeirri leikviku flyst vinningsfjárhæðin áfram til þarnæstu viku o.s.frv.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þannig gildi að ákvæði 1. gr. gilda frá og með 4. september 1995 en ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 83, nr. 459-475. Útgáfudagur 31. ágúst 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1995

31. ágúst 1995 1217 Nr. 476

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl. með áorðnum breytingum.

1. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verði svohljóðandi:

Reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o.fl.

2. gr.

Í stað orðsins „einkasölugjald“ í 4. gr. reglugerðarinnar komi: áfengisgjald og tóbaksgjald.

3. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um áfengisgjald o.fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af áfengum drykkjum en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á samkvæmt 2. gr. og gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald, er viðkomandi þó heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir gegn greiðslu áfengisgjalds og virðisaukaskatts enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari.

Áfengisgjald skal greiða sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 300 kr.
Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 600 kr.
Aðrir áfengir drykkir:
– með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna..... 1.200 kr.
– með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 1.800 kr.
– með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 2.400 kr.
– með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 3.000 kr.
– með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 3.600 kr.
– með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli..... 7.000 kr.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur tollstjóri þá heimilað

Gutenberg

innflutning gegn greiðslu áfengisgjalds og virðisaukaskatts ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

4. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um tóbaksgjald.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af tóbaki en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á samkvæmt 2. gr. er viðkomandi þó heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir gegn greiðslu tóbaksgjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá og virðisaukaskatts, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

1.	Reyktóbak	2.000 kr/tylft bréfa eða lb.
2.	Vindlingar	1.200 kr/200 stk.
3.	Smávindlar	90 kr/10 stk.
4.	Vindlar, meðalstærð	450 kr/25 stk.
5.	Vindlar, aðrir	800 kr/25 stk.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur tollstjóri þá heimilað innflutning gegn greiðslu tóbaksgjalds og virðisaukaskatts ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. Greiða skal tóbaksgjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar og virðisaukaskatt.

5. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sérhverja afgreiðslu samkvæmt 7. og 8. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, og skal innflytjanda afhent greiðslukvittun. Heimilt er að varningur verði auðkenndur með sérstökum merkimiðum eða á annan þann hátt sem ríkistollstjóri ákveður.

6. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Áfengisgjald sem greitt er samkvæmt 7. gr. og tóbaksgjald, samkvæmt 8. gr. renna í ríkissjóð.

7. gr.

10. gr. reglugerðarinnar verði 11. gr.

8. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun með áfengi og tóbak, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi 1. september 1995.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um áfengisgjald.

1. KAFLI
Gildissvið, gjaldskylda, skráning o.fl.

Gildissvið.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari telst áfengi vera hver sá vökvi sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og áfengisinnihald skal ákveða við 20°C.

Gjaldskylda.

3. gr.

Gjaldskyldir eru allir þeir sem flytja inn áfengi eða framleiða áfengi hér á landi, til sölu eða vinnslu.

Ennfremur skulu greiða í ríkissjóð áfengisgjald þeir sem flytja áfengi með sér til landsins eða fá það sent erlendis frá, til eigin nota.

Gjaldflokkar.

4. gr.

Áfengisgjald skv. 1. mgr. 3. gr. skal vera kr. 58,70 á hvern sentilítra af vínanda umfram 2,25 sentilítra í hverjum lítra áfengis.

Af innflutningi þeirra sem gjaldskyldir eru skv. 2. mgr. 3. gr. skal greiða gjald sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

- Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 300 kr.
- Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 600 kr.
- Aðrir áfengir drykkir:
  - með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna ..... 1.200 kr.
  - með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 1.800 kr.
  - með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 2.400 kr.
  - með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 3.000 kr.
  - með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 3.600 kr.
  - með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 7.000 kr.

Innflutningstakmarkanir.

5. gr.

Gjaldskyldum aðila skv. 2. mgr. 3. gr. er heimilt að flytja til landsins eða fá sent erlendis frá að hámarki 12 lítra af öli eða 9 lítra af öðru áfengi.

Aðili sem hefur gerst brotlegur við áfengislög nr. 82/1969, með síðari breytingum, með óleyfilegri sölu eða bruggun áfengis er óheimilt að flytja til landsins áfengi.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis er 20 ár. Tollstarfsmaður getur krafist þess, að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

Skráning.

6. gr.

Þeir sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. 3. gr. skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eiga lögheimili. Skylt er að senda tilkynningu eigi síðar en átta dögum áður en starfsemin hefst. Breytingar sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en átta dögum eftir að breytingin átti sér stað.

Óheimilt er að skrá samkvæmt þessari grein aðila sem stundar innflutning eða framleiðslu á áfengi, nema hann hafi tilskilið leyfi skv. 2. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skal senda á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Í tilkynningu til skattstjóra skal tilgreina nafn, firmanafn, heimili og kennitölu rekstraraðila. Jafnframt skal fylgja afrit af leyfisbréfi fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi halda skrár yfir alla þá sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 3. gr. Skattstjórar skulu láta lögreglustjórum í té skrár þessar.

2. KAFLI
Álagning, uppgjörstímabil, gjalddagi o.fl.

Álagning.

7. gr.

Áfengisgjald af innfluttu gjaldskyldu áfengi skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu, nema annað leiði af reglugerð þessari.

Af áfengi, sem framleitt er innanlands til sölu þar, reiknast gjald við sölu eða afhendingu vörunnar frá verksmiðju eða framleiðanda til kaupanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla fer fram.

Verði rýrnun á vörulager án þess að sala eða afhending komi fram í birgðabókhaldi ber gjaldskyldum framleiðanda ótilkvöddum að greiða áfengisgjald vegna vörurýrnunar á því uppgjörstímabili þegar rýrnunar verður vart.

Gjalddagi og uppgjörstímabil framleiðenda innanlands.

8. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna gjaldskyldrar innlendrar framleiðslu er frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. hvers mánaðar til loka mánaðar.

Gjaldskyldur framleiðandi skal eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða innheimtumanni ríkissjóðs, í umdæmi því þar sem hann er heimilisfastur, áfengisgjald sem honum ber að standa skil á.

Áfengisgjaldi af innlendri framleiðslu, ásamt áfengisgjaldsskýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður, skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils.

Greiðslufrestur í tolli.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 7. gr. er tollstjórum heimilt að veita skráðum innflytjendum greiðslufrest á áfengisgjaldi vegna tollafgreiðslu á innfluttu áfengi. Um skilyrði, umsókn, tryggingar o.fl. vísast til reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum, að undanskilinni 2. mgr. 4. gr.

Hvert uppgjörstímabil vegna greiðslufrests á áfengisgjaldi við innflutning er frá 1. til 15. hvers mánaðar og frá 16. hvers mánaðar til loka mánaðar. Innflytjandi, sem veittur hefur verið greiðslufrestur á áfengisgjaldi, skal eftir lok hvers uppgjörstímabils ótilkvaddur greiða tollstjóra áfengisgjald sem honum hefur verið lánað.

Áfengisgjaldi skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Gjalddagi er annar virkur dagur eftir lok uppgjörstímabils vegna tollafgreiðslna á því tímabili.

Vangreitt áfengisgjald við innflutning.

10. gr.

Verði um vanskil á greiðslu áfengisgjalds að ræða skv. 3. mgr. 9. gr. skal tollstjóri synja innflytjanda um frekari greiðslufrest á áfengisgjaldi meðan vanskil vara. Jafnframt skulu dráttarvextir reiknaðir á vangreitt áfengisgjald frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. og 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Hafi vangreitt áfengisgjald ekki verið greitt innan fimmtán daga frá gjalddaga eins og hann er ákveðinn skv. 9. gr., skal gengið að sjálfskuldarábyrgð innflytjanda og nægir einföld krafa tollstjóra til ábyrgðaraðila. Greiðsla skal hafa borist tollstjóra innan sjö daga frá dagsetningu kröfubréfs. Hafi greiðsla eigi borist tollstjóra innan þess tíma skal tollafgreiðsla til viðkomandi innflytjanda þegar stöðvuð og ekki hefjast að nýju fyrr en fullnaðarskil hafa verið gerð.

Tollstjóri sem veitt hefur heimild til greiðslufrests, sbr. 9. gr., getur svipt innflytjanda heimild til greiðslufrests vegna ítrekaðra vanskila á greiðslu áfengisgjalds sem veittur hefur verið greiðslufrestur á svo og ef skilyrðum reglugerðar nr. 640/1989 er ekki lengur fullnægt. Greiðslufrestur fellur niður þegar ákvæði 3. mgr. 104. gr. tollalaga nr. 55/1987 eiga við.

Vangreitt áfengisgjald af framleiðslu innanlands.

11. gr.

Sé áfengisgjald ekki greitt á tilskildum tíma, sbr. 3. mgr. 8. gr. skal aðili sæta álagi til viðbótar því áfengisgjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef áfengisgjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga áfengisgjaldsins upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir eru ákvarðaðir samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum.

Bókhald.

12. gr.

Allir, sem eru skráningarskyldir skv. 1. mgr. 3. gr., skulu auk þess sem fyrir er mælt í lögum nr. 145/1994, um bókhald, haga bókhaldi sínu og uppgjöri á áfengisgjaldi þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skila þeirra á áfengisgjaldi.

Gjaldskyldum aðila skv. 1. mgr. 3. gr. er skylt að halda birgðabókhald. Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti, að fyrirvaralaust megi bera saman niðurstöðu birgðabókhalds og magn vörubirgða. Auk birgðabókhalds skal framleiðandi halda framleiðslubókhald.

3. KAFLI
Eftirgjöf áfengisgjalds.

Undanþágur frá áfengisgjaldi.

13. gr.

Eftirfarandi er undanþegið áfengisgjaldi:

1. Sala áfengis úr landi.

2. Innflutningur og sala til Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.
3. Innflutningur og sala til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951.
4. Sala í tollfrjálsar forðageymslur.
5. Innflutningur og sala til aðila sem njóta skattfrelsis hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Við sölu til þessara aðila er skilyrði að seljandi hafi í bókhaldi sínu áritaða heimild frá utanríkisráðuneytinu
6. Sala til ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum samkvæmt reglugerð nr. 251/1992, með síðari breytingum

Lækkað áfengisgjald.

14. gr.

Af áfengi, sem flutt er til landsins eða framleitt hér á landi og selt til tollfrjálsra verslana annarra en Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, ber að innheimta áfengisgjald sem hér segir af hverjum lítra hins áfenga drykkjar:

- Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 75 kr.
- Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 150 kr.
- Aðrir áfengir drykkir:
  - með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna ..... 200 kr.
  - með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 300 kr.
  - með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 400 kr.
  - með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 500 kr.
  - með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli ..... 600 kr.
  - með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli .....1.150 kr.

Endurgreiðslur og skilyrði eftirgjafar.

15. gr.

Hafi áfengisgjald þegar verið greitt af áfengi sem hefur verið afhent eða selt til aðila sem greinir í 1. – 5. tl. 13. gr. og 14. gr. getur aðili sótt um endurgreiðslu til tollstjóra í því umdæmi sem hann er heimilsfastur.

Umsókn skulu fylgja frumrit viðkomandi sölureikninga og önnur þau gögn sem tollstjóri telur nauðsynleg.

Endurgreiðslutímabil skulu vera þau sömu og greinir í 8. og 9. gr.

Skilyrði fyrir eftirgjöf skv. 1. – 4. tl. 13. gr. og 14. gr. er að fullnægt sé ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 545/1990, um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, eyðileggingar, rýrnunar, skemmda, vöntunar eða endursölu til útlanda o.fl.

Aðrar undanþágur.

16. gr.

Vínandi sá sem Áfengis– og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að flytja til landsins skv. 2. mgr. 3. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, með síðari breytingum, og fellur undir tollskrárnúmer 2207.1000 er ekki gjaldskyldur við innflutning eða sölu til eftirfarandi nota:

a) Sala til framleiðanda sem hafa leyfi til að selja áfengi skv. 3. tl. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga nr. 82/1969, og framleiða vöru sem gjaldskyld er samkvæmt þessari reglugerð.
b) Sala til lækna og lyfsala er heimild hafa til að selja áfengi sem talið er upp í lyfjaskrá og selt sem lyf, sbr. 7. tl. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga nr. 82/1969, með síðari breytingum.

c) Sala vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og sala vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota skv. 8. tl. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Vínandi, sem fellur undir tollskrárnúmer 2207.2000–2207.2009, er ekki gjaldskyldur við innflutning, sölu eða aðra afhendingu.

4. KAFLI
Ýmis ákvæði.

Stofn til virðisaukaskatts.

17. gr.

Áfengisgjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands til eigin nota, framleiðslu eða endursölu.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt.

18. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, gjaldfresti, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, upplýsingaskyldu, eftirlit, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innfluttu gjaldskyldu áfengi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

19. gr.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, kærur og úrskurði um ákvörðun á áfengisgjaldi, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, upplýsingaskyldu, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi áfengisgjald af innlendri framleiðsluvöru skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald, öðlast gildi 1. september 1995, að undanskildum ákvæðum 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. sem taka gildi 1. desember 1995.

Ákvæði til bráðbirgða

Að því er varðar innflutning á tækifæris– og gjafasendingum frá útlöndum á áfengi skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald og tóbaksgjald o.fl., með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 31. ágúst 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1995

Nr. 478 1224 1. september 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 408/1995 um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			kg	%	kr/kg
0704.9009	Annað	01.09.-31.10.	ótilgr.	15	98
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.09.-31.10.	ótilgr.	30	
0709.6009	Önnur (Chilli pipar)	01.09.-31.10.	ótilgr.	30	
Úr tollnúmeri:					
0706.9000	Sellerírót, steinseljurót, engiferrót piparrót, svartrót og kínahreðkur	01.09.-31.10.	ótilgr.	30	
0709.9009	Fennel, grasker, rabbarbari	01.09.-31.10.	ótilgr.	30	
0709.9009	Kryddjurtir	01.09.-31.10.	ótilgr.	15	192

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni.

I. KAFLI.
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hindra að dýrasjúkdómar berist til landsins með innfluttum sláturafurðum, eggjum, mjólkurafurðum og öðrum vörum sem reglugerðin tekur til. Jafnframt að koma í veg fyrir að fluttar verði til landsins afurðir dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um innflutning á hvers konar afurðum dýra og öðrum vörum sem smitefni getur borist með er valda dýrasjúkdómum. Jafnframt um afurðir dýra sem fengið hafa vaxtaraukandi efni á eldistímanum. Reglugerð þessi gildir ekki um fiskimjöl.

II. KAFLI
Varnir gegn dýrasjúkdómum.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtaldar afurðir dýra og vörur sem geta borið með sér smitefni er valda dýrasjúkdómum:

a. Hrátt kjöt, unnið sem óunnið, svo og innmat og sláturúrgang. Þó er heimilt að flytja inn saltaðar garnir frá löndum sem hafa hlotið viðurkenningu yfirdýralæknis.
b. Dýrafóður sem inniheldur sláturúrgang, t.d. blóðmjöl, kjöt- og/eða beinamjöl. Leyfður er innflutningur á þessum efnum hafi þau verið hituð upp í a.m.k. 130°C í 20 mínútur undir 3 millibara þrýstingi.
c. Húðir, gærur, bein, klaufir, horn, möluð horn, óhreinsaðan dún, óhreinsaðar fjaðrir, óhreinsað dýrahár. Undanþegið er unnar húðir eða gærur sem hafa legið a.m.k. 3 mánuði í salti, blandað sótthreinsiefnum, svo og dauð dýr/fuglar, sem ætlunin er að stoppa upp, og veiðiminjar, enda fylgi vottorð sem staðfestir að varan hafi verið sótthreinsuð eða vara sótthreinsist á fullnægjandi hátt við framleiðslu.
d. Egg og eggjaafurðir, þ.m.t. matvæli og afurðir sem innihalda egg, þó ekki egg eða afurðir sem hafa verið hitaðar í 65°C í fimm mínútur hið skemmsta og eggjaduft sem hefur verið hitað upp í a.m.k. 140°C.
e. Ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir unnar úr ógerilsneyddri mjólk.
f. Alidýraáburð og rotmassa blandaðan alidýraáburði, mó, mold, hey og hálm. Ákvæði þetta gildir ekki um hey eða hálm sem notaður er til pökkunar og ekki um mó og mold sem flutt er inn frá Svíþjóð og Finnlandi, enda fylgi upprunavottorð með sendingunni.
g. Blóð, sermi og aðrar lífrænar vörur úr dýraríkinu, þ.m.t. sýklar, veirur, blóð-, blóðvatns-, frumu-, vefja- og dýraeggjahvítusýni, nema um sé að ræða efni til nota á rannsóknarstofum og innflytjandi gefi skriflega yfirlýsingu um að varan sé eingöngu ætluð til slíkra nota og ekki til dreifingar. Jafnframt að efnin komi ekki í snertingu við dýr, að afgangi efna, öllum úrgangi og umbúðum verði brennt eða eytt á annan tryggilegan hátt.

h. Notuð reiðtygi og ósótthreinsuð reiðföt, svo og búnað sem notaður hefur verið til geymslu og flutninga á dýrum og dýraafurðum.
i. Notaðar landbúnaðarvélar og -áhöld, sem ekki hafa verið þvegin og sótthreinsuð.
j. Notaðan veiðibúnað til stangaveiði, sem ekki hefur hlotið viðurkennda sótthreinsun.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að heimila innflutning á vörum, sem óheimilt er að flytja inn samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með 26. gr. laga nr. 87/1995, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með þeim sem valda dýrasjúkdómum.

Innflytjandi vöru skal leggja fram skriflega beiðni um innflutning þar sem fram komi upplýsingar um framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda. Innflytjandi skal leggja fram fullnægjandi sönnunargögn um tíðni plága eða sjúkdóma í viðkomandi framleiðslulandi og horfur í þeim efnum. Yfirdýralæknir skal því aðeins mæla með innflutningi að staðfest sé að um sé að ræða vöru frá landi þar sem ekki fyrirfinnast dýrasjúkdómar sem eru óþekktir hér á landi og smitefni geti ekki borist með þeim.

Þá skal innflytjandi leggja fram vottorð sem staðfestir að vara sem áformað er að flytja til landsins sé ekki af búfé sem gefið hefur verið vaxtaraukandi efni eða lyf.

Þegar vara, sem landbúnaðarráðherra heimilar innflutning á skv. 1. mgr. í fyrsta sinn, skal innflytjandi láta yfirdýralækni í té nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykktar áður en útskipun fer fram.

III. KAFLI
Innflutningsvottorð.

5. gr.

Innfluttar sláturafurðir, egg og mjólkurvörur skulu upprunnar þar sem tilkynningaskyldra dýrasjúkdóma hefur ekki orðið vart næstliðna sex mánuði áður en vinnsla eða pökkun vörunnar fór fram. Auk þess skulu vörurnar uppfylla neðangreind skilyrði, eftir því sem við á:

a. Vörunni skulu fylgja opinber uppruna- og heilbrigðisvottorð frá landi sem hlotið hefur staðfestingu yfirdýralæknis. Landbúnaðarráðuneytið birtir með auglýsingu skrá yfir þau lönd sem yfirdýralæknir viðurkennir.
b. Afurðir séu af dýrum sem reyndust heilbrigð og laus við einkenni smitsjúkdóma við slátrun og voru ekki gefin lyf svo skömmu fyrir slátrun að lyfjaleifar gætu leynst í vörunni, sbr. reglugerð nr. 252/1995 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.
c. Varan sé ekki framleidd af búfé sem fengið hefur fóður sem inniheldur vaxtaraukandi efni eða lyf, nema um sé að ræða lyf gegn hnislasótt í alifuglum eða lyf, sem notuð hafa verið tímabundið til lækninga.
d. Slátrun dýra, meðferð og vinnsla afurðanna skal hafa farið fram í sláturhúsum eða vinnslustöðvum sem uppfylla sambærilegar heilbrigðiskröfur og gilda um innflutning til Evrópusambandsins eða Bandaríkja Norður-Ameríku.
e. Mjólkurvörur skulu hafa verið unnar úr gerilsneyddri mjólk.
f. Soðnum afurðum og matvælum skulu fylgja vottorð opinberra aðila, þar sem staðfest er að hún hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnahiti hefur náð 72°C. Sótthreinsun sláturafurða með geislameðferð er óheimil.
g. Slátur- og mjólkurafurðir og egg skulu uppfylla ákvæði um aðskotaefni, sbr. reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

h. Varan skal merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

Innflytjandi vöru skal sjá til þess að öll nauðsynleg vottorð fylgi vörunni við innflutning og ber hann allan kostnað sem kann að leiða af öflun vottorða og þeim sóttvarnarráðstöfunum sem uppfylla þarf vegna innflutningsins, þ.m.t. nauðsynlega sýnatöku og rannsóknir sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar.

Ferðamenn sem koma með soðin matvæli, þar sem staðfest er á umbúðum, að varan hafi hlotið hitameðferð, eins og áskilið er í e-lið, þurfa ekki að framvísa vottorði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

6. gr.

Stjórnendur skipa og flugvéla sem koma til landsins með matarleifar og í eru sláturafurðir skulu sjá til þess að þær séu losaðar í sérstaka vatnshelda sorpgáma og síðan eytt samkvæmt fyrirmælum yfirdýralæknis. Sláturafurðum sem fluttar eru inn án heimildar skal eytt á eldi eða á annan tryggilegan hátt.

Komi upp ágreiningur um túlkun gagna, sem fylgja innfluttri vöru og varðar efni þessarar reglugerðar, skal þeim ágreiningi vísað til yfirdýralæknis.

Farmenn og ferðamenn sem koma til landsins skulu hlíta sóttvarnarreglum þessarar reglugerðar að því er varðar sláturafurðir sem eru í farangri þeirra og ætlaðar eru til eigin nota.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra er rétt að leyfa umflutning (transit) á vörum þeim sem taldar eru upp í 3. gr. þessarar reglugerðar, enda sé varan flutt úr landinu án ónauðsynlegrar tafar. Skilyrði fyrir slíku leyfi er að varan sé flutt í vandlega lokuðum umbúðum, þar sem innihald er tilgreint og sendingunni fylgi nauðsynleg uppruna- og heilbrigðisvottorð. Strax og slík vara kemur til landsins skal hún innsigluð og er óheimilt að rjúfa innsiglið meðan varan er geymd hér á landi í vörslu tollgæslu.

8. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt þeim lögum sem tilgreind eru í 9. gr. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um dýralækna nr. 77/1981, með síðari breytingum, lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins nr. 24/1994 og breyting með reglugerð nr. 409/1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1995

Nr. 480 1228 6. september 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 4. gr. reglugerðarinnar:

Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. er orðist svo:

Hafi aðili sem gjaldskyldur er skv. 2. mgr. keypt áfengi í tollfrjálsri verslun hér á landi, ber honum einungis að greiða mismun áfengisgjalds skv. 14. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Við tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein ber að framvísa kvittun sem sýnir að áfengið hafi verið keypt í tollfrjálsri verslun hér á landi.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 13. gr. reglugerðarinnar:

a) 2. tölul. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar:

Orðin „annarra en Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli“ falla brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald, öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 6. september 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

Stjórnartíðindi B 86, nr. 480. Útgáfudagur 8. september 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 - 1995

11. september 1995 1229 Nr. 481

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 541/1994 um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995 - 1996.

1. gr.

Í stað 2. ml. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi:

Greiðslumark sem skráð er til heimtöku skal aðeins nýta með heimtöku kindakjöts úr afurðastöð. Heildarheimtökuréttur greiðslumarkshafa án skerðingar á innleggsheimildum skal vera allt að 80 kg á hvern heimilismann sem skráður var með lögheimili á viðkomandi lögbýli 1. desember 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Gutenberg

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan bæjarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

Lóð/mannvirki:	Skráðir eigendur:
Aðalgata 1	Sigurður Ágústsson hf.
Aðalgata 2	Egilshús hf.
Aðalgata 3	Arnaldur Árnason db.
Aðalgata 4a	Lionsklúbbur Stykkishólms
Austurgata 1	Sigurður Ágústsson hf.
Bókhlöðustígur 2	Ólöf Guðbjartsdóttir
Bókhlöðustígur 8	Jóhann Rafnsson
Bókhlöðustígur 17	Klara Hansen
Hafnargata 4	Eyþór Ágústsson
Hafnargata 13	Gréta Kaldalóns
Silfurgata 22	Jóhannes Ól. Jónsson
Silfurgata 24a	Benedikt Jónsson
Skólastígur 16	Jakob Pétursson
Smiðjustígur 2	Björgunarsveitin Berserkir
Smiðjustígur 3	Breiðafjarðaferjan Baldur o.fl
Víkurgata 2	Hafþór Hafsteinsson
Vík	Þorgrímur Bjarnason db.
Ögur	Lárus Hallfreðsson
Ræktunarland	Ræktunarfélag Stykkishólms

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsingar þeim sem hlut eiga að máli.

Umhverfisráðuneytið, 29. ágúst 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

vegna innflutnings á landbúnaðarvörum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 3. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

1. gr.

Landbúnaðarvörur sem ekki hafa hlotið hitameðhöndlun.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins skal liggja fyrir við innflutning á vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987 og ekki hafa hlotið hitameðferð sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar og við innflutning á öðrum vörum, sem falla undir 3. gr. reglugerðar nr. 479/1995, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi afurða dýra, sem hafa fengið vaxtaraukandi efni.

2. gr.

Landbúnaðarvörur sem hafa hlotið hitameðhöndlun.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0201-0210, 0401-0408, 1601 og 1602 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sem hlotið hafa fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

a. Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi, samkvæmt 3. gr.
b. Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 3. gr. auglýsingar þessarar.
c. Soðnum sláturafurðum og matvælum, sem ekki eru niðursoðin, fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi hlotið hitameðferð, þannig að kjarnahiti hafi náð 72°C, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
d. Mjólk og mjólkurafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan sé gerilsneydd eða unnin úr gerilsneyddri mjólk, sé það hvorki staðfest í upprunavottorði, sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði, sbr. b-lið.
e. Eggjum og eggjaafurðum fylgi sérstakt opinbert vottorð sem staðfestir að varan hafi verið hituð í 65°C í fimm mínútur hið skemmsta og að eggjaduft hafi verið hitað upp í a.m.k. 140°C, sé það ekki staðfest í upprunavottorði sbr. a-lið eða heilbrigðisvottorði sbr. b-lið.

Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða ef upplýsingar um hitameðferð eru óljósar, skal leita álits yfirdýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

3. gr.

Yfirdýralæknir hefur staðfest að heilbrigðisvottorð eftirtalinna landa falli undir b-lið 2. gr.:

Austurríki	Belgía	Bretland og Norður-Írland
Danmörk	Finnland	Frakkland

Grikkland	Holland	Írland
Ítalía	Kýpur	Lúxemborg
Malta	Noregur	Portúgal
Spánn	Sviss	Svíþjóð
Þýskaland		

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Ferðamönnum er heimill innflutningur á soðnum matvælum, sbr. reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna o.fl., enda beri umbúðir með sér að varan hafi hlotið fullnægjandi hitameðferð, sbr. 2. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1995

15. september 1995 1233 Nr. 484

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

1. gr.

Frá og með 18. september 1995 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði á Skjálfanda, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°32,00 N - 17°10,00 V
2. 66°17,24 N - 17°10,00 V
3. 66°11,21 N - 17°45,00 V
4. 66°13,00 N - 17°45,00 V
5. 66°17,00 N - 17°33,00 V
6. 66°32,00 N - 17°33,00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðulögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 88, nr. 484. Útgáfudagur 15. september 1995.

B 87
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 - 1995

Nr. 485 1234 5. september 1995

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993.

1. gr.

Skilyrði greiðslu tekjutryggingar.

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri svo og örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og eiga lögheimili hér á landi eða í ríki sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga.

Óskert tekjutrygging greiðist þeim sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 - 67 ára aldurs, sbr. þó 2. og 3. gr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist tekjutrygging í hlutfalli við lögheimilistímann.

Við ákvörðun lögheimilistíma örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs.

2. gr.

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur ellilífeyrisþega fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 285.276 kr. á ári. Hafi bótaþegi tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 293.268 kr. á ári. Hafi bótaþegi tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

4. gr.

Tekjutrygging hjóna og sambúðarfólks.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, en hafa sameiginlega aðrar tekjur en bætur almannatrygginga sem fara ekki fram úr 304.246 kr. á ári, skal greiða uppbót sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einstaklings eftir því sem við á. Hafi hjón sameiginlega hins vegar tekjur umfram 304.246 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, og skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans og að öðru leiti farið með uppbót hans sem tekjutryggingu einhleypings.

Gutenberg

Sama rétt til bóta og hjón hafa einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár eða ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá. Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri rétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón.

5. gr.

Tekjur úr lífeyrissjóðum.

Tekjur úr lífeyrissjóði, allt að 98.376 kr. á ári hjá einhleypingi eða 137.736 kr. á ári hjá hjónum eða sambúðarfólki, sbr. 4. gr., reiknast ekki inn í framangreindar viðmiðunartekjur. Nú nýtur aðeins annar maki eða sambúðaraðili lífeyris og reiknast þá tekjur úr lífeyrissjóði allt að 196.752 kr. á ári ekki inn í viðmiðunartekjur.

Til lífeyrissjóðstekna í þessu sambandi teljast greiðslur úr lífeyrissjóðum, sem starfa eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og háðir eru eftirliti fjármálaráðuneytisins, sbr. 9. gr. laga nr. 113/1990.

6. gr.

Tekjuhugtakið og aðrar frádráttarbærar tekjur.

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga og húsaleigubótum sveitarfélaga.

Frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns, svo sem vextir, verðbætur og gengishagnaður, hafa ekki áhrif á viðmiðun tekjuskattsstofns.

7. gr.

Tekjur erlendis frá.

Tekjur, sem bótaþegi fær greiddar erlendis frá, skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að því marki sem slíkar tekjur hefðu áhrif á ákvörðun tekjutryggingar, væri þeirra aflað hérlendis. Auk þess er heimilt að skerða greiðslur vegna bóta erlendis frá og sem eru fyrir sama tímabil og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

8. gr.

Eignatekjur.

Eignir hafa ekki áhrif á útreikning tekjutryggingar, ef þær skila engum tekjum, sem skattskyldar teljast. Hafa skal þó hliðsjón af því hvort eignum bótaþega hafi verið ráðstafað með þeim hætti að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar.

9. gr.

Ákvörðun tekna og tekjuyfirlýsing.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt reglugerð þessari, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattayfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir að hann fengi hækkun uppbótar samkvæmt þessari reglugerð, og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós að gefnar voru rangar upplýsingar eða tekjur hafa hækkað aftur, skal ofgreiðslan endurheimt.

10. gr.

Endurskoðun bótaupphæða.

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu gilda frá 1. september ár hvert.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða, er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

11. gr.

Úrskurðir og kæra til tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild úrskurðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Úrskurðir lífeyristryggingadeildar eru kæranlegir til tryggingaráðs.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingu og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 351/1977. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

Nr. 486 14. ágúst 1995

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. samkvæmt ákvæðum EES-samningsins nr. 244/1994 með síðari breytingu.

1. gr.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein 3. gr. a svohljóðandi:

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur út samkvæmt umsókn staðfestingu almenns heimilislækningaleyfis (Evrópulæknaleyfis) til EES-ríkisborgara. Skilyrði staðfestingar almenns heimilislækningaleyfis eru:

1. að umsækjandi hafi íslenskt lækningaleyfi sbr. 3. gr. og
2. að umsækjandi leggi fram almennt heimilislækningaleyfi frá öðru EES-landi og/eða gögn sem sýna fram á tveggja ára starfsreynslu sem uppfylli skilyrði IV. bálks tilskipunar 93/16/EBE, sbr. aðallega 31. gr. tilskipunarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. ágúst 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

29. ágúst 1995 Nr. 487

REGLUGERÐ

um skipan Rannsóknarráðs Íslands.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar ellefu aðalmenn og jafn marga varamenn til setu í Rannsóknarráði Íslands til þriggja ára í senn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:
   1. Sex tilnefndir af Háskóla Íslands.
   2. Einn tilnefndur af Háskólanum á Akureyri.
   3. Einn tilnefndur af Kennaraháskóla Íslands.
   4. Einn tilnefndur í sameiningu af Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, Listasafni Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjasafni Íslands og Þjóðskjalasafni Íslands.
   5. Einn tilnefndur af Vísindafélagi Íslendinga.

   Menntamálaráðherra leitar eftir tilnefningum samkvæmt liðum 1-5, hér að ofan. Skal tilnefning samkvæmt fjórða lið ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri stofnun.

b) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig:
   1. Níu eru tilnefndir af rannsóknarstofnunum atvinnuveganna og annarra rannsóknarstofnana utan verksviðs menntamálaráðuneytis. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað einn fulltrúa frá hverri eftirtalinna stofnana:

      Hafrannsóknastofnunin,
      Iðntæknistofnun Íslands,
      Náttúrufræðistofnun Íslands,
      Orkustofnun,
      Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins,
      Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,
      Rannsóknastofnun landbúnaðarins,
      Skógrækt ríkisins,
      Veðurstofa Íslands,
      Veiðimálastofnun.

2. Einn skal tilnefndur af hvorum eftirtalinna aðila:
Læknaráði Landspítalans,
Læknaráði Borgarspítalans.
Menntamálaráðherra leitar eftir þessum tilnefningum.

c) Þrír aðalmenn og þrír varamenn eru skipaðir úr hópi er tilnefna skal þannig: Fimm eru tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og fimm eru tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
Menntamálaráðherra leitar eftir þessum tilnefningum.

d) Tveir aðalmenn og tveir varamenn án tilnefningar að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Við tilnefningu til setu í Rannsóknarráði Íslands skal velja einstaklinga, sem hafa þekkingu á vísindalegum rannsóknum, yfirsýn yfir rannsóknir í landinu og eru hæfir til þess að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu. Þeir sem skipaðir eru til setu í Rannsóknarráði Íslands eru ekki fulltrúar þeirra stofnana er tilnefna þá heldur fulltrúar vísinda- og tæknisamfélagsins alls.

Við val einstaklinga til setu í Rannsóknarráði Íslands ber ráðherra að tryggja að jafnvægi sé á milli vísinda, tækni og nýsköpunar og skal þess gætt að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna skipuðu.

3. gr.

Framangreindir fundir þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í Rannsóknarráð Íslands eru lögmætir ef 2/3 boðaðra fulltrúa sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti ef atkvæði falla jöfn.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 44/1995 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 374/1994 um skipan Rannsóknarráðs Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Með vísun til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 44/1994 um breytingu á lögum nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, kemur c liður 1. gr. í þessari reglugerð til framkvæmda frá og með 5. ágúst 1997, þegar starfstími þess Rannsóknarráðs sem skipað var 1994, rennur út.

Eftirfarandi skipan skal gilda uns c liður 1. gr. í þessari reglugerð kemur að fullu til framkvæmda: Menntamálaráðherra skipar einn aðalmann og einn varamann úr hópi fjögurra einstaklinga sem Alþýðusamband Íslands tilnefnir og einn aðalmann og einn varamann úr hópi fjögurra einstaklinga sem Vinnuveitendasamband Íslands tilnefnir.

Menntamálaráðherra leitar eftir þessum tilnefningum. Skal skipun þeirra gilda uns starfstíma þess Rannsóknarráðs sem nú situr, rennur út. Frá og með þeim degi fellur niður bráðabirgðaákvæði þessarar reglugerðar.

Menntamálaráðuneytið, 29. ágúst 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUR

um fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands við viðskiptavaka.

1. Aðili að Verðbréfaþingi Íslands, sem hefur gengist undir skilgreiningu þingsins á viðskiptavaka í tilteknum flokki eða flokkum ríkisskuldabréfa eða ríkistryggðra verðbréfa, sem skráð eru á þinginu, og áformar að sinna áfram hlutverki viðskiptavaka fyrir þau bréf, á þess kost að fá fyrirgreiðslu hjá Seðlabanka Íslands í því formi að selja bankanum bréf úr þeim flokki eða flokkum með skilmálum sem lýst er nánar hér á eftir.

2. Þingaðili og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um fyrirgreiðsluna í hvert sinn þar sem fram koma m.a. eftirtalin atriði:
   a. Lýsing á bréfunum sem Seðlabankinn kaupir af þingaðilanum og þingaðilinn endurkaupir innan tiltekinn tímamarka. Í lýsingunni komi m.a. fram heiti bréfanna og samanlagt nafnverð.
   b. Kaupdagur Seðlabankans og endurkaupadagur þingaðilans. Tíminn þar á milli sé mest 45 dagar. Ekki skal kaupa verðbréf sem eru með gjalddaga á því tímabili sem samningurinn gildir.
   c. Kaupverð Seðlabankans og endurkaupaverð þingaðilans.
   Kaupverðið skal vera 5% lægra en lægsta kaupverð bréfanna á samningsdegi skv. tilboðum á Verðbréfaþingi Íslands. Endurkaupaverðið ræðst af kaupverðinu og föstum vöxtum sem skulu vera þeir sömu og gilda við endurhverf ríkisvíxlakaup Seðlabankans til 10 daga að viðbættu 0,5% álagi.
   d. Ákvæði um að Seðlabanki eigi rétt á að selja verðbréfin fyrir eigin reikning, verði ekki staðið við endurkaup þeirra á tilgreindum endurkaupadegi.
   e. Yfirlýsing þingaðila um að hann muni að jafnaði kaupa og selja umrædd bréf og að hann muni opinbera það með eins mánaðar fyrirvara ef hann hyggst hætta því.

3. Fyrirgreiðslan við hvern og einn þingaðila er háð eftirgreindu hámarki:
   a) Í hverjum mánuði skal samanlagt kaupverð Seðlabankans ekki vera meira en 200 m.kr. og þó ekki meira en sem svarar helmingi þess sem þingaðilinn hefur keypt af verðbréfum, skv. 1. gr. undangengna sex mánuði, enda komi þau kaup fram í viðskiptum tilkynntum Verðbréfaþingi Íslands.
   b) Á einu ári skal fyrirgreiðslan ekki vera meiri en svo að margfeldi fjárhæðar og tíma verði í mesta lagi 1000 þar sem með fjárhæð er átt við kaupverð skv. 2.c. í m.kr. og með tíma er átt við tímann milli kaupdags og endurkaupadags skv. 2.b. í mánuðum talið.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til 11. greinar laga nr. 36 frá 5. maí 1986 um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. september 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirgreiðslu Seðlabankans við viðskiptavaka frá 8. nóvember 1993. Reglurnar eru breytanlegar án fyrirvara.

Reykjavík, 31. ágúst 1995.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson. *Eiríkur Guðnason.* *Steingrímur Hermannsson.*

REGLUR

um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um ríkisverðbréfaeign verðbréfasjóða á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1989, um Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Eign verðbréfasjóðs í ríkisverðbréfum í lok mánaðar skal að lágmarki nema 4% af útgefnum skuldayfirlýsingum (hlutdeildarbréfum) í lok næstliðins mánaðar, hvort tveggja uppfært á gildandi gengi. Með ríkisverðbréfum er hér átt við skuldabréf og ríkisvíxla sem Ríkissjóður Íslands hefur gefið út á innlendum eða erlendum markaði, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi.

Sé verðbréfasjóður deildaskiptur skal hver deild hans fullnægja skyldu skv. 1. mgr.

2. gr.

Verðbréfasjóðir skulu senda Seðlabanka Íslands yfirlit um eign verðbréfasjóða á ríkisverðbréfum í lok mánaðar, skv. 1. gr. og stöðu útgefinna skuldayfirlýsinga í lok sama mánaðar og skulu þær upplýsingar berast Seðlabanka eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar.

3. gr.

Nú fullnægir verðbréfasjóður ekki þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. gr., og er þá bankastjórn heimilt að ákveða viðurlög í samræmi við ákvæði 70. gr. rg. nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum.

4. gr.

Nú vanrækir verðbréfasjóður að láta í té þær upplýsingar, sem Seðlabankinn á rétt á að fá, skv. reglum þessum, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum bankastjórnar á grundvelli 71. gr. rg. nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands, lagt dagsektir á hinn brotlega, uns skyldunni er fullnægt.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. september 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga spariskírteini ríkissjóðs frá 28. mars 1994.

Reykjavík, 31. ágúst 1995.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson. *Eiríkur Guðnason.* *Steingrímur Hermannsson.*

REGLUGERÐ

um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð er heimilt að greiða skv. umsókn þeim sem eru búsettir hér á landi og eiga lögheimili hér enda uppfylli þeir önnur skilyrði fyrir greiðslu þessara bóta.

2. gr.

Umsækjendum er skylt að gefa allar nauðsynlegar upplýsingar og skýringar og skila inn umbeðnum gögnum til þess að hægt sé að ákvarða bætur eða endurskoða bótarétt.

Um meðferð umsóknar og afgreiðslu gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

3. gr.

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins skipar þriggja manna samráðsnefnd sem lífeyrisdeild stofnunarinnar getur leitað álits hjá áður en úrskurðað er um umsókn um uppbætur skv. reglugerð þessari.

Heimilisuppbót.

4. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað heimilisuppbót að fjárhæð kr. 8.081 á mánuði.

Eigi einhleypingur rétt á skertri tekjutryggingu skv. lögum um almannatryggingar er heimilt að greiða honum skerta heimilisuppbót að uppfylltum öðrum skilyrðum skv. 1. mgr. Skal þá skerða heimilisuppbótina eftir sömu reglum og gilda um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna.

5. gr.

Heimilisuppbót verður ekki greidd til aðila sem svo er ástatt um sem hér segir:

1. Ef umsækjandi nýtur fjárhagslegs hagræðis, vegna sambýlis við aðra óskylda aðila, skyldmenni eða venslafólk.
2.. Ef umsækjandi hefur sameiginlega aðstöðu varðandi fæði eða húsnæði, t.d. sambýli á vegum félagasamtaka eða ríkis og bæja.
3. Ef umsækjandi leigir herbergi/húsnæði með sameiginlegri eldunaraðstöðu með öðrum.

6. gr.

Nú vistast maki elli- eða örorkulífeyrisþega til frambúðar á stofnun og er þá heimilt, skv. umsókn, að greiða makanum sem heima býr heimilisuppbót, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum til greiðslu slíkrar uppbótar skv. 4. og 5. gr.

Sérstök heimilisuppbót.

7. gr.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga til viðbótar heimilisuppbót sérstaka heimilisuppbót að fjárhæð kr. 5.559 á

mánuði enda uppfylli hann að öðru leyti öll skilyrði til greiðslu óskertrar heimilisuppbótar skv. 4. og 5. gr.

Aðrar tekjur einhleypingsins skerða sérstöku heimilisuppbótina krónu fyrir krónu uns hún fellur niður við tekjur að fjárhæð kr. 5.559.

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna, svo og annarra tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar sveitarfélaga eða annarra aðila og eignatekna.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. mikils umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. verulegs sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti.

9. gr.

Fjárhæð frekari uppbótar getur numið allt að 140% af grunnlífeyri einstaklings. Hámark uppbótar skal þó vera sem hér segir:

1. Lífeyrisþegi, sem er í hjúskap eða óvígðri sambúð: 100%;
2. Lífeyrisþegi, sem býr einn og er á eigin vegum og nýtur heimilisuppbótar: 80%;
3. Lífeyrisþegi, sem er einhleypur og nýtur umönnunar annarra en maka: 140%;
4. Lífeyrisþegi sem nýtur sérstakrar heimilisuppbótar: 40%.

10. gr.

Ákvarðanir um greiðslu frekari uppbóta skulu að jafnaði vera tímabundnar. Séu gögn ekki tiltæk Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að fara þess á leit við þann sem nýtur frekari uppbótar að hann skili gögnum til staðfestingar því að skilyrði til áframhaldandi greiðslu frekari uppbótar séu fyrir hendi.

Gildistaka o.fl.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Innan tólf mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar skal Tryggingastofnun ríkisins endurskoða allar ákvarðanir um frekari uppbætur. Við þá endurskoðun skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við veiðar íslenskra skipa norðan 70° N og austan 0° lengdar skal lágmarksstærð möskva í a.m.k. 8 öftustu metrum botn- og flotvörpu vera 155 mm. Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botn- og flotvörpu skal vera 135 mm. Ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur, með áorðnum breytingum, gilda um veiðar á þessu svæði.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 20. september 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

12. september 1995 Nr. 492

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 1.171.2, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi staðgreinireits 1.171.2, svonefnds iðnaðarmannareits, frá 12. apríl 1989 með síðari breytingu.

Breytingarnar eru: Lóð Ingólfsstrætis 7b minnkar um 18 m^2 í stað 10 m^2 og gangstéttarkvöð á lóðinni fellur niður; lóð Ingólfsstrætis 7a minnkar um 0,5 m^2, gangstéttarkvöð fellur niður syðst á lóðinni 7a og fyrirkomulag almennra bílastæða sunnan ofangreindra lóða breytist.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Laufrimi.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun vesturhluta stofnanalóðar við Laufrima breytist í íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 494 12. september 1995

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Seláshverfis, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi Seláshverfis frá 21. ágúst 1970 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að fjögurra íbúða raðhús við Melbæ 30-36 eru færð 4 m frá þegar byggðum tveimur raðhúsaíbúðanna og fara 2 m út fyrir byggingarreit.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 495 12. september 1995

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hellu, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. júlí 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi miðbæjar Hellu frá 25. apríl 1994.

Breytingin er fólgin í því að syðri hluti byggingarreits lóðarinnar Dynskáli 10c verði breikkaður þannig að byggingarreitur stækkar um 30 m^2.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

12. september 1995 Nr. 496

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 30. ágúst 1995 staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 7. september 1983, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að aðstaða fyrir pylsusölu framan við Fjarðargötu 13-15 flyst að horni Fjarðargötu og Linnetsstígs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

12. september 1995 Nr. 497

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 2. ágúst 1995 staðfest breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits frá 2. desember 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Byggingarreitur á lóðinni nr. 10 við Kirkjubraut er stækkaður að lóðamörkum og landnotkun á lóðunum nr. 8 og 10 við Kirkjubraut er breytt úr blandaðri notkun, verslun/þjónusta og opinber þjónusta, en verður nú verslun.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann, nr. 73 31. janúar 1990.

Skólanefnd sjálfseignarstofnunarinnar Samvinnuháskólinn hefur samkvæmt heimild í 10. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskránni:

I.

4. gr. orðist svo:

Í skólanefnd sitja fimm menn. Menntamálaráðherra skipar einn, Nemendasamband Samvinnuskólans og Samvinnuháskólans skipar einn, Framkvæmdaráð skipar einn og Vinnumálasambandið skipar tvo. Á sama hátt skal skipa hverjum skólanefndarmanni varamann. Tveimur árum eftir skipun hvers skólanefndarmanns fyrir sig skulu formaður skólanefndar og rektor fara fram á það við þann aðila sem í hlut á að skipað verði á ný. Umboð skólanefndarmanns stendur uns aðili hefur á ný skipað skólanefndarmann af sinni hálfu. Við skipun skólanefndarmanns skal þess gætt að meirihluti aðalmanna og varamanna sé hvorki í námi né föstum störfum við Samvinnuháskólann.

II.

6. gr. orðist svo:

Skólanefnd ræður rektor til fjögurra ára og má endurráða einu sinni án lotuskila. Rektor fer með stjórn allrar starfsemi og málefna Samvinnuháskólans í umboði skólanefndar. Rektor kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart starfsmönnum og nemendum og út á við. Hann skiptir verkum með starfsmönnum og stýrir störfum þeirra. Í samráði við Fræðslu- og rannsóknarráð og Framkvæmdaráð ábyrgist rektor, sem stýrir störfum þeirra, að öll starfsemi sé í samræmi við skipulagsskrá og reglugerð. Samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð skal Fræðslu- og rannsóknarráð ákvarða um vísindaleg málefni, fræðslu, námskröfur og rannsóknir, en Framkvæmdaráð með fulltrúum starfsmanna og nemenda ákvarða nánar um rekstur og framkvæmdir, starfsháttu og samskipti í stofnuninni. Enn fremur skal í reglugerð setja ákvæði um almenna starfsmannafundi.

Fræðslu- og rannsóknarráð skipa allir þeir sem gegna fræðslustörfum eða öðrum vísindastörfum við Samvinnuháskólann, svo og stjórnendur skólans. Atkvæðisréttt hafa fastráðnir starfsmenn. Framkvæmdaráð skipa annars vegar stjórnendur skólans og fulltrúar starfsmanna og hins vegar jafnmargir fulltrúar námsmanna. Framkvæmdaráð skal skipað og kosið árlega samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Rektor er formaður beggja ráðanna og falli atkvæði jöfn ræður atkvæði rektors. Nánari ákvæði um Fræðslu- og rannsóknarráð og um Framkvæmdaráð skal setja í reglugerð.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Samvinnuháskólann staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing um breytingu á skipulagsskránni, nr. 361 10. júní 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

REGLUR

um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 17. gr. laga nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

1. gr.

Útgefandi (skuldari) eða verðbréfafyrirtæki sem annast almennt útboð, skal tilkynna Seðlabankanum, lögfræðideild, með fyrirvara sem sé a.m.k. 4 heilir afgreiðsludagar banka, um upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins á sérstöku eyðublaði sem liggur frammi í afgreiðslu bankans. Sé almennt útboð selt í fleiri en einum áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrsta söludag í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrsta söludag í fyrsta áfanga. Seðlabankanum er heimilt að breyta dagsetningum útgefenda eða verðbréfafyrirtækja með tilliti til aðstæðna á peningamarkaði.

Seðlabankinn tilkynnir útgefanda eða verðbréfafyrirtæki, að höfðu samráði við Verðbréfaþing Íslands, um heimilaðan fyrsta söludag (í hverjum áfanga), með minnst eins dags fyrirvara hafi útboðsgögnin þá verið fullbúin.

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. október 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur frá 21. júní 1994 um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 13. september 1995.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. *Eiríkur Guðnason.* *Steingrímur Hermannsson.*

12. september 1995 Nr. 500

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 30. ágúst 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 8. desember 1982 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóð við Háholt breytist úr verslunar- og íbúðarsvæði í verslunar- og stofnanasvæði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 599/1982 um heimspekistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
Kennarar skulu kjörnir til tveggja ára.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 9. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands, sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 98/1993, 65. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. september 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1995

20. september 1995 1249 Nr. 502

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi efnisliður bætist við 2. gr.:

1905.3022 Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

21. september 1995 Nr. 503

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 458/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Vörumagn sem tilgreint er í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á rósum, einnig ágræddum (0602.4000) til 31. desember n.k., breytist þannig að í stað 5.000 kg komi ótilgr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. september 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

B 88
Gutenberg

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

I. Bann við togveiðum.

1. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Vesturlandi á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°36'00 N - 26°35'00 V	14. 63°01'40 N - 24°38'00 V
2. 65°29'00 N - 26°46'00 V	15. 63°01'00 N - 24°37'80 V
3. 64°38'00 N - 26°46'00 V	16. 62°58'70 N - 24°44'70 V
4. 64°38'00 N - 26°40'00 V	17. 63°19'00 N - 25°32'00 V
5. 64°00'50 N - 26°07'66 V	18. 63°24'00 N - 25°45'00 V
6. 64°10'00 N - 25°37'00 V	19. 63°35'00 N - 26°06'00 V
7. 63°53'00 N - 25°07'00 V	20. 63°45'00 N - 26°17'00 V
8. 63°38'00 N - 25°45'00 V	21. 63°53'00 N - 26°32'00 V
9. 63°06'50 N - 24°44'30 V	22. 64°25'00 N - 26°58'00 V
10. 63°11'70 N - 24°25'85 V	23. 64°55'00 N - 27°14'00 V
11. 63°09'00 N - 24°24'00 V	24. 65°26'00 N - 27°16'00 V
12. 63°06'00 N - 24°25'70 V	25. 65°36'00 N - 26°55'00 V
13. 63°03'00 N - 24°32'00 V	

Heimilt er þó, þrátt fyrir ofangreint bann að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á eftirgreindu svæði:

1. 65°36'00 N - 26°35'00 V	5. 65°26'00 N - 26°54'00 V
2. 65°29'00 N - 26°46'00 V	6. 65°26'00 N - 27°16'00 V
3. 64°38'00 N - 26°46'00 V	7. 65°36'00 N - 26°55'00 V
4. 64°38'00 N - 26°54'00 V	

Þá er og heimilt að stunda veiðar á eftirgreindu svæði á „Mehlsack" frá og með 15. janúar til og með 15. apríl:

1. 63°26'77 N - 25°23'25 V	4. 63°19'00 N - 25°32'00 V
2. 63°06'50 N - 24°44'30 V	5. 63°21'95 N - 25°39'65 V
3. 63°03'36 N - 24°55'51 V	

2. Á svæði á Fylkishóli, 1 sjómílu umhverfis 62°45'50 N - 25°14'50 V.

3. Á Litlabanka á svæði, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 62°53'00 N - 24°44'00 V	3. 62°43'00 N - 24°50'00 V
2. 62°50'00 N - 24°38'00 V	4. 62°45'00 N - 24°55'00 V

4. Á „Heimsmeistarahrygg" á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°18'50 N - 23°10'00 V	4. 63°10'70 N - 23°24'00 V
2. 63°15'80 N - 23°00'00 V	5. 63°11'00 N - 23°38'00 V
3. 63°15'00 N - 23°00'00 V	6. 63°15'00 N - 23°38'00 V

5. Á Tánni á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október á svæði, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°10'00 N - 22°00'00 V	4. 63°02'80 N - 22°23'50 V
2. 63°09'20 N - 21°55'50 V	5. 63°03'00 N - 22°31'00 V
3. 63°05'40 N - 22°09'00 V	6. 63°06'00 N - 22°41'00 V

7. 63°09'20 N - 22°46'00 V
8. 63°11'00 N - 22°42'00 V
9. 63°05'00 N - 22°24'00 V

6. Á Öræfagrunni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
1. 63°34'00 N - 16°46'00 V
2. 63°34'00 N - 16°20'00 V
3. 63°27'00 N - 15°55'00 V
4. 63°24'00 N - 16°10'00 V
5. 63°23'00 N - 16°37'50 V
6. 63°31'00 N - 16°45'00 V

7. Í utanverðu Lónsdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 63°43'00 N - 14°24'00 V
2. 63°47'00 N - 14°07'00 V
3. 63°51'00 N - 13°45'00 V
4. 63°48'00 N - 13°50'00 V
5. 63°46'00 N - 14°05'00 V
6. 63°41'00 N - 14°24'00 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni á ofangreindu svæði.

8. Í Lónsdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 63°55'00 N - 14°01'00 V
2. 63°53'00 N - 13°56'00 V
3. 63°50'30 N - 14°05'00 V
4. 63°53'40 N - 14°06'40 V

9. Á Fætinum á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 64°32'92 N - 12°15'51 V
2. 64°40'89 N - 12°17'51 V
3. 64°42'69 N - 12°04'45 V
4. 64°33'11 N - 12°10'98 V

10. Á Papagrunni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 64°00'00 N - 14°05'00 V
2. 64°00'00 N - 13°53'00 V
3. 63°53'00 N - 13°47'80 V
4. 63°52'50 N - 13°51'40 V

11. Í Skeiðarárdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
1. 63°31'00 N - 16°45'00 V
2. 63°21'20 N - 16°36'00 V
3. 63°19'60 N- 16°46'00 V

12. Í Breiðamerkurdýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 63°32'00 N - 15°26'00 V
2. 63°29'80 N - 15°22'50 V
3. 63°28'20 N - 15°29'50 V
4. 63°28'00 N - 15°41'00 V
5. 63°29'70 N - 15°36'50 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

13. Í Hornafjarðardýpi á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
1. 63°40'00 N - 14°48'30 V
2. 63°41'00 N - 14°43'50 V
3. 63°37'70 N - 14°38'80 V
4. 63°37'00 N - 14°47'00 V

Heimilt er þó að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 8.00 að morgni á ofangreindu svæði.

II. Bann við tog- og línuveiðum.

2. gr.

Veiðar með fiskibotn- og flotvörpu og línuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Kögurgrunni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°56'00 N - 24°00'00 V
   2. 66°56'00 N - 23°50'00 V
   3. 66°46'79 N - 23°50'00 V
   4. 66°45'22 N - 24°00'00 V

2. Norður af Horni, á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°36'40 N - 23°22'00 V
   2. 66°42'50 N - 23°42'50 V
   3. 66°57'50 N - 22°00'00 V
   4. 67°02'00 N - 22°00'00 V
   5. 67°02'94 N - 21°45'00 V
   6. 66°29'20 N - 21°45'00 V

   Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. Norðaustur af Horni á svæði, er markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°29'20 N - 21°45'00 V
   2. 67°02'95 N - 21°45'00 V
   3. 67°06'50 N - 20°48'50 V
   4. 67°04'00 N - 20°42'00 V
   5. 66°34'50 N - 21°11'72 V
   6. 66°36'43 N - 20°45'30 V
   7. 66°19'80 N - 20°45'15 V

   Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. Á Sporðagrunni á svæði er markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°34'42 N - 20°20'50 V
   2. 66°38'44 N - 20°16'67 V
   3. 66°47'37 N - 19°52'94 V
   4. 66°51'60 N - 19°21'89 V
   5. 66°38'32 N - 19°24'68 V

5. Norðan Haganesvíkur á svæði er markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°22'10 N-19°32'30 V
   2. 66°26'99 N-19°32'94 V
   3. 66°29'48 N-18°58'76 V
   4. 66°23'98 N-18°53'78 V

   Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. Fyrir Norðausturlandi á svæði sem að vestan markast af línu sem dregin er 10° réttvísandi frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er 45° réttvísandi frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 20 sjómílur utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en að sunnan af línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. Á Langanesgrunni á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°36'39 N - 13°57'27 V
   2. 66°40'53 N - 13°47'16 V
   3. 66°37'72 N - 13°37'58 V
   4. 66°31'81 N - 13°42'41 V
   5. 66°29'29 N - 13°39'41 V
   6. 66°38'28 N - 13°10'60 V
   7. 66°48'28 N - 13°28'79 V
   8. 66°48'29 N - 13°47'64 V
   9. 66°55'07 N - 14°01'34 V
   10. 66°40'00 N - 14°15'00 V

8. Á Digranesflaki á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 66°12'00 N - 13°48'00 V
   2. 66°23'00 N - 12°51'00 V
   3. 66°14'00 N - 12°40'00 V
   4. 66°03'00 N - 12°40'00 V
   5. 65°56'00 N - 13°31'00 V

9. Á Glettinganesgrunni á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 65°32'33 N - 12°26'34 V
   2. 65°26'46 N - 12°11'41 V
   3. 65°23'99 N - 12°49'52 V
   4. 65°33'64 N - 12°51'07 V

10. Á Breiðdalsgrunni á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 64°05'76 N - 13°14'40 V
   2. 64°17'65 N - 13°21'10 V
   3. 64°33'00 N - 13°23'00 V
   4. 64°33'00 N - 12°40'00 V
   5. 64°25'00 N - 12°34'00 V
   6. 64°16'00 N - 12°46'80 V
   7. 64°08'00 N - 13°02'55 V

11. Við Hrollaugseyjar á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
   1. 64°11'00 N - 15°42'50 V
   2. 63°57'70 N - 15°28'70 V
   3. 63°54'20 N - 15°46'50 V
   4. 63°54'00 N - 15°59'00 V
   5. 64°02'00 N - 16°11'20 V

   Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

III. Önnur ákvæði.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi reglugerðir: Reglugerð nr. 394, 29. september 1993, um bann við tog- og línuveiðum norður af Horni. Reglugerð nr. 487, 8. desember 1993, um bann við tog- og línuveiðum á Kögurgrunni. Reglugerð nr. 109, 9. mars 1994, um bann við togveiðum á Fætinum. Reglugerð nr. 403, 25. júlí 1994, um bann við togveiðum á Öræfagrunni. Reglugerð nr. 508, 16. september 1994, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 21. febrúar síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við eystri götukant Skuggasunds milli Lindargötu og Sölvhólsgötu verði gjaldskyld, um leið og gjaldtaka hefst á bílastæðum á lóð suðaustanvert á horni Skuggasunds og Sölvhólsgötu. Notaður verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund. Stöðumælar með takmörkun á hámarksstöðutíma verði settir við almenn stæði við nyrðri götukant Lindargötu frá húsi nr. 3 allt að Skuggasundi.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 5. september 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nr. 506 20. september 1995

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af neðangreindum olíuvörum frá og með 1. október 1995 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,70 kr. á lítra
gasolía	0,80 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,60 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

Viðskiptaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.
Jón Ögmundur Þormóðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 15. ágúst síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á lóðinni sem talin er Hafnarstræti 23 og afmarkast á þrjá vegu af Hafnarstræti, Lækjargötu og Tryggvagötu, verði gjaldskyld. Notaður verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 1, nú 60 krónur á klukkustund.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 5. september 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

20. september 1995 Nr. 508

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. auglýsingarinnar:

1. Eftirtalin tollskrárnúmer og tolltaxtar bætast við:

Tollskrárnúmer:	kr/kg
1905.3022	23
2106.9038	82

2. Tollskrárnúmerið 2106.9039 fellur brott ásamt viðeigandi tolltaxta.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem hafa verið afhentar með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1995

Nr. 509 1256 19. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. október 1993.

1. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Við lið 21.10 (3) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Tengibúnaður bifreiðar og festingar hans teljast vera fullnægjandi ef búnaðurinn er samkvæmt ákvæðum EB tilskipunar nr. 94/20.

b. Við lið 21.50 (2) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Dráttarbeisli eftirvagns og tengibúnaður telst vera fullnægjandi ef beisli og búnaður er samkvæmt ákvæðum EB tilskipunar nr. 94/20.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af lið 45r í I. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 57. hefti 1994, bls. 2-61.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 510 12. september 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Þorlákshafnar 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. september 1995 staðfest aðalskipulag Þorlákshafnar 1994-2014. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Þorlákshafnar 1984-2004, er staðfest var 31. júlí 1984.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Ölfushrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhvammsland, Lindir II og III.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 12. september 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 er staðfest var 29. apríl 1994 og tekur til Fífuhvammslands, Lindir II og III.

Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Reykjanesbraut í vestur og norður, lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í austur og fyrirhuguðum Fífuhvammsvegi í suður. Eftirfarandi atriðum er breytt:

– Fyrirhuguð tengibraut frá Fífuhvammsvegi að Stekkjarbakka í Reykjavík er færð vestar, þ.e. nær Reykjanesbraut.

– Fallið er frá hugmyndum um miðhverfi austan Reykjanesbrautar; svæðið verði fyrir blandaða landnotkun, verslun, þjónustu, stofnanir og opið svæði til sérstakra nota.

– Opið svæði milli fyrirhugaðra íbúðarsvæða er stækkað og annarsvegar auðkennt sem opið svæði og hinsvegar sem opið svæði til sérstakra nota.

– Afmörkun fyrirhugaðra íbúðarsvæða breytist.

a. Syðra íbúðarsvæðið, Lindir II, er stækkað til austurs að lögsögumörkum Kópavogs.

b. Nyrðra íbúðarsvæðið, Lindir III, er stækkað til vesturs og að norðanverðu fært fjær Reykjanesbraut.

– Sérstök lóð er fyrir hverfisverslun og leikskólalóð er færð sunnar að grunnskólalóð.

– Gert er ráð fyrir trjárækt í opna svæðinu sunnan Reykjanesbrautar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

12. september 1995 Nr. 512

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, stofnanalóð við Þrastarlund.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 12. september 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, er staðfest var 30. nóvember 1990 og tekur til stofnanalóðar við Þrastarlund.

Breytt er landnotkun þannig að íbúðarsvæði er minnkað, útivistarsvæði fært af vesturjaðri inn að miðju og gert ráð fyrir stofnanalóð á norðvesturhorni svæðisins.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akureyrar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 12. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Skrúðs og næsta nágrennis.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Skrúð og næsta nágrenni í Suður-Múlasýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru:
Eyjan öll ásamt 500 m breiðu belti umhverfis hana.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda.
2. Jarðrask er óheimilt í eynni og óheimilt er að breyta ásýnd landsins.
3. Nýting hlunninda í og við eyna svo og fiskveiðar umhverfis hana eru heimilar svo sem verið hefur.
4. Veiðar og eggjataka er óheimil en ábúanda er heimil hlunnindanýting svo sem verið hefur.
5. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við Skrúð. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á sjó nær eynni en 500 m.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og ábúanda.


Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytið, 30. ágúst 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.


SKRÚÐUR
Arfaklettur
Skrúður
Þursasker
Hellisvík
Langanöf
Hlíðar
Mörk friðlands
Stærð friðlands: 365 ha
þar af eyjar: 80 ha
N
0 200 m
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
Reyðarfjörður
Skrúður
Breiðdalsvík
0 5 km
Kostir ehf

REGLUGERÐ

um vinnslu og nýtingu vikurs.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til vinnslu og nýtingar vikurs, sem unnin er úr jarðmyndunum, á landsvæðum í eigu ríkisins og þeim landsvæðum sem ríkið hefur rétt til jarðefna á grundvelli 1. mgr. 2. gr. námulaga nr. 24/1973.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:
Frákastsefni: Efni sem leyfishafi fjarlægir ofan af námusvæði eða af öðrum ástæðum er ekki talið nýtanlegt.
Námusvæði: Svæði, eða hluti svæðis, sem leyfi til vinnslu og nýtingar vikurs tekur til.
Leyfishafi: Sá er fengið hefur leyfi til námuvinnslu á þeim landsvæðum sem um getur í 1. gr.
Vinnsluteigur: Hluti námusvæðis sem tekið er til vinnslu sem ein heild.
Vikur: Ljós líparítvikur og dökkur basaltvikur.

II. KAFLI
Ný námusvæði.

3. gr.

Áður en leyfishafi hefur vinnslu á nýju námusvæði skal hann afmarka það nákvæmlega að undangenginni könnun á efnismagni og efnisgæðum á námusvæðinu. Við kannanir skal forðast að spilla landi. Ef grafnar eru gryfjur til athugunar á efni skal moka aftur ofan í þær og slétta yfir. Forðast skal að spilla gróðri og leggja ökuslóðir að óþörfu um námusvæði.

4. gr.

Gera skal uppdrátt af fyrirhuguðu námusvæði og næsta nágrenni, þannig að fram komi helstu landslagseinkenni, mannvirki á svæðinu svo og annað er máli kann að skipta. Uppdráttur þessi skal vera hnitsettur, annað hvort í samræmi við landshnitakerfi eða staðbundið kerfi. Koma skal upp vönduðum fastmerkjum við námusvæðið, þannig að auðvelt sé að mæla inn vinnsluteiga og ástunda aðrar þær mælingar sem nauðsynlegar kunna að vera á svæðinu.

5. gr.

Námusvæðið skal vera reglulegt að lögun og ekki er heimilt að sleppa vinnslu á einstökum hlutum þess vegna staðbundinna aðstæðna eins og t.d. þykkra yfirborðslaga eða þunnra vikurlaga.

Skipta skal námusvæðinu í afmarkaða vinnsluteiga og gera áætlun um vinnsluröð þeirra og vinnslutilhögun, vegagerð og tengingu við vegakerfi, aðstöðu á staðnum, vinnslu efna svo sem hörpun, þvott og önnur atriði er máli skipta um vinnslu og nýtingu námusvæðisins. Hver vinnsluteigur skal að hámarki samsvara eins árs áætlaðri námuvinnslu leyfishafa. Allar staðsetningar skal sýna á uppdrætti.

Vinnsluteigar og námusvæði skulu vera skilgreind og afmörkuð með hnitum.

6. gr.

Leyfishafi skal framkvæma allar ofangreindar aðgerðir og allur kostnaður vegna þeirra borinn af honum. Áður en til námuvinnslu kemur skal leyfishafi leggja fram vinnsluáætlanir sínar og afla samþykktar af iðnaðarráðherra.

III. KAFLI
Reglubundin vinnsla.

7. gr.

Vinna skal hvern vinnsluteig skipulega og samfellt og fullvinna skal hvern vinnsluteig áður en vinnsla er hafin í þeim næsta.

Vinna skal öll vikurlög sem eru 0,3 m eða meira að þykkt, einnig þau vikurlög sem eru á milli ónothæfra jarðlaga eins og fokmoldar og foksands.

Þegar um er að ræða basaltvikur í lögum sem eru 0,3 m eða meira að þykkt skal leyfishafi gera hið ýtrasta til að halda honum aðskildum frá öðrum frákastsefnum og haugsetja sér og ganga þannig frá að unnt sé að nýta hann síðar.

Sé, að mati iðnaðarráðherra, einsýnt að basaltvikur í yfirborðslögum verði til einskis nýtur er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. og 3. mgr. þessarar gr. og skal þá heimilað að fjarlægja ónýtanleg yfirborðslög í einu lagi.

Staðsetning hauga skal ákveðin í samráði við iðnaðarráðherra. Lögun og hæð hauga skal vera þannig að þeir falli sem best að landslagi eftir að vinnslu er lokið í viðkomandi vinnsluteig.

8. gr.

Botn í vinnsluteig skal vinna með gröfu þannig að hvergi verði þar eftir þykkara lag af vikri en 0,3 m. Þar sem botn er mjög mishæðóttur og lengd á milli hæða undirliggjandi jarðlags er minna en 3 m er, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, heimilt að víkja frá þessu, enda séu fullnægjandi vinnslutæknileg rök fyrir slíku.

Þegar lokið er vinnslu í tilteknum vinnsluteig skal með úttekt kanna botn hans, að því marki sem iðnaðarráðherra ákveður. Leyfishafi skal leggja til verksins gröfu af hæfilegri stærð og stjórnanda hennar iðnaðarráðherra að kostnaðarlausu. Komi í ljós við úttekt að þykkt vikurs sé meiri en kveðið er á um í 1. mgr. þessarar gr. skal botninn endurunninn þar til viðmiðunarmörkum er náð, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að leggja frákastsefni eða basaltvikur í botn fyrr en samþykkt til þess hefur fengist að undangenginni úttekt á botni.

Leyfishafi skal boða til úttektar á botni vinnslureits strax að vinnslu lokinni og ekki síðar en þrem mánuðum eftir að vinnslu þar lauk. Tilkynning um úttekt skal send iðnaðarráðherra a.m.k. fjórum vikum fyrir úttektardag. Gera skal skriflegar úttektargerðir.

Vanræki leyfishafi að kalla til botnúttektar eða lokaúttektar, sbr. 12. gr. getur iðnaðarráðherra látið viðkomandi úttekt fara fram og flytja á staðinn nauðsynleg tæki til þess að kanna námubotn á kostnað leyfishafa.

9. gr.

Leyfishafi skal reglulega kanna magn vikurs í frákastshaugum með sýnatöku og viðeigandi rannsóknum. Sýni skal ekki taka nær yfirborði en 0,5 m. Leyfishafi skal bera

kostnað vegna töku og rannsókna á sex sýnum á ári, en iðnaðarráðherra skal bera kostnað við frekari sýnatöku og rannsóknir, enda séu þær gerðar að kröfu hans.

Sýni vinnslureynsla, að í frákasti sé meira en 20% af vikri miðað við þyngd þess hluta efnisins sem er grófara en 2 mm, skal endurvinna hauga, eða breyta vinnsluaðferðum þar til úrkast inniheldur minna en 15% af vikri miðað við þyngd sama hluta. Þetta ákvæði gildir ekki ef heildarmagn frákasts er minna en 10% af heildarútgreftri í viðkomandi vinnsluteig.

IV. KAFLI
Endurvinnsla á námum.

10. gr.

Leyfishafi skal fela sérfróðum, óháðum aðila að gera úttekt á þeim námusvæðum, sem leyfi hans tekur til og unnin hafa verið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar. Tilgangur úttektar þessarar er að staðreyna hvort nýta megi frekar efnisnámu eða frákastsefni. Niðurstöður úttektarinnar skulu vera í skriflegu formi og skal leyfishafi afhenda iðnaðarráðherra úttektina fyrir árslok 1995.

Telji iðnaðarráðherra, á grundvelli úttektar frá leyfishafa eða samkvæmt öðrum athugnum sem hann lætur gera, að nýta megi námusvæði eða frákastsefni betur skal hann beina þeim fyrirmælum til leyfishafa að endurvinna viðkomandi svæði.

Um endurvinnslu námusvæða skulu gilda sömu reglur og um reglubundna vinnslu, sbr. III. kafla reglugerðar þessarar.

Endurvinnsla námusvæða, sem tekin voru til vinnslu fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal lokið fyrir árslok 1996. Áætlanir leyfishafa um endurvinnslu námusvæða skv. grein þessari skulu lagðar fyrir iðnaðarráðherra til samþykktar.

Leyfishafi skal bera kostnað við sýnatöku og rannsóknir til að ganga úr skugga um að ákvæðum þessum sé fullnægt.

V. KAFLI
Frágangur vinnsluteiga og námusvæða.

11. gr.

Vinnsluteigar og námusvæði skulu þannig frá gengin að mönnum og dýrum stafi ekki hætta af þeim.

Nota skal frákastsefni til þess að fylla upp í gjótur og dældir sem myndast við vikurnámið. Ef kostur er skal sjá til þess að vatn standi ekki uppi í námum heldur hafi eðlilega framrás.

Jafna skal allt laust efni í vinnsluteigum og á námasvæðum og miða við það að efnisrastir verði ekki hærri en 0,1 m. Slóðdraga skal svæði sem blasa við frá alfaraleið. Hauga af vikri sem leyfishafi hefur ekki nýtt skal snyrta og jafna yfirborð þeirra. Fláar skulu ekki vera brattari en 1 lóðrétt á móti 4 lárétt.

Ef gróðurlendi hefur verið spillt skal leyfishafi bæta úr því með því að sá í minnst jafnstórt svæði skv. leiðbeiningum iðnaðarráðherra. Til viðmiðunar skal að því stefnt að hið nýja gróðursvæði sé til frambúðar að gæðum jafngilt því sem spillt var.

Fjarlægja skal öll mannvirki, tæki og annan búnað. Jafna skal út alla vegi og fjarlægja ræsisrör. Þó getur iðnaðarráðherra ákveðið að tilteknir vegir standi óhreyfðir.

Þegar leyfishafi hefur lokið vinnslu og frágangi á tilteknu námasvæði eða vinnsluteig skal hann senda skriflega tilkynningu þess efnis til iðnaðarráðherra. Telji iðnaðarráðherra að

frágangi svæðis sé að einhverju leyti ábótavant skal hann beina fyrirmælum til leyfishafa þar sem tilgreint skal skýrlega hverra úrbóta sé þörf og hvenær þeim skuli lokið.

12. gr.

Þegar vinnslu er lokið og frágangi á námusvæði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar skal leyfishafi boða til lokaúttektar á frágangi svæðisins. Tilkynning um úttekt skal send iðnaðarráðherra a.m.k. fjórum vikum fyrir úttektardag.

Lokaúttekt námusvæðis skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir að vinnslu í teignum eða á svæðinu lauk. Gera skal skriflegar úttektargerðir.

Sé frágangi, að mati iðnaðarráðherra, áfátt skal leyfishafi bæta úr því án ástæðulausra tafa og boða aftur til lokaúttektar.

Að lokinni lokaúttekt skal leyfishafi skila iðnaðarráðherra uppdrætti af námusvæðinu sem sýni unnið svæði og helstu efnishauga sem skildir hafa verið eftir til síðari nota.

VI. KAFLI
Upplýsingaskylda o.fl.

13. gr.

Leyfishafi skal mánaðarlega senda iðnaðarráðherra skriflegar yfirlýsingar um heildarmagna grafins efnis úr hverjum vinnsluteig og skiptingu þess eftir jarðmyndunum. Í yfirlýsingu skal einnig getið um magn fjarlægðs efnis, hvort heldur það er til nota innanlands eða til útflutnings. Gera skal grein fyrir, hvert efnið er flutt og til hvaða nota það er ætlað.

14. gr.

Iðnaðarráðherra getur afturkallað leyfi ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum námulaga og reglugerðar þessarar.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi samkvæmt 15. gr. námulaga nr. 24/1973.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í námulögum nr. 24/1973 til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 15. september 1995.

Finnur Ingólfsson.

Sveinn Þorgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 372/1995, um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum.

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer og tolltaxtar bætast við 1. gr. auglýsingarinnar:

Tollskrárnúmer:	kr/kg
1517.1001	90
1517.9002	90
1901.2012	25
1901.2013	20
1901.2014	35
1901.2015	12
1901.2016	15
1901.2017	47
1901.2018	6
1901.2019	5
1901.2022	40
1901.2023	99
1901.2024	67
1901.2029	52
1902.1100	13
1902.2022	52
1902.2031	45
1902.2042	52
1902.3021	52
1902.3031	45
1902.3041	52
1902.4021	52
2104.1001	4
2104.1003	32
2104.1011	99
2104.1012	52
2104.1019	24
2104.1021	99
2104.1022	52
2104.1029	24
2106.9031	82
2106.9039	82
2106.9054	52

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 18. september 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1995

28. september 1995 1265 Nr. 516

REGLUGERÐ

fyrir talnagetraunina Kínó.

1. gr.

Leyfishafi.

1.1 Leyfishafi er Íslensk getspá sem starfar skv. 1. gr. laga um talnagetraunir nr. 26/1986.

2. gr.

Tegund talnagetraunar.

2.1 Íslensk getspá starfrækir talnagetraun undir heitinu Kínó. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

3. gr.

Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

3.1 Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetrauninni. Á hverju leikspjaldi eru reitir sem hér segir:

3.1.1 Fimm reitir til að merkja við hve margar krónur þátttakandi greiðir fyrir leikinn, kr. 50,-, kr. 100,-, kr. 150,-, kr. 200,- eða kr. 250,-. Aðeins ein upphæðanna gildir.

3.1.2 Reitir 1, 2, 3, 4, 5, 6 þar sem þátttakandi merkir við hve margar tölur hann velur.

3.1.3 Reitir með tölunum 1-30. Einnig er reitur merktur sjálfval sem merkja skal við ef sölukassinn á að velja töluna eða tölurnar, annars merkir þátttakandi í reitina 1-30, allt eftir því hve margar tölur hann vill nota eða 1-6 tölur, sbr. 3. gr. tl.1.2.

3.1.4 Reitir fyrir fjölda útdrátta, 2, 4, 6, 10, 12 eða 18. Í þessa reiti merkir þátttakandi við þann fjölda útdrátta sem hann óskar að taka þátt í. Ef ekki er merkt við fjölda útdrátta þá gildir aðeins næsti útdráttur.

Á sölustöðum skulu liggja frammi leiðbeiningar um þátttöku í talnagetrauninni. Þar skal og vera hvatning til þátttakanda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

B 89
Gutenberg

Endurprentað blað.

3.2 Leikur í talnagetrauninni fer að jafnaði fram sex sinnum í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár.

3.3 Leikurinn felst í því að þátttakandi merkir með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í reiti leikspjalds sem lýst er í 3. gr. tl. 3.1. Geri þátttakandi villu skal hann fá sér nýtt leikspjald.

3.4 Að loknu vali á tölum skv. 3. gr. tl. 3.3 er leikspjaldið afhent söluaðila, sem rennir því í sölukassa sem tengdur er tölvukerfi Íslenskrar getspár. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á tölum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra talna í tölvukerfi Íslenskrar getspár. Þá getur þátttakandi óskað eftir því að tölur hans verði valdar af handahófi í sölukassa.

3.5 Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt viðkomandi leikspjaldi gegn greiðslu. Á kvittun skal koma fram hvaða tala eða tölur voru valdar. Þá skal koma fram heildartala þeirrar fjárhæðar, sem greidd hefur verið, dagsetning útdráttar eða gildistími, ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer, sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.

Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og merkja á leikspjaldi, eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans, hafi hann gefið tölur sínar upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini útdráttardag (a) eða gildistíma sem þátttaka er bundin við.

3.6 Leikspjald fyrir Kínó gildir aldrei sem kvittun, en þátttakandi getur notað það aftur eða látið það gilda í 2, 4, 6, 10, 12 eða 18 útdráttum að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttu talnavali, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda útdrátta.

3.7 Þátttaka í talnagetrauninni fer fram í samræmi við það er þátttökukvittun greinir. Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar, er hann gaf, skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þær tölur, er kvittunin greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar. Íslensk getspá ber ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 3. gr. tl. 3.8. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.

3.8 Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til söluaðila, enda sé það gert samdægurs og sala fór fram og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar í tölvukerfi Íslenskrar getspár, áður en útdráttur fer fram. Sé þátttökukvittun ógild, á greiðandi rétt á endurgreiðslu á sömu fjárhæð og hann greiddi.

3.9 Þátttakandi ákveður hvaða upphæð hann greiðir fyrir leikinn, lágmarksupphæð er kr. 50,- og hámarksupphæð er kr. 250, sbr. 3. gr. tl. 3.1.1. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár, en sölukerfið er að jafnaði opið frá kl. 9:00 til 23:30 alla daga nema sunnudaga, en þá er lokað.

3.10 Öll vinnsla í tölvukerfi Íslenskrar getspár hvað varðar Kínó skal falla niður frá því 15 mínútum áður en útdráttur á að fara fram þar til útdrætti er lokið og vinningstölur hafa verið birtar í sjónvarpi.

4. gr.

Útdráttur vinningstalna.

4.1 Útdráttur 7 vinningstalna í Kínó fer fram á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum, föstudögum og laugardögum, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár.

Útdráttur vinningstalna í Kínói skal fara fram með eftirfarandi hætti:

4.1.1 Útdrátturinn fer fram í tölvu samkvæmt útdráttarforriti sem skal gert samkvæmt viðurkenndum aðferðum og sannprófað af sérfræðingum sem dómsmálaráðuneytið tilnefnir.

Forritið skal geymt á CD diski sem einungis skal nota í þessum tilgangi og hann skal geyma með öruggum hætti undir innsigli milli útdrátta.

Starfsmaður Íslenskrar getspár, undir eftirliti eftirlitsmanns frá endurskoðunarskrifstofu, sbr. 9. gr. tl. 9.3, skal ræsa forritið og framkvæma með því útdrátt.

4.1.2 Þegar útdráttur í tölvunni hefur farið fram birtast tölurnar á skjá tölvunnar ásamt dagsetningu og tímasetningu og sömu upplýsingar prentast út á tvo prentara.

Útdráttur telst gildur þegar framangreind skilyrði eru uppfyllt.

4.1.3 Eftirlitsmaður frá endurskoðunarskrifstofu, sbr. 9. gr. tl. 9.3, skal yfirfara og staðfesta að útdráttur hafi farið fram með réttum hætti, að vinningstölum á skjá og prentara beri saman, að réttar vinningstölur hafi birst í sjónvarpsútsendingu og að réttar vinningstölur hafi verið skráðar í sölukerfi Íslenskrar getspár. Niðurstöður af þessum athugunum skulu færðar í sérstaka bók.

4.1.4 Ef útdráttur fer ekki fram með þeim hætti sem lýst er í 4. gr. tl. 4.1.1 skal dregið úr þar til gerðum stokki sem prófaður er af löggildingarstofu og samþykktur af eftirlitsmanni. Í stokknum skulu vera 30 númeraðar kúlur með tölunum 1-30 að báðum meðtöldum og skal velja sjö kúlur.

5. gr.

Vinningar.

5.1 Þeir sem hafa þátttökukvittun með tölum þeim, sem valdar hafa verið, annað hvort allar eða hluta þeirra í sama leik (dálki), fá vinning í samræmi við ákvæði 5. gr. tl. 5.3.

5.2 Þátttakendur hljóta eingöngu vinning í samræmi við hæsta fjölda á hverju leikspjaldi, þ.e. sá sem hlýtur vinning fyrir 6 réttar tölur fær ekki einnig vinning fyrir 5 réttar tölur o.s.frv.

5.3 Vinningsfjárhæðin ræðst af fjölda réttra talna samkvæmt útdrætti og þeirri fjárhæð sem greidd er fyrir þátttöku samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjöldi talna sem þátttakandi velur (frá einni upp í sex)	Réttar tölur þátttakanda samkvæmt útdrætti	Vinningsfjárhæðir á leik
6	6	10.000 sinnum spilafjárhæð
	5	100 sinnum spilafjárhæð
	4	2 sinnum spilafjárhæð
	0	Röðin endurgreidd
5	5	1.000 sinnum spilafjárhæð
	4	20 sinnum spilafjárhæð
	3	2 sinnum spilafjárhæð
4	4	90 sinnum spilafjárhæð
	3	3 sinnum spilafjárhæð
3	3	20 sinnum spilafjárhæð
	2	2 sinnum spilafjárhæð
2	2	8 sinnum spilafjárhæð
1	1	1,7 sinnum spilafjárhæð

6. gr.

Greiðsla vinninga.

6.1 Þátttökukvittunum með vinningstölum ber að framvísa til söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun er litið á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en eitt verið skráð á bakhlið þátttökukvittunar, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

6.2 Vinningar, sem ekki nema kr. 15.000,-, skulu greiddir hjá söluaðila frá fyrsta virkum degi eftir útdrátt.

Vinningar, sem nema kr. 15.000,- eða meira, skulu greiddir frá aðalskrifstofu Íslenskrar getspár innan tveggja vikna frá því þátttökukvittun er framvísað til söluaðila eða aðalskrifstofu. Heimilt er að draga greiðslu vinninga, sem nema kr. 50.000,- eða meira, til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 8. gr. tl. 8.1 er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar, hafi kæra borist. Þegar um vinning að fjárhæð kr. 15.000,- eða meira er að ræða skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði, sem söluaðili lætur honum í té, til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu greiðslu vinningsins um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.

6.3 Vinninga skal vitja innan eins árs frá útdráttardegi ella fellur niður réttur vinningshafa til hans.

7. gr.

Form þátttökukvittunar.

7.1 Þátttökukvittun er því aðeins gild, að notað sé þar til gert eyðublað, sem gefið er út af Íslenskri getspá, og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa tengdum tölvukerfi þess. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir tölvukerfi félagsins, eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

8. gr.

Kærur.

8.1 Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd þessara talnagetrauna, skal viðkomandi þátttakandi senda skriflega kæru, sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskrar getspár fyrir kl. 17 á tuttugasta og fyrsta degi frá og með útdráttardegi að telja. Úrskurðaraðili skipaður af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt 9. gr. tl. 9.2 skal úrskurða um kæruna innan 15 daga frá því að kærufrestur rann út.

9. gr.

Eftirlit.

9.1 Dómsmálaráðuneytið hefur eftirlit með allri framkvæmd talnagetrauna Íslenskrar getspár.

9.2 Til að úrskurða kærur samkvæmt 8. gr. skipar ráðuneytið til þriggja ára í senn mann sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari og einn varamann sem fullnægir sömu skilyrðum.

9.3 Eftirlit með tölvukerfi Íslenskrar getspár og útdrætti sbr. 4 gr. skal vera í höndum endurskoðunarskrifstofu sem ráðuneytið tilnefnir.

9.4 Kostnað við almennt eftirlit með getraunastarfseminni, eftirlit með útdrætti vinninga og meðferð kæra greiðist af Íslenskri getspá samkvæmt úrskurði dómsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

2. október 1995 Nr. 517

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossakjöti á verðlagsárinu 1995-1996.

1. gr.

Innheimta skal 2% verðskerðingargjald af öllu hrossakjöti. Skal gjaldið dregið af verði til framleiðenda eins og það er ákveðið af Verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd).

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun hrossa og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjaldið samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta það gjald sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjaldið greiðist af afurðastöðvum. Gjalddagi skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtu verðskerðingargjaldi sérgreindu og skal gjaldinu varið til markaðsaðgerða fyrir hrossakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. nóvember 1995 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1996. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. október 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti á verðlagsárinu 1995-1996.

1. gr.

Til að leiðrétta birgðastöðu kindakjöts 1. september 1995, skal mánuðina september, október og nóvember 1995 og ágúst 1996 innheimta verðskerðingargjöld af öllu kindakjöti sem til fellur í sláturhúsum innan efri marka greiðslumarks, þó ekki af heimteknu kjöti innan heimtökugreiðslumarks eða heildarheimtökuréttar, sbr. 1. gr. rg. nr. 481/1995.

a) Innheimta skal 5% af verði kindakjöts til framleiðanda, eins og það er skráð í verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða.

b) Innheimta skal verðskerðingargjald af afurðarstöðvum, sem nemur 3% af slátur- og heildsölukostnaði kindakjöts, eins og hann er ákveðinn af fimmmannanefnd.

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði skil á skýrslum um alla slátrun sauðfjár og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar verðskerðingargjöldin samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta þau gjöld sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjöldin greiðast af afurðastöðvum. Gjalddagi verðskerðingargjalds samkvæmt a-lið 1. gr. skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar, fyrst 25. nóvember 1995 vegna framleiðslu í september og október. Verðskerðingargjald skv. b-lið 1. gr. greiðist með þremur jöfnum greiðslum, 25. nóvember, 25. febrúar og 25. maí 1996. Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtum verðskerðingargjöldum sérgreindum og skal gjöldunum varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. desember 1995 gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á gildistíma reglugerðarinnar og ráðstöfun þess. Jafnframt skal Framleiðsluráð endurskoða álagningarþörf verðskerðingargjalds og skal því lokið fyrir 1. ágúst 1996. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 2. október 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 519 20. september 1995

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásgarð 2-40, Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. september 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á deiliskipulagi fyrir Ásgarð 2-40 sem staðfest var 27. febrúar 1992.

Breytingin er fólgin í því að verslunarhúsnæði að Ásgarði 22 er breytt í íbúðarhúsnæði, íbúðum að Ásgarði 22, 24 og 24A er fjölgað og fyrirkomulagi bílastæða fyrir Ásgarð 18-24A er breytt.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1995

Nr. 520 1273 25. september 1995

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 hafa gjöld vegna námskeiðs sem haldið verður á seinni árshelmingi 1995 verið ákveðin þessi:

Kennslugjald f. II. námskeiðshluta (innritunar- og prófgjald innifalið)	kr. 95.000
Prófgjald II. námskeiðshluta (fyrir þá sem hvorki fá námsgögn né sitja námskeið)	kr. 20.000

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Sigrún Jóhannesdóttir.

Nr. 521 26. september 1995

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa nr. 311/1986.

1. gr.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein sem verður 1. gr. a. svohljóðandi:

Til þess að læknir geti átt rétt á að öðlast almennt heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaleyfi) skal hann hafa lokið viðbótarnámi sem greinir í 2. mgr.

Læknir skal að afloknu kandidatsári skv. 1. gr. hafa unnið a.m.k. 12 mánuði sem læknir á viðurkenndri heilbrigðisstofnun. Þar af skal hann hafa unnið a.m.k. sex mánuði undir handleiðslu heimilislæknis eða á H2 heilsugæslustöð. Nýta má starfstíma á H2 heilsugæslustöð á kandidatsári til þess að uppfylla kröfu um sex mánaða starfstíma á heilsugæslustöð. Heildarstarfstími að afloknu kandidatsári skal þó aldrei vera skemmri en 12 mánuðir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. læknalaga nr. 53/1988, með síðari breytingum, sbr. tilskipun 93/16/EBE öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

Gutenberg

REGLUR

um merkingar efnis í skófatnaði.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja skófatnað til neytenda og kveða á um skyldu til að merkja efni í aðalhlutum skófatnaðar.

Skrá, sem ekki er tæmandi, yfir vörurnar sem reglurnar gilda um er að finna í viðauka I.

Reglur þessar gilda ekki um:

- notaðan skófatnað,
- hlífðarskófatnað sem tilskipun 89/686/EBE[1] tekur til,
- skófatnað sem tilskipun 76/769/EBE[2] tekur til,
- leikfangaskófatnað

Orðskýringar.

2. gr.

Skófatnaður merkir í reglum þessum allar vörur með sólum sem ætlað er að verja eða þekja fætur, þar með taldir þeir hlutar sem eru markaðssettir sér eins og um getur í viðauka II. Skilgreining á einstökum hlutum skófatnaðar er að finna í viðauka II.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Merkingar.

3. gr.

Einungis er heimilt að markaðssetja skófatnað ef upplýsingum um samsetningu hans er komið á framfæri með merkingum á þann hátt sem tilgreint er í 4.–9. gr. í reglum þessum.

4. gr.

Samsetning skófatnaðar skal annað hvort tilgreind með hjálp skýringarmynda eða skýringartexta um tiltekin efni eins og mælt er fyrir um í viðauka III.

Merkingarnar skulu veita upplýsingar um hina þrjá hluta skófatnaðar sbr. skilgreiningu í viðauka II.

5. gr.

Ef um efri hluta skófatnaðar er að ræða skal flokkun efnisins ákvörðuð með hliðsjón af ákvæðum í 6. gr. og í viðauka III án þess að tekið sé tillit til aukahluta eða styrkinga, svo sem ökklavarna, bryddinga, skreytinga, sylgna, leppa og lykkna fyrir bönd auk snúra og þess háttar.

Ef um slitsóla er að ræða skal flokkunin ákvörðuð með hliðsjón af magni efnisins sem í honum er, í samræmi við 6. gr.

---

[1] EES-gerðir, sérrit nr. 24, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

[2] EES-gerðir, sérrit nr. 18, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

6. gr.

Merkingar skulu veita upplýsingar um efnið sem er, í samræmi við viðauka III, minnst 80% af yfirborði efri hluta og fóðurs og bindsóla skófatnaðarins og að minnsta kosti 80% af efnismagni slitsóla. Ef ekkert eitt efni er að minnsta kosti 80% ætti að veita upplýsingar um að minnsta kosti tvö af aðalefnunum sem skófatnaðurinn er samsettur úr.

7. gr.

Upplýsingarnar skulu tilgreindar á skófatnaðinum með skýringarmynd eða skýringartexta sbr. viðauka II og III.

8. gr.

Upplýsingarnar skulu að minnsta kosti tilgreindar á öðrum skó hvers pars. Þetta er hægt að gera með því að prenta upplýsingarnar, líma þær eða greypa á skóinn eða nota áfastan merkimiða.

9. gr.

Merkingar skulu vera læsilegar, tryggilega festar og aðgengilegar og skýringarmyndirnar skulu vera nógu stórar til að auðvelt sé að skilja upplýsingarnar sem þær hafa að geyma. Merkingar mega ekki vera villandi fyrir neytendur.

10. gr.

Ef þörf krefur er heimilt að bæta við áföstum upplýsingum í textaformi til viðbótar upplýsingunum sem er krafist samkvæmt reglum þessum.

Viðurlög.

11. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum skv. 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Gildistaka.

12. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 skulu koma til framkvæmda 23. september 1996. Selja má vörubirgðir til 23. september 1997 ef þær hafa verið afhentar smásölukaupmanni ásamt reikningi fyrir 23. september 1996.

Með reglunum er Ísland að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).*

*Reglunar taka mið af tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar nr. 94/11/EB.

Samkeppnisstofnun, 21. september 1995.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

Viðauki I

Dæmi um skófatnað sem fjallað er um í þessum reglum.

„Skófatnaður“ getur verið allt frá sandölum með efri hluta sem einungis er lausar reimar eða bönd til klofstígvéla þar sem efri hlutinn hylur fótlegg og læri. Til skófatnaðar telst því eftirfarandi:

i) flatbotna eða hælaháir skór til nota utan- eða innandyra;
ii) ökklastígvél, kálfstígvél, hnéstígvél og klofstígvél;
iii) ýmsar tegundir af sandölum, espadrillur (skór með efri hluta úr lérefti og kaðalsóla), tennisskór, hlaupaskór og aðrir íþróttaskór, baðsandalar og aðrar tegundir af óformlegum skófatnaði;
iv) sérstakur skófatnaður til íþróttaiðkana sem hefur eða hægt er að festa á brodda, gadda, hök, klemmur, þverbönd og þess háttar og skautaskór, skíðaskór og gönguskíðaskór, glímuskór, hnefaleikaskór og reiðhjólaskór. Einnig skófatnaður með áföstum skautum eða hjólaskautum;
v) ballettskór;
vi) skófatnaður sem er framleiddur úr einum hluta, t.d. með því að móta gúmmí eða plast, nema einnotaskór sem eru framleiddir úr léttum efnum (pappír, plastfilmu o.s.frv., án sóla);
vii) skóhlífar sem eru notaðar utan yfir annan skófatnað sem í sumum tilvikum er án hæla;
viii) einnotaskófatnaður með sóla, venjulega ætlaður til að nota aðeins einu sinni;
ix) sérsmíðaður skófatnaður.

Viðauki II


Skilgreining á þeim hlutum skófatnaðar sem merkingarnar taka til.



	Skýringarmynd	Skýringartexti
a) Efri hluti Þetta er ytra byrði þess hluta sem er festur við slitsólann.		IS Efri hluti F Tige D Obermaterial IT Tomaia NL Bovendeel EN Upper DK Overdel GR ΕΠΑΝΩ ΜΕΡΟΣ ES Empeine P Parte superior FI Päällinen N Overdel S Ovandel
b) Fóður og bindsóli Þetta er fóður efri hlutans og innsólans sem myndar innra byrði skófatnaðarins.		IS Fóður og bindsóli F Doublure et semelle de propreté D Futter und Decksohle IT Fodera e Sottopiede NL Voering en inlegzool EN Lining and sock DK Foring og bindsål GR ΦΟΔΠΕΣ ES Forro y plantilla P Forro e Palmilha FI Vuori ja sisäpohja N For og bindsåle S Foder och bindsula
c) Slitsóli Þetta er neðsti hluti skófatnaðarins sem er festur við efri hlutann og er slitið.		IS Slitsóli F Semelle extérieure D Laufsohle IT Suola esterna NL Buitenzool EN Outer sole DK Ydersål GR ΣΟΛΑ ES Suela P Sola FI Ulkopohja N Yttersåle S Slitsula

Viðauki III

Skilgreining á efnum ásamt samsvarandi skýringarmyndum.

Skýringarmyndir efna ættu að vera á merkimiða nálægt skýringarmyndum þeirra þriggja hluta skófatnaðar sem eru tilgreindir í viðauka II.

Leður	Skýringarmynd	Skýringartexti
Almennt heiti fyrir húð eða skinn af dýrum þar sem upprunalegar trefjar hafa varðveist að mestu ósnertar og sem hefur verið sútað til að verja það rotnun. Í sumum tilvikum eru hár og ull fjarlægð en í öðrum ekki. Leður er einnig unnið úr húð eða skinni sem er klofið í lög eða hlutað niður annað hvort fyrir eða eftir sútun. Ef sútaðri húð eða sútuðu skinni er sundrað á vélrænan og/eða efnafræðilegan hátt í trefjaeiningar, litla hluta eða duft sem síðan er mótað, með eða án bindiefna, í húðir eða annað form telst það ekki vera leður. Ef yfirborð leðurs er húðað, hvernig sem það er gert, eða aukalag límt á yfirborð leðursins má slíkt yfirborðslag ekki vera þykkara en 0,15 mm. Þessi skilgreining á þannig við um allt leður, með fyrirvara um aðrar lagalegar skuldbindingar, t.d. Washington-samþykktina. Ef notað er heitið „hárhamur“ í valfrjálsum viðbótarupplýsingum sem um getur í 10. gr. á það við um leður með upprunalegan hárham sem stendur eftir þegar húðþekjan hefur verið fjarlægð en án þess að einhver hluti yfirborðsins hafi verið fjarlægður með því að fægja það, slípa eða kljúfa.		IS Leður F Cuir D Leder IT Cuoio NL Leder EN Leather DK Læder GR ΔΕΡΜΑ ES Cuero P Couros e peles curtidas FI Nahka N Lær S Läder

	Skýringarmynd	Skýringartexti
Húðað leður Vara þar sem þykkt leðurhúðarinnar eða aukalagsins sem er límt á yfirborð leðursins er ekki meira en þriðjungur af samanlagðri þykkt vörunnar, en meira en 0,15 mm.		IS Húðað leður F Cuir enduit D Beschichtetes Leder IT Cuoio rivestito NL Gecoat leder EN Coated leather DK Overtrukket læder GR ΕΠΕΝΔΕΔΨΜΕΝΟ ΔΕΠΜΑ ES Cuero untado P Couro revestido FI Pinnoitettu nahka N Belagt lær S Överdraget läder
Náttúruleg textílefni og gervitextílefni, ofin eða óofin Með „textílum“ er átt við allar vörur sem fjallað er um í tilskipun 71/307/EBE og breytingum á henni.		IS Textílefni F Textile D Textil IT Tessili NL Textiel EN Textile DK Tekstilmaterialer GR ΨΦΑΣΜΑ ES Textil P Téxteis FI Tekstiilit N Tekstilmaterialer S Textilmaterial
Öll önnur efni		IS Öll önnur efni F Autres matériaux D Sonstiges Material IT Altre materie NL Overige materialen EN Other materials DK Andre materialer GR ΑΛΛΑ ΨΛΙΚΑ ES Otros materiales P Outros materiais FI Muut materiaalit N Andre materialer S Övriga material

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Jóhanns Péturs Sveinssonar.

1. gr.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar er stofnaður að frumkvæði ekkju hans, Jóninnu Hörpu Ingólfsdóttur og Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

A. Sjóðurinn getur styrkt hreyfihamlaða einstaklinga til náms með ýmsu móti s.s. með framlögum í reiðufé, með tækjakaupum, ferðastyrkjum o.s.frv.

B. Sjóðurinn getur styrkt einstök málefni varðandi aðgengi t.d. með framlögum í reiðufé, með tækjakaupum, með því að láta framkvæma einstök verkefni, með efniskaupum o.s.frv.

Við úthlutanir úr sjóðnum skal stjórnin forðast að fara inn á svið m.a. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Framkvæmdasjóðs fatlaðra og annarra opinberra aðila.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru gjafir til minningar um Jóhann Pétur samtals í dag að fjárhæð kr. 1.640.280.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir til minningar um Jóhann Pétur Sveinsson og önnur framlög.

Stjórn sjóðsins er einnig heimilt að standa að tekjuöflun í nafni sjóðsins og er í því sambandi heimilt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna tekjuöflunar, þ.m.t. auglýsingar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má ekki skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins sbr. 2. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn og fimm til vara. Ekkja Jóhanns Péturs og erfingjar skulu tilnefna þrjá menn til 2ja ára í senn en tveir skulu kosnir af sambandsstjórn Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, fyrst 1995 og síðan á þingi Sjálfsbjargar á 2ja ára fresti, fyrst 1996. Varamenn skulu tilnefndir og kosnir á sama hátt.

Stjórnin skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi. Skrá skal í fundargerðarbók það helsta sem gerist á fundum stjórnar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og hefur æðsta vald í málefnum hans. Heimilt er stjórninni að fela verðbréfasjóði ávöxtun sjóðsins og daglega umsjón.

8. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir styrki úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári í blaði/fréttabréfi Sjálfsbjargar og skal auglýsingin vera sjóðnum að kostnaðarlausu. Einnig er heimilt að auglýsa eftir umsóknum í a.m.k. einu dagblaði. Heimilt er stjórninni að hafna öllum umsóknum. Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að hætta auglýsingum um styrki í 2-3 ár í senn sé það gert til þess að styrkja sjóðinn.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga sjóðsins skal endurskoða af tveim skoðunarmönnum. Skal annar tilnefndur af ekkju eða erfingjum Jóhanns Péturs til tveggja ára í senn en hinn kosinn á þingi Sjálfsbjargar til sama tíma. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á þingi Sjálfsbjargar.

10. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins verður ekki breytt né sjóðurinn lagður niður nema með samþykki a.m.k. fjögurra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

26. september 1995 Nr. 524

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Keflavíkurkaupstaðar, Njarðvíkurkaupstaðar og Hafnahrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Reykjanesbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 26. september 1995.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Ólafíu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið Minningarsjóður Ólafíu Jónsdóttur. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Geðverndarfélag Íslands er stofnandi sjóðsins. Stofnfé sjóðsins, sem jafnframt er höfuðstóll hans, eru eftirtaldar eignir sem sonur Ólafíu, Guðmundur Arnar Sigurjónsson hefur arfleitt Geðverndarfélag Íslands að með arfleiðsluskrá dagsettri 9. mars 1993:

1) Íbúð á 1. hæð til vinstri að Rauðarárstíg 40 í Reykjavík, með tilheyrandi lóðarréttindum.
2) Spariskírteini ríkissjóðs 1990 1. fl. D að nafnverði kr. 1.350.000, – einmilljónþrjúhundruðogfimmtíuþúsund –.
3) Peningar að fjárhæð kr. 505.000, – fimmhundruðogfimmþúsund –, ásamt vöxtum.
4) Hlutabréf í Flugleiðum hf. að nafnvirði kr. 9.720, -níuþúsundsjöhundruðogtuttugu-.

Stjórn sjóðsins er ávallt skylt að ávaxta fjármuni hans á sem hagkvæmastan hátt. Til úthlutunar má eingöngu verja vaxtatekjum sjóðsins, öllum eða að hluta. Höfuðstóll skal ávallt standa óskertur. Heimilt er að efla sjóðinn með minningargjöfum og frjálsum framlögum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita viðurkenningu fyrir sérstaklega vel unnin geðverndarstörf og rannsóknir eða styrki til þeirra. Styrkir sjóðsins skulu að jafnaði vera óafturkræfir en stjórn sjóðsins er þó heimilt að setja skilyrði fyrir veitingu þeirra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Stjórn Geðverndarfélags Íslands skipar stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn, þar af formann sjóðsstjórnarinnar sérstaklega.

5. gr.

Stjórn sjóðsins fer með málefni sjóðsins og tekur ákvarðanir um úthlutanir úr honum. Stjórnin skal halda gerðarbók um alla starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Miða skal við að úthlutun fari fram á fæðingardegi Ólafíu Jónsdóttur sem er 11. júní. Úthluta skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1996 og er þá heimilt að úthluta öllum eignfærðum vöxtum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Geðverndarfélags Íslands og stofnana þess. Endurskoðendur Geðverndarfélags Íslands skulu yfirfara og árita reikninga sjóðsins ásamt stjórn þess og löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má einungis breyta með einróma samþykki sjóðsstjórnar og að fengnu samþykki stjórnar Geðverndarfélags Íslands. Það sama gildir um ákvörðun um niðurlagningu sjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til Geðverndarfélags Íslands.

9. gr.

Dómsmálaráðuneytið staðfestir skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

25. september 1995 Nr. 526

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til minningar um Þorstein Helga Ásgeirsson. Stofnendur eru Gunnar Albert, Sveinn Elías og Guðmundur Freyr Hanssynir, Magnea Rannveig Hansdóttir, Ásgeir Þorsteinsson og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Heimili hans og varnarþing er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til símenntunar og fræðilegra rannsókna á sviði fatlana barna, með það að leiðarljósi að efla fræðilega þekkingu og faglega þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Skal starfsfólk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að jafnaði hafa forgang um styrkveitingar úr sjóðnum.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög leggja fram. Jafnframt getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna, m.a. með útgáfu minningarkorta. Nöfn þeirra sem styrkja sjóðinn skulu færð í sérstaka nafnaskrá í vörslu stjórnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 450.000 sem ekki má skerða. Óheimilt er að úthluta meira en helmingi tekna hans þar til höfuðstóll hefur náð kr. 750.000. Þegar þeirri fjárhæð er náð, skal heimilt að úthluta úr sjóðnum sem nemur þremur fjórðu hlutum tekna hans þar til höfuðstóll

hefur náð kr. 1.500.000 en eftir það tekjum hans öllum. Framangreindar upphæðir skulu breytast til hækkunar í samræmi við hækkun vísitölu neysluverðs eins og hún er á stofndegi. Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé hans með tryggilegum hætti.

5. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal tilkynnt árlega þann 8. júní. Umsóknir um styrki skulu berast stjórn sjóðsins í síðasta lagi 1. apríl ár hvert. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á námi því eða rannsókn sem sótt er um styrk til. Skal þar bæði greina tilgang og tilhögun eftir því sem við á hverju sinni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Auk fulltrúa tilnefndum af ættingjum Þorsteins Helga Ásgeirssonar, skipa stjórnina forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og formaður Starfsmannafélags Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Skal fulltrúi ættingja vera formaður stjórnar.

Fundargerðir sjóðsstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstaka gerðarbók sem varðveita skal í samræmi við reglur um varðveislu opinberra skjala.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikingar hans endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórnin kveður til.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur með einróma samþykki sínu breytt ákvæðum skipulagsskrár þessarar, öðrum en 2. gr. Breytingar skulu hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra. Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóð þennan niður og skal þá eignum hans ráðstafað á þann hátt sem að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. september 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUR

um slysatryggingar við heimilisstörf.

1. gr.

Sá, sem fyllir út viðeigandi reit á skattframtali í byrjun árs, telst slysatryggður við heimilisstörf í 12 mánuði frá móttöku skattframtals hjá skattyfirvöldum, enda hafi því verið skilað innan tilskilins frests.

Ekki er unnt að óska eftir slysatryggingu við heimilisstörf eftir að skattyfirvöld hafa móttekið skattskýrslu.

2. gr.

Slysatryggingin nær til heimilisstarfa sbr. 3. gr., sem innt eru af hendi hér á landi, sem hér segir:

1. Á heimili hins tryggða.
2. Í bílskúr og geymslum við heimili hins tryggða
3. Í garði umhverfis heimili hins tryggða.
4. Í sumarbústað þar sem hinn tryggði dvelur.

3. gr.

Til heimilisstarfa í reglugerð þessari teljast eftirtalin störf, séu þau ekki liður í atvinnustarfsemi hins tryggða:

1. Hefðbundin heimilisstörf, svo sem matseld og þrif.
2. Umönnun sjúkra, aldraða og barna.
3. Almenn viðhaldsverkefni, svo sem málning og minni háttar viðgerðir.
4. Garðyrkjustörf.

4. gr.

Undanskilin slysatryggingu við heimilisstörf eru m.a.:

1. Slys, sem hinn tryggði verður fyrir við meiri háttar viðhaldsframkvæmdir, svo sem múrbrot, uppsetningu innréttinga og lagningu gólfefna.
2. Slys, sem hinn tryggði verður fyrir við ýmsar daglegar athafnir sem ekki teljast til hefðbundinna heimilisstarfa, svo sem að klæða sig og borða.
3. Slys, sem hinn tryggði verður fyrir á ferðalögum, svo sem í tjaldi, hjólhýsi og á hóteli.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Reglurnar öðlast gildi við skil skattframtals til skattyfirvalda, innan tilskilins frests, í fyrsta sinn árið 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. september 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Reykjanesbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bærinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa bæjarins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Reykjanesbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða bæjarstjóra og aðra fasta starfsmenn bæjarins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða helstu starfsmenn hans.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag og skulu þeir að jafnaði hefjast kl. 17.00. Bæjarstjórnarfundir falla niður á sumarleyfistíma þ.e. síðari fundur júlímánaðar og fyrri fundur ágústmánaðar.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og/eða forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn, ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar krefjast þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, ef, eða að svo miklu leyti, sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar, að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

16. gr.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum og jafnmörgum varafulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum, uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi, gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum, skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarstjórnarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef a.m.k. sjö bæjarfulltrúar samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarins.
2. Ársreikninga bæjarins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa, sem forfallast um stundarsakir, er heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Forseti bæjarstjórnar getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveðji sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra forseta bæjarstjórnar frá því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað. Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, skal bæjarfulltrúi taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls. Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum, skal forseti víta hann og tilnefna fyrir hvaða ummæli hann er víttur. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn, að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar

tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu samkvæmt almennum reglum um fundarsköp.

31. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli, sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál, að rétta upp hönd. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið, að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. fjórir bæjarfulltrúar óska þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

33. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í bæjarstjórn, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra,

aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra. Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi, sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar, skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn. Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að allar umræður í bæjarstjórn skuli skrásettar. Má þá ekkert niður fella, sem fram hefur komið á fundi bæjarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Bæjarstjórn getur einnig ákveðið að umræðurnar skuli gefnar út á prenti, ásamt því sem fest hefur verið í gerðabækur, svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Ef bæjarstjórn ákveður slíka útgáfu, skal hún jafnframt kjósa nefnd tveggja bæjarfulltrúa ásamt forseta til að hafa umsjón með útgáfunni. Umræður á bæjarstjórnarfundum skulu hljóðritaðar.

Eftir hvern bæjarstjórnarfund, þar sem umræður hafa verið skrásettar samkvæmt framanrituðu, skal öllum bæjarfulltrúum sent eftirrit af fundargerð ásamt fylgiskjölum hennar.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál, skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar, tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, s.s. forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá, sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Bæjarfulltrúi, sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund tímabundið, getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt, meðan þannig hagar til.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar

hlutfallskosningar, ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði en varamenn í bæjarráði mega vera úr hópi varabæjarfulltrúa skv. 2. gr. laga nr. 49/1990 um breytingu á 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Framboðsaðili, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki fulltrúa í bæjarráði, má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

49. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku, á hverjum miðvikudegi kl. 17.00 nema annað sé ákveðið. Aukafundi skal halda, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um, að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður verði boðaður. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns, skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

51. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Kjósa má bæjarstjóra sem formann eða varaformann bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði, þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls, ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess. Bæjarráð ræður sér fundarritara utan bæjarráðs.

Í fundargerðabók ráðsins skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerðarbók mál, sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

52. gr.

Bæjarráð fer, ásamt bæjarstjóra, með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sem ekki varða verulega fjárhag

bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár, sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs, ef þess er óskað.

54. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa varaformann og ritara nefndar. Bæjarstjórn kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarins, eftir því sem við á.

58. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó með heimild bæjarstjórnar ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

60. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun

nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 svo og 48. gr. samþykktar þessarar.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn og jafnmargir varamenn.
4. *Stjórn Bláfjallafólkvangs.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. stofnsamningi nr. 97 frá 21. mars 1973.
5. *Stjórn Reykjanesfólkvangs.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 26. gr. laga nr. 47/1971.
6. *Fulltrúi í stjórn Sparisjóðsins í Keflavík.* Einn fulltrúi og einn til vara skv. 24. gr. samþykktar Sparisjóðsins í Keflavík frá 15. apríl 1994.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985, og samkomulagi um almannavarnanefnd Suðurnesja.
2. *Almenningsvagnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Sérleyfisbifreiðar Keflavíkur og almenningsvagnasamgöngur.
3. *Áfengisvarnarnefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
5. *Bókasafnsnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978. Þar að auki tilnefna Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur sameiginlega einn aðalmann og einn til vara. Málefni: Bókasöfn Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna.
6. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
7. *Byggðasafnsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Byggðasöfnin Vatnsnes, Njarðvíkurbærinn.
8. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
9. *Eftirlaunasjóður starfsmanna Keflavíkurkaupstaðar.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. reglugerð samþykktri af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar þann 19. nóvember 1963.
10. *Ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Rekstur tjaldsvæðis, Stekkjarkot, almenn ferðamál.
11. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með öldrunarmál skv. reglugerð frá 19. nóvember 1992. Málefni: Fatlaðra, leikvalla, gæsluvalla, dagmæðra.
12. *Framkvæmdasjóður aldraðra.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Málefni samkvæmt skipulagsskrá frá 1989 með síðari breytingum.
13. *Framtalsnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Málefni: Eftirlit með skattframtölum og umfjöllun um skattaafslætti skv. lögum.

14. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
15. *Nefnd um öryggismál barna.* Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Málefni: Gerum bæinn betri fyrir börnin, öryggismál á leikskólum, leikvöllum og skólalóðum.
16. *Fulltrúar í Eigendafélag Stapa.* Fjórir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. lögum Eigendafélags félagsheimilisins Stapa dags. 19. mars 1987.
17. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Málefni: Hafnirnar í Njarðvík, Keflavík, Gróf, Helguvík og Ósabotnum.
18. *Húsnæðisnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
19. *Íþróttaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Auk þess hefur formaður Íþróttabandalags Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna seturétt í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt. Málefni: Íþróttamannvirki í eigu sveitarfélagsins.
20. *Jafnréttisráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
21. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
    Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í sveitarfélaginu. Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar.
22. *Landsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fulltrúafjöldi skv. lögum og samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
23. *Lista- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Menningarmál og listasafnsnefnd.
24. *Markaðs- og atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Stjórnarnefnd vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun, skráning atvinnulausra, þjónusta fyrir fólk í atvinnuleit og nýsköpun í atvinnulífinu.
25. *Skipulags- og tæknineſnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Skipulagsmál, umferðarmál, gatnagerðarmál og vatnsveitumál.
26. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Málefni: Leikskólar.
27. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Málefni: Tónlistarskólarnir í Keflavík og Njarðvík.
28. *Starfskjaranefnd S.T.K.B.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur frá 14. júní 1970.
29. *Starfskjaranefnd V.F.S.K.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur frá 6. október 1987.
30. *Starfsmenntunarsjóður S.T.K.B.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur frá 14. júní 1970.
31. *Tómstundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Æskulýðsráð, 17. júní nefnd og stjórn vinnuskóla.
32. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Skrúðgarðs- og fegrunarnefnd, náttúruverndarnefnd og gróðurverndarnefnd.
33. *Vinabæjarnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Málefni: Öll vinabæjarsamskipti.

62. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

63. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

64. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarmálefna að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað. Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar. Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarins. Bæjarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

65. gr.

Bæjarráð ræður fasta starfsmenn bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti, skv. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, miðað við mánaðarmót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög og reglugerðir um réttindi og skyldur starfsmanna Keflavíkurkaupstaðar frá 1. janúar 1983 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga, og reglugerð Keflavíkurkaupstaðar um réttindi og skyldur frá 1. janúar 1983.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkurkaupstað nr. 241/1981, sbr. samþykkt nr. 366/1985, og samþykkt um stjórn Njarðvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 434/1990.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp fyrir Ásahrepp, Rangárvallasýslu.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ásahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Ásahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Ásahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og aðrar nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, 3. þriðjudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi hreppsnefndar í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna svo og kosningar eða ráðningar starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára í senn.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð annarra nefnda skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarra nefnda eða stjórna eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það.

Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Barnaverndarnefnd* er kosin sameiginlega innan Hellulæknishéraðs. Ásahreppur á þar einn aðalmann og einn varamann.
3. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Tveir fulltrúar í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
6. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Skólanefnd grunnskóla.* Ásahreppur er í samstarfi við Holta- og Landsveit um rekstur grunnskólans að Laugalandi í Holtum og á þar einn aðalmann og annan til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla* er kosin innan héraðsnefndar.
10. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
11. *Tveir búfjáreftirlitsmenn* og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
12. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
13. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.

C. Þar sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

59. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

60. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

61. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

62. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ásahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

12. september 1995 Nr. 530

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 430/1995.

1. gr.

IV. kafli 2. tl. orðist svo:

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólf er kr. 300,00.

2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir faxhólf er kr. 1.500,00.

2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu reiknast þeim sem hringir skref við svar og síðan skref miðað við 60 sek. í skrefi. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau.

Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboði greiðir rétthafi hólfsins samsvarandi gjald þ.e. skref við svar og síðan fyrir skref miðað við 60 sek. í skrefi ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-kerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-kerfið.

Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir rétthafi símans skref við svar og síðan fyrir skref miðað við 60 sek. í skrefi fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-kerfinu eða NMT-kerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti ásamt síðari breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32/1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála ásamt síðari breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að taka gildi 15. september 1995.

Samgönguráðuneytið, 12. september 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 531 21. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 676/1994, um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sýslumenn lögsagnarumdæmis sem húseign er í, annast innheimtu skipulagsgjalds, en í Reykjavík tollstjóri. Gjaldið fellur í gjalddaga á virðingardegi og í eindaga mánuði síðar. Gera má lögtak fyrir skipulagsgjaldi, sbr. lög nr. 90/1989.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilagrein sem öðrum ríkissjóðstekjum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 35. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 21. september 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 532 29. september 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja tiltekinn hættulegan farm, nr. 139 3. mars 1995.

1. gr.

Í stað „innan 6 mánaða frá gildistöku reglugerðarinnar“ í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: eigi síðar en 31. desember 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1995.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ
um eftirlit með hættu á snjóflóðum.

I. KAFLI
Athugunarmenn.

1. gr.

Lögreglustjórar ráða, hver í sínu lögsagnarumdæmi, athugunarmenn til að fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af snjóflóðum. Við ráðningu athugunarmanns skal lögreglustjóri hafa samráð við viðkomandi sveitarstjórnir, almannavarnanefndir og Veðurstofu Íslands.

2. gr.

Lögreglustjóri auglýsir starf athugunarmanns. Í auglýsingu skulu helstu verkefni athugunarmanns tilgreind.

Lögreglustjóri skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórna, almannavarnanefnda og Veðurstofu Íslands um umsækjendur áður en hann tekur ákvörðun um ráðningu.

3. gr.

Athugunarmaður skal starfa í hverjum byggðarkjarna þar sem 200 manns eða fleiri búa við snjóflóðahættu að mati Almannavarna ríkisins. Lögreglustjóri getur, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, falið athugunarmanni að annast athuganir í fleiri en einu byggðarlagi.

Heimilt er að ráða mann til að leysa af og aðstoða athugunarmann.

II. KAFLI
Störf athugunarmanna.

4. gr.

Athugunarmenn starfa undir stjórn lögreglustjóra. Starfstími þeirra skal nánar skilgreindur í ráðningarsamningi með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og að höfðu samráði við Veðurstofu Íslands.

5. gr.

Veðurstofa Íslands skilgreinir verkefni athugunarmanna og setur þeim verklagsreglur um tilhögun, umfang og tíðni athuguna, svo og meðferð og skil á niðurstöðum þeirra.

III. KAFLI
Þjálfun og búnaður.

6. gr.

Veðurstofa Íslands skal sjá til þess að allir nýir athugunarmenn fái kennslu og þjálfun áður en þeir hefja störf. Enn fremur skulu á vegum Veðurstofunnar haldin reglulega endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi athugunarmenn. Athugunarmönnum er skylt að sækja þessi námskeið.

7. gr.

Athugunarmönnum skal séð fyrir nauðsynlegum búnaði og tækjum til að annast þau verkefni sem þeim eru falin. Almannavarnir ríkisins setja, að fengnum tillögum Veðurstofu Íslands, nánari reglur um hvaða búnað og tæki er að ræða.

Veðurstofa Íslands leggur athugunarmönnum til rannsóknartæki og -búnað. Lögreglu-

stjóri sér, í samráði við Veðurstofu, athugunarmönnum fyrir öðrum búnaði og tækjum, svo og starfsaðstöðu og geymslu fyrir tæki og búnað.

Lögreglustjóra er heimilt að gera samning við athugunarmann um að hann sjái sér fyrir aðstöðu, og búnaði og tækjum, gegn greiðslu.

Búnaður og tæki athugunarmanna, sem keypt eru með fé úr ofanflóðasjóði, skulu vera merkt samkvæmt kröfum Almannavarna ríkisins.

IV. KAFLI
Starfskjör.

8. gr.

Laun athugunarmanna og aðstoðarmanna þeirra miðast við kjarasamning ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana.

Samningar um laun og kjör athugunarmanna eru háðir samþykki Almannavarna ríkisins.

V. KAFLI
Greiðslur ofanflóðasjóðs.

9. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir, í samræmi við reglur sínar, kostnað vegna kaupa Veðurstofu Íslands á rannsóknartækjum og -búnaði fyrir athugunarmenn.

10. gr.

Ofanflóðasjóður greiðir lögreglustjóraembættum kostnað þeirra vegna starfa athugunarmanna samkvæmt tillögum Almannavarna ríkisins.

Lögreglustjóri skal árlega gera áætlun um stofn-, launa- og rekstrarkostnað embættis síns vegna starfa athugunarmanns og leggja fyrir Almannavarnir ríkisins. Laun athugunarmanns skulu greidd á sama hátt og laun annarra starfsmanna viðkomandi embættis en ofanflóðasjóður greiðir embættinu reglulega vegna rekstrarkostnaðar og launa athugunarmanns samkvæmt nánara samkomulagi um greiðslufyrirkomulag.

11. gr.

Almannavarnir ríkisins skulu á grundvelli kostnaðaráætlana lögreglustjóra, sbr. 10. gr., leggja árlega fyrir félagsmálaráðherra til staðfestingar, áætlun um greiðslur úr ofanflóðasjóði vegna athugunarmanna, ásamt uppgjöri vegna næsta árs á undan.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

12. gr.

Reglugerð þessi gildir, eftir því sem við á, einnig um eftirlit með skriðuföllum.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er í samráði við Almannavarnir ríkisins, dómsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið, með heimild í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28, 4. júní 1985, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 6. október 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul. XIX. kafla II. viðauka, með áorðnum breytingum, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði þessi koma í stað ákvæða samnings milli EFTA-ríkja annars vegar og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1990 og nr. 30/1990.

2. gr.

Eftirtaldar EB-gerðir öðlast því gildi hér á landi, sbr. 1. gr.:

a. tilskipun ráðsins frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (83/189/EBE);
b. tilskipun ráðsins frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (88/182/EBE);
c. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

3. gr.

EB-gerðir samkvæmt 2. gr. eru birtar í einum samfelldum texta sem viðauki við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um nr. 97/1992, um staðla, og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 29. september 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sverrir Júlíusson.

Viðauki

Samfelld EES-útgáfa af tilskipun ráðsins frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (83/189/EBE), tilskipun ráðsins frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (88/182/EBE) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.
(Með aðlögunartexta)

1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „vara", hvaða iðnaðar- og landbúnaðarvörur sem er, *að fiskafurðum meðtöldum.*[1]

2. „tækniforskrift": forskrift í skjali þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem vara verður að hafa, þar með talið gæðastig, skil, öryggi eða stærðir og aðrar kröfur er lúta að því heiti sem varan er seld undir, íðorðanotkun, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, áletrun eða umbúðamerkingum og samræmismatsaðferðum.

Hugtakið „tækniforskrift" gildir einnig um framleiðslu- og vinnsluaðferðir landbúnaðarvara, eins og um getur í 1. mgr. 38. gr. sáttmálans, matvæla og dýrafæðu og lyfja samkvæmt skilgreiningu í 1. gr. tilskipunar 65/65/EBE(*) *(1. tölul. XIII. kafla viðauka II í EES-samningnum)* og um framleiðslu- og vinnsluaðferðir annarra vara, hafi þessar aðferðir áhrif á einkenni þeirra;

(*) Stjtíð. EB nr. 22, 9. 2. 1965, bls. 369/65. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93139/EBE (Stjtíð. EB nr. L 214, 24. 8.1993, bls. 22).

3. „önnur krafa": önnur krafa en tækniforskrift, sem vara skal uppfylla í þeim tilgangi að vernda, einkum og sér í lagi, neytendur eða umhverfið og hefur áhrif á líftíma hennar eftir að hún er markaðssett, eins og skilyrði fyrir notkun, endurvinnsla, endurnotkun eða förgun, geti þessi skilyrði haft veruleg áhrif á samsetningu eða eðli vörunnar eða markaðssetningu hennar;

4. „staðall": tækniforskrift sem viðurkenndur stöðlunaraðili hefur samþykkt og beita má með endurteknum hætti eða að staðaldri, en er ekki skylt að fara eftir og er einn eftirfarandi staðla:
- alþjóðlegur staðall: staðall sem alþjóðleg staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða,
- evrópskur staðall: staðall sem evrópsk staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða,
- innlendur staðall: staðall sem innlend staðlastofnun samþykkir og almenningi stendur til boða;

5. „staðlaáætlun": vinnuáætlun viðurkenndrar staðlastofnunar með yfirliti yfir efnissvið sem verið er að staðla;

6. „frumvarp að staðli": texti tækniforskriftar um tiltekið efni sem til greina kemur að samþykkja samkvæmt reglum um setningu landsstaðla, eins og skjal þetta lítur út eftir að undirbúningsvinnu er lokið og það er birt almenningi til umsagnar;

7. „evrópsk staðlastofnun": stofnun sem um getur í I. viðauka.

8. „innlend staðlastofnun": stofnun sem um getur í II. viðauka.

[1] Texti sem leiðir af aðlögun að samningi um Evrpópska efnahagssvæðið er skáletraður.

9. „tæknileg reglugerð“: tækniforskriftir og aðrar kröfur, þar með talin viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða í raun, að fylgja við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess og einnig lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkja, að undanskildum þeim sem kveðið er á um í 10. gr., sem banna framleiðslu, innflutning, markaðssetningu eða notkun tiltekinnar vöru.

Tæknilegar reglugerðir sem ber að hlíta í raun eru meðal annars eftirfarandi:

- lög eða stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkis sem annaðhvort gilda um tækniforskriftir eða aðrar kröfur eða um siðareglur starfsgreinar eða framkvæmdareglur sem aftur gilda um tækniforskriftir eða aðrar kröfur og ætla má, sé eftir þeim farið, að séu í samræmi við skuldbindingar samkvæmt fyrrnefndum lögum eða stjórnsýslufyrirmælum,
- frjálsir samningar sem opinber stjórnvöld eru aðili að og kveða á um, í þágu almennings, að tækniforskriftum eða öðrum kröfum sé hlítt, að undanskildum útboðsskilmálum í tengslum við opinber innkaup,
- tækniforskriftir eða aðrar kröfur sem tengjast ráðstöfunum í skatta- eða fjármálum sem hafa áhrif á neyslu vara með því að hvatt er til að þessum tækniforskriftum eða öðrum kröfum sé hlítt; tækniforskriftir eða aðrar kröfur sem tengjast innlendum almannatryggingakerfum eru undanskildar.

Hér um ræðir tæknilegar reglugerðir sem þau stjórnvöld sem aðildarríkin tilnefna setja og birtast í skrá sem framkvæmdastjórnin mun semja, áður en þessi tilskipun gengur í gildi, innan þeirra marka sem nefndin sem um getur í 5. gr. setur.

Beita skal sömu aðferð við að breyta skránni.

10. „drög að tæknilegri reglugerð“: texti tækniforskriftar eða annarrar kröfu, þar með talin stjórnsýsluákvæði, sem áformað er að samþykkja eða leggja fram til samþykkis sem tæknilega reglugerð, enda sé textinn á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar.

Þessi tilskipun gildir ekki um ráðstafanir sem aðildarríki telja nauðsynlegar, samkvæmt sáttmálanum, til að vernda einstaklinga, einkum launþega, þegar vörur eru notaðar, að því tilskildu að þessar ráðstafanir hafi ekki áhrif á vörurnar.

2. gr.

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og þeim staðlastofnunum sem um getur í I. og II. viðauka um ný efnissvið sem innlendar stofnanir, sem um getur í II. viðauka, hafa ákveðið, með því að fella þau inn í stöðlunaráform sín, að undirbúa eða breyta staðli fyrir, nema verið sé að innleiða með sama eða líkum hætti alþjóðlegan eða evrópskan staðal.

2. Í þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skal koma fram hvort með viðkomandi staðli:

- sé gildandi alþjóðlegur staðall gerður að landsstaðli án þess að um sambærilegan staðal sé að ræða,
- sé um nýjan innlendan staðal að ræða, eða
- um breytingu á innlendum staðli sé að ræða.

Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 5. gr., samið reglur er kveða á um heildræna framsetningu þessara upplýsinga og gert tillögur um og sett viðmið fyrir framsetningu þeirra sem miða að því að auðveldara verði að leggja mat á þær.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir að henni berist allar staðlaáætlanir eða hluti þeirra.

Hún skal halda þessum upplýsingum til haga fyrir aðildarríkin þannig að leggja megi mat á mismunandi áætlanir og bera þær saman.

4. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, breyta II. viðauka á grundvelli orðsendinga frá aðildarríkjunum.

5. Ráðið skal taka ákvarðanir um breytingar á I. viðauka á grundvelli tillagna framkvæmdastjórnarinnar.

3. gr.

Senda skal staðlastofnunum sem um getur í I. og II. viðauka og framkvæmdastjórninni öll frumvörp að stöðlum komi fram ósk þess efnis. Viðkomandi stofnun skal upplýsa þessa aðila um aðgerðir sem gripið er til í framhaldi athugasemda þeirra við frumvörpin.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að staðlastofnanir þeirra:

- komi upplýsingum á framfæri í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr.,
- birti frumvörp að stöðlum með þeim hætti að aðilum með staðfestu í öðrum aðildarríkjum sé einnig gert kleift að gera athugasemdir,
- tryggi öðrum stofnunum sem um getur í II. viðauka rétt til að taka þátt í fyrirhuguðum verkefnum á virkan hátt (með því að senda áheyrnarfulltrúa á vettvang) eða óvirkan hátt,
- standi ekki gegn því að fjallað sé um stöðlunarviðfangsefni á vinnuáætlun þeirra á evrópskum vettvangi í samræmi við reglur evrópsku staðlastofnananna og grípi ekki til ráðstafana sem kynnu að hafa áhrif á ákvörðun í þessu tilliti.

2. Aðildarríkin skulu sérstaklega forðast að viðurkenna, samþykkja eða nota innlendan staðal, með því að vísa til hans, sem samþykktur er í trássi við ákvæði 2., 3. eða 4. gr.

5. gr.

Setja skal á stofn fastanefnd skipaða fulltrúum aðildarríkjanna sem getur leitað til sérfræðinga eða ráðgjafa um aðstoð. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar verður formaður nefndarinnar.

Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

1. Nefndin heldur fund með fulltrúum staðlastofnana sem skráðar eru á lista eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. Framkvæmdastjórnin skilar skýrslu til nefndarinnar um framkvæmd fyrrgreindra fyrirmæla og tillagna er miða að því að ryðja úr vegi núverandi eða fyrirsjáanlegum viðskiptahindrunum.

3. Nefndinni ber að skila áliti um tilkynningar þær og tillögur sem um getur í 2. mgr. og getur hún í því sambandi m.a. lagt til að framkvæmdastjórnin:

- biðji evrópsku staðlastofnanirnar um að semja evrópskan staðal innan tiltekins frests,
- sjái til þess, ef þörf krefur og til að sneiða hjá hættu á viðskiptahindrunum, að hlutaðeigandi aðildarríki hafa í byrjun samráð sín í milli um viðeigandi ráðstafanir og geri allar viðeigandi ráðstafanir,
- vísi á svið þar sem samhæfingar virðist vera þörf og, ef til þess kemur, komi á viðeigandi samhæfingu á tilteknu sviði.

4. Framkvæmdastjórninni er skylt að leita álits nefndarinnar:
a) áður en hún breytir listunum í viðaukunum (sbr. 1. mgr. 2. gr.);
b) þegar hún semur reglur um kerfisskráningu efnisins og gerir tillögur um og setur skilyrði fyrir framsetningu staðlaáætlana (sbr. 2. mgr. 2. gr.);
c) þegar hún ákveður hvernig haga skuli í raun upplýsingaskiptum þeim sem tilskipun þessi kveður á um eða leggur til að þeim verði breytt;
d) þegar hún endurskoðar framkvæmd á tilhögun þeirri sem tilskipun þessi kveður á um (sbr. 11. gr.);
e) á beiðnum er berast staðlastofnunum þeim sem tilgreindar eru í 1. undirlið 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin getur leitað álits nefndarinnar á fyrstu drögum að tæknilegum reglugerðum sem hún fær í hendur.

6. Leggja má fyrirspurnir fyrir nefndina um framkvæmd þessarar tilskipunar að beiðni formanns hennar eða aðildarríkis.

7. Starfsemi nefndarinnar og vitneskja sú sem henni er veitt eru trúnaðarmál.

Nefndinni og yfirvöldum í aðildarríkjum er þó heimilt að leita álits sérfróðra manna eða lögaðila, þar á meðal manna sem ekki starfa á vegum hins opinbera, enda sé nauðsynlegra varúðarráðstafana gætt.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja, þegar verið er að undirbúa evrópskan staðal sem um getur í fyrsta undirlið 3. mgr. 6. gr. eða eftir að hann hefur verið samþykktur, að staðlastofnanir þeirra grípi ekki til neinna aðgerða sem kynnu að hafa áhrif á samhæfingaráform og að þær, einkum og sér í lagi, birti ekki nýjan eða endurskoðaðan innlendan staðal, á því sviði sem um ræðir, sem er ekki fullkomlega í samræmi við gildandi evrópskan staðal.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um þá starfsemi staðlastofnana sem felst í að semja tækniforskrift eða staðal fyrir tilteknar vörur að beiðni opinberra yfirvalda í þeim tilgangi að setja tæknilega reglugerð um téðar vörur.

Aðildarríkjum ber að koma á framfæri við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 8. gr., öllum beiðnum af því tagi sem lýst er í næstu málsgrein hér á undan í formi draga að tæknilegum reglugerðum og tilgreina ástæður fyrir setningu þeirra.

8. gr.

1. Aðildarríkjunum ber, með fyrirvara um ákvæði 10. gr., að koma þegar á framfæri við framkvæmdastjórnina öllum drögum að tæknilegum reglugerðum, að undanskildum þeim, þar sem gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er tekinn upp í heild sinni; í slíkum tilvikum er nægilegt að veita henni upplýsingar um viðkomandi staðal. Þau skulu einnig láta framkvæmdastjórninni í té yfirlýsingu um ástæður fyrir því að umrædd tæknileg reglugerð sé lögleidd, komi það ekki skýrt fram í sjálfum drögunum. *Heildartexti þeirra draga að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um verður að vera til á frummálinu og jafnframt þýðing textans í heild á eitt af opinberum tungumálum bandalagsins.*

Aðildarríkjunum ber, um leið og þar sem við á, að koma texta laga eða reglugerða á framfæri, sem aðallega og beinlínis liggur til grundvallar, beri nauðsyn til að þekkja til þessa texta þegar leggja á mat á áhrif sem drög að tæknilegri reglugerð hafa, nema hann hafi áður verið sendur með orðsendingu.

Aðildarríkjunum ber að koma drögunum aftur á framfæri samkvæmt fyrrnefndum skilmálum geri þau breytingar á þeim sem hafa umtalsverðar breytingar á gildissviði þeirra í för með sér, stytta upphaflega framkvæmdatímaáætlun, hafa nýjar forskriftir eða kröfur í för með sér eða herðir þessar kröfur.

Aðildarríkjunum ber og sérstaklega, ef drögunum er ætlað að takmarka markaðssetningu eða notkun kemísks efnis, efnablöndu eða vöru vegna heilsu almennings eða í þeim tilgangi að vernda neytendur eða umhverfi, að senda annaðhvort yfirlit um eða tilvitnun til allra upplýsinga sem máli skipta um viðkomandi efni, efnablöndu eða vöru og þekktar og fáanlegar hliðstæðar vörur, liggi þessar upplýsingar á lausu, og koma upplýsingum á framfæri um fyrirsjáanleg áhrif þessara ráðstafana á heilsu almennings og verndun neytenda og umhverfis ásamt áhættumati sem fram fari, eftir því sem við á, í samræmi við meginreglur sem gilda um áhættumat kemískra efna, eins og um getur í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93(*), þegar um er að ræða efni sem eru til, eða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 92/32/EBE(* *), þegar um er að ræða ný efni. *Bandalagið annars vegar og eftirlitsstofnun EFTA, eða EFTA-ríkin fyrir tilstilli eftirlitsstofnunar EFTA, hins vegar geta óskað eftir frekari upplýsingum um drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um.*

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum um þau drög og öll skjöl sem hún fær í hendur; henni er einnig heimilt að leita álits nefndarinnar, sem um getur í 5. gr., á drögunum og, ef við á, þeirrar nefndar sem fjallar um viðkomandi svið.

Ítarlegar umsagnir eða álit framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna varðandi tækniforskriftir eða aðrar kröfur, sem um getur í þriðja undirlið 9. mgr. 1. gr., skulu aðeins fjalla um þá þætti sem kunna að hindra viðskipti en ekki um þá þætti aðgerðanna sem lúta að skatta- eða fjármálum.

(*) Stjtíð. EB nr. L 84, 5.4.1993, bls.1.
(**) Stjtíð. EB nr. L 154, 5.6.1992, bls.1.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta sent athugasemdir sínar til þess aðildarríkis er sent hefur frá sér drög að tæknilegri reglugerð. Ber aðildarríkinu að taka athugasemdirnar til greina, að því marki sem unnt er, við samningu hinnar tæknilegu reglugerðar.

Eftirlitsstofnun EFTA-ríkjanna skal koma athugasemdum EFTA-ríkjanna áleiðis til framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna með samræmdri tilkynningu og skal framkvæmdastjórnin koma athugasemdum bandalagsins til eftirlitsstofnunar EFTA. Samningsaðilar skulu, þegar komið hefur verið á sex mánaða stöðvun í samræmi við reglur sem gilda samkvæmt kerfi hvers um sig, tilkynna hver öðrum um það með svipuðum hætti.

3. Aðildarríkjunum ber að koma endanlegum texta tæknilegrar reglugerðar á framfæri við framkvæmdastjórnina án tafar.

4. Ekki skal fara með upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein sem trúnaðarmál, nema aðildarríkið sem tilkynningu sendir fari þess eindregið á leit. Allar slíkar beiðnir skal rökstyðja.

Í slíkum tilvikum, séu nauðsynlegar varúðarráðstafanir gerðar, er framkvæmdastjórninni og innlendum yfirvöldum heimilt að leita sérfræðiráðgjafar hjá einstaklingum eða lögpersónum í einkageiranum.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, þegar drög að tæknilegum reglugerðum eru hluti aðgerða sem koma skal á framfæri við framkvæmdastjórnina á undirbúningsstigi með skírskotun til annarrar gerðar á vett-

vangi bandalagsins, að koma orðsendingu á framfæri í skilningi 1. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar með skírskotun til viðkomandi annarrar gerðar, að því tilskildu að þau gefi formlega til kynna að fyrrnefnd orðsending feli einnig í sér orðsendingu að því er varðar þessa tilskipun.

Jafnvel þó engin viðbrögð komi frá framkvæmdastjórninni við drögum að tæknilegri reglugerð samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar hefur það engin áhrif á ákvarðanir sem kunna að verða teknar á grundvelli annarra gerða á vettvangi bandalagsins.

9. gr.

Lögbær yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA skulu eigi samþykkja drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um fyrr en þremur mánuðum eftir að eftirtöldum aðilum berast í hendur drögin að reglugerðinni:

- *framkvæmdastjórninni þegar um er að ræða drög sem aðildarríki bandalagsins tilkynna,*
- *eftirlitsstofnun EFTA þegar um er að ræða drög sem EFTA-ríkin tilkynna.*

Hins vegar gildi þriggja mánaða fresturinn ekki í þeim tilvikum þegar óhjákvæmilegt er fyrir lögbær yfirvöld, vegna brýnna ástæðna er tengjast verndun almannaheilbrigðis eða -öryggis, vernd lífs og heilbrigðis dýra og jarðargróða, að undirbúa tæknilegar reglugerðir á mjög skömmum tíma svo að unnt verði að samþykkja þær og leiða í lög þegar í stað án þess að hægt sé að hafa um það samráð. Gera verður grein fyrir ástæðum sem réttlæta að gripið er til svo skjótra úrræða. Slík greinargerð verður að vera nákvæm og vel rökstudd, með sérstakri áherslu á að ekki hafi verið hægt að sjá fyrir þá hættu sem hlutaðeigandi yfirvöld stóðu frammi fyrir né hve alvarleg hún var, auk þess sem koma þarf fram hvers vegna brýnt var að grípa þegar í stað til aðgerða til úrbóta.

10. gr

1. Ákvæði 8. og 9. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna eða frjálsa samninga sem þau beita til að:
   - fara eftir bindandi gerðum á vettvangi bandalagsins þar sem stefnt er að því að samþykkja tæknilegar reglugerðir;
   - uppfylla skuldbindingar vegna alþjóðlegra samninga þar sem stefnt er að því að samþykkja almennar tæknilegar reglugerðir á vettvangi bandalagsins;
   - færa sér í nyt öryggisákvæði í bindandi gerðum á vettvangi bandalagsins;
   - beita ákvæðum 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru(*);
   - aðeins í þeim tilgangi að fullnægja dómi sem dómstóll Evrópubandalaganna fellir;
   - aðeins í þeim tilgangi að breyta tæknilegri reglugerð í skilningi 9. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, í samræmi við óskir framkvæmdastjórnarinnar, með það í huga að ryðja viðskiptahindrun úr vegi.

(*) Stjtíð. EB nr. L 228, 11.8.1992, bls. 24.

2. Ákvæði 9. gr. gilda ekki um lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna sem banna framleiðslu svo fremi þau hefti ekki frjálsa vöruflutninga.

3. Ákvæði 3. til 6. mgr. 9. gr. gilda ekki um frjálsa samninga sem um getur í öðrum undirlið 9. mgr. 1. gr.

4. Ákvæði 9. gr. gilda ekki um tæknilegar reglugerðir eða aðrar kröfur sem um getur í þriðja undirlið 9. mgr. 1. gr.

11. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu á tveggja ára fresti um þann árangur sem hlýst af því að beita ákvæðum þessarar tilskipunar. Birta skal árlega í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skrár yfir stöðlunarverkefni, sem evrópskum staðlastofnunum er falið að leysa samkvæmt þessari tilskipun, ásamt skýrslum yfir tilkynningar sem hafa borist.

12. gr.

Þegar aðildarríkin samþykkja tæknilega reglugerð skal vera í henni tilvísun í þessa tilskipun eða henni fylgja slík tilvísun þegar hún verður birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrimæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel,
Fyrir hönd ráðsins
forseti.

I. Viðauki.

Evrópskar staðlastofnanir.

CEN
Staðlasamtök Evrópu (Comité Européen de Normalisation)

CENELEC
Rafstaðlasamtök Evrópu (Comité Européen de Normalisation Electrotechnique)

ETSI
Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (European Telecommunications Standards Institute)

II. Viðauki.

Innlendar staðlastofnanir.[2]

AUSTURRÍKI
ÖN
Österreichisches Normungsinstitut
ÖVE
Österreichischer Verband für Elektrotechnik

BELGÍA
IBN/BIN
Institut Belge de Normalisation
Belgisch Institut voor Normalisatie
CEB/BEC
Comité Électrotechnique Belge
Belgisch Elektrotechnisch Comité

BRESKA KONUNGSRÍKIÐ
BSI
British Standards Institution
BEC
British Electrotechnical Committee.

DANMÖRK
DS
Dansk Standardiseringsråd

[2] Hér eru staðlastofnanir nefndar eftir stafrófsröð aðildarríkjanna að EES-samningnum, en svo er ekki í frumgögnum.

DEK
Dansk Elektroteknisk Komité

FINNLAND
SFS
Suomen Standardisoimisliitto SFS r.y.
SESKO
Suomen Sähköteknillinen
Standardisoimisyhdistys Sesko r.y.

FRAKKLAND
AFNOR
Association Française de
Normalisation
UTE
Union Technique de l'Électricité -
Bureau de
Normalisation auprès de l'AFNOR

GRIKKLAND
ELOT
Hellenic Organization for
Standardization

HOLLAND
NNI
Nederlands Normalisatie Instituut
NEC
Nederlands Elektrotechnisch Comité

ÍRLAND
NSAI
National Standards Authority of
Ireland
ETCI
Electro-Technical Council of Ireland

ÍSLAND
STRÍ
Staðlaráð Íslands

ÍTALÍA
UNI
Ente Nazionale Italiano di
Unificazione
CEI
Comitato Elettrotecnico Italiano

LIECHTENSTEIN
TPMN
Liechtensteinische Technische Prüf-,
Mess- und Normenstelle

LÚXEMBORG
ITM
Inspection du travail et des mines
SEE
Service de l'Energie de l'Etat

NOREGUR
NSF
Norges Standardiseringsforbund
NEK
Norsk Elektroteknisk Komité

PORTÚGAL
IPQ
Instituto Português da Qualidade

SPÁNN
AENOR
Asociación Espanola de
Normalización y Certificación

SVÍÞJÓÐ
SIS
Standardiseringskommissionen i
Sverige
SEK
Svenska Elektriska Kommissionen

ÞÝSKALAND
DIN
Deutsche Institut für Normung e.V.
DKE
Deutsche Elektrotechnische
Kommission im DIN und VDE

Við beitingu tilskipunarinnar eru eftirfarandi upplýsingaskipti með rafeindatæknilegum aðferðum talin nauðsynleg:

1) Tilkynningastrimlar. Þá má senda áður en eða um leið og textinn er sendur í heild.

2) Kvittun fyrir viðtöku á textadrögum þar sem meðal annars kemur fram dagsetningin þegar fresturinn sem ákveðinn er í samræmi við reglur hvers kerfis um sig rennur út.

3) Boð þar sem óskað er eftir viðbótarupplýsingum.

4) Svör við óskum um viðbótarupplýsingar.

5) Athugasemdir.

6) Beiðnir um fundi varðandi sérstök málefni.

7) Svör við beiðnum um fundi varðandi sérstök málefni.

8) Óskir um fullbúinn texta.

9) Upplýsingar um að boðað hafi verið til sex mánaða frestunar.

Eftirfarandi má senda í venjulegum pósti eins og sakir standa:

10) Fullbúinn texta draga sem tilkynnt hefur verið um.

11) Grundvallarlagatexta og reglugerðarákvæði.

12) Fullbúinn texta.

Samningsaðilar skulu sameiginlega samþykkja stjórnvaldsráðstafanir varðandi tilkynningar.

Nr. 535 28. september 1995

SKIPULAGSSKRÁ

Snorrastofu í Reykholti.

1. gr.

Snorrastofa í Reykholti er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykholti í Borgarfirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eigum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Snorrastofu í Reykholti eru: Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, héraðsnefnd Mýrasýslu, Reykholtsdalshreppur, Reykholtskirkja og menntamálaráðuneytið.

Stofnendur leggja fram 500 þúsund króna stofnframlag til stofnunarinnar sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxta skal með tryggilegum hætti. Ríkissjóður leggur fram 40% stofnframlags og aðrir 15% hver.

3. gr.

Snorrastofa í Reykholti er safn um Snorra Sturluson og þar er veitt fræðsla um norræna sögu og bókmenntir sem tengjast Snorra Sturlusyni. Stofnuninni er einnig ætlað að kynna sögu Reykholts og Borgarfjarðarhéraðs sérstaklega. Starfsemi Snorrastofu í Reykholti fer fram í samnefndu húsi í Reykholti í Borgarfirði samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Í Snorrastofu í Reykholti er starfrækt bókhlaða, þar sem safnað skal sérstaklega verkum Snorra Sturlusonar og heimildum um hann. Í bókhlöðu fer fram bókasafnsþjónusta fyrir skóla í Reykholti samkvæmt nánara samkomulagi. Einnig er heimilt að þar fari fram almenn bókasafnsþjónusta samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn, enda verði um það samkomulag við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Í Snorrastofu í Reykholti er starfrækt gestastofa þar sem innlendum og erlendum fræði-, vísinda-, og listamönnum skal gefinn kostur á að dvelja um lengri eða skemmri tíma til að sinna viðfangsefnum sínum.

Á vegum Snorrastofu í Reykholti er veitt upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn með hvers kyns sýningum og kynningum um Snorra Sturluson og sögu staðarins og íslenska menningu.

Heimilt er að fela Snorrastofu í Reykholti að hafa umsjón með fornminjum í Reykholti undir yfirumsjón Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt þjóðminjalögum að fengnu samþykki þjóðminjaráðs.

4. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti er skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn og skal skipunartími stjórnarinnar vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórna. Héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu, héraðsnefnd Mýrasýslu og Reykholtsdalshreppur skipa hver sinn fulltrúa í stjórnina, Reykholtskirkjusókn skipar einn fulltrúa, sem kosinn er af aðalsafnaðarfundi og menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Stofnunar Sigurðar Nordals. Varafulltrúar skulu skipaðir með sama hætti. Stjórnarmaður sá, sem skipaður er af Reykholtskirkjusókn er formaður stjórnar, sem að öðru leyti skiptir með sér verkum.

5. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórn Snorrastofu í Reykholti ræður forstöðumann, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Forstöðumaðurinn undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal lögð fyrir stjórnina fyrir 1. apríl ár hvert. Forstöðumaðurinn vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil.

7. gr.

Tekjur Snorrastofu í Reykholti auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

Tekjum og eignum Snorrastofu í Reykholti má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila þ.m.t. stofnaðila og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

9. gr.

Reikningsár Snorrastofu í Reykholti er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal í fyrstu viku marsmánaðar leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Snorrastofu til afgreiðslu:

1. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
2. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Snorrastofu í Reykholti skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn til a.m.k. tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Skipulagsskránni verður aðeins breytt með samþykki allra stjórnarmanna og skulu þær hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

Stofnuninni verður slitið með sameiginlegri ákvörðun stofnenda.

Verði starfsemi Snorrastofu í Reykholti hætt og stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til eflingar rannsóknum á íslenskum fræðum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur: Skrifstofu ráðherra, með fjórum stoðsviðum, skrifstofu menntamála og vísinda og skrifstofu menningarmála. Skrifstofustjórar stýra stoðsviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóra ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytisstjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa ráðherra.

Skrifstofa ráðherra skiptist í fjögur stoðsvið, þ.e. fjármálasvið, almennt svið, alþjóðasvið og lögfræði- og stjórnsýslusvið. Verkefni skiptast milli stoðsviða á eftirfarandi hátt:

Fjármálasvið.

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð, eftirliti með framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar og stofnkostnaðar, ýmiss konar samningagerð og umsjón með greiðslum og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins. Þar eru einnig starfsmannamál stofnana og skóla eftir því sem við á.

Almennt svið.

Á almennu sviði er umsjón með rekstri ráðuneytisins, afgreiðslu og ýmiss konar sameiginlegri þjónustu svo sem skráningu og vistun skjala og annarra gagna. Þar eru einnig starfsmannamál ráðuneytisins, fjárreiður, upplýsingamiðlun og útgáfumál.

Alþjóðasvið.

Á alþjóðasviði er stjórnun og skipulag alþjóðlegra samskipta sem alþjóðasvið og skrifstofur ráðuneytisins annast.

Lögfræði- og stjórnsýslusvið.

Á lögfræði- og stjórnsýslusviði eru undirbúnar ákvarðanir og veitt ráðgjöf um lögfræðileg og stjórnsýsluleg málefni innan ráðuneytisins. Á lögfræði- og stjórnsýslusviði er unnið að og höfð umsjón með undirbúningi stjórnsýsluúrskurða ráðuneytisins og afgreiðsla erinda sem berast ráðuneytinu frá umboðsmanni Alþingis, umboðsmanni barna og ríkislögmanni.

Skrifstofa menntamála og vísinda.

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum, þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námslán og námsstyrki.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 341/1993 um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 20. september 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 537 3. október 1995

REGLUGERÐ

um Forvarnasjóð.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Forvarnasjóðs sem stofnaður var með lögum nr. 96/1995 er að stuðla að áfengisvörnum.

2. gr.

Stjórn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar Forvarnasjóði stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórninni eiga fjórir sæti, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn tilnefndur af

fjármálaráðherra og einn tilnefndur af menntamálaráðherra auk formanns sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar án tilnefningar.

3. gr.

Varsla og reikningshald.

Forvarnasjóður skal vera í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem gefur sjóðstjórn svo oft sem þurfa þykir yfirlit um stöðu sjóðsins.

4. gr.

Tekjur.

Í Forvarnasjóð rennur 1% af innheimtu gjaldi af áfengi skv. lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi.

Fjármálaráðuneytið skal mánaðarlega skila Forvarnasjóði tólfta hluta áætlaðra tekna sjóðsins á árinu.

Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs ár hvert skal fjármálaráðuneytið gera Forvarnasjóði skil á mismuni tekna sjóðsins á undangengnu ári skv. uppgjöri og þeim greiðslum sem sjóðurinn hefur fengið, sbr. 2. málsgr.

5. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Forvarnasjóðs er:

1. Að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefnagrundvelli, s.s. fræðslustarfsemi og alls kyns áróður,
2. að styrkja rannsóknir sem tengjast áfengisvörnum,
3. að skipuleggja og hafa frumkvæði að verkefnum og rannsóknum á sviði áfengisvarna,
4. að samræma forvarnastarf á sviði áfengisvarna meðal þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í stjórn sjóðsins,
5. önnur verkefni á sviði áfengisvarna sem sjóðstjórn mælir með og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samþykkir.

Sérstök áhersla skal lögð á að styrkja verkefni sem snúa að ungmennum og áfengisvörnum.

Forvarnasjóður greiðir kostnað vegna reksturs og stjórnar sjóðsins skv. nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Úthlutun styrkja.

Stjóðstjórn auglýsir a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

Styrkur til verkefnis skuldbindur hvorki sjóðstjórn né heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að halda áfram styrkveitingu til sama verkefnis.

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Reglugerð þess sem sett er með stoð í 8. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. október 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1995

9. október 1995 1329 Nr. 538

REGLUGERÐ

um eignaskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum.

1. gr.

Við gerð eignaskiptayfirlýsingar og útreikning hlutfallstalna skulu samþykktar aðalteikningar húss lagðar til grundvallar.

Stærðarútreikningar skulu gerðir eftir íslenskum staðli um flatarmál og rúmmál bygginga, ÍST 50.

Öll stærðarskráning, merking og færslur í skráningartöflu skal vera samkvæmt skráningarreglum Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa um mannvirki, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari. Breytingar á skráningarreglunum öðlast ekki gildi gagnvart reglugerð þessari nema með staðfestingu ráðuneytisins.

2. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal skipting húss koma glöggt fram og tilgreint hvað tilheyrir hverjum eignarhluta, hvort um sé að ræða séreign, sameign allra eða sameign sumra og hvaða eignarhlutum slík sameign tilheyrir.

Með eignaskiptayfirlýsingu skulu fylgja grunnmyndir og sniðmyndir af hverri hæð húss, þar sem hvert rými er merkt í samræmi við skráningarreglur, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Skráningartafla skal fylgja eignaskiptayfirlýsingu.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal greint frá forsendum hennar og þeim gögnum sem hún er byggð á og fylgja með henni.

3. gr.

Sérhver eign sem eignaskiptayfirlýsing tekur til skal jafnan uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar um skiptingu lóða og húsa. Ef eignaskiptayfirlýsing tilgreinir rými í húsi eða á lóð eða notkun húss er með öðrum hætti en á samþykktri aðalteikningu verður hún ekki staðfest fyrr en breyting hefur hlotið samþykki byggingarnefndar.

Komi í ljós verulegar breytingar á notkun og grunnmynd innan eignarhluta getur byggingarfulltrúi krafist þess að ný aðalteikning verði lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar áður en eignaskiptayfirlýsing er staðfest.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal getið um minni háttar frávik frá samþykktri aðalteikningu innan eignarhluta.

4. gr.

Rúmmál samkvæmt 4., 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar er nettóflatarmál x salarhæð.

Við ákvörðun hlutfallstalna í fjöleignarhúsi skal byggt á rúmmáli sbr. 1. mgr. að viðbættu flatarmáli svala og sams konar séreignarflata x 1 m.

Gutenberg

5. gr.

Hlutfallstölur í sameign sumra skal reikna sem hlutfall rúmmáls viðkomandi séreignarhluta af heildarrúmmáli séreigna sem eiga hlutdeild í slíkri sameign.

6. gr.

Hlutfallstölur fyrir sameign allra skal reikna sem hlutfall rúmmáls viðkomandi séreignarhluta af heildarrúmmáli séreigna.

Ef í fjöleignarhúsi er sameign sumra, skal fyrst reikna hlutdeild viðkomandi séreignarhluta í rúmmáli sameignar sumra. Það rúmmál skal leggja við rúmmál viðkomandi séreignarhluta og síðan reikna hlutfallstölur fyrir sameign allra samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

Þar sem ekki eru sérstakir mælar til að mæla hita og rafmagn í sameign skal við skiptingu á slíkum kostnaði leggja til grundvallar hlutfall brúttórúmmáls sameignar og brúttórúmmáls húss.

Skal hita og/eða rafmagnskostnaði fyrst skipt eftir þeirri hlutfallstölu sameignar og þeirri kostnaðartölu sem þá kemur út skipt að jöfnu og afgangi skipt út frá hlutfallstölu séreignarhluta.

8. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skulu allar hlutfallstölur sérgreindar.

Hlutfallstölur skulu skráðar með tveim aukastöfum.

9. gr.

Ef húshlutar eru fleiri en einn á lóð er heimilt að gera eignaskiptayfirlýsingu fyrir hvern húshluta að því tilskildu að hún taki til sameignar allra.

10. gr.

Sé um að ræða hús sem ekki telst fjöleignarhús en fleiri en einn á eða nýtir, skal ef þurfa þykir gera um húsið eignaskiptayfirlýsingu til að skapa grundvöll að skiptingu réttinda og skyldna afnotahafa þess.

Skal slík skiptayfirlýsing gerð samkvæmt þeim fyrirmælum sem sett eru í reglugerð þessari og lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994.

11. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal geta um allar kvaðir á séreign, sameign og lóð. Sama gildir ef einstökum eigendum er veittur sérstakur réttur yfir sameign.

12. gr.

Í eignaskiptayfirlýsingu skal koma fram nafn og kennitala þess eða þeirra sem skjalið gera og útreikning annast. Með áritun sinni ábyrgjast þeir að eignaskiptayfirlýsingin, forsendur hennar og upplýsingar sem hún greinir sé í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 26/1994, reglugerðar þessarar, skráningarreglur og samþykktar aðalteikningar.

13. gr.

Byggingarfulltrúi viðkomandi umdæmis skal staðfesta allar eignaskiptayfirlýsingar. Getur hann krafist frekari skýringa og útreikninga ef nauðsyn krefur.

Í áritun byggingarfulltrúa felst staðfesting á því að yfirlýsingin sé í samræmi við

samþykktar aðalteikningar, lög um fjöleignarhús nr. 26/1994, reglugerð þessa og ákvæði byggingarlöggjafar sem við geta átt.

Eignaskiptayfirlýsing skal afhent byggingarfulltrúa í tvíriti, annað eintakið varðveitir hann en hitt eintakið skal hann senda Fasteignamati ríkisins.

14. gr.

Ef þinglýst eignarheimild er ekki í samræmi við samþykktar aðalteikningar skal sækja um leyfi byggingarnefndar til afmörkunar eignarhlutans áður en eignaskiptayfirlýsing fæst staðfest.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1995.

Páll Pétursson.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

Fylgiskjal:

Skráning mannvirkja.
Reglur og leiðbeiningar Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa.

Í þessu fylgiskjali er fjallað um skráningu mannvirkja. Það er notað ásamt ÍST 50, lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús og reglugerð útgefinni í október 1995 um eignaskiptayfirlýsingar, útreikninga hlutfallstalna og fleira sem grundvöllur fyrir skráningu mannvirkja og gerð eignarskiptayfirlýsinga.

Inngangur.

Rétt er að benda á að ofangreindar heimildir mynda eina heild og eru sem slík nauðsynleg gögn hverjum þeim sem að skráningu mannvirkja koma.

Reglur þær sem hér birtast um skráningu mannvirkja eru unnar í samstarfi Fasteignamats ríkisins og byggingarfulltrúa á landinu. Reglunum er ætlað að samræma skráningu mannvirkja um land allt.

Fylgiskjal þetta skiptist í þrjá hluta:

Hluti I: Skráning mannvirkja, yfirlit.

Hluti II: Frágangur uppdrátta, uppskipting mannvirkis og skráningartafla.

Hluti III: Ýmsar leiðbeiningar, reglur og orðskýringar.

Skýringardæmi verða gefin út sem sýna nánar hvernig skráning skal útfærð fyrir einstök hús.


Hluta I er ætlað að gefa yfirlit yfir flokkun og skráningu mannvirkja. Áhersla er lögð á að frágangur uppdrátta verði samræmdur og reglur þar að lútandi eru settar fram í hluta II. Meginhluti þess kafla er sjálf skráningartaflan sem fylgja skal aðaluppdráttum hvers mannvirkis. Skráningartaflan er byggð upp með það í huga að fá fram þau atriði sem mestu skipta fyrir skráningu. Þar er um að ræða nokkur nýmæli og ítarlegri skráningu en krafist

hefur verið. Gert er ráð fyrir að upplýsingar töflunnar leiði til vinnusparnaðar við gerð eignaskiptayfirlýsinga og að skráðar birtar stærðir mannvirkja víki burt margháttuðum ruglingi sem hefur verið á kreiki varðandi sölustærðir eigna.

Hluti III hefur að geyma frekari útskýringar á afmörkun einstakra byggingahluta og leitast er við að skýra nokkur hugtök.

Skráningarreglur þær sem hér birtast eru á vissan hátt frumraun og má gera ráð fyrir að þær eigi eftir að þróast í tímans rás og slípast við notkun.

Hluti I:
Skráning mannvirkja – yfirlit.



1.1 Lóðir

Sérhver lóð hefur ákveðið fast númer, landnúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.

Auk þess eru sveitarfélög með eigin staðgreinikerfi.

Sveitarfélög gefa út mæliblöð þar sem fram kemur m.a. afmörkun lóða og staðgreinitölur.

1.2 Mannvirki

Upplýsingar um mannvirki, sem Fasteignamat ríkisins og byggingarfulltrúar óska eftir skulu skráðar í skráningartöflu og fylgja aðaluppdráttum til byggingarfulltrúa.

Hvert sjálfstætt mannvirki er skráð sérstaklega.

Mannvirkjahluta má skrá sérstaklega sem sér matshluta þegar:

a) Byggingafræðileg rök mæla með sjálfstæðri skráningu, s.s. byggingarefni og byggingarlag, enda geti hann staðið sjálfstæður samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

b) Eignamörk mæla með því og nauðsynlegt reynist að gera sérstaka eignaskiptayfirlýsingu um hann.

Mannvirki skal skipt í hæðir samkvæmt reglum um hæðaskiptingu.

Mannvirki skal skrá eftir lokunarflokkum.


Hæðum skal skipt í rými eftir reglum um eignarhald, höfuðflokkun og notkun rýma.

1.3 Fasteignir

Fasteign samanstendur af einni eða fleiri matseiningum, t.d. íbúð og bílskúr. Með hverri matseiningu er tilgreind hlutdeild í sameign.

Sérhver fasteign hefur ákveðið fast númer, fastanúmer. Númerið er hlaupandi raðtala.

Skráning mannvirkja sbr. að framan er lögð til grundvallar við eignarskráningu hjá opinberum aðilum.



Hluti II:
Frágangur uppdrátta, uppskipting mannvirkis, skráningartafla.

2. Frágangur uppdrátta

2.1 Almennt

Samþykktir aðaluppdrættir af húsi eða öðru skráningarskyldu mannvirki eru grundvöllur uppskiptingar þess í rými og eignarhluta. Við uppskiptinguna skal miða við þær reglur er fram koma í 3. kafla.

Staðgreinitölur viðkomandi sveitarfélags skulu færðar inn á aðaluppdrátt.

Allir stærðarútreikningar skulu gerðir eftir ákvæðum í ÍST - 50 og skráningarreglum þessum.

Allar niðurstöður skulu færðar í skráningartöflu sbr. 4. kafla.

Skráningartafla skal vera á aðaluppdráttum og er hún grunnur að eignaskiptayfirlýsingu.

Allar málsetningar skulu vera þannig á grunnmyndum og sniðum að hægt sé að reikna út flatarmál og rúmmál án þess að um mælingar sé að ræða á uppdráttum.

Uppfylli bygging á einhvern hátt ekki ákvæði byggingarreglugerðar eða skipulagsskilmála skal þess getið á aðaluppdráttum og sótt sérstaklega um leyfi vegna fráviks. Reitur fyrir áritun 7x10 sm skal vera efst í horni hægra megin á öllum uppdráttum.

2.2 Aðaluppdrættir

Aðaluppdrættir eru heildaruppdrættir að mannvirki, ásamt afstöðumynd þess. Þeir eru að jafnaði í mælikvarða 1:100 en afstöðumynd í mælikvarða 1:500.

Aðaluppdrættir fylgja umsókn um byggingarleyfi, þeir eru að jafnaði í blaðstærð A2. Fjallað er um aðaluppdrætti í gr. 3.1.3 og kafla 3.2 í byggingarreglugerð nr. 177/1992, með síðari breytingum.

Nafnreitur skal vera neðst í hægra horni uppdráttar innan ramma, og skal hann ekki vera lengri en 185 mm. Í nafnreit skal skrá heiti þess, sem teiknað er, mælikvarða, númer uppdráttar, dagsetningu og undirskrift.

Breytingar á uppdrætti skal tölusetja, dagsetja og undirrita í sérstökum reit innan nafnreits, en geta með athugasemd ofan nafnreits í hverju breytingin sé fólgin.

2.3 Afstöðumynd

Afstöðumynd í mælikvarðanum 1:500 skal sýna afstöðu til aðliggjandi mannvirkja, gatna, nágrannalóða og útivistarsvæða. Miða skal við 30 m fjarlægð frá mannvirki sem uppdráttur tekur til. Á afstöðumynd skal skrá nr. lóða og götuheiti. Þá skal og sýna byggingarreit innan lóðar samkvæmt skipulagi, bílastæði á lóð og aðkomu, sérstaklega skal gera grein fyrir bílastæði fatlaðra. Sýna skal greinilega ef og þá hvar nýbygging fer út fyrir byggingarreit. Á afstöðumynd skal sýna norður. Hæðarkótar skulu vera á lóðamörkum.

2.4 Grunnmyndir

Á grunnmyndum skal sýna innra fyrirkomulag og gera grein fyrir notkun hvers herbergis og annarra vistarvera.

Gera skal grein fyrir nettóflatarmáli hverrar vistarveru innan hvers rýmis þannig að samanlögð stærð þeirra verði jöfn nettóflatarmáli heildarrýmisins sem skrá skal í skráningartöflu.

Gera skal sérstaklega grein fyrir inntökum hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og síma, svo og sorpgeymslu ásamt aðkomu að henni. Hæðarkótar skulu vera á grunnmyndum. Fastar innréttingar og húsmunir á grunnmyndum skulu vera í réttum mælikvarða. Sýna skal með strikalínu hvar salarhæð er 1,80 m.

Eins skal merkja sérstaklega þau rými sem kunna að vera óuppfyllt innan sökkla.

Merkja skal inn björgunarop og sýna staðsetningu reykskynjara. Brunaskilrúm skulu merkt sérstaklega. Þetta á við þar sem ekki eru gerðir sérstakir eldvarnauppdrættir.

Gerð skal grein fyrir loftræsingu lokaðra rýma, gólfniðurföllum í votrýmum og handslökkvibúnaði.

Op skulu koma fram á grunnmyndum.

Grunnmyndir skulu einnig sýna fyrirkomulag á lóð, bílastæði, leiksvæði barna, hæðarlegu og landhalla og tengsl við nágrannalóðir, girðingar og trjágróður.

Á grunnmyndir skal rita greinitölur hvers rýmis (rýmisnúmer).

2.5 Útlit – sneiðingar

Á sneiðingum skal mál- og kótasetja allar hæðir í byggingunni. Þar skal einnig koma fram hæðarlega húss, lóðar og aðliggjandi götu. Á útlitsuppdrætti skal gefa hæð á jörð við útvegg.

2.6 Byggingarlýsing

Í byggingarlýsingu skal greina frá helstu byggingarefnum húss, uppbyggingu, frágangi og áferðum jafnt utan sem innan. Gefa skal upp einangrun útveggja, grunnplötu og þaka. Þar skal einnig koma fram hvort hús eru búin loftræsingu og öryggiskerfum.

2.7 Ýmsar upplýsingar

Gefa skal upp lóðarstærð og nýtingarhlutfall lóðar. Skýrt skal koma fram hvernig fjöldi bílastæða á lóð er reiknaður. Skrá skal fjölda stæða á uppdrátt og gefa upp mismunandi breidd stæða ef um það er að ræða.

Greina skal frá fyrirhugaðri starfsemi svo og áætluðum fjölda starfsmanna og mesta mannfjölda í salarkynnum.

2.8 Breyttir uppdrættir

Þegar sótt er um breytingar á aðaluppdráttum skal gera nákvæma grein fyrir breytingunni í texta sem ritaður er á uppdráttinn ásamt dagsetningu. Heimilt er að láta fylgja með umsókn aukaeintak af uppdrætti þar se breytingin er sérstaklega afmörkuð með hring eða strikalínu. Slíkur uppdráttur er þá fylgiskjal.

3. Uppskipting mannvirkis

3.1 Mannvirki skipt í hæðir

Mannvirki skiptist í hæðir um hæðarskil. Hæðarskil liggja í botnfleti hæðar.

Botnflötur hæðar er óslitinn flötur sem liggur í gólfyfirborði og framlengist yfir göt og gegnum fasta innveggi og útveggi. Afmörkun botnflatar hæðar er útbrún útveggja. Flatarmál botnflatar hæðar er flatarmál lóðrétts ofanvarps hans á láréttan flöt.

Um uppskiptingu mannvirkis í hæðir gildir eftirfarandi:

1. Mannvirki skal skipt í hæðir neðanfrá og uppúr.
2. Hver hæð skal merkt með hæðarnúmeri. Númering kjallara er 00 og síðan -1 og -2 ef kjallarar eru fleiri. Fyrsta hæð er merkt 01, önnur hæð 02, o.s.frv.
3. Hverja hæð skal merkja með heiti, t.d. kjallari, 1. hæð, sem er að jafnaði jarðhæð, 2. hæð o.s.frv.
4. Kjallari telst þegar gólf er undir yfirborði jarðvegs á alla vegu, sbr. byggingarreglugerð.

3.2 Hæðum skipt í rými

1. Hverri hæð skal skipt í rými.
2. Rými skulu skráð með hliðsjón af:
   - Lokun
   - Eignarhaldi
   - Höfuðflokkun
   - Notkun

Nánari skilgreining á rýmum og hvernig þau eru skráð er í skýringum með skráningartöflu í kafla 4.

Skráningartafla fyrir:

Landnúmer: Matshlutanúmer:

Unnið af: Dags.:

	Uppskipting og lýsing					Stæröir													
	D0 Lokun	D1 Rými hæð-röð	D2 Notkun textl	D3 Höfuð-flokkun	D4 Eignarhald	D5 Botnflötur m2	D5M Millifletir m2	D6 Stigar m2	D7 Op m2	D8 Brúttófletir m2	D9 Brúttóflötur Sh < 1,8	D10 Salarhæð min-max	D11 Brúttó rúm-mál m3	D12 Nettó flatar-mál m2	D13 Nettó flötur Sh < 1,8	D14 Hjúpfletir (útfletir) m2	D15 Glugga- og dyraop m2	D16 F/rými birt m2	D17 Skipta-rúmmál m3
Mannvirkjalína																			
Botnplötulína			Botnplata		X														
Hæðarlína	A	00	Kjallari																
Rýmislína	A	0001	Sorp	T	X														
Hæðarlína	A	01	1. hæð																
Rýmislínur	A	0101	Íbúð	N	0101														
	A	0102	Þvottur	N	X														
	A	0103	Geymsla	N	0101														
	A	0104	Anddyri	U	X														
	B	0105	Stigahús	U	X														
	B	0106	Verönd	N	0101														
	C	0107	Svalir	N	0101														
Þaklína			Þakflötur		X														

Eignarlína:
Þar sem rýmisnúmer og eignarhaldsnúmer er sama númerið

Athugasemdir:

3. Botnfletir rýma á hverri hæð skulu merktir með raðnúmerum, 01, 02, 03, o.s.frv. Til dæmis rými á 1. hæð, 0101, 0102 og rými á 2. hæð 0201, 0202 o.s.frv.

Skráningartafla skal innihalda þau meginatriði sem nauðsynleg og gagnleg eru fyrir skráningu mannvirkis.

4. Skýringar við skráningartöflu

4.1 Línur

Línur í töflunni eru nefndar:

1. **Mannvirkjalína**, sem sýnir atriði fyrir mannvirkið í heild.
2. **Hæðarlínur**, sem sýna atriði fyrir hverja hæð.
3. **Rýmislínur**, sem sýna atriði fyrir hvert rými.
4. **Eignarlínur**, eru einungis þar sem rýmisnúmer og eignarhaldsnúmer eru þau sömu. Þá er línan bæði rýmislína og eignarlína.
5. **Botnplötulína**, er ein lína fyrir allt mannvirkið. Þar er einungis skráð botnflatarmál (D14) og brúttórúmmál (D11).
6. **Þaklína**, er ein lína fyrir þakflöt mannvirkis. Stærð þakflata færist í D14.

7. Athugasemdalínur.

Neðan við skráningartöflu eru athugasemdalínur, þar sem unnt er að koma við ýmsum, skýringum, s.s. sérnotaréttindi, skrá um tengingu sameigna sumra við eignir, kvaðir o.s.frv.

4.2 Dálkar

Dálkur 0: Lokun

Mannvirki eru flokkuð í þrjá flokka sem táknaðir eru með bókstöfunum A, B og C.

A merkir lokað mannvirki eða lokað rými í opnu mannvirki.

B merkir lokað rými að ofan en opið á hliðum að hluta eða öllu leyti.

C merkir rými opið að ofan.

Rými telst ekki lokað ef útiloft getur leikið um rýmið óhindrað. Yfirleitt eru opin rými óeinangruð. Þótt rimlar eða net séu í opum er rýmið eftir sem áður skilgreint sem opið.

Í færslu í skráningartöflu er rýmum raðað þannig að fyrst eru færð rými í lokunarflokki A, síðan B og loks C. Opin rými koma ekki með í samtölur hæða (hæðarlínur) og mannvirkis (mannvirkjalínu).

Stærðir B rýma færast í D5, D5M, D6, D7, D8 og D10. Stærðir C rýma færast í D5, D6, D7 og D8.

Aðalreglan varðandi afmörkun A, B og C rýma er þannig:

Fyrst er A rými afmarkað. Þar sem B rými kemur að A rými, þá reiknast það að áður skilgreindu og afmörkuðu A rými. Þar sem C rými kemur að B rými reiknast það að áður skilgreindu og afmörkuðu B rými.

Dálkur 1: Rými

Á uppdráttum er hverri hæð skipt í rými. Byrjað skal á neðstu hæð mannvirkis. Rými á hverri hæð skulu valin og skráð með hliðsjón af:

	Dálkur
- Lokunarflokkun	D0
- Notkun	D2
- Höfuðflokkun	D3
- Eignarhaldi	D4

Hvert sérgreint rými innan hverrar hæðar myndar rýmislínu og fær númer (rýmisnúmer). Aðrar atriðafærslur í sömu línu töflunnar eru tengdar þessu númeri.

Rýmisnúmer er fjórir stafir. Tveir fyrstu stafirnir eru hæðarnúmer og tveir seinni raðnúmer innan hæðar.

Þannig merkir rými númer 00 03 rými númer þrjú í kjallara, og númer 01 01 rými númer eitt á fyrstu hæð.

Við val rýmisnúmera innan hæðar skal gefa þeim notarýmum sem verða í eignarlínum lægstu númerin. Að öðru leyti númerast rými frá vinstri til hægri, sólarsinnis, verði því við komið.

Opin rými fá samskonar rýmisnúmer og lokuð rými. Númer fyrir opin rými koma í beinu framhaldi af rýmisnúmerum lokaðra rýma.

Dálkur 2: Heiti notkunar

Í rýmislínur skal skrá notkun/eðli rýmis með texta.

Dæmi um notkun:

- íbúð
- geymsla
- verslun
- skrifstofa
- sorpgeymsla

Athuga skal að sorpgeymslur og hliðstæð rými sem eru áföst við mannvirki skulu færast með viðkomandi hæð.

- inntaksklefi

Dæmi um eðli rýmis:

- milligólf
- svalir

Í hæðarlínur er skráð heiti hæðar (kjallari, 1. hæð, 2. hæð, o.s.frv.).

Dálkur 3: Höfuðflokkun

Notarými (N) eru stærsti hluti byggingarinnar. Þessi rými þjóna beinlínis markmiði hennar og vísa til notkunar.

Dæmi um notarými er íbúð.

Umferðarrými (U) þjóna þeim tilgangi að tengja notarými eða eru aðkoma eða útgangur. Þau notast eingöngu til umferðar og flutninga. Umferðarrými innan notarýma teljast notarými t.d. gangur eða anddyri innan íbúðar.

Dæmi um umferðarrými eru stigahús, stigagangar, gangar, anddyri, neyðarútgangar og forstofur.

Tæknirými (T) eru rými sem hýsa rekstrarleg tæki og samstæður í mannvirkinu.

Dæmi um tæknirými eru sorpgeymslur, kyndiklefi, inntaksklefi, herbergi fyrir loftræsisamstæðu, herbergi fyrir rafstöð eða gassamstæðu, símaþjónustustöð og mælaherbergi.

Sé mannvirkið reist til þess að þjóna rekstrartæknilegu hlutverki fyrir önnur mannvirki, t.d. kyndistöð, virkjunarhús eða dælustöð telst rýmið notarými.

Bílageymslurými (B) eru öll þau rými sem ætluð eru til geymslu á bílum, svo sem innbyggðir bílskúrar, bílageymslur og bílskýli hvort sem þau eru hluti af mannvirkjum eða sjálfstæðar byggingar.

Bílageymslurými önnur en bílskúrar í séreign eru skráð sem heild í skráningartöflu. Einstök bílastæði fá ekki rýmislínu. Sérafnotaréttur af bílastæðum er skráður í athugasemdalínur neðan við skráningartöflu.

Fylgirými (F) eru rými sem hægt er að hafa not af en falla ekki undir aðra höfuð-

flokka. Þau liggja utan afmörkunar íbúðar-, atvinnu-, athafna- og geymslurýma. Fylgirými hafa aðkomuleið, eru án hitastýringar og hafa gólf.

Algengustu dæmi um fylgirými eru óinnréttuð háaloft og þakrými.

Dálkur 4: Eignarhald

Í rýmislínur er skráð eignarhald rýmis. Rýmisnúmer mikilvægasta notarýmisins og þess sem einkennir eignina er valið sem eignarhaldsnúmer. Öll séreignarrými sem tilheyra sömu matseiningu fá sama eignarhaldsnúmer.

Sameignarrými greinast í sameign allra og sameign sumra.

Rými í sameign allra eru merkt með X og rými í sameign sumra eru merkt með Y.

Ef fleiri en eitt rými er í sameign sumra og tilheyra mismunandi eignum skulu þau merkt Y1, Y2, Y3 o.s.frv.

Dálkur 5: Botnflatarmál

Í rýmislínur skal skrá stærð botnflatar hvers rýmis, samanber kafla 3.1.

Í hæðarlínur er fært hæðarflatarmál, sem er summan af botnflötum allra rýma á viðkomandi hæð.

Botnflatarmál hæða mannvirkis er samanlagt hæðarflatarmál þess og er fært í mannvirkjalínu.

Dálkur 5M: Flatarmál milliflata

Millifletir eru fletir sem liggja ekki í hæðarskilum, samanber kafla 5.1 í hluta III.

Botnflatarmál milliflatar er heildarflatarmál hans og innifelur m.a. op, en stærð þeirra er færð í D7 í rýmislínu milliflatarins.

Í rýmislínur er fært botnflatarmál hvers millirýmis innan viðkomandi hæðar.

Í hæðarlínur er færð summa botnflatarmáls millihæða innan hverrar hæðar.

Flatarmál botnflata millihæða skal skráð í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 6: Flatarmál stiga

Í rýmislínur er fært samanlagt flatarmál stiga í hverju rými, samkvæmt skilgreiningu í hluta III.

Í hæðarlínur er fært samanlagt flatarmál stiga á hæð.

Í mannvirkjalínu er færð samanlögð stærð stiga í mannvirkinu.

Flatarmál stiga skal skrá í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 7: Flatarmál opa

Í rýmislínur er færð samanlögð stærð opa í hverju rými samkvæmt skilgreiningu í hluta III.

Í hæðarlínur er færð samanlögð stærð opa á hæðinni.

Í mannvirkjalínu er færð samanlögð stærð opa í mannvirkinu.

Op skal skrá í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 8: Brúttófletir

Í rýmislínur skal skrá brúttóflatarmál hvers rýmis án tillits til salarhæðar. Það reiknast sem:

$$D8 = D5 + D5M + D6 - D7$$

Í hæðarlínur er fært samanlagt brúttóflatarmál allra rýma innan hæðarinnar.

Brúttóflatarmál mannvirkis er samanlagt brúttóflatarmál allra hæða þess og færist í mannvirkjalínu.

Brúttóflatarmál skal skrá í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 9: Brúttóflatarmál rýrma með salarhæð undir 1,80 m

Í rýmislínur er skráð flatarmál þess hluta rýmisins sem hefur salarhæð undir 1,80 m.

Flatarmál skal skrá í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 10: Minnsta og mesta salarhæð

Í rýmislínur er færð salarhæð rýmis en minnsta og mesta salarhæð ef hún er breytileg.

Salarhæð er samkvæmt ÍST-21.

Salarhæð er færð í metrum með tveimur aukastöfum.

Dálkur 11: Brúttórúmmál

Í rýmislínur skal skrá brúttórúmmál hvers rýmis.

Brúttórúmmál rýmis er botnflatarmál rýmis í D5 margfaldað með meðalsalarhæð þess.

Brúttórúmmál hæðar er samanlagt rúmmál rýma innan hæðar og færist í hæðarlínu.

Rúmmál botnplötu skal skrá miðað við 20 sm heildarþykkt.

Brúttórúmmál mannvirkis er samanlagt brúttórúmmál hæða þess að viðbættu rúmmáli botnplötu og öðrum lokuðum rýmum mannvirkisins, séu þau utan afmörkunar hæða.

Brúttórúmmál skal skrá í m^3 með einum aukastaf.

Dálkur 12: Nettóflatarmál

Í rýmislínur skal skrá nettóflatarmál hvers rýmis án tillits til salarhæðar.

Nettóflötur rýmis er botnflötur þess að frádregnum:

- Láréttum þversniðum útveggja.
- Láréttum þversniðum burðarveggja og fastra innveggja.
- Opum.

Nettóflatarmál reiknast af nettófleti rýma, hæða og milliflata.

Nettóflatarmál reiknast ekki af stigum.

Gólfflötur undir dyraopum telst ekki til nettóflatar nema lengd flatarins sé meiri en 1,50 m.

Dálkur 13: Nettóflatarmál rýma með salarhæð undir 1,80 m

Í rýmislínur er skráð nettóflatarmál þess hluta rýmisins sem hefur salarhæð undir 1,80 m.

Dálkur 14: Hjúpfletir (útfletir)

Í rýmislínur er skráð flatarmál útflata rýma. Í botnplötulínu er skráð flatarmál botnplötu og í þaklínu flatarmál þakflata.

Í hæðarlínur eru skráðir hjúpfletir hverrar hæðar.

Þakflötur er reiknaður sem raunflötur en ekki ofanvarp, samanber skýringu í hluta III.

Flatarmál hjúpflata er skráð í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 15: Glugga- og dyraop

Í rýmislínur skal skrá flatarmál glugga og útidyra.

Í hæðarlínur skal skrá samanlagt flatarmál glugga og útidyra á hæðinni.

Í mannvirkjalínu skal skrá heildarstærð glugga og dyraopa.

Stærðir glugga og útidyra miðast við steypumál eða samsvarandi og skráist í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 16: Birtar stærðir rýma

Í rýmislínur séreignarrýma í lokunarflokki A og höfuðflokkum N, U, T og B eru færðar birtar stærðir, sem eru eftirfarandi:

D16 = D5 + D5M - D7 - D9

Þ.e. flatarmál botnflata og milliflata að frádregnu flatarmáli opa og brúttóflata með salarhæð minni en 1,80 m.

Í hæðarlínur eru færðar samtölur úr rýmislínum og í mannvirkjalínu er færð samtala úr hæðarlínum.

Birtar stærðir skal skrá í m^2 með einum aukastaf.

Dálkur 17: Skiptarúmmál

Í rýmislínur séreignarrýma í lokunarflokki A og höfðuflokkum N, U, T og B er fært nettóflatarmál rýmis x meðalsalarhæð yfir nettófleti.

Í rýmislínur svala er fært flatarmál þeirra x 1 metri.

Hluti III.
Ýmsar leiðbeiningar og reglur. Orðskýringar.

5. Skráningarreglur er varða sérstaka fleti og rými

5.1 Millifletir

Millifletir er samheiti flata, annarra en stiga, sem liggja milli hæðarskila eða hæðarskila og þakflatar og hafa fasta aðkomu. Millifletir skiptast í innfleti og millihæðir. Allir millifletir mynda sjálfstæða rýmislínu.

Botnflatarmál allra milliflata er fært í D5M.

Uppbyggð gólf (létt gólf) og niðurbyggð loft eru ekki millifletir. Þau þarf ekki að skrá sérstaklega en geta skal þeirra í athugasemdalínum.

5.1.1 Innfletir

Innflötur er milliflötur í umlykjandi rými og hefur sama eignarhald og það.

Botnflatarmál innflata er skráð í D5M. Atriði um innfleti eru ekki færð í D5, D11, D14 og D15.

Botnflötur innflata afmarkast af aðliggjandi veggjum.

Göt í innfleti eru færð í D7.

5.1.2 Millihæðir

Millihæðir eru aðskildar frá öðrum rýmum, aðkoma að þeim er sjálfstæð eða frá sameign. Botnflötur millihæða reiknast á sama hátt og botnflötur hæðar.

Atriði um millihæðir færast í alla dálka skráningartöflu nema D5.

5.2 Stigar

Stigi telst samnefni yfir stigahlaup og stigapalla milli hæðarskila.

Flatarmál stiga er flatarmál lóðrétts ofanvarps hans á láréttan flöt. Ofanvarpist fleiri hlutar stigans á sama flöt skal reikna ofanvörpin samanlögð. Flatarmál stiga reiknast án aðliggjandi veggja.

Mæliflötur stiga til ákvörðunar salarhæðar og rúmmálsreikninga liggur í kverkfleti stigans og yfirborði stigapalls.

Allir stigar sem liggja milli hæðarskila skulu skráðir.

Stigar teljast ekki til botnflata en eru raunfletir.

Stigar mynda ekki sjálfstæðar rýmislínur, flatarmál stiga er fært í D6 í rýmislínu þess rýmis sem stiginn liggur í.

Skrá skal stiga utanhúss.

5.3 Op

Op í gólfflötum eru flokkuð í þrjá flokka, þ.e. stigaop, lyftuop og önnur op.

Op sem eru minni en einn fermetri eru ekki skráð sérstaklega heldur teljast með þeim fleti sem þau eru í.

Afmörkun skráðra opa er ljósop þeirra.

Lyftuop skráist ekki sérstaklega en er innifalið í botnfleti þess rýmis sem það liggur í. Upplýsingar um hvort lyfta sé í húsinu komi í athugasemdalínur.

5.3.1 Stigaop

Stigaop er op í gólfplötu sem stigi liggur upp að.

Mæliflötur stigaops er í framhaldi yfirborðs gólfflatar aðliggjandi rýmis.

Stigaop er hluti botnflatar en telst ekki til brúttóflatar.

Stigaop myndar ekki sjálfstæða rýmislínu en er fært í D7 í rýmislínu þess rýmis sem stiginn liggur upp að.

5.3.2 Önnur op

Op er hluti botnflatar rýmis en telst ekki til brúttóflatar (raunflatar).

Op er fært í D7 í rýmislínu aðliggjandi rýmis.

5.4 Svalir utanhúss

Svalir mynda rýmislínu og stærðir þeirra eru færðar í D5 og D17.

Svalir á sömu hæð og í sama lokunarflokki má taka saman í eina rýmislínu, ef þær tilheyra sömu eign. Dæmi: Íbúð hefur tvennar svalir sem báðar eru í lokunarflokki C. Svalirnar eru færðar í sömu línu og fá því sama rýmisnúmer. Stærðir svalanna eru lagðar saman í skráningu. Í texta skal geta fjölda svala.

Sé stærri hluti svala lokaður að ofan t.d. af öðrum svölum skal merkja BC í dálk 0. Sé stærri hluti svala opinn að ofan skal merkja CB.

5.5 Lyftustokkar

Þar sem lyftustokkur gengur upp úr þaki eða niður úr neðstu plötu skal rúmmál þess rýmis reiknast með aðliggjandi rými.

5.6 Lagnastokkar

Liggi lagnastokkur milli tveggja rýma skal helmingur þversniðs hans reiknast með hvoru rýminu.

5.7 Þakfletir

Þakfletir eru raunfletir, sem afmarkast af skurðlínum útflata útveggja og þaks.

Hjúpfletir kvista og sambærilegra rýma teljast til þakflatar.

6. Ýmsar tegundir mannvirkja

6.1 Atvinnuhúsnæði

6.1.1 Verksmiðjur og iðjuver

Í óskiptum verksmiðjum og iðjuverum skal skrá sem hér segir: Mannvirkjum skal skipt í hæðir sbr. kafla 3.1 og hæðum síðan skipt í rými sem valin eru með hliðsjón af notkun. Notkun skal skráð með texta í D2, óþarft er að greina milli höfuðflokka, en í D3 skal skrá fyrir verksmiðjur V og fyrir iðjuver IV.

Í verksmiðjum og iðjuverum er óþarft að reikna út nettó fermetra, en að öðru leyti skal útfylla skráningartöflu að fullu.

6.1.2 Annað atvinnuhúsnæði

Um annað atvinnuhúsnæði gilda almennar reglur.

6.2 Landbúnaðarbyggingar, ylræktarver og gróðurhús

Landbúnaðarbyggingar skal skrá sem hér segir: Mannvirkjum skal skipt í hæðir sbr. kafla 3.1 og hæðum síðan skipt í rými sem valin eru með hliðsjón af notkun. Notkun skal skrá með texta í D2, óþarft er að greina milli höfuðflokka, en í D3 skal skrá fyrir landbúnaðarbyggingar L, fyrir ylrækt Y og fyrir gróðurhús G.

Í landbúnaðarbyggingum, ylræktarverum og gróðurhúsum er óþarft að reikna út nettó fermetra en að öðru leyti skal útfylla skráningartöflu að fullu.

6.3 Sumarhús – orlofsbúðir

Sumarhús og orlofsbúðir skal skrá samkvæmt almennum reglum. Skrá skal stærðir sólpalla og veranda við þau í tilheyrandi lokunarflokki.

7. Orðskýringar

Birt stærð eigna

Birt stærð eignar er það flatarmál sem fært er í mannvirkjalínu í D16 ef matshluti er óskipt eign, en samtala rýma hverrar séreignar ef matshluti er skipt eign þ.e. inniheldur tvær eða fleiri matseiningar.

Birtar stærðir eignar samkvæmt skráningartöflu verða notaðar af opinberum skráningaraðilum til að auðkenna stærðir eigna. Þær skulu koma fram með hverri eign í eignaskiptayfirlýsingum.

Bílgeymslurými

1. Opin bílastæði eru óyfirbyggð og nokkurn veginn í jarðhæð. Þau eru ýmist hluti af götustæði eða sérbyggð.
2. Bílastæðahús eru sérbyggð hús fyrir bílastæði, yfirleitt á fleiri hæðum en einni. Útveggir meira eða minna opnir.
3. Bílageymsla er bílastæði í húsi, sem er aðallega byggt fyrir aðra starfsemi. Þessi stæði eru oftast á neðstu hæð og í lokuðu húsi. Bílastæði þessi eru fyrst og fremst fyrir viðkomandi hús.
4. Bílastæðakjallari er bílastæði undir húsi, sem er aðallega byggt fyrir aðra starfsemi. Bílastæðakjallarinn er oft nokkrar hæðir neðanjarðar. Fjöldi bílastæða er langt umfram þarfir viðkomandi húss.

Brúttórúmmál

Botnflatarmál margfaldað með meðalsalarhæð.

Eignarhaldsnúmer

Númer sem tengir saman rýmislínur í skráningartöflu í eina matseiningu. Númerið er rýmisnúmer mikilvægasta notarýmisins.

Eignarnúmer
Sérhver matseining hefur ákveðið fast númer, eignarnúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar.
Númer þetta hefur einnig verið nefnt matsnúmer. Tölvukerfi FMR gefur númerið.

Fastanúmer
Sérhver fasteign hefur ákveðið fast númer, fastanúmer. Númerið er eignarnúmer aðalmatseiningar fasteignarinnar.

Fasteign
Eignarhluti sem eigandi getur ráðstafað (selt eða veðsett). Veðandlag.

Hjúpflötur
Einstakur flötur hjúps.

Hjúpur
Umlykjandi lokaður flötur (envelope).

Hugflötur
Andstæða við raunflöt. Hugsaður flötur sem afmarkar rými eða liggur í yfirborði ops o.s.frv.

Landnúmer
Sérhver lóð hefur ákveðið fast númer, landnúmer. Númerið er hlaupandi raðtala sem felur ekki í sér aðrar upplýsingar. Tölvukerfi FMR gefur númerið.

Matseining
Minnsta eign sem fær sjálfstætt fasteignamat. Matseining þarf ekki að hafa eigin lóðarrétt t.d. útihús á jörð.

Matshluti
Mannvirki í heild eða sá hluti þess sem gerð er eignaskiptayfirlýsing um.

Raunflötur
Andstæða við hugflöt. Áþreifanlegur, efnislegur flötur.

Rishæð
Það telst rishæð þegar tveir eða fleiri þakfletir mynda útveggi rýmis og uppfyllir ákvæði byggingarreglugerðar.

Útflötur
Útflötur er hér ytri flötur útveggja.

Þakhæð
Gerður er greinarmunur á hæð og þakhæð. Efsta hæð telst þá og því aðeins hæð að lofthæð hennar fullnægi ákvæðum byggingarreglugerðar á gólffleti er nemur a.m.k. tveim þriðju af gólffleti hæðarinnar fyrir neðan. Ella telst hæðin þakhæð, enda innihaldi hún notaeiningar.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B og IV A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr/kg
0407.0000	Frjóegg (af tegundi Gallus domesticus)	11.10.-31.12.	ótilgr.	0	77
0709.6003	Gul paprika	11.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
0709.6003	Rauð paprika	23.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
0709.6003	Orange paprika	23.10.-31.10.	ótilgr.	15	198
Tollnúmer:					
0704.1000	Blómkál	16.10.-31.10.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.10.-31.10.	ótilgr.	30	0
0707.0009	Gúrkur	11.10.-31.10.	ótilgr.	15	98

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi nú þegar og gildir til 31. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. október 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Lýtingsstaðahrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Lýtingsstaðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi eftir þörfum.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13 eða 21. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar og kosningar nefnda.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt viðkosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um

stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í

nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Kjörstjórn.* Kjörstjórn hefur það hlutverk að vera undirkjörstjórn við alþingiskosningar og kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar. Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin standi að baki nýsköpun í atvinnumálum í sveitarfélaginu.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
3. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að annast rekstur bókasafns er sameinað hefur verið úr tveimur lestrarfélögum og skólabókasafni.

4. *Byggingar- og skipulagsnefnd framhluta Skagafjarðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
5. *Ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hlutverk nefndarinnar er að standa að baki ferðaþjónustu Steinsstaðaskóla er rekin er í skólahúsinu, öðrum byggingum hreppsins og aðliggjandi opnu svæði.
6. *Fjallskilastjóra og varafjallskilastjóra.*
7. *Húsnefnd félagsheimilisins Árgarðs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
8. *Leikskólanefnd* skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla er kjörin sameiginlega af Lýtingsstaðahreppi, Akrahreppi og Seyluhreppi.
9. *Samráðsnefnd vegna Blönduvirkjunar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga og Landsvirkjunar.
10. *Skólanefnd Steinsstaðaskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
11. *Skólanefnd Varmahlíðarskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Fulltrúar hreppsins í skólanefnd Varmahlíðarskóla skulu vera úr skólanefnd Steinsstaðaskóla.
12. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
13. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. október 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjanesbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Reykjanesbæjar.

2. gr.

Með almannafæri er átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o.fl.

3. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum lögmætum skipunum lögreglumanna.

4. gr.

Á almannafæri má eigi viðhafa háttsemi, sem truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

5. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja og annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi hávaða, ónæði eða truflun.

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er svo og hreinsa snjó af húsþökum og fjarlægja grýlukerti, sem valdið geta hættu fyrir vegfarendur. Gluggaþvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að hann hamlar umferð vegfarenda um gangstéttar eða tálmar útsýni við gatnamót.

7. gr.

Óheimilt er að reisa auglýsingaskilti eða festa upp auglýsingar á almannafæri nema með leyfi bæjaryfirvalda. Slíkar auglýsingar skal auglýsandi fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er honum skylt að bæta úr spjöllum er uppsetning eða brottnám auglýsinga kann að hafa valdið.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar.

Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábýlis- eða grenndarréttar.

Bæjarstjórn getur sett reglugerð sem kveður á um frekari skilyrði varðandi auglýsingar og varanleg mannvirki sem tengjast auglýsingum, auglýsingaskiltum og skyldum hlutum.

8. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, íþróttasvæði, leikvelli og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

9. gr.

Á almannafæri og annars staðar á eignarlandi bæjarins má ekki nota skotvopn, halda flugeldasýningar, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum nema með leyfi lögreglustjóra.

10. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferð.

Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Umferð vörubifreiða, sendibifreiða, fólksflutningabifreiða og vinnuvéla um íbúðahverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágur frá reglum 2. mgr., ef talið er að slíkt leiði ekki til slysahættu, ónæðis og/eða óþæginda fyrir íbúa.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur af stafað má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu, en eigi má hindra för ökutækis að óþörfu.

Enga atvinnu, sem tálmar umferð, má reka á almannafæri.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, báta, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum.

Heimilt er að flytja burtu og taka í vörslur bæjarins bifreiðar og önnur skráningarskyld tæki, sem standa án skráningarnúmera á götum og almennum bifreiðastæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni, ef hann er þekktur, um flutninginn og bera þessir aðilar kostnað vegna flutnings og vörslu bifreiðarinnar.

Allur akstur vélknúinna torfærutækja, svo sem fjórhjóla, er bannaður í landi bæjarins, en bæjarstjórn getur heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum.

11. gr.

Þeir sem flytja farm um götur bæjarins skulu gæta þess, að ganga þannig frá farminum, að ekki valdi óþrifnaði. Allan óþrifnað, sem valdið er af þessum sökum, er farmflytjanda skylt að hreinsa upp þegar í stað.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er veldur óþrifnaði er bönnuð í bæjarlandinu nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Húseigendum eða umráðamönnum húseigna er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óprýði við hús þeirra eða starfsstöð, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er óheimil í bæjarlandinu, þ.m.t. fjörur, nema með samþykki bæjaryfirvalda.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, vinnuvéla og annarra ökutækja ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætlað má að slíkt valdi óþægindum.

12. gr.

Lausaganga búfénaðar í umdæmi bæjarins er bönnuð og búfénað má ekki reka lausan um götur bæjarins.

13. gr.

Hundahald er bannað í bæjarfélaginu að undanskildum þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Sá er leyfi hefur til hundahalds skal sjá til þess að hundur valdi eigi ónæði með spangóli eða gelti, að hann gangi aldrei laus á almannafæri og gæta fullkomins hreinlætis í meðferð hans og meðal annars fjarlægja hundaskít.

Nánari reglur og skilyrði eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi, sem nú gildir um hundahald í bæjarfélaginu, eða skv. gildandi samþykktum á hverjum tíma.

14. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt er eiganda eða verktaka skylt að haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri gefur, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur eða það er tekið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

15. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri, eða nafni þar sem það á við, og sjá um viðhald og endurnýjun þess, ef á þarf að halda. Ef þess er kostur skal velja húsnúmeri stað á viðkomandi fasteign þar sem það sést frá þeirri götu, sem hún stendur við.

16. gr.

Ef ís á sjó eða vötnum þykir ekki nógu traustur getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hann.

17. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða og annað þessu skylt má selja á almannafæri.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða leyfisgjald, sem rennur í bæjarsjóð, með sérstakri gjaldskrá.

18. gr.

Opnunartími veitingastaða, verslana, annarra þjónustufyrirtækja og heimsendingarþjónustu er frjáls, að því marki er heimilt er að lögum er gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, en bæjarstjórn getur þó takmarkað opnunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum ef starfsemin veldur nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

19. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu skal sjá svo um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

20. gr.

Atvinnustarfsemi í íbúðarhverfum er óheimil. Bæjarstjórn getur þó heimilað þar minni háttar starfsemi, svo fremi sem tryggt sé að slíkt leiði ekki af sér ónæði eða truflun gagnvart íbúum. Slíkt leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en 4 ára og bundið við nafn leyfishafa. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða leyfisgjald, sem rennur í bæjarsjóð, með sérstakri gjaldskrá. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum þessarar greinar eða reksturinn þykir ekki fara vel úr hendi getur bæjarstjórn, með 3 mánaða fyrirvara, afturkallað leyfið.

Atvinnurekstri í húsnæði sem liggur að íbúðarbyggð skal jafnan hagað þannig að ekki hljótist af ónæði eða truflun fyrir þá, sem næst búa. Gildir það jafnt um starfsemina sjálfa, sem og umferð sem af henni hlýst. Bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um slíka starfsemi ef ástæða þykir.

Enginn má reka knattborð, spilakassa, tölvuspil, leiktæki eða skylda starfsemi gegn borgun, nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn bæjarstjórnar. Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma í senn en fjögurra ára. Það skal bundið við nafn leyfishafa og rekstur á tilteknum stað. Lögreglustjóri ákveður gjald fyrir leyfið, sem greiðist árlega. Í leyfi skal kveðið á um aðgang ungmenna að starfsstöð leyfishafa.

21. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða eða sölu notaðra bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota, að fenginni umsögn lögreglustjóra. Bæjarstjórn veitir leyfi í tiltekinn tíma, ákveður gjald fyrir leyfið sem rennur í bæjarsjóð, og getur takmarkað leyfi við ákveðinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði er þurfa þykir.

22. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt samkvæmt lögreglusamþykktinni eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

23. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt varðar sektum. Sama á við um brot á reglum sem settar eru samkvæmt lögreglusamþykkt.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess sem gengur barninu í foreldris stað skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir, nr. 36 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin út gildi lögreglusamþykkt fyrir Njarðvíkurkaupstað nr. 120 24. janúar 1980 og lögreglusamþykkt fyrir Keflavíkurkaupstað nr. 649 15. desember 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. september 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 542 9. október 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425 8. september 1989.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, á aðfangadag jóla og frá kl. 12.00 á hádegi á laugardögum. Ennfremur skulu útsölustaðirnir lokaðir þá daga er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. október 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 1995

13. október 1995 1361 Nr. 543

REGLUGERÐ

fyrir Íslenskar getraunir.

I. UM ÍSLENSKAR GETRAUNIR.

1. gr.

Íslenskar getraunir eru félag sem stofnað er til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Um starfsemi Íslenskra getrauna, stjórn þeirra, skipulag og rekstur fer samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum, og nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert skal stjórn Íslenskra getrauna boða til fundar þar sem hún skýrir frá rekstri og hag félagsins fyrir reikningsárið næsta á undan.

Rétt til setu á fundi þessum hafa, auk stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, formenn eða varamenn þeirra, íþróttanefndar ríkisins, Ungmennafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Einnig skal eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins hafa rétt til að sitja fundinn.

II. UM ÍÞRÓTTAGETRAUNIR.

4. gr.

Íslenskar getraunir starfrækja íþróttagetraunir á Íslandi í formi eftirfarandi leikja:

1. Getraunaleiki í samstarfi við AB Tipstjänst í Svíþjóð.
2. Getraunaleikinn LENGJUNA.
3. Tímabundna aukagetraunaleiki, eitt sér eða í samráði við erlend getraunafyrirtæki.
4. „Hópleik“ í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins.

II.1. Getraunaleikir í samstarfi við AB Tipstjänst í Svíþjóð.

Leikspjöld, útfylling þeirra og sala.

5. gr.

Íslenskar getraunir gefa út og dreifa leikspjöldum til þátttöku í getraunaleiknum hérlendis. AB Tipstjänst gerir slíkt hið sama í Svíþjóð.

Á hverju spjaldi skal gert ráð fyrir 13 tölusettum kappleikjum sem geta skal um úrslit á. Á spjaldinu skulu einnig vera fjórir dálkar, merktir bókstöfunum A, B, C og D, hver um sig þrískiptur, þannig að fyrir hvern kappleik eru gefnir þrír möguleikar á úrslitum, sem hér segir: (1) sigur þess liðs sem fyrr er nefnt (heimasigur), (X) jafntefli og (2) sigur þess liðs sem síðar er nefnt (útisigur). Í hverjum leik telst fyrrnefnda liðið heimalið, hvar svo sem leikurinn er háður.

Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í leiknum. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

6. gr.

Kappleikir á getraunaseðlinum fara að jafnaði fram einu sinni í viku eftir nánari ákvörðun Íslenskra getrauna og AB Tipstjänst í Svíþjóð.

Getraunavika telst frá mánudagsmorgni þar til fyrsti leikur á getraunaseðlinum hefst. Sé ekki um annað getið nær getraunaumferð yfir tímann frá því fyrsti leikur á getraunaseðlinum hefst þar til síðasta leik á getraunaseðlinum er lokið. Leyfilegir leikdagar í getraunaumferð eru gefnir upp á blaði sem Íslenskar getraunir gefa út í hverri getraunaviku.

Ákvörðun um kappleiki hverrar getraunaumferðar skal liggja fyrir a.m.k. einni viku áður en getraunaumferðin hefst. Íslenskar getraunir skulu gefa út og dreifa blaði þar sem kappleikir hverrar getraunaumferðar eru tilgreindir og töluröð þeirra á leikspjaldi. Þar skal og koma fram hvenær leikirnir fara fram, hvenær sölu á getraunaröðum lýkur og lok getraunaviku. Ef af einhverjum orsökum er mismunur á leikjum á sænska getraunaseðlinum og auglýstum leikjum á Íslandi, gildir sænski seðillinn.

7. gr.

Leikurinn felst í því að þátttakandi getur sér til um úrslit kappleikja getraunaumferðarinnar með því að setja merki í a.m.k. einn dálk á leikspjaldinu. Merki skal gera með því að strika lárétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í einn reit af þremur fyrir sérhvern kappleik umferðarinnar í viðkomandi dálki. Mynda því 13 merki í einum dálki eina röð. Einnig getur þátttakandi látið tölvukerfið velja fyrir sig tákn. Skal þá þátttakandi merkja í reit sem heitir „tölvuval" og merkja síðan í annan reit sem tilgreinir þann fjölda raða sem hann óskar.

8. gr.

Að loknu vali á röð samkvæmt 7. gr. er leikspjaldið afhent söluaðila sem rennir því í sölukassa sem tengdur er í beinlínutengt tölvukerfi. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á táknum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra tákna í tölvukerfinu. Einnig getur þátttakandi óskað munnlega eftir tölvuvali fyrir ákveðna upphæð eða ákveðinn raðafjölda.

Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt leikspjaldi gegn greiðslu.

9. gr.

Á kvittun skal koma fram bókstafur þess dálks eða þeirra dálka sem þátttaka er bundin við og þau tákn sem þátttakandi hefur valið í hverjum dálki. Þá skal koma fram sú heildarupphæð sem greiða skal, upphafsdagur hverrar getraunaumferðar og gildistími ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.

Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og tákna á leikspjaldi eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans hafi hann gefið tákn sín upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini rétta(r) leikviku(r) eða gildistíma sem þátttaka hans er bundin við.

10. gr.

Leikspjald gildir aldrei sem kvittun en þátttakandi getur notað það aftur og/eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 vikur að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttum táknum á raðir sínar, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvikna.

11. gr.

Þátttaka er aðeins gild í því formi og í því umfangi sem skráð er í aðaltölvuna. Sé munur á því sem segir á þátttökukvittun og því sem skráð er í tölvunni, gildir það sem skráð er í tölvunni.

Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar sem hann gaf skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þau tákn sem að framan greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar.

Hvorki Íslenskar getraunir né söluaðili eru bótaskyld gagnvart þátttakanda vegna tjóns sem hann verður fyrir ef félagið eða söluaðili láta hjá líða að vekja athygli hans á vitleysu sem hann gerir í tengslum við þátttöku.

Íslenskar getraunir bera ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 14. gr. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.

12. gr.

Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til sama söluaðila og seldi hana enda sé það gert sama dag og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar fyrir lokun tölvukerfisins þann dag.

Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á sömu fjárhæð og hann greiddi.

13. gr.

Á skrifstofu Íslenskra getrauna er heimilt að skila röðum á sérstöku tölvutæku formi. Þátttakendur geta útbúið sér getraunaraðir með aðstoð einmenningstölva og skilað röðunum á skrifstofu Íslenskra getrauna.

Á þátttökukvittun skal koma fram raðafjöldi ásamt öryggisnúmeri sem er í samræmi við hið beinlínutengda tölvukerfi.

14. gr.

Allri sölu í getraunaleiknum skal hætt minnst 5 mínútum áður en fyrsti leikur getraunaumferðar hefst. Þó skal þátttakendum gefinn kostur á að ógilda þátttöku sína næstu 5 mínútur eftir að sölu hefur verið lokað, en aldrei lengur en þar til fyrsti leikur á getraunaseðlinum er hafinn.

15. gr.

Verð hverrar getraunaraðar skal vera kr. 10. Íslenskar getraunir og AB Tipstjänst skulu greiða 0,46 sænskar krónur í sameiginlegan getraunapott fyrir hverja selda röð.

Kerfisfyrirkomulag.

16. gr.

Á leikspjaldinu eru möguleikar á þrenns konar kerfum eftir mismunandi útfærsluaðferðum: Heil margföldunarkerfi, sparnaðarkerfi og útgangsraðakerfi.

a) Heil margföldunarkerfi.

Ef þátttakandi ætlar að nota heilt margföldunarkerfi þá merkir hann við reit á seðlinum sem merktur er „opinn seðill". Síðan ræður hann hversu mörg viðbótartákn eru sett við hvern kappleik. Raðafjöldi kerfisins fæst með því að margfalda saman táknafjöldann og þá leiki sem bera fleiri en eitt merki. Leikur með tveimur táknum er sagður vera tvítryggður og leikur með þremur táknum þrítryggður. Kerfi með tveimur tvítryggingum og einni þrítryggingu er þannig 2x2x3 = 12 raðir. Ekki er heimilt að nota heil margföldunarkerfi til að taka þátt í fleiri en 10 368 röðum á leikspjaldi.

b) Sparnaðarkerfi.

Sparnaðarkerfi eru minnkuð margföldunarkerfi. Á leikspjaldinu eru sparnaðarkerfi merkt „S-kerfi". Við notkun sparnaðarkerfis skal setja aukamerki í samræmi við leiðbeiningar sem Íslenskar getraunir gefa út. Ávallt skal þá nota dálk A. Til hægðarauka fyrir þátttakendur skulu Íslenskar getraunir gefa út töflur sem sýna hvernig þau sparnaðarkerfi sem eru á spjaldinu virka. Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út sparnaðarkerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177 147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

c) Útgangsraðakerfi.

Útgangsraðakerfi eru þannig byggð upp að á alla kappleiki sem eru þrítryggðir eru sett aukamerki (Ú-merki).

Síðan eru notaðar töflur sem Íslenskar getraunir gefa út til að ákveða hvernig táknin skiptast niður. Útgangsraðakerfin eru merkt „Ú-kerfi". Ávallt skal nota dálk A þegar merkt er í Ú-kerfi en Ú-merkin sjálf færast í dálk B.

Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út útgangsraðakerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177 147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

Áheit.

17. gr.

Þátttakenda er heimilt að heita á íþróttafélag um leið og hann tekur þátt í getrauninni. Stjórn Íslenskra getrauna úthlutar íþróttafélögum númerum sem þátttakendur geta merkt við á þar til gerðum reit á getraunaseðlinum. Úthlutun skal vera bundin aðild að Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands. Stjórn Íslenskra getrauna hefur úrslitavald um úthlutun áheitanúmera.

Fjöldi áheita á félag skal vera vísbending til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands um ráðstöfun á hagnaðarhluta þeirra af getraunastarfseminni.

Úrslit.

18. gr.

Leik, sem er á getraunseðlinum og er allur leikinn innan getraunaumferðar, telst hafa lokið með þeim úrslitum sem lágu fyrir þegar venjulegum leiktíma lauk. Lýsi dómari leik lokið áður en venjulegum leiktíma er lokið gildir sú staða sem úrslit er var fyrir hendi þegar leik lauk. Úrslit sem fást eftir framlengingu eða kæru gilda ekki.

Leik, sem ekki er allur leikinn innan getraunaumferðar, telst hafa lokið með úrslitum sem fást í sérstöku hlutkesti. Þetta á einnig við um leiki sem lið vinnur án leiks. Liggi einhver

önnur sérstök ástæða til þess að láta úrslit leiks ekki gilda geta Íslenskar getraunir og AB Tipstjänst ákveðið að hlutkesti ráði.

Með hlutkesti er átt við að dregið sé um heimasigur (1), jafntefli (X) eða útisigur (2), með sérstökum hlutum eða einingum. Samtals eru 16 einingar með í úrdrættinum og ráðast 10 þeirra af líkum á heimasigri, jafntefli eða útisigri, sem félögin fá aðstoð sérfræðinga til að ákveða. Hinar einingarnar sex eru tvær einingar af hverri gerð.

AB Tipstjänst í Svíþjóð mun sjá um framkvæmd þessa að viðstöddum ríkistilnefndum eftirlitsmönnum þar í landi.

Við sérstök tilefni þegar skortur er á kappleikjum á getraunaseðilinn er félaginu heimilt að láta úrslit sérstakra leikja gilda eins og staðan er í hálfleik annarsvegar og síðan einnig að leik loknum. Þessir leikir skulu vandlega merktir á blaði sem félagið gefur út um leiki getraunaumferðarinnar.

Vinningar.

19. gr.

a. 40% af árssölu hérlendis skal varið til vinninga.

b. Heildarupphæð vinninga skiptist síðan í fjóra vinningsflokka þannig að 27% fara í fyrsta flokk, 17% í annan flokk, 18% í þriðja flokk og 38% í fjórða flokk.
Í fyrsta flokk fara þær raðir sem eru með 13 rétta, í annan flokk þær með 12 rétta, í þriðja flokk þær með 11 rétta og í fjórða flokk þær með 10 rétta.
Bætist nýir vinningsflokkar við getraunaformið skulu þeir vera í réttri röð fyrir raðir með 9 rétta, 8 rétta o.s.frv.
Vinningupphæð fyrir röð í hverjum vinningsflokki fæst með því að leggja saman vinningsraðir á Íslandi og í Svíþjóð í hverjum vinningsflokki og deila þeim síðan í heildarvinningsupphæð vinningsflokksins. Þó gildir hámarksupphæð vinnings á röð og að vinningsflokkur geti fallið niður skv. eftirfarandi:

c. Vinningur fyrir röð í lægri vinningsflokki má ekki vera hærri en vinningur fyrir röð í hærri vinningsflokki. Umframupphæðinni er skipt jafnt milli vinningsraða í lægri vinningsflokkunum.

d. Ef væntanlegur vinningur fyrir röð í lægsta vinningsflokki nær ekki 20 sænskum krónum, fellur vinningsflokkurinn niður og er þá vinningsupphæðinni skipt jafnt á hina vinningsflokkana í sömu getraunaumferð. Þessi skipting heldur áfram þar til allir vinningar ná a.m.k. 20 sænskum krónum fyrir röð. Ef þetta er ekki mögulegt skiptist öll vinningsupphæðin milli vinningahafa í fyrsta vinningsflokki.

e. Ríkistilnefndir eftirlitsmenn í Svíþjóð og á Íslandi staðfesta endanlegar vinningsupphæðir eins fljótt og auðið er eftir að úrslit leikja og úrdráttar liggja fyrir og yfirferð er lokið í báðum löndum.

f. Finnist engin vinningsröð í einhverjum öðrum vinningsflokki en þeim fyrsta, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin skiptist jafnt milli annarra vinningsflokka sömu getraunaumferðar.

g. Finnist engin vinningsröð í fyrsta vinningsflokki, í síðasta lagi þegar staðfesta á endanlegar vinningsupphæðir, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin færist yfir á fyrsta vinningsflokk næstu getraunaumferðar.

h. Skipta skal vinningsupphæðum skv. liðum c, d og f áður en vinningsupphæð er flutt milli getraunaumferða skv. lið g.

i. Finnist vinningsraðir síðar í vinningsflokki sem féll niður vegna tilvika skv. lið f og g, en áður en kærufrestur rennur út, skal um þá gilda sama vinningsupphæð og hefðu þeir

fundist áður en endanlegar vinningsupphæðir voru staðfestar. Vinningsraðir sem finnast síðarmeir skv. ofansögðu hafa engin áhrif á vinningsupphæðir annarra vinningsflokka sömu getraunaumferðar.

j. Finnist engin vinningsröð í fyrsta vinningsflokki í síðasta lagi þegar staðfesta á endanlegar vinningsupphæðir og sé ekki hægt að færa vinningsupphæðir yfir til næstu getraunaumferðar skv. lið g vegna þess að verið sé að leggja getraunaformið niður, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin bætist við aðra vinningsflokka í sömu getraunaumferð.

k. Sé ekki hægt að skipta allri vinningsupphæðinni skv. ofansögðu, skal færa afgang vinningsupphæðar yfir til næstu getraunaumferðar og bætist hann þá við fyrsta vinningsflokk. Sé þetta ekki unnt vegna þess að verið sé að leggja getraunaformið niður skal þess í stað bæta nýjum vinningsflokki við sömu getraunaumferð og færist afgangur vinningsupphæðarinnar yfir á nýja vinningsflokkinn.

20. gr.

Áður en vinningur er greiddur út er vinningsupphæðin fyrir hverja vinningsröð lækkuð í næstu jöfnu krónu í Svíþjóð. Á Íslandi er vinningsupphæðin fyrir hverja vinningsröð lækkuð um 1% og síðan lækkuð í næsta jafna tug. Mismunur sem þannig myndast leggst í svokallaðan aurapott í Svíþjóð og sprengipott á Íslandi. Þennan pott geta félögin ákveðið að nota til að hækka vinningsupphæðir, eða veita annars konar verðlaun, við sérstök tilefni eftir samkomulagi félaganna.

Endanlegar vinningsupphæðir skv. 19. gr. lið e birtast í vinningaskrá félaganna í Svíþjóð og á Íslandi svo og í fjölmiðlum.

21. gr.

Þegar félögin hafa lokið sölu í getraunaviku skulu ríkistilnefndir eftirlitsmenn undirrita skjal sem tilgreinir heildarsölu raða í getraunavikunni og senda það á milli félaganna. Samanlagður fjöldi raða á Íslandi og í Svíþjóð margfaldað með 0,46 sænskum krónum, mynda heildarvinningspottinn sem síðan deilist í fjóra flokka skv. 19. gr. lið b.

22. gr.

Þegar úrslit liggja fyrir munu félögin senda á milli rétt tákn fyrir alla 13 leikina áður en endanleg vinningsröð er slegin inn í tölvukerfið.

Tölvukerfið á Íslandi og tölvukerfið í Svíþjóð mun þá sýna fjölda vinningshafa í hverjum vinningsflokki. Vinningsupphæðir fyrir hvern vinningsflokk eru síðan reiknaðar út hjá AB Tipstjänst af þeirra eftirlitsmönnum, sendar til Íslenskra getrauna þar sem eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytis yfirfer útreikningana skv. 19. gr.

Fulltrúi Íslenskra getrauna skal vera viðstaddur þegar innsláttur vinningsraðar fer fram, svo og eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytis. Úrslit getraunaumferðar og vinningsupphæðir skulu birt almenningi í fjölmiðlum.

Vinningar á Íslandi eru greiddir út af Íslenskum getraunum en vinningar í Svíþjóð eru greiddir út af AB Tipstjänst.

II. 2. Getraunaleikurinn Lengjan.

Leikspjöld, útfylling þeirra, sala og vinningsstuðlar.

23. gr.

Lengjan er getraunaleikur sem Íslenskar getraunir starfrækja og tekur til úrslita í íþróttakappleikjum.

Getraunastarfsemi Lengjunnar er skipt niður í getraunaumferðir. Í hverri umferð eru mest 60 íþróttakappleikir. Upphaf umferðar er morgun þess dags sem fyrst er tilgreindur í leikskrá og lok umferðar er miðnætti þess dags sem seinast er tilgreindur í leikskrá, oftast frá þriðjudagsmorgni til næsta mánudagskvölds.

24. gr.

Í leikskrá, útgefinni af Íslenskum getraunum, eru tilgreindir íþróttakappleikir umferðarinnar og hvenær sölu lýkur fyrir hvern og einn þeirra, þ.e. dagur og tími. Hægt er að tilkynna í leikskrá um viðbætur og breytingar frá þessum spilareglum, sem gilda um ákveðna leiki eða þá getraunaumferð. Félagið er ekki ábyrgt gagnvart prentvillum í leikskrá.

Ef mismunur er á því sem skráð er í leikskrá leikvikunnar, á kvittun þátttakanda eða því sem skráð er í aðaltölvu Íslenskrar getspár, ræður skráningin sem er í aðaltölvunni.

25. gr.

Þátttakandi getur valið þrjá, fjóra, fimm eða sex leiki úr leikskránni og giskar á hvort þeim leikjum ljúki með sigri fyrrnefnda liðsins, jafntefli eða að síðarnefnda liðið sigri.

26. gr.

Félagið gefur út sérstakan getraunaseðil fyrir Lengjuna. Á seðlinum eru númer 60 íþróttaleikja og getraunatáknin 1, X og 2 fyrir hvern og einn þeirra. Einungis er hægt að merkja við eitt getraunatákn fyrir hvern leik.

Þátttakandi ákveður hvaða verð hann greiðir fyrir þátttökuna, en lágmarksupphæð er kr. 100 og hámarksupphæð kr. 12.000. Upphæðir skulu hlaupa á jöfnum 100 krónum. Á seðlinum skulu einnig vera dálkar þar sem merkja skal þá upphæð sem þátttakandinn velur.

27. gr.

Félagið ákveður fyrirfram ákveðna vinningsstuðla fyrir mismunandi úrslit, þó alltaf þannig að 1 tákni sigur fyrrgreinda liðs/einstaklings (heimasigur), X tákni jafntefli og 2 tákni sigur þess liðs/einstaklings sem seinna er tilgreindur (útisigur).

Vinningsstuðlar þessir eru birtir í leikskrá en upp getur komið að sala fyrir ákveðna leiki opni ekki fyrr en úrslit annarra tilgreindra leikja eru þekkt. Þá birtast vinningsstuðlar ekki í leikskránni og getur þátttakandinn þá fengið uppgefna vinningsstuðla hjá söluaðila, þegar opnað hefur verið fyrir sölu þeirra leikja.

Heildarstuðull er margfeldi vinningsstuðlanna að baki þeim úrslitum sem þátttakandinn hefur giskað á. Bæði vinningsstuðull og heildarstuðull er heil tala með tveimur aukastöfum.

Félagið hefur alltaf rétt til þess að breyta vinningsstuðlum fyrirvaralaust en þó aldrei hjá þeim sem þegar hafa fengið löglega þátttökukvittun. Einnig getur félagið lokað fyrirvaralaust fyrir sölu ákveðins leiks eða leikja og einnig samsetningu ákveðinna leikja, hvort heldur hjá einstökum eða öllum söluaðilum.

28. gr.

Félagið hefur heimild til að setja ákveðnar öryggisreglur, svo sem um hámarksvinning, um hámarksþátttöku á hvern leik eða samsetningu leikja, um endurtekna þátttöku stórtækra aðila á leik eða samsetningar leikja o.s.frv. Reglur þessar geta breyst fyrirvaralaust.

29. gr.

Þegar þátttakandi hefur lokið við útfyllingu seðils er hann afhentur söluaðila sem rennir honum í sölukassa sem er beinlínutengdur við aðaltölvu Íslenskrar getspár. Sölukassinn

skrifar síðan út þátttökukvittun þar sem ágiskun þátttakanda kemur fram, upphæð þátttöku og heildarstuðull. Einnig er á kvittuninni öryggisnúmer með 14 tölustöfum, sem er sérstakt fyrir hverja kvittun.

Úrslit leikja.

30. gr.

Leik í Lengjunni telst hafa lokið með þeim úrslitum sem fyrir lágu við lok venjulegs leiktíma. Ef leikur er stöðvaður áður en venjulegum leiktíma lýkur og sá aðili sem skipuleggur hann lýsir honum lokið, gilda þau úrslit sem fyrir lágu þegar honum lauk. Hafi við lok umferðar engin tilkynning borist um úrslitin frá þeim aðila sem skipulagði leikinn telst honum ekki hafa lokið innan umferðar. Úrslit sem fást eftir framlengingu eða kæru gilda ekki.

31. gr.

Ef ágiskun í Lengjunni tekur til leiks sem ekki er að fullu lokið þegar viðkomandi getraunaumferð lýkur, getur þátttakandi talið ágiskun sína rétta með vinningsstuðli 1,00, þó með hliðsjón af því sem segir hér á eftir. Ef engum leik í Lengjunni, sem ágiskunin tekur til, er lokið að fullu þegar getraunatímabili lýkur, fellur getraunin niður og þátttökugjald er endurgreitt.

A.m.k. tveimur leikjum í hverri ágiskun skal hafa lokið innan umferðar, annars fellur getraunin niður og þátttökugjald er endurgreitt.

32. gr.

Ef leik hefur af einhverjum orsökum verið flýtt og upplýsingar þar að lútandi hafa ekki borist Íslenskum getraunum í tæka tíð til að loka fyrir sölu leiksins, telst leiknum ekki hafa lokið innan umferðar hjá þeim sem spiluðu eftir að leikur hófst. Þeir munu þá fá leikinn endurgreiddan með vinningstuðli 1,00, óháð því hvernig raunveruleg úrslit leiksins urðu. Til grundvallar verður einungis stuðst við tímaskráningu í aðaltölvu Íslenskrar getspár.

Forgjöf.

33. gr.

Félagið hefur heimild til þess að veita öðru liði/einstaklingi forgjöf þannig að getraunaúrslit leiksins ráðast með forgjöfinni (mörk, stig o.s.frv.). Vinningsstuðull skal ákveðinn með tilliti til forgjafarinnar.

Vinningar.

34. gr.

Vinningur er aðeins greiddur ef allir leikir ágiskunnar eru réttir og öll skilyrði sem koma fram í 30. - 33. gr. um úrslit leikja, eru uppfyllt.

Vinningsupphæð er upphæð þátttöku margfölduð með heildarstuðli þátttakanda skv. 3. mgr. 27. gr.

Að öllu jöfnu er vinningur greiddur út eftir kl. 12.00 næsta virka dag eftir að seinasti leikur ágiskunnar hefur farið fram. Ef vafi leikur á um úrslit leiks eða úrslit berast seint, hefur félagið heimild til að fresta útborgun vinninga þar til umferðinni sem leikurinn tilheyrir er lokið.

Ógilding kvittana.

35. gr.

Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til sama söluaðila og seldi hana enda sé það gert sama dag og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar fyrir lokun tölvukerfisins þann dag.

Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á sömu fjárhæð og hann greiddi.

II. 3. Aukaleikir og hópleikir.

36. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja tímabundinn aukaleik eitt sér eða í samvinnu við erlent getraunafyrirtæki. Stjórn Íslenskra getrauna skal þá ákvarða fjölda kappleika sem þátttakendur geta sér til um úrslit á.

Ákvörðun um skiptingu vinninga, fjölda vinningsflokka skal einnig ákvarðast af stjórn félagsins en þó þannig að a.m.k. 40% heildarsölu skuli varið til vinninga. Verð raðar skal ekki vera hærra en kr. 20.

Félagið skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu um slíka aukaleiki og verð raðar. Auglýsa skal verð, vinningshlutfall, fjölda vinningsflokka og skiptingu milli vinningsflokka í blaði sem félagið gefur út og segir til um kappleiki umferðarinnar.

37. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja „hópleik" jafnhliða hefðbundinni starfsemi sinni í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins.

Stjórn félagsins setur reglur um starfrækslu hópleiksins. Þátttaka í hópleiknum veitir ekki rétt til peningaverðlauna.

II. 4. Almennar reglur.

Greiðsla vinninga.

38. gr.

Þátttökukvittunum sem veita vinning ber að framvísa hjá söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun skal líta á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

39. gr.

Vinningar sem nema 15.000 kr. eða lægri upphæð skulu greiddir út á sölustöðum. Heimilt er að draga greiðslu vinninga sem nema 50.000 kr. eða hærri upphæð til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 42. gr. er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar hafi kæra borist.

Þegar um er að ræða vinning sem nemur hærri upphæð en 15.000 kr. skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði sem söluaðili lætur honum í té til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu þátttökukvittunarinnar. Aðalskrifstofan sér síðan um greiðslu vinninga um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt. Vextir reiknast ekki á vinninga.

40. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá lokum viðkomandi getraunaumferðar, ella fellur niður réttur vinningshafa.

41. gr.

Þátttökukvittun er því aðeins gild að notað sé þar til gert eyðublað sem gefið er út af Íslenskum getraunum og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa sem er beinlínutengdur við aðaltölvu Íslenskrar getspár. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir sölukerfið eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

Kærur.

42. gr.

Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd íþróttagetrauna Íslenskra getrauna skal viðkomandi senda skriflega kæru sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskra getrauna fyrir kl. 17 á mánudegi að fjórum vikum liðnum frá lokum getraunaumferðar eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða annan frídag.

Kærur sem koma fram á Íslandi skulu úrskurðaðar af íslenskum eftirlitsmanni en kærur sem koma fram í Svíþjóð skulu úrskurðaðar af sænskum eftirlitsmanni.

Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um íslenskar kærur innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

43. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til þriggja ára í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Hlutverk eftirlitsmannsins er að hafa eftirlit með framkvæmd íþróttagetraunanna og að fara að öðru leyti með þau störf sem honum eru falin með reglugerð þessari. Þá skipar ráðuneytið varamenn eftirlitsmanns til sama tíma.

Kostnaður við eftirlit þetta greiðist af Íslenskum getraunum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Eftirlitsmaður skal halda sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal skrá allar kærur og úrskurði.

Gildistaka.

44. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Íslenskar getraunir nr. 518 1. nóvember 1991 með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. október 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Stjórnartíðindi B 95, nr. 543. Útgáfudagur 16. október 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1995

25. október 1995 1371 Nr. 544

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr tollnúmeri:					
0601.2002	Pottapl. af ættkv. Bromilea einnig plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0601.2003	Grænar pottaplöntur undir 1 m	01.11.-31.12	1.000	30	0
Úr tollnúmeri:					
0601.2003	Plöntur af ættkvíslinni Chamacyparis og kaktusar og þykkblöðungar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0601.2004	Grænar og blómstrandi pottaplöntur .yfir 1 m	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	01.11.-31.12	ótilgr.	0	0
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9900	Staurar af Dracaena til framhalds-ræktunar, með rót	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1003	Ættkvíslar Protea, Bankasía o.fl.	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.11.-31.12	2.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.11.-31.12	ótilgr.	30	0

Gutenberg

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. nóvember 1995 og gildir til 31. desember 1995. Frá gildistöku reglugerðarinnar falla úr gildi reglugerðir nr. 446/1995, nr. 458/1995 og nr. 503/1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 96, nr. 544. Útgáfudagur 26. október 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 1995

13. október 1995 1373 Nr. 545

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1991

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætast þrjár nýjar málsgreinar sem verða 3., 4. og 5. málsgr. svohljóðandi:

Nú dvelst sjúklingur gegn vilja sínum á sjúkrastofnun og skal þess þá sérstaklega getið í sjúkraskrá. Tilgreina skal hvort tilefni dvalar sé alvarlegur geðsjúkdómur eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna.

Ef sjúklingur dvelst á sjúkrastofnun gegn vilja sínum í allt að 48 klst., án þess að heimild dómsmálaráðuneytis til vistunar hans á stofnuninni skv. 3. málsgr., sbr. 2. málsgr. 13. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 liggi fyrir, skal í sjúkraskrá geta eftirfarandi:

1. Hvenær (nákvæm tímasetning) nauðungarinnlögn á sér stað eða hvenær sjúklingur, sem hafði dvalist sjálfviljugur á stofnuninni, óskar eftir að yfirgefa hana.
2. Þvingaðrar lyfjagjafar sem talin er nauðsynleg, ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn hennar.

Nú dvelst sjúklingur gegn vilja sínum á sjúkrastofnun á grundvelli heimildar dómsmálaráðuneytisins skv. 3. málsgr., sbr. 2. málsgr. 13. gr. lögræðislaga og skal þá í sjúkraskrá geta eftirfarandi:

1. Dagsetningar heimildarbréfs dómsmálaráðuneytisins.
2. Hvenær og af hverjum sjúklingi var kynntur réttur sinn til að bera mál undir dómstóla skv. 1. málsgr. 18. gr. lögræðislaga. Starfsmenn sjúkrastofnunar skulu aðstoða sjúkling við að leita til dómstóla, óski hann eftir því, og skal þess þá einnig getið í sjúkraskrá.
3. Þvingaðrar lyfjagjafar sem er nauðsynlegur þáttur í meðferð, ásamt rökstuðningi fyrir nauðsyn hennar.
4. Dagsetningar yfirlýsingar dómstóls um að gerð hafi verið krafa fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis sjúklings innan 15 sólarhringa frá dagsetningu vistunarheimildar dómsmálaráðuneytis, í þeim tilvikum sem nauðungarvistun varir lengur en í 15 sólarhringa, sbr. 18. gr. lögræðislaga.
5. Hvenær nauðungarvistun lýkur, sbr. 19. gr. lögræðislaga, annað hvort með útskrift sjúklings eða samþykki hans fyrir áframhaldandi meðferð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr. sbr. 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. október 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum.

1. gr.

Markmið með reglugerð þessari er að tryggja að þjónusta við aldraða í þjónustu- og hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum og sjúkrahúsum sé sambærileg og í samræmi við 18. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Til að ná því markmiði skal árlega meta heilsufar og aðbúnað einstaklinga sem dveljast á stofnunum sem falla undir 18. gr. laganna. Matið skal byggt á RAI-mælingum (raunverulegum aðbúnaði íbúa).

RAI-mælingar eru byggðar á:

1. Gagnasafni um heilsufar og hjúkrunarþörf á öldrunarstofnun (sbr. MDS-Minimum Data Set).
2. Matslyklum (RAPS-Resident Asessment Protocol).
3. Álagsflokkunarkerfi (RUGs III-Resource Utilizations Groups).

2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar sérstaka nefnd, RAI-matsnefndina, sem skal hafa umsjón með RAI-mati og annast kennslu og þjálfun í notkun RAI-mælitækisins á öldrunarstofnunum. Í nefndinni skulu eiga sæti öldrunarlæknir, félagsráðgjafi, þrír hjúkrunarfræðingar og fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem jafnframt er formaður.

3. gr.

Hjúkrunarfræðingur annast, í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir, RAI-mat á hverri öldrunarstofnun að undangenginni þjálfun.

Markmið með matinu eru:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð hins aldraða.
2. Að afla upplýsinga um þarfir og umönnun hins aldraða.
3. Að afla samræmdra upplýsinga um þarfir öldrunarstofnana sem reglugerð þessi tekur til.
4. Að tryggja hámarks gæði þjónustu og sem besta nýtingu fjármagns.

4. gr.

RAI-mat skal fara fram við upphaf dvalar einstaklings á öldunarstofnun og reglulega eftir það eftir nánari ákvörðun RAI-nefndarinnar, þó ekki sjaldnar en árlega.

Niðurstöður RAI-nefndarinnar skulu sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti þar sem þær skulu varðveittar á tölvutæku formi.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

SAMÞYKKT

sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps um útivistartíma barna og ungmenna í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Börn, 9 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 21.00 nema í fylgd með fullorðnum.

2. gr.

Börn, sem eru á aldrinum 10 til 12 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Börn og ungmenni, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 23.00 nema í fylgd með fullorðnum enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

4. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og ungmenna um eina klukkustund. Einnig lengist útivistartími barna og ungmenna um eina klukkustund á föstudags- og laugardagskvöldum á tímabilinu 1. september til 1. maí.

5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt samþykkt þessari miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Grýtubakkahrepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

17. október 1995 Nr. 548

REGLUGERÐ

um þorskfisknet.

1. gr.

Heimilt er að stunda veiðar í þorskfisknet með þeim takmörkunum sem ákveðið er í lögum og reglugerðum hverju sinni.

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.

b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita (65°24'9 N - 23°57'2 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, skal vera 6 þumlungar (152,4 mm).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5½ þumlunga riðli (139,7 mm) í Faxaflóa innan línu, sem dregin er milli Garðskagavita og Malarrifsvita.

3. gr.

Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð, sbr. 2. gr. og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvana. Netið skal mælt vott.

4. gr.

Allir netadrekar skulu greinilega merktir umdæmisnúmerum þeirra skipa, sem nota þá. Merki þessi skulu vera soðin á netadrekana.

Netabaujur skulu vera á báðum endum netatrossu og allar merktar með flaggi, sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Á flaggið skal mála umdæmisnúmer þess skips, sem notar netin. Auk þessa er heimilt að auðkenna flaggið með kallmerki skipsins. Undir fyrrnefndu flaggi skal komið fyrir öðru flaggi, þar sem á er málað númer hverrar netatrossu þannig, að allar netatrossur skipsins séu tölusettar frá einum og til þess fjölda, sem skipið notar. Auk þessa skulu allir belgir merktir með umdæmisnúmerum þess skips, sem notar þá.

Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

Verði breytingar á umdæmisnúmerum skips, ber að breyta merkingum á veiðarfæraútbúnaði í samræmi við þá breytingu.

Þegar netadrekar, netabaujur og belgir eru um borð í veiðiskipi, skulu þau vera merkt í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

5. gr.

Netatrossur skulu merktar þannig, að glöggt megi greina, hvor endi netatrossu sé austureða vesturendi og er þá miðað við réttvísandi norður- og suðurlínu. Skal merking framkvæmd á þann hátt, að á miðju baujustangar á vestari enda trossu skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestri enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

6. gr.

Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, er óheimilt að hafa fleiri en 150 net í sjó.
Séu í áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 138 net í sjó.
Séu í áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 126 net í sjó.
Séu í áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 114 net í sjó.
Séu í áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 102 net í sjó.
Séu í áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 90 net í sjó.
Séu í áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 78 net í sjó.
Séu í áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 66 net í sjó.
Séu í áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 54 net í sjó.
Séu í áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 42 net í sjó.
Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 30 net í sjó.

Sé sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

Miðað er við að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

7. gr.

Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

9. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

20. október 1995 Nr. 549

REGLUGERÐ

um hættumat í iðnaðarstarfsemi.

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öryggi á vinnustöðum og vernda almenning og umhverfi gegn hættu af tiltekinni iðnaðarstarfsemi sem getur valdið stórslysum.

Markmiðum reglugerðarinnar skal ná með því að rekstraraðili starfsemi, þar sem hættuleg efni eru notuð eða kunna að vera notuð og þar sem slys mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir menn og umhverfi, geri nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þeirra. Jafnframt með því að starfsmenn í iðnaði fái þjálfun og upplýsingar til að koma í veg fyrir stórslys og ná tökum á ástandi ef slys verður.

2. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um iðnaðarstarfsemi/starfsstöð, sbr. og I. viðauka, svo og búnað og geymslustaði, þar sem efni sem tiltekin eru í II. viðauka eru geymd eða notuð við eðlilega starfsemi, eða kunna að myndast við röskun á eðlilegri starfsemi í starfsstöðinni.

Reglugerð þessi gildir ekki um starfsstöðvar þar sem efni sem tilgreind eru í viðauka II eru til staðar, notuð eða geymd eða geta myndast í það litlu magni að hætta á stórslysi er augljóslega útilokuð.

Reglugerð þessi gildir ekki um eftirtalda starfsemi:

1. Starfsemi sem fyrst og fremst hefur í för með sér hættu vegna jónandi geislunar.
2. Herstöðvar.
3. Framleiðslu og aðskilinnar geymslu sprengiefna, byssupúðurs og skotfæra.
4. Námugröft eða annars konar námuvinnslu.
5. Flutning hættulegra efna utan starfsstöðvar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. „Iðnaðarstarfsemi“: hvers konar starfsemi sem fer fram í starfsstöð af því tagi sem greint er frá í I. viðauka, þar sem er eða kann að vera unnið í uppsettum búnaði, lausum eða fasttengdum, með eitt eða fleiri hættuleg efni sem hugsanlega gætu valdið stórslysi. Enn fremur flutning innan starfsstöðvarinnar, svo og geymslu sem tengist starfseminni í starfsstöðinni og uppsettur búnaður,
   - öll iðnaðarstarfsemi þar sem efni samkvæmt II. viðauka eru eða kunna að vera notuð í jafnmiklu eða meira magni en mörk segja til um.
2. „Rekstraraðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á iðnaðarstarfsemi sem tilkynnt hefur verið um.
3. „Stórslys“: atvik á borð við umtalsverða efnaútlausn, eldsvoða eða sprengingu sem stafar af stjórnlausri atburðarás meðan á iðnaðarstarfsemi stendur og stofnar mönnum og/eða umhverfi inni í starfsstöðinni eða fyrir utan hana í alvarlega hættu, samstundis eða síðar meir, og þar sem eitt eða fleiri hættuleg efni koma við sögu.
4. „Hættuleg efni“: að því er tekur til efna sem almennt eru talin samræmast viðmiðum þeim sem sett eru fram í III. viðauka,
   - að því er tekur til efna sem eru á listunum í II. viðauka í því magni sem greint er frá í öðrum dálki.
5. „Alvarleg hætta“: hætta þar sem:
   a) lífi manna er stefnt í voða eða reikna má með alvarlegum eða varanlegum skaða á heilsu manna, hvort sem um ræðir nánasta umhverfi eða stærra svæði.
   b) umhverfi getur skaðast, notkun og nýting breyst, takmarkast eða almannaheill hlotið skaða af. Hér er sérstaklega átt við dýralíf, gróður, jarðveg, vatn og andrúmsloft svo og menningarverðmæti.
6. „Öryggisráðstafanir“: ráðstafanir sem hafa að geyma upplýsingar til starfsmanna um þjálfun og búnað til að tryggja öryggi þeirra.
7. „Hætta“: eiginleiki efnis eða aðstæðna í starfsstöð þar sem slys getur átt sér stað.
8. „Hugsanleg hætta“: líkur á að tiltekinn atburður geti gerst á tilteknum tíma undir ákveðnum kringumstæðum.
9. „Uppsettur búnaður“: vinnu- og framleiðslutæki, byggingar, lagnir og leiðslur, vélar, verkfæri og annað sem nauðsynlegt er í iðnaðarstarfsemi til að framleiða og meðhöndla hættuleg efni efnafræðilega, eðlisfræðilega og líffræðilega.
10. „Neyðarráðstafanir“: áætlun rekstraraðila iðnaðarstarfsemi þar sem fram kemur hvernig bregðast skuli við stórslysum.
11. „Varúðarráðstafanir“: safn áætlana sem samdar eru af rekstraraðila iðnaðarstarfsemi um hvernig hann hyggst koma í veg fyrir stórslys, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja öryggi starfsmanna og umhverfis, til hvaða neyðarráðstafana skuli grípa þegar stórslys eiga sér stað og hvernig samskiptum hlutaðeigandi aðila skal háttað komi til stórslyss.

II. KAFLI
Almennar varúðarráðstafanir.

4. gr.

Rekstraraðili skal vinna fyrir hverja iðnaðarstarfsemi stefnumarkandi skjal, sbr. IV. viðauka, þar sem fram kemur hvernig ráðgert er að koma í veg fyrir stórslys.

Rekstraraðili skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þess, ef það verður.

Sé iðnaðarstarfsemi breytt á þann hátt að það hafi veruleg áhrif á hættuna á slysi skal rekstraraðili endurskoða varúðarráðstafanir samkvæmt 2. mgr.

Rekstraraðili skal hvenær sem er geta sannað fyrir Vinnueftirliti ríkisins að hættumat sé fyrir hendi og nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar vegna hættu á stórslysi.

III. KAFLI
Hættumat og tilkynningaskylda.

5. gr.

Rekstraraðili skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hvort í iðnaðarstarfseminni sé unnið með eða geymt eitt eða fleiri þeirra efna sem talin eru upp í II. viðauka í því magni sem þar er gefið upp, s.s. efni sem er geymt eða notað í tengslum við viðkomandi starfsemi, framleiðsluafurðir, aukaafurðir eða afganga.

Ef margar starfsstöðvar eru í sömu iðnaðarstarfsemi og skemmra er á milli stöðva en 500 m skal tilkynna það ef samanlagt magn efna fer yfir þau mörk sem tilgreind eru í II. viðauka.

6. gr.

Hættumat.

Í tilkynningu, sbr. 5. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Upplýsingar um efnin sem talin eru upp í II. viðauka, þ.e.a.s.:
   a) Gögn og upplýsingar sem koma fram í V. viðauka.
   b) Á hvaða stigi starfseminnar er unnið eða kann að vera unnið með efnin.
   c) Magn efnanna (stærðargráða).
   d) Efna- og/eða eðlisfræðileg hegðun efnis við venjuleg notkunarskilyrði í framleiðslukerfinu.
   e) Þær myndir sem efnin geta birst í eða tekið á sig ef óvenjulegar en fyrirsjáanlegar aðstæður skapast.
   f) Ef ástæða er til, um önnur hættuleg efni sem geta, ef þau eru nálægt haft áhrif á hugsanlega hættu sem viðkomandi starfsemi hefði í för með sér.
2. Upplýsingar um starfsstöðvarnar, þ.e.a.s.:
   a) Staðsetningu starfsstöðvanna og ríkjandi veðurskilyrði og hættu sem kann að leiða af staðháttum.
   b) Hámarksfjölda starfsfólks, sér í lagi þess sem er berskjaldað gagnvart hættunni, þar sem starfsemin fer fram.
   c) Almenn lýsing á tæknilegum ferlum.
   d) Lýsing á þeim deildum starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægar frá öryggissjónarmiði, orsakir hættunnar og þær aðstæður sem valdið geta stórslysi, ásamt lýsingu á fyrirbyggjandi aðgerðum sem fyrirhugaðar eru.
   e) Ráðstafanir sem gerðar eru til að tæknilegur búnaður, sem nauðsynlegur er til að starfsstöðin sé starfrækt á öruggan hátt og til að bregðast við bilunum sem upp koma, sé ætíð tiltækur.
   f) Hvernig þjálfun starfsmanna sé háttað.

3. Upplýsingar um stöðu mála ef um stórslys er að ræða, þ.e.a.s.:
   a) Neyðaráætlanir, þ.á m. um öryggisbúnað, viðvörunarkerfi og hjálpartæki sem tiltæk eru innan starfsstöðvanna þegar glímt er við stórslys.
   b) Allar upplýsingar sem Almannavarnir ríkisins þurfa á að halda til að undirbúa neyðaráætlanir til að nota utan starfsstöðvarinnar.
   c) Nafn einstaklings og fulltrúa hans eða þess lögaðila sem ábyrgur er fyrir öryggismálum og hefur vald til að setja neyðaráætlanir af stað og til að gera Almannavörnum ríkisins viðvart.

Tilkynninguna skal endurskoða reglulega svo taka megi mið af nýrri tækniþekkingu á sviði öryggismála og þekkingu er varðar hættumat.

7. gr.

Ef stórslys á sér stað í iðnaðarstarfsemi er rekstraraðila skylt að láta eftirlitsaðila vita.

Afhenda skal upplýsingar um aðstæður við slysið, hættuleg efni sem um er að ræða, gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á menn og umhverfi og neyðarráðstafanir sem gripið er til um leið og þær liggja fyrir.

Veita skal eftirlitsaðila upplýsingar um þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til þess að draga úr áhrifum slyssins til lengri eða skemmri tíma og að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig.

8. gr.

Eftirlitsaðili sér til þess, í samráði við samráðsnefnd, sbr. 12. gr., að gerðar verði neyðarráðstafanir og ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma sem kunna að reynast nauðsynlegar og að safnað verði saman þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ljúka megi rannsókn á slysinu og gera tillögur eða setja reglur í framhaldi af því.

Eftirlitsaðili skal tilkynna umhverfisráðuneyti um stórslys eins fljótt og hægt er.

9. gr.

Rekstraraðila ber að tryggja að einstaklingar og lögaðilar sem afleiðingar stórslyss geti bitnað á fái óumbeðið viðhlítandi upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig bregðast skuli við ef slys verður.

Kynna skal og endurnýja upplýsingar, samkvæmt 1. mgr., með hæfilegu millibili. Almenningur skal einnig hafa aðgang að þessum upplýsingum.

Í upplýsingum skulu birt atriði sem ákveðin eru í VI. viðauka.

10. gr.

Óheimilt er að halda áfram starfsemi starfsstöðvar eða uppsetts búnaðar hennar að öllu leyti eða að hluta ef áframhaldandi starfsemi eða notkun hefur í för með sér yfirvofandi hættu á stórslysi.

11. gr.

Um uppsetningu eftirlitskerfa með starfsstöðvum, gerð hættumats, svo og innri og ytri neyðaráætlana fer samkvæmt fyrirmælum eftirlitsaðila.

IV. KAFLI
Eftirlit, þvingunarúrræði, gildistaka.

12. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Félagsmálaráðherra setur sérstaka reglugerð um framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt skal starfa sérstök samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði sem félagsmálaráðherra skipar.

13. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. breytingu í 1. gr. laga nr. 65/1994 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar, sbr. lög nr. 46/1980. Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af XX. viðauka EES samningsins (tilskipun ráðsins nr. 82/501/EBE). Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI
Iðnaðarstöð.

1. Starfsstöð þar sem lífræn eða ólífræn efni eru meðhöndluð og m.a. er beitt eftirtöldum aðferðum:
   þéttingu, vetnissviptingu, vetnisbindingu, estramyndun, halógenmyndun og framleiðslu halógens, oxun,
   brennisteinshreinsun, framleiðslu og breytingu efnasambanda sem innihalda brennistein, nitursýringu og framleiðslu efnasambanda sem innihalda köfnunarefni, framleiðslu efnasambanda sem innihalda fosfór, lögun varnarefna og framleiðslu á lyfjavörum, eimingu, útskiljun, leysingu og blöndun.
2. Starfsstöðvar þar sem fram fer eiming, hreinsun eða önnur vinnsla jarðolíuvara.
3. Starfsstöðvar þar sem föstum eða fljótandi efnum er fargað að fullu eða að hluta með brennslu eða efnafræðilegu niðurbroti.
4. Starfsstöðvar til framleiðslu, vinnslu eða meðhöndlunar á gasi til orkugjafar.
5. Starfsstöðvar þar sem málmar og málmleysingjar eru framleiddir með blautferli eða raforku.

II. VIÐAUKI
Tilvist efna í starfsstöð sem er skilgreind samkvæmt reglugerð þessari.

Viðauki þessi gildir um geymslu hættulegra efna og/eða blöndun þeirra á hverjum þeim stað, landsvæði, byggingu og í starfsstöð, sem telst einangrað eða innan stofnunar, og er svæði sem notað er til geymslu.

Magntölur sem settar eru fram hér að neðan gilda um hverja geymslu eða hóp geymslna sem tilheyra sama framleiðanda ef fjarlægð milli geymslnanna er ekki nægileg til að fyrirbyggja að hætta á stórslysum skapist við hugsanlegar aðstæður. Magntölur gilda í öllum tilvikum um hvern hóp geymslna sem tilheyra sama framleiðanda þar sem fjarlægð milli geymslna er undir 500 m.

Magntölurnar sem gilda eru hámarkstölur um magn sem búist er við að sé í geymslu á hverjum tíma.

I. HLUTI
Tilgreind efni.

Hættuleg efni:

Flokkar efna og efnablandna	Magn (tonn)≥ Þegar 3. og 4. gr. tilskip. er beitt	Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. tilskip. er beitt
1. Klór	10	25
2. Ammóníumnítrat[1]	350	2.500
3. Ammóníumnítrat í formi áburðar[2]	1.250	5.000
4. Súrefni	200	2.000
5. Brennisteinstríoxíð	15	75
6. Vetnissúlfíð	5	50
7. Vetnisflúoríð	5	50
8. Bróm	20	100
9. Vetni	5	50
10. Formaldehýð (formalín) (styrkur ≥ 90%)	5	50
11. Metýlísócýanat	0,150	0,150
12. Tetraetýlblý eða tetrametýlblý	5	50
13. Vetnisklóríð (fljótandi gas)	25	250
14. 2,3,7,8-Tetraklórdíbensó-p-díoxín	0,001	0,001
15. Arsenpentoxíð, arsen (V) sýra og salt	0,5	0,5
16. Arsentríoxíð, arsen (III) sýra og salt	0,1	0,1
17. Jarðgas og fljótandi gas	50	200
18. Etýlenimin	10	50
19. 4.4´-Metýlenebís (2-klóranlín)	0,01	0,01
20. Brennisteinsdíklóríð	1	1
21. Nikkel málmur ásamt oxíðum, karbónötum og súlfíðum í duftformi	1	1

Krabbameinsvaldandi efni:

Flokkar efna og efnablandna	Magn (tonn)≥	Magn (tonn)≥
1. 4-Amínódífenýl	0,001	0,001
2. Bensidín	0,001	0,001
3. Bensidín sölt	0,001	0,001
4. Dímetýlnítrósamín	0,001	0,001
5. 2-Naftýlamín	0,001	0,001
6. Bisklórmetýleter	0,001	0,001
7. 1,3-própanesultón	0,001	0,001
8. Dímetýlkarbamoyl klór	0,001	0,001
9. Klórmetýl metýleter	0,001	0,001
10. Hexametílfosfórfriamíð	0,001	0,001

1) Þetta gildir um ammóníumnítrat og blöndur þess þar sem þyngdarhlutfall köfnunarefnis úr ammóníumnítratinu er hærra en 28%, og um vatnslausn ammóníumnítrats þar sem þyngdarhlutfall ammóníumnítratsins er hærra en 90%.

2) Þetta gildir um hreinan ammóníumnítratáburð sem samræmist tilskipun 80/876/EBE og um blandaðan áburð þar sem þyngdarhlutfall köfnunarefnis úr ammóníumnítratinu er hærra en 28% (blandaður áburður inniheldur ammóníumnítrat ásamt fosfati og/eða kalúmkarbónati).

II. HLUTI

Flokkar efna og efnasamsetninga sem ekki eru sérstaklega nefnd í I. hluta.

Leggja skal saman magn hinna ýmsu efna og efnablandna[1] í sama flokki. Sé fleiri en einn flokkur tilgreindur í sama lið skal leggja saman magn allra efna og efnablandna í þeim flokkum sem þar eru tilgreindir.

Flokkar efna og efnablandna[2]	Magn (tonn)≥ Þegar 3. og 4. gr. tilskip. er beitt	Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. tilskip. er beitt[3]
1. Efni og efnablöndur sem flokkuð eru sem „mjög eitruð“	5	20
2. Efni og efnablöndur flokkuð sem „mjög eiturvirk“, „eiturvirk“[4], „oxandi“ og „sprengifim“	50	200
3. Lofttegundir og -blöndur, þ.m.t. þær sem eru í vökvakenndu ástandi en eru loftkenndar við venjulegan hita og þrýsting og flokkaðar sem „mjög eldfimar“[5]	50	200
4. Efni og efnablöndur (aðrar en lofttegundir og blöndur sem falla undir 3. lið hér að ofan), flokkaðar sem „mjög eldfimar“[6]	5.000	50.000
5. Efni og efnablöndur sem eru „gífurlega eldfimar“[6]	10	50
6. Skaðlegt umhverfinu		
6a R50	500	2.000
6b R51 R53	5.000	20.000
7. Efni og efnablöndur aðrar en þær sem falla undir 6. lið og eru skaðlegar umhverfinu		
7a R14	100	500
7b R29	50	200

1) Efnablöndur eru blöndur eða lausnir tveggja eða fleiri efna (tilskipun 79/831/EBE).

2) Flokkar efna og efnablandna eru þeir sem skilgreindir eru í eftirtöldum tilskipunum með áorðnum breytingum:
   - Tilskipun ráðsins nr. 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
   - Tilskipun ráðsins nr. 73/173/EBE frá 4. júní 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (leysiefna).
   - Tilskipun ráðsins nr. 77/728/EBE frá 7. nóvember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja um flokkun, pökkun og merkingar á málningu, lakki, prentsvertu, límí og svipuðum vörum.
   - Tilskipun ráðsins nr. 78/631/EBE frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni (plöntulyf, örgresis- og útrýmingarefni).
   - Tilskipun ráðsins nr. 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum.

3) A-liður 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og þriðji undirliður b-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar gilda eftir því sem við á.

4) Þetta á við ef ástand efnanna eða efnablandnanna er þannig að þau hafa þá eiginleika sem geta valdið hættu á alvarlegu slysi.

5) Undir þetta falla eldfimar lofttegundir, sbr. undirlið i í c-lið í III. viðauka.

6) Undir þetta falla mjög eldfimir vökvar, sbr. undirlið ii í c-lið III. viðauka.

III. VIÐAUKI
Viðmiðanir.

a) Baneitruð efni:

- efni sem samsvara fyrstu línunni í töflunni hér að neðan,
- efni sem samsvara annarri línunni í töflunni hér að neðan, og vegna eðlis- og efnafræðilegra eiginleika, geta skapað stórslysahættu sem jafnast á við þá hættu sem efnin nefnd í fyrstu línunni valda:

	LD 50 (um munn) [1] mg/kg líkamsþyngd	LD 50 (um húð) [2] mg/kg líkamsþyngd	LC 50 [3] mg/l (innöndun)
1	LD 50 ≤ 5	LD 50 ≤ 10	LC 50 ≤ 0,1
2	5 < LD 50 ≤ 25	10 < LD 50 ≤ 50	0,1 < LC 50 ≤ 0,5

1) LD 50 um munn, rottur.
2) LD 50 um húð, rottur eða kanínur.
3) LC 50 með innöndun (fjórar stundir), rottur.

b) Önnur eitruð efni:

Efnin, sem eftirfarandi tölugildi um bráð eituráhrif eiga við um, með eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem geta skapað stórslysahættu:

LD 50 (um munn) [1] mg/kg líkamsþyngd	LD 50 (um húð) [2] mg/kg líkamsþyngd	LC 50 [3] mg/l (innöndun)
25 < LD 50 ≤ 200	50 < LD 50 ≤ 400	0,5 < LC 50 ≤ 2

1) LD 50 um munn, rottur.
2) LD 50 um húð, rottur eða kanínur.
3) LC 50 með innöndun (fjórar stundir), rottur.

c) Eldfim efni:

i) eldfimar lofttegundir:
efni sem verða eldfim í loftkenndu ástandi við eðlilegan þrýsting í snertingu við loft og hafa suðumark við eðlilegan þrýsting 20° eða lægra,

ii) mjög eldfimir vökvar:
efni sem hafa lægra kveikjumark en 21° og suðumark við eðlilegan þrýsting yfir 20°,

iii) eldfimir vökvar:
efni sem hafa lægra kveikjumark en 55° og eru áfram í vökvaformi undir þrýstingi, þar sem tilteknar vinnsluaðstæður eins og háþrýstingur og hár hiti geta skapað stórslysahættu.

d) Sprengifim efni:

Efni sem geta sprungið þegar þau komast í snertingu við eld eða eru viðkvæmari fyrir höggum eða núningi en dínítróbensen.

e) Oxandi efni:

Efni sem orsaka mjög útvermin efnahvörf ef þau komast í snertingu við önnur efni, einkum eldfim efni.

IV. VIÐAUKI

Tölur og upplýsingar sem gefa á upp í sambandi við tilkynninguna sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar nr. 82/501/EBE.

Ef ekki er hægt að veita eftirfarandi upplýsingar eða það virðist ónauðsynlegt skulu ástæður þess tilgreindar.

1. *DEILI Á EFNINU*
   Efnafræðiheiti
   CAS-númer
   Nafn samkvæmt IUPAC flokkunarkerfinu
   Önnur nöfn
   Reynsluformúla
   Samsetning efnisins
   Hreinleikastig
   Helstu óhreinindi og hundraðshlutar
   Greiningar- og ákvörðunaraðferðir sem tiltækar eru í starfsstöðinni
   Lýsing á aðferðunum sem notaðar eru og vísanir í fræðirit
   Aðferðir og varúðarráðstafanir sem framleiðandi gerir kröfur um í sambandi við meðhöndlun, geymslu og eldhættu
   Neyðarráðstafanir sem framleiðandi viðhefur ef efni breiðist út af slysni
   Aðferðir sem framleiðandi getur gripið til í þeim tilgangi að gera efni skaðlaus.

2. *UPPLÝSINGAR UM HÆTTU Í STUTTU MÁLI*

--- Fyrir menn: – þegar í stað .....
– seinna .....

--- Fyrir umhverfið: – þegar í stað .....
– seinna .....

Stefnumarkandi skjal til að koma í veg fyrir stórslys.

Rekstraraðili skal hafa undir höndum stefnumarkandi skjal sem sýnir hvernig hann hyggst skipuleggja starfsemina á þann hátt að sem minnst hætta skapist fyrir starfsstöðina, starfsfólk hennar og umhverfið. Skjalið skal innihalda eftirfarandi:

a. með hvaða hætti og eftir hvaða leiðum rekstraraðili hyggst hafa stjórn á stórslysi
b. meginmarkmið sem lögð eru til grunna öllum aðgerðum til að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysi
c. skilgreiningu á hættu á stórslysum
d. allar aðgerðir til að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysi
e. allar aðgerðir til að draga úr afleiðingum sem stórslys kann að hafa fyrir fólk og umhverfið
f. skipulag framkvæmda til að gera ofannefnd atriði skilvirk þ.m.t. ráðning sérhæfðs og þjálfaðs starfsfólks
g. skilvirknismat og reglulega endurskoðun ofannefndra atriða.

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té samkvæmt 11. gr. tilskipunar nr. 82/501/EBE.

TILKYNNING UM STÓRSLYS

Aðildarríki:

Yfirvald sem falið er að annast skýrslugerð:

Póstfang:

1. Almennar upplýsingar
   Hvenær slysið á sér stað, dag- og tímasetning:
   Hvar slysið á sér stað:
   Póstfang:
   Tegund iðnaðar:

2. Tegund slyss
   Sprenging Eldsvoði Útlausn hættulegra efna
   Efni sem sleppur út:

3. Lýsing á aðstæðum á slysstað

4. Neyðarráðstafanir sem gripið er til

5. Orsakir slyssins
   Þekktar:
   Óþekktar:
   Upplýsingar gefnar eins fljótt og auðið er

6. Eðli og umfang tjóns
   a) Innan starfsstöðvarinnar
   - slys ..... dauðaslys
     ..... slasaðir
     ..... orðið fyrir eituráhrifum
   - fjöldi hættustaddra
   - eignatjón
   - hættan ekki liðin hjá
   - hættan liðin hjá

   b) Utan starfsstöðvarinnar
   - slys ..... dauðaslys
     ..... slasaðir
     ..... orðið fyrir eituráhrifum
   - fjöldi hættustaddra .....
   - eignatjón
   - hættan ekki liðin hjá
   - hættan liðin hjá

7. Ráðstafanir til styttri og lengri tíma, einkum þær sem ætlað er að koma í veg fyrir að svipuð stórslys endurtaki sig (skulu lagðar fram eftir því sem upplýsingar berast).

VI. VIÐAUKI

Atriði sem kynnt skulu almenningi samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar þessarar.

a) Nafn fyrirtækis og staðsetning svæðis.
b) Tilgreining á þeim sem veitt hefur upplýsingarnar, þannig að fram komi hver staða hans er.
c) Staðfesting á því að svæði sé háð þeim reglum og stjórnsýslufyrirmælum sem koma tilskipuninni til framkvæmdar, og að tilkynning samkvæmt 5. gr., eða að minnsta kosti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr., hafi verið veittar hinu lögbæra yfirvaldi.
d) Lýsing í almennum orðum á þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu.
e) Almenn heiti þeirra efna og efnablandna sem notaðar eru á svæðinu og valdið geta stórslysahættu: en tegundarheiti eða almenn hættuflokksgreining þeirra ef um er að ræða geymslu sem II. hluti II. viðauka gildir um, svo og tilgreining á helstu hættueiginleikum.
f) Almennar upplýsingar um hvaða stórslysahætta getur skapast, þar á meðal um hugsanleg áhrif á íbúa og umhverfi.
g) Fullnægjandi upplýsingar um hvernig farið yrði að vara íbúa við slysi og láta þá fylgjast með gangi mála.
h) Fullnægjandi upplýsingar um hvað viðkomandi íbúum bæri að gera og hvernig þeir skuli hegða sér ef slys verður.
i) Staðfesting á því að fyrirtæki sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á svæðinu, þar á meðal með því að stofna til tengsla við hjálparsveitir þar með tilliti til hugsanlegs slyss og takmörkunar á áhrifum þess.
j) Tilvísun til áætlunar um viðbúnað, sem gerð hefur verið með tilliti til áhrifa slyss utan svæðisins. Þar er rétt að fólk sé hvatt til að fylgja öllum fyrirmælum eða óskum hjálparsveita ef slys verður.
k) Nánari tilgreining á því hvar unnt sé að afla frekari upplýsinga með fyrirvara um þær leyndarkröfur sem gerðar eru í landslögum.

12. október 1995 Nr. 550

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun, sbr. breytingu með reglugerð nr. 470/1995.

1. gr.

6. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 260/1980, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 470/1995, falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 20. október 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990 með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:
- Ný smábátahöfn verður á Torfuneshrygg.
- Reitur merktur verslun/þjónusta í tengslum við safnasvæði verður blönduð byggð, verslun/þjónusta og íbúðir.
- Reitur merktur opinberar byggingar við Bátahöfn verður blönduð byggð, opinberar byggingar, verslun og þjónusta.
- Atvinnusvæði milli Aðalstrætis, Njarðarsunds og Sindragötu verður blönduð byggð, verslun og þjónusta.
- Útlínur Sundahafnar breytast.
- Útlínur hafnarsvæðis breytast þannig að mörk þess liggja frá Bátahöfn um Njarðarsund og Sindragötu að nyrðri enda Mávagarðs.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 552 20. október 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Sundahafnar / Suðurtanga, Ísafirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. október 1995 staðfest deiliskipulag fyrir Sundahöfn / Suðurtanga, Ísafirði.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78/1995, um greiðslu barnabótaauka á árinu 1995, sbr. reglugerð nr. 177/1995.

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Barnabótaauki greiðist til framfæranda barns þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Tryggingagjald.
8. Vangreidd gjöld maka skv. tölul. 1-6 að framan (þó ekki aðstöðugjald).
9. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
10. Virðisaukaskattur.
11. Söluskattur.
12. Bifreiðagjöld vegna fyrra tímabils 1995 og eldri ára.
13. Launaskattur.
14. Vangreidd meðlög frá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1995.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á:

1. Hesthálsi gagnvart umferð um Viðarhöfða.
2. Grjóthálsi gagnvart umferð um Hálsabraut.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. október 1995.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 375/1995, um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 2. gr.:

a) Í 1. mgr. fellur c. liður brott.

b) Í 2. mgr. falla orðin „og 22.500 kr. samkvæmt c-lið“ brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, öðlast gildi 1. nóvember 1995.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1995.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Hermann Jónasson.

Nr. 556 26. október 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 79/1995, um greiðslu barnabóta á árinu 1995, sbr. reglugerð nr. 176/1995.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Barnabætur greiðast til framfæranda barns þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Tryggingagjald.
8. Vangreidd gjöld maka skv. tölul. 1-6 að framan (þó ekki aðstöðugjald).
9. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
10. Virðisaukaskattur.
11. Söluskattur.
12. Bifreiðagjöld vegna fyrra tímabils 1995 og eldri ára.
13. Launaskattur.
14. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. október 1995.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

24. október 1995 Nr. 557

REGLUGERÐ

um eftirlit með framkvæmd hættumats í iðnaðarstarfsemi.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hættumat í iðnaði.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa sérstaka samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði sem skipuð skal fulltrúum samkvæmt tilnefningu frá Almannavörnum ríkisins, Brunamálastofnun, Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirliti ríkisins. Fulltrúi Vinnueftirlits ríkisins veitir samráðsnefndinni formennsku og sér um að kalla nefndina saman.

3. gr.

Hlutverk samráðsnefndar er að stuðla að því að markmiðum reglugerðar um hættumat í iðnaði verði náð og að tryggja samráð og samstarf hlutaðeigandi stofnana um þau mál er reglugerðin fjallar um. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir félagsmála- og umhverfisráðherra um breytingar á reglugerðinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti. Reglugerðin er ennfremur sett með hliðsjón af samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir

Gylfi Kristinsson.

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Ólafsfjarðar um útivistartíma barna og ungmenna í Ólafsfirði.

1. gr.

Börn, 11 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Börn og ungmenni á aldrinum 12 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri nema í fylgd með fullorðnum eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 21.00
13 ára	eftir kl. 22.30
14-16 ára	eftir kl. 23.00

nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Undantekning frá 2. gr. er að á föstudögum og laugardögum er ungmennum á aldrinum 12 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 22.00
13 ára	eftir kl. 24.00
14-16 ára	eftir kl. 01.00

4. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september er börnum og ungmennum óheimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára og yngri	eftir kl. 22.00,
13 til 16 ára	eftir kl. 24.00.

Sú undantekning sem getið er í 3. gr. um 14-16 ára skal einnig gilda fyrir tímabilið 1. júní til 1. september.

5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt þessum reglum skulu miðuð við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildir þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. október 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 - 1995

31. október 1995 1393 Nr. 559

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka IV B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Tollnúmer:					
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0	0
0703.9001	Blaðlaukur	15.11.-21.11.95	ótilgr.	15	114
0703.9000	Blaðlaukur	22.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0	0
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifífilsblöð	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0707.0001	Gúrkur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.11.-21.11.95	ótilgr.	7,5	100
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	22.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	15	200
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.96	ótilgr.	0	0
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0706.9000	Sellerírót, steinseljurót, engiferrót, piparrót, svartrót og kínahreðkur	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0709.9009	Fennel, grasker, rabbabari	01.11.-15.03.96	ótilgr.	30	0
0709.9009	Kryddjurtir	01.11.-15.03.96	ótilgr.	15	192

B 97
Gutenberg

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. nóvember 1995 og gildir til 15. mars 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. október 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1995

20. október 1995 1395 Nr. 560

REGLUGERÐ

um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

1. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um löggiltar iðngreinar og starfsþjálfun, gerð námssamninga, skipulag og framkvæmd iðnnáms skv. samningi, réttindi og skyldur iðnnema, sveinspróf og meistararéttindi.

Um aðra þætti iðnnáms vísast til reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990 með áorðnum breytingum.

2. KAFLI
Löggiltar iðngreinar.

2. gr.

Löggiltum iðngreinum er skipað í iðngreinaflokka sem hér segir:

Bíliðngreinar
bifreiðasmíði
bifvélavirkjun
bílamálun
Bókiðngreinar (grafísk fög)
bókband
prentsmíð
prentun
Bygginga- og tréiðngreinar
húsasmíði
húsgagnabólstrun
húsgagnasmíði
málaraiðn
múraraiðn
pípulagnir
skrúðgarðyrkja
veggfóðrun
Fata-, skinna- og leðuriðngreinar
feldskurður
kjólasaumur
klæðskurður karla
klæðskurður kvenna
reiðtygja- og aktygjasmíði
skósmíðaiðn:
  skósmíði
  skóviðgerð
Matvælaiðngreinar
bakaraiðn
framreiðsluiðn
kjötiðn
kökugerð
matreiðsla
Málmiðngreinar
blikksmíði
flugvélavirkjun
járnsmíði
málmsteypa
rennismíði
skipa- og bátasmíði
stálsmíði:
  stálskipasmíði
  stálvirkjasmíði
  rafsuða, sérgrein
vélsmíði:
  iðnvélavirkjun
  aflvélar
  frystivélar
  loft- og vökvastýringar
Rafiðngreinar
rafeindavirkjun
rafveituvirkjun
rafvélavirkjun
rafvirkjun
símsmíði
úrsmíði
Snyrtigreinar
hársnyrtiiðn
snyrtifræði
Fámennar iðngreinar
listgreinar:
  glerslípun og speglagerð
  gull- og silfursmíði
  leirkerasmíði
  leturgröftur
  myndskurður
  steinsmíði
  tágariðun
aðrar iðngreinar:
  beykisiðn
  eirsmíði
  hattasaumur
  hljóðfærasmíði
  mótasmíði
  reiða- og seglasaumur

Gutenberg

sútaraiðn	netagerð
vagnasmíði	ljósmyndun:
Iðngreinar sem ekki er skipað	almenn ljósmyndun
í framangreinda flokka eru:	persónuljósmyndun
mjólkuriðn	tannsmíði

Eigi er skylt að halda uppi stöðugri kennslu í iðngreinum í flokki fámennra iðngreina.

Því aðeins er heimilt að taka nema til náms í eftirtöldum greinum að menntamálaráðuneytið leyfi að gerður sé námssamningur og ákveði námstíma hverju sinni: Flugvélavirkjun, glerslípun og speglagerð, leirkerasmíði, myndskurði, steinsmíði, tágariðun, beykisiðn, eirsmíði, hattasaum, reiða- og seglasaum, sútaraiðn og vagnasmíði.

Í eftirtöldum iðngreinum eru í gildi sérreglur um námsfyrirkomulag sem geta skal um í námssamningi: Málmsteypu, úrsmíði, mótasmíði og mjólkuriðn.

3. gr.

Kveðið skal á um námstíma iðnnáms í námskrá. Námstímanum er skipt samkvæmt námskrá í nám í skóla og starfsnám í atvinnulífinu sem fram fer skv. námssamningi eða samningi um starfsþjálfun á vegum skóla.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur sína ganga í framhaldsskóla jöfnum höndum á námstímanum.

4. gr.

Komi til álita að starfsgrein, sem ekki er talin upp í 2. gr. í þessari reglugerð, verði löggilt iðngrein skulu hlutaðeigendur sem starfsgreinina stunda senda ráðuneytinu beiðni þar um og leggja jafnframt fyrir það tillögur um nafn iðngreinarinnar, starfssvið, námstíma og kunnáttu- og prófkröfur.

Ráðuneytið leitar umsagnar iðnfræðsluráðs um erindið.

Fallist ráðuneytið á að löggilda greinina breytir það þessari reglugerð til samræmis og setur reglur um veitingu starfsréttinda í hinni nýju iðngrein. Samsvarandi vinnubrögð skal viðhafa þegar eldri iðngreinum er skipt eða þær eru sameinaðar, svo og þegar sérgreinar eru stofnaðar, þ.e. þegar sérsvið iðngreinar er viðurkennt.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur viðurkennt iðnmenntun sem aflað er erlendis gegn framvísun prófvottorðs og veitt starfsleyfi hér á landi án þess að viðkomandi gangi undir sveinspróf, enda séu kröfur til námsins sambærilegar við þær sem gerðar eru til viðkomandi starfsréttinda hér á landi. Einnig er heimilt að leyfa einstaklingi með starfsmenntapróf erlendis frá að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

Einnig getur ráðuneytið veitt manni heimild til tiltekinna starfa sem hann hefur hlotið menntun til, þótt þau teljist til starfssviðs löggiltrar iðngreinar, sé iðngreinin svo lítið stunduð hér á landi að skortur sé á verkkunnáttu og þekkingu til viðkomandi starfa.

Áður en menntamálaráðuneytið veitir starfsleyfi skal það leita álits fræðslunefndar viðkomandi iðngreinaflokks.

3. KAFLI
Gerð iðnnáms- og starfsþjálfunarsamninga.

6. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur iðnnema skal gera um það iðnnámssamning í samræmi við 24. gr. laga um framhaldsskóla og ákvæði reglugerðar þessarar. Iðnnemar, sem lokið hafa grunndeild eða framhaldsdeild iðnfræðsluskóla og þurfa að fá verknám í atvinnulífinu undir sveinspróf, gera sams konar samning.

7. gr.

Enginn má gera iðnnámssamning yngri en 16 ára sbr. 41. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Í iðngreinum þar sem vinnuhættir, vinnuskilyrði, vinnutími eða önnur atriði gera slíkt nauðsynlegt getur menntamálaráðuneytið áskilið hærra aldursmark eða ef önnur lög kveða svo á um. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að gera próf af verknámsbraut að skilyrði fyrir því að iðnnámssamningur sé gerður ef fyrir liggur samþykki um slíkt frá aðilum vinnumarkaðarins í iðngreininni.

8. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki sem óskar heimildar til að taka iðnnema skal senda skriflega umsókn til menntamálaráðuneytisins ásamt þeim gögnum sem áskilin eru á hverjum tíma.

Menntamálaráðuneytið skal að lokinni athugun gefa út heimild til iðnmeistara sem það telur hæfan til að taka iðnnema. Skal þar skilgreint hversu marga iðnnema viðkomandi megi hafa í námi á sama tíma og á sama námsári. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki, sem hefur iðnmeistara í þjónustu sinni, veitt heimild til að taka iðnnema.

Meistari eða iðnfyrirtæki getur ekki tekið iðnnema til reynslu fyrr en að fenginni heimild.

Heimild til að taka iðnnema gildir að hámarki í 5 ár og skal þá sótt um að nýju.

Menntamálaráðuneytið getur fellt heimild til að taka iðnnema fyrirvaralaust úr gildi ef það telur brostnar forsendur þær sem um ræðir í þessari grein.

Ráðuneytið getur sett sérstakar reglur um heimild til nematöku fyrir einstakar iðngreinar í samráði við fræðslunefnd viðkomandi iðngreinaflokks.

9. gr.

Óski meistari eða iðnfyrirtæki að gera iðnnámssamning í sérgrein innan löggiltrar iðngreinar getur menntamálaráðuneytið heimilað staðfestingu slíks samnings ef fyrir liggur álit fræðslunefndar iðngreinarinnar um að eðli sérgreinarinnar leyfi sjálfstætt nám og próftöku og nefndin mælir með að slíkt sérnám eigi sér stað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fræðslunefndar, lengd námstíma.

10. gr.

Til að meistari eða iðnfyrirtæki fái heimild til iðnnematöku skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Meistari skal hafa fullgild meistararéttindi samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 og/eða hafa staðist meistarapróf í þeirri iðngrein sem hann hyggst kenna. Á sama hátt skal iðnfyrirtæki hafa meistara í þjónustu sinni með þau réttindi er að framan greinir.
2. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölþætt verkefni í iðn sinni til að geta látið í té fullnægjandi kennslu samkvæmt námsreglum iðngreinarinnar eða að mati fræðslunefndar séu slíkar reglur ekki fyrir hendi.
3. Ef iðnfyrirtæki eða meistari hefur ekki nægilega fjölþætt verkefni svo að unnt sé að kenna iðnina fullkomlega getur menntamálaráðuneytið, samkvæmt tillögu fræðslunefndar, heimilað frávik þannig að iðnnemi hljóti þjálfun að hluta hjá öðru iðnfyrirtæki eða meistara. Geta skal slíks fráviks í samningi og leggja fram með námssamningi samþykki allra aðila um hvernig iðnnemi fái þjálfun hjá hvorum meistara. Hið sama gildir ef í ljós kemur á samningstíma að iðnnemi fær ekki að kynnast öllum verkþáttum iðngreinarinnar.
4. Meistari og/eða iðnfyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem iðngreinin útheimtir.

11. gr.

Iðnfulltrúi leiðbeinir um gerð námssamninga sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 105/1990 um framhaldsskóla, staðfestir þá og sér um að þeir séu sendir menntamálaráðuneytinu til skráningar. Námstími telst frá því að námssamningur, sem staðfestingu hlýtur, er dagsettur, enda hafi iðnnemi þá byrjað nám sitt. Tilgreina skal áætluð námslok í samningi.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur til eyðublöð undir námssamninginn og ræður gerð hans og eru námssamningar gerðir á önnur eyðublöð ógildir.

Námssamning skal senda menntamálaráðuneytinu eða iðnfulltrúa til staðfestingar innan eins mánaðar frá dagsetningu og er við áritun menntamálaráðuneytis eða iðnfulltrúa heimilt að breyta byrjunartíma námsins ef samningur berst eigi innan þess tíma.

13. gr.

Í iðngreinum þar sem 3/4 hlutar iðnnáms eða meira fara fram í iðnfræðsluskóla og nemendur þurfa einungis að fá 12 mánaða eða skemmri starfsþjálfun, getur menntamálaráðuneytið veitt iðnfræðsluskólum heimild til að gera samning við meistara/iðnfyrirtæki um að taka að sér ákveðna starfsþjálfun iðnnema. Samningur þessi skal staðfestur af iðnfulltrúa. Samningurinn skal vera í samræmi við iðnnámssamning skv. 6. gr. þessarar reglugerðar eftir því sem við á. Þessa nema skráir skóli til sveinsprófs.

Fyrstu 6 mánuðir námstíma samkvæmt iðnnámssamningi skoðast sem reynslutími. Menntamálaráðuneytið getur ákveðið skemmri reynslutíma að fengnum tillögum fræðslunefnda viðkomandi greina. Hvenær sem er á reynslutímanum getur hvor samningsaðila um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.

14. gr.

Við gerð námssamnings skal meta til styttingar á námstíma iðnnema það nám sem hann hefur lokið áður en samningurinn er gerður og fellur inn í iðnnámið. Þá er heimilt að meta starfsreynslu sem iðnnemi hefur sannanlega aflað sér í iðngrein þeirri sem hann hyggst leggja stund á ef meistari metur kunnáttu og hæfni nema gefa tilefni til þess.

Við ákvörðun um styttingu á verklegum námstíma skal miðað við matsreglur fræðslunefndar sem hlotið hafa samþykki menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið skal gefa út leiðbeiningar um styttingarreglur á námstíma. Um ágreining sem upp kann að koma varðandi styttingu á námstíma skal menntamálaráðuneytið úrskurða að fengnu áliti viðkomandi fræðslunefndar.

15. gr.

Hafi iðnnemi áður stundað nám hjá öðrum meistara í sömu iðngrein, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími er hann vann hjá honum dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari.

16. gr.

Uppfylli meistari eða iðnfyrirtæki ekki lengur ákvæði 10. greinar þessarar reglugerðar þá ber meistara/iðnfyrirtæki að sjá nema fyrir öðrum hæfum lærimeistara í iðninni.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal þegar tilkynna menntamálaráðuneytinu meistaraskipti sem skráir þau á samninginn.

17. gr.

Hafi meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um framhaldsskóla í verulegum atriðum er menntamálaráðuneytinu heimilt að svipta hlutaðeigandi, tímabundið eða að fullu, rétti til að hafa iðnnema.

Úrskurð menntamálaráðuneytis má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá því að úrskurðurinn var birtur aðilum.

18. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:

a) ef iðnnemi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum,
b) ef iðnnemi hefur, að áliti trúnaðarlæknis, ekki heilsu til að stunda iðnina.

Iðnnemi getur slitið námssamningi:

c) ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustað,
d) ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar,
e) ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum,
f) verði iðnnemi sakir sjúkleika eða af öðrum orsökum óhæfur til að starfa að iðninni eða hættulegt er fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina að áliti trúnaðarlæknis.

Ef svo er ástatt, sem greinir í stafliðum a, c og d, en meistari eða iðnnemi slíta ekki námssamningi, getur iðnfulltrúi slitið samningi að undangenginni rannsókn. Skjóta má þeirri ákvörðun iðnfulltrúa til menntamálaráðuneytisins.

Aðilum er heimilt að slíta námssamningi ef þeir koma sér saman um það. Þegar námssamningi er slitið skal það jafnan tilkynnt iðnfulltrúa.

Iðnnemi á rétt á skaðabótum ef námssamningi er slitið af þeim sökum sem greinir í stafliðum c-e.

Ágreining milli iðnnema og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal leggja í gerð nema aðilar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja sýslumaður eða bæjarfógeti (borgarfógeti) í því umdæmi þar sem námið er stundað, og er hann oddviti gerðardómsins, og tveir menn aðrir, einn tilnefndur af hvorum málsaðila.

19. gr.

Menntamálaráðuneytið skal halda skrá um þá námssamninga sem í gildi eru á hverjum tíma og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá ef óskað er.

Menntamálaráðuneytið skal senda upplýsingar reglulega til viðkomandi skóla um hverjir hafi tilgreint skólann í námssamningi.

4. KAFLI
Réttindi og skyldur samningsaðila.

20. gr.

Meistari eða iðnfyrirtæki skal veita iðnnema sínum kennslu í iðngreininni og sjá svo um að hann hafi að námstíma loknum hlotið hæfilega þjálfun í öllum störfum er iðngreinin tekur til og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra áhalda og tækja sem notuð eru í iðngreininni. Þetta skal staðfest með færslu vinnubókar.

21. gr.

Iðnnemi skal færa vinnubók reglulega yfir verknám og verkþjálfun í atvinnulífinu og skal hún staðfest af meistara eða fulltrúa hans.

[Menntamálaráðuneytið annast hönnun og útgáfu vinnubóka í samræmi við námskrá og að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og fræðslunefnda. Ákvæði um vinnubók og færslu hennar skal tilgreina í námskrá. Iðnnemi skal framvísa vinnubók í mars og október ár hvert til iðnfulltrúa í því umdæmi sem iðnnemi er á námssamningi. Iðnfulltrúi skal fara yfir

vinnubókina og ganga úr skugga um að störf iðnnemans séu í samræmi við námskrá og verkþætti skv. vinnubók. Ef misbrestur reynist á færslu vinnubókar eða störf iðnnemans eru ekki í samræmi við námskrá hlutast hann til um að úr verði bætt.][1)]

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að setja sérstakar reglur um eftirlit með verklegu námi á vinnustöðum í einstökum greinum ef iðnfræðsluráð eða fræðslunefnd mælir með því.

1) R. nr. 157/1992.

22. gr.

Um kaup og kjör og orlof iðnnema skal fara skv. kjarasamningum eftir því sem við á í hverri starfsgrein og lagaákvæðum þar um.

Reikna skal með í námstíma fjarveru vegna slysa og veikinda allt að 6 mánuði á samningstímanum miðað við fjögurra ára námssamning og hlutfallslega styttri tíma í skemmra námi. Hið sama gildir um barnsburðarleyfi.

Vari fjarvera iðnnema frá námi vegna slysa, veikinda eða barnsburðarleyfis lengur en 6 mánuði samtals framlengist námstími sem þeim tíma nemur sem er umfram 6 mánaða fjarveru.

23. gr.

Dagvinnutími iðnnema skal vera hinn sami og sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 24. gr. þessarar reglugerðar. Iðnnemar skulu ætíð starfa undir umsjón meistara eða sveina í umboði hans.

Iðnnemum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagavinnu og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu sem ekki lýtur að námi þeirra, er þeim um megn eða skaðleg getur talist heilsu þeirra.

Ef svo er ástatt í einhverri iðngrein að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina getur menntamálaráðuneytið ákveðið hámarksvinnutíma iðnnema í iðngreininni með hliðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum.

Iðnnemi skal hefja nám í skóla við upphaf námsannar og störf hjá meistara eða fyrirtæki að loknu síðasta prófi á námsönn.

24. gr.

Þegar nám fer fram í dagskóla með fullum kennslustundafjölda skal iðnnemi að öðru jöfnu halda kaupi sínu en mæta ekki til vinnu. Verði samkomulag um að kaup sé ekki greitt meðan á skólatíma stendur greiðist samsvarandi hærra kaup þann tíma sem unnið er.

Sé iðnnemi samkvæmt samningi á þeim kjörum að hann haldi kaupi sínu í skóla skal meistari eða iðnfyrirtæki greiða skólagjöld fyrir hann, pappír, bækur og áhöld sem námið útheimtir.

Fari kennsla í iðnfræðsluskóla að hluta eða öllu leyti fram í kvöldskóla með samþykki menntamálaráðuneytisins skal iðnnemi, þá daga sem skóli stendur, ljúka störfum á vinnustað tveimur stundum áður en skóli hefst.

Ef iðnnemi stundar nám í iðnfræðsluskóla utan samningsbundins dagvinnutíma getur iðnfulltrúi stytt námstíma samkvæmt samningi er svarar til þess tíma sem ella hefði dregist frá vinnutíma vegna skólanáms.

25. gr.

Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal iðnnemi hjá meistara eða iðnfyrirtæki njóta sömu réttinda og gert er ráð fyrir í lögum sem gilda á hverjum tíma, svo og þeirra fríðinda umfram lög sem felast í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Grunnréttur iðnnema til launa í slysa- og sjúkdómstilfellum er 6 mánuðir yfir námstímann miðað við fjögurra ára iðnnám, en hlutfallslega styttri í skemmra námi. Skylt er

iðnnema að leggja fram læknisvottorð í slysa- og sjúkdómstilfellum og getur meistari eða iðnfyrirtæki vísað á sérstakan trúnaðarlækni í þessu sambandi.

26. gr.

Um barnsburðarleyfi iðnnema skal fara samkvæmt lögum þar að lútandi og er fjarvera vegna þessa ekki grundvöllur samningsslita.

5. KAFLI
Sveinspróf.

27. gr.

Sveinspróf skal halda að jafnaði tvisvar á ári í eðlilegu framhaldi af brautskráningu í iðnfræðsluskólum í janúar og júní. Sveinspróf skulu fara fram á viðurkenndum prófstað.

Umsóknir um sveinspróf skulu sendast menntamálaráðuneytinu og skal ráðuneytið auglýsa umsóknarfrest með nægum fyrirvara.

Iðnmeistari getur sótt um heimild til að senda iðnnema til prófs ef hann telur færni hans og þekkingu næga þótt samningstíma sé ekki lokið.

28. gr.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslunefndar, reglur um prófverkefni og tilhögun sveinsprófs í hverri iðngrein og sérgrein um sig.

29. gr.

Heimilt er að taka hvern þann til sveinsprófs sem lokið hefur burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla og verknámssamningi hjá meistara eða starfsþjálfunarsamningi á vegum iðnfræðsluskóla.

Hafi einstaklingur unnið a.m.k. 6 ár eftir 18 ára aldur í iðngrein undir stjórn meistara og lokið tilskildu bóknámi getur hann sótt um heimild til menntamálaráðuneytisins til að fara á eigin vegum í sveinspróf.

Þá er heimilt að taka til verklegs sveinsprófs án réttar til inngöngu í meistaraskóla:

a) iðnnema sem fatlast hefur andlega eða líkamlega á námstíma eða áður þannig að hann telst ekki fær um að ljúka burtfararprófi úr skóla og menntamálaráðuneytið hefur að fengnum tillögum fulltrúa viðkomandi iðngreinar og áliti trúnaðarlæknis heimilað próftöku,
b) þá sem menntamálaráðuneytið hefur veitt heimild til próftöku skv. 3. málsgrein 24. gr. laga nr. 57/1988.

30. gr.

Þegar verklegt iðnnám fer að mestu eða öllu leyti fram í skóla getur menntamálaráðuneytið heimilað að lokapróf námsbrautar jafngildi sveinsprófi. Til þess að svo geti orðið þarf að liggja fyrir samþykki iðnfræðsluráðs, fræðslunefndar viðkomandi iðngreinaflokks eða iðngreinar og samtaka launþega og vinnuveitenda. Menntamálaráðuneytið gefur út reglur um slík próf að höfðu samráði við sveinsprófsnefnd.

31. gr.

Meistari sækir um til menntamálaráðuneytisins að iðnnemi verði tekinn til sveinsprófs. Umsóknin skal vera á þar til gerðum eyðublöðum og henni skal fylgja:

1) námssamningur iðnnema eða skýrsla skóla um námsferil,
2) vinnubók,
3) burtfararprófsskírteini frá skóla eða vottorð um að iðnnemi sé á lokaönn,
4) sveinsbréfsgjald.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðuneytisins, sbr. a- og b-lið 29. gr., til að þreyta verklegt sveinspróf eingöngu skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi ásamt:

1) umsókn um próftöku,
2) sveinsbréfsgjaldi.

Sá sem hefur heimild menntamálaráðuneytisins til iðnnáms skv. 3. mgr. 27. gr. skal leggja fram bréf ráðuneytisins þar að lútandi ásamt burtfararprófskírteini frá skóla og sveinsbréfsgjaldi.

32. gr.

Sá sem óskar eftir sveinsprófi fyrir próftaka skal greiða fyrir hann þann kostnað sem greiðist ekki af opinberu fé, svo sem efnisgjald og kaup próftaka meðan á prófi stendur, þegar það á við samkvæmt samningi.

Þeir sem hafa leyfi menntamálaráðuneytisins til verklegs sveinsprófs eingöngu, svo og þeir sem þreyta prófið í annað eða þriðja skipti, skulu greiða þennan kostnað sjálfir.

33. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eina prófnefnd í hverri iðngrein fyrir allt landið til að sjá um framkvæmd sveinsprófa. Það setur prófnefndum starfsreglur samkvæmt tillögum fræðslunefnda. Í starfsreglum skal kveðið á um framkvæmd prófa, aðstöðu á prófstað, einkunnagjöf fyrir sveinspróf og samræmingu prófa. Þá skal ráðuneytið koma upp safni sveinsprófa (prófbanka) þar sem fræðslunefndir geta fengið fullgerð sveinspróf.

Menntamálaráðuneytið skal veita skólum upplýsingar um árangur iðnnema á sveinsprófi sem frá þeim fóru í prófið.

34. gr.

Í prófnefnd skulu vera þrír menn og jafnmargir til vara og skulu þeir skipaðir af menntamálaráðuneytinu til þriggja ára í senn. Tveir prófnefndarmenn skulu skipaðir að fengnum tillögum félagasamtaka í löggiltum iðngreinum og skulu það að jafnaði vera bæði meistari og sveinn. Hinn þriðja skipar menntamálaráðuneytið án tilnefningar og skal hann vera formaður prófnefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðuneytið skal halda námskeið fyrir prófnefndarmenn til þess að tryggja sem best framkvæmd og samræmingu prófa.

35. gr.

Prófnefndarmaður víkur úr sæti í prófnefnd ef hann er eða hefur verið meistari iðnnema eða kennari hans í verknámi, náskyldur honum eða tengdur.

Menntamálaráðuneytið getur vikið prófnefndarmanni úr starfi ef hann vanrækir starf sitt eða brýtur af sér á annan hátt að mati menntamálaráðuneytisins. Verði ágreiningur milli prófnefndar og próftaka eða meistara hans skal honum vísað til úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið getur tilnefnt sérstaka trúnaðarmenn til að fjalla um ágreininginn. Skylt er prófnefnd að varðveita öll gögn er ágreininginn varða og afhenda þau menntamálaráðuneytinu eða fulltrúum þess, þar með talið prófverkið sjálft eins og próftaki skilaði því, eftir því sem við verður komið.

Leitað skal álits viðkomandi fræðslunefndar um ágreiningsatriðin áður en menntamálaráðuneytið sker úr ágreiningnum. Úrskurður menntamálaráðuneytisins er lokaúrskurður.

36. gr.

Ef prófstaður er ákveðinn í öðru byggðarlagi en próftaki starfar í skal meistari eða iðnfyrirtæki greiða þann kostnað er hlýst af ferðum og dvöl próftaka á prófstað.

37. gr.

Viðkomandi fræðslunefnd skal hafa eftirlit með störfum prófnefnda í iðngreinum innan iðngreinaflokksins. Fræðslunefndin getur falið eftirlitsmönnum að fylgjast með prófunum og meta hvort aðstaða sé fullnægjandi.

38. gr.

Ef prófverk er smíði hlutar sem próftaki vill sjálfur eiga er honum það heimilt, enda standi hann sjálfur straum af kostnaði við prófið að undanskildu sveinsprófsgjaldi.

Þegar prófverkið er hluti af verkframkvæmd og greitt er fyrir það sem slíkt skal sú launagreiðsla renna til próftaka, enda greiðir meistari þá ekki laun hans á meðan á prófi stendur.

39. gr.

Hafi iðnnemi ekki staðist sveinspróf í iðninni á hann rétt á að ganga undir það á ný þegar það er næst haldið, enda sé hann sjálfráður um það hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram.

Hafi próftaki ekki staðist prófið getur hann sjálfur snúið sér til menntamálaráðuneytisins með beiðni um að fá að ganga undir sveinspróf á ný.

40. gr.

Þegar próftaki hefur lokið prófi og niðurstöður sveinsprófs liggja fyrir skal prófnefnd gefa honum kost á að sjá þær. Sé próftaki ósáttur við niðurstöður prófnefndar getur hann áfrýjað þeim til menntamálaráðuneytis, sbr. 35. gr. Þegar prófi er lokið skal prófnefndin þegar gefa viðkomandi lögreglustjóra skýrslu um prófið á frumriti sveinsprófsbókar.

41. gr.

Standist iðnnemi sveinspróf ber lögreglustjóra að gefa út honum til handa sveinsbréf, undirritað af formanni prófnefndar og lögreglustjóra.

Lögreglustjóri heldur skrá yfir öll sveinsbréf, útgefin í umdæmi hans. Menntamálaráðuneytið leggur til eyðublöð undir sveinsbréf.

6. KAFLI
Meistararéttindi.

42. gr.

Meistarabréf fyrir iðnsveina eru gefin út af lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum að fullnægðum skilyrðum um rétt til meistarabréfs. Umsókn skal senda til viðkomandi aðila í því umdæmi sem umsækjandi á lögheimili.

43. gr.

Sá sem lokið hefur fullgildu sveinsprófi og hefur unnið undir stjórn meistara í a.m.k. eitt ár getur hafið nám í meistaraskóla, en meistaraskóli veitir rétt til meistarabréfs, sbr 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

44. gr.

Sá sem lokið hefur sveinsprófi fyrir 1. janúar 1989 þarf ekki að stunda nám við meistaraskóla til þess að fá útgefið meistarabréf, sbr. 10. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978. Honum er þó heimill aðgangur að meistaraskóla. Sá sem lýkur sveinsprófi 1. janúar 1989 eða síðar skal stunda nám við meistaraskóla með fullnægjandi árangri til þess að fá útgefið meistarabréf. Á meistarabréf skal skrá hvort meistaraskóla sé lokið.

45. gr.

Iðnráð, sem skipuð eru skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978, skulu athuga hverja umsókn um meistarabréf vandlega og gæta þess að uppfyllt séu ákvæði námskrár fyrir meistaraskóla sem sett er samkvæmt 55. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990 og skilyrði iðnaðarlaga nr. 42/1978 um veitingu bréfsins. Þau skulu gefa lögreglustjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum umsögn um umsóknina, en útgáfa meistarabréfa er í höndum þeirra embætta.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1988 um framhaldsskóla með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi nr. 102/1990 með áorðnum breytingum, sbr. reglugerð nr. 157/1992, reglugerð nr. 240/1993 og reglugerð nr. 581/1994.

Menntamálaráðuneytið, 20. október 1995.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 561 23. október 1995

REGLUGERÐ

um ávaxtasafa og sambærilegar vörur.

I. KAFLI
Gildissvið og merking.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ávaxtasafa og sambærilegar vörur sem skilgreindar eru í viðauka 1. Hún gildir ekki um vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópsks efnahagssvæðis.

2. gr.

Þau heiti sem skráð eru í viðauka 1 gilda um vörur sem þar eru skilgreindar. Meðhöndlun þeirra og framleiðsla skal vera í samræmi við skilyrði í viðauka 1 og önnur ákvæði þessarar reglugerðar. Við framleiðslu er auk vatns aðeins heimilt að nota þau hráefni sem tilgreind eru í viðauka 2 og í samræmi við þau skilyrði sem þar eru sett.

3. gr.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

a) heiti vörunnar í samræmi við skilgreiningar í viðauka 1. Fyrir vörur unnar úr einni tegund ávaxta kemur heiti þeirrar tegundar í staðinn fyrir orðið „ávöxtur“;
b) fyrir vörur unnar úr tveimur eða fleiri tegundum ávaxta skal í tengslum við vöruheiti tiltaka þá ávexti sem notaðir eru, í röð eftir minnkandi magni safa eða mauks. Fyrir vörur úr þremur eða fleiri tegundum ávaxta er þó heimilt að merkja með „ávaxtablanda“ eða tiltaka fjölda ávaxtategunda í stað þess að merkja heiti þeirra;

c) merkingin „úr þykkni“ ásamt heiti þess, fyrir ávaxtasafa og nektar, sem að hluta eða öllu leyti eru unnir úr ávaxtaþykkni. Merking þessi skal vera á sama sjónsviði og merking sem fjallað er um í 1. mgr. 11. gr og c lið 42. gr. reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla;
d) þar sem við á, merkingin „með viðbættum sykri“ ásamt upplýsingum um magn hans í grömmum í lítra. Uppgefið magn skal ekki vera meira en 15% umfram það magn sem bætt er í vöruna;
e) merkingin „inniheldur aldinkjöt“ eða sambærileg merking fyrir ávaxtanektar sem eingöngu er unninn úr ávaxtamauki (þykktu eða ekki) eða ávaxtasafa og ávaxtamauki (þykktu eða ekki);
f) magn vatns sem blanda skal í ávaxtaþykkni og ávaxtasafa í duftformi.

II. KAFLI
Eftirlit og gildistaka.

4. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í viðauka 1 séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 1. bókun, tilskipun 93/45/EBE um framleiðslu á nektar án viðbætts sykurs eða hunangs og tilskipun 93/77/EBE um ávaxtasafa og tilteknar sambærilegar vörur. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 51/1936 um aldinsafa og aldinsöft.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir vörutegundir sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar, er veittur frestur til 1. janúar 1997 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfisráðuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Viðauki 1
Fullunnar vörur.

A. Skilgreiningar.

Ávaxtasafi:

Ógerjaður safi, sem getur gerjast. Unninn úr ávöxtum, ef til vill kældum og hefur lit, bragð og ilm einkennandi fyrir safa ávaxtarins sem hann er unninn úr.

Ávaxtasafi unninn úr þykkni er safi sem fæst með því að bæta í ávaxtaþykkni sama hlutfalli af vatni og skilið var frá við þykkinguna og sem hefur sömu eiginleika hvað varðar skynmat og samsetningu og annar safi úr sömu ávöxtum.

Safi sítrusávaxta skal unninn úr innlagi ávaxtanna (endocarp), að undanskildum safa súraldina sem heimilt er að vinna úr öllum ávextinum.

Ávaxtaþykkni:

Þykkni sem fæst með því að fjarlægja ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum. Ef varan er ætluð til beinnar neyslu skal þykkingin vera að minnsta kosti 50%.

Ávaxtanektar:

Ógerjuð vara, sem getur gerjast. Fengin með því að bæta vatni og sykri í ávaxtasafa, ávaxtaþykkni, ávaxtamauk, þykkt ávaxtamauk eða blöndu þeirra og er að öðru leyti í samræmi við ákvæði í viðauka 3.

Þurrkaður ávaxtasafi (í duftformi):

Vara sem unnin er með því að fjarlægja nánast allt vatn úr ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum.

B. Skilyrði við framleiðslu.

1. Við framleiðslu á ávaxtasafa er heimilt að:
   a) blanda saman tveimur eða fleiri tegundum ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks;
   b) nota köfnunarefni, pektólítíska, próteólítíska og amýlólítíska lífhvata, gelatín (matarlím), bentónít, tannín, kísilgel, kaolín (postulínsleir), viðarkol og óvirk efni til síunar;
   c) beita hefðbundnum eðlisfræðilegum aðferðum svo sem hitameðhöndlun, skiljun í skilvindu og síun;
   d) nota sykur (reiknað sem þurrvigt) með eftirfarandi skilyrðum, nema í peru- og þrúgusafa:
      i) 15 g í lítra til að jafna sýrustig;
      ii) 40 g í lítra af eplasafa til bragðbætis;
      iii) 200 g í lítra af safa af sítrónu, súraldin, „bergamot"-aldin, sólberjum og rauðum og hvítum rifsberjum til bragðbætis;
      iv) 100 g í lítra af öðrum ávaxtasafa til bragðbætis.

   Óheimilt er að bæta sykri í safa sem innihalda viðbættar sýrur í samræmi við ákvæði 5. töluliðar.

2. Við framleiðslu á ávaxtanektar er heimilt að:
   a) blanda saman fleiri en einni tegund af nektar, hugsanlega með íblöndun ávaxtasafa eða ávaxtamauks;
   b) nota efni og aðferðir samkvæmt b og c lið 1. töluliðar;

c) bæta sykri í vöruna, þó ekki í magni yfir 20% af þyngd hennar. Heimilt er að nota hunang í stað sykurs með sömu skilyrðum;
d) nota apríkósur og ávextina í II. og III. hluta viðauka 3 eina sér eða blandaða til að framleiða nektar án viðbætts sykurs eða hunangs, þegar náttúrulegt sykurinnihald þeirra er nægilega mikið til þess.
e) bæta vatni í vöruna, þó ekki í svo miklu magni að magn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks og magn sýru verði lægra en kveðið er á um í viðauka 3.

3. Við framleiðslu á ávaxtaþykkni er heimilt að:
a) nota efni og aðferðir samkvæmt a-c lið 1. töluliðar;
b) nota sykur í samræmi við d lið 1. töluliðar í þykkni sem ætlað er til dreifingar í neytendaumbúðum;
c) bæta allt að 15 g sykurs í lítra (reiknað sem þurrvigt) í þykkni sem ekki er ætlað til dreifingar beint til neytenda, til að jafna sýrustig;
d) nota rokgjörn efni sem unnin hafa verið úr upprunalega safanum eða úr sambærilegum safa til að endurheimta bragð og ilm safans. Skylt er að nota slík efni í ávaxtaþykkni sem framleitt er til dreifingar beint til neytenda.

4. Við framleiðslu á ávaxtasafa á duftformi er, auk þess sem fram kemur í 3. tölulið, heimilt að nánast fullþurrka ávaxtasafa með eðlisfræðilegum aðferðum öðrum en þurrkun yfir opnum eldi. Skylt er að bæta í vöruna mikilvægustu rokgjörnu efnunum sem tapast við þurrkunina.

5. Notkun aukefna skal í öllum tilvikum vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 579/1993 um aukefni í matvælum.

Viðauki 2
Hráefni.

Ávextir:
Skulu vera ferskir, hæfilega þroskaðir, heilir, óskaddaðir og með öllum mikilvægustu innihaldsefnum sínum. Tómatar eru hér ekki taldir til ávaxta.

Ávaxtamauk:
Ógerjuð vara, sem getur gerjast. Fengin með því að sía neysluhæfa hluta heilla eða afhýddra ávaxta án þess að fjarlægja safann.

Þykkt ávaxtamauk:
Vara sem fæst með því að fjarlægja með eðlisfræðilegum aðferðum ákveðið hlutfall vatns úr ávaxtamauki.

Sykur:
- sykurvörur sem falla undir reglugerð um sykur og sykurvörur
- ávaxtasykur (frúktósi)
- annar sykur úr ávöxtum

Viðauki 3
Sérákvæði um ávaxtanektar.

Ávaxtanektar	Lágmarksmagn sýru (g vínsýru í lítra nektar)	Lágm.magn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks (% miðað við þyngd)
I. Úr ávöxtum með mjög súrum, óneysluhæfum safa,		
Ástaraldin (*Passiflora edulis*)	8	25
Gullepli *(Solanum quiteoense)*	5	25
Sólber	8	25
Hvít rifsber	8	25
Rauð rifsber	8	25
Stikilsber (garðaber)	9	30
Þistilber (*Hippophae)*	9	25
Þyrniplómur (*Prunus spinosa*)	8	30
Plómur	6	30
Sveskjuplómur	6	30
Reyniber	8	30
Rósaldin (ávextir *Rosa sp.*)	8	40
Súr kirsuber	8	35
Önnur kirsuber	6[1)]	40
Bláber	4	40
Ylliber	7	50
Hindber	7	40
Jarðarber	5[1)]	40
Mórber/brómber	6	40
Trönuber	9	30
Apríkósur	3[1)]	40
Kveður	7	50
Sítrónur og súraldin	-	25
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	-	25
II. Úr ávöxtum með óneysluhæfum safa, með lágu innihaldi sýru, miklu aldinkjöti eða eru bragðsterkir,		
Mangó	-	35
Bananar	-	25
Guava	-	25
Papayaaldin	-	25
Litkaaldin	-	25
Ávextir aseróltrésins (Neapolitan medlars)	-	25
Broddótt annóna (*Annona muricata*)	-	25
Uxarhjarta (*Annona reticulata*)	-	25
Sykurepli	-	25
Granatepli	-	25
Kasúhnetur	-	25
Spænskar plómur (*Spondia purpurea*)	-	25
Umbu (*Spondias tuberosa aroda*)	-	30
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	-	25

Ávaxtanektar	Lágmarksmagn sýru (g vínsýru í lítra nektar)	Lágm.magn ávaxtasafa og/eða ávaxtamauks (% miðað við þyngd)
III. Úr ávöxtum með neysluhæfum safa.		
Epli	3[1)]	50
Perur	3[1)]	50
Ferskjur	3[1)]	45
Sítrusávextir, fyrir utan sítrónur og súraldin	5	50
Ananas	4	50
Aðrir ávextir sem tilheyra þessum flokki	–	50

[1)] Á ekki við um ávaxtanektar sem eingöngu er unnin úr ávaxtamauki (þykktu eða ekki) eða ávaxtasafa og ávaxtamauki (þykktu eða ekki).

23. október 1995 Nr. 562

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 289/1994 um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði.

1. gr.

Viðauki reglugerðar nr. 289/1994 breytist á eftirfarandi hátt:
Leysiefninu sýklóhexani er bætt við III. hluta með leyfilegu hámarksmagni 1 mg/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 94/52/EBE um 2. breytingu á tilskipun 88/344/EBE um leysiefni til notkunar í matvælaiðnaði. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

23. október 1995 Nr. 563

REGLUGERÐ

um 1. breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka 2:

a) Hámarksgildi varnarefna samkvæmt viðauka þessarar reglugerðar bætast við viðauka 2.
b) Undirflokkurinn „Iðnaðarkartöflur„ bætist við flokk 5 „Kartöflur".
c) Eftirfarandi bætist við skýringar við viðauka 2:
   2a) Samanlögð gildi ísómera
d) Hámarksgildi fyrir eftirfarandi efni í kartöflum falla úr gildi:
   Díallat + tríallat
   Hexaklórbensen

3-Klóranilín
Klórbensíð
Klórbensílat
Metidation
Monokrotofos
Tetrabutylazin

e) Hámarksgildi varnarefna breytast á eftirfarandi hátt:

Cypermetrin:	Fyrir „Alifuglakjöt“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01 ppm
Daminozid:	Í stað 5 ppm fyrir flokk 1 (iii) „Kjarnaávextir“ kemur 0,02* ppm
DDT:	Fyrir flokk 6 „Te“ skal standa 0,2* ppm í stað 0,2 ppm
Deltametrin:	Fyrir „Alifuglakjöt“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01 ppm
Endrin:	Fyrir „Kjöt og kjötvörur“ kemur 0,05 ppm í stað 0,01* ppm
Etefon:	Gildi fyrir flokk 1 (v) „Ber og aðrir smáir ávextir“ fellur úr gildi; í stað 0,5 ppm fyrir flokk 1 (v) (a) „Vínber“ kemur 0,05* ppm; í stað 1 ppm fyrir „Korn og kornvörur“ kemur 0,05* ppm
Imazalil:	Í stað 5 ppm fyrir „Kartöflur“ kemur 5 ppm fyrir „Iðnaðarkartöflur“
Iprodione:	Í stað 0,02* fyrir „Greipaldin“ í flokki 1 (i) kemur 0,02* fyrir „Sítrónur“
Karbofuran:	Í stað 0,5 ppm fyrir „Kartöflur“ kemur 0,1* ppm
Klórpyrifos:	Fyrir „Alifuglakjöt“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01 ppm
Klórpyrifosmetyl:	Í stað 0,5* ppm fyrir flokk 1 (v) (b) „Jarðarber“ skal standa 0,5 ppm; fyrir „Kjöt og kjötvörur“ kemur 0,05* ppm í stað 0,01 ppm
Maleic hydrazid:	Í stað 50 ppm fyrir „Kartöflur“ kemur 50 ppm fyrir „Iðnaðarkartöflur“
Metalaxyl:	Í stað 0,1* ppm fyrir „Kartöflur“ kemur 0,05* ppm
Permetrín:	Í stað 0,1 ppm fyrir flokk 1 (ii) „Trjáhnetur“ kemur 0,1 ppm fyrir „Möndlur“
Prokymidon:	Fyrir flokk 2 (vi) „Ertur og belgávextir“ undir annað kemur 0,02* ppm í stað 0,2* ppm
Propikonazol:	Í stað 0,05 ppm fyrir „Korn og kornvörur“ skal standa 0,05* ppm

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 1. bókun, tilskipun 93/29/EBE um breytingu á viðaukum tilskipunar 86/362/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilskipunar 86/363/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á matvælum úr dýraríkinu, tilskipun 93/30/EBE um breytingu á viðauka 2 í tilskipun 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum og leiðréttingu (corrigenda) á tilskipun 93/58/EBE um breytingu á tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum og 90/642/EBE. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 23. október 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-axyl	Benfura-carb	Cyflu-thrin 2a)	Cyper-metrin 3)	Lambda-Cyhalothrin	Damin-ozid 4)	Etefon	Fenarimol	Fura-thiocarb	Karbo-furan 23)	Karbo-sulfan	Metalaxyl	Propi-konazol
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir,													
ósoðnir, varðir með frystingu, en													
ekki með viðbættum sykri													
(i) Sítrusávextir	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Greipaldin													
Sítrónur													
Súraldin													
Mandarínur													
Appelsínur													
Pómelóaldin													
Annað													
(ii) Trjáhnetur	0.05*	0.05*	0.02*		0.05*	0.05*	0.1*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Möndlur													
Brasilíuhnetur													
Kasúhnetur													
Kastaníuhnetur													
Kókoshnetur													
Heslihnetur													
Makademía hnetur													
Pekan hnetur													
Furu hnetur													
Hjartaaldin													
Valhnetur													
Annað													
(iii) Kjarnaávextir	0.05*	0.05*	0.2		0.1		3	0.3	0.05*	0.1*	0.05*	1	0.05*
Epli													
Perur													
Kveði													
(iv) Steinaldin	0.05*	0.05*				0.02*		0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	
Apríkósur					0.2								0.2

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
Kirsuber			0.2				3						0.05*
Ferskjur					0.2								0.2
Nektarínur					0.2								0.2
Plómur			0.2										0.05*
Annað			0.02*		0.1		0.05*						0.05*
(v) Ber og aðrir smáir ávextir		0.05*				0.02*			0.05*		0.05*		
(a) Vínber	0.2		0.3		0.2			0.3		0.01*			0.5
Til víngerðar												1	
Önnur												2	
(b) Jarðarber (önnur en villt)	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*	0.3		0.1*		0.5	0.05*
(c) Reyr ávextir (aðrir en villtir)	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*	0.02*		0.1*		0.05*	0.05*
Brómber													
Blá hindber													
Loganber													
Hindber													
Annað													
(d) Aðrir smáávextir og ber												0.05*	
(annað en villt)	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*	0.02*		0.1*			0.05*
Bláber													
Trönuber													
Garðaber								1					
Rifsber (rauð og hvít)					0.1		5	1					
Sólber					0.1		5	1					
Annað													
(e) Villt ber og villtir ávextir	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*			0.1*		0.05*	0.05*
(vi) Ýmsir ávextir	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Lárperur													
Bananar													
Döðlur													
Fíkjur													
Loðber (kíví)													
Dvergappelsína													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
Litkaber													
Mangó													
Ólífur													
Ástaraldin													
Ananas													
Granatepli													
Annað													
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið,													
frosið eða þurrt.													
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Rauðrófur													
Gulrætur										0.3	0.1	0.1	
Hnúðselja													
Piparrót													
Ætifífill													
Nípa										0.3	0.1	0.1	
Steinseljurót													
Hreðkur (radísur)										0.5			
Hafursrót													
Sætuhnúðar													
Gulrófur													
Næpur													
Kínakartöflur													
Annað													
(ii) Laukar	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*		0.05*	0.05*	0.05*
Hvítlaukur										0.3			
Laukur	0.2									0.3			
Skalotlaukur										0.3			
Perlulaukur													
Annað										0.1*			
(iii) Grænmetisaldin		0.05*				0.02*		0.02*	0.05*			0.05*	

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
(a) Kartöfluætt	0.05*				0.02*					0.1*	0.05*		0.05*
Tómatar	0.2		0.05*				3						
Paprikur	0.2						3						
Eggaldin													
Annað			0.02*				0.05*						
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði	0.05*		0.02*		0.1		0.05*			0.1*	0.05*		0.05*
Gúrkur													
Þrúgugúrkur													
Grasker													
Annað													
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*			0.1*	0.05*		0.05*
Melónur													
Grasker													
Vatnsmelónur													
Annað													
(d) Sykurmaís	0.05*		0.02*		0.02*		0.05*			0.1*	0.05*		0.05*
(iv) Kál	0.05*	0.05*				0.02*	0.05*	0.02*					0.05*
(a) Blómstrandi kál			0.02*		0.02*				0.1	0.2	0.05*	0.05*	
Spergilkál													
Blómkál			0.05										
(b) Höfuðkál			0.2						0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	
Rósakál					0.05								
Höfuðkál					0.2							1	
Annað					0.02*								
(c) Blaðkál			0.02*	1	0.02*				0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	
Kínakál													
Grænkál													
(d) Hnúðkál			0.02*		0.02*				0.05*	0.2	0.05*	0.05*	
(v) Blaðgrænmeti og													
ferskar kryddjurtir.	0.05*	0.05*				0.02*		0.05*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
(a) Karsi (garðperla)			0.5		1								
Vorsalat			0.5		1								

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
Íssalat			0.5		1								
Höfuðsalat			0.5		1								
Blaðsalat			0.5		1								
Vetrarsalat			0.5		1								
Annað					1								
(b) Spínat			0.02*		0.02*								
Blaðbeðja (strandblaðka)													
(c) Vatnakarsi			0.02*		0.02*								
(d) Jólasalat			0.02*		0.02*								
(e) Kryddjurtir			0.02*		1								
Kerfill													
Graslaukur													
Blaðselja													
Steinselja													
Annað													
(vi) Ertur og belgávextir (ferskir)	0.05*	0.05*	0.05			0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Baunir (með belg)					0.2								
Baunir (án belgs)													
Ertur (með belg)					0.2								
Ertur (án belgs)					0.2								
Annað					0.02*								
(vii) Stilkgrænmeti	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Spergill													
Fingrakornblóm													
Stilkselja													
Fennika (sígóð)													
Ætiþistill													
Blaðlaukur													
Rabarbari													
Annað													
(viii) Sveppir	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
(a) Ætisveppir													
(b) Villtir ætisveppir													
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Baunir													
Linsubaunir													
Ertur													
Annað													
4. Olíufræ	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.05*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Hörfræ													
Jarðhnetur													
Valmúafræ (birki)													
Repjufræ			0.05										
Sesamfræ													
Sólblómafræ													
Sojabaunir													
Baðmullarfræ													
Sinnepsfræ													
5. Kartöflur (jarðepli)	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*	0.05*	0.02*	0.05*		0.05*		0.05*
Snemmvaxnar													
Iðnaðarkartöflur													
6. Te	0.1*	0.1*	0.1*		1	0.1*	0.1*	0.05*	0.1*	0.2*	0.1*	0.1*	0.1*
7. Humall	0.1*	5	20		10	0.1*	0.1*	5	5	10	0.05*	10	0.1*
Korn og kornvörur	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.02*		0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	
Hveiti							0.2						
Rúgur, rúghveiti							0.5						
Bygg					0.05		0.5						
Hafrar													
Hrísgrjón													

Viðauki: Hámarksgildi varnarefna í matvælum í mg/kg

Matvæli	Benal-	Benfura-	Cyflu-	Cyper-	Lambda-	Damin-	Etefon	Fenarimol	Fura-	Karbo-	Karbo-	Metalaxyl	Propi-
	axyl	carb	thrin 2a)	metrin 3)	Cyhalothrin	ozid 4)			thiocarb	furan 23)	sulfan		konazol
Maís			0.05*										
Mjólk og mjólkurvörur	0.05*	0.05*	0.02*		0.05	0.05*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.1*
Kjöt og kjötvörur	0.5*	0.5*	0.05		0.5	0.05*	0.05*	0.02*	0.5*	0.1*	0.5*	0.5*	0.05*
Alifuglakjöt													
Kindakjöt													
Kjúklingar					0.02*								
Svínanýru													
Nautgripa- og kindanýru													
Nautgripa- og kindalifur													0.1
Egg	0.05*	0.05*	0.02*		0.02*	0.05*	0.05*	0.02*	0.05*	0.1*	0.05*	0.05*	0.05*
Fiskur og fiskafurðir													

GJALDSKRÁ

fyrir póstþjónustu.

Gildir frá 16. nóvember 1995.

ALMENNUR BRÉFAPÓSTUR:

	Þyngdar-mörk g	Innanlands burðargjald kr.	Lönd í Evrópu burðargjald kr.	Lönd utan Evrópu burðargjald kr.
A - póstur	20	30	35	55
	50	40	70	110
	100	50	90	180
	250	90	180	385
	500	125	340	710
	750	160	480	1050
	1000	190	585	1250
	1250	215	685	1525
	1500	235	785	1800
	1750	250	885	2050
	2000	265	960	2300

	Þyngdar-mörk g	Lönd í Evrópu burðargjald kr.	Lönd utan Evrópu burðargjald kr.
B - póstur	20	30	35
	50	50	60
	100	60	75
	250	120	175
	500	180	325
	750	260	490
	1000	340	640
	1250	400	760
	1500	460	880
	1750	520	1000
	2000	570	1100

Mörk stærðar og þyngdar:
Hámarksstærð: Lengd + breidd + þykkt 900 mm. Mesta lengd 600 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm. Mesta lengd 900 mm. Hámarksþyngd er 2 kg.
Lágmarksstærð: Er 90 x 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm. Minnsta lengd 100 mm.

INNRITUÐ BLÖÐ OG TÍMARIT:
Innritunargjald 21.650 kr.

Stærðarmörk eru þau sömu og fyrir almennan bréfapóst.	Þyngdar-mörk g	Innanlands burðargjald kr.
a) Til áskrifenda.	20	7,85
Minnsta gjald er	100	8,70
fyrir 500 eintök.	250	15,20
Hámarksþyngd	300	23,10
500 g hvert eintak	500	38,50
b) Til umboðsmanna, minnst 50 eintök til hvers í einu. Hámarks-þyngd 20 kg.	hver 500 g	30 kr.

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga og fyrir tímarit og blöð sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 161/1990, grein 1.3.13.1.

ALMENNIR BÖGGLAR
INNANLANDS:

	Þyngdar-mörk kg	Burðargjald Alm. bögglar kr.[1]	Rúmfr. bögglar kr.[1]
Hámark þyngdar og stærðar	3	275	415
(lágmarksst. 90x140 mm):	5	345	515
þyngd 30 kg mest. Lengd	10	450	675
+ mesta ummál 3 m. Mesta	15	675	1010
lengd 1,50 m.	20	900	1350
	25	1125	1685
	30	1350	2025

Póststöðvar veita upplýsingar um burðargjald fyrir böggla til útlanda.

VERÐBRÉF:

Burðargjald sendingar eftir þyngd, skrásetningargjald	kr.	155
Tryggingargjald, fyrir hverjar 5.000 kr. eða minna	"	110

VERÐBÖGGLAR:

Burðargjald sendingar eftir þyngd, skrásetningargjald	kr.	195[1]
Tryggingargjald, fyrir hverjar 5.000 kr. eða minna	"	110

BLINDRAPRENT:
Nýtur gjaldfrelsis innanlands og til útlanda sem B-póstur. Hámarksþyngd 7 kg.

ÝMIS ÖNNUR GJÖLD:

Ábyrgðargjald	kr. 155	Alþjóða svarmerki, söluverð	kr. 85
Móttökukvittun	kr. 45	Skiptiverð í frímerkjum	kr. 55
Tollmeðferð bréfa	kr. 155	Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli	kr. 65
Tollmeðferð böggla	kr. 155	Gjald fyrir að búa um böggla[1]	kr. 55

Geymslugjald böggla er kr. 105 á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.
Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur, utanlands og innanlands er kr. 45.
Hraðboðagjald, kr. 250, er tekið þegar bréf eða tilkynning um böggul er borin út með sérstökum sendimanni þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús. Þetta á við þar sem er daglegur útburður.

PÓSTFAXÞJÓNUSTA
INNANLANDS[1]:

a) Frá póststöð til póststöðvar	kr. 255	fyrsta síða
	kr. 130	hver viðbótarsíða
b) Frá einkatæki til póststöðvar	kr. 160	fyrsta síða
	kr. 85	hver viðbótarsíða
c) Frá póststöð til einkatækis	kr. 195	fyrsta síða
	kr. 110	hver viðbótarsíða

Pósthólfaleiga, ársleiga eftir stærð: kr. 625, kr. 790, kr. 955. Leigutími er eitt ár og greiðist fyrirfram.

Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:
1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar:
   a) allt að 3.500 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu
   b) allt að 22.500 kr. fyrir böggul sem glatast eða eyðileggst.

FORGANGSPÓSTUR - EMS
INNANLANDS:

	Þyngdar-mörk kg	Burðar-gjald kr.[1)]	Þyngdar-mörk kg	Burðar-gjald kr.[1)]
Mörk stærðar og þyngdar:	0,250	2215	10	4590
Mesta þyngd 30 kg. Lengd	1	2385	11	4835
+ mesta ummál 3 m. Mesta	2	2630	12	5080
lengd 1,50 m. Lágmarks-	3	2875	13	5325
stærð 90 x 140 mm.	4	3120	14	5570
	5	3365	15	5815
	6	3610	16	6060
	7	3855	17	6350
	8	4100	18	6550
	9	4345	19	6795
			20	7040

Fyrir hvert kg til viðbótar upp í 30 kg er gjaldið kr. 245 með virðisaukaskatti.
Póststöðvar veita upplýsingar um burðargjald fyrir forgangspóst til útlanda.

PÓSTGÍRÓÞJÓNUSTA
INNANLANDS:
Innborganir:
Innborgunarseðill er ókeypis. Ef innborgunarseðill er notaður til innheimtu er tekið sama gjald og fyrir C-gíróseðil.

A-, B- og BB- gíróseðlar:

a) Seðlagjald greitt fyrirfram, hver seðill	kr.
ef upplag er 25.000 seðlar eða meira	3
19.000 - 24.999	4
13.000 - 18.999	5
8.000 - 12.999	6
5.000 - 7.999	7
4.000 - 4.999	9
3.000 - 3.999	10
2.000 - 2.999	12
1.000 - 1.999	15

Við prentun í fleiri en einum lit og/eða við fyrstu prentun bætist við aukakostnaður. Fyrir tölusetningu á B-gíróseðla bætist við 1 kr. fyrir hvern seðil.

b) Færslugjald fyrir hvern greiddan gíróseðil	45
C-gíróseðill	55

Innáprentun er ókeypis ef keyptir eru 500 seðlar eða fleiri í einu.

Innborganir á gjaldeyrisreikninga vegna greiðslumiðlunar	100

Millifærslur:
Færsla á milli póstgíróreikninga er ókeypis.

Færsla til banka, hver færsla	55

Útborganir:

D-gíróseðill	85

Innáprentun er ókeypis ef keyptir eru 500 seðlar eða fleiri í einu.
Útborgun af eigin reikningi er ókeypis.

PÓSTGÍRÓÞJÓNUSTA
VIÐ ÚTLÖND:
Greiðslur til útlanda:

Millifærsla	kr. 400
Innborgunarseðill	" 400
Útborgunarseðill	" 425

Gjald verður tekið af viðtakanda í ákvörðunarlandi nema sendandi taki þann kostnað á sig.

Greiðslur frá útlöndum:
Viðtakandi greiðslunnar greiðir nema sendandi hafi greitt.

a) fyrir greiðslu á póstgíróreikning	kr. 150
b) fyrir greiðslu á bankareikning	" 350
c) fyrir útborgun	" 300

PÓSTÁVÍSANIR:

	Innanlands kr.	Til útlanda kr.
Almenn póstávísun	85	500
Símapóstávísun / hraðpóstávísun	325	1850

Hámarksupphæð innanlands er kr. 500.000 en upplýsingar um hámarksupphæð til útlanda eru veittar á póststöðvum.

PÓSTKRÖFUR:

Innanlands:	Bréfapóstkrafa kr.	Bögglapóstkrafa kr.
Með póstávísun*	145	180[1)]
Með innborgun á póstgíróreikning*	95	120[1)]
Faxkrafa	350	350
Til útlanda:		
Með póstávísun*	220	220
Með innborgun á póstgíróreikning, upphæð ótakmörkuð.		
a) greitt við póstlagningu*	50	50
b) greitt við innborgun erlendis frá	150	150
Af viðtakanda sendingarinnar mun einnig innheimt gjald vegna kostnaðar í ákvörðunarlandi.		

Hámarksupphæð póstávísana innanlands er kr. 500.000 en upplýsingar um hámarksupphæð til útlanda eru veittar á póststöðvum.

* Við póstkröfugjald bætist alltaf burðargjald eftir tegund sendingar.

Frá útlöndum:
Viðtakandi sendingar greiðir:

a) ef greiðslan fer inn á erlendan póstgíróreikning	kr. 465
b) ef greiðslan fer inn á íslenskan póstgíróreikning	" 120

1) Innifalinn er 24,5% virðisaukaskattur vegna sendinga innanlands.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfsrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 16. nóvember 1995. Samtímis falla úr gildi gjaldskrár nr. 364 frá 9. október 1992 og nr. 162 frá 8. mars 1995.

Samgönguráðuneytið, 31. október 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Eggertssjóð.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Eggertssjóður. Stofnandi hans er Háskóli Íslands og skal varsla sjóðsins, ávöxtun hans og reikningshald vera á ábyrgð hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða á gjaldeyrisreikningi nr. 180060 við Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibú að jafnvirði kr. 1.790.000.

Ennfremur rennur til sjóðsins andvirði eigna sem Eggert V. Briem, fæddur 18. ágúst 1895, hefur gefið Háskóla Íslands með sérstöku gjafabréfi 19. september 1995, en þar er um að ræða erlend verðbréf sem talin eru að verðmæti nálægt USD 300.000.

Einnig skulu renna til sjóðsins þær eignir sem Eggert V. Briem hefur ánafnað Háskóla Íslands með erfðaskrá sinni, dagsettri 20. desember 1994.

Auk þess renna til sjóðsins allar vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins, svo og minningargjafir er síðar kunna að berast sjóðnum.

Óskerðanlegur höfuðstóll sjóðsins skal vera kr. 1.500.000, en sjóðstjórn er heimilt að ákveða hækkun þeirrar fjárhæðar eftir því sem eignir sjóðsins aukast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir á sviði jarðfræði og líffræði.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal rektor Háskóla Íslands tilnefna einn þeirra en háskólaráð skal kjósa tvo án tilnefningar. Sömu aðilar skulu tilnefna varamenn í sjóðsstjórnina.

Kjörtímabil stjórnar er þrjú ár og skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands, kjörnir af háskólaráði.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal úthluta styrkjum úr sjóðnum og skulu styrkveitingar kynntar opinberlega með fréttatilkynningum.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt eða sjóðurinn lagður niður samkvæmt ákvörðun háskólaráðs, sem þá skal jafnframt ákveða ráðstöfun höfuðstóls hans til verkefna sem falla undir ákvæði 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

7. gr.

Rektor Háskóla Íslands skal hlutast til um að afla staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. nóvember 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

2. nóvember 1995 Nr. 566

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. bann við u-beygju á móts við innkeyrslu að Kringlunni 8-12 úr suðri í suður.
2. bann við u-beygju á móts við innkeyrslu að Kringlunni 7 (Húsi verslunarinnar) úr suðri í suður.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1995.

Böðvar Bragason.

2. nóvember 1995 Nr. 567

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Hér með er gerð leiðrétting á auglýsingu, sem birtist í Lögbirtingablaðinu þann 1. september 1995 og í Stjórnartíðindum útg. 31. ágúst 1995, um umferð á mótum Vatnagarða og Sægarða í Reykjavík, en á gatnamótunum hefur verið, samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs, ákveðin stöðvunarskylda á Vatnagarða gagnvart umferð um Sægarða.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1995.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin stöðvunarskylda á Breiðagerði gagnvart umferð um Grensásveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 14. nóvember 1995.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. nóvember 1995.

Böðvar Bragason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1995

9. nóvember 1995 1425 Nr. 569

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 335, 9. júní 1995 um loðnuveiðar 1995/1996.

1. gr.

B. liður 3. gr. orðist svo:

Til 1. desember 1995 eru allar loðnuveiðar bannaðar vestan 19°V og sunnan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 67°30´N-19°00´V
2. 67°30´N-22°30´V
3. 66°30´N-25°00´V og þaðan í 270° réttvísandi vestur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 570 1426 16. nóvember 1995

AUGLÝSING

um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og með vísan til þess að komið hefur upp Newcastle-veiki í Svíþjóð, er þar til annað verður ákveðið, bannað að flytja til landsins lifandi fugla, frjóegg og hvers konar afurðir af hænsnfuglum frá Svíþjóð.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 571 16. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd, skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, og c gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	16.11.-30.06.96	32.000	0	201
b)	Ostur: (samtals í eftirfarandi tollnr.)		5.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	16.11.-30.06.96		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	16.11.-30.06.96		0	143
0406.9000	Annar ostur	16.11.-30.06.96		0	160
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	16.11.-30.06.96	20.000	0	107
0406.4000	Gráðostur	16.11.-30.06.96	8.000	0	164

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr. / kg
c)	Ostur: (samtals í eftirfarandi tollnr.)		24.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	16.11.-30.06.96		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	16.11.-30.06.96		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	16.11.-30.06.96		0	107
0406.4000	Gráðostur	16.11.-30.06.96		0	164
0406.9000	Annar ostur	16.11.-30.06.96		0	160

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 57.000 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagerðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 33.000 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagerðar skv. töflu c) eru 24.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagerðar. Verði sótt um minna magn en auglýst er í hverjum tollkvóta, skal því magni sem umfram er bætt hlutfallslega við aðra tollkvóta.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1995

Nr. 572 1428 13. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um prófun á ökuritum.

I. Almenn atriði.

1. gr.

Þeir sem annast prófanir á ökuritum skulu uppfylla ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Prófunarverkstæði: Verkstæði sem hlotið hefur faggildingu á sviði prófana á ökuritum og uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar og kröfur faggildingardeildar Löggildingarstofunnar til að öðlast B-faggildingu.

Tæknilegur stjórnandi: Yfirmaður á prófunarverkstæði sem ber tæknilega ábyrgð á því að prófanir séu framkvæmdar í samræmi við settar reglur og að öllum kröfum um faggildingu sé fullnægt.

Prófunarmaður: Starfsmaður prófunarverkstæðis sem uppfyllir skilyrði reglugerðarinnar um hæfniskröfur og annast prófanir á ökuritum og tengdum búnaði.

Reglugerð 3821/85: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum, eins og henni hefur verið breytt, síðast með reglugerð (EBE) nr. 3688/92, sbr. reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995.

Um aðrar skilgreiningar vísast til viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

3. gr.

Tæknileg framkvæmd við prófun á ökuritum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar 3821/85, reglugerð þessa og verklagsreglur prófunarverkstæðis, sem byggðar eru á fyrrgreindum kröfum og sem uppfylla kröfur faggildingardeildar Löggildingarstofunnar til B-faggildingar.

Faggildingarsviðin eru þessi;

a. prófun við viðgerð á ökuritum,
b. prófun við ísetningu ökurita og
c. prófun við skoðun.

Ökuriti sem notaður er samkvæmt reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. skal hafa hlotið gerðarviðurkenningu í samræmi við ákvæði í reglugerð 3821/85.

Tíðni prófana skal vera í samræmi við VI. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85, sbr. og 8. gr. reglugerðar um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136/1995. Prófanir á ökuritum við ísetningu og við skoðun á sex ára fresti skulu gerðar á prófunarverkstæði.

Gutenberg

II. Tæknilegar kröfur.

Prófun við viðgerð á ökurita.

4. gr.

Ökurita skal prófa með tilliti til þess hvort hann geti skráð rétt og sýnt rétt ekna vegalengd, hraða og tíma, innan þeirra skekkjumarka sem gefin eru upp í 3. tölul. f-liðar í III. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

Auk þess skal prófað hvort ökuritinn geti skráð aksturs- og hvíldartíma í samræmi við 4. tölul. c-liðar í III. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

5. gr.

Prófa skal ekna vegalengd og hraða í prófunartæki. Prófunartækið skal geta líkt eftir prófunarvegalengd með minni mælióvissu en ± 0,1%.

Prófunartækið skal þrepalaust geta líkt eftir þeim ökuhraða, sem ökuritinn getur sýnt og skráð, með minni mælióvissu en ± 0,3 km/klst.

Klukka ökuritans skal prófuð með viðeigandi búnaði með minni mælióvissu en ± 12 sek/sólarhring.

6. gr.

Næmni ökurita við að sýna og skrá ökuhraða, ekna vegalengd og tíma skal prófuð í þar til gerðum og viðurkenndum akstursbermi.

7. gr.

Niðurstöður prófana skv. 2. mgr. 4. gr., 5. gr. og 6. gr. skulu færðar á skráningarblað, sem fylgja skal ökuritanum þar til hann er tengdur í bifreiðina.

8. gr.

Að lokinni prófun skv. kafla þessum skal ökuritinn innsiglaður í samræmi við 4. tölul. í V. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

Prófun við ísetningu ökurita.

9. gr.

Ökurita skal prófa með tilliti til þess hvort hann skrái rétt og sýni rétt ekna vegalengd, hraða og tíma, innan þeirra vikmarka sem gefin eru upp í 2. tölul. f-liðar í III. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

10. gr.

Skekkjumælingar við ísetningu ökurita skulu gerðar við þau skilyrði sem kveðið er á um í 4. tölul. í VI. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

11. gr.

Ökutækinu skal ekið beint áfram á jöfnum hraða á sléttu yfirborði með tengdan þar til gerðan mæli og þá vegalengd sem nákvæmni mælisins krefst.

Prófunartæki skulu uppfylla þau skilyrði sem krafist er í 5. gr.

Niðurstöður prófunar skulu færðar á skráningarblað.

12. gr.

Virkt ummál hjólbarða skal skilgreina sem meðaltal virks ummáls allra hjóla á drifásum þegar radíus hjóls er mældur með þar til gerðu áhaldi.

13. gr.

Einkennistuðull ökutækis (W) er mældur með viðeigandi búnaði þegar því er ekið ákveðna vegalengd í samræmi við gerð mælisins og skal prófið miðast við 1000 m vegalengd. Búnaðurinn skal reikna út k-gildi með minni mælióvissu en ± 0,3%. Prófunarvegalengd skal mæld með minni mælióvissu en ± 0,4%.

14. gr.

Að lokinni prófun skal uppsetningarplötu komið fyrir og ökuritinn tengdur og innsiglaður eins og kveðið er á um í viðauka 1 við reglugerð 3821/85.

Skoðun.

15. gr.

Vikmörk við prófun við skoðun, sbr. b-lið 3. tölul. í VI. kafla í viðauka 1 (sex ára skoðun) við reglugerð 3821/85, skulu vera innan þeirra marka sem tilgreind eru í 3. tölul. f-liðar í III. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85. Að öðru leyti skal tilhögun vera hin sama og þegar um uppsetningu á nýjum ökurita er að ræða.

Athuga skal hvort innsigli, sem kveðið er á um í 4. tölul. í V. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85, séu til staðar, hvort þau séu heil, svo og hvort ökuritinn sé að öðru leyti óskemmdur.

III. Prófunarskýrslur.

16. gr.

Prófunarverkstæði skulu skrá niðurstöður prófs ásamt öðrum upplýsingum í prófunarskýrslu. Afrit prófunarskýrslna skulu sendar skráningaraðila daglega.

Til staðfestingar því, að prófun hafi farið fram og að ökuritinn og tengdur búnaður uppfylli settar kröfur, skal prófunarverkstæði auðkenna ökutækið með viðeigandi einkennismiða sem gerður er og komið fyrir að fyrirmælum Vegagerðarinnar.

IV. Innsiglun.

17. gr.

Innsiglun skv. 8. gr. skal gerð samkvæmt fyrirsögn framleiðanda ökuritans. Innsiglið má vera úr plasti.

18. gr.

Innsiglun skv. b- - g-liðum 4. tölul. í V. kafla í viðauka 1 við reglugerð 3821/85 skal gerð með innsiglisþræði og blýinnsigli eða með þar til gerðu plastinnsigli. Innsiglun á tengingu við gírkassa skal þó gerð með blýinnsigli. Sama á við um samsetningu á barka og tengingu barka við ökurita.

Innsiglisþráður blýinnsiglis skal vera samsettur úr kjarna úr 7 samhliða þráðum, 0,2 mm í þvermál, og stálþræði, 0,5 mm í þvermál, vafið utan um. Innsiglisþráður skal vera ryðvarinn. Innsiglið skal vera blýsívalningur 10 ± 1 mm í þvermál og a.m.k. 5 mm langur, með tveimur götum til að þræða innsiglisþráðinn í gegnum.

19. gr.

Sérhver innsiglistöng skal vera með sérstöku merki sem töngin er ein um, í samræmi við ákvæði í 20. gr. í reglugerð þessari. Vegagerðin annast afhendingu tanganna og heldur skrá yfir ábyrgðarmenn þeirra.

20. gr.

Merki á innsiglistöng skal vera með bókstöfunum ÍS, þremur tölustöfum og merki samkvæmt nánari fyrirmælum Vegagerðarinnar. Innsiglistöngin skal marka skýrt merki á innsiglið. Henni skal haldið í góðu lagi og hún geymd í læstum hirslum þegar ekki er verið að nota hana.

21. gr.

Glatist eða skemmist innsiglistöng skal Vegagerðinni þegar gert viðvart.

V. Starfsleyfi.

22. gr.

Dómsmálaráðuneytið veitir starfsleyfi til reksturs prófunarverkstæðis til að annast prófanir á ökuritum. Prófunarverkstæði skal sinna öllum prófunarbeiðnum sem berast. Þó er prófunarverkstæði heimilt að einskorða prófunarstarfsemi sína við eina gerð ökurita. Prófunarverkstæði er heimilt að fela undirverktaka hluta prófunar enda falli starf undirverktaka að gæðakerfi prófunarverkstæðisins. Vinnan er framkvæmd á faglega ábyrgð prófunarverkstæðisins.

Faggiltu endurskoðunarverkstæði, sem fengið hefur innsiglunartöng hjá Vegagerðinni, er heimilt að rjúfa innsigli við gírkassa og innsigla á ný ef nauðsynlegt er vegna viðgerðar á drifás ökutækisins. Því er hins vegar ekki heimilt að innsigla nema að það hafi sjálft rofið innsiglið. Verkstæðið skal tilkynna skráningaraðila um aðgerðina á eyðublaði sem Vegagerðin lætur í té.

Eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar og lögreglu er heimilt að kanna starfsemi prófunarverkstæðis eins og þurfa þykir. Slík könnun er óháð reglulegu eftirliti faggildingardeildar Löggildingarstofunnar.

23. gr.

Sá sem sækir um starfsleyfi til reksturs prófunarverkstæðis á sviði prófana á ökuritum skal leggja fram sönnun um að hann hafi hlotið B-faggildingu í samræmi við reglur faggildingardeildar Löggildingarstofunnar. Ennfremur skal hann staðfesta að prófunarverkstæðið:

- hafi stjórnanda í föstu starfi með tilskilda menntun og reynslu, sem beri tæknilega ábyrgð á framkvæmd prófana,
- hafi nægan fjölda fastráðinna starfsmanna með fullnægjandi þekkingu og reynslu til að annast prófanir,
- hafi yfir að ráða hentugu húsnæði og aðstöðu, þ.m.t. skilgreindri uppmældri aksturleið, þar sem unnt er að framkvæma allar prófanir,
- hafi yfir að ráða hentugum tækjabúnaði sem uppfyllir ákvæði um nákvæmni prófana í reglugerð þessari,
- muni taka þátt í samanburðarprófunum þegar ráðuneytið óskar eftir því og hlíti fyrirmælum um ráðstafanir ef frávik milli verkstæða koma fram. Verkstæðið skal bera allan kostnað vegna þeirrar þátttöku og ráðstafana sem gera verður,
- muni taka þátt í samvinnuverkefnum þegar þess er óskað,
- muni senda upplýsingar til skráningaraðila á sérstöku skráningareyðublaði í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um,

- muni ekki annast prófun á ökuritum í eigin ökutækjum eða ökutækjum í eigu tengdra aðila,
- muni afhenda ökumanni (umráðamanni) ökutækis sem fengið hefur frágenginn ökurita bækling um framkvæmd reglna um aksturs- og hvíldartíma. Efni bæklingsins skal samþykkt af dómsmálaráðuneytinu.

24. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur svipt prófunarverkstæði starfsleyfi, ef skilyrði fyrir leyfisveitingunni eru ekki lengur uppfyllt. Sama á við ef verkstæðið hlítir ekki fyrirmælum ráðuneytisins eða faggildingardeildar Löggildingarstofu, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi.

VI. Hæfniskröfur.

25. gr.

Tæknilegur stjórnandi prófunarverkstæðis og prófunarmaður skulu hafa starfsréttindi í bifvélavirkjun eða hafa aðra sambærilega eða meiri menntun sem nýtist á þessu sviði og hafa þekkingu og reynslu á sviði ökurita og ísetningu þeirra. Undantekningu má gera frá þessu skilyrði ef viðkomandi hefur menntun, starfsreynslu og þjálfun, sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar telur fullnægjandi.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um reglugerðir, reglur og verklagsreglur viðkomandi prófunarverkstæðis sem fjalla um prófanir á ökuritum. Námskeiðin skulu viðurkennd af faggildingardeild Löggildingarstofunnar og skal þeim ljúka með prófi. Faggildingardeild Löggildingarstofunnar getur einnig tekið gild námskeið og próf frá erlendum aðila.

26. gr.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu prófunarverkstæðis getur, að undangenginni umfjöllun yfirstjórnar prófunarverkstæðisins og Vegagerðarinnar í samræmi við ákvæði í gæðakerfi prófunarstofunnar, skotið úrskurði þess til dómsmálaráðuneytisins.

VII. Gildistaka.

27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 21. tölul. XIII. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.

Nr. 573 31. október 1995

REGLUGERÐ

um hámarksvexti í líftryggingasamningum í íslenskum krónum.

1. gr.

Líftryggingafélögum sem hafa starfsleyfi hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, er heimilt að gefa loforð um vexti í líftryggingasamningum í íslenskum krónum að hámarki 3% til viðbótar verðtryggingu, og að hámarki 4,5% í óverðtryggðum líftryggingasamningum.

Þegar gildistími líftryggingasamnings í íslenskum krónum er átta ár eða skemmri, og iðgjald er greitt í eitt skipti fyrir öll, mega loforð um vexti þó hæst nema 5,5% til viðbótar verðtryggingu og 7% í óverðtryggðum líftryggingasamningum.

Ákvæðin um hámark vaxta skulu endurskoðuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 98. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi, sbr. ákvæði 18. gr. tilskipunar 92/96/EBE sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 31. október 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

8. nóvember 1995 Nr. 574

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann við suðurkant Skaftahlíðar milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. nóvember 1995.

Böðvar Bragason.
e.u. Sturla Þórðarson.

9. nóvember 1995 Nr. 575

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1996 vera 0,08% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1995.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Ytri-Torfustaðahrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Ytri-Torfustaðahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, að jafnaði annan mánudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri boðar hreppsnefndarfundi, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, í samráði við oddvita.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar. Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar, sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Aukafund skal halda í hreppsnefnd ef þörf krefur að mati sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár. Heimilt skal að kjósa oddvita til fjögurra ára ef meirihluti hreppsnefndarmanna samþykkir það í byrjun kjörtímabils.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á

tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar, eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er

haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem er til meðferðar í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok hvers fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmenn eiga aðgang að bókum og skjölum hreppsins og óhindraðan aðgang að stofnunum hans og starfsemi vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

50. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. Undirkjörstjórn við alþingiskosningar. Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd V-Hún.* Einn fulltrúa og annan til vara skv. lögum nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985, og samkomulagi um almannavarnanefnd héraðsnefndar V-Hún.
2. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Leita leiða til aukinnar atvinnustarfsemi í hreppnum.
3. *Bókasafnsstjórn bókasafns ungmennafélagsins Grettis.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum ungmennafélagsins.
4. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Einn fulltrúi í svæðisbyggingarnefnd og annar til vara.
5. *Ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Málefni: Almenn ferðamál.
6. *Fulltrúa á ársþing S.S.N.V.*, sbr. gr. 3.1 skv. lögum S.S.N.V. dags. 28. ágúst 1992.
7. *Fóðuröflunarfélag Miðfirðinga.* Einn stjórnarmaður og annar til vara skv. stofnsamningi frá 2. júlí 1972.
8. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír fulltrúar í nefndina sem valdir eru í samráði við Staðarhrepp, Fremri-Torfustaðahrepp, Kirkjuhvammshrepp, Þverárhrepp, Þorkelshólshrepp og Bæjarhrepp skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
9. *Héraðsnefnd V-Hún.* Einn fulltrúi (eða fleiri) skv. 4. gr. stofnsamnings frá 1988 og jafnmargir til vara.

10. *Hitaveitufélag Miðfirðinga.* Tveir stjórnarmenn og einn til vara, sbr. sameignarfélagssamning dagsettan 11. mars 1986.
11. *Húsnefnd félagsheimilisins Ásbyrgis.* Einn fulltrúi og einn til vara. Félagsheimilið er rekið af húsnefnd, sem í sitja fulltrúar eignaraðila, sem eru: Ytri-Torfustaðahreppur 55%, Kvenfélagið Iðja 10% og ungmennafélagið Grettir 35%. Hver rekstraraðili skipar einn fulltrúa til 4 ára.
12. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
13. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara sbr. 4. gr. laga sambandsins frá 1990.
14. *Skólanefnd Laugarbakkaskóla.* Einn aðalmann og annan til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
15. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

Héraðsnefnd fer með málefni áfengisvarnarnefndar sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969, félagsmálanefndar sbr. 7. gr. laga nr. 40/1991 og barnaverndarnefndar sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 58/1992.

Hreppsnefnd tilnefnir auk þess einn úttektarmann og einn til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

57. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver skuli gegna störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 577 2. nóvember 1995

SAMÞYKKT

um hundahald í Borgarnesi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Borgarnesi, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, búsettum á staðnum, undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirfarandi skilyrðum:

a) Undanþága skal bundin við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Óheimilt er að framselja hana.
b) Ef veitt er undanþága til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki þeirra eigenda, sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými fylgja umsókn.
c) Gjald vegna undanþágu skal greiða árlega til bæjarsjóðs samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur og umhverfisráðuneytið staðfestir. Gjaldið skal standa straum af ábyrgðartryggingu hundsins og hreinsun hans á auglýstum hreinsunardegi. Jafnframt skal það standa straum af skráningu, merkingu og hundaeftirliti í Borgarnesi.
   Sérstakt skráningargjald skal greitt við skráningu hundsins og síðan árgjald með gjalddaga 1. mars. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan mánaðar frá gjalddaga, fellur undanþágan úr gildi.
d) Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Opinber hreinsunardagur skal auglýstur í október ár hvert.
e) Eigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Skylt er aðila að fjarlægja saur eftir hund sinn á tryggilegan hátt.

f) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli, skóla, dagvistarheimili, kirkju og kirkjugarða né húsakynni þar sem framleidd eru eða seld matvæli eða aðrar neyslu- og nauðsynjavörur.

g) Ekki eru tekin undanþágugjöld né skráningargjöld af einstaklingum sem heilsu sinnar vegna þurfa að halda hund og skal slíkt staðfest með læknisvottorði.

3. gr.

Umsókn um undanþágu til hundahalds skal send skrifstofu Borgarbyggðar, sem veitir undanþágu samanber skilyrði samþykktar þessarar. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig koma fram nafn og heimilisfang eiganda. Við skráningu fær eigandi hundsins afhent merki til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Á merkið er skráð nafn og númer hundsins og símanúmer eiganda.

Lögreglustjóra í Borgarnesi skal sent afrit af undanþágu.

4. gr.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu, þar sem hann skuldbindur sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum í samþykkt þessari svo og síðari breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

5. gr.

Ef hundeigandi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar fellur undanþágan úr gildi.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama. Kostnaður við töku hunda skal ákveðinn af bæjarstjórn og að fullu greiddur af eiganda. Hættulegum hundum t.d. þeim sem ráðast á menn og skepnur skal lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan 7 daga frá því hann kom í vörslu eftirlitsmanns er heimilt að aflífa hann í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum í samráði við lögreglustjóra hafa eftirlit með hundunum samkvæmt samþykkt þessari.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 275/1991 um hundahald í Borgarnesi.

Umhverfisráðuneytið, 2. nóvember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um meðhöndlun á fljótandi köfnunarefni.

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi þar sem fljótandi köfnunarefni er meðhöndlað og fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Skilgreiningar.

2. gr.

Með meðhöndlun er í reglum þessum átt við framleiðslu, vinnslu, pökkun, geymslu, flutning, notkun, uppsöfnun, breytingu eða annað þessu hliðstætt.

Með % er í reglum þessum átt við rúmmálshlutfall.

Almenn ákvæði.

3. gr.

Í vinnurými þar sem fljótandi köfnunarefni er geymt eða meðhöndlað á annan hátt skal vera loftræsting þannig að styrkur súrefnis verði ekki lægri en 20%. Ef styrkur súrefnis verður lægri en 20% skal nota ferskloftsgrímur í vinnurýminu.

Fullnægjandi skriflegar notkunarreglur og öryggisleiðbeiningar skulu vera aðgengilegar á vinnustaðnum.

Vinnuna skal skipuleggja og framkvæma á þann hátt að tryggt sé að bein snerting við fljótandi köfnunarefni geti ekki átt sér stað.

Ílát, leiðslur eða annar búnaður fyrir fljótandi köfnunarefni má ekki vera úr brennanlegu efni eða úr efni sem ekki er kuldaþolið. Hitaeinangrun má ekki vera úr brennanlegu efni.

Ílát undir fljótandi köfnunarefni skal hafa búnað sem kemur í veg fyrir hættulega þrýstingsmyndun. Búnaðurinn skal einnig vera þannig þegar það á við að hann hindri að vökvi losni úr ílátinu við flutning. Tryggt skal að búnaðurinn lokist ekki vegna ísingar.

Rör milli tveggja loka í leiðslu fyrir fljótandi köfnunarefni skal hafa búnað sem kemur í veg fyrir hættulega þrýstingsmyndun.

Hindra verður að fljótandi köfnunarefni leki út í umhverfið. Búa skal þannig um ílát sem hafa að geyma fljótandi köfnunarefni að þau geti ekki oltið eða fallið niður.

Merkingar.

4. gr.

Ílát sem inniheldur fljótandi köfnunarefni skal þegar það er meðhöndlað vera merkt með nauðsynlegum upplýsingum til að koma í veg fyrir heilsutjón og slys. Þegar fljótandi köfnunarefni er meðhöndlað daglega á sama vinnustað geta skilti á vegg með nauðsynlegum upplýsingum komið í stað merkingar á íláti.

Við inngang að vinnurými þar sem fljótandi köfnunarefni er geymt eða meðhöndlað skal vera skilti með eftirfarandi texta: „VARÚÐ. Fljótandi köfnunarefni“. Skiltið skal hafa greinilegan og auðlæsilegan svartan texta á gulum grunni. Ekki er þó nauðsynlegt að hafa skilti þar sem fljótandi köfnunarefni er meðhöndlað tilfallandi í litlu magni.

Flutningur á íláti í ökutæki.

5. gr.

Ílát sem inniheldur fljótandi köfnunarefni má aðeins flytja í ökutæki í vel loftræstu rými aðskildu frá ökumanni og farþegum með heilum vegg. Þetta gildir þó ekki fyrir eitt eða fleiri

ílát sem innihalda samtals innan við fjóra lítra af fljótandi köfnunarefni né fyrir ílát með fljótandi köfnunarefni sem hafa þéttlokaðan ytri búnað þaðan sem uppgufað köfnunarefni er leitt með slöngu eða öðru álíka út fyrir ökutækið.

Ílát með fljótandi köfnunarefni skal við flutning vera örugglega fest til að koma í veg fyrir að það velti.

Gildistaka.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

9. nóvember 1995 Nr. 579

AUGLÝSING

um umferð á Dalvík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Dalvíkur eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Dalvík.

1. Aðalbrautarréttur verður á Hafnarbraut, Skíðabraut og Gunnarsbraut og stöðvunarskylda á öllum götum, er að þeim liggja.
2. Mímisvegur, Böggvisbraut, Karlsrauðatorg og Bjarkarbraut verða aðalbrautir og biðskylda á aðliggjandi götum gagnvart nefndum götum.
3. Bjarkarbraut víkur fyrir umferð á Mímisvegi og Goðabraut.
   Mímisvegur víkur fyrir umferð af Böggvisbraut.
   Goðabraut víkur fyrir umferð af Mímisvegi.
   Vegur frá skíðasvæði hefur stöðvunarskyldu á Böggvisbraut.
   Umferð úr Svarfaðarbraut víkur fyrir umferð úr Hólavegi.
4. Á eftirtöldum götum verður 30 km hámarkshraði:
   Á öllum götum vestan Gunnarsbrautar og norðan Karlsrauðatorgs, þ.e. Karlsbraut, Bárugötu, Brimnesbraut, Ægisgötu, Drafnarbraut, Lokastíg og Öldugötu. Einnig á Ránarbraut, Martröð og Karlsrauðatorgi austan Hafnarbrautar.

Fyrrnefndar breytingar á umferð verða gefnar til kynna með umferðarmerkjum.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 9. nóvember 1995.

Elías I. Elíasson.

REGLUR

um vélar og tæknilegan búnað.

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar og markaðssetning.

1. gr.

1. Reglur þessar gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum, sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum. Reglurnar gilda einnig á sama hátt um öryggisíhluta sem settir eru á markað.

2. Í reglunum merkir *vél* safn innbyrðis tengdra hluta eða íhluta, þar sem að minnsta kosti einn hreyfist, með viðeigandi gangsetningar- og stjórnbúnaði og orkuflutningsrásum, sem tengdir eru saman til ákveðinna nota, m.a. til að vinna, meðhöndla, flytja eða pakka ákveðnu efni. Hugtakið vél nær líka til vélasamstæðna sem í ákveðnum tilgangi er komið þannig fyrir og stjórnað að þær vinna sem órofa heild. Hugtakið vél tekur líka til búnaðar sem skipta má um og breytir hlutverki vélar og settur er á markaðinn með það fyrir augum að stjórnandinn setji hann sjálfur saman við vél, eða röð mismunandi véla, eða dráttarvél, svo fremi þessi búnaður sé ekki varahlutur eða verkfæri.

3. Í reglunum merkir *öryggisíhluti* íhluta sem framleiddur er til að fullnægja ákveðnu öryggishlutverki þegar hann er í notkun og þjónar slíku hlutverki að ef hann bilar stofnar það öryggi og heilsu manna í hættu.

4. Eftirfarandi er undanskilið gildissviði reglnanna:
   - vélar þar sem eini orkugjafinn er handafl sem beitt er milliliðalaust, nema um sé að ræða vél sem notuð er til að lyfta byrðum eða setja þær niður,
   - vélar til lækninga sem notaðar eru í beinni snertingu við sjúklinga,
   - sérstakur búnaður eða tæki til nota á sýningarsvæðum og í skemmtigörðum,
   - eimkatlar, geymar og þrýstihylki,
   - vélar eða búnaður sem er sérhannað fyrir eða notað í tengslum við kjarnorku og getur orsakað geislavirkni ef bilun kemur upp,
   - geislavirkir gjafar sem eru hluti vélar,
   - skotvopn,
   - geymar og leiðslur fyrir bensín, gasolíu, eldfima vökva og hættuleg efni,
   - samgöngutæki, það er að segja farartæki ásamt eftirvögnum sem eingöngu eru ætluð til fólksflutninga í lofti, á vegum, járnbrautum og vatnaleiðum svo og önnur samgöngutæki að því marki sem tæki þessi eru ætluð til vöruflutninga í lofti, á vegum, járnbrautum eða vatnaleiðum. Farartæki sem notuð eru til námuvinnslu eru ekki undanskilin,
   - skip og færanleg mannvirki á grunnsævi eða vötnum ásamt búnaði um borð í slíkum skipum og mannvirkjum,
   - strengjalyftibúnaður, þar með taldar togbrautir til fólksflutninga,
   - dráttarvélar til nota í landbúnaði eða við skógariðnað,
   - vélar sem eru hannaðar og smíðaðar sérstaklega fyrir her eða lögreglu.
   - lyftur, sem eiga að þjóna ákveðnum hæðum í byggingum og mannvirkjum til frambúðar, með lyftuklefa sem hreyfist á milli fastra brauta sem halla meira en 15° lárétt og eru hannaðar til að flytja:

- fólk,
- fólk og vörur,
- einungis vörur ef lyftuklefinn er aðgengilegur, ef fólk kemst inn í hann án erfiðleika og ef stjórntæki eru inni í honum eða í seilingarfjarlægð innan frá,
- búnaður til að flytja fólk þar sem notuð eru ökutæki á tannhjólabrautum,
- lyftur í námugöngum,
- leikhúslyftur,
- fólkslyftur eða fólks- og vörulyftur á byggingarstöðum.

5. Þegar sérreglur taka að hluta eða öllu til hættu sem varðar vélar eða öryggisíhluta og um getur í þessum reglum, gilda þessar reglur ekki um þau atriði.
6. Þegar hætta af vél stafar aðallega frá rafmagni fellur vélin eingöngu undir gildandi reglur um rafföng eins og þær eru á hverjum tíma.

2. gr.

Heimilt er á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv. að sýna vél eða öryggisíhluta sem fullnægja ekki ákvæðum reglna þessara, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að vélin eða öryggisíhlutinn fullnægi ekki ákvæðum og séu ekki til sölu fyrr en framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu innan EES hafi fært þá til samræmis við ákvæði reglnanna. Skylt er að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja að mönnum sé ekki stofnað í hættu þegar vélin eða öryggisíhlutinn er sýndur.

3. gr.

Vélar og öryggisíhlutar sem falla undir reglur þessar skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem tilgreindar eru í I. viðauka.

4. gr.

1. Heimilt er að setja á markað eða taka í notkun hérlendis vél og öryggisíhluta sem fullnægja ákvæðum þessara reglna.
2. Heimilt er ennfremur að vél sé sett á markað þegar framleiðandinn eða umboðsmaður hans með staðfestu innan EES lýsir yfir, í samræmi við B-lið II. viðauka, að ætlunin sé að sameina hana eða bæta henni við aðra vél svo úr verði vél sem fellur undir þessar reglur, nema hægt sé að nota hana eina og sér. Búnaður sem skipta má um, í skilningi 2. mgr. 1. gr., skal teljast vél og verður hann því að vera merktur CE-merkinu og honum skal fylgja EB-yfirlýsing um samræmi eins og getið er um í A-lið í II. viðauka.
3. Heimilt er ennfremur að öryggisíhlutar sem skilgreindir eru í 3. mgr. 1. gr. séu settir á markað þegar þeim fylgir EB-samræmisyfirlýsing frá framleiðanda eða umboðsmanni hans með staðfestu innan EES eins og um getur í C-lið í II. viðauka.

5. gr.

1. Eftirfarandi vélar og öryggisíhlutar teljast fullnægja öllum ákvæðum þessara reglna, þar á meðal um aðferðir við að kanna samræmi samkvæmt II. kafla:
- vél sem er merkt með CE-merkinu ef henni fylgir EB-samræmisyfirlýsingin sem um getur í A-lið II. viðauka,
- öryggisíhlutar ef þeim fylgir EB-samræmisyfirlýsingin sem um getur í C-lið II. viðauka.

2. Þegar landsstaðall er samræmdur staðall samkvæmt Evrópustaðli (EN) og tekur til einnar eða fleiri af grunnkröfunum um öryggi er gengið út frá því að vél eða öryggisíhluti sem smíðaður er í samræmi við þennan staðal uppfylli viðeigandi grunnkröfur.

II. KAFLI

Vottunarreglur.

6. gr.

1. Framleiðanda eða umboðsmanni hans með staðfestu innan EES ber að semja EB-samræmisyfirlýsingu eftir fyrirmyndinni í A- eða C-lið II. viðauka, fyrir hverja þá vél og hvern þann öryggisíhluta sem framleiddur er til að votta samræmi vélarinnar og öryggisíhlutans við ákvæði þessara reglna. Að auki skal framleiðandi eða umboðsmaður hans með staðfestu innan EES festa á vöruna CE-merkið sem um getur í 7. gr. Þetta á þó aðeins við um vélar.

2. Áður en vél er sett á markað ber framleiðanda eða umboðsmanni hans með staðfestu innan EES:

a. að taka saman gögn þau sem mælt er fyrir um í V. viðauka, ef vélarinnar er ekki getið í IV. viðauka,

b. að afhenda eintak af vélinni til EB-gerðarprófunar sem getið er um í VI. viðauka ef vélarinnar er getið í IV. viðauka og framleiðandi hennar fylgir ekki eða aðeins að hluta stöðlunum sem getið er um í 2. mgr. 5. gr. eða ef engir slíkir staðlar eru til,

c. ef getið er um vélina í IV. viðauka og hún er framleidd í samræmi við 2. mgr. 5. gr.:
   - annaðhvort að taka saman gögnin sem um getur í VI. viðauka og koma þeim áfram til tilkynnts aðila sem staðfestir þá hið fyrsta að hann hafi fengið gögnin og muni halda þeim,
   - afhenda gögnin sem um getur í VI. viðauka tilkynntum aðila sem sannprófar einfaldlega að farið hafi verið eftir stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og útbýr vottorð um að gögnin séu fullnægjandi,
   - eða afhenda eintak af vélinni til EB-gerðarprófunar eins og um getur í VI. viðauka.

3. Þegar fyrsti og annar undirliður c-liðar 2. mgr. gildir, þá skal framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu innan EES veita tilkynnta aðilanum upplýsingar um allar breytingar, þótt smávægilegar séu, sem hann hefur gert eða hyggst gera á vélinni sem eintakið var sýnishorn af. Málsskjöl og bréfaviðskipti skulu vera á þjóðtungu aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á tungumáli sem hann samþykkir.

4. Þegar a-liður 2. mgr. og fyrsti og annar undirliður c-liðar 2. mgr. gilda skal EB-samræmisyfirlýsingin einungis tilgreina samræmi við grunnkröfur reglnanna. Þegar b- og c-liður 2. mgr. gilda skal EB-samræmisyfirlýsingin tilgreina samræmi við eintakið sem var EB-gerðarprófað. Öryggisíhlutar skulu falla undir vottunarreglur sem gilda um vélar samkvæmt 2., 3. og 4. mgr. Að auki skal tilkynntur aðili, við EB-gerðarprófun, sannprófa hversu vel öryggisíhlutinn hentar til að fullnægja þeim öryggishlutverkum sem framleiðandi lýsir yfir.

5. Ákvæði annarra reglna um CE-merkið.

   a. Ef vélarnar falla undir ákvæði annarra reglna sem taka til annarra þátta og kveða einnig á um að setja skuli CE-merki á vörur gefur merkið til kynna að viðkomandi vélar séu einnig í samræmi við ákvæði þessara reglna.

   b. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið gefa til kynna að samræmi sé aðeins við ákvæði þeirra reglna sem framleiðandi fer eftir. Í þessu tilviki skulu tilvísanir í reglur sem farið er eftir, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða fyrirmælum sem krafist er í reglunum og fylgja slíkum vélum.

6. Þegar hvorki framleiðandi né umboðsmaður hans með staðfestu innan EES efna kvaðir málsgreinanna hér á undan falla þær á þann sem setur vélina eða öryggisíhlutann á markað

innan EES. Sömu kvaðir gilda fyrir alla þá sem setja vélar saman eða hluta þeirra eða öryggisíhluta af ýmsum uppruna eða smíða vélar eða öryggisíhluta til eigin nota.
7. Kvaðirnar sem mælt er fyrir um í 6. tölul. gilda ekki um þá sem setja skiptanlegan búnað, eins og kveðið er á um í 2. tölul. 1. gr., saman við vél eða dráttarvél ef hlutarnir eiga saman og hver einstakur hluti hinnar samsettu vélar er merktur CE-merkinu og honum fylgir EB-yfirlýsing um samræmi.

III. KAFLI
CE-merki.

7. gr.

1. Á CE-samræmismerkinu skulu vera hástafirnir „CE" með því formi sem sýnishornið í III. viðauka gefur til kynna.
2. Vél skal merkja með CE-merkinu svo greinilegt og læsilegt sé, í samræmi við tölul. 1.7.3 í I. viðauka.
3. Óleyfilegt er að setja á vélar merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila þannig að hann átti sig ekki á þýðingu og formi CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á vélarnar að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með eftirliti slíkra aðila.
2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.
3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki innan EES og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 89/392/EBE sem vísað er til í 1. tölul. XXIV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

V. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

9. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI
Refsiákvæði.

10. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VII. KAFLI
Gildistaka.
11. gr.

1. Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 35., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 1. tölul. XXIV. kafla II. viðauka, tilskipun 89/392/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar, eins og henni var breytt með tilskipun 91/368/EBE, tilskipun 93/44/EBE og tilskipun 93/68/EBE.
2. Reglurnar öðlast gildi við birtingu. Þó er heimilt að selja vélar sem uppfylla kröfur sem gerðar hafa verið fram til þessa til 30. september 1996, þó þær uppfylli ekki ákvæði þessara reglna, enda hafi þær verið fluttar til landsins eða framleiddar innanlands fyrir 31. mars 1996.
3. Frá og með 1. janúar 1996 falla úr gildi reglur nr. 562/1994 um lyftara og dráttartæki.
4. Frá og með gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur nr. 502/1994 um vottun og merkingu á stálvírum, keðjum og krókum.
5. Frá og með gildistöku þessara reglna falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 153/1986 um dráttarvélar og hlífabúnað við aflflutning frá þeim og reglugerðar nr. 424/1987 um breytingu á þeirri reglugerð sem stangast á við ákvæði þessara reglna.
6. Fram til 30. júní 1997 er heimilt að selja og taka í notkun öryggisíhluta og vélar til að lyfta eða flytja fólk sem uppfylla þær kröfur sem gerðar hafa verið fram til þessa.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI Í TENGSLUM VIÐ HÖNNUN OG SMÍÐI VÉLA OG ÖRYGGISÍHLUTA.

Í þessum viðauka merkir *vél* ýmist vél eða öryggisíhluta eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

FORMÁLSORÐ.

1. Þær kvaðir sem mælt er fyrir um í grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi gilda aðeins vegna hættu sem skapast þegar vél er notuð við aðstæður sem framleiðandi hefur ráðgert. Kröfur samkvæmt töluliðum 1.1.2, 1.7.3 og 1.7.4 gilda ávallt um allar vélar sem þessar reglur taka til.
2. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem gerðar eru í reglum þessum eru bindandi. Í ljósi núverandi tæknikunnáttu kann þó að vera að ekki sé hægt að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í kröfunum. Sé svo er skylt að leitast við af fremsta megni að hanna og smíða vélar þannig að þær komist sem næst þessum markmiðum.
3. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi hafa verið flokkaðar eftir því hvaða áhættu þær fjalla um. Þar sem vélar geta valdið ýmiss konar hættum er þeirra hugsanlega getið undir fleiri en einni fyrirsögn í þessum viðauka. Framleiðanda er skylt að meta hætturnar svo hann geti borið kennsl á það sem gildir um þá vél er hann framleiðir. Vélin skal síðan hönnuð og smíðuð með tilliti til þess mats.

1. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI.

1.1 Almennar athugasemdir.

1.1.1 Skilgreiningar.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. „hættusvæði“: svæði inni í og/eða umhverfis vél þar sem heilsa og öryggi óvarins manns er í hættu;
2. „óvarinn maður“: hver sá sem er að nokkru eða öllu leyti á hættusvæði;
3. „stjórnandi“: sá eða þeir sem starfa við uppsetningu, stjórnun, stillingu, viðhald, hreinsun, viðgerð eða flutning véla.

1.1.2 Meginreglur um innbyggt öryggi.

a) Vélar verður að smíða þannig að þær gegni hlutverki sínu og hægt sé að stilla þær og halda þeim við án þess að stofna fólki í hættu þegar þær eru notaðar með þeim hætti sem framleiðandi hefur ráðgert.
Gera skal ráðstafanir til að útiloka alla slysahættu á ráðgerðum nýtingartíma vélar, að meðtöldum tímanum þegar vél er sett saman og tekin í sundur, þetta gildir þótt slysahætta stafi af óeðlilegum aðstæðum sem sjá má fyrir.

b) Þegar framleiðandi velur hentugustu aðferðirnar verður hann að fara að eftirtöldum meginreglum í þessari röð:
   - útiloka eða draga úr hættu eftir fremsta megni (öryggi haft að leiðarljósi við hönnun og smíði vélanna),
   - gera nauðsynlegar varnarráðstafanir vegna hættu sem ekki er hægt að útiloka,
   - veita notendum upplýsingar um hættur sem eftir verða vegna annmarka á þeim varnarráðstöfunum sem gerðar voru og tilgreina hvort krafist sé ákveðinnar þjálfunar og hvort þörf sé á persónuhlífum.

c) Við hönnun og smíði véla og samningu leiðbeininga verður framleiðandi ekki aðeins að sjá fyrir venjulega notkun vélanna heldur einnig þá notkun sem eðlilegt er að gera ráð fyrir.
Vélar verður að hanna þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega notkun ef slíkt kynni að hafa hættu í för með sér. Annars verður að vekja athygli notenda í leiðbeiningunum á því hvernig eigi ekki samkvæmt fenginni reynslu að nota vélarnar.

d) Við fyrirhugaða notkun verður að draga sem mest úr óþægindum, þreytu og andlegu álagi stjórnanda, með meginreglur um vinnuvernd í huga.

e) Við hönnun og smíði vélar verður framleiðandi að taka mið af því að nauðsynleg eða fyrirsjáanleg notkun persónuhlífa (s.s. skófatnaðar, hanska o.s.frv.) kann að hefta hreyfingar stjórnandans.

f) Vélar verður að búa öllum þeim sérbúnaði og fylgihlutum sem þarf til að hægt sé að stilla þær, halda þeim við og nota þær án nokkurrar hættu.

1.1.3 Efni og vörur.

Hvorki efni sem er notað í vélar né vörur sem eru notaðar og verða til við notkun véla mega stofna öryggi eða heilsu óvarinna manna í hættu.

Þegar vökvar eru notaðir á vél verður hún að vera hönnuð og smíðuð á þann veg að ekki skapist hætta við áfyllingu, notkun, endurnotkun og tæmingu.

1.1.4 Lýsing.

Framleiðandi verður að búa vélar lýsingarbúnaði sem hentar hlutverki þeirra ef skortur á slíkri lýsingu getur valdið hættu þrátt fyrir venjulega umhverfislýsingu.

Framleiðandi verður að tryggja að ekki myndist truflandi skuggasvæði, óþægilega skær birta eða hættuleg snúningssjávirkni (stroboscopic effects) af lýsingunni við vélarnar.

Ef fylgjast þarf reglubundið með innri vélarhlutum verður að búa þá sérstökum lýsingarbúnaði; það sama gildir um staði þar sem stilling og viðhald fer fram.

1.1.5 Hönnun sem miðar að því að auðvelda meðferð vélar.

Vél, eða hver íhluti hennar, verður að vera:

- hættulaus í meðferð,
- þannig um búin eða hönnuð að hægt sé að geyma hana án þess að hún verði fyrir tjóni eða hætta stafi af henni (t.d. að stöðugleiki sé nægur, sérstakar undirstöður o.s.frv.).

Komi þyngd, stærð eða lögun vélar, eða ýmissa íhluta hennar, í veg fyrir að hægt sé að flytja hana með handafli verður vélin, eða hver íhluti hennar, að vera:

- með festibúnaði fyrir lyftitæki, eða
- þannig gerð að hægt sé að setja slíkan festibúnað á hana (t.d. göt með skrúfgangi), eða
- þannig í lögun að auðvelt sé að nota venjuleg lyftitæki.

Þegar flytja á vél, eða einhvern íhluta hennar, með handafli verður:

- annaðhvort að vera auðvelt að flytja hana, eða
- hún búin höldum (t.d. handföngum) sem gera það kleift að flytja hana án nokkurrar hættu.

Gera verður sérstakar ráðstafanir fyrir meðferð verkfæra og/eða vélarhluta, þótt léttir séu, sem gætu reynst hættulegir (lögun, efni o.s.frv.).

1.2 Stjórnbúnaður.

1.2.1 Öryggi og áreiðanleiki stjórnbúnaðar.

Stjórnbúnað skal hanna og smíða á þann hátt að hann sé öruggur og áreiðanlegur og geti ekki skapað hættuástand. Hann verður umfram allt að vera hannaður þannig og smíðaður að:

- hann þoli eðlilegt ytra og innra álag,
- röng viðbrögð skapi ekki hættuástand.

1.2.2 Stjórnbúnaður.

Stjórnbúnaðurinn skal vera:

- greinilegur og auðþekkjanlegur og merktur á viðeigandi hátt ef þörf krefur,
- staðsettur þannig að hægt sé að beita honum á öruggan hátt, hiklaust, án allra tafa og ótvírætt,
- hannaður þannig að rökrétt samræmi ríki milli hreyfinga stjórnbúnaðarins og aðgerða sem hann hrindir af stað,
- staðsettur utan hættusvæða nema sérstakur stjórnbúnaður, s.s. neyðarstöðvunarbúnaður og stjórnborð fyrir róbóta,
- staðsettur þannig að beiting hans auki ekki slysahættu,
- hannaður eða varinn þannig að ekki sé hægt að framkvæma nema með ásetningi aðgerðir sem gætu haft í för með sér slysahættu,
- gerður til að þola ráðgert álag og sérstaklega skal taka tillit til neyðarstöðvunarbúnaðar sem gæti orðið fyrir miklu álagi.

Þegar stjórnbúnaður er hannaður og smíðaður til að framkvæma margar mismunandi aðgerðir, það er að segja þegar aðgerð er ekki ótvíræð (t.d. með notkun hnappaborða o.s.frv.) verður að gefa aðgerðina sem framkvæma á skýrt til kynna og staðfesta hana ef nauðsyn krefur.

Stjórnbúnaður verður að vera þannig úr garði gerður að fyrirkomulag hans, hreyfing og átaksviðnám sé í samræmi við þá aðgerð sem framkvæma skal, með hliðsjón af meginreglum um vinnuvernd. Taka skal tillit til aðstæðna sem skapast vegna nauðsynlegrar eða ráðgerðrar notkunar persónuhlífa (s.s. skófatnaðar, hanska o.s.frv.).

Vél verður að hafa nauðsynlegan mælabúnað (skífur, merki o.s.frv.) til að hægt sé að stjórna henni á öruggan hátt. Stjórnandi verður að geta lesið á þessa mæla frá stjórnstað.

Stjórnandi verður að geta fullvissað sig um það frá aðalstjórnstað að engir óvarðir menn séu staddir á hættusvæðum.

Geti hann það ekki skal hanna og smíða stjórnkerfið á þann veg að jafnan sé gefið viðvörunarhljóðmerki eða ljósmerki áður en vél fer í gang. Óvarinn maður verður að hafa tíma og tækifæri til að bregðast skjótt við til að hindra að vél fari í gang.

1.2.3 Gangsetning.

Vél má aðeins vera hægt að setja í gang viljandi og með þar til gerðum stjórnbúnaði.

Hið sama gildir þegar:

- vél er sett aftur í gang eftir stöðvun, hver sem ástæðan fyrir stöðvuninni var,
- gerð er veruleg breyting á gangi vélar (t.d. hraða, þrýstingi o.s.frv.), nema óvarðir menn séu ekki í hættu þótt vélin fari aftur í gang á þennan hátt eða gangi hennar sé breytt.

Grunnkrafa þessi gildir ekki þegar endurtekin gangsetning eða gangbreyting vélar er eðlileg framvinda sjálfvirkrar hringrásar.

Þegar vél er búin fleiri en einum gangsetningarbúnaði og stjórnendur geta því stofnað hver öðrum í hættu verður að bæta við búnaði til að koma í veg fyrir þá hættu (t.d. stýri- eða valbúnaði sem gerir það að verkum að aðeins er hægt að nýta einn hluta gangsetningarbúnaðarins í senn).

Eftir stöðvun verður að vera auðvelt að setja sjálfvirkan vélakost aftur á sjálfstýringu um leið og öryggisskilyrðum hefur verið fullnægt.

1.2.4 Stöðvunarbúnaður.

Stöðvun af eðlilegum orsökum.

Vélar skulu hafa stjórnbúnað sem gerir það kleift að stöðva þær á öruggan hátt.

Á hverjum vinnustað skal vera stjórnbúnaður til að stöðva suma eða alla hreyfanlega hluta vélar, eftir því um hvers konar hættu er að ræða, þannig að ekki stafi hætta af henni. Stöðvunarskipun verður að ógilda gangsetningarskipun.

Um leið og vél eða hættulegir hlutar hennar stöðvast verður orkuflutningur til viðkomandi gangsetningarbúnaðar að rofna.

Neyðarstöðvun.

Vélar skulu hafa minnst einn neyðarstöðvunarbúnað til að hægt sé að afstýra ríkjandi eða yfirvofandi hættuástandi. Þetta gildir þó ekki um:

- vélar þar sem ekki er hægt að draga úr hættu með neyðarstöðvunarbúnaði, annaðhvort vegna þess að hann myndi ekki stytta stöðvunartímann eða hefði ekki þau áhrif að hægt væri að gera sérstakar ráðstafanir til að ráða bót á hættuástandinu,
- hreyfanleg, vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar.

Neyðarstöðvunarbúnaðurinn skal:

- hafa auðþekkjanlegan, greinilegan stjórnbúnað sem fljótlegt er að komast að,
- stöðva hættulega vinnslu eins fljótt og unnt er án þess að auka á hættuna,
- setja í gang eða gera það kleift að setja í gang ákveðnar öryggisaðgerðir ef þörf krefur.

Neyðarstöðvunarbúnaður skal þannig gerður að hann haldist í stöðvunarstöðu eftir að skipun um stöðvun hefur verið gefin og þar til hún er sérstaklega afturkölluð. Ekki má vera hægt að virkja búnaðinn án þess að gefa stöðvunarskipun. Búnaðinn má einungis vera hægt að aftengja með viðeigandi aðgerð og þótt hann sé gerður óvirkur má það ekki hafa í för með sér að vélin fari í gang, aðeins að hægt sé að gangsetja hana aftur.

Vélasamstæður og kerfi.

Þegar um er að ræða vélar eða vélarhluta sem eiga að vinna saman verður framleiðandi að hanna og smíða vél á þann hátt að stöðvunarbúnaðurinn, þar með talin neyðarstöðvunin, geti ekki aðeins stöðvað vélina heldur allan búnað á undan og/eða eftir henni í vinnsluferlinu ef áframhaldandi gangur hans getur verið hættulegur.

1.2.5 Valrofi fyrir stjórn- eða hraðastillingu.

Sú stjórnstilling sem valin er verður að ógilda öll önnur stjórnkerfi, að neyðarstöðvunarbúnaði undanskildum.

Hafi vél verið hönnuð og smíðuð á þann hátt að hægt sé að velja mismunandi stjórn- eða hraðastillingu á mismunandi öryggisstigum (t.d. vegna vélarstillingar, viðhalds, skoðunar o.s.frv.) verður að búa hana valrofa til stjórn- eða hraðastillingar sem hægt er að læsa í öllum stillingum. Hver rofastilling verður að svara til aðeins einnar stjórn- eða hraðastillingar.

Í stað valrofans má nota aðra valaðferð sem takmarkar notkun ákveðinna aðgerða, sem vélin framkvæmir, til ákveðinna hópa stjórnenda (t.d. aðgangstákn fyrir ákveðnar aðgerðir sem er stjórnað stafrænt o.s.frv.)

Verði vél í ákveðnum tilvikum að geta gengið án þess að varnarbúnaður hennar sé í sambandi verður valrofinn að geta allt í senn:

- aftengt sjálfstýringu,
- útilokað hreyfingar annarra stjórntækja en þeirra sem krefjast stöðugrar handstýringar,
- útilokað að hættulegir, hreyfanlegir hlutar séu í gangi nema gerðar séu auknar öryggisráðstafanir (dregið úr hraða og álagi, gangur rofinn reglubundið eða aðrar viðeigandi ráðstafanir) og komið í veg fyrir að hætta stafi af samtengdum aðgerðum,
- komið í veg fyrir allar hreyfingar sem gætu skapað hættu með því að hafa ráðgerð eða óráðgerð áhrif á innri skynjara vélarinnar.

Auk þess verður stjórnandi að geta haft fullt vald frá stjórnstað yfir gangi þeirra vélarhluta sem hann stjórnar.

1.2.6 Bilun í orkuflutningsbúnaði.

Ekki má skapast hættuástand þegar orkuflutningur til vélar stöðvast, hefst á ný eftir stöðvun eða er ójafn, ýmist of mikill eða of lítill.

Sérstaka áherslu skal leggja á að:

- vélin sé ekki sett í gang fyrir mistök,
- ekki sé komið í veg fyrir að vél stöðvist þegar skipun um stöðvun hefur verið gefin,
- enginn hreyfanlegur vélarhluti eða vinnsluefni geti fallið niður eða kastast frá vélinni,
- ekki sé komið í veg fyrir að sjálfvirkur eða handstýrður búnaður geti stöðvað einhvern hinna hreyfanlegu vélarhluta,
- varnarbúnaður komi að fullu gagni.

1.2.7 Bilun í stjórnrásum.

Galli í rökrásum stjórnbúnaðarins, bilun eða skemmdir í stjórnrásum mega ekki leiða til hættuástands.

Sérstaka áherslu skal leggja á að:
- vélin sé ekki sett í gang fyrir mistök,
- ekki sé komið í veg fyrir að vél stöðvist þegar skipun um stöðvun hefur verið gefin,
- enginn hreyfanlegur vélarhluti eða vinnsluefni geti fallið niður eða kastast frá vélinni,
- ekki sé komið í veg fyrir að sjálfvirkur eða handstýrður búnaður geti stöðvað einhvern hinna hreyfanlegu vélarhluta,
- varnarbúnaður komi að fullu gagni.

1.2.8 Hugbúnaður.

Hugbúnaður fyrir samskipti stjórnanda og skipana- eða stjórnkerfis vélar verður að vera þægilegur í notkun.

1.3 Varnir gegn hættum af völdum véla.

1.3.1 Stöðugleiki.

Vélar, íhlutar og fylgihlutar þeirra, verða að vera þannig hannaðar og smíðaðar að þær séu nægilega stöðugar þegar þær eru notaðar við ráðgerðar aðstæður (með hliðsjón af veðurfarslegum aðstæðum ef þörf krefur) og ekki hætta á að þær velti, falli eða hreyfist óvænt.

Ef lögun vélar eða fyrirhuguð uppsetning hennar veldur því að hún er ekki nægilega stöðug verður að gera ráð fyrir nauðsynlegum festingum og tilgreina þær í leiðbeiningunum.

1.3.2 Hætta á bilun við notkun.

Vélarhlutar og tengingar milli þeirra verða að þola álagið sem þeir verða fyrir þegar þeir eru notaðir eins og framleiðandi hefur ráðgert.

Efnið sem notað er verður að vera nægilega endingargott fyrir þau verk sem framleiðandi hefur ráðgert, einkum að því er varðar þreytu, aldur, tæringu og slit.

Framleiðandi verður að tilgreina í leiðbeiningunum hvernig og hve oft þurfi að skoða og gera við vél til að fyllsta öryggis sé gætt. Hann verður, eftir því sem við á, að tilgreina þá vélarhluta sem slitna og hve oft þurfi að skipta um þá.

Þegar hætta er á að hlutir springi eða brotni þrátt fyrir varúðarráðstafanir (t.d. slípiskífur) verða hinir hreyfanlegu hlutar að vera þannig settir í og búið um þá að brot úr þeim dreifist ekki.

Bæði stífar og sveigjanlegar pípur sem flytja vökva, einkum við háþrýsting, verða að þola ráðgert innra og ytra álag og vera tryggilega festar og/eða varðar gegn hvers konar ytra álagi; gera verður varúðarráðstafanir til að tryggja að ekki stafi hætta af skyndilegum brestum (snöggar hreyfingar, háþrýstistreymi o.s.frv.).

Þegar vinnsluefnið er fært að verkfærinu á sjálfvirkan hátt verður eftirfarandi skilyrðum að hafa verið fullnægt til að komist verði hjá hættu fyrir óvarða menn (t.d. ef verkfærið brotnar):
- þegar vinnsluefnið kemst í snertingu við verkfærið verður verkfærið að vera komið í rétta vinnslustöðu,
- þegar verkfærið fer í gang og/eða stöðvast (viljandi eða óviljandi) verða hreyfingin sem færir vinnsluefnið áfram og hreyfing verkfærisins að vera samstilltar.

1.3.3 Hætta sem fylgir því að hlutir falla niður eða kastast burt.

Gera verður ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hlutir (vinnsluefni, verkfæri, spænir, flísar og annað úrgangsefni o.s.frv.) falli niður eða kastist burt og skapi slysahættu.

1.3.4 Hætta sem stafar af ytri flötum, köntum og hornum.

Aðgengilegir hlutar vélar skulu eins og framast er kostur vera án hvassra kanta og horna eða grófrar áferðar sem gæti valdið meiðslum.

1.3.5 Hætta sem stafar af sambyggðum vélum.

Þegar vél á að framkvæma margar mismunandi aðgerðir og vinnsluefnið er fjarlægt með handafli milli aðgerða (sambyggðar vélar) verður vélin að vera þannig hönnuð og smíðuð að hægt sé að nota hvern hluta fyrir sig án þess að hinir hlutarnir stofni óvörðum manni í hættu eða valdi honum óþægindum.

Því verður að vera hægt að gangsetja og stöðva sérstaklega hluta sem ekki eru varðir.

1.3.6 Hætta sem stafar af mismunandi snúningshraða verkfæra.

Þegar vél er ætlað að framkvæma aðgerðir við mismunandi aðstæður (t.d. mismunandi hraða eða orkugjöf) verður hún að vera þannig hönnuð og smíðuð að hægt sé að velja og stilla á þessar aðstæður á öruggan og áreiðanlegan hátt.

1.3.7 Ráðstafanir gegn hættu sem stafar af hreyfanlegum vélarhlutum.

Hreyfanlegir vélarhlutar verða að vera þannig hannaðir, smíðaðir og staðsettir að engin hætta stafi af þeim eða, sé enn hætta á ferðum, búnir hlífum eða varnarbúnaði til að komist verði hjá allri snertingu sem valdið gæti slysum.

Gera verður allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hreyfanlegir hlutar í vinnsluferlinu stöðvist af ófyrirséðum ástæðum. Ef hætta er á slíkri stöðvun þrátt fyrir allar varúðarráðstafanir sem gerðar eru ber framleiðanda að láta sérstakan varnarbúnað eða verkfæri og leiðarvísi fylgja vélinni eða setja skilti á vélina til að hægt sé að setja hana í gang aftur án þess að hætta stafi af.

1.3.8 Val á vörnum gegn hættum sem stafa af hreyfanlegum vélarhlutum.

Velja skal hlífar eða varnarbúnað til að verjast hættum sem stafa af hreyfanlegum vélarhlutum með hliðsjón af því um hvers konar hættu er að ræða. Nota skal eftirfarandi viðmiðunarreglur við valið.

A. Hreyfanlegir hlutar drifbúnaðar.

Hlífar sem gerðar eru til að verja óvarða menn gegn hættum sem stafa af hreyfanlegum hlutum drifbúnaðar (s.s. reimhjól, reimar, tannhjól, tannstengur, drifásar o.s.frv.) verða:

- annaðhvort að vera fastar, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í töluliðum 1.4.1 og 1.4.2.1, eða
- lausar, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í tölulið 1.4.1 og A-hluta töluliðar 1.4.2.2.

Nota ber lausar hlífar þegar vænta má að oft þurfi að komast að hlutunum.

B. Hreyfanlegir vélarhlutar sem eru þáttur í vinnslunni.

Hlífar eða varnarbúnaður sem á að verja óvarða menn gegn hættu sem stafar af hreyfanlegum vélarhlutum sem eru þáttur í vinnslunni (skurðarverkfæri, hreyfanlegir hlutar í pressum, valsar, hlutir sem eru í vinnslu o.s.frv.) verða:

- að vera fastar hlífar í samræmi við kröfur sem settar eru fram í töluliðum 1.4.1 og 1.4.2.1, sé þess kostur en
- að öðrum kosti að vera lausar hlífar í samræmi við kröfur sem settar eru fram í tölulið 1.4.1 og B-hluta töluliðar 1.4.2.2 eða varnarbúnaður, s.s. skynjarar (ljósnemar, mottur með skynjurum o.s.frv.), varnarbúnaður sem tryggir nægilega fjarlægð frá hættusvæði

(s.s. stjórnrofar fyrir báðar hendur), eða sjálfvirkur varnarbúnaður sem kemur í veg fyrir að stjórnandinn eða hluti af líkama hans komist inn á hættusvæði, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í töluliðum 1.4.1 og 1.4.3.

Sé ekki hægt að gera ákveðna hreyfanlega vélarhluta, sem eiga beinan þátt í vinnslunni, óaðgengilega að hluta eða öllu meðan á vinnslu stendur vegna aðgerða sem útheimta að stjórnandi starfi í námunda við þær skal, sé það tæknilega gerlegt, búa þessa hluta:

- föstum hlífum, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í töluliðum 1.4.1 og 1.4.2.1, sem koma í veg fyrir að hægt sé að komast að þeim hlutum sem ekki eru notaðir við vinnsluna,
- stillanlegum hlífum, í samræmi við kröfur sem settar eru fram í töluliðum 1.4.1 og 1.4.2.3, sem koma í veg fyrir aðgang að öðrum hreyfanlegum vélarhlutum en þeim sem eru bráðnauðsynlegir fyrir vinnsluna.

1.4 Kröfur um eiginleika hlífa og varnarbúnaðar.

1.4.1 Almennar kröfur.

Um hlífar og annan varnarbúnað gildir eftirfarandi:

- hann verður að vera traustbyggður,
- hann má ekki auka slysahættu,
- ekki má vera auðvelt að komast hjá notkun hans eða gera hann óvirkan,
- hann verður að vera í hæfilegri fjarlægð frá hættusvæðinu,
- hann má ekki byrgja sýn yfir vinnuna meira en brýna nauðsyn ber til,
- hann verður að gera það kleift að vinna við uppsetningu og/eða skipti á verkfærum og viðhald á vél og má því aðeins takmarka aðgang að því svæði þar sem vinna á að fara fram, helst án þess að taka þurfi hlífina eða varnarbúnaðinn burt.

1.4.2 Sérkröfur sem gerðar eru til hlífa.

1.4.2.1 Fastar hlífar.

Fastar hlífar verða að vera rammlega festar.

Festingar skulu vera þannig að verkfæri þurfi til að losa þær.

Ef unnt er eiga hlífar ekki að geta haldist kyrrar á sínum stað þegar festingarnar vantar.

1.4.2.2 Lausar hlífar.

A. Lausar hlífar af A-gerð verða að:

- haldast kyrrar á vélinni þegar þær eru opnar eftir því sem unnt er,
- vera í tengslum við læsingarbúnað til að koma í veg fyrir að hreyfanlegir vélarhlutar fari af stað á meðan hægt er að komast að þeim og þær þurfa að gefa skipun um stöðvun þegar þær eru ekki lengur í læstri stöðu.

B. Lausar hlífar af B-gerð verða að vera þannig hannaðar, smíðaðar og innfelldar í stjórnkerfið að:

- hreyfanlegir hlutar geti ekki farið í gang á meðan þeir eru innan seilingar stjórnanda,
- óvarinn maður geti ekki náð til hreyfanlegra hluta eftir að þeir eru komnir í gang,
- aðeins sé hægt að stilla þær með ásetningi, s.s. með því að nota verkfæri, lykil o.s.frv.,
- vanti einn hluta þeirra eða bili hann komi það í veg fyrir að hreyfanlegu vélarhlutarnir fari í gang eða stöðvist,
- vörn sem þær veita komi í veg fyrir hættu á að hlutir eða vinnsluefni kastist frá vélinni.

1.4.2.3 Stillanlegar hlífar sem takmarka aðgang.

Stillanlegar hlífar sem takmarka aðgang að hreyfanlegum vélarhlutum sem eru bráðnauðsynlegir fyrir vinnsluna:

- verður að vera hægt að stilla með handafli eða sjálfvirkt eftir því um hvers konar vinnu er að ræða,
- verður að vera auðvelt að stilla án verkfæra,
- verða eins og framast er unnt að draga úr hættu á að hlutir kastist frá vélinni.

1.4.3 Sérkröfur sem gerðar eru til varnarbúnaðar.

Varnarbúnað verður að hanna, smíða og fella þannig inn í stjórnkerfið að:

- hreyfanlegir hlutar geti ekki farið í gang á meðan þeir eru innan seilingar stjórnanda,
- óvarinn maður geti ekki náð til hreyfanlegra hluta eftir að þeir eru komnir í gang,
- aðeins sé hægt að stilla hann með ásetningi, s.s. með því að nota verkfæri, lykil o.s.frv.,
- vanti einn hluta þeirra eða bili hann komi það í veg fyrir að hreyfanlegu vélarhlutarnir fari í gang eða stöðvist.

1.5 Varnir gegn annars konar hættu.

1.5.1 Hætta sem stafar af rafmagni.

Þegar vél gengur fyrir rafmagni verður hún að vera þannig hönnuð, smíðuð og búin að komið sé í veg fyrir, eða koma megi í veg fyrir, slysahættu af völdum rafmagns.

Þær sérstöku reglur sem eru í gildi um rafföng ætluð til notkunar innan ákveðinna spennumarka skulu á sama hátt taka til rafknúinna véla.

1.5.2 Stöðurafmagn.

Vélar skal hanna og smíða þannig að komist verði hjá myndun hættulegrar stöðurafmagnshleðslu og/eða vera með afhleðslubúnað.

1.5.3 Hætta sem stafar af annarri orku en rafmagni.

Þegar vél er knúin annarri orku en rafmagni (t.d. vökvaafli, þrýstilofti eða hitaorku o.s.frv.) verður hún að vera hönnuð, smíðuð og búin þannig að komist verði hjá allri hugsanlegri hættu af völdum þessara orkugjafa.

1.5.4 Hætta sem stafar af mistökum við ísetningu.

Vélarhluta sem hætta getur stafað af skal hanna þannig að ekki sé hægt að gera mistök við ísetningu eða endurísetningu þeirra en ef það er óframkvæmanlegt skal skrá upplýsingar á hlutana sjálfa og/eða vélarhúsin. Sömu upplýsingar skal skrá á hreyfanlega vélarhluta og/eða vélarhús þeirra þegar nauðsynlegt er að þekkja hreyfingaráttina til að forðast hættu. Í leiðbeiningum skal veita allar viðbótarupplýsingar sem kunna að reynast nauðsynlegar.

Geti skapast hætta vegna gallaðrar tengingar verður að fyrirbyggja rangar tengingar á leiðslum fyrir vökva, rafmagn o.fl. við hönnun vélanna eða, ef það er ekki hægt, með upplýsingum sem skráðar eru á pípur, strengi o.fl. og/eða tengidósir.

1.5.5 Hætta sem stafar af mjög háu eða lágu hitastigi.

Gera verður ráðstafanir til að útiloka slysahættu vegna snertingar eða nálægðar við vélarhluta eða efni sem geta hitnað mjög eða kólnað.

Það skal metið hvort hætta sé á að heitt eða mjög kalt efni sprautist út. Sé hætta á því skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það eða, ef það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum, gera ráðstafanir gegn slíkri hættu.

1.5.6 Eldhætta.

Vélar verður að hanna og smíða þannig að ekki stafi hætta af eldi eða ofhitun frá vélunum sjálfum eða lofttegundum, vökvum, ryki, gufu eða öðrum efnum sem framleidd eða notuð eru í vélunum.

1.5.7 Sprengihætta.

Vélar verður að hanna og smíða þannig að ekki sé hætta á sprengingu frá þeim sjálfum eða lofttegundum, vökvum, ryki, gufu eða öðrum efnum sem framleidd eða notuð eru í þeim.

Í þessu skyni verður framleiðandinn að grípa til ráðstafana til að:

- koma í veg fyrir að styrkleiki þessara efna nái hættustigi,
- koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu andrúmslofti,
- sprengingin verði eins lítil og framast er unnt, sé ekki hægt að koma í veg fyrir hana, þannig að umhverfinu stafi ekki hætta af henni.

Gera verður sömu varúðarráðstafanir ef framleiðandi gerir ráð fyrir að vélar séu notaðar í sprengifimu andrúmslofti.

Raffönq sem eru hluti af þessum vélum verða að uppfylla ákvæði gildandi sérreglna að því er sprengihættu varðar.

1.5.8 Hætta sem stafar af hávaða.

Vélar verður að hanna og smíða þannig að hætta sem stafar af hávaðamengun í lofti verði eins lítil og framast er unnt með hliðsjón af tækniþróun og aðferðum við að deyfa hávaða, einkum við upptök hans.

1.5.9 Hætta sem stafar af titringi.

Vélar verður að hanna og smíða þannig að hætta sem stafar af titringi frá þeim verði eins lítil og framast er unnt með hliðsjón af tækniþróun og aðferðum við að minnka titring, einkum við upptök hans.

1.5.10 Hætta sem stafar af geislun.

Vélar verður að hanna og smíða þannig að geislun frá þeim verði ekki meiri en nauðsynlegt er fyrir það verk sem þær vinna og hafi engin áhrif á óvarða menn eða í svo litlum mæli að hættulaust sé.

1.5.11 Hætta vegna utanaðkomandi geislunar.

Vél verður að hanna og smíða þannig að utanaðkomandi geislun trufli ekki gang hennar.

1.5.12 Hætta sem stafar af leysigeislabúnaði.

Þegar leysigeislabúnaður er notaður skal hafa hliðsjón af eftirfarandi ákvæðum:

- leysigeislabúnað verður að hanna og smíða þannig að ekki sé hætta á geislun,
- leysigeislabúnaður á vélum verður að vera einangraður þannig að hvorki geislarnir sjálfir, geislun vegna endurvarps og dreifingar né annars stigs geislun valdi heilsutjóni,
- ljósnemabúnaður til að fylgjast með eða stilla leysigeislabúnað á vélum verður að vera þannig gerður að ekki sé hætta á heilsutjóni vegna leysigeisla.

1.5.13 Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda o.s.frv.

Vél skal hanna, smíða og/eða búa þannig að engin hætta stafi af lofttegundum, vökvum, ryki, gufu og öðrum úrgangsefnum sem hún framleiðir.

Sé hætta á þessu verður vélin að vera þannig búin að hún loki efnin inni og/eða sogi þau burt.

Þegar vélin er ekki lokuð við venjulega notkun verður áðurnefndur búnaður til að loka efnin inni eða soga þau burt að vera staðsettur eins nálægt upptökum mengunarinnar og framast er unnt.

1.5.14 Hætta á að festast í vél.

Vélar skulu hannaðar, smíðaðar og þeim komið fyrir þannig að ekki sé hætta á að menn geti lokast í þeim eða, ef það er ekki hægt, vera með viðvörunarbúnað þannig að hægt sé að kalla á hjálp.

1.5.15 Hætta á að renna, hrasa eða detta.

Hlutar véla sem líklegt er að menn séu á ferðinni í kringum eða standi við skulu þannig hannaðir og smíðaðir að ekki sé hætta á að menn renni, hrasi eða detti á eða um þessa hluta.

1.6 Viðhald.

1.6.1 Viðhald vélar.

Þeir staðir þar sem stilling, smurning og viðhald vélar fer fram verða að vera utan hættusvæðis. Vél verður að vera hægt að stilla, halda og gera við, hreinsa og þjónusta þegar hún er ekki í gangi.

Ef tæknilegar ástæður koma í veg fyrir að einu eða fleiri af framangreindum skilyrðum verði fullnægt skal vera hægt að framkvæma þessar aðgerðir án nokkurrar hættu (sbr. 1.2.5).

Þegar um sjálfvirkar vélar er að ræða og ef þörf krefur aðrar vélar verður framleiðandi að búa þær tengibúnaði til að hægt sé að koma fyrir tækjum til að leita að bilunum og greina þær.

Þegar oft þarf að skipta um vélarhluti í sjálfvirkum vélum, meðal annars vegna breytinga á framleiðslu eða vegna þess að þeim hættir til að slitna eða búast má við tjóni á þeim vegna óhapps, verður að vera hægt að taka þá burt og setja í aftur á auðveldan og öruggan hátt. Það verður að vera hægt að komast að hlutunum til að sinna þessum verkum með nauðsynlegum tæknilegum hjálpargögnum (verkfærum, mælitækjum o.s.frv.) í samræmi við þá aðferð sem framleiðandi tilgreinir.

1.6.2 Aðkomuleiðir að vinnslu- og þjónustustöðum.

Framleiðandi verður að sjá fyrir aðkomuleiðum að vél (með tröppum, stigum, göngubrúm o.s.frv.) til að hægt sé að komast hættulaust að stöðum þar sem framleiðsla, stilling og viðhald fer fram.

1.6.3 Orkugjafar einangraðir.

Vélar verða að hafa búnað sem einangrar þær frá orkugjöfum. Búnaðinn verður að auðkenna greinilega. Honum verður að vera hægt að læsa ef endurtenging gæti stofnað óvörðum manni í hættu. Þegar um rafvél er að ræða sem fær rafmagn gegnum tengilkló er nóg að taka tengilklóna úr sambandi við straumrásina.

Einangrunarbúnaðinum verður líka að vera hægt að læsa, frá þeim stöðum sem stjórnandi hefur aðgang að ef hann getur ekki gengið úr skugga um hvort samband sé enn rofið.

Þegar samband hefur verið rofið verður að vera hægt að eyða allri orku sem eftir er eða geymist í straumrás vélarinnar án þess að stofna óvörðum mönnum í hættu.

Heimilt er að gera þá undantekningu frá framangreindum kröfum að ákveðnar straumrásir séu áfram tengdar orkugjöfum sínum til að halda vinnsluefni föstu, geyma upplýsingar, lýsa innri hluta o.s.frv. Í þeim tilvikum verður að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi stjórnanda.

1.6.4 Afskipti stjórnanda.

Vél verður að hanna, smíða og búa þannig að stjórnandi þurfi sem sjaldnast að hafa afskipti af henni.

Þegar ekki er hægt að komast hjá því að stjórnandi hafi afskipti af vélinni verður hann að geta gert það á auðveldan og öruggan hátt.

1.6.5 Þrif á innri hlutum.

Vélar verður að hanna og smíða á þann veg að hægt sé að þrífa innri hluta, sem hafa innihaldið hættuleg efni eða efnablöndur, án þess að fara inn í þá; ef nauðsynlegt er að hreinsa stíflu verður sömuleiðis að vera unnt að gera það utan frá. Ef ekki er hægt að komast hjá því að fara inn í vélina til að þrífa hana verður framleiðandi að sjá til þess við smíði hennar að vinna við þrif hafi sem minnsta hættu í för með sér.

1.7 Merkingar og leiðbeiningar.

1.7.0 Upplýsingar.

Upplýsingar þær sem þarf til að stjórna vél skulu vera ótvíræðar og auðskiljanlegar.

Þær mega ekki vera svo umfangsmiklar að þær ofgeri stjórnandanum.

Geti óvörðum mönnum stafað hætta af gangtruflun í vél sem ekki er fylgst með skal vélin búin þannig að hún gefi frá sér viðeigandi hljóð- eða ljósmerki til viðvörunar.

1.7.1 Viðvörunarbúnaður.

Ef vél er búin viðvörunarbúnaði (töflum, ljósmerkjum o.s.frv.) verður hann að gefa ótvírætt og auðskiljanleg merki.

Stjórnandinn verður ávallt að eiga þess kost að ganga úr skugga um að viðvörunarbúnaðurinn sé í lagi.

Fullnægja verður kröfum sem gerðar eru í sértilskipunum um lita- og öryggismerkjabúnað.

1.7.2 Viðvaranir um að enn sé hætta á ferðum.

Sé enn hætta á ferðum þrátt fyrir allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða sé hætta hugsanleg þótt hún sé ekki augljós (vegna rafmagnstöfluskápa, geislagjafa, hreinsunar á vökvaleiðslum, svæða sem ekki sjást o.s.frv.) verður framleiðandinn að vara við henni.

Slíkar viðvaranir ættu helst að vera auðskiljanlegar skýringarmyndir og/eða skráðar á einni af þjóðtungum landsins þar sem vélin er í notkun ásamt öðrum tungum sem stjórnendurnir skilja, sé þess óskað.

1.7.3 Merking.

Á allar vélar verður að skrá eftirfarandi atriði, skýrt og óafmáanlega:

- nafn og heimilisfang framleiðanda,
- CE-merkið (sjá III. viðauka),
- heiti framleiðsluraðar eða gerðar,
- raðnúmer, ef um slíkt er að ræða,
- smíðaár.

Hafi framleiðandi ætlað vél til nota á sprengihættustöðum skal það einnig skráð á vélina.

Vél verða auk þess að fylgja allar upplýsingar um viðkomandi gerð sem nauðsynlegar eru til að hún reynist örugg í notkun (mesta snúningshraða fyrir hluta sem snúast, mesta þvermál verkfæra sem á að setja í hana, stærð, þyngd o.s.frv.).

Ef beita þarf lyftibúnaði á vélarhluta meðan hann er í notkun verður að skrá stærð vélarhlutans og þyngd á vélina á greinilegan, varanlegan og ótvíræðan hátt.

Á skiptanlega búnaðinn sem getið er um í 3. undirgrein 2. mgr. 1. gr. verður að skrá sömu upplýsingar.

1.7.4 Notkunarleiðbeiningar.

a) Með öllum vélum verða að fylgja leiðbeiningar þar sem að minnsta kosti koma fram eftirfarandi atriði:
   - endurtekning á þeim upplýsingum sem skráðar eru á vélarnar, að undanskyldu raðnúmeri, (sbr. 1.7.3) og allar viðeigandi upplýsingar til viðbótar sem auðvelda viðhald (heimilisfang innflytjanda, viðgerðarmanna o.s.frv.),
   - ráðgerð notkun vélar samkvæmt c-lið töluliðar 1.1.2,
   - allar verkstöðvar þar sem vænta má að stjórnendur véla haldi sig,
   - öryggisleiðbeiningar svo að ekki sé hætta á slysum við eftirfarandi:
     - gangsetningu,
     - notkun,
     - meðferð, með því að gefa upp stærð eða þyngd vélar og hluta hennar ef þarf að flytja þá reglulega og hvern fyrir sig,
     - samsetningu vélar og þegar hún er tekin í sundur,
     - stillingu,
     - viðhald (þjónusta og viðgerðir),
   - leiðbeiningar um þjálfun ef þörf krefur,
   - ef þörf krefur, helstu einkenni tækja sem setja má á vélina.

   Ef þörf krefur skulu leiðbeiningar vekja athygli á því hvernig eigi ekki að nota vélina.

b) Framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal semja leiðbeiningarnar á einu af opinberu ESB-tungumálunum. Þegar vélar eru teknar í notkun skal fylgja þeim þýðing á leiðbeiningunum á tungumáli eða -málum landsins þar sem nota á vélina ásamt leiðbeiningunum á frummálinu. Framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu innan EES eða sá aðili sem kynnir vélina á því málsvæði sem um ræðir skal sjá um þýðinguna. Undanþegnar þessari kröfu eru leiðbeiningar um viðhald fyrir sérhæft starfslið sem vinnur fyrir framleiðanda sjálfan eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES, en heimilt er að semja þær aðeins á einu af opinberu tungumálum ESB sem starfsliðið skilur.

c) Með leiðbeiningunum verða að fylgja allar teikningar og skýringarmyndir sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að taka vélina í notkun, halda henni við, skoða hana og fylgjast með því að hún gangi rétt og, eftir því sem við á, gera við hana, ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum, einkum er varða öryggi.

d) Rit sem lýsa vélinni mega ekki brjóta í bága við leiðbeiningarnar að því er öryggisatriði varðar. Í tæknigögnum sem lýsa vélinni skulu koma fram upplýsingar um hávaðamengun í lofti sem um getur í f-lið og, þegar um vélknúin handverkfæri er að ræða eða handstýrðar vélar, þær upplýsingar um titring sem um getur í lið 2.2.

e) Þegar nauðsyn krefur verða leiðbeiningarnar að tilgreina kröfur um uppsetningu og samsetningu sem miða að því að draga úr hávaða og titringi (t.d. með höggdeyfum, gerð, stærð og þyngd undirstaðna o.s.frv.).

f) Í leiðbeiningunum verða að koma fram eftirfarandi upplýsingar um hávaða í lofti frá vélinni, annaðhvort raungildi eða gildi sem byggt er á mælingum á sams konar vélum:
   - meðaltalshávaði (A-hljóðstig) á vinnustöðum ef hann fer yfir 70 dB (A); sé hljóðstigið 70 dB (A) eða minna skal það tekið fram,
   - hljóðstig skammvinns hávaðatopps (C-hljóðstig) á vinnustöðum ef hann fer yfir 63 Pa (130 dB miðað við 20 μ Pa),
   - hljóðaflstig vélar ef meðaltalshávaði á vinnustöðum fer yfir 85 dB (A).

   Þegar um mjög stórar vélar er að ræða má gefa upp meðaltalshávaða á ákveðnum stöðum í kringum vélarnar í stað hljóðaflstigs.

   Sé ekki stuðst við samhæfða staðla verður að mæla hljóðstig með þeirri aðferð sem hæfir best viðkomandi vél.

   Framleiðandi verður að tilgreina hvernig vélin var stillt þegar mælingar fóru fram og hvaða mælingaraðferðum var beitt.

   Þegar vinnustaðurinn eða -staðirnir eru ekki skilgreindir eða ekki hægt að skilgreina þá verður að mæla hljóðstig í eins metra fjarlægð frá yfirborði vélar og í 1,60 metra hæð frá gólfi eða sökkli. Tilgreina verður staðsetningu og gildi mesta hljóðþrýstings.

g) Geri framleiðandi ráð fyrir að vél verði notuð á sprengihættustöðum verður að veita allar nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi í leiðbeiningunum.

h) Ef vélar eru einnig ætlaðar ófaglærðu fólki verður orðaforði og framsetning notkunarleiðbeininga að miðast við þá almennu menntun og skarpskyggni sem vænta má að þessir notendur hafi til brunns að bera en fullnægja um leið öðrum framangreindum grunnkröfum.

2. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI ER VARÐA ÁKVEÐNA FLOKKA VÉLA.

2.1 Vélar til vinnslu jarðyrkjuafurða.

Vélar til að vinna og framleiða matvæli (t.d. að sjóða þau, frysta, þíða, þvo, meðhöndla, pakka, geyma, flytja eða dreifa þeim) verða að vera hannaðar og smíðaðar þannig að engin hætta sé á sýkingu, sjúkdómum og smiti og fylgja verður eftirfarandi reglum um hollustu:

a) áhöld sem komast eða er ætlað að komast í snertingu við matvæli verða að fullnægja skilyrðum sem sett eru fram í viðkomandi tilskipunum. Vélar verða að vera hannaðar og smíðaðar þannig að áhöld þessi geti verið hrein fyrir hverja notkun;

b) allir yfirborðsfletir og samskeyti þeirra verða að vera slétt og hvorki með ójöfnum né rifum þar sem lífræn efni gætu leynst;

c) vélasamstæður verður að hanna þannig að sem minnst sé um útskot, brúnir og kima. Þær ætti helst að setja saman með suðu eða samfelldri límingu. Ekki á að nota skrúfur, rær og hnoð nema hjá því verði ekki komist af tæknilegum ástæðum;

d) þegar búið er að fjarlægja alla hluti sem auðvelt er að taka í sundur verður að vera auðvelt að þrífa og sótthreinsa alla yfirborðsfleti sem komast í snertingu við matvæli. Horn inni í vél verða að vera nægilega bogadregin til að hægt sé að þrífa þau vandlega;

e) vökvar úr matvælum og þvottalögur, sótthreinsi- og hreinsivökvar verða að geta runnið óhindrað út úr vélinni (ef til vill þegar hún er á svokallaðri „hreingerningarstillingu");

f) vélar verða að vera hannaðar og smíðaðar þannig að hvorki komist vökvar né lífverur, einkum skordýr, inn í þær, né heldur geti lífræn efni safnast fyrir á stöðum sem ekki er unnt að þrífa (t.d. þegar um er að ræða vélar sem ekki eru á fótum eða hjólum skal koma fyrir vatns- eða loftþéttu tengistykki milli vélar og sökkuls, nota vatns- og loftþétt samskeyti o.s.frv.);

g) vélar verða að vera hannaðar og smíðaðar þannig að engin hjálparefni (s.s. smurolíur o.s.frv.) geti komist í snertingu við matvælin. Þegar nauðsyn krefur verður að hanna og smíða vélar þannig að hægt sé að fylgjast reglulega með því að kröfum þessum sé fullnægt.

Leiðbeiningar.

Til viðbótar upplýsingum þeim sem krafist er samkvæmt 1. tölul. verður að tilgreina í leiðbeiningum hvaða vörum og aðferðum er mælt með við hreingerningar, sótthreinsun og skolun (ekki aðeins fyrir fleti sem auðvelt er að komast að heldur einnig þegar nauðsynlegt er að þrífa fleti sem ómögulegt eða óráðlegt er að nálgast, s.s. röralagnir).

2.2 Vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar.

Vélknúin handverkfæri og handstýrðar vélar verða að fullnægja eftirfarandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi:

- þær verða að hafa nægilega stórt stuðningsyfirborð, eftir því um hvaða vélartegund er að ræða, og nóg af handföngum og festingum af hæfilegri stærð sem er þannig fyrir komið að vél sé stöðug þegar hún er notuð við þær aðstæður sem framleiðandi hefur ráðgert,
- sé ekki hættulaust að sleppa handföngunum verða vélarnar að hafa gangsetningar- og stöðvunarbúnað sem er þannig staðsettur að stjórnandinn geti sett vél í gang og stöðvað hana án þess að sleppa taki sínu á handföngunum nema í þeim tilvikum þegar þetta er ómögulegt af tæknilegum ástæðum eða þegar stjórnbúnaðurinn er sér,
- þær verða að vera hannaðar, smíðaðar eða búnar þannig að ekki sé hætta á óviljandi gangsetningu og/eða að vél sé áfram í gangi eftir að stjórnandi hefur sleppt handföngunum. Gera verður aðrar ráðstafanir ef ekki er hægt að fullnægja kröfu þessari af tæknilegum ástæðum,
- vélknúin handverkfæri verður að hanna og smíða þannig að unnt sé að hafa auga með snertingu verkfæris við vinnsluefni ef þörf krefur.

Leiðbeiningar.

Leiðbeiningarnar verða að veita eftirfarandi upplýsingar um titring frá vélknúnum handverkfærum og handstýrðum vélum:

- vegið rótarferningsmeðalgildi hröðunar sem handleggir stjórnandans verða fyrir ef hún fer yfir 2,5 m/s^2 samkvæmt viðeigandi prófunarreglum. Fari hröðun ekki yfir 2,5 m/s^2 skal þess getið.

Séu ekki til viðeigandi prófunarreglur verður framleiðandi að tilgreina hvaða mælingaraðferðum var beitt og við hvaða aðstæður mælingar fóru fram.

2.3 Vélar fyrir vinnslu viðar og samsvarandi efna.

Trésmíðavélar og vélar fyrir vinnsluefni, sem hafa svipuð eðlisfræðileg og tæknileg einkenni, s.s. kork, bein, hert gúmmí, hert plastefni og önnur áþekk hörð efni, verða að fullnægja eftirfarandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi:

a) þær verða að vera hannaðar, smíðaðar eða búnar þannig að hægt sé að koma vinnsluefninu fyrir og stýra því á öruggan hátt; þegar vinnsluefninu er haldið í höndunum á vinnuborði verður borðið að vera nægilega stöðugt meðan vinna fer fram og má ekki hindra hreyfingu vinnsluefnisins;
b) sé líklegt að vél verði notuð við aðstæður þar sem hætta er á að viðarbútar kastist frá henni verður hún að vera hönnuð, smíðuð eða búin þannig að komist verði hjá slíkri

hættu eða, ef svo er ekki, að frákastið stofni ekki stjórnanda og/eða óvörðum mönnum í hættu;

c) þær verða að vera búnar sjálfvirkum hemlum sem stöðva verkfærið á nægilega skömmum tíma sé hætta á snertingu við það meðan hægist á því;

d) sé verkfærið hluti af vél sem ekki er fullkomlega sjálfvirk verður vélin að vera hönnuð og smíðuð þannig að komið sé í veg fyrir eða dregið úr hættu á alvarlegum slysum, t.d. með því að nota stuðningsklossa við afréttara, takmarka skurðdýpt og þess háttar.

3. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ FYRIRBYGGJA SÉRSTAKA HÆTTU VEGNA HREYFANLEIKA VÉLA.

Vélar sem hætta stafar af vegna hreyfanleika skulu vera hannaðar og smíðaðar á þann hátt að þær standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

Ávallt stafar hætta af hreyfanleika véla þegar unnið er á þeim á vinnusvæðum ef þær eru sjálfknúnar eða unnt er að draga þær, ýta þeim eða láta aðrar vélar eða dráttarvélar bera þær. Þetta á bæði við um samfellda hreyfingu og skammvinna hreyfingu á milli vinnulotna þar sem vélin er í fastri stöðu.

Einnig kann hætta að stafa af hreyfanleika þótt jafnan sé unnið á vél í fastri stöðu ef hún er útbúin þannig að auðvelt er að færa hana á milli staða (vél sem hjól, kefli, meiðar o.s.frv. hafa verið sett undir eða vél sem hefur verið sett á undirstöðu, vagn o.s.frv.).

Til að ganga úr skugga um að vélknúin plógherfi og jarðvegstætarar valdi óvörðum mönnum ekki of mikilli hættu, er það skylda framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES að prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á sérhverri gerð þeirra véla sem í hlut eiga.

3.1 Almennt.

3.1.1 Skilgreining.

„Ökumaður" er sá sem stýrir hreyfingu vélarinnar. Ökumaður getur verið í vélinni, verið fótgangandi við hana eða stjórnað henni með fjarstýringu (kapli, viðtæki o.s.frv.).

3.1.2 Lýsing.

Ef sjálfknúin vél er gerð til notkunar á stöðum þar sem dimmt er skal hún búin ljósabúnaði sem hæfir því verki sem henni er ætlað að vinna, samanber þó önnur lög og reglugerðir sem um þetta kunna að gilda (umferðarlög, siglingalög o.s.frv.).

3.1.3 Hönnun sem miðar að því að auðvelda meðhöndlun vélar.

Vél eða hlutar hennar sem eru meðhöndlaðir eiga ekki að geta hreyfst snögglega til eða valdið hættu sem rekja má til óstöðugleika, svo fremi meðhöndlun vélarinnar og/eða hluta hennar sé í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans.

3.2 Vinnustaður.

3.2.1 Stjórnstaður ökumanns.

Hanna skal stjórnstað ökumanns með tilliti til meginreglna um vinnuvernd og líkamsbeitingu. Ef stjórnstaðir eru fleiri en einn skulu þeir vera útbúnir öllum nauðsynlegum stjórnbúnaði, enda skal vélin þá hönnuð á þann hátt að notkun stjórnbúnaðar frá einum stjórnstað útiloki notkun hans frá öðrum stöðum, nema þegar um neyðarstöðvun er að ræða. Útsýni frá stjórnstað ökumanns skal vera þannig að hann geti unnið við vélina og þau tæki sem henni fylgja, við aðstæður sem ráðgerðar eru, án þess að stofna eigin öryggi og öryggi óvarinna manna í hættu á nokkurn hátt. Ef nauðsyn krefur skulu viðeigandi tæki fylgja með vélinni til að koma í veg fyrir hættu sem stafar af ófullnægjandi yfirsýn.

Við hönnun og smíði véla skal búið þannig um hnútana að ökumaður og stjórnendur geti ekki frá stjórnstað í ógáti komið við hjól eða brautir sem vélin gengur eftir.

Við hönnun og smíði stjórnstaðar ökumanns skal tryggja að honum sé engin hætta búin af útblæstri og/eða að hann geti ekki orðið fyrir súrefnisskorti.

Stjórnstaður ökumanns í vél þar sem ökumaður er innanborðs verður að vera hannaður og smíðaður þannig að ökumaðurinn geti verið í sérstökum klefa, svo fremi að rými sé til þess. Í stjórnklefa skulu vera leiðbeiningar fyrir ökumann og/eða stjórnendur. Ef unnið er í hættulegu umhverfi skal stjórnstaður ökumanns vera í sérstökum klefa.

Stjórnklefi skal vera hannaður, smíðaður og/eða nægilega vel tækjum búinn til að tryggja ökumanni góð starfsskilyrði og vörn gegn þeim hættum sem kunna að vera fyrir hendi (s.s. ófullnægjandi upphitun og loftræstingu, ófullnægjandi útsýni, of miklum hávaða og titringi, vörn gegn hlutum sem falla niður eða smjúga í gegn, veltu o.s.frv.).

Útgangur skal vera þannig að yfirgefa megi stjórnklefann í skyndi. Enn fremur skal neyðarútgangur snúa í aðra átt en hinn venjulegi útgangur.

Stjórnklefinn og festingar hans skulu vera úr eldtraustu efni.

3.2.2 Sæti.

Í vélinni skal sæti ökumanns vera þannig úr garði gert að ökumaður sé stöðugur og við hönnun sætisins skulu meginreglur um vinnuvernd og líkamsbeitingu hafðar í huga.

Sætið skal vera hannað með það fyrir augum að draga eins og framast er unnt úr því að titring leiði frá vél til ökumanns. Sætisundirstöður verða að standast hvers konar álag sem á þeim kann að mæða, t.d. veltu. Ef ökumaður hefur ekki gólf undir fótum skal hann hafa þrep úr stömu efni til að hvíla fæturna á.

Ef gert er ráð fyrir veltigrind á vél skal sætið búið öryggisbelti eða öðrum sambærilegum búnaði sem heldur ökumanni föstum án þess að hindra þær hreyfingar sem þarf til að aka vélinni eða þær hreyfingar sem orsakast af fjöðrun.

3.2.3 Aðrir staðir.

Ef gert er ráð fyrir að vélin flytji aðra stjórnendur en ökumann, öðru hverju eða að jafnaði, eða að þeir vinni á vélinni, skal þeim ætlaður sérstakur staður í henni þar sem þeim er engin hætta búin, einkum fallhætta, hvort sem verið er að flytja þá eða þeir eru við vinnu sína.

Þar sem aðstæður leyfa skulu vera sæti á þessum stöðum.

Ef sérstakan stjórnklefa þarf utan um stjórnstað ökumanns skulu aðrir staðir sem unnið er á einnig varðir gegn þeim hættum sem orsökuðu að verja þurfti stjórnstað ökumanns.

3.3 Stjórnbúnaður.

3.3.1 Stjórntæki.

Ökumaður verður að geta notað frá stjórnstað sínum öll stjórntæki sem þarf til að vinna við vélina, nema þau sem öryggis vegna þurfa að vera staðsett annars staðar fyrir tilteknar aðgerðir. Hér er einkum átt við annan vinnustað en stjórnstað ökumanns, sem aðrir stjórnendur en ökumaður eru ábyrgir fyrir eða ef ökumaður þarf að yfirgefa vélina til að geta framkvæmt tiltekna aðgerð án þess að stofna öryggi sínu í hættu.

Fótstig verða að vera hönnuð, smíðuð og þannig fyrir komið að sem minnst hætta sé á ruglingi við notkun þeirra; þau skulu hafa stamt yfirborð þar sem stigið er á þau og skal vera auðvelt að þrífa þau.

Ef notkun stjórntækja getur haft hættu í för með sér, t.d. hættulegar hreyfingar, skulu þau, nema þau séu stillt fyrirfram, gerð þannig úr garði að um leið og stjórnandi sleppir þeim fari þau aftur í hlutlausa stöðu.

Stýribúnaður véla á hjólum skal hannaður og smíðaður með það fyrir augum að draga úr áhrifum skyndilegra hreyfinga stýris eða stýristangar sem orsakast af skyndilegu álagi á stýrishjólin.

Stýribúnaður sem gerir kleift að læsa mismunadrifi verður að vera hannaður og útbúinn á þann hátt að hægt sé að aftengja læsingu mismunadrifsins á meðan vélin er á ferð.

Síðasti málsliðurinn í atriði 1.2.2 á ekki við um hreyfanleika véla.

3.3.2 Gangsetning/hreyfing.

Útbúa verður sjálfknúna vél þar sem ökumaður er innanborðs þannig að erfitt sé fyrir óviðkomandi að gangsetja hana.

Einungis skal vera hægt að færa sjálfknúna vél með ökumanni innanborðs milli staða ef ökumaðurinn er á stjórnstað.

Ef á vélinni eru tæki sem fara út fyrir venjulegt ummál sem hún þarf (jafnvægisbúnaður, bóma o.s.frv.) verður ökumaður að geta gengið fyrirhafnarlítið úr skugga um, áður en vélin er hreyfð, að slík tæki séu í þeirri stöðu að ekki stafi hætta af hreyfingu hennar.

Þetta á einnig við um alla aðra hluta vélarinnar sem þurfa að vera í tiltekinni stöðu, jafnvel læstir, til að unnt sé að hreyfa vélina án þess að það hafi hættu í för með sér.

Ef hægt er að koma því við tæknilega og fjárhagslega skal vera ógerlegt að hreyfa vélina nema áðurnefndir hlutar hennar séu í öruggri stöðu.

Ekki má vera unnt að hreyfa vélina á meðan verið er að gangsetja hana.

3.3.3 Akstur stöðvaður.

Auk þess að uppfylla ákvæði umferðarlaga skulu sjálfknúnar vélar og tengivagnar þeirra standast kröfur um að draga úr hraða, nema staðar, hemla og kyrrstöðu til að tryggja öryggi við öll skilyrði sem varða akstur, hleðslu, hraða, yfirborð sem vélin stendur á og halla sem framleiðandi hefur gert ráð fyrir við notkun og sem svara til skilyrða sem teljast til eðlilegrar notkunar.

Ökumanni verður að vera kleift að hægja á sjálfknúinni vél og stöðva hana með höfuðstjórnbúnaði. Ef nauðsynlegt er öryggis vegna, verður að vera fyrir hendi neyðarbúnaður með algerlega óháðum og aðgengilegum stjórntækjum til að hægja á vélinni og stöðva hana, ef höfuðstjórnbúnaður bilar eða fær ekki orku til að starfa rétt.

Ef það er nauðsynlegt í öryggisskyni verður að vera til staðar búnaður sem tryggir að vél í kyrrstöðu hreyfist ekki. Þessi búnaður má vera í sambandi við búnað sem getið var um í annarri málsgrein, að því tilskildu að um algerlega vélrænan búnað sé að ræða.

Fjarstýrða vél verður að hanna og smíða á þann veg að hún stöðvist sjálfkrafa ef ökumaður missir stjórn á henni.

Atriði 1.2.4 á ekki við um akstur.

3.3.4 Akstur véla sem stjórnað er af fótgangandi ökumanni.

Sjálfknúin vél sem stjórnað er af fótgangandi ökumanni á ekki að geta ekið nema ökumaður haldi í viðkomandi stjórnbúnað. Einkum og sér í lagi má vél ekki geta færst úr stað á meðan hún er gangsett.

Stjórnbúnaður vélar sem stjórnað er af fótgangandi ökumanni verður að vera hannaður þannig að sem mest sé dregið úr hættu á að vélin geti í ógáti færst í átt að ökumanni og einkum að:

a) ökumaður verði undir vélinni;
b) ökumaður slasist af völdum tækja sem snúast.

Að auki skal eðlilegur hraði vélarinnar vera í samræmi við yfirferð fótgangandi ökumanns.

Á vélum sem hægt er að setja á búnað sem snýst má ekki vera mögulegt að gangsetja búnaðinn á meðan vélin er í bakkgír, nema þegar hreyfing vélarinnar orsakast af hreyfingu búnaðarins. Í því tilviki má hraði vélarinnar í bakkgír ekki vera meiri en svo að öryggi ökumanns sé tryggt.

3.3.5 Bilun í stjórnrásum.

Sé vél búin aflstýringu má bilun í orkuflutningi ekki koma í veg fyrir að hægt sé að stýra vélinni þangað til búið er að stöðva hana.

3.4 Varnir gegn vélrænum hættum.

3.4.1 Hreyfingar sem engin stjórn er á.

Þegar hluti vélar hefur stöðvast skal vera tryggt að ekki stafi hætta af því fyrir óvarða menn ef hann færist til baka, af hvaða völdum sem það kann að vera, án þess að átt sé við stjórnbúnað vélarinnar.

Vél verður að hanna, smíða og, ef svo ber undir, staðsetja á hreyfanlegri undirstöðu sinni með þeim hætti að tryggt sé að þegar hún hreyfist úr stað hafi sveiflur í þyngdarpunkti hennar ekki áhrif á stöðugleika hennar eða að burðargrind hennar verði fyrir of miklu álagi.

3.4.2 Hætta á bilun við notkun.

Hlutar úr vél sem snúast á miklum hraða og geta brotnað eða sprungið, þrátt fyrir varúðarráðstafanir, skulu staðsettir og varðir á þann veg að hlutar úr þeim haldist innan afmarkaðs rýmis ef þeir brotna, eða, ef það er ekki mögulegt, að þeir þeytist ekki í átt að stjórnstað ökumanns og/eða í átt að manni að störfum.

3.4.3 Hætta á veltu.

Ef hætta er á að sjálfknúin vél, þar sem ökumaður er innanborðs og hugsanlega aðrir stjórnendur, velti skal hanna hana og útbúa þannig að á henni séu festingar fyrir veltigrind (ROPS).

Ef vélin veltur á veltigrindin að tryggja nægilegt aflögunarrými (DLV), bæði fyrir ökumann og aðra stjórnendur.

Til að ganga úr skugga um að veltigrind standist þær kröfur sem getið er um í málsgreininni hér á undan er það skylda framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES að prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á öllum gerðum veltigrinda.

Að auki eiga jarðvinnuvélar sem nefndar eru hér að neðan með afl yfir 15 kW að vera búnar veltigrindum:

- mokstursvélar á beltum eða hjólum
- gröfur
- dráttarvélar á beltum eða hjólum
- dragsköfur
- vegheflar
- framhjóladregnir dembarar.

3.4.4 Hætta vegna hluta sem falla.

Ef hætta er á að hlutir eða efni falli eða hellist niður við vél þar sem ökumaður og hugsanlega aðrir stjórnendur eru innanborðs skal vélin hönnuð og útbúin með festingum fyrir hlífðargrind (FOPS) til að verjast slíku, ef því verður við komið vegna stærðar vélarinnar.

Hlífin verður að tryggja nægilegt aflögunarrými (DLV), bæði fyrir ökumann og aðra stjórnendur ef hlutir eða efni lenda á henni.

Til að ganga úr skugga um að hlífðargrindin standist þær kröfur sem getið er um í málsgreininni hér á undan verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES að prófa eða láta fara fram viðeigandi prófun á öllum gerðum hlífðargrinda.

3.4.5 Hætta bundin aðgangi.

Handföng og þrep verða að vera hönnuð, smíðuð og þannig fyrir komið að stjórnendur noti þau ósjálfrátt en noti ekki stjórntæki vélarinnar í stað þeirra.

3.4.6 Dráttarbúnaður.

Allar vélar sem draga á með eða sem draga má verða að hafa dráttar- eða tengibúnað sem er hannaður, smíðaður og útbúinn á þann veg að tryggt sé að hægt sé að tengja og aftengja hann á auðveldan og öruggan hátt og þannig að ekki sé hætta á að tenging rofni meðan á notkun stendur.

Slíkar vélar skulu vera útbúnar með sérstyrkingu og burðarfleti sem taka mið af þyngd þess sem dregið er og því yfirborði sem vélin stendur á, eftir því sem átak á tengibúnað vélarinnar krefst.

3.4.7 Aflyfirfærsla milli sjálfknúinnar vélar (eða dráttarvélar) og tengivélar.

Drifsköft með hjöruliðum sem tengja sjálfknúna vél (eða dráttarvél) að fyrstu föstu legu á tengivél skulu vera varin bæði við sjálfknúnu vélina og tengivélina, ásamt öllu drifskaftinu og hjöruliðum.

Verja verður aflúttakið þar sem drifskaftið tengist sjálfknúnu vélinni (eða dráttarvélinni) með hlíf sem fest er við sjálfknúnu vélina (eða dráttarvélina) eða með einhverjum öðrum búnaði sem veitir sambærilega vörn.

Inntaksásinn á tengivélinni verður að vera umlukinn hlíf sem fest er við tengivélina.

Einungis má festa vartengsli eða fríhlaupstengsli á þá hlið sem snýr að vélinni sem er drifin. Auðkenna verður á drifskaftið hvar samsetningin á að vera.

Á öllum vélum sem dregnar eru og á þarf að hafa drifskaft til að tengja við sjálfknúna vél eða dráttarvél skal vera búnaður til að tengja drifskaftið þannig að þegar tengivélin er losuð frá verði drifskaftið og hlíf þess ekki fyrir skemmdum við snertingu við jörð eða vél.

Ytri hlutar hlífarinnar verða að vera hannaðir, smíðaðir og útbúnir á þann veg að þeir geti ekki snúist með drifskaftinu. Hlífin verður að hylja drifskaftið að enda innri gafflanna ef um einfalda hjöruliði er að ræða en a.m.k. að miðju ytri liða ef hjöruliðir eru gleiðhorna.

Ef gert er ráð fyrir stjórnstað eða -stöðum nálægt drifsköftum með hjöruliðum verður framleiðandi að tryggja að ekki sé hægt að nota drifskaftshlífarnar, eins og þeim er lýst í sjöttu málsgrein, í stað þrepa, nema hlífarnar hafi verið hannaðar og smíðaðar í þeim tilgangi.

3.4.8 Vélarhlutar sem notaðir eru við flutning og eru hreyfanlegir.

Þrátt fyrir ákvæði í A-lið atriðis 1.3.8 þurfa lausar hlífar sem hindra aðgang að vélarhlutum sem hreyfast í vélarrýminu ekki að vera læsanlegar í brunahreyfilsvélum ef eingöngu er hægt að opna þær með verkfæri, lykli eða með búnaði sem er á stjórnstað ökumanns; þetta er einnig bundið því skilyrði að stjórnstaðurinn sé í lokuðum stjórnklefa með lás til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi.

3.5 Varnir gegn annars konar hættu.

3.5.1 Hætta af rafgeymum.

Rýmið sem hýsir rafgeyminn verður að vera smíðað og staðsett og honum komið fyrir í því með það fyrir augum að koma eins og unnt er í veg fyrir að rafvökvi fari á þann sem vinnur við vélina ef hún veltur og/eða til að hindra að gufa safnist upp á þeim stöðum sem stjórnendur eru á.

Vél verður að hanna og smíða á þann veg að unnt sé að aftengja rafgeyminn með búnaði sem er aðgengilegur og ætlaður til þeirra nota.

3.5.2 Eldhætta.

Ef stærð vélar leyfir og ef framleiðandi telur nauðsynlegt í ljósi þeirrar hættu sem kann að skapast við notkun verður vél annaðhvort að:

- vera búin slökkvitækjum sem auðvelt er að grípa til, eða
- hafa innbyggt slökkvikerfi.

3.5.3 Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda o.s.frv.

Þar sem þessi hætta er fyrir hendi mega, í stað búnaðarins sem krafist er í atriði 1.5.13, koma annars konar aðferðir, s.s. vatnsúðun.

Önnur og þriðja málsgrein í atriði 1.5.13 eiga ekki við ef aðalverkefni vélarinnar er að úða með efnum.

3.6 Merkingar og leiðbeiningar.

3.6.1 Skilti og viðvaranir.

Vélar verða að vera búnar viðvörunarbúnaði eða skiltum sem leiðbeina um notkun, stillingu og viðhald, hvar sem á slíku kann að vera þörf til að tryggja öryggi og heilsu óvarinna manna. Búnaðurinn eða skiltin verða að vera valin, hönnuð og smíðuð á þann veg að þau séu greinileg og endingargóð.

Auk þess að uppfylla ákvæði umferðarlaga skulu vélar þar sem ökumaður er innanborðs hafa eftirfarandi búnað:

- hljóðmerkjabúnað til að vara óvarða menn við,
- kerfi ljósmerkja sem miðað er við fyrirhugaðar aðstæður á vinnustað, s.s. hemlaljós, bakkljós og snúningsljós til viðvörunar. Síðasta atriðið á ekki við um vélar sem eingöngu eru ætlaðar til vinnu neðanjarðar og nota enga raforku.

Fjarstýrðar vélar sem undir eðlilegum kringumstæðum hafa í för með sér hættu á að menn verði undir eða klemmist verða að hafa viðeigandi búnað til að gefa merki um hreyfingar þeirra eða búnað til að verja óvarða menn fyrir slíkum hættum. Það sama á við um vélar sem við notkun færast kerfisbundið fram og aftur eftir sama ás og þar sem ökumaður sér ekki beint aftur fyrir sig.

Vélar verða að vera smíðaðar á þann veg að ekki sé hægt að gera viðvörunartæki þeirra óvirk í ógáti. Á vélum þar sem þetta öryggisatriði skiptir öllu máli verður að vera eftirlitskerfi sem sýnir hvort búnaðurinn er í góðu lagi og varar stjórnandann við ef svo er ekki.

Ef hreyfanleiki vélar eða tækja sem henni fylgja er sérstaklega hættulegur skulu vera skilti á vélinni sem banna að komið sé nærri henni meðan á vinnu stendur og skulu þau vera læsileg úr nægjanlegri fjarlægð til að öryggi þeirra sem þurfa að vera í næsta nágrenni sé tryggt.

3.6.2 Merking.

Eftirfarandi bætist við lágmarkskröfurnar í 1.7.3:

- uppgefið afl vélarinnar í kW,
- þyngd í kg miðað við venjulegan búnað vélarinnar, og ef við á:
  - leyfilegur hámarkstogkraftur á tengibúnað sem framleiðandi gefur í N,
  - leyfilegt lárétt hámarksálag á tengibúnað sem framleiðandi gefur í N.

3.6.3 Notkunarleiðbeiningar.

Auk lágmarksupplýsinganna í 1.7.4 skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í notkunarleiðbeiningum:

a) Um titring sem af vélinni stafar, ýmist raungildi eða tölu sem fundin hefur verið út með mælingum á sams konar vélum:
   - vegið rótarferningsmeðalgildi hröðunar sem handleggir stjórnandans verða fyrir ef hún fer yfir 2,5 m/s^2. Fari hún ekki yfir 2,5 m/s^2 skal þess getið.
   - vegið rótarferningsmeðalgildi hröðunar sem líkami (fætur eða bakhluti) stjórnandans verður fyrir ef hún fer yfir 0,5 m/s^2. Fari hún ekki yfir 0,5 m/s^2 skal þess getið.

   Ef samræmdum stöðlum er ekki fylgt skal mæla titringinn með þeirri aðferð sem á best við vélina sem um er að ræða.

   Framleiðandi skal upplýsa við hvaða aðstæður vélin var mæld og hvaða aðferðum var beitt við mælingarnar.

b) Ef um er að ræða vél sem nota má á ýmsa vegu eftir því hvaða búnaður er notaður, skulu framleiðendur vélarinnar, svo og framleiðendur búnaðarins sem notaður er með vélinni, veita nægilegar upplýsingar til þess að hægt sé að festa búnaðinn við vélina og nota hann á öruggan hátt.

4. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ FYRIRBYGGJA SÉRSTAKA HÆTTU VEGNA VINNU VIÐ LYFTINGAR.

Vélar sem hætta stafar af vegna vinnu við lyftingar - en sú hætta felst helst í að byrðar falli ofan á einhvern, sporðreisist eða velti - skulu vera hannaðar og smíðaðar með það fyrir augum að þær standist eftirfarandi kröfur.

Hætta vegna vinnu við lyftingar er helst bundin vélum sem ætlað er að flytja byrðar sem þarf að færa upp eða niður á meðan vélin er á hreyfingu. Byrðarnar geta verið hlutir, efni eða vörur.

4.1 Almennar athugasemdir.

4.1.1 Skilgreiningar.

a) „fylgihlutir með lyftibúnaði“: íhlutar eða tæki sem ekki eru fest við vélina og eru sett milli vélar og byrðar eða á byrðina til að festa hana við vélina;
b) „ásláttarbúnaður“: fylgihlutir sem mynda eða nota stroffubúnað, s.s. krókar, tengi, hringar, boltar o.s.frv;
c) „stýrð byrði“: byrði sem hreyfist aðeins eftir ákveðinni braut, ýmist fastri eða sveigjanlegri, og afmarkast af föstum punktum;
d) „öryggisstuðull“: reiknað hlutfall milli þyngdar þeirrar byrðar sem framleiðandi tryggir að tæki, fylgihlutur eða vél geti haldið og leyfilegs hámarksvinnuálags sem gefið er upp fyrir tæki, fylgihlut eða vél;

e) „prófunarstuðull“: reiknað hlutfall milli þyngdar á byrði sem notuð var við stöðu- og hreyfiprófun á tæki, fylgihlut eða vél og leyfilegs hámarksvinnuálags sem gefið er upp fyrir tæki, fylgihlut eða vél;

f) „stöðuprófun“: prófun þar sem vél eða fylgihlutur með lyftibúnaði er fyrst skoðað, og síðan látið bera álag sem samsvarar leyfilegu vinnuálagi margfölduðu með viðeigandi stöðuprófunarstuðli og loks rannsakað að nýju til að ganga úr skugga um að ekkert hafi látið undan;

g) „hreyfiprófun“: prófun þar sem unnið er á vélinni í öllum hugsanlegum stöðum með leyfilegu vinnuálagi og vélin athuguð á meðan hún er á hreyfingu til að ganga úr skugga um að hún vinni eðlilega og að öll öryggisatriði séu í lagi.

4.1.2 Varnir gegn vélrænum hættum.

4.1.2.1 Hættur vegna óstöðugleika.

Vélar verður að hanna og smíða á þann veg að þær haldi þeim stöðugleika sem krafist er í atriði 1.3.1 hvort heldur verið er að vinna á þeim eða ekki, meðan á flutningi þeirra stendur, við samsetningu og þegar þær eru teknar í sundur, við allar fyrirsjáanlegar bilanir íhluta og loks meðan á prófunum samkvæmt notkunarleiðbeiningum stendur.

Til að þessu megi ná skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES nota viðeigandi aðferðir til sannprófunar; einkum og sér í lagi verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES að framkvæma eða láta framkvæma stöðugleikapróf eða önnur sambærileg próf á sjálfknúnum lyfturum með lyftihæð yfir 1,80 m.

4.1.2.2 Stýri- og brautarspor.

Vélar skulu vera með búnaði sem kemur í veg fyrir að þær fari út af stýris- eða brautarspori.

Vélin skal einnig vera með búnað, fari hún út af spori þrátt fyrir áðurnefndan búnað eða vegna bilunar í spori eða sporbúnaði, sem kemur í veg fyrir að hún, íhlutar hennar eða byrðar falli niður eða að vélin velti.

4.1.2.3 Styrkleiki.

Vélar, fylgihlutir með lyftibúnaði og íhlutar sem má fjarlægja verða að geta staðist það álag sem þeir verða fyrir við þau uppsetningar- og vinnuskilyrði sem framleiðandi gefur upp, bæði við notkun og þegar ekki er verið að nota þá og á öllum stöðum þar sem má nota þá. Taka verður, ef ástæða er til, tillit til áhrifa frá loftslagi og þess álags sem einstaklingar kunna að setja á vél. Þessa kröfu verður vél einnig að standast á meðan á flutningi hennar stendur, við samsetningu og þegar hún er tekin í sundur.

Vélar og fylgihluti með lyftibúnaði verður að hanna og smíða með það fyrir augum að koma í veg fyrir bilanir vegna þreytu og slits með fyrirhugaða notkun í huga.

Efnin sem notuð eru skal velja með tilliti til þess umhverfis sem framleiðandi gerir ráð fyrir að vél verði notuð í; sérstaklega skal höfð í huga hætta á tæringu, svörfun eða sliti, hætta á broti vegna höggs eða samsláttar, að efni geti orðið stökk og brothætt vegna kulda og loks hætta á sliti vegna aldurs.

Vélar og fylgihlutir með lyftibúnaði skal hanna og smíða á þann veg að þeir standist yfirálagið í stöðuprófununum án þess að afmyndast varanlega eða verða fyrir greinanlegum skemmdum. Í útreikningnum skal nota þau gildi sem valin hafa verið fyrir stöðuprófunarstuðulinn til að tryggja nauðsynlegt öryggi; stöðuprófunarstuðullinn hefur að öllu jöfnu eftirfarandi gildi:

a) handvirkar vélar og fylgihlutir með lyftibúnaði: 1,5;
b) aðrar vélar: 1,25.

Vélar verða að vera hannaðar og smíðaðar þannig að þær geti staðist hreyfiprófun, án þess að bila, þar sem notað er leyfilegt vinnuálag margfaldað með hreyfiprófunarstuðli. Hreyfiprófunarstuðullinn er valinn með það fyrir augum að tryggja nauðsynlegt öryggi; hann hefur að öllu jöfnu gildið 1,1.

Hreyfiprófun skal framkvæma á vél sem tilbúin er til notkunar og skal það gert við þær aðstæður sem búast má við að vélin verði alla jafna notuð við. Meginreglan skal vera sú að prófið sé framkvæmt á þeim málhraða sem framleiðandi gefur upp. Ef stjórnbúnaður vélarinnar gerir ráð fyrir fleiri en einni hreyfingu samtímis (t.d. snúningi vélar um leið og byrði er færð) skulu prófin helst gerð þannig að mest reyni á, þ.e. með því að beita hreyfingunum sem um ræðir samtímis.

4.1.2.4 Strengjahjól, kefli, keðjur og strengir.

Þvermál strengjahjóla, kefla og hjóla skal vera í réttu hlutfalli við stærð strengs eða keðju sem hægt er að setja á þau.

Kefli og hjól skal hanna, smíða og setja upp á þann veg að strengirnir eða keðjurnar sem á þeim eru geti undist um þau án þess að renna út af þeim.

Strengir sem beinlínis eru notaðir til að lyfta eða styðja við byrði mega ekki vera splæstir saman annars staðar en á endunum (strengir sem splæstir eru saman annars staðar en á endunum má þó nota í tengingar sem eru hannaðar þannig að gert sé ráð fyrir að þeim sé breytt reglulega eftir því við hvað á að nota þær). Heilir strengir ásamt endum þeirra hafa öryggisstuðul sem valinn er til að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 5.

Lyftikeðjur hafa öryggisstuðul sem valinn hefur verið til að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 4.

Til að ganga úr skugga um að öryggisstuðullinn sé réttur skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES prófa á viðeigandi hátt eða láta fara fram slíka prófun á hverri gerð keðju og strengs og strengjafestinga sem notað er beinlínis til að lyfta byrði.

4.1.2.5 Ásláttarbúnaður.

Ákvarða verður stærð ásláttarbúnaðar með tilliti til þeirra áhrifa sem þreyta og aldur kann að hafa miðað við fyrirhugaða notkun sem aftur má áætla út frá þeim líftíma sem gefinn er upp.

Ennfremur:

a) öryggisstuðull stálstrengs og festingar hans er ákveðinn með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er þessi stuðull 5. Ekki mega vera neinar splæsingar eða lykkjur á stálstrengjum nema við endana;
b) ef keðja er með soðnum hlekkjum verða þeir að vera stuttir. Öryggisstuðull fyrir keðjur er valinn með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 4.
c) öryggisstuðull fyrir trefjastrengi og stroffur getur verið misjafnlega hár eftir efninu sem notað er, framleiðsluaðferð, stærð og notkun. Hann er valinn með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 7 ef efnið sem er notað er mjög gott og framleiðsluaðferðin hæfir áætlaðri notkun vel. Ef sú er ekki raunin er stuðullinn að öllu jöfnu ákveðinn hærri til að tryggja samsvarandi öryggi.
Ekki mega vera neinir hnútar, samskeyti eða splæsingar á trefjastrengjum og -stroffum nema á endum þeirra og á hringlaga stroffum;

d) allir málmhlutir sem mynda eða eru notaðir með stroffu skulu hafa öryggisstuðul sem er valinn með það að leiðarljósi að tryggja nauðsynlegt öryggi; að öllu jöfnu er hann 4;
e) hámarksþungi sem hanafótur getur borið ákvarðast af öryggisstuðli veikasta hluta hans, fjölda hluta og lækkunarstuðli sem ákvarðast af innbyrðis afstöðu;
f) til að ganga úr skugga um að öryggisstuðullinn sé réttur skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi prófun fyrir hverja gerð þeirra íhluta sem fjallað er um í a-, b-, c- og d-lið.

4.1.2.6 Stjórn á hreyfingum.

Stjórntækin sem hreyfingu vélarinnar er stjórnað með verða að vinna þannig að vélin sé ætíð í öruggri stöðu:

a) hanna skal og útbúa vélar þannig að sveifluvídd hreyfinga einstakra íhluta þeirra fari ekki yfir ákveðin mörk. Jafnan skal gefin viðvörun áður en til þess kemur;
b) ef hægt er að vinna með mörgum vélum samtímis, hvort heldur þær eru í fastri stöðu eða ganga eftir brautum, og því hætta árekstrum, skulu vélarnar hannaðar og smíðaðar þannig að í þær megi setja búnað sem geri kleift að sneiða hjá þessari hættu;
c) lyftibúnaður vélar verður að vera hannaður og smíðaður með það fyrir augum að byrðar geti ekki losnað og skapað hættu eða fallið óvænt niður, jafnvel þó orkuflutningur bregðist að hluta eða með öllu eða stjórnandi stjórni vélinni ekki lengur;
d) ekki má vera mögulegt undir venjulegum kringumstæðum að láta byrði síga með því að nota eingöngu núningshemla, nema þegar um er að ræða vélar sem nauðsyn krefur að vinni þannig;
e) hanna skal og smíða festibúnað á þann veg að ekki sé mögulegt að byrðar geti fallið niður af vangá.

4.1.2.7 Meðferð byrða.

Stjórnstaður ökumanns skal vera staðsettur þannig að tryggt sé að hann hafi sem besta yfirsýn yfir þá hluta vélarinnar sem eru á hreyfingu svo koma megi í veg fyrir árekstra við menn, tæki og aðrar vélar sem kunna að vera á hreyfingu á sama tíma og hætta gæti stafað af.

Vélar með stýrðri byrði sem er föst skulu vera hannaðar og smíðaðar með það fyrir augum að hindra að óvarðir menn geti orðið fyrir byrðinni eða mótvægislóðum.

4.1.2.8 Hætta á eldingum.

Vélar sem eldingu gæti slegið niður í meðan á notkun þeirra stendur skulu búnar eldingarvara með jarðtengingu.

4.2 Sérstakar kröfur fyrir vélar þar sem orkugjafinn er annar en líkamlegt afl.

4.2.1 Stjórnbúnaður.

4.2.1.1 Stjórnstaður ökumanns.

Kröfurnar í atriði 3.2.1 eiga einnig við um vélar sem ekki eru færanlegar.

4.2.1.2 Sæti.

Kröfurnar í atriði 3.2.2, fyrstu og annarri málsgrein, svo og kröfurnar í atriði 3.2.3 eiga einnig við um vélar sem ekki eru færanlegar.

4.2.1.3 Stjórntæki.

Tækin sem stjórna hreyfingum vélarinnar eða tækjum sem henni fylgja verða að fara sjálfkrafa í hlutlausa stöðu um leið og stjórnandi sleppir þeim. Ef um er að ræða hreyfingar

eða hluta úr hreyfingum þar sem engin hætta er á að vélin rekist á neitt, mega koma, í stað þeirra stjórntækja sem talað er um hér að framan, tæki sem leyfa sjálfvirka stöðvun á fyrirfram ákveðnu stigi án þess að stjórnandi haldi við stjórntækin.

4.2.1.4 Álagsstjórnun.

Vélar með hámarksvinnuálag 1.000 kg hið minnsta eða veltivægi 40.000 Nm hið minnsta skulu hafa búnað sem varar ökumann við og kemur í veg fyrir hættulega hreyfingu byrðarinnar ef:

- vélin verður fyrir of miklu álagi,
  - annaðhvort vegna þess að farið hefur verið yfir hámarksvinnuþunga, eða
  - vægi er of mikið vegna þess að byrðin er of þung,
- veltivægi er of mikið sem getur stuðlað að því að vélin veltur, t.d. ef of þungri byrði er lyft.

4.2.2 Strengjakerfi.

Á burðarstrengjum, togstrengjum og burðartogstrengjum skal vera mótvægi eða búnaður sem gerir kleift að hafa fulla stjórn á strekkingu þeirra.

4.2.3 Hættur fyrir óvarða menn. Aðgangur að stjórnstað ökumanns eða öðrum stöðum þar sem eru stjórntæki.

Vélar fyrir stýrða byrði eða sem hafa skýrt afmarkaðar brautir fyrir byrði skulu búnar tækjum sem tryggja að hætta sé engin fyrir óvarða menn.

Vélar sem þjóna ákveðnum hæðum þar sem stjórnendur hafa aðgang að hleðslupalli til að hlaða eða festa byrðina skulu hannaðar og smíðaðar með það fyrir augum að komið sé í veg fyrir stjórnlausar hreyfingar á hleðslupallinum, einkum meðan verið er að hlaða hann eða afhlaða.

4.2.4 Nothæfi.

Þegar vél er sett á markað eða tekin til notkunar í fyrsta sinn skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES ganga úr skugga um að fylgihlutir með lyftibúnaði og vélar sem tilbúnar eru til notkunar - hvort sem þær eru knúnar með handafli eða vélarafli - geti unnið á öruggan hátt eins og til er ætlast, með því að gera eða láta gera viðeigandi ráðstafanir. Þessar ráðstafanir skulu bæði taka tillit til stöðu- og hreyfiþátta vélarinnar.

Ef ekki er unnt að setja vélina saman á starfssvæði framleiðanda eða á starfssvæði viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES skal gera viðeigandi ráðstafanir þar sem nota á vélina. Að öðrum kosti má gera þessar ráðstafanir hvort heldur er á starfssvæði framleiðanda eða þar sem nota á vélina.

4.3 Merking.

4.3.1 Keðjur og strengir.

Á sérhverri lyftikeðju, streng eða stroffu sem ekki er hluti af stærri heild skal vera merki eða, ef það er ekki mögulegt, plata eða hringur sem ekki er hægt að fjarlægja, með nafni og póstfangi framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES, svo og kennimarki viðeigandi vottorðs.

Á vottorðinu skulu koma fram þær upplýsingar sem krafist er í samræmdu stöðlunum eða, ef þeir eru ekki til, í það minnsta eftirfarandi upplýsingar:

- nafn framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES,
- heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan EES, eftir því sem við á,
- lýsing á keðjunni eða strengnum þar sem fram komi:
  - nafnstærð,
  - bygging,
  - efnið sem hluturinn er gerður úr,
- sérstök meðferð málms sem notuð var við efnið ef um slíkt er að ræða,
- staðlar sem notaðir voru ef prófun hefur átt sér stað,
- hámarksálag sem keðjan eða strengurinn ráða við. Hér má gefa upp nokkur gildi fyrir mismunandi notkun.

4.3.2 Fylgihlutir með lyftibúnaði.

Á öllum fylgihlutum með lyftibúnaði skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- kennimark framleiðanda,
- gerð efnis sem fylgihluturinn er gerður úr (s.s. alþjóðleg flokkun) ef þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að stærðir samrýmist,
- leyfilegt hámarksálag,
- CE-merki.

Á fylgihlutum lyftibúnaðar eins og köðlum og strengjum þar sem ógerlegt kann að vera að koma við merkingu eins og henni er lýst hér að ofan skulu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í fyrstu málsgrein koma fram á plötu eða með öðrum hætti og vera tryggilega festar við fylgihlutinn.

Upplýsingarnar skulu vera læsilegar og settar þar sem lítil hætta er á að þær hverfi vegna vinnu við hlutinn, slits o.s.frv. eða dragi á nokkurn hátt úr styrkleika fylgihlutarins.

4.3.3 Vélar.

Til viðbótar þeim lágmarksupplýsingum sem greint er frá í 1.7.3 skulu upplýsingar um tilgreint hámarksálag vera læsilegar og óafmáanlegar á hverri vél:

i) greinilega tilgreindar á áberandi stað á vélum sem hafa einungis eitt gildi;
ii) ef tilgreint hámarksálag er breytilegt og veltur á mismunandi möguleikum á samsetningu vélarinnar skal vera álagsskilti við hvern stjórnstað ökumanns þar sem fram kemur, helst á myndrænan hátt eða með töflum, tilgreint hámarksálag fyrir hverja mögulega samsetningu vélarinnar.

Vélar sem hafa undirstöðu fyrir byrði sem hægt er að komast upp á og hætta er því á að menn falli af skulu hafa skýra og óafmáanlega viðvörun þar sem bannað er að mönnum sé lyft. Þessi viðvörun verður að vera sjáanleg frá hverjum þeim stað sem aðgangur er mögulegur.

4.4 Notkunarleiðbeiningar.

4.4.1 Fylgihlutir með lyftibúnaði.

Með sérhverjum fylgihlut með lyftibúnaði eða hverri framleiðslueiningu sem er seld óskipt skulu fylgja notkunarleiðbeiningar, þar sem fram koma eftirtaldar upplýsingar, hið minnsta:

- eðlilegt notkunarsvið,
- leiðbeiningar um notkun, samsetningu og viðhald,
- notkunartakmarkanir (þetta á einkum við um þá fylgihluti sem ekki fullnægja kröfunni í e-lið í 4.1.2.6).

4.4.2 Vélar.

Til viðbótar því sem getið er um í atriði 1.7.4 skulu eftirtaldar upplýsingar koma fram í notkunarleiðbeiningum:

a) tæknilegir eiginleikar vélarinnar, einkum og sér í lagi:
   - eintak af álagstöflunni sem getið var um í ii-lið atriðis 4.3.3, ef við á;
   - mótkraftar í undirstöðum eða stoðum og einkenni brautar,
   - skilgreining á mótvægi eða „ballest" og aðferð við ísetningu, ef við á;
b) efni leiðarbókar ef hún fylgir ekki með vélinni;
c) leiðbeiningar, einkum hvernig ráða megi bót á takmarkaðri yfirsýn stjórnandans yfir byrðina;
d) nauðsynlegar leiðbeiningar um prófanir ef vélin er ekki sett saman á starfssvæði framleiðanda áður en hún er tekin í notkun og í þeirri mynd sem á að nota hana.

5. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI VEGNA VÉLA SEM ERU ÆTLAÐAR TIL NOTKUNAR NEÐANJARÐAR.

Vélar sem eru ætlaðar til notkunar neðanjarðar skulu hannaðar og smíðaðar með það fyrir augum að þær standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

5.1 Hættur vegna óstöðugleika.

Aflknúnar stoðir skulu hannaðar og smíðaðar þannig að þær haldi ákveðinni stefnu þegar þær eru á hreyfingu og hrökkvi ekki til áður en þungi kemur á þær, á meðan á því stendur og heldur ekki eftir að hann fer af. Þær skulu búnar festingum fyrir efsta hluta hverrar vökvastoðar fyrir sig.

5.2 Umferð.

Aflknúnar stoðir mega ekki hefta umferð óvarinna manna.

5.3 Lýsing.

Kröfurnar í þriðju málsgrein í atriði 1.1.4 gilda ekki.

5.4 Stjórntæki.

Stjórntækjum fyrir hraðaaukningu og hemlun véla sem ganga á brautum skal stjórnað með handafli. Þó má haldrofa vera fótstýrt.

Stjórntæki fyrir aflknúnar stoðir skulu vera hönnuð og komið þannig fyrir að stjórnendur séu í vari við stoð sem er föst þegar aðrar stoðir eru færðar. Stjórntækjunum skal komið þannig fyrir að ómögulegt eða lítt mögulegt sé að setja vélina í gang í ógáti.

5.5 Stöðvun.

Sjálfknúnar vélar sem ganga á brautum og ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar skulu vera með haldrofa sem hefur áhrif á stjórnrásir hreyfinga vélarinnar.

5.6 Eldhætta.

Ef hlutar af vél eru mjög eldfimir verður hún að uppfylla kröfurnar í öðrum undirlið atriðis 3.5.2.

Hemlakerfi véla sem ætluð er til notkunar neðanjarðar skal hannað og smíðað þannig að hvorki stafi af því neistaflug né geti það orsakað íkveikju.

Í vélum sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar mega einungis vera brunahreyflar sem brenna eldsneyti undir lágum þrýstingi og ekki má vera nein hætta á rafneistaflugi.

5.7 Hætta af mengun vegna ryks, lofttegunda o.s.frv.

Útblæstri úr brunahreyflum í vél má ekki beina upp á við.

6. GRUNNKRÖFUR UM HEILSUVERND OG ÖRYGGI TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR SÉRSTAKA HÆTTU VIÐ ÞAÐ AÐ LYFTA EÐA FLYTJA FÓLK.

Vélar sem hætta stafar af við það að lyfta eða flytja fólk skulu vera hannaðar og smíðaðar á þann hátt að þær standist þær kröfur er fram koma hér á eftir.

6.1 Almennt.

6.1.1 Skilgreining.

Í þessum kafla merkir „burðarstóll" þann búnað sem fólk er í þegar því er lyft, það lækkað eða flutt.

6.1.2 Vélræn burðargeta.

Vinnustuðlarnir sem eru skilgreindir undir 4. tölulið eru ófullnægjandi fyrir vélar sem ætlaðar eru til að lyfta eða flytja fólk og er meginreglan að tvöfalda þá. Gólfið í burðarstólnum skal hannað og smíðað þannig að rými og burðargeta samsvari hámarksfólksfjölda og hámarksvinnuálagi sem framleiðandi mælir fyrir um.

6.1.3 Hleðslustjórntæki fyrir gerðir búnaðar sem færist með öðru afli en mannlegu.

Kröfur liðar 4.2.1.4 gilda án tillits til talna um hámarksvinnuálag. Þessi krafa gildir ekki um vélar ef framleiðandi þeirra getur sýnt fram á að ekki sé nein hætta á að þær séu ofhlaðnar og/eða þeim sé velt.

6.2 Stjórntæki.

6.2.1 Meginregla.

Ef öryggiskröfur krefjast ekki annarra lausna skal meginreglan vera sú að burðarstóllinn sé hannaður og smíðaður þannig að fólk inni í honum geti stjórnað hreyfingum hans upp eða niður og hreyft hann lárétt miðað við vélina, eftir því sem við á.

Við notkun skulu stjórntækin yfirvinna annan búnað sem stjórnar sömu hreyfingu, að undanskildum neyðarstöðvunarbúnaði.

Stjórntækin fyrir þessar hreyfingar skulu vera með haldrofa, nema ef um er að ræða vélar sem þjóna ákveðnum hæðum.

6.2.2 Hreyfihætta.

Ef hægt er að hreyfa vélar sem eru til að lyfta eða flytja fólk þegar burðarstóllinn er ekki í kyrrstöðu skulu þær hannaðar og smíðaðar þannig að fólk sem er í burðarstólnum geti komið í veg fyrir hættu sem skapast af hreyfingu vélarinnar.

6.2.3 Hraðahætta.

Vélar til að lyfta eða flytja fólk skulu hannaðar, smíðaðar eða útbúnar þannig að ekki sé hætta á því að burðarstóllinn fari of hratt.

6.3 Hætta á að fólk detti úr burðarstólnum.

6.3.1 Persónuhlífar.

Ef þær ráðstafanir sem um getur í lið 1.5.15 duga ekki til skal koma fyrir nægilega mörgum festingarpunktum í burðarstólnum fyrir þann fólksfjölda sem hugsanlega notar hann og skulu þeir vera nógu sterkir til að hægt sé að festa í þá persónuhlífar sem varna því að fólk detti.

6.3.2 Fallhlerar.

Fallhlerar í gólfum, loftum eða hliðarhurðum skulu opnast í þá átt að ekki sé hætta á falli ef þeir opnast óvænt.

6.3.3 Fallhætta.

Vélar til að lyfta eða flytja skulu hannaðar og smíðaðar þannig að gólf burðarstólsins halli ekki það mikið að hætta sé á að þeir sem í honum eru detti, ekki heldur þegar hann er á ferð.

Gólf burðarstólsins skal vera þannig að ekki sé hætta á að fólk renni til á því.

6.4 Hætta á að burðarstóll falli eða velti.

6.4.1 Veltihætta.

Vélar til að lyfta eða flytja fólk skulu hannaðar þannig að ekki sé hætta á að burðarstóllinn falli eða velti.

6.4.2 Hröðunar- og hemlunarhætta.

Hröðun og hemlun burðarstólsins, eða berandi hluta, skal ekki valda fólki hættu á meðan hann stjórnast af stjórnanda eða öryggisbúnaði við aðstæður undir hámarksálagi og -hraða sem framleiðandi mælir fyrir um.

6.5 Merkingar.

Til að tryggja nauðsynlegt öryggi skal burðarstóllinn vera merktur með viðeigandi grunnupplýsingum.

II. VIÐAUKI

A. Texti EB-samræmisyfirlýsingar fyrir vélar [1].

Í EB-samræmisyfirlýsingu verða eftirfarandi atriði að koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES [2],
- lýsing á vél [3],
- ákvæði sem vél er í samræmi við,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem gögnin voru afhent í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- eftir því sem við á, nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- eftir því sem við á, vísun í samræmdu staðlana,
- eftir því sem við á, þeir landsstaðlar og tækniforskriftir sem notast var við,
- kenni þess sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES.

B. Texti yfirlýsingar framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES (2. mgr. 4. gr.).

Í yfirlýsingu framleiðanda sem um getur í 2. mgr. 4. gr. verða eftirfarandi atriði að koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu,
- lýsing á vél eða vélarhlutum,

- eftir því sem við á, nafn og póstfang tilkynnts aðila og númer EB-gerðarprófunarvottorðs,
- eftir því sem við á, nafn og póstfang tilkynnts aðila sem skjölin hafa verið send til í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- eftir því sem við á, nafn og póstfang tilkynnts aðila sem hefur framkvæmt sannprófun þá sem getið er um í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- eftir því sem við á, vísun í samhæfða staðla,
- bann við því að vél verði tekin í notkun áður en því hafi verið lýst yfir að vél sú sem hún á að verða hluti af sé í samræmi við ákvæði reglnanna,
- kenni þess sem undirritar yfirlýsinguna.

C. Texti EB-samræmisyfirlýsingar fyrir öryggisíhluta sem settir eru á markað sérstaklega [1].

Í EB-samræmisyfirlýsingunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- nafn og heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES [2],
- lýsing á öryggisíhlutanum [4],
- öryggishlutverk sem öryggisíhlutinn fullnægir, ef það kemur ekki greinilega fram í lýsingunni,
- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, og númer EB-gerðarprófunar-vottorðs,
- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, sem fékk skrána í samræmi við fyrsta undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- nafn og heimilisfang tilkynnts aðila, eftir því sem við á, sem framkvæmdi sannprófun þá sem um getur í öðrum undirlið c-liðar 2. mgr. 6. gr.,
- tilvísun í samræmda staðla, eftir því sem við á,
- tæknilegir landsstaðlar og tækniforskriftir, eftir því sem við á,
- upplýsingar um þann aðila sem hefur umboð til undirritunar fyrir hönd framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

[1] Yfirlýsing þessi verður að vera á sama tungumáli og upphaflegu leiðbeiningarnar (sjá lið 1.7.4 í I. viðauka) og annaðhvort vélrituð eða skrifuð með prentstöfum. Henni skal fylgja þýðing á einu af opinberum málum í því landi þar sem nota á vélina. Þýðingin skal unnin í samræmi við þau skilyrði sem gilda um þýðingu á leiðbeiningunum.


[2] Viðskiptanafn og fullt heimilisfang; fulltrúar verða einnig að gefa upp viðskiptanafn og heimilisfang framleiðanda.

[3] Lýsing á vél (heiti, gerð, raðnúmer o.s.frv.).

[4] Lýsing á öryggisíhluta (heiti, gerð, raðnúmer, ef eitthvert er, o.s.frv.).

III. VIÐAUKI
CE-SAMRÆMISMERKING.

CE-samræmismerkið skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin á teikningunni hér að ofan vera óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þeir ekki vera lægri en 5 mm. Ef um smágerðar vélar er að ræða má þó falla frá kröfu um lágmarksmál.

IV. VIÐAUKI
GERÐIR VÉLA OG ÖRYGGISÍHLUTA SEM REGLURNAR SEM UM GETUR Í b- og c-LIÐ 2. MGR. 6. GR. GILDA UM.

A. Vélar.

1. Hjólsagir (með einu blaði eða mörgum) fyrir trésmíðar og vinnslu með sambærileg efni eða fyrir kjötvinnslu og vinnslu með sambærileg efni.
1.1 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og föstu borði þar sem vinnsluefnið er matað í vélina með höndunum eða aflmatara sem taka má burt.
1.2 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og handstýrðu velti- eða færsluborði.
1.3 Vélsagir með verkfærið í fastri stöðu við vinnslu og innbyggðum vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og tekið úr með höndunum.
1.4 Vélsagir með hreyfanlegu verkfæri meðan á vinnslu stendur og vélknúnum matara fyrir vinnsluefnið sem er lagt í og tekið úr með höndunum.
2. Handmataðir afréttarar til trésmíða.
3. Þykktarheflar til trésmíða þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum.
4. Bandsagir með föstu eða hreyfanlegu borði og bandsagir með sleða þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum til trésmíða eða vinnslu með sambærileg efni eða til kjötvinnslu eða vinnslu með sambærileg efni.
5. Sambyggðar vélar af þeirri gerð sem um getur í 1. til 4. lið og 7. lið fyrir trésmíðar eða vinnslu með sambærileg efni.
6. Handmataðar tappavélar til trésmíða með mörgum verkfærafestingum.
7. Handmataðir borðfræsarar til trésmíða og vinnslu með sambærileg efni.
8. Handkeðjusagir til trésmíða.
9. Pressur, þar með taldar beygivélar, til kaldvinnslu málma þar sem vinnsluefnið er lagt í og tekið úr með höndunum og með hreyfanlegum hlutum er geta haft yfir 6 mm slaglengd og hraða yfir 30 mm/sek.
10. Sprautu- eða þrýstimótunarvélar fyrir plast þar sem vinnsluefnið er lagt í eða tekið úr með höndunum.
11. Sprautu- eða þrýstimótunarvélar fyrir gúmmí þar sem vinnsluefnið er lagt í eða tekið úr með höndunum.
12. Vélar sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar af eftirfarandi gerðum:
    - vélar sem ganga á brautum; eimreiðar og bremsuvagnar,
    - aflknúnar vökvastoðir,
    - brunahreyflar sem setja má í vélar sem ætlaðar eru til notkunar neðanjarðar.
13. Flutningavagnar sem safnað er í húsasorpi, eru hlaðnir með handafli og hafa þjöppunarbúnað.
14. Hlífar og færanleg drifsköft eins og þeim er lýst í atriði 3.4.7.
15. Bílalyftur.
16. Búnaður til að lyfta fólki sem felur í sér hættu á falli úr lóðréttri hæð sem er yfir þrír metrar.
17. Vélar fyrir framleiðslu á skoteldum.

B. Öryggisíhlutar.

1. Rafnæmur búnaður sem hannaður er sérstaklega til að greina fólk til að tryggja öryggi þeirra (ljósnæmir rofar, stigmottur, rafsegulnemar, o.s.frv.).
2. Einingar sem tryggja öryggishlutverk stjórnbúnaðar sem nota þarf báðar hendur við.
3. Sjálfvirkir færanlegir skermar sem verja vélarnar sem um getur í 9., 10. og 11. lið.
4. Veltigrindur (ROPS).
5. Hlífðargrindur (FOPS).

V. VIÐAUKI
EB-SAMRÆMISYFIRLÝSING.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhluta eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

1. EB-samræmisyfirlýsing er sú aðferð sem framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu beitir til að lýsa yfir að vél sem verið er að setja á markað fullnægi öllum viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.
2. Undirritun EB-samræmisyfirlýsingar heimilar framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu að merkja vél með CE-merkinu.
3. Áður en framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu semur EB-yfirlýsingu um samræmi verður hann að ganga úr skugga um og geta ábyrgst að skjölin sem talin eru upp hér á eftir verði til reiðu til skoðunar á starfsstöð hans:
   a) eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:
   - heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
   - ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana o.s.frv. sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
   - skrá yfir:
     - grunnkröfur þessarar tilskipunar,
     - staðla,
     - aðrar tækniforskriftir sem notaðar voru við hönnun vélar,
   - lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slysahættu af völdum vélarinnar,
   - ef framleiðandi óskar þess, tækniskýrslur eða vottorð frá þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu,
   - ef framleiðandi lýsir yfir samræmi við samhæfðan staðal, allar tækniskýrslur sem skýra frá niðurstöðum úr prófunum sem hann hefur kosið að yrðu gerðar, annaðhvort af honum sjálfum eða þar til bærum aðila eða rannsóknarstofu,
   - afrit af leiðbeiningum með vélinni;

   b) ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélin samræmist áfram ákvæðum þessara reglna.

   Framleiðandi verður að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir eða prófanir á vélarhlutum og fylgihlutum eða vélinni allri til að ákveða hvort hún sé hönnuð og smíðuð á þann veg að hægt sé að setja hana saman og taka hana í notkun á öruggan hátt.

   Séu skjöl ekki lögð fram þegar lögbær innlend stjórnvöld fara þess á leit með tilhlýðilega rökstuddri beiðni getur það verið nægileg ástæða til að draga í efa að hægt sé að ganga út frá samræmi við ákvæði þessara reglna.
4. a) Skjölin sem um getur í 3. tölul. hér á undan þurfa ekki ávallt að vera handbær en það verður að vera unnt að safna þeim saman og hafa þau til reiðu innan frests sem er í eðlilegu samræmi við mikilvægi þeirra. Undanskilja má ítarlega uppdrætti eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru í framleiðslu vélar

nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.

b) Skjölin sem um getur í 3. tölul. hér á undan verður að varðveita og hafa til reiðu fyrir lögbær innlend stjórnvöld í að minnsta kosti tíu ár eftir framleiðsludag vélar eða framleiðsludag síðasta eintaks af vélinni sé um raðframleiðslu að ræða.

c) Skjölin sem um getur í 3. tölul. hér á undan verður að semja á einu af hinum opinberu tungumálum innan EES, að leiðbeiningum með vél undanskildum.

VI. VIÐAUKI
EB-GERÐARPRÓFUN.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhluta eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

1. EB-gerðarprófun er sú aðferð sem tilkynntur aðili, sem skilgreindur er í VII. viðauka, beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak af vél fullnægi viðeigandi ákvæðum þessara reglna.
2. Framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal sækja um EB-gerðarprófun á eintaki af vél hjá aðeins einum tilkynntum aðila.

   Með umsókninni skulu fylgja:

   - nafn og heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES og framleiðslustaður vélar,
   - að minnsta kosti eftirtalin tæknileg framleiðslugögn:
     - heildarteikning af vél ásamt teikningum af stjórnrásum,
     - ítarlegar teikningar ásamt útreikningum, niðurstöðum prófana o.s.frv. sem þarf til að kanna hvort vél sé í samræmi við grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi,
     - lýsing á þeim aðferðum sem beitt hefur verið til að útiloka slysahættu af völdum vélar og skrá yfir þá staðla sem notaðir voru,
     - afrit af leiðbeiningum með vél,
     - ef um raðframleiðslu er að ræða, innri ráðstafanir sem gerðar verða til að tryggja að vélar samræmist áfram ákvæðum þessara reglna.

   Umsókninni skal einnig fylgja vél sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu eða upplýsingar um hvar megi prófa vélina, eftir því sem við á.

   Með skjölunum sem um getur hér á undan þurfa ekki að fylgja ítarlegir uppdrættir eða aðrar nákvæmar upplýsingar um samsetta hluti sem notaðir voru við framleiðslu vélar nema nauðsynlegt sé að þekkja til þeirra til að unnt sé að sannprófa samræmi við grunnkröfur um öryggi.
3. Tilkynnti aðilinn framkvæmir EB-gerðarprófun á eftirfarandi hátt:
   - hann athugar tæknileg framleiðslugögn til að sannprófa hvort þau séu fullnægjandi og skoðar vél sem honum hefur verið fengin eða veittur aðgangur að,
   - við prófun á vél skal aðilinn:
     a) ganga úr skugga um að hún hafi verið framleidd í samræmi við tæknilegu framleiðslugögnin og að óhætt sé að nota hana við þær aðstæður sem til er ætlast;
     b) hafi staðlar verið notaðir, kanna hvort þeim hefur verið beitt á réttan hátt;
     c) gera viðeigandi prófanir og rannsóknir til að kanna hvort vél fullnægi viðeigandi grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi.
4. Fullnægi eintakið viðeigandi ákvæðum gefur aðilinn út EB-gerðarprófunarvottorð til handa umsækjanda. Vottorðið skal innihalda niðurstöður prófunar, skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á samþykkta eintakið.

5. Framleiðandi eða fulltrúi hans með staðfestu innan EES skal veita tilkynnta aðilanum upplýsingar um allar breytingar, þótt smávægilegar séu, sem hann hefur gert eða hyggst gera á vélinni sem eintakið var sýnishorn af. Tilkynnti aðilinn athugar þessar breytingar og tilkynnir framleiðandanum eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES hvort EB-gerðarprófunarvottorðið sé áfram í gildi.
6. Neiti tilkynntur aðili að gefa út EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðra tilkynnta aðila um það. Ef hann afturkallar EB-gerðarprófunarvottorð skal hann upplýsa aðildarríkið sem tilkynnti hann um það. Það skal síðan veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar þar að lútandi og tilgreina ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun.
7. Málsskjöl og bréfaviðskipti um EB-gerðarprófun skulu vera á þjóðtungu aðildarríkisins innan EES þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á tungumáli sem hann samþykkir.

VII. VIÐAUKI
LÁGMARKSVIÐMIÐ SEM AÐILDARRÍKI INNAN EES VERÐA AÐ TAKA MIÐ AF ÞEGAR ÞAU TILKYNNA AÐILA.

Í þessum viðauka merkir vél ýmist vél eða öryggisíhluta eins og skilgreint er í 2. og 3. mgr. 1. gr.

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuður, framleiðandi, birgir né sjá um uppsetningu á vélum sem þeir skoða, né heldur umboðsmenn neins þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði eða viðhaldi vélanna né vera umboðsmenn aðila sem þátt taka í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki möguleikann á skiptum á tæknilegum upplýsingum milli framleiðandans og tilkynnta aðilans.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu framkvæma sannprófanir með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður úr sannprófunum.
3. Tilkynnti aðilinn verður að hafa á að skipa nauðsynlegu starfsliði og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast sannprófun; hann skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
4. Það starfslið sem ber ábyrgð á skoðun skal hafa:
   - trausta tækni- og fagkunnáttu,
   - næga þekkingu á þeim reglum sem gilda um þær prófanir sem það framkvæmir og næga starfsreynslu við slíkar prófanir,
   - getu til þess að rita þau vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófin hafi verið framkvæmd.
5. Hlutleysi skoðunarmanna verður að vera tryggt. Laun þeirra mega hvorki vera háð fjölda prófa sem framkvæmd eru né niðurstöðum úr þeim.
6. Tilkynnti aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skylt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt þessum reglum eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, sem trúnaðarmál (nema gagnvart réttum stjórnvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

REGLUR

um húsnæði vinnustaða.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglur þessar gilda um vinnustaði sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda þó ekki um byggingarvinnustaði, jarðefnavinnslu eða aðra hliðstæða vinnustaði og flytjanlegt starfsmannarými.
2. Í reglum þessum merkir *vinnustaður* það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu, og hvern þann stað annan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.
3. Í reglum þessum merkir *vinnurými* sérhvert rými innan húsnæðis vinnustaðarins þar sem starfsmenn vinna.

2. gr.
Eftirlit, umsagnir og tilkynningarskylda fyrirtækja.

1. Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara.
2. Áður en nýtt húsnæði er byggt, nýtt húsnæði er tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi, sem reglur þessar taka til, ber að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við reglur þessar og aðrar reglur sem settar eru samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því skyni skal eigandi eða fulltrúi hans láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð, ásamt uppdráttum yfir húsakynni, hönnun og fyrirkomulag véla, tækja, innréttinga og annars búnaðar eftir því sem við á hverju sinni.
3. Sérhverja starfsemi, sem reglur þessar ná til skal tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins áður en hún hefst.
4. Vinnueftirlit ríkisins er umsagnaraðili gagnvart byggingayfirvöldum í málum er varða atvinnuhúsnæði. Áður en umsókn um byggingarleyfi er afgreidd í byggingarnefnd skal séð til þess að umsögn Vinnueftirlits ríkisins liggi fyrir um húsnæðið og þá starfsemi sem fyrirhuguð er í því, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.

II. KAFLI
Vinnurými.

3. gr.
Almenn ákvæði.

1. Húsnæði vinnustaða skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Byggingar skulu vera nægjanlega traustar og þannig gerðar að hæfi notkun þeirra.
2. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Allar umferðaleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningstækjum eða öðrum færanlegum vélum á afmarkað eða aðgreint svæði eða rými eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.
3. Vinnurými skal innrétta þannig að gott sé að þrífa það, nýta og halda því við á öruggan hátt.

4. Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hætta á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að af þeim stafi ekki hætta.
5. Á vinnustöðum skal stefnt að því að búnaður sé stillanlegur eftir því sem tæknilegar forsendur leyfa, til að mæta best þörfum einstakra starfsmanna, enda fylgi því ekki umtalsverður kostnaður. Búnað sem í notkun er við gildistöku reglna þessara og ekki uppfyllir þetta skilyrði, má þó nota áfram, enda séu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón.
6. Raflagnir og raftæki skulu vera hönnuð og þannig gerð að ekki stafi af þeim bruna- eða sprengihætta og starfsmenn séu varðir á fullnægjandi hátt gegn óhöppum sem bein eða óbein viðkoma kann að valda.
7. Eftir því sem stærð og notkun bygginga segir til um, svo og búnaður sá sem í þeim er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal á vinnustöðum séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.

4. gr.
Lofthæð.

1. Lofthæð vinnurýmis skal ekki vera minni en 2,5 m eftir að rýmið er fullfrágengið, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Lofthæð vinnurýmis skal ávallt vera það mikil að hún hindri ekki starfsemi sem þar fer fram eða skapi hættu.
2. Þar sem búast má við myndun sprengi- eða eldfimra lofttegunda í vinnurýminu skal lofthæð ákvörðuð samkvæmt niðurstöðum brunatæknilegrar hönnunar rýmis, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar.
3. Þar sem búast má við að óþægilegur hiti, ryk, eitraðar loftegundir eða reykur myndist skal gera viðeigandi ráðstafanir, sbr. ákvæði byggingarreglugerðar. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist aukinnar lofthæðar í slíkum tilvikum.
4. Þegar um sérstaka loftgerð er að ræða, svo sem netloft, rimlaloft eða annað þess háttar, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.
Loftrými.

1. Sérhver starfsmaður skal að jafnaði geta notið 12 m^3 loftrýmis við störf sín. Lofthæð ofan við 4 m er ekki reiknuð með í rúmtakinu. Þar sem mikill umgangur er skal taka tillit til þess við ákvörðun loftrýmis.
2. Þegar loftrými er mælt skal einungis miða við gólfflöt þar sem lofthæð er nægileg samkv. 4. gr.
3. Sömuleiðis skal tekið tillit til þess rýmis sem vélar, húsgögn og efni taka. Séu skilyrði sérlega góð getur Vinnueftirlitið veitt leyfi til að nota starfsrými sem er minna en 12 m^3 á hvern starfsmann. Loftrýmið má þó aldrei vera minna en 8 m^3.
4. Minnsta stærð vinnuherbergis, sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags, skal vera 7 m^2.

6. gr.
Gólf.

1. Almenn gerð og frágangur gólfa skal vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.
2. Gólf og gólfefni í vinnurými skal vera þannig að það hæfi því starfi, sem þar er unnið með tilliti til slits, burðarþols og hreinsunar.

3. Þar sem ætandi efni eru notuð eða meðhöndluð skal þess gætt að þau rýri ekki burðarþol eða eyðileggi yfirborð gólfa.
4. Þar sem íkveikju- eða sprengihætta stafar af eldfimum efnum skal rafleiðni gólfa vera næg til að forðast megi neistamyndun vegna staðbundinnar rafhleðslu.
5. Gólf skulu rykbundin. Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálku á gólfum þar sem þess gerist þörf. Eftir því sem við verður komið skal gólfflötur eða undirlag, sem staðið er á að staðaldri, ekki vera of hart, til að forðast þreytu.
6. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar og skulu þau vera föst og stöðug.

7. gr.
Veggir og loft.

1. Einangrun lofts og veggja, þar með hljóðeinangrun, skal vera nægjanleg með hliðsjón af vinnunni sem þar fer fram.
2. Yfirborð lofts og veggja skal vera rykbundið og auðvelt að halda hreinu eftir því sem við á.
3. Gagnsæir eða hálfgagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnurýma og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.
4. Ekki má heimila aðgang að loftum eða þökum gerðum úr efnum sem ekki eru af fullnægjandi styrk nema notaður sé búnaður til þess að þar megi vinna á öruggan hátt.

8. gr.
Dagsbirta og lýsing.

1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er. Vinnurými skulu einnig búin nægjanlegri raflýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.
2. Þar sem unnið er við dagsbirtu skal vinnurými þannig gert að hún dreifist sem best um það og sé sem jöfnust. Ljósop glugga á veggjum skal að jafnaði vera minnst 10% af gólffleti en á þaki 7%. Hlutfall þetta skal auka ef birtu nýtur illa vegna slæmra skilyrða, svo sem vegna mannvirkja sem standa nærri gluggum vinnurýmis. Þar sem sérstaklega stendur á, svo sem í verslunum, vöruhúsum og frystihúsum, er heimilt að víkja frá þessu ákvæði enda uppfylli húsnæðið önnur skilyrði í reglum þessum.
3. Ef sólarljós veldur of miklum hita, birtu, glampa eða öðrum slæmum vinnuskilyrðum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.
4. Við hönnun lýsingar skal höfð hliðsjón af viðurkenndum stöðlum um lýsingarmagn, varnir gegn ofbirtu og aðra þætti er varða öryggi og gott starfsumhverfi.
5. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hætta búin ef rafmagn fer af skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.
6. Búnaði til lýsingar á vinnustöðum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slysahættu.
7. Starfsmönnum skal með fullu öryggi unnt að opna glugga, þakljóra og loftræstiop, stilla opnun þeirra og loka þeim. Stilling þeirra má ekki geta valdið starfsmönnum hættu þegar þau eru opin.
8. Gluggum og þakljórum skal komið þannig fyrir að hæfi hreinsibúnaði, eða útbúnir þannig að unnt sé að hreinsa þá án þess það hafi í för með sér hættu fyrir starfsmenn sem það gera eða aðra sem staddir eru í byggingunni eða við hana.

9. gr.

Hitun.

1. Vinnurými skal vera hæfilega hlýtt eftir eðli þeirra starfa sem þar eru unnin.
2. Þar sem kyrrsetustörf eru unnin má telja hæfilegt hitastig 18° til 22°C, en við kyrrstöðu 16° til 18°C nema annars sé krafist vegna framleiðslunnar. Hiti skal vera sem jafnastur um allt vinnurýmið. Sé geislahitun notuð skal tekið tillit til eðlismunar hennar og áhrifa á tilfinningu manna fyrir hitastigi miðað við aðrar hitunaraðferðir.
3. Í rými þar sem mikil hitageislun er frá litlum afmörkuðum svæðum eða hlutum skal koma í veg fyrir að hún valdi óþægindum eftir því sem unnt er, t.d. með hlíf, loftkælingu og/eða loftskiptum. Loftkæling eða loftskipti mega þó ekki valda óþægilegum súg eða loftblæstri.
4. Notkun hitunartækja sem gefa frá sér eitraðar lofttegundir er ekki leyfð í vinnurými nema komið sé fyrir frástreymi gastegunda út úr húsi.
5. Á vinnustöðum, þar sem loft er þurrt eða hiti mikill, er æskilegt að starfsfólk hafi aðgang að drykkjarfontum.
6. Leitast skal við að halda hæfilegu rakastigi í vinnurými.
7. Staðsetja ber glugga, þakljóra og skilveggi úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklu mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.

10. gr.

Loftræsting.

1. Þegar húsrými fyrirtækis er hannað, skal gera ráð fyrir loftræstingu, sem þar kann að þurfa, svo að stokkum, lögnum og vélum, sem til þess þarf, verði komið fyrir á þeim stöðum sem best hentar. Þar sem margt fólk starfar og mikill hiti eða annað veldur breytingu á andrúmslofti eða umhverfi skal auka endurnýjun andrúmsloftsins með vélsogstækjum ef opnanlegir gluggar geta ekki annað nægilegum loftskiptum. Loftræstingu skal hanna þannig að súgur verið svo lítill sem kostur er.
2. Innanhússtörf, sem valda óhollustu, loftmengun, eldfimri eða sprengifimri loftblöndu, skulu aðeins framkvæmd þar sem unnt er að hreinsa loftið eða loftræsta þannig að mengaða loftið sé sogað burt frá þeim stað sem það myndast og til þess séð að það berist ekki inn í vinnurými aftur.
3. Hávaði vegna vélrænnar loftræstingar skal vera svo lítill sem verða má.
4. Lofthreinsibúnaður skal hreinsaður reglulega samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og fylgst með því að hann vinni eðlilega.
5. Áður en Vinnueftirlitið samþykkir loftræstibúnað getur það krafist þess að sýnt sé fram á nægileg afköst hans.

11. gr.

Hávaði.

1. Byggingar skulu þannig hannaðar að hávaði, sem í þeim kann að myndast vegna starfsemi, berist sem minnst um þær eða umhverfi þeirra.
2. Þess skal gætt að hávaðamyndun verði ekki meiri en óhjákvæmilegt er vegna þeirra starfa sem unnin eru í húsnæðinu. Vélar eða störf, sem valda skaðlegum hávaða, skal einangra frá umhverfi sínu.
3. Að öðru leyti vísast til reglna um hávaðavarnir.

12. gr.
Kjallararými.

1. Vinnustaðir mega vera í kjöllurum ef fullnægt er kröfum þessara reglna, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Sérstök áhersla skal lögð á rakavörn í slíku húsnæði.
2. Sé kjallararými ekki með opnanlegum gluggum skal séð fyrir svo góðri loftræstingu að hvorki skapist raki, óloft né súgur sem veldur óþægindum.
3. Vinnurými, sem er dýpra en 1 m undir jarðlínu skal ekki leyft til neinnar starfsemi nema könnun hafi sýnt að það sé fullnægjandi.
4. Meðferð hættulegra efna, svo sem lífrænna leysiefna eða efna sem eldhætta stafar af, er bönnuð í kjallararými. Sama gildir um vinnustaði þar sem vatnsgufa eða eimur myndast. Eimkatla með margfeldi heildarrúmtaks í m^3 og yfirþrýstings í kp/cm^2, sem er meira en 8 og heitavatnskatla eða geyma með 120°C heitum legi, má ekki nota í kjöllurum, sem unnið er í og dýpri eru en 1 m undir jarðlínu.
5. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

III. KAFLI
Starfsmannarými.

13. gr.
Skilgreiningar.

Starfsmannarými er notað í reglum þessum sem samheiti fyrir:

A. Búningsherbergi og fatahengi.
B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
C. Þvotta- og baðklefa.
D. Kaffi- eða matstofur.

A. Búningsherbergi og fatahengi.

14. gr.
Almenn ákvæði.

1. Búningsherbergi skal valinn hentugur staður með hliðsjón af vinnustað og þvotta- og baðklefa.
2. Búningsherbergi mega vera í kjallara ef hann er þurr, rakalaus og vel einangraður enda fullnægi búningsherbergin að öðru leyti ákvæðum þessa kafla.
3. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði, eða sé í tveimur eða fleiri húsum, skal búningsherbergjum, snyrtiherbergum eða matsölum komið fyrir sem næst miðsvæðis nema hvert hús eða álma hafi sérstakt starfsmannarými.
4. Þar sem karlar og konur starfa skulu búningsherbergi aðskilin á fullnægjandi hátt.
5. Þar sem vinnufatnaður óhreinkast verulega vegna vinnunnar skal vera hægt að hengja göngufatnað í eitt hengi og vinnufatnað í annað aðgreint hengi. Vot vinnuföt skal vera hægt að þurrka þar eða skammt þar frá. Allt starfsmannarými skal vel og reglulega þrifið.

15. gr.
Gólfflatarmál og lofthæð.

Í búningsherbergi skal fyrir hvern mann vera minnst 0,6 m^2 gólfflötur að meðtöldum fleti fyrir skáp. Lofthæð skal vera minnst 2,5 m.

16. gr.
Gerð gólfa.

1. Gólf, sem liggja á jörð eða eru yfir óupphituðu rými, skulu einangruð nægjanlega gegn kulda og raka.

2. Gólfum skal vera auðvelt að halda hreinum og skal séð fyrir því eftir föngum að þau verði ekki of hál, einkum ef þar er komið fyrir handlaugum eða öðrum búnaði sem vatn getur runnið frá, enda skal þá vera niðurfall og hæfilegur vatnshalli á gólfinu til niðurfallsins.

17. gr.

Veggir og loft.

Veggir og loft skulu vera nægjanlega einangruð gegn kulda, raka og hávaða eftir því sem við getur átt og unnt er. Veggir og loft skulu vera þannig að auðvelt sé að halda þeim hreinum og í góðu ástandi.

18. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Æskilegt er að dagsbirtu njóti sem mest í búningsherbergjum og þar skal vera fullnægjandi raflýsing.
2. Búningsherbergi skal vera hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.

19. gr.

Innrétting.

1. Við alla skipan innanstokks skal þess gætt að þrif og viðhald búningsherbergis séu auðveld.
2. Í búningsherbergi skal vera einn klæðaskápur fyrir hvern starfsmann. Fjarlægðin milli andstæðra skápa og andstæðra handlauga skal vera minnst 1,2 m, en fjarlægð milli skápa og andstæðs veggjar skal vera minnst 1 m. Fjarlægðir þessar skulu hvor um sig lengjast í 1,5 og 1,2 m ef skápar eða handlaugar eru fleiri en 20 í röð. Gera má meiri kröfur um fjarlægðir þessar ef vinna er óþrifaleg.
3. Þar sem aðeins þarf að hengja yfirhafnir skal ætla hverjum starfsmanni að minnsta kosti 0,2 m stangarlengd í fatahengi eða skáp.
4. Við starfsemi þar sem halda þarf göngufatnaði og vinnufötum aðskyldum skal þeirri kröfu t.d. fullnægt með því að hafa tvo skápa í búningsherbergjum fyrir hvern starfsmann (einn fyrir göngufatnað og annan fyrir vinnuföt) eða hafa einn skáp í búningsherbergi fyrir hvern starfsmann (til geymslu göngufata) ásamt sameiginlegu fatahengi fyrir vinnufatnað eða með því að tvískipta búningsherbergi þannig að annars vegar séu gönguföt og hins vegar vinnuföt.
5. Í sérstökum tilvikum er heimilt að viðurkenna fatahengi í stað skápa.
6. Þar sem starfsmenn hafa einungis aðgang að fatahengi getur Vinnueftirlit ríkisins krafist þess að jafnframt séu læstar hirslur þar sem starfsmenn geta geymt verðmæti.

20. gr.

Gerð og búnaður.

1. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrífa. Þeir skulu vera með loftræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Stærð skápanna skal vera minnst 0,5 x 0,3 m, að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1,5 m, en milli hillu og lofts minnst 0,2 m að framan og loftið helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps, ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir.
2. Í fatahengjum með stöng fyrir herðatré skal ætla minnst 0,3 m fyrir hvern starfsmann.
3. Í búningsherbergjum skal að jafnaði vera bekkur eða bekkir, speglar og ruslatrog eða fata.

B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.

21. gr.

Almenn ákvæði.

1. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu, þó ekki þannig að beint samband sé við matsal eða vinnurými.
2. Á vinnustöðum skulu einungis notuð vatnssalerni.

22. gr.

Salernafjöldi.

1. Þar sem að staðaldri starfa fleiri en 5 karlar og 5 konur skulu salerni og snyrting fyrir hvort kyn aðgreind.
2. Að jafnaði skal vera minnst eitt salerni fyrir allt að 15 manns en miða skal þó við eftirfarandi meginreglur um fjölda salerna, þvagstæða og handlauga:

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi handlauga
Konur		
1-15	1	1
16-30	2	1
31-50	3	2
51-75	4	2
76-100	5	3

Síðan er eitt salerni og handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi þvagst.	Fjöldi handl.
Karlar			
1-20	1	1	1
21-30	2	1	2
31-45	2	2	2
46-60	3	2	2
61-75	3	3	3
67-90	4	3	3
91-100	4	4	4

Síðan eitt salerni, eitt þvagstæði og ein handlaug fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

3. Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að snyrtiaðstöðu skal sú aðstaða að jafnaði vera aðskilin frá snyrtiaðstöðu starfsmanna.

23. gr.

Veggir, loft og gólf.

1. Veggir milli snyrtiherbergja og aðliggjandi vinnustaða eða matstofu skulu vera nægjanlega einangraðir gegn kulda, lykt og hávaða.
2. Hæð veggja og hurða salerna frá gólfi má ekki vera minni en 0,15 m og ekki meira en 0,3 m þar sem veggir eða hurðir ná ekki niður á gólf. Vegghæð frá gólfi skal ekki vera minni en 2,0 m. Veggir milli salerna karla og kvenna skulu vera heilir frá gólfi til lofts.
3. Veggi og loft skal vera auðvelt að þrífa og halda við.
4. Gólfflötur salernisklefa skal minnst vera 1,2 m^2 og lofthæð 2,5 m. Sé um hallandi loft að ræða getur Vinnueftirlit ríkisins leyft að meðallofthæð sé 2,2 m, en þó má minnsta lofthæð yfir salerni ekki vera minni en 1,6 m.

5. Gólf má ekki vera hált. Það skal vera vatnshelt og auðvelt að þrífa. Sama máli gegnir um veggi við þvagskálar og handlaugar.

24. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.
2. Hitun skal vera fullnægjandi.
3. Salerni skal loftræst á vélrænan hátt ef loftræsting verður á annan hátt ónóg. Þar sem því verður við komið skal gera ráð fyrir opnanlegum gluggum í útvegg.

25. gr.

Búnaður.

1. Salernispappír skal vera á þar til gerðum haldara.
2. Handlaug og sápa skulu vera annað hvort í salernisklefa eða forrými. Þar skulu vera einnota handþurrkur úr pappír eða handklæðarúllur í þar til gerðum höldurum eða blástursþurrkur.

C. Þvotta- og baðklefar.

26. gr.

Fjöldi handlauga og steypibaða.

1. Að jafnaði skal vera ein handlaug fyrir hverja 5 starfsmenn.
2. Sé vinna óþrifaleg eða valdi verulegri óhreinkun eða óhollustu skal tekið tillit til þess við ákvörðun fjölda handlauga.
3. Við störf, sem ekki valda óhreinindum, skal hafa minnst eina handlaug fyrir hverja 10 starfsmenn.
4. Handlaug, sem komið er fyrir á salerni eða í lokuðu forrými að því, reiknast ekki með tölu handlauga fyrir þvotta- og baðklefa. Sé handlaugum hins vegar þannig fyrir komið að greiður aðgangur sé að þeim bæði úr snyrti- og þvottaaðstöðu geta þær samnýst.
5. Þar sem menn þurfa steypiböð vegna þess að þeir óhreinkast eða svitna við störf sín skal vera minnst eitt steypibað fyrir hverja 5 menn.

27. gr.

Gólf, veggir og loft.

1. Stærð gólffletar skal vera í samræmi við ákvæði 29. gr. um innréttingu og búnað.
2. Lofthæð skal minnst vera 2,5 m.
3. Gólf, veggir og loft skulu að öðru leyti vera samkvæmt ákvæðum 16. og 17. gr.

28. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Raflýsing skal vera fullnægjandi. Æskilegt er að dagsbirtu njóti þar sem því verður við komið.
2. Hitun skal vera fullnægjandi.
3. Loftræsting skal vera um glugga eða með vélbúnaði sem ekki veldur teljandi hávaða eða óþægilegum súg.
4. Allur rafbúnaður skal vera í samræmi við gildandi reglur um rafbúnað í húsnæði þar sem gufa og vatnsagi er.

29. gr.

Innrétting og búnaður.

1. Sérhvert þvottastæði við handlaug skal vera minnst 0,6 m á breidd. Fjarlægð milli andstæðra handlauga og fjarlægð handlauga og andstæðs veggjar skal vera í samræmi við ákvæði 19. gr.
2. Við handlaugar skal tengt heitt og kalt vatn í blöndunartæki. Frárennsli frá handlaug til niðurfalls skal vera lokað.
3. Í baðherbergi skal vera niðurfall, en gólfhalli eða gerð gólfs þó ekki þannig að hætta sé á að menn renni eða detti af þeim sökum.
4. Framan við steypiböð skal vera aðstaða til að þurrka sér. Hita baðvatns skal vera hægt að stilla hverjum til hæfis.
5. Í þvotta- og baðklefum skal vera spegill, snagi, sápa og sápuskál.
6. Innangengt skal vera milli baðherbergis og búningsherbergis.

30. gr.

Kjallararými.

Kjallararými má nota undir þvotta- og baðklefa, enda fullnægi það að öðru leyti skilyrðum reglna þessara.

D. Kaffi- eða matstofur.

31. gr.

Almenn ákvæði.

1. Á vinnustöðum þar sem matar eða drykkjar er neytt að staðaldri skal kaffi- eða matstofa vera í sérstöku rými sem ekki er notað í öðrum ósamræmanlegum tilgangi.
2. Á fámennum vinnustöðum má innrétta kaffi- eða matstofu án þess að um sérstakt herbergi sé að ræða, enda gæti þar ekki óþrifa eða mengunar.
3. Í matstofu skal starfsmaður bæði geta matast og hvílst frá vinnu sinni. Matstofa skal því vera björt, þægilega skipulögð og snyrtileg í alla staði. Handlaugar skulu vera á aðgengilegum stað framan við matstofu. Sé langt á milli vinnurýmis og matstofu skal fatahengi komið fyrir við hana svo og salerni, sbr. ákvæði um snyrtiherbergi.

32. gr.

Gólfflatarmál, lofthæð.

Lágmark gólfflatarmáls skal vera 1,2 m^2 fyrir hvern mann. Hæð undir loft skal vera minnst 2,5 m. Sé loftið hallandi má þó reikna með þeim gólffleti þar sem hærra er til lofts en 2,2 m.

33. gr.

Gerð gólfa, veggja og lofta.

Gólf, loft og veggir skulu gerð úr efni sem auðvelt er að þrífa. Þau skulu vera einangruð þar sem þess gerist þörf.

34. gr.

Lýsing, hitun og loftræsting.

1. Lýsing skal vera fullnægjandi.
2. Hitun skal vera sú sama og við kyrrsetustörf og jafnframt þannig, að meirihluta starfsfólksins finnist hún sem þægilegust.
3. Loftræsting skal vera fullnægjandi um opnanlegan glugga eða á annan hátt.

35. gr.
Búnaður.

1. Borð skulu vera hæfilega há og nægjanlega mörg svo allir, sem eiga matarhlé saman, geti matast samtímis án sérstakra óþæginda vegna þrengsla. Sæti ber að hafa af réttri hæð og með góðum bakstuðningi.
2. Alla hluti innanstokks skal vera auðvelt að þrífa. Þeir skulu vera áferðarsléttir og ekki með raufum sem safnað geta óhreinindum.
3. Eldhús og búnaður þess skal vera aðgengilegt, en þó aðgreint frá matsal þar sem því verður við komið. Búnaður og aðstaða til geymslu matvæla, matargerðar og hreinsunar mataríláta og borðbúnaðar skal vera með þeim hætti að gætt sé hreinlætis og hollustuhátta í hvívetna.

36. gr.
Kjallararými.

Sé kjallararými notað fyrir matstofur skulu gerðar sömu kröfur til þess og gerðar eru til starfsmannarýmis ofanjarðar.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.
Útgönguleiðir og neyðarútgangar.

1. Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður að frá honum verði komist á greiðan hátt ef eld, jarðskjálfta, útstreymi eiturgufa, gufusprengingu eða annan voða ber að höndum.
2. Með innanhússvinnustað er hér átt við allar vistarverur starfsfólks, ganga, svalir og stiga, sem eru í tengslum við vinnustaðinn, auk vinnurýmisins sjálfs.
3. Allir gangar, stigar, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu skulu ávallt vera greiðfær og hindrunarlaus og jafnframt vel merkt. Farið skal eftir löglegri lágmarksbreidd og hæð skv. byggingar- og brunamálareglugerðum. Þar sem margt fólk starfar skal það jafnfram haft í huga að allir geti komist út á sem skemmstum tíma ef þörf krefur.
4. Neyðarhurðir skulu opnast út. Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyr sem sérstaklega eru ætlaðar til neyðarútgöngu. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.
5. Auðkenna skal sérstaklega undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum.
6. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.
7. Þeir sem starfa tímabundið við þrönga og erfiða vinnuaðstöðu, t.d. í geymi eða kjallararými með ógreiðfærri uppgönguleið, skulu ávallt njóta gæslu annarra starfsmanna og hjálpargagna eða tækja eftir því sem við getur átt til að greiða fyrir upp- eða útgöngu þaðan.

38. gr.
Hvíldaraðstaða, sjúkrastofur.

1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til heilsu og öryggis starfsmanna, vegna eðlis starfsins eða óvenjulegra aðstæðna, svo sem hita eða kulda, skal veita þeim afnot af hvíldaraðstöðu sem er nægjanlega stór, búin stólum eða bekkjum og hæfilega innréttuð að öðru leyti. Heimilt er að nota mat- eða kaffistofu í þessum tilgangi uppfylli þær framangreind skilyrði.

2. Ef starfið krefst þess, svo sem þegar starfsmenn hafa viðveruskyldu á bakvöktum, skal veita þeim aðgang að hvíldaraðstöðu með svefnaðstöðu, sem ekki er notuð samtímis í öðrum tilgangi.
3. Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.
4. Ef stærð vinnustaðar, tegund starfemi og slysatíðni krefjast þess skal sjá fyrir sjúkrastofu til að veita slösuðum skyndihjálp.
5. Á sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og búnaður til að veita skyndihjálp og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður.
6. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað.

39. gr.

Umferðarleiðir-hættusvæði.

1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggðir eða fastir stigar, hlaðstæði og -pallar, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af.
2. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangendur og flutning á vörum skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er.

Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangendur hafi fullnægjandi öryggisrými.
3. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangendur, göngum og stigum.
4. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar ef öryggi starfsmanna krefst þess vegna notkunar á herbergjum eða búnaði sem í þeim er.
5. Ef hættusvæði er á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er háttað skal afgirða þau eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum. Hættusvæðin skulu greinilega merkt.
6. Rennistigar og rennigangvegir skulu starfa þannig að fulls öryggis sé gætt. Á þeim skal hafður nauðsynlegur öryggisbúnaður. Þeir skulu búnir neyðarbúnaði til stöðvunar, sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að.

40. gr.

Hlaðstæði og -pallar.

1. Hlaðstæði og -pallar skulu henta fyrir varning af þeirri stærð sem flytja skal.
2. Á hlaðstæðum skal vera að minnsta kosti einn útgangur.
3. Hlaðpallar skulu eftir því sem unnt er vera þannig að starfsmenn geti ekki fallið af þeim.

41. gr.

Vinnustaðir utanhúss.

1. Vinnustaðir, umferðarleiðir, aðrir staðir eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar skulu skipulögð þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangenda eða ökutækja.
2. Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta er ekki nægjanleg.

3. Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að:
   a. þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
   b. þeir verði ekki fyrir áhrifum af svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
   c. þeir geti yfirgefið vinnustaðinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu,
   d. þeir renni ekki til eða detti.

42. gr.

Fatlaðir starfsmenn.

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaðinn þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni, og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

43. gr.

Ræstiklefi.

Í tengslum við hvern vinnustað skal gera ráð fyrir sérstöku rými, þar sem nauðsynlegum búnaði fyrir ræstingu er komið fyrir, þannig að tryggt verði að ræstingin fari fram á sem öruggastan og heilsusamlegastan hátt. Ef húsnæði vinnustaða er á fleiri en einni hæð og ekki er aðgengi að lyftu skal gera ráð fyrir sérstöku rými á hverri hæð, þar sem nauðsynlegum búnaði er komið fyrir, sé slíkt nauðsynlegt til þess að ekki þurfi að bera þunga hluti milli hæða.

44. gr.

Hurðir og hlið.

1. Staðsetning og fjöldi hurða og hliða, stærðir þeirra og efni í þeim skal miða við eðli og notkun viðkomandi herbergja eða svæða.
2. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
3. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.
4. Ef gagnsæir eða hálfgagnsæir fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað hætta af skellist hurð eða hlið, skal verja þessa fleti gegn broti.
5. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.
6. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið til baka.
7. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangendur um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera við þau greinilega merktar hurðir fyrir fótgangendur, sem umgangur er ávallt óhindraður um.
8. Hurðir og hlið sem lokuð eru með vélrænum búnaði skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Á slíkum hurðum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að, og ef ekki er hægt að opna sjálfvirkt ef straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.

V. KAFLI

45. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VI. KAFLI
46. gr.
Undanþágur.

1. Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum reglna þessara þegar um er að ræða hús sem friðuð eru samkvæmt þjóðminjalögum, eldra húsnæði sem ekki er unnt að breyta án verulegs tilkostnaðar og hluta annars húsnæðis þegar hann er notaður í mjög takmarkaðan tíma og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.
2. Sækja þarf skriflega um undanþágur samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI
47. gr.
Refsiákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

VIII. KAFLI
Gildistaka.
48. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 43. og 44. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 89/654 í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglur fyrir nýtt húsnæði nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða, en þær reglur gilda þó um eldra húsnæði til 1. janúar 1999. Vinnustaðir, sem eru í notkun við gildistöku þessara reglna, skulu lagfærðir innan þriggja ára eins og kostur er, þannig að þeir fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í þessum reglum.

Þá falla úr gildi breytingar nr. 430/1992 við reglur nr. 493/1987 um húsnæði vinnustaða. Enn fremur falla úr gildi reglur nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða.
Ákvæði V. kafla reglna nr. 493/1987 um flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli gilda þar til nýjar reglur taka gildi um slíkt húsnæði.

Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

18. október 1995 Nr. 582

REGLUGERÐ

um skráningu og útgáfu markaðsleyfa samhliða lyfja.

1. Skýringar.

1. gr.

Samhliða lyf. Samhliða lyf er sérlyf, sem hefur markaðsleyfi í öðru landi sem er aðili að EES-samningnum, og er flutt þaðan til Íslands en viðkomandi sérlyf frá sama fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu er þegar skráð og hefur markaðsleyfi hér á landi. Áður en samhliða lyf

er sett á markað hérlendis verður það að hafa hlotið viðurkenningu heilbrigðisyfirvalda, þ.e. vera skráð og hafa öðlast markaðsleyfi. Með samhliða lyfi er jafnt átt við lyf sem framleidd eru hér á landi og erlendis.

Útflutningsland. Með útflutningslandi er átt við það land sem samhliða lyf hefur markaðsleyfi í og er flutt þaðan til Íslands.

Gerðir Evrópuráðsins (EBE) um skráð lyf sbr. viðauka I með reglugerð þessari, sbr. reglugerð nr. 465/1995, um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja, gilda einnig um samhliða lyf með þeim undantekningum sem fram koma í reglugerð þessari, svo sem að ekki er krafist sömu upplýsinga um samhliða lyf og skráð sérlyf þar sem gert er ráð fyrir að samhliða lyf og skráð sérlyf frá sama fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu séu eins að gæðum. Ef munur er á samhliða lyfi og skráðu sérlyfi er krafist viðbótarmerkingar á íslensku á umbúðir samhliða lyfsins.

2. Forsendur fyrir veitingu markaðsleyfa samhliða lyfja.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu markaðsleyfis samhliða lyfs eru:

1. að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir viðkomandi sérlyf hér á landi.
2. að samhliða lyfið hafi markaðsleyfi í viðkomandi útflutningslandi.
3. að útflutningslandið sé aðili að EES-samningnum.
4. að handhafi markaðsleyfis samhliða lyfsins í útflutningslandinu sé jafnframt handhafi markaðsleyfis viðkomandi sérlyfs hér á landi eða sé aðili að sama fyrirtæki eða fyrirtækjasamsteypu og leyfishafinn.
5. að lyfin innihaldi sömu virku innihaldsefni og ekki sé munur á lyfjaverkun þeirra.

Heimilt er að veita markaðsleyfi fyrir samhliða lyf þótt lítils háttar munur sé á því og viðkomandi skráðu sérlyfi svo sem á útliti eða litarefnum ef sá munur er ekki talinn skipta máli fyrir lækningagildi þess. Taka skal fram í umsókn hvort samhliða lyfið er að einhverju leyti frábrugðið skráða sérlyfinu og skal fylgja með greinargerð umsækjanda, þar sem fram kemur mat hans á því hvort og þá hverju munurinn breytir varðandi notagildi lyfsins. Í slíkum tilvikum skal lyfjanefnd ríkisins meta lyfið á grundvelli sömu upplýsinga og gert er við mat á breytingum á skráðum sérlyfjum.

Lyfjanefnd ríkisins getur, ef þörf krefur, krafist ítarlegri gagna um samhliða lyf en kveðið er á um í þessari reglugerð svo sem ef um er að ræða lyf sem unnin eru úr vefjum manna eða dýra.

3. Umsókn um skráningu samhliða lyfs.

3. gr.

Almenn ákvæði.

Umsókn um skráningu samhliða lyfs skal senda lyfjanefnd ríkisins á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknareyðublað skal fyllt út á íslensku í þremur eintökum fyrir hverja umsókn sbr. viðauka 2 með reglugerð þessari. Lyfjanefnd ríkisins áritar og tölusetur hverja umsókn og fær umsækjandi eitt eintak.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika og eitt útflutningsland. Eina umsókn þarf fyrir hvern styrkleika lyfs í formi stungulyfsstofns og ef sótt er um lyfjaform í mismunandi samsetningum, svo sem með eða án rotvarnarefnis, skal senda inn umsókn um hvora samsetningu fyrir sig. Ef sótt er síðar um skráningu samhliða lyfs í fleiri lyfjaformum eða styrkleikum lyfs skal vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama

lyfs, enda verði hin ýmsu lyfjaform og styrkleikar skráðir einu heiti og undir elsta umsóknarnúmeri viðkomandi lyfs.

4. gr.

Greiðsla skráningargjalds.

Skráningargjald skal greitt samkvæmt reikningi frá lyfjanefnd ríkisins og innheimt af ríkisfjárhirslu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, sbr. ákvæði reglugerðar um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja, sem í gildi eru hverju sinni, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé synjað.

5. gr.

Fylgiskjöl og gögn með umsókn.

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Kvittun fyrir greiðslu skráningargjalds skv. reikningi frá lyfjanefnd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar.
2. Tillaga að áletrun á merkimiða og/eða innri og ytri umbúðir lyfsins, sbr. 6. gr. reglugerðar þessarar.
3. Tillaga á íslensku að texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, ef við á, og þess krafist með viðkomandi skráðu sérlyfi, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.
4. Sýnishorn í tveimur eintökum frá útflutningslandinu af þeim pakkningastærðum lyfsins, sem óskað er skráningar á.
5. Staðfesting á, að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið í útflutningslandinu.
6. Upplýsingar um umpökkun og/eða breytta áletrun á umbúðir lyfsins.
7. Greinargerð um frávik ef samhliða lyf er að einhverju leyti frábrugðið skráðu sérlyfi sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

6. gr.

Merking umbúða.

Um áletrun á umbúðir samhliða lyfja gildir reglugerð nr. 418/1994, um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum, sbr. þó 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Ef samhliða lyf er frábrugðið viðkomandi skráðu sérlyfi skal það tilgreint á umbúðum samhliða lyfs.

Heimilt er að hafa erlendan texta á umbúðum samhliða lyfs enda brjóti hann ekki á bága við íslenskar upplýsingar sem skylt er að hafa þar. Líma má samþykktan íslenskan texta yfir erlendan texta.

7. gr.

Fylgiseðlar og leiðbeiningar um notkun.

Um fylgiseðla með samhliða lyfjum og skráðum sérlyfjum gildir reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Texti fylgiseðils með samhliða lyfi skal vera í samræmi við texta fylgiseðils með viðkomandi skráðu sérlyfi. Frávik í texta um ábendingar og skömmtun lyfsins eru þó óheimil.

Hliðstæð ákvæði eiga við um fylgiseðla og notkunarleiðbeiningar með samhliða lyfi og viðkomandi skráðu sérlyfi, eftir því sem við á.

Æskilegt er að tillögur að textum fylgiseðla og notkunarleiðbeininga, ef við á, fylgi einnig á disklingi með umsókn.

8. gr.

Umpökkun. Rofnar umbúðir.

Ef umpakka þarf samhliða lyfi, endurmerkja það, rjúfa innsigli lyfjaumbúða eða setja fylgiseðil eða notkunarleiðbeiningar í umbúðir þess skal það gert af aðila sem hefur leyfi til framleiðslu lyfja. Ef um innlendan aðila er að ræða veitir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leyfi til framleiðslu lyfja að fenginni umsögn Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. ákvæði XII. kafla lyfjalaga nr. 93/1994. Ef um erlendan aðila er að ræða skal með umsókn fylgja afrit af leyfi hans til lyfjaframleiðslu útgefið af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum, eigi eldra en tveggja ára.

9. gr.

Geymsluþol og geymsluskilyrði.

Geymsluþol og geymsluskilyrði samhliða lyfs skal að jafnaði vera það sama og fyrir viðkomandi skráð sérlyf og skal tilgreint bæði á innri og ytri umbúðum þess.

Ef viðurkennt geymsluþol samhliða lyfs í útflutningslandi er frábrugðið því sem viðurkennt er hér á landi fyrir viðkomandi skráð sérlyf þá gildir skemmra geymsluþolið.

Ef geymsluþoli samhliða lyfs er breytt í útflutningslandi er á sama hátt heimilt að breyta geymsluþoli þess hér á landi, en þó ekki umfram viðurkennt geymsluþol viðkomandi skráðs sérlyfs.

4. Breytingar varðandi samhliða lyf.

10. gr.

Breytingar á samhliða lyfi.

Handhafa markaðsleyfis samhliða lyfs er skylt að fylgjast með því, hvort breytingar eru gerðar á því og tilkynna lyfjanefnd ríkisins skriflega um þær um leið.

Ef útlit samhliða lyfs, innihaldsefni, umbúðir eða skráningarákvæði breytast miðað við það sem var þegar markaðsleyfi lyfsins var veitt er óheimilt að selja lyfið nema lyfjanefnd ríkisins hafi veitt samþykki sitt fyrir breytingum.

11. gr.

Breytingar á markaðsleyfisnúmeri.

Ef markaðsleyfisnúmeri samhliða lyfs er breytt í viðkomandi útflutningslandi skal tilkynna lyfjanefnd ríkisins það skriflega svo unnt sé að kanna ástæður þessa. Heimilt er þó að selja lyfið nema lyfjanefnd ríkisins ákveði annað.

12. gr.

Breyting á forsendum markaðsleyfis.

Handhafi markaðsleyfis samhliða lyfs getur óskað breytinga á forsendum sem markaðsleyfi lyfsins byggir á með skriflegri umsókn þess efnis til lyfjanefndar ríkisins.

13. gr.

Breyting á umboði.

Falli niður umboð, sem fulltrúi erlends handhafa markaðsleyfis samhliða lyfs hefur, skal það þegar í stað tilkynnt skriflega til lyfjanefndar ríkisins og jafnframt tilkynnt um nýjan umboðsmann.

5. Umfjöllun um umsóknir.

14. gr.

Mat á umsókn um skráningu samhliða lyfs hefst ekki fyrr en öll tilskilin fylgiskjöl og gögn hafa verið send lyfjanefnd ríkisins og skráningargjald hefur verið greitt.

Lyfjanefnd ríkisins skal leitast við að tryggja, að umfjöllun um umsókn um skráningu samhliða lyfs sé lokið innan 120 daga frá því að viðunandi umsóknargögn berast nefndinni.

Við mat á umsókn um skráningu samhliða lyfs skal lyfjanefnd ríkisins leita upplýsinga hjá viðkomandi yfirvöldum útflutningslands, ef þurfa þykir. Umfjöllunartími um umsókn um skráningu samhliða lyfs getur því orðið lengri en 120 dagar, berist nefndinni ekki upplýsingar frá útflutningslandi í tæka tíð svo og ef nefndin telur frekari upplýsinga þörf frá umsækjanda en þeirra, sem fylgja með umsókn.

Lyfjanefnd ríkisins er jafnframt heimilt, ef sérstök ástæða er til, að setja fram ákveðnar kröfur sem uppfylla þarf áður en heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið veitir markaðsleyfi fyrir samhliða lyfi.

6. Árgjald.

15. gr.

Handhafi markaðsleyfis skal greiða lyfjanefnd ríkisins árgjald af hverju lyfjaformi og hverjum styrkleika samhliða lyfs ár hvert, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um skráningu-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja, sem í gildi eru hverju sinni, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

7. Gildistími skráninga og markaðsleyfa.

16. gr.

Skráning og markaðsleyfi samhliða lyfs er veitt til fimm ára í senn.

Sendi handhafi markaðsleyfis ekki inn umsókn um endurskráningu samhliða lyfs á tilskildum tíma, sbr. 17. gr. reglugerðar þessarar fellur skráning og markaðsleyfi þess úr gildi.

8. Umsókn um endurskráningu.

17. gr.

Sækja skal um endurskráningu samhliða lyfs eigi síðar en þremur mánuðum áður en markaðsleyfi þess rennur út á eyðublaði fyrir umsókn um skráningu samhliða lyfs og senda til lyfjanefndar ríkisins.

Með umsókn skal fylgja kvittun fyrir greiðslu endurskráningargjalds, sbr. ákvæði 4. gr. þessarar reglugerðar.

Sömu gögn skulu fylgja umsókn um endurskráningu samhliða lyfs og með umsókn um skráningu þess, sbr. ákvæði 3. -9. gr. þessarar reglugerðar.

9. Takmörkuð skráning.

18. gr.

Heimilt er að binda skráningu samhliða lyfs við notkun eingöngu á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði á sama hátt og viðkomandi skráð sérlyf, sbr. ákvæði 8. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

10. Umsóknir um markaðsleyfi og verð samhliða lyfja.

19. gr.

Umsóknir um markaðsleyfi.

Umsækjandi um markaðsleyfi samhliða lyfs getur sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu umsókn þar um á sérstöku eyðublaði, sbr. viðauka 3 með reglugerð þessari, að fengnum meðmælum lyfjanefndar ríkisins með skráningu eða endurskráningu þess, þ.m.t. samþykkt heiti samhliða lyfs, áletrun, pakkningastærðir, umbúðir, fylgiseðil og notkunarleiðbeiningar, eftir því sem við á.

Meðmæli lyfjanefndar ríkisins með skráningu samhliða lyfs falla úr gildi hafi umsækjandi ekki sótt um markaðsleyfi lyfsins innan sex mánaða.

Erlendir aðilar, sem sækja um markaðsleyfi fyrir samhliða lyf, verða að hafa umboðsmann hér á landi.

20. gr.

Sérstök ákvæði um markaðsleyfi samhliða lyfja.

Markaðsleyfi fyrir samhliða lyf veitir handhafa rétt til að markaðssetja lyfið í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda hér á landi.

Markaðsleyfi samhliða lyfs á aðeins við um útflutning frá því landi/löndum og þeim framleiðanda/framleiðendum sem getið er í leyfinu.

21. gr.

Umsóknir um verð.

Sækja skal um samþykki á verði samhliða lyfs til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsókn má senda áður en meðmæli með skráningu liggur fyrir en upplýsingar um samþykkt verð verða ekki gefnar fyrr en markaðsleyfi verður veitt.

11. Sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá II.

22. gr.

Upplýsingar um samhliða lyf verða því aðeins birtar í sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá II að eftirfarandi liggi fyrir:

1. Markaðsleyfi samhliða lyfs.
2. Samþykki lyfjanefndar ríkisins á endanlegri gerð merkimiða og ytri umbúða lyfsins, áletruðum þynnum og ytri umbúðum, ef lyfinu er pakkað í þynnur, í þeim pakkningastærðum, sem óskað er markaðssetningar á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum fyrir hverja pakkningastærð.
3. Samþykki lyfjanefndar ríkisins á endanlegri gerð fylgiseðils og notkunarleiðbeininga með lyfinu, eftir því sem við á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum.
4. Samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði lyfsins.

12. Umsókn um niðurfellingu markaðsleyfis.

23. gr.

Handhafi markaðsleyfis getur sótt um niðurfellingu markaðsleyfis fyrir samhliða lyf, einstakt lyfjaform eða styrkleika þess til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

13. Afturköllun markaðsleyfis.

24. gr.

Íslenskt markaðsleyfi samhliða lyfs fellur úr gildi ef:

1. markaðsleyfi þess fellur úr gildi í útflutningslandinu;
2. markaðsleyfi viðkomandi sérlyfs fellur úr gildi hér á landi;
3. í ljós kemur að samhliða lyf, sem er á markað hér á landi, uppfyllir ekki gildandi lög og reglur um samhliða lyf eða kröfur til að hljóta markaðsleyfi. Getur ráðherra þá, að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins og/eða Lyfjaeftirlits ríkisins, afturkallað markaðsleyfi þess.

Falli niður markaðsleyfi viðkomandi sérlyfs hér á landi af viðskiptalegum ástæðum, getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra veitt heimild til að framlengja markaðsleyfi samhliða lyfs tímabundið, að fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins.

Falli markaðsleyfi viðkomandi sérlyfs hins vegar niður hér á landi af öryggisástæðum, verða markaðsleyfi sérlyfsins og samhliða lyfsins felld samtímis úr gildi.

14. Tilkynning um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra.

25. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilkynnir hlutaðeigandi markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans, lyfjanefnd ríkisins og Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra, sbr. ákvæði 19. - 21. gr., 23. gr. og 24. gr. reglugerðar þessarar.

15. Gildistaka.

26. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. október 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.

Viðauki 1.

Eftirtaldar gerðir ráðsins (EBE) fjalla um skráningu og markaðsleyfi og kröfur til sérlyfja á Evrópska efnahagssvæðinu og gilda hér á landi, sbr. viðauka II við EES-samninginn. Þær er að finna í íslenskri þýðingu í riti um EES-samninginn II. viðauka, undirflokki XIII og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022-9337, EFTA Publication Unit.

1. Tilskipun ráðs EBE frá 26. janúar 1965 með síðari breytingum, um samræmingu löggjafar reglugerða og stjórnvaldsaðgerða, er varða sérlyf (65/65/EEC, 66/454/EEC, 75/319/EEC, 78/420/EEC, 83/570/EEC, 87/21/EEC, 89/341/EEC, 89/342/EEC, 89/343/EEC, 89/381/EEC, 92/73/EEC).
2. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu laga aðildarríkja um stöðlun efnagreiningar og efnafræði-, eiturefnafræði- og læknisfræðilegra staðla varðandi prófun sérlyfja (75/318/EEC, (83/570/EEC, 83/571/EEC, 87/19/EEC, 89/341/EEC, 91/507/EEC)).
3. Tilskipun ráðs EBE um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna um litarefni, er nota megi í lyfjum (78/25/EEC, 81/464/EEC).
4. Tilskipun ráðs EB frá 31. mars 1992 um afgreiðsluflokkun lyfja, sem ætluð eru mönnum (92/26/EEC).
5. Tilskipun ráðs EBE frá 31. mars 1992 um merkingu lyfja og fylgiseðla (92/27/EEC).
6. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 13. júní 1990, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti lyfja, sem ætluð eru mönnum (91/356/EEC).
7. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981 um samræmingu löggjafa aðildarríkjanna varðandi dýralyf (81/851/EEC, 90/676/EEC, 90/677/EEC, 92/743/EEC).
8. Tilskipun ráðs EBE frá 28. september 1981, með síðari viðbót, um samræmingu löggjafar aðildarríkjanna varðandi stöðlun rannsókna og skýrslna vegna prófana á dýralyfjum (81/852/EEC, 87/20/EEC, 92/18/EEC).

9. Tilskipun ráðs EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á lögum, reglugerðum og ákvæðum í aðildarríkjunum varðandi verndun dýra, sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (86/609/EEC).
10. Tilskipun framkvæmdastjórnar EBE frá 23. júlí 1991, þar sem mælt er fyrir um meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti dýralyfja (91/412/EEC).
11. Reglugerð ráðs (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 með síðari breytingum, þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu.

Nánar er vikið að reglum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um innflutning samhliða lyfja í Official Journal of The European Communities No C 115/5 frá 6. maí 1982.

Viðauki 2.

Umsókn um skráningu samhliða lyfs, samkvæmt ákvæðum lyfjalaga nr. 93 frá 20. maí 1994.

Sendist til lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnes.

Fyllt út af lyfjanefnd ríkisins.

Umsókn veitt móttaka og gjald greitt. Dagsetning: Undirskrift:	Umsóknarnúmer: Skráningargjald:

☐ **Lyf ætlað mönnum**

☐ **Dýralyf**

☐ Vísað til fyrri umsóknar (lyf, umsóknarnúmer): _____

☐ Endurnýjun umsóknar (markaðsleyfisnúmer): _____

☐ **Nýtt samhliða lyf**

☐ **Nýtt lyfjaform samhliða lyfs**

☐ **Nýr styrkleiki samhliða lyfs**

Heiti samhliða lyfs:	
Heiti skráðs sérlyfs:	
Lyfjaform:	Styrkleiki:
Lyfið gefið (íkomustaðir):	
Nafn (INN-nafn) virks (virkra) innihaldsefnis (-a):	
Útflutningsland:	Markaðsleyfisnúmer í útflutningslandi:
Ábyrgur framleiðandi samhliða lyfs:	
Ábyrgur innflytjandi til útflutningslands ef lyfið er ekki framleitt þar:	

Umsækjandi (væntanlegur handhafi markaðsleyfis):	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Tengiliður við lyfjanefnd ríkisins, Lyfjaeftirlit ríkisins og Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Nafn persónu:	
Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
Sími:	Bréfsími:

Upplýsingar um samhliða lyf, sem óskað er skráningar á:

Handhafi markaðsleyfis í útflutningslandinu:	Ábyrgur framleiðandi :
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Innflytjandi lyfsins í útflutningslandinu:	
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Nafn og magn virks (virkra) innihaldsefnis (-a) í einingu (t.d. í töflu, í ml o.s.frv.):

Skráð sérlyf:	**Samhliða lyf:**

Upplýsingar um skráð sérlyf:

Heiti lyfs: _____

Markaðsleyfisnúmer (MTnr): _____

Handhafi markaðsleyfis:	Umboðsmaður:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Pakkningar:
Skráð sérlyf:

Pakkningar:
Samhliða lyf:

Stærð:	Stærð:
Gerð umbúða:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluþol:
Geymsluskilyrði:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:
Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Stærð:
Gerð umbúða:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluþol:
Geymsluskilyrði:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:
Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Pakkningar, frh.: **Skráð sérlyf:**	**Pakkningar, frh.:** **Samhliða lyf:**
Stærð:	Stærð:
Gerð umbúða:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluþol:
Geymsluskilyrði:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:
Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Stærð:
Gerð umbúða:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluþol:
Geymsluskilyrði:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:
Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Stærð:	Stærð:
Gerð umbúða:	Gerð umbúða:
Geymsluþol:	Geymsluþol:
Geymsluskilyrði:	Geymsluskilyrði:
Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluþol eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:	Geymsluskilyrði eftir að pakkning hefur verið rofin:
Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluþol eftir að lyf hefur verið blandað:
Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:	Geymsluskilyrði eftir að lyf hefur verið blandað:

Útfyllist ef breyta á áletrun á umbúðir eða umpakka lyfinu:

1. Hvar verður breyting á áletrun umbúða framkvæmd:

Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
sími:	bréfsími:

Ábyrgur aðili fyrir að gefa lyfið frjálst (batch release) eftir breytingu:

Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
sími:	bréfsími:

Lýsið breytingu áletrunar á umbúðir í sérstöku fylgiskjali.

2. Hvar á umpökkun sér stað:

Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
sími:	bréfsími:

Ábyrgur aðili fyrir að gefa lyfið frjálst (batch release) eftir umpökkun:

Fyrirtæki:	
Heimilisfang:	
sími:	bréfsími:

Lýsið umpökkun og nýrri umbúðagerð í sérstöku fylgiskjali.

_____

Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (væntanlegur handhafi markaðsleyfis) eða viðurkennds umboðsmanns.

Viðauki 3.

Umsókn um markaðsleyfi samhliða lyfs, skv. ákvæðum lyfjalaga nr. 93 frá 20. maí 1994.

Sendist til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, lyfjamáladeild, Laugavegi 116, 150 Reykjavík.

Skráningarnúmer:	MTnr:

☐ Nýtt markaðsleyfi
☐ Endurnýjun á markaðsleyfi
☐ Annað:

Heiti samhliða lyfs:	Heiti skráðs sérlyfs:
Lyfjaform og styrkleiki:	
Virkt (virk) innihaldsefni:	
Framleiðandi:	
Útflutningsland:	Markaðsleyfisnúmer í útflutningslandinu:

Handhafi markaðsleyfis:	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Gildistími markaðsleyfis: _____

Veiting markaðsleyfis:

Staður og dagsetning.	Staður og dagsetning.
Undirskrift umsækjanda (handhafa markaðsleyfis eða umboðsmanns).	Undirskrift heilbrigðis- og trygginga-málaráðuneytis.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1995

15. nóvember 1995 1513 Nr. 583

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 20. nóvember 1995 til og með 31. desember 1995, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°30'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 20. nóvember 1995 til og með 31. janúar 1996, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

Frá og með 1. febrúar 1996 til og með 30. apríl 1996, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 103, nr. 583. Útgáfudagur 20. nóvember 1995.

B 105
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 1995

Nr. 584 1514 20. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 582/1995 um skráningu og útgáfu markaðsleyfa samhliða lyfja.

1. gr.

Fyrirsögn 10. kafla reglugerðarinnar orðast svo:

10. Umsóknir um verð og markaðsleyfi samhliða lyfja.

2. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknir um verð.

Sækja skal um samþykki á verði samhliða lyfs til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsókn má senda áður en meðmæli með skráningu liggur fyrir en upplýsingar um samþykkt verð verða ekki gefnar fyrr en að fengnum meðmælum lyfjanefndar ríkisins um skráningu eða endurskráningu lyfsins.

3. gr.

20. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknir um markaðsleyfi.

Umsækjandi um markaðsleyfi samhliða lyfs getur sent lyfjanefnd ríkisins umsókn þar um á sérstöku eyðublaði, sbr. viðauka 3 með reglugerð þessari, að fengnu samþykki nefndarinnar á skráningu eða endurskráningu þess, þ.m.t. samþykki á heiti samhliða lyfs, áletrun, pakkningastærðum, umbúðum, fylgiseðli og notkunarleiðbeiningum, eftir því sem við á.

Með umsókn um markaðsleyfi samhliða lyfs skal fylgja staðfesting á samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði þess.

Meðmæli lyfjanefndar ríkisins með skráningu samhliða lyfs falla úr gildi hafi umsækjandi ekki sótt um markaðsleyfi lyfsins innan sex mánaða.

Erlendir aðilar, sem sækja um markaðsleyfi fyrir samhliða lyf, verða að hafa umboðsmann hér á landi.

4. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sérstök ákvæði um markaðsleyfi samhliða lyfja.

Markaðsleyfi fyrir samhliða lyf veitir handhafa rétt til að markaðssetja lyfið í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda hér á landi.

Gutenberg

Markaðsleyfi samhliða lyfs á aðeins við um útflutning frá því landi/löndum og þeim framleiðanda/framleiðendum sem getið er í leyfinu.

5. gr.

4. tölul. 22. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sé um nýjar/breyttar pakkningastærðir samhliða lyfs að ræða skal samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði þeirra liggja fyrir.

6. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Handhafi markaðsleyfis getur sótt um niðurfellingu markaðsleyfis fyrir samhliða lyf, einstakt lyfjaform eða styrkleika þess til lyfjanefndar ríkisins.

7. gr.

3. tl. 24. gr. orðast svo:

3. í ljós kemur að samhliða lyf, sem er á markaði hér á landi, uppfyllir ekki gildandi lög og reglur um samhliða lyf eða kröfur til að hljóta markaðsleyfi. Getur lyfjanefnd ríkisins þá afturkallað markaðsleyfi þess. Lyfjanefnd ríkisins getur leitað umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins vegna ákvörðunar um afturköllun markaðsleyfis samhliða lyfs, ef þurfa þykir.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 3 með reglugerð þessari:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, lyfjamáladeild, Laugavegi 116, 150 Reykjavík“ kemur: lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnesi.

b. Í stað orðanna „Undirskrift heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ kemur: Undirskrift lyfjanefndar ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, 20. nóvember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Eggert Sigfússon.

STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 1995

Nr. 585 1516 16. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Leyfi fjármálaráðherra þarf til framleiðslu, heildsölu og innflutnings á áfengi og vínanda í atvinnuskyni sem í er meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli. Áfengismagn og vínandainnihald skal ákveðið við 20 C.

Innflutningur er þó heimill á varningi sem inniheldur vínanda hafi hann verið gerður óhæfur til drykkjar og öruggt að ekki sé kleift að gera hann drykkjarhæfan, sbr. 3. gr. og 8. tölul. 1. mgr. 11. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er þó einni heimilt að flytja inn vínanda sem fellur undir tollskrárnúmer 2207.1000, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi gildir ekki um þá sem leyfi hafa til reksturs almennra tollvörugeymslna, tollfrjálsra forðageymslna eða frísvæða þar sem áfengi er geymt. Um þá starfsemi gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum. Um sendiráð og aðra sem úrlendisréttar njóta gilda ákvæði sérlaga, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skiptast í eftirtalda flokka:

a. Framleiðsluleyfi sem veitir heimild til framleiðslu og sölu þess áfengis sem framleitt er samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. Leyfið veitir ennfremur rétt til innflutnings á áfengi sem notað er í framleiðsluna.
b. Innflutningsleyfi sem veitir þeim aðilum sem tilgreindir eru í 4. til 6. tölul. a-liðar 1. mgr. 5. gr. heimild til innflutnings og verslunar með áfengi með þeim takmörkunum sem þar greinir.
c. Áfengisheildsöluleyfi sem veitir heimild til sölu á áfengi samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. og til innflutnings og innkaupa á áfengi í því skyni.

Almenn skilyrði leyfisveitingar.

3. gr.

Leyfi til innflutnings, framleiðslu og heildsölu áfengis verður einungis veitt þeim sem;

a. 1. stundar í atvinnuskyni innflutning og/eða heildsölu enda hafi hann til þess verslunarleyfi, sbr. lög nr. 41/1968 um verslunaratvinnu,
   2. stundar í atvinnuskyni framleiðslu á áfengum drykkjum enda hafi hann til þess iðnaðarleyfi, sbr. iðnaðarlög nr. 42/1978,
   3. hefur lyfsöluleyfi, lyfjaheildsöluleyfi eða lyfjaframleiðsluleyfi, sbr. lyfjalög nr. 93/1994,

Gutenberg

4. stundar veitingarekstur í atvinnuskyni og hefur leyfi til áfengisveitinga, sbr. 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969 með síðari breytingum, eða
5. hefur leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar, sbr. 79. gr. tollalaga nr. 55/1987;

b. hefur tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969 og

c. hefur tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Auk þeirra skilyrða sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. verður einstaklingur sem leyfi er veitt að vera orðinn 20 ára. Ef um félag er að ræða verða stjórnarmenn og framkvæmdastjóri, sé hann ráðinn, að fullnægja þessu skilyrði.

Leyfi samkvæmt reglugerð þessari er bundið við nafn leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi.

Umsókn, gildistími leyfis og gjaldtaka.

4. gr.

Umsókn um leyfi samkvæmt reglugerð þessari skal senda fjármálaráðuneytinu og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Leyfi sem gefið er út í fyrsta sinn samkvæmt reglugerð þessari gildir í eitt ár. Sé leyfi endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn sbr. þó 12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu leyfis og endurnýjun þess samkvæmt lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs. Jafnframt skal leyfishafi greiða árlegt eftirlitsgjald til innheimtumanns ríkissjóðs sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Sala áfengis innanlands.

5. gr.

Um sölu leyfishafa gilda eftirfarandi reglur:

a. Leyfishafa áfengisheildsöluleyfis er einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:
1. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
2. aðila sem heimild hafa til framleiðslu á áfengi samkvæmt reglugerð þessari;
3. aðila sem heimild hafa til heildsölu áfengis samkvæmt reglugerð þessari;
4. aðila sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana, sbr. tollalög nr. 55/1987;
5. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969, þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
6. lyfsala og lækna sem rétt hafa til lyfsölu, þó eingöngu það áfengi sem er í lyfjaskrá og aðeins til lyfja;
7. aðila sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra forðageymslna, sbr. tollalög nr. 55/1987;
8. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi; og
9. til að selja áfengi úr landi.

b. Leyfishafa framleiðsluleyfis er einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:
1. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
2. aðila sem heimild hafa til heildsölu áfengis samkvæmt reglugerð þessari;
3. aðila sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna, sbr. tollalög nr. 55/1987;
4. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969, þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
5. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi; og
6. til að selja áfengi úr landi.

Leyfishafa er óheimilt að afhenda öðrum aðila áfengi til endursölu hafi hann ekki tilskilin leyfi. Skal hann leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi sem veitir upplýsingar um hverjir hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari eða almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 12. gr. áfengislaga.

Varsla og ábyrgð.

6. gr.

Um vörslu og ábyrgð á ótollafgreiddu áfengi, þ.m.t. áfengi sem tollafgreitt hefur verið til útflutnings, gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987. Rýrnun áfengisbirgða í vörslu leyfishafa er á ábyrgð leyfishafa.

Húsnæði og búnaður.

7. gr.

Húsnæði, sem leyfishafi notar til geymslu og framleiðslu á áfengi skal vera nægilega traust til geymslu á öllum algengum varningi og búið þeim öryggis- og/eða eftirlitsbúnaði sem tryggi að óviðkomandi verði ekki veittur aðgangur.

Sá sem leyfi fær til framleiðslu áfengis skal áður en framleiðsla áfengis hefst fullnægja þeim kröfum sem gilda um framleiðslu matvæla, sbr. lög nr. 93/1995, um matvæli, og skal gengið frá framleiðslutækjum og -búnaði, svo sem bruggtækjum, eimingartækjum, leiðslum, átöppunarbúnaði og rennslismælum, þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega rýrnun.

Merkingar.

8. gr.

Leyfishafi skal sjá til þess að umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, utan um það áfengi sem framleitt er hér á landi, eða flutt er inn, beri með sér að um áfengi sé að ræða. Á umbúðum skal með skýrum hætti greina hvert áfengisinnihald vörunnar er. Þá skulu umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, utan um áfengi merktar nafni og heimilsfangi framleiðanda eða dreifanda þeirra.

Um merkingar fer að öðru leyti samkvæmt áfengislögum nr. 82/1969 og lögum nr. 93/1995, um matvæli.

Bókhald og skráning viðskipta.

9. gr.

Leyfishöfum innflutnings- og/eða áfengisheildsöluleyfis er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Leyfishafa framleiðsluleyfis er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi þarf að koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringar á henni eða annarra atriða.

Leyfishafi skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Leyfishafi skal veita skattstjóra upplýsingar um heildarsölu sína skipt niður á viðskiptamenn og tímabil telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um ræðir í 5. gr. skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita skattstjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 145/1994 um bókhald með áorðnum breytingum.

Tölfræðilegar upplýsingar.

10. gr.

Leyfishafi skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um framleiðslu, innflutning og sölu áfengis í því formi sem Hagstofan ákveður.

Skýrsla samkvæmt 1. mgr. skal send 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október og skal taka til viðskipta í undanfarandi ársfjórðungi en í henni skal gerð grein fyrir framleiðslu, innflutningi og sölu áfengis miðað við tegund, magn í lítrum og hlutfall vínanda í því.

Eftirlit.

11. gr.

Skattstjóri í því skattumdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa samkvæmt reglugerð þessari enda hafi fjármálaráðherra ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á vegum embættis ríkisskattstjóra annist eftirlit þetta.

Leyfishafa ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Leyfishafi skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati skattstjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði leyfishafa.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdrar eða gallaðrar óseldrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni m.a. til veitingahúsa. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett eftirlitsmönnum nánari starfsfyrirmæli.

Um eftirlit skattstjóra að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðari breytingum.

Um almennt eftirlit lögreglu með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis í landinu gilda ákvæði áfengislaga nr. 82/1969 með síðari breytingum.

Um eftirlit tollstjóra með innflutningi áfengis gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Brottfall leyfis og leyfisvipting.

12. gr.

Hafi eftirlitsgjald ekki verið greitt til innheimtumanns ríkissjóðs innan 30 daga frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Nú missir leyfishafi skilyrði til leyfisveitingar samkvæmt 3. gr. og fellur þá leyfið úr gildi. Leyfishafi skal innan 30 daga frá því leyfi þau sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 3. gr. falla úr gildi senda fjármálaráðuneytinu staðfestingu á því að slíkt leyfi hafi verið endurnýjað.

Verði leyfishafi uppvís að broti gegn ákvæðum áfengislaga, laga um verslun með áfengi og tóbak, laga um gjald af áfengi, reglugerð þessari eða skilyrðum leyfis, sbr. þó 1. mgr., skal svipta hann leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða stórfellt.

Nú hefur leyfi fallið úr gildi eða leyfishafi verið sviptur leyfi og skal honum þá heimilt að selja það áfengi sem framleitt hefur verið eða flutt inn og tollafgreitt áður en leyfið féll úr gildi eða leyfissvipting tók gildi.

Gildistaka o.fl.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 95/1995 um breytingu á þeim og 11. gr. laga nr. 96/1995, um áfengisgjald, öðlast gildi 1. desember 1995.

Leyfi til framleiðslu á áfengi, sem í gildi eru samkvæmt 2. gr. laga nr. 63/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1986, skulu halda gildi sínu til og með 31. desember 1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfishöfum er heimilt fram til 1. júlí 1996 að dreifa áfengi í umbúðum sem bera merki ÁTVR enda hafi umbúðirnar verið framleiddar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og gert verði samkomulag við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins um notkun merkisins.

Fjármálaráðuneytið, 16. nóvember 1995.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

Nr. 586 17. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 119/1990 um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir til afplánunarfanga.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Fangi tekur á móti heimsóknum í heimsóknarherbergi, sé slíkt herbergi fyrir hendi, en ella tekur fangi á móti heimsókn í klefa sínum eða í öðru herbergi.

Í sérstökum tilvikum getur forstöðumaður fangelsisins ákveðið að heimsókn til fanga fari fram í öðrum vistarverum fangelsisins, en slík ákvörðun skal bókuð og ástæða tilgreind.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 1995

28. nóvember 1995 1521 Nr. 587

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 484/1995, um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

1. gr.

Frá og með 29. nóvember 1995 er felld úr gildi reglugerð nr. 484, 15. september 1995, um bann við rækjuveiðum á Skjálfanda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

27. nóvember 1995 Nr. 588

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals	10.050	lestir
þ.a. Eldey	1.500	lestir
þ.a. Arnarfjörður	550	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	2.700	lestir
þ.a. Húnaflói	2.500	lestir
þ.a. Skagafjörður	1.000	lestir
þ.a. Skjálfandi	700	lestir
þ.a. Öxarfjörður	1.100	lestir

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 198, 3. apríl 1995, um bann við rækjuveiðum á Skötufirði og innanverðu Ísafjarðardjúpi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um greiðslur úr fóðursjóði til loðdýraræktar og fiskeldis.

1. gr.

Innflytjendur fóðurs sem notað er til loðdýraræktar og fiskeldis eiga rétt á að fá greitt fé úr fóðursjóði sem nemur jafnvirði þeirra fóðurtolla sem innheimtir eru samkvæmt lögum nr. 87/1995 um breytingu á tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

2. gr.

Umsókn um greiðslu úr fóðursjóði skal studd eftirfarandi gögnum:

a. staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
b. staðfestingu aðfangaeftirlitsins um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis.
c. yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýraræktar eða fiskeldis.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fóðursjóði til innflytjenda. Skal Framleiðsluráð meta umsóknir og afgreiða fullgildar umsóknir um greiðslu úr fóðursjóði án ástæðulausrar tafar.

Hafi verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fóðurtolls er heimilt að skuldajafna greiðslu úr fóðursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu.

4. gr.

Reikningar fóðursjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 590 24. nóvember 1995

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Felld er úr gildi auglýsing nr. 570/1995 um bann við innflutningi vegna Newcastle-veiki.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 106, nr. 587–590. Útgáfudagur 28. nóvember 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 1995

7. nóvember 1995 1523 Nr. 591

AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir Íslenska álfélagið hf.
vegna álverksmiðjunnar í Straumsvík.**

1. Almenn ákvæði.

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 200.000 tonnum af fljótandi áli á ári í kerskálum álversins og fyrir vinnslu í steypuskála, sjá þó grein 1.4 í þessu starfsleyfi. Starfsleyfi þetta er sett vegna aukningar á framleiðslugetu úr 105.000 tonnum í 170.000 tonn í fyrsta áfanga og í síðari áföngum í allt að 200.000 tonn, og vegna framleiðslu ISAL á hreináli allt að 25% af afkastagetu. Það er sett í samræmi við grein 1.4 í „Skilmálar um varnir gegn mengun frá álverksmiðjunni í Straumsvík frá 21. febrúar 1992". Aukin framleiðsla fer fram í nýjum kerskála með tilheyrandi hreinsivirki og viðbótum við eldri kerskála og steypuskála. Einnig er heimilt að umbræða innflutt ál í steypuskála og mun útskipað álmagn aukast sem því nemur.

1.2. Bygging og rekstur álversins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stækkun ISAL er hönnuð í samræmi við ISAL tækni í kerskála, bestu fáanlegu tækni sem völ er á í nýju þurrhreinsivirki og til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi þessu. Þegar þessar kröfur kveða á um að ISAL skuli senda tilkynningar og skýrslur skulu þær sendar Hollustuvernd ríkisins og skal ISAL einnig senda afrit af slíkum tilkynningum og skýrslum til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar.

1.3. Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós skal Hollustuvernd ríkisins, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, halda fund með ISAL og skulu þessir aðilar leita mögulegra lausna. Felist í þeim nauðsyn þess að endurskoða þessar kröfur, skulu þær tillögur sendar umhverfisráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu sem munu óska eftir formlegum viðræðum við ISAL. Starfsleyfi þetta skal endurskoða í framhaldi af slíkum viðræðum. Sama gildir ef ákvæði þessara krafna eru ekki lengur talin vera í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum, eins og þau eru tilgreind í aðalsamningi, við svipaðar kringumstæður.

1.4. Við síðari áfanga stækkunar álversins úr 170.000 tonnum í allt að 200.000 tonn skal yfirfara og endurskoða grein 2.1.7. í starfsleyfinu ef ISAL eða Hollustuvernd ríkisins fara fram á það.

1.5. Ef ISAL hefur í hyggju umtalsverða aukningu á framleiðslu fljótandi áls umfram 200.000 tonn á ári í kerskálum álversins skal sækja um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, sem gerir tillögu til umhverfisráðherra.

1.6. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins ef fyrirhugað er að stöðva starfsemi verksmiðjunnar, eða hluta hennar, til að draga úr framleiðslu fljótandi áls.

1.7. ISAL skal tilnefna fulltrúa sem ber ábyrgð á mengunarvörnum innan fyrirtækisins.

1.8. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.9. Þynningarsvæði ISAL vegna loftmengunar, sbr. 30. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 er sett til bráðabirgða í samræmi við niðurstöður dreifingarspár fyrir

Gutenberg

heildarflúoríð nánar tilgreint á uppdrætti í fylgiskjali. Mörk þynningarsvæðis skal endurskoða að loknum mengunarmælingum og dreifiútreikingum sem fram skulu fara á öðru ári eftir að framleiðsla er hafin í 170.000 tonna áfanga stækkunar.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

2.1. Loft.

2.1.1. Rykmagn í lofti sem fer út í andrúmsloftið, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði þar sem ákvæði greinar 2.1.7. gilda, skal vera minna en 100 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.1.2. Rafgreiningarker skulu búin þéttum þekjum og nægilega skilvirku afsogi til að hindra eftir því sem unnt er að kergas sleppi út í kerskálana. Einungis eru notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.

2.1.3. Hið fasta innbyggða súrálsflutningskerfi í kerskálunum skal þannig frágengið, að það hindri að ryk sleppi út í andrúmsloft kerskálanna.

2.1.4. Við reglubundna þjónustu kera og áltöku og meðhöndlun risa skulu opnaðar eins fáar þekjur og hægt er að komast af með. Tímann sem kerin standa opin skal skrá og skal hann vera eins stuttur og mögulegt er.

2.1.5. Reglubundin þjónusta kera skal fara fram samkvæmt verkáætlun nema ástæður óviðráðanlegar ISAL hindri það. Áætlunin skal kynnt Hollustuvernd ríkisins og við það miðuð að dregið sé úr mengun frá kerskálunum eftir því sem kostur er.

2.1.6. Ryk og loftkennd flúoríð í afsogsloftinu frá rafgreiningarkerum skulu hreinsuð með súráli og pokasíum. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti, að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.1.7. jafnvel þó að ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi.

2.1.7. Íslenska álfélagið hf. skal á hverjum tíma stuðla að því að losun mengunarefna frá álverinu verði eins lítil og kostur er. Að loknu fyrsta starfsári stækkunarinnar skal magn mengunarefna í útblásturslofti frá kerskálunum (hreinsibúnaði og rjáfri kerskála) ekki vera yfir eftirgreindum mörkum miðað við framleiðslu á venjulegu áli í álverinu:

Mengunarefni	ársmeðaltal kg/t Al	skammtímameðaltal kg/t Al
Heildarflúoríð	1,0	1,4
Ryk	1,5	2,0
Brennisteinstvíoxíð	21,0	28,0

Þá skal miða við að flúoríð í útblæstri frá framleiðslunni verði sem hér segir:

Kerskáli	ársmeðaltal kg/t Al	skammtímameðaltal kg/t Al
1 og 2 (eldri skálar)	1,2	1,6
3 (nýr skáli)	0,65	0,85

Ef hreinálsframleiðsla fer fram í verulegum hluta kerskálanna, allt að 25% kera, þá hækka mörkin fyrir heildarflúoríð í útblásturslofti frá viðkomandi kerskálum um 25%. Heildarmagn flúoríða í útblæstri frá verksmiðjunni skal þó ekki vera meiri en 1,2 kg F/t Al fyrir ársmeðaltal og 1,6 kg F/t Al fyrir skammtímameðaltal. Útblástursmörkin fyrir skammtímameðaltal ber að halda miðað við þau tímabil sem meðaltal er tekið yfir, eins og þau eru skilgreind í grein 3.1. eða í viðurkenndri rekstraráætlun. Mörkin fyrir brennisteinstvíoxíð eru byggð á því að árlegt meðaltal brennisteinsinnihalds í rafskautum sé 2% og fela þau í sér innihald brennisteins í öðrum hráefnum.

2.1.8. Ef flúoríðmengun mælist yfir skammtímameðaltali í þrjá mánuði í röð eða í eitt almanaksár yfir ársmeðaltali skal ISAL, innan eins mánaðar, gera áætlun í samráði við Hollustuvernd ríkisins, um það hvernig draga skuli úr útblástursmengun. Áætlunin gæti falið það í sér að draga þurfi úr framleiðslu í þeim hluta kerskálanna þar sem mengun mælist mest.

2.1.9. Á tímabilinu 1. maí - 1. október í hverju ári (vaxtar- og beitartíma) skal gangsetning kera vera í lágmarki og jafnað yfir tímabilið, að hámarki 15 ker á hvert 30 daga tímabil. Við óviðráðanlegar aðstæður (þ.m.t. minnkun á ótryggri raforku) er örari gangsetning heimil. Slík áætlun skal rædd við Hollustuvernd ríkisins.

2.1.10. Innihald brennisteins í olíu skal vera í samræmi við gæði olíu sem seld er á íslenskum markaði á hverjum tíma.

2.1.11. Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk samkvæmt 2.1.7. eru ekki fáanleg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkað, skal þetta starfsleyfi endurskoðað.

2.1.12. Árlega skal ISAL senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu um innihald brennisteins í rafskautum og olíu sem félagið notar, auk upplýsinga um brennisteinsinnihald í öðrum þeim rafskautum sem ISAL hefur kost á.

2.2. Vatn.

2.2.1. Fráveitur til sjávar skulu vera í samræmi við kröfur í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með breytingu nr. 378/1994.

2.2.2. Fráveituvatn sem inniheldur olíu skal hreinsað í olíuskiljum áður en það er leitt til sjávar.

2.2.3. Olíuskiljur skulu vera í samræmi við leiðbeiningar útgefnar af Hollustuvernd ríkisins. Olíuskiljur skal hreinsa reglulega.

2.2.4. Að lokinni hreinsun í olíuskilju skal olíuinnihald fráveituvatnsins vera innan við 15 hluti í milljón, sbr. ákvæði í lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

2.2.5. Frárennsli frá snyrtingum og eldhúsi skal leiða í rotþró áður en það er leitt til sjávar, eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti að mati Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar.

2.2.6. Rotþrær skulu vera í samræmi við leiðbeiningar útgefnar af Hollustuvernd ríkisins. Rotþrærnar skal tæma reglulega í samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar.

2.2.7 Allur frágangur við olíumengandi starfsemi skal vera í samræmi við reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

2.2.8 Kælivatn frá afriðlum og steypuskála skal leiða til sjávar um olíuskiljur enda uppfylli það eftirfarandi skilyrði eftir skiljun:
Olía og feiti < 15 mg/l

2.3. Meðferð úrgangs.

2.3.1. ISAL skal leita leiða til að nýta allan úrgang, sem til fellur við framleiðsluna, þar með talið brotajárn, einangrun úr kerum, bakskautum og forskaut og úrgang sem inniheldur ál í miklum mæli.

2.3.2. Leyfilegt er að farga sérstökum úrgangi, sem ekki verður nýttur og inniheldur kerbrot, kolefni og oxíðryk, ásamt kereinangrunarúrgangi, í fyllingar (flæðigryfjur) við ströndina í nágrenni verksmiðjunnar. Staðsetning fyllinganna skal ákveðin í samráði við hafnaryfirvöld og Hollustuvernd ríkisins. Fyllingin skal varin ágangi sjávar. Hlutar af fyllingu þar sem lokið er förgun skulu huldir þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Sérstakur úrgangur sem getur dreifst með vindi skal þegar þakinn eða honum fargað með öðrum hætti. Neysluúrgangi, umbúðum og þess konar framleiðsluúrgangi sem á að farga skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir

úrgang. Opin brennsla til förgunar hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.

2.3.3. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað samkvæmt grein 2.3.2.

2.3.4 Öllum spilliefnum, sem kunna að verða til við vinnsluna og starfsemi henni tengdri og þarf að farga, skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku nema um annað sé sérstaklega samið.

2.4. Hávaði.

2.4.1. ISAL skal eftir fremsta megni leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni, og tryggja að hávaði sé í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar, þó þannig að hávaði frá verksmiðjunni mældur við lóðamörk álversins skal ekki vera yfir 70 dB(A)r.

3. Mælingar og upplýsingagjöf.

3.1. ISAL skal framfylgja eftirfarandi mæliáætlun til eftirlits með mengun:

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil sem meðaltal skal tekið yfir	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Loftkennt flúoríð	Hreinsað kergas	Mánuður	kg F/t Al	Stöðugt í einum reykháf frá hverri hreinsistöð.
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árlega úr einum reykháf, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfræðilega marktækt gildi.
Ryk	Hreinsað kergas	Mánuður	kg/t Al	Stöðugt í einum reykháf frá hverri hreinsistöð.
Brennisteinstvíoxíð	Hreinsað kergas	Mánuður	kg SO_2/t Al	Stöðugt í einum reykháf frá hverri hreinsistöð.
Loftkennt flúoríð	Ræstiloft úr kerskála	Mánuður	kg F/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum
Flúoríð í ryki	Ræstiloft úr kerskála	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árlega nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Ryk	Ræstiloft úr kerskála	Árleg marktæk mæling	kg/t Al	Árlega nægilega mörg sýni til að fá tölfræðilega marktækt gildi
Brennisteinstvíoxíð	Ræstiloft	Marktæk mæling úr kerskála	kg SO_2/t Al	Tilfallandi
Ryk annað en frá þurrhreinsibúnaði	Síur	Marktæk mæling	mg/Nm^3	Tilfallandi
Kælivatn	Afriðlar og steypuskáli	Árleg marktæk mæling	mg olía/l	Tilfallandi

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu fyrst endurskoðaðar þegar eitt ár er liðið frá því að starfsleyfið tekur gildi og síðan á tveggja ára fresti eftir það ef annar hvor aðili óskar eftir slíkri endurskoðun.

ISAL skal í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins láta taka viðmiðunarsýni af völdum lífverum í fjöruborði við kerbrotagryfjur til að meta hugsanleg áhrif kerbrotagryfju á lífríki að minnsta kosti tvisvar á áætluðum notkunartíma hverrar kerbrotagryfju.

ISAL skal í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem geta haft áhrif út fyrir lóðarmörk. Reikna skal dreifingu hávaða frá þessum uppsprettum. Ef breytingar verða á rekstri skal endurmeta dreifingu hávaða frá álverinu.

3.2. Til þess að mæla stöðugt loftkennd flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð skal koma fyrir sjálfvirkum mælitækjum minnst í einum reykháf í hverri hreinsunarstöð. Hanna þarf viðunandi aðstöðu til mælinga í ræstilofti úr kerskála.

3.3. Komið skal upp viðunandi aðstöðu til að hafa eftirlit með mengunarmælingum. ISAL ber ábyrgð á því að mælingar samkvæmt grein 3.1., svo og aðrar mælingar sem þurfa þykir, fari fram á réttum tíma og á viðunandi hátt.

3.4. ISAL skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef niðurstöður eftirlitsmælinga samkvæmt grein 3.1. eru ekki í samræmi við þessar kröfur og staðfesta þessar upplýsingar skriflega. Niðurstöður mælinga og efnagreininga skal geyma í minnst eitt ár og vera aðgengilegar fyrir Hollustuvernd ríkisins. Ef skráningarblöð fyrir sjálfvirk, síritandi mælitæki eru ekki varðveitt verður að færa samantekt yfir mælinganiðurstöður inn í skrá sem er varðveitt á sama hátt og aðrar niðurstöður mælinga.

3.5. Hollustuvernd ríkisins skal yfirfara niðurstöður mælinga á útblæstri frá álverinu og mæliaðferðir ISAL. Slíkt eftirlit skal fara fram eigi sjaldnar en árlega. ISAL eða viðurkenndur þriðji aðili skal framkvæma nákvæma úttekt á losun mengunarefna frá verksmiðjunni, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

3.6. Ársfjórðungslega skal ISAL senda Hollustuvernd ríkisins niðurstöður mælinga á útblæstri í samræmi við grein 3.1. Niðurstöður mælinga skulu birtar í kg/t Al.

3.7. Forráðamenn ISAL skulu a.m.k. tvisvar sinnum á ári efna til fundar með Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar til að gera grein fyrir niðurstöðum mengunarmælinga samkvæmt grein 3.1. og rekstri þurrhreinsibúnaðar. Ef þurrhreinsibúnaður hefur ekki virkað á viðunandi hátt, skal ISAL leggja fram tillögur um úrbætur.

4. Rekstraryfirlit.

4.1. Rekstur, reglubundin þjónusta og viðhald kera, þekja og þurrhreinsibúnaðar, skal vera í samræmi við eftirlitsáætlanir ISAL, sem skulu vera aðgengilegar fyrir Hollustuvernd ríkisins. Markmið þessara áætlana er að halda mengunarefnum í útblæstri í lágmarki.

4.2. Eftirlitsherbergi skal vera til staðar fyrir eftirlit með þurrhreinsistöðvum.

4.3. Ef þurrhreinsibúnaður fyrir kergas stöðvast lengur en í eina klst. skal tafarlaust tilkynna Hollustuvernd ríkisins um stöðvunina og orsökina. Við slíkar aðstæður skulu ISAL og Hollustuvernd ríkisins hafa samráð og komast að samkomulagi um aðgerðir til að ráða bót á vandanum. Þær gætu ef nauðsyn krefði haft í för með sér að draga þyrfti tímabundið úr framleiðslu.

4.4. Viðmiðunarmörk fyrir hávaða og losun mengunarefna í vatn og loft skulu gilda við eðlilegar rekstraraðstæður, þar með talið tilfallandi mengunartoppa sem fyrir koma í rekstrinum. Þau skulu einnig gilda um önnur frávik sem teljast til eðlilegra sveiflna í rekstrinum, þar með talið þegar notað er óhagstætt hráefni. Kröfurnar

skulu einnig halda gildi þegar upphafleg virkni búnaðar, sem draga á úr mengun, hefur minnkað vegna slits.

5. Mælingar frá mengun í umhverfinu.

5.1. ISAL skal athuga reglulega flúormengun í gróðri í nágrenni álversins eins og kveðið er á um í málsgrein 12.03 í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. frá 28. mars 1966 og aðrar nauðsynlegar mælingar sem Hollustuvernd ríkisins gerir tillögu um og iðnaðarráðuneytið samþykkir, eins og þörf er á til að fullnægja málsgrein 12.02 samningsins.

6. Gjöld og kostnaður.

6.1. Árlega skal ISAL greiða Hollustuvernd ríkisins eftirlitsgjald að upphæð 4.000 SDR vegna eftirlits samkvæmt grein 3.5. Gjaldið skal endurskoðað fimmta hvert ár.

6.2. ISAL skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu bera ábyrgð á samskonar mengun. Slíkur kostnaður skal undir venjulegum kringumstæðum ekki nema hærri fjárhæð en 8.000 SDR á ári.

6.3 ISAL skal greiða gjald vegna útgáfu og kynningar á þessu starfsleyfi samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins. Fyrirtækið flokkast í fyrsta flokk, sbr. viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð.

7. Gildistaka.

7.1. Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með breytingum nr. 378/1994 og 536/1994, sbr. lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar framleiðsla eykst úr allt að 105.000 tonnum í allt að 170.000 tonn með framleiðslu í þriðja kerskála álverksmiðjunnar í Straumsvík og gildir í tíu ár frá útgáfudegi.

Umhverfisráðuneytið, 7. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 592 2. nóvember 1995

AUGLÝSING

um niðurfellingu reglugerðar nr. 415/1992 um innflutning og innflutningsleyfi.

1. gr.

Í samræmi við 29. gr. laga nr. 87/1995 um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, samanber 5. gr. laga nr. 88/1992 um innflutning, er úr gildi fallin reglugerð nr. 415/1992 um innflutning og innflutningsleyfi.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 2. nóvember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

REGLUGERÐ

um skráningar-, árgjöld og önnur leyfisgjöld vegna lyfja.

1. gr.

Skráningargjöld.

Umsóknir um skráningu lyfs, þ.e. sérlyfs, samhliða lyfs og náttúrulyfs, skal senda til lyfjanefndar ríkisins í þríriti á umsóknareyðublöðum sem þar fást.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Nefndin tölusetur hverja umsókn í áframhaldandi töluröð við móttöku og sendir reikning fyrir tilskildum skráningargjöldum til innheimtu hjá ríkisfjárhirslu. Lyfjanefnd ríkisins áritar hverja umsókn og fær umsækjandi eitt eintak, þegar reikningur fyrir skráningargjöldum hefur verið greiddur.

Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um skráningu á nýju lyfjaformi, nýjum styrkleika, nýjum ábendingum eða breyttri skömmtun áður skráðs lyfs. Rita skal nýja umsókn þegar sótt er um viðurkenningu á hvers konar breytingum á samsetningu skráðra lyfja og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika. Ennfremur skal rita nýja umsókn þegar sótt er um endurskráningu á lyfi og gildir hver umsókn aðeins fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Skráningargjöld eru óafturkræf þótt umsókn um skráningu lyfs sé synjað.

2. gr.

Flokkar skráningargjalda.

Flokkur	Upphæð skráningargjalda í kr.
Nýtt sérlyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	50.000
Nýtt lyfjaform sérlyfs (í einum styrkleika)	25.000
Nýr styrkleiki lyfjaforms	25.000
Ný ábending sérlyfs	25.000
Breytt skömmtun sérlyfs	25.000
Breyting á samsetningu sérlyfs	0
Samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	25.000
Nýtt lyfjaform samhliða lyfs (í einum styrkleika)	12.500
Nýr styrkleiki samhliða lyfs	12.500
Nýtt náttúrulyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	25.000
Nýtt lyfjaform náttúrulyfs	12.500
Nýr styrkleiki náttúrulyfs	12.500
Breytt samsetning náttúrulyfs	0

Sömu skráningargjöld og að framan greinir gilda fyrir umsóknir um endurskráningu lyfja.

3. gr.

Árgjöld.

Af hverju formi sérlyfs og samhliða lyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal handhafi markaðsleyfis þess greiða árlegt gjald að upphæð kr. 10.000, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert, skv. reikningi frá lyfjanefnd ríkisins. Reikningar fyrir árgjöldum lyfja skulu greiddir hjá ríkisfjárhirslu.

Ef tvö eða fleiri lyfjaform sama lyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri lyfjaform væri að ræða.

Sé handhafi markaðsleyfis lyfs erlendur ber umbjóðanda hans hér á landi að standa skil á greiðslu árgjalds.

4. gr.

Markaðsleyfi sérlyfja og samhliða lyfja.

Umsækjandi um markaðsleyfi sérlyfs og samhliða lyfs skal greiða kr. 1.000 fyrir markaðsleyfi lyfsins. Hvert markaðsleyfi gildir fyrir eitt lyf í einu lyfjaformi og í einum styrkleika.

Lyfjanefnd ríkisins gefur út markaðsleyfi fyrir sérlyf og samhliða lyf.

5. gr.

Klínískar lyfjarannsóknir og rannsóknir á aðgengi lyfja.

Sækja ber um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar og rannsóknar á aðgengi lyfs til lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 2. tl. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingu. Gjald fyrir umsókn um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar er kr. 25.000, en kr. 12.500 fyrir umsókn um heimild til rannsóknar á aðgengi lyfs.

Þessi gjöld eru óafturkræf þótt umsókn um heimild til klínískrar lyfjarannsóknar eða rannsóknar á aðgengi lyfs sé synjað.

6. gr.

Óskráð sérlyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er heimilt að innheimta hjá lyfjainnflytjendum gjöld vegna leyfa, sem veitt hafa verið til innflutnings og sölu óskráðra sérlyfja, sbr. ákvæði 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, er nema allt að 2% af heildarinnkaupsverði viðkomandi lyfja.

7. gr.

Undanþágur frá greiðslu árgjalda.

Lyfjanefnd ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu árgjalds lyfs, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist nefndinni með nákvæmum upplýsingum um heildarmagn, sem selt hefur verið af lyfinu á fyrra ári, auk upplýsinga um heildarupphæð heildsöluverðs lyfsins á ársgrundvelli.

8. gr.

Sértekjur lyfjanefndar ríkisins.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar ríkisins, sbr. ákvæði 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994. Gjöldin eru aðfararhæf.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 512/1993 um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

REGLUGERÐ

um litarefni í lyfjum.

1. gr.

Þau litarefni, sem talin eru í 2. gr. þessarar reglugerðar, er heimilt að nota í lyf, sem eru á markaði hér á landi.

Ákvæði reglugerðarinnar eru sett með hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði og í samræmi við tilskipanir ráðs ESB (65/65/EBE), (78/25/EBE), (81/464 EBE) og (94/36/ESB).

2. gr.

E númer	**Íslenskt heiti litarefnis**	**Enskt heiti litarefnis**	**CI númer (litarnúmer)**	**Önnur heiti**
E 100	Kúrkúmín	Curcumine	CI 75300	Turmeric; Gurkemeje.
E 101	Ríbóflavín	Riboflavin		Lactoflavin.
E 101a	Ríbóflavín-5-fosfat	Riboflavin-5-phosphate		
E 102	Tartrazín	Tartrazine	CI 19140	FD&C Yellow#5; Matargult 4.
E 104	Kínólíngult	Quinoline Yellow	CI 47005	D&C Yellow #10; Matargult 13.
E 110	Sunset Yellow FCF	Sunset Yellow FCF	CI 15985	FD&C Yellow#6; Orange Yellow S; Paraorange; Matargult 3.
E 120	Karmín	Carmine	CI 75470	Carmine of Cochineal; Carminic Acid; Carmines.
E 122	Azórúbín	Azo Rubine	CI 14720	Carmoisine.
E 123	Amarant	Amaranth	CI 16185	FD&C Red#2; Matarrautt 9.
E 124	Ponceau 4R	Ponceau 4R	CI 16255	Cochineal Red A; Nykokkin; Matarrautt 7.
E 127	Erýtrósín	Erythrosine	CI 45430	FD&C Red#3; Matarrautt 14.
E 128	Rautt 2G	Red 2G	CI 18050	
E 129	Allura rautt AC	Allura Red AC	CI 16035	
E 131	Patent blátt V	Patent Blue V	CI 42051	
E 132	Indigótín	Indigotine	CI 73015	Indigo Carmine; FD&C Blue#2; Matarblátt 1.

E 133	Briljant blátt FCF	Brilliant Blue FCF	CI 42090	FD&C Blue#1; Matarblátt 2.
E 140	Klórófýll	Chlorophylls	CI 75810	Natural Green 3.
E 140	Klórófýllín	Chlorophyllins	CI 75815	
E 141	Klórófýllkopar-komplex	Chlorophylle copper complex	CI 75815	
E 141	Klórófýllínkopar-komplex	Chlorophylline copper complex	CI 75815	
E 142	Briljant grænt	Green S	CI 44090	Food Green S; Acid Brilliant Green BS; Grænt S; Matargrænt 4.
E 150	**Eftirtaldir karamellulitir:**			
E 150a	Karamellubrúnt	Caramel colour (plain)		
E 150b	Karamellubrúnt	Caustic sulphite caramel		
E 150c	Karamellubrúnt	Ammonia caramel		
E 150d	Karamellubrúnt	Sulphite ammonia caramel		
E 151	Briljant svart PN	Brilliant black PN	CI 28440	Black PN (BN); Matarsvart 1.
E 153	Viðarkolsvart	Carbon black	CI 77266	Carbo Medicinalis; Vegetable carbon; Matarsvart 2.
E 154	Brúnt FK	Brown FK		
E 155	Brúnt HT	Brown HT	CI 20285	
E 160	**Eftirtalin karótín:**			
E 160a	Blönduð karótín	Mixed carotens	CI 75130	Natural Yellow 26.
E 160a	Beta-karótín	Beta-carotene	CI 40800	
E 160b	Annattólausnir	Annatto extracts	CI 75120	Bixin; Norbixin.
E 160c	Paprikuóleóresín	Paprika oleoresin		Paprica extract; Capsanthin; Capsorubin.
E 160d	Lýkópen	Lycopene		
E 160e	Beta-apó-8'-karótínal (C30)	Beta-apo-8'-carotenal (C30)	CI 40820	Beta-carotenal.
E 160f	Beta-apó-8'-karótín-sýru-etýlester (C30)	Beta-apo-8'-carotenic acid ethyl ester (C30)	CI 40825	

E 161	**Eftirtalin xantófýl-sambönd:**			
E 161a	Flavoxantín	Flavoxantine		
E 161b	Lútín	Lutein		
E 161c	Krýptóxantín	Crypthoxantine		
E 161d	Rúbixantín	Rubixantine		
E 161e	Vióloxantín	Violoxantine		
E 161f	Ródoxantín	Rodoxantine		
E 161g	Kantaxantín	Canthaxantine	CI 75135	
E 162	Rauðrófulitur	Beet red		Betanin; Beetroot Red.
E 163	Antócýanlausnir	Anthocyanins		Anthocyans.
E 170	Kalsíumkarbónat	Calcium carbonate	CI 77220	Chalk.
E 171	Títantvíoxíð	Titanium dioxide	CI 77891	Titanium Dioxidum; Pigment white 6.
E 172	**Eftirtalin járnoxíð og -hýdroxíð (Iron Oxide and hydroxide):**			
E 172	Járnoxíð og	Iron Oxice and	CI 77489	brúnt.
E 172	-hýdroxíð	hydroxide	CI 77491	rautt.
E 172			CI 77492	gult.
E 172			CI 77499	svart.
E 173	Ál	Aluminium powder	CI 77000	
E 174	Silfur	Silver	CI 77820	
E 175	Gull	Gold (Metallic)	CI 77480	
E 180	Litólrúbín	Litholrubine BK		

3. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins, að setja ákvæði um leyfilegt hámarksmagn litarefnis í hverri einingu lyfjaforms ef þurfa þykir.

Ráðherra er í sérstökum tilvikum heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar ríkisins, að leyfa notkun annarra litarefna í lyf en tilgreind eru í 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 318/1990 um bann við notkun azó-litarefna og alifatískra klórflúorkolefnissambanda (freon) og skyldra efna sem drifefna í lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Hólmavíkurhreppi.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Hólmavíkurhreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í hreppnum, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirtöldum skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í parhúsi eða raðhúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.

c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem hreppsnefnd ákveður og staðfest er af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d) Hver hundur sem veitt er leyfi fyrir skal þegar ábyrgðartryggður og skal sveitarstjórn annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum.

e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert.

f) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.

g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utanhúss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra eftirtalda staði:
   1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunna.
   2. Almennings- og útisalerni.
   3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
   4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
   5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
   6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
   7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
   8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
   9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
   10. Fangageymslur og aðrar vistarverur handtekinna manna.
   11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
   12. Kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.
   13. Almenn samgöngutæki.

i) Ákvæði stafliðs h) gildir ekki fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j) Ábúendum lögbýla sem eru innan marka sveitarfélagsins er heimilt að halda þarfahunda án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda. Kostnað vegna hundahreinsunar o.þ.h. greiðir eigandi.

k) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda hreppsnefnd, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá hreppsnefnd. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda sýslumanni skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. ákvæði stafliðs f) í 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Hólmavíkurhreppi.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur hreppsnefnd afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Hólmavíkurhreppi og geta leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur og ef um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda um töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja, og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer. Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða héraðsdýralæknis. Þannig getur hreppsnefnd t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún hefst.

Annað.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 311/1976 um hundahald í Hólmavíkurhreppi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu.

Umhverfisráðuneytið, 20. nóvember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 596 22. nóvember 1995

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð faseigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, sumarhúsa og sumarhúsalóða, bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum og hlunninda, sbr. þó stafliði b og c hér á eftir, hækki um 1% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,01.
b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í eftirtöldum sveitarfélögum hækki um 5%: Sandgerði, Gerðahreppi, Bessastaðahreppi, Akranesi, Ísafirði, Egilsstöðum, Hornafirði og Ölfushreppi og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,05.
c. Matsverð lax- og silungsveiðihlunninda lækki um 5% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 0,95.
d. Matsverð atvinnuhúsnæðis og atvinnulóða lækki um 2% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 0,98.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningum samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1994 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1995.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 604 18. nóvember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 22. nóvember 1995.

Friðrik Sophusson.

Björn Hafsteinsson.

15. nóvember 1995 Nr. 597

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 465/1995 um skráningu og útgáfu markaðsleyfa sérlyfja.

1. gr.

Fyrirsögn 11. kafla verður svohljóðandi:

11. Umsóknir um verð og markaðsleyfi.

2. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Umsóknir um verð.

Sækja skal um samþykki á verði lyfs til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

3. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Umsóknir um markaðsleyfi.

Umsækjandi um markaðsleyfi lyfs getur sent lyfjanefnd ríkisins umsókn þar um á sérstöku
eyðublaði, sbr. viðauka 6 með reglugerð þessari, að fengnu samþykki nefndarinnar á skráningu eða endurskráningu lyfsins, þ.m.t. viðurkenndri samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC), áletrun umbúða, texta fylgiseðils og notkunarleiðbeininga, eftir því sem við á.

Með umsókn um markaðsleyfi lyfs skal fylgja:

1. Texti á íslensku um lyfið, í fullu samræmi við viðurkennda samantekt á eiginleikum lyfsins (SPC) og leiðbeiningar í viðauka 4 með reglugerð þessari, sem tilbúinn er til birtingar í sérlyfjaskrá. Æskilegt er að hann fylgi einnig á disklingi.
2. Staðfesting á samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði lyfsins.

Meðmæli lyfjanefndar ríkisins með skráningu lyfs falla úr gildi hafi umsækjandi ekki sótt um markaðsleyfi lyfsins innan eins árs.

Erlendir aðilar er sækja um markaðsleyfi fyrir lyf verða að hafa umboðsmann hér á landi.

4. gr.

31. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Upplýsingar um sérlyf verða því aðeins birtar í sérlyfjaskrá og Lyfjaverðskrá II að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Markaðsleyfi lyfsins sé fyrirliggjandi.

2. Samþykki lyfjanefndar ríkisins á texta um lyfið til birtingar í sérlyfjaskrá sé fyrirliggjandi.
3. Samþykki lyfjanefndar ríkisins sé fyrirliggjandi á endanlegri gerð merkimiða og ytri umbúða lyfs, áletruðum þynnum og ytri umbúðum, ef lyfinu er pakkað í þynnur, í þeim pakkningastærðum, sem óskað er markaðssetningar á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum fyrir hverja pakkningastærð.
4. Samþykkt lyfjanefndar ríkisins sé fyrirliggjandi á endanlegri gerð fylgiseðils og notkunarleiðbeininga með lyfinu, eftir því sem við á. Sýnishorn skulu send nefndinni í tveimur eintökum.
5. Sé um nýjar/breyttar pakkningastærðir lyfs að ræða skal samþykki heilbrigðisyfirvalda á verði þeirra liggja fyrir.

5. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Handhafi markaðsleyfis getur sótt um niðurfellingu markaðsleyfis sérlyfs, einstaks lyfjaforms eða styrkleika þess til lyfjanefndar ríkisins.

6. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Komi í ljós að lyf, sem er á markaði hér á landi, uppfylli ekki gildandi lög eða reglur um lyf eða kröfur til þess að hljóta markaðsleyfi getur lyfjanefnd ríkisins afturkallað markaðsleyfi þess.

Lyfjanefnd ríkisins getur leitað umsagnar Lyfjaeftirlits ríkisins vegna ákvarðana um afturköllun markaðsleyfis lyfs, ef þurfa þykir.

7. gr.

34. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Lyfjanefnd ríkisins tilkynnir hlutaðeigandi markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu markaðsleyfa lyfja og niðurfellingu þeirra, sbr. ákvæði 30. gr., 32. gr. og 33. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 6, sem birtur er sem fylgiskjal með reglugerð þessari:

a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, lyfjamáladeild, Laugavegi 116, 150 Reykjavík“ kemur: lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnesi.

b. Í stað orðanna „undirskrift heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis“ kemur: Undirskrift lyfjanefndar ríkisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

Viðauki 6

Umsókn um markaðsleyfi sérlyfs, skv. ákvæðum lyfjalaga nr. 93 frá 20. maí 1994.

Sendist til lyfjanefndar ríkisins, Eiðistorgi 13-15, Pósthólf 180, 172 Seltjarnarnes.

Skráningarnúmer:	MTnr:

q Nýtt markaðsleyfi
q Endurnýjun á markaðsleyfi
q Annað:

Heiti lyfs:
Lyfjaform og styrkleiki:
Virkt (virk) innihaldsefni:

Handhafi markaðsleyfis:	Umboð:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Pósthólf:	Pósthólf:
Land:	Land:
Sími:	Sími:
Bréfsími:	Bréfsími:

Gildistími markaðsleyfis:_____

Veiting markaðsleyfis:

Staður og dagsetning.	Staður og dagsetning.

Undirskrift umsækjanda (handhafa markaðsleyfis eða umboðsmanns).

Undirskrift Lyfjanefndar ríkisins.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Garðabæ fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ nr. 257/1983, skal vera kr. 9.500 fyrir árið 1996. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. desember 1995.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000.

3. gr.

Um vexti á vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 20. nóvember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 599 16. nóvember 1995

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Staðarhrepps í Skagafirði.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Staðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Staðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Staðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi 3ja mánudag hvers mánaðar. Beri þann dag upp á helgidag færist fundurinn fram um viku.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 9 s.d. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar oddvita hreppsnefndar og kosningar nefnda.
2. Fundargerðir nefnda á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Oddviti eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

2. *Byggingarnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara í svæðisbyggingarnefnd fyrir vestur Skagafjörð skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
3. *Félagsmálanefnd.* Hreppsnefnd hefur verkefni hennar með höndum skv. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Nefndin skal sjá um öldrunarmál skv. lögum um málefni aldraða nr. 82/1989. Nefndin skal einnig sjá um leikskólamál skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.
4. *Einn búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
7. Tveir fulltrúar í *samvinnunefnd um svæðisskipulag* skv. reglum er vísa til 3. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 ásamt síðari breytingum.
8. Einn fulltrúi og annar til vara í sameiginlega *skólanefnd Varmahlíðarskóla* skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
9. Einn fulltrúi og annar til vara í *rekstrarnefnd* sama skóla.
10. Einn *fjallskilastjóri* og annar til vara skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
11. Þrír menn í *sauðfjársjúkdómanefnd* skv. lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
12. Einn fulltrúi og annar til vara í *héraðsnefnd Skagfirðinga.*
13. Einn fulltrúi og annar til vara á *ársþing S.S.N.V.*
14. Einn maður í *stjórn Staðarréttar.* Auk þess eru í nefndinni réttarstjóri úr Staðarhreppi og einn maður frá Seyluhreppi skv. samkomulagi sveitarfélaganna frá 1981.
15. Þrír fulltrúar í stjórn *Lestrarfélags Staðarhrepps* skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn. Nefndin sér um rekstur bókasafns sem staðsett er í félagsheimili hreppsins.
16. *Húsnefnd félagsheimilisins í Melsgili.* Einn maður frá sveitarfélagi, annar frá kvenfélagi og hinn þriðji frá ungmennafélagi hreppsins. Starfar skv. lögum nr. 107/1970 um félagsheimili. Nefndin sér um rekstur hússins.
17. *Rekstrarnefnd fyrir börn á forskólaaldri.* Einn fulltrúi frá sveitarfélagi og tveir fulltrúar foreldra. Nefndin sér um rekstur gæsluvallar í félagsheimilinu.
18. *Grænmetisgeymsla* í eigu sveitarfélagsins. Nefnd um rekstur hennar er skipuð einum fulltrúa frá sveitarfélagi og sitthvorum fulltrúanum frá búnaðarfélagi og kvenfélagi hreppsins.

57. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Staðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 600 23. nóvember 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 375/1994 og reglugerð nr. 338/1995, um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Á eftir 2. gr. a bætist við ný grein, 2. gr. b, sem hljóðar svo, sbr. e-lið 2. gr. b-lið 4. gr.:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/95 frá 22. nóvember 1995 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 5. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytið, 23. nóvember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Starfsemi telst vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki skv. reglugerð þessari þegar viðkomandi vara eða þjónusta er almennt í boði hjá atvinnufyrirtækjum hér á landi, enda sé útskattur af hinni skattskyldu starfsemi að jafnaði hærri en frádráttarbær innskattur.

Lögbundin starfsemi opinberra aðila telst m.a. ekki vera rekin í samkeppni við atvinnufyrirtæki í skilningi 1. mgr. í eftirfarandi tilfellum:

1. Þegar öðrum aðilum er ekki heimilt að veita sambærilega þjónustu með sömu réttaráhrifum.
2. Þegar viðkomandi þjónusta beinist eingöngu að öðrum opinberum aðilum, hún verður ekki veitt af atvinnufyrirtækjum nema í umboði viðkomandi opinbers aðila og að því tilskyldu að virðisaukaskattur af viðkomandi vinnu og þjónustu fáist endurgreiddur samkvæmt 12. gr.

2. gr.

Í stað reglugerðarnúmersins „501/1989“ í 11. gr. kemur: 50/1993.

3. gr.

Við 5. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar bætast orðin: og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 3. gr., 3. mgr. 42. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi nú þegar.

Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1995.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

22. nóvember 1995 Nr. 602

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Borgarnesi.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi nr. 577/1995, skal vera kr. 2.500 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Borgarnesi, skal vera kr. 5.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Árgjald greiðist ekki það ár sem hundurinn er skráður. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 22. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vegna gjalda fyrir árið 1995 skal vera 15. desember 1995.

Umhverfisráðuneytið, 22. nóvember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 603 23. nóvember 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993, sbr. samþykkt nr. 118/1995.

1. gr.

1. málsliður 2. mgr. 12. gr. orðast svo:
Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

2. gr.

1. mgr. 49. gr. orðast svo:
Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs. Varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama lista og hinn kjörni bæjarráðsmaður eru varamenn hans í þeirri röð, sem þeir skipuðu listann.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. nóvember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 1995

29. nóvember 1995 1553 Nr. 604

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425 8. september 1989.

1. gr.

1.–4. gr. falla brott.

2. gr.

5. mgr. 6. gr. fellur brott.

3. gr.

Við 13. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Með sama hætti skulu eftirlitsmenn hafa eftirlit með þeim sem hafa leyfi til að veita áfengi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. áfengislaga.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Högni S. Kristjánsson.

30. nóvember 1995 Nr. 605

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu á vörum úr tollnúmeri 0706.9000 í 2. gr. reglugerðarinnar bætist við orðið *rauðrófur*.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðast gildi 1. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1995.

F. h. r.
Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

B 108
Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður	kr. 611.179.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður	kr. 43.989.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1995 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 1995

30. nóvember 1995 1555 Nr. 607

REGLUGERÐ

um Áfengis– og tóbaksverslun ríkisins.

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

Áfengis– og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) er stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir fjármálaráðherra.

2. gr.

ÁTVR hefur með höndum eftirtalin verkefni:

a. Innkaup og innflutning á vínanda og áfengi.
b. Birgðahald og dreifingu á áfengi til vínbúða.
c. Sölu á vínanda og áfengi til framleiðenda áfengra drykkja, lækna og lyfsala og annarra sem rétt hafa til lyfjasölu svo og sölu á vínanda sem eldsneyti, til iðnaðar, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra starfstengdra nota.
d. Rekstur vínbúða.
e. Innkaup, innflutning, heildsölu og dreifingu á tóbaki.
f. Framleiðslu á neftóbaki.

3. gr.

ÁTVR skal sinna verkefnum þeim sem versluninni eru falin í 2. gr. í samræmi við lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, áfengislög nr. 82/1969, með síðari breytingum og reglugerð þessa. Starfsemi ÁTVR skal miða við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila arði sem telst hæfilegur, m.a með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri hennar.

II. KAFLI
Stjórn.

4. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn ÁTVR til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Yfirstjórn ÁTVR er í höndum stjórnar í umboði ráðherra. Stjórnin markar stefnu og samþykkir starfsáætlun og rekstraráætlun hvers árs að fenginni tillögu forstjóra. Hún hefur eftirlit með rekstri. Hún kynnir ráðherra starfsáætlun, rekstraráætlun og skýrslu forstjóra um starfsemi og afkomu ÁTVR.

6. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundir stjórnar eru lögmætir ef a.m.k. tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar til bókar. Forstjóri ÁTVR situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Gutenberg

7. gr.

Rísi ágreiningur á stjórnarfundi um afgreiðslu einstakra mála sem stjórnin fjallar um, getur hver stjórnarmanna eða forstjóri óskað þess að málið verði lagt fyrir ráðherra.

8. gr.

Ráðherra skipar forstjóra ÁTVR. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri. Hann ræður starfsfólk og ákveður starfssvið þess í samræmi við þarfir verslunarinnar. Hann ber ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum, semur starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir hvert ár í samráði við stjórnina og leggur þær fyrir stjórnina til samþykktar. Hann semur árlega skýrslu um starfsemi og afkomu og kynnir stjórninni hana. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem stjórnin felur honum og kemur fram út á við fyrir hönd ÁTVR.

III. KAFLI
Deildaskipting.

9. gr.

ÁTVR starfar í tveimur deildum, söludeild og aðfangadeild. Starfsemi deildanna, eignum, rekstrarkostnaði o.fl. skal haldið aðgreindu í bókhaldi.

Varanlegir rekstrarfjármunir skulu í bókhaldi færðir sem hluti annarrar hvorrar deilda hennar eftir því til starfsemi hvorrar deildar þeir eru nýttir. Eign sem báðar deildir nýta skal talin til eignar hjá hvorri deild um sig í því hlutfalli sem eignin er nýtt til starfsemi hennar.

Kostnaður af rekstri skal færður á aðra hvora deildina í bókhaldi, eftir því af hvaða starfsemi kostnaður stafar. Kostnaði, sem eigi verður þannig aðgreindur, skal skipt á deildir í hlutfalli við not deildanna af viðkomandi starfsemi.

IV. KAFLI
Söludeild.

10. gr.

Söludeild ÁTVR hefur með höndum eftirtalin verkefni:

a. Rekstur vínbúða.
b. Birgðahald og dreifingu á áfengi til vínbúða.
c. Ákvarðanir um innkaup á áfengi í samræmi við reglur um vöruval.
d. Sölu á vínanda og áfengi til framleiðenda áfengra drykkja, lækna og lyfsala og annarra sem rétt hafa til lyfjasölu svo og sölu á vínanda sem eldsneyti, til iðnaðar, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra starfstengdra nota.
e. Heildsölu og dreifingu á tóbaki.
f. Framleiðslu á neftóbaki.

11. gr.

Söludeild skal sinna þeim verkefnum sem henni eru falin með það að markmiði að starfsemi deildarinnar sé sem hagkvæmust. Söluálagningu skal miða við að deildin afli tekna, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað hennar og skila arði sem telst hæfilegur, m.a með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri hennar.

Ákvarðanir um innkaup.

12. gr.

Söludeild tekur ákvarðanir um innkaup á áfengi. Ákvarðanirnar skulu byggjast á reglum um vöruval, sbr. 13.–20. gr.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um innkaup á sölutegund áfengis skal aðfangadeild falið að annast útvegun vörunnar.

Vöruval.

13. gr.

Stjórn ÁTVR skal setja sérstakar reglur um val á vöru til sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og innflytjendum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu hljóta staðfestingu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Í vöruvalsreglum ÁTVR skal sölutegundum áfengis, sem ÁTVR hefur á boðstólum, skipt í eftirtalda söluflokka eftir sölumeðferð: kjarna, reynsluflokk, mánaðarflokk, sérflokk og sérpantanir. Áfengi í kjarna og í reynsluflokki skal einnig skipt upp í vöruflokka eftir þeim megineinkennum sem áfengið hefur vegna framleiðsluaðferða eða hráefnis sem notað var við framleiðsluna. Heimilt er að skipta einstökum vöruflokkum frekar upp, t.d. eftir útsöluverði. Einnig er heimilt að kveða á um hámarksstærð og lágmarksstærð umbúða sölutegunda í einstökum vöruflokkum.

15. gr.

Þær sölutegundir áfengis, sem skráðar eru til almennrar ótímabundinnar sölu í flestum vínbúðum ÁTVR hverju sinni eru í kjarna. Í kjarna skal bæta þeim sölutegundum sem færast upp úr reynsluflokki hverju sinni, sbr. 16. gr. Nái sölutegund í kjarna ekki tilteknu hlutfalli af heildarsölu sölutegunda í sama vöruflokki á tilteknu sölutímabili, skal hún falla úr kjarna og skal þá ekki keypt inn að nýju þegar birgðir hennar þrjóta. Með heildarsölu er átt við samanlagða sölu í þeim vínbúðum sem hafa falar allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu á vöru í sérflokki og sérpöntunum.

Ef tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar eru boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli, en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem mest hefur selst, haldast áfram í kjarna, en aðrar sölutegundir skulu falla úr kjarna. Í vöruvalsreglum ÁTVR skal kveðið á um söluhlutfall samkvæmt ákvæði þessu.

16. gr.

ÁTVR skal á hverjum tíma selja tímabundið og til reynslu sölutegundir, sem ekki hafa áunnið sér rétt til sölu í kjarna. Sölutegundir sem seldar eru með þessum hætti flokkast í reynsluflokk. Í vöruvalsreglum ÁTVR skal kveðið nánar á um sölu áfengis í reynsluflokki, m.a. um sölustaði, sölutímabil, söluhlutfall sem sölutegund í reynsluflokki þarf að ná til að færast í kjarna og val á áfengistegundum til reynslusölu.

17. gr.

ÁTVR getur haft til sölu í vínbúðum sínum áfengistegundir, sem hvorki eru í kjarna né reynsluflokki, ef þær eru sérstaklega ætlaðar til sölu á ákveðnum árstímum, enda séu þær að innihaldi frábrugðnar öðrum áfengistegundum frá sama áfengisframleiðanda og hefð fyrir sölu þeirra á ákveðnum árstíma. Þær áfengistegundir sem boðnar eru til sölu með þessum hætti skulu flokkast í mánaðarflokk. Þær skulu ekki vera lengur til sölu en í sex vikur samfellt.

18. gr.

Auk vöru í kjarna, reynsluflokki og mánaðarflokki getur ÁTVR haft á boðstólum í einni eða fleiri vínbúðum sínum áfengistegundir, sem ekki teljast til þessara flokka, en

nauðsynlegt þykir að bjóða til sölu til að tryggja viðunandi fjölbreytni í vöruúrvali og þjóna eftirspurn kaupenda. Áfengistegundir seldar með þessum hætti skulu flokkast í sérflokk. Á skrifstofu ÁTVR skal leggja fram skrá yfir sölutegundir þær og magn þeirra sem áform eru um að skrá í sérflokk og leita verðboða. Skráin skal liggja frammi a.m.k. sex vikum áður en ákvörðun er tekin um kaup.

19. gr.

ÁTVR skal halda uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið til sölu skv. ákvæðum 15.–18. gr. M.a. skulu áfengisbirgjar eiga þess kost að skrá vörur sínar í pöntunarlista ÁTVR, sem liggja skal frammi í vínbúðum. Með skráningu í pöntunarlista skuldbinda birgjar sig til afgreiðslu á pöntunum til ÁTVR innan tiltekinna tímamarka á föstu verði og taka ábyrgð á seldri vöru.

Í vöruvalsreglum skal nánar kveðið á um sölu áfengis í pöntunarþjónustu, m.a. um verðlagningu og söluskilmála.

20. gr.

Vöruvalsreglur skulu endurskoðaðar fyrir 1. mars ár hvert í ljósi fenginnar reynslu og í því skyni að ná fram markmiðum þeim er fram koma í 13. gr. Að lokinni endurskoðun hverju sinni skulu reglurnar staðfestar af ráðherra á ný og birtar í heild.

Birgðahald og dreifing.

21. gr.

Söludeild skal halda birgðir fyrir áfengi eftir því sem nauðsynlegt reynist til að þjónusta vínbúðir. Skal birgðahald hverrar sölutegundar miðað við það sem hagkvæmt er með tilliti til aðfangakostnaðar og geymslukostnaðar, þ.m.t. fjárbindingar í birgðum.

Söludeild annast dreifingu á áfengi frá geymslusvæði ÁTVR til vínbúða.

22. gr.

Sala á áfengi frá vínbúðum til þeirra sem hafa áfengisheildsöluleyfi eða leyfi til vínveitinga og til þeirra sem um ræðir í d–lið 1. mgr. 10. gr., skal skráð sérstaklega, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 585/1995, um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis.

Vínbúðir.

23. gr.

Söludeild ÁTVR rekur vínbúðir, þar sem áfengi er selt í smásölu.

Ákvarðanir er varða rekstur á einstökum vínbúðum, t.d. um afgreiðslutíma, mannahald o.fl. skulu teknar með hliðsjón af því, hvað er hagkvæmt á hverjum stað.

24. gr.

Staðarval fyrir vínbúðir skal miðast við að vörudreifing sé sem sambærilegust um allt land að teknu tilliti til aðstæðna og hagkvæmni. Við staðarval skal tekið mið af líklegu þjónustusvæði, fjölda íbúa á svæðinu, kostnaði við stofnun og rekstur og fjarlægð frá öðrum vínbúðum.

25. gr.

Óski sveitarstjórn eftir því að ÁTVR opni vínbúð í sveitarfélaginu, að undangengnu samþykki í almennri kosningu skv. 2. mgr. 10. gr. áfengislaga, skal fara fram athugun á umsókn með hliðsjón af ákvæðum 24. gr. Einnig skal kannað hversu hagkvæmur rekstur vínbúðar í sveitarfélaginu yrði, m.a. með tilliti til áhrifa á hagkvæmni nærliggjandi vínbúða.

Að lokinni könnun skv. 1. mgr. skal stjórn ÁTVR gera tillögu um það, hvernig með umsókn sveitarstjórnar skuli farið og afgreiðsla málsins borin undir ráðherra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu.

26. gr.

Þegar ákvörðun um opnun vínbúðar liggur fyrir skal kanna heppilega staðsetningu hennar innan sveitarfélagsins út frá hagkvæmnissjónarmiðum, öryggissjónarmiðum og öðrum þeim sjónarmiðum er máli kunna að skipta. Skal í því efni haft samráð við viðkomandi lögreglustjóra og sveitarstjórn. Stjórn ÁTVR ákveður staðsetninguna að fengnum tillögum forstjóra.

Við flutning á vínbúð á milli staða innan sveitarfélags skal hafa sama hátt á og lýst er í 1. mgr.

Smásöluálagning og smásöluverð.

27. gr.

Verð á einstökum sölutegundum áfengis skal vera hið sama í öllum vínbúðum ÁTVR.

28. gr.

Verð á áfengi frá vínbúð skal ákveðið þannig að við afhendingarverð frá aðfangadeild, sbr. 2. mgr. 36. gr., skal bætt þeim kostnaði við birgðahald, sem sérstaklega má rekja til mismunandi veltuhraða vöru og mismunandi greiðslukjara gagnvart birgjum. Við þannig ákveðið kostnaðarverð skal bætt álagningu, sem ákveðin er með tilliti til kostnaðar söludeildar og þess að hún skili arði eins og kveðið er á um í 11. gr. Álagningarhlutfallið skal vera hið sama innan hvers álagningarflokks, sbr. 29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að lækka tímabundið smásöluverð vöru sem felld hefur verið úr kjarna, sbr. 15. gr.

29. gr.

Við ákvörðun álagningarhlutfalla skv. 1. mgr. 28. gr. skal áfengi skipt upp í þrjá álagningarflokka, öl, léttvín og aðra áfenga drykki. Hverjum álagningarflokki má skipta upp í undirflokka eftir sölumagni, veltuhraða og eðli vöru. Skal álagning reiknuð fyrir hvern undirflokk um sig og vera hin sama fyrir allar sölutegundir innan hans.

30. gr.

Við sölu á áfengi sem undanþegið er áfengisgjaldi eða ber lækkað áfengisgjald skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, sbr. 13.–16. gr. reglugerðar nr. 477/1995, um áfengisgjald, skal álagning ÁTVR vera hin sama í krónum talin og við sölu á gjaldskyldu áfengi.

31. gr.

Stjórn ÁTVR ákveður verðlagningu á vínanda.

32. gr.

Verð á tóbaki sem ÁTVR selur skal ákveðið með reglum sem fjármálaráðuneytið setur. Verð á neftóbaki sem ÁTVR framleiðir og selur skal ákveðið með sama hætti.

V. KAFLI
Aðfangadeild.

33. gr.

Aðfangadeild hefur með höndum eftirtalin verkefni:

a. Innkaup og innflutning á áfengi og vínanda.
b. Afhendingu á áfengi og vínanda inn á geymslusvæði söludeildar.
c. Innkaup og innflutning á tóbaki til sölu og til neftóbaksgerðar.

34. gr.

Aðfangadeild skal sinna þeim verkefnum sem henni eru falin með það að markmiði að starfsemi deildarinnar sé sem hagkvæmust. Afhendingarverð þeirrar vöru sem deildin afhendir söludeild skal ákveðið þannig að það nægi til að greiða allan rekstrarkostnað deildarinnar.

Innkaup á áfengi.

35. gr.

Aðfangadeild kaupir inn áfengi og vínanda frá innlendum eða erlendum heildsölum eða framleiðendum í samræmi við óskir söludeildar, sbr. 12. gr. Hagkvæmnissjónarmið skulu ráða því af hvaða aðila áfengi er keypt og skal tilboða leitað í innkaup eftir því sem við á.

Við mat á hagkvæmni innkaupa skal miðað við afhendingarverð til söludeildar, eins og það er ákveðið skv. 2. mgr. 36. gr., að viðbættum sérstökum kostnaði við birgðahald, sbr. 1. ml. 1. mgr. 28. gr.

Afhending á áfengi til söludeildar.

36. gr.

Aðfangadeild skal afhenda áfengi inn á geymslusvæði söludeildar í Reykjavík. Þó er heimilt að semja sérstaklega um afhendingu áfengis á öðrum stöðum, sé það hagkvæmt að mati ÁTVR og leiði ekki til hækkunar á dreifingarkostnaði söludeildar.

Reikna skal verð á allt áfengi sem aðfangadeild afhendir söludeild og skal það vera hið sama fyrir hverja sölutegund um sig. Skal verðið nema kostnaði vegna innkaupanna miðað við afhendingu inn á geymslusvæði söludeildar, þ.e. innkaupsverði, flutningskostnaði, áfengisgjaldi og öðrum sérgreindum kostnaði vegna öflunar vörunnar að viðbættu álagi.

Álag skal ákvarðað þannig að það nægi til að greiða kostnað af rekstri aðfangadeildar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.

Stjórnarmenn, forstjóri og allir starfsmenn ÁTVR eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði er þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

38. gr.

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun. Ráðherra staðfestir ársreikning að lokinni endurskoðun.

39. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1995. Ákvæði 13.–20. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. mars 1996.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1995.

Friðrik Sophusson.

Indriði H. Þorláksson.

30. nóvember 1995 Nr. 608

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri, er ráðuneytið staðfesti hinn 22. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 596/1995 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 4/1995 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1996 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 632 7. desember 1994.

Fjármálaráðuneytið, 30. nóvember 1995.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 1995

Nr. 609 1562 1. desember 1995

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á grunnslóð.

1. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru allar línuveiðar bannaðar:

1. Á tímabilinu 5. desember 1995 til 1. mars 1996 á svæði á Faxaflóa, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44'50 N - 23°39'00 V	6. 64°35'00 N - 22°52'00 V
2. 64°41'30 N - 23°39'00 V	7. 64°37'00 N - 22°44'00 V
3. 64°39,00 N - 22°57'00 V	8. Þormóðssker
4. 64°31'00 N - 23°04'00 V	9. 64°27'60 N - 22°11'32 V
5. 64°30'00 N - 22°57'00 V	

Að norðan markast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

2. Á tímabilinu 5. desember 1995 til 31. mars 1996 á svæðum á Húnaflóa, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1:	1.	65°40'00 N - 21°40'00 V
	2.	65°40'00 N - 21°15'00 V
	3.	65°43'50 N - 21°09'00 V
	4.	65°43'50 N - 21°06'00 V
	5.	65°41'00 N - 21°06'00 V
	6.	65°35'50 N - 21°17'50 V
Svæði 2:	1.	65°46'00 N - 21°02'00 V
	2.	65°53'50 N - 20°58'00 V
	3.	65°54'50 N - 20°52'00 V
	4.	65°48'00 N - 20°55'00 V
Svæði 3:	1.	65°29'10 N - 20°59'30 V
	2.	65°45'00 N - 21°00'00 V
	3.	65°45'50 N - 20°55'00 V
	4.	65°51'50 N - 20°48'00 V
	5.	65°51'50 N - 20°38'00 V
	6.	65°40'00 N - 20°38'00 V
Svæði 4:	1.	66°00'00 N - 21°19'00 V
	2.	66°00'00 N - 21°14'00 V
	3.	65°44'00 N - 21°14'00 V
	4.	65°44'00 N - 21°20'60 V
Svæði 5:	1.	66°19'70 N - 22°12'00 V
	2.	66°19'70 N - 21°22'00 V
	3.	66°13'00 N - 21°18'00 V
	4.	66°13'00 N - 21°23'00 V
	5.	65°59'80 N - 21°19'00 V

3. Á tímabilinu 5. desember 1995 til 31. mars 1996 á svæði út af Siglufirði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°04'60 N - 19°21'30 V	6. 66°12'50 N - 19°04'50 V
2. 66°05'00 N - 19°30'50 V	7. 66°13'50 N - 19°04'50 V
3. 66°14'50 N - 19°22'00 V	8. 66°15'00 N - 18°46'00 V
4. 66°14'50 N - 19°15'00 V	9. 66°12'50 N - 18°41'00 V
5. 66°10'00 N - 19°15'00 V	10. 66°09'50 N - 18°41'00 V

Gutenberg

4. Á tímabilinu 5. desember 1995 - 15. mars 1996 á svæði út af Deild sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°04'00 N - 23°47'00 V
2. 66°15'00 N - 24°03'50 V
3. 66°24'50 N - 23°47'00 V
4. 66°12'00 N - 23°28'00 V

Að suðaustan markast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

30. nóvember 1995 Nr. 610

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

2. mgr. 1. töluliðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er þó, þrátt fyrir ofangreint bann, að stunda veiðar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni á eftirgreindum svæðum:

A.
1. 65°36'00 N - 26°35'00 V
2. 65°29'00 N - 26°46'00 V
3. 64°38'00 N - 26°46'00 V
4. 64°38'00 N - 26°54'00 V
5. 65°26'00 N - 26°54'00 V
6. 65°26'00 N - 27°16'00 V
7. 65°36'00 N - 26°55'00 V

B.
1. 64°00'50 N - 26°07'66 V
2. 64°10'00 N - 25°37'00 V
3. 63°53'00 N - 25°07'00 V
4. 63°38'00 N - 25°45'00 V
5. 63°50'00 N - 26°10'00 V

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Ísland, öðlast gildi 2. desember 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 1995

Nr. 611 1564 1. desember 1995

AUGLÝSING

um heimild til innflutnings á vetnisklórflúorkolefnum (HCFC) á árinu 1996

1. gr.

Fyrirtæki sem óska eftir leyfi til að flytja inn vetnisklórflúorkolefni (HCFC) á árinu 1996 í samræmi við d. lið 4. gr. og 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna skulu senda umsóknir til Hollustuverndar ríkisins samkvæmt auglýsingu stofnunarinnar í Lögbirtingablaði þar að lútandi.

2. gr.

Við ákvörðun á magni HCFC til fyrirtækja skal m.a. stuðst við magn HCFC og klórflúorkolefna (CFC) sem flutt var inn til landsins af viðkomandi fyrirtæki árið 1989.

3. gr.

Noti fyrirtæki samkvæmt 1. gr. ekki að fullu úthlutað magn af HCFC er Hollustuvernd ríkisins heimilt að úthluta því magni sem eftir stendur til fyrirtækja sem sótt hafa um heimild til innflutnings samkvæmt 1. gr. og/eða sannanlega flutt inn HCFC og/eða CFC fyrir birtingu auglýsingar þessarar.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 4. gr. og viðauka 2 reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 1. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 612 1. desember 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 564/1989, um undanþágu á virðisaukaskatti vegna góðgerðarstarfsemi.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verður 2. málsl. og orðast svo: Skilyrði fyrir undanþágu er að aðili hafi ekki að öðru leyti með höndum skattskylda starfsemi en kveðið er á um í 2. gr.

b. 2. mgr. orðast svo: Til líknarmála í skilningi reglugerðar þessarar telst öll viðurkennd líknarstarfsemi, sbr. c-lið 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Gutenberg

2. gr

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. 4. málsl. 1. tölul. orðast svo: Skilyrði er að fjárhagsleg áhætta og ábyrgð á starfsemi hvíli á viðkomandi aðila.

b. Í 2. málsl. 2. tölul. falla brott orðin „að aðili hafi að öðru leyti ekki með höndum skattskylda starfsemi og".

c. Við greinina bætist nýr töluliður er verður 3. tölul. og orðast svo: Sala nytjamarkaða á notuðum munum sem söluaðili hefur fengið án endurgjalds og/eða safnað er á sorpeyðingarstöðvum. Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur ekki til launaðrar eigin vinnu. Til skattverðs skal í slíkum tilfellum telja bein laun og annan beinan kostnað auk álags vegna launatengdra gjalda og annars sameiginlegs kostnaðar samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. desember 1995.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

4. desember 1995 Nr. 613

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald, með breytingu skv. reglugerð nr. 480/1995.

1. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Við útreikning áfengisgjalds skv. 4. gr. skal vínandamagn reiknað í sentilítrum með tveimur aukastöfum.

2. gr.

12. gr. reglugerðarinnar, ásamt fyrirsögn, orðast svo:

Bókhald og skráning viðskipta.

Allir, sem eru skráningarskyldir skv. 1. mgr. 3. gr., skulu haga bókhaldi sínu og uppgjöri á áfengisgjaldi þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skila þeirra á áfengisgjaldi.

Gjaldskyldum aðila skv. 1. mgr. 3. gr., sem leyfi hefur til innflutnings og/eða heildsölu á áfengi er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Gjaldskyldum aðila skv. 1. mgr. 3. gr., sem leyfi hefur til framleiðslu á áfengi er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi þarf að koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsókna, rýrnunar og skýringa á henni eða annarra atriða.

Gjaldskyldur aðili skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Gjaldskyldur aðili skal veita skattstjóra upplýsingar um heildarsölu sína skipt niður á viðskiptamenn og tímabil telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um getur í 5. gr. reglugerðar nr. 585/1995, um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni, skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita skattstjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 145/1994, um bókhald, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Á eftir 12. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein ásamt fyrirsögn, er verður 12. gr. A, sem orðast svo:

Eftirlit.

Skattstjóri í því skattumdæmi þar sem starfsstöð gjaldskylds aðila er hefur eftirlit með starfsemi hans samkvæmt reglugerð þessari enda hafi fjármálaráðherra ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á vegum embættis ríkisskattstjóra annist eftirlit þetta.

Gjaldskyldum aðila ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Skal hann láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati skattstjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði hans.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdrar eða gallaðrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni m.a. til veitingahúsa. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett eftirlitsmönnum nánari starfsfyrirmæli.

Um eftirlit skattstjóra og tollstjóra að öðru leyti fer eftir ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og ákvæðum tollalaga nr. 55/1987.

Um almennt eftirlit lögreglu með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis í landinu gilda ákvæði áfengislaga nr. 82/1969, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir 14. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein ásamt fyrirsögn, er verður 14. gr. A, sem orðast svo:

Kaup á áfengi án áfengisgjalds.

Að undangenginni umsókn gjaldskylds framleiðanda, sem tilkynnt hefur starfsemi sína, sbr. 6. gr., og uppfyllir að öðru leyti skilyrði reglugerðar þessarar og reglugerðar nr. 585/1995, um framleiðslu, heildsölu og innflutning áfengis í atvinnuskyni, skal skattstjóri gefa út sérstakt skírteini honum til handa er veitir heimild til þess að flytja inn eða kaupa

innanlands án greiðslu áfengisgjalds áfengi til frekari vinnslu og/eða sölu. Tilgreina skal í skírteini til hvaða vörutegunda og aðvinnslu heimildin tekur. Skírteini þessi skulu gefin út til eins árs í senn.

Noti skírteinishafi vöru, sem hann hefur keypt gegn framvísun skírteinis, á annan hátt en til gjaldskyldrar framleiðslu sinnar eða til framleiðslu á gjaldfrjálsri vöru eða vöru með lækkuðu gjaldi skal hann innheimta og standa skil á áfengisgjaldi af heildarandvirði vörunnar við afhendingu hennar til annars aðila eða við úttekt til eigin nota.

5. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 15. gr. reglugerðarinnar.

Við 1. málslið. 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo:

Sama á við um þá sem selja eða afhenda áfengi til handhafa skírteina skv. 14. gr. A og fallið hafa frá innheimtu áfengisgjalds.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 1995

Nr. 614 1568 22. nóvember 1995

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á tilteknum verkefnum án staðfestingar byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, eftirtalin verkefni:

1. Teikningar vegna brunamála.
2. Teikningar vegna minni háttar útlits- og innréttingabreytinga.
3. Teikningar vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki við framkvæmd.
4. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
5. Umsóknir um trjáfellingar.
6. Útgáfu framkvæmdaleyfis.
7. Viðurkenningu iðnmeistara.
8. Númerabreytingar á lóðum.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

Synji byggingarfulltrúi um afgreiðslu máls skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til hann leggur málið fram í byggingarnefnd.

3. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa, skv. samþykkt þessari, gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978 eftir því sem við á.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu byggingarnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

5. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. og 16. gr. laganna, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytið, 22. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Gutenberg

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu í einkarétti nr. 430/1995.

1. gr.

10. gr. I. kafla orðist svo:

10. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

a) öll símtöl
b) öll símtöl önnur en staðarsímtöl
c) utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og fjöldi teljaraskrefa. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

10.1.	Ársfjórðungsgjald	kr. 150,00
10.2.	Gjald pr. símtal	kr. 1,00

2. gr.

IX. kafli orðist svo:

IX. KAFLI

Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að verða í símaskránni. Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma-, boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstitil og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 350,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.

Póst- og símamálastofnun ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.

Aukalínur undir fyrirtækjaheitum með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
c) tilkynning um beint innval
d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
e) heimilisnúmer starfsmanna
f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
g) eftir lokun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

		Kr.
1.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	350,00
1.2.	Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	350,00
1.3.	Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a–g að framan, hver lína	300,00
1.4.	Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a–g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a–g, hver lína	700,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 180,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73 frá 1984 um fjarskipti sbr. 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, ásamt áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 616 27. nóvember 1995

REGLUR

um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá krana og þann lyftibúnað sem er í notkun eða verður tekinn í notkun eftir gildistöku reglna þessara og fellur ekki undir gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað. Þeir kranar og sá lyftibúnaður sem reglur þessar gilda um er skilgreindur í viðauka I með reglunum.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Þær kröfur sem gerðar eru í reglum þessum um öryggisbúnað eru lágmarkskröfur og því heimilt að nota annan búnað sem að mati Vinnueftirlits ríkisins er jafn góður eða betri.

3. gr.

Grindarbómukranar.

1. Grindarbómukranar skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á grindarbómukrönum skal vera hallamælir fyrir bómu sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti og sjálfvirkur útsláttur á bómuhífingu sem kemur í veg fyrir að bóman verði reist meira en leyfilegt er.

3. Á bómu og framlengingarbómu grindarbómukrana skal vera öryggi sem hindrar að bómur geti farið afturyfir sig.

4. Á grindarbómukrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu, eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki, áður en krókurinn er kominn of nærri bómuhausnum.

4. gr.

Kranar með skotbómu.

1. Kranar með skotbómu skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.

2. Á krönum með skotbómu skal vera hallamælir fyrir bómu og bómulengdarmælir sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti.

3. Á krönum með skotbómu skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki áður en krókur eða blökk er komin of nærri bómuhausnum.

5. gr.

Byggingakranar.

1. Byggingakranar skulu vera með yfirátaksvörn og vægisrofa sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er miðað við fjarlægð byrðar frá snúningsmiðju kranans.

2. Í byggingakrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum eða hlaupaketti kranans og búnaður sem kemur í veg fyrir að vírnum sé slakað of mikið út af vindunni.

3. Byggingakranar, sem eru með breytilegan bómuhalla, skulu vera með sjálfvirka stöðvun fyrir mesta og minnsta leyfilegan halla bómunnar.

4. Byggingakranar sem ganga á braut skulu vera með útsláttarrofa sem stöðvar kranann áður en hann kemur að endastoppi og flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni.

6. gr.

Hafnarkranar.

1. Hafnarkranar skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í hafnarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók eða blökk í öruggri fjarlægð frá bómuhaus eða vindu kranans.

3. Hafnarkranar sem ganga á braut skulu vera með flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni. Brautir, sem hafnarkranar eru á, skulu vera með endastoppi.

7. gr.

Brúkranar, hlaupakettir og talíur.

1. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta með þeim þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með hæðarstoppi sem kemur í veg fyrir að hægt sé að hífa krókinn of nærri vindunni og stöðvunarbúnaði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að slaka lyftivír eða keðju of mikið út af henni.

3. Eigendur eða umráðamenn brúkrana, hlaupakatta og talía, sem eingöngu eru notaðar við framleiðslustörf, geta sótt um undanþágu frá ákvæðum í 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins. Undanþágu má veita fyrir lyftibúnað með allt að 5000 kg lyftigetu. Staðfest skal að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

8 gr.

Löndunarkranar.

1. Löndunarkranar skulu vera með yfirátaksvörn sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lyfta þyngri byrði en leyfilegt er.

2. Í löndunarkrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar krók í öruggri fjarlægð frá bómuhausnum.

3. Vindur á löndunarkrönum skulu vera með vélrænum hemlum eða þannig gerðar að byrði geti ekki sigið eða fallið þótt aflfærsla til vindunnar rofni.

9. gr.

Ýmis ákvæði.

1. Á spori fyrir krana sem ganga eftir ákveðinni braut skal vera endastopp sem tryggir að kraninn geti ekki farið útaf enda sporsins. Einnig skal vera búnaður á krananum til að festa hann, sé hætta á að hann renni til á sporinu vegna ytri áhrifa. Séu tvö eða fleiri lyftitæki á sömu braut eða spori skulu vera á þeim nálgunarrofar til að koma í veg fyrir árekstur.

2. Byggingakranar og allir aðrir kranar sem eru með stjórnhúsi skulu vera með flautu.

3. Allir kranar skulu merktir hámarkslyftigetu og aðrir kranar en brúkranar og löndunarkranar skulu vera með greinilega lyftitöflu úr varanlegu efni.

10. gr.

Krókar.

1. Allir krókar sem notaðir eru við hífingar skulu vera með króköryggi eða þannig búnir að ásláttarbúnaður geti ekki losnað úr þeim óvart.

2. Hægt er að veita undanþágu frá ákvæði 1.mgr. þessarar greinar ef staðfest er að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öryggisbúnaður sá sem reglur þessar kveða á um skal vera kominn í alla krana og þann lyftibúnað, sem reglurnar gilda um, fyrir 1. apríl 1996.

12. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I
Skilgreining hugtaka:

Krani: Vinnuvél sem getur lyft byrði sem ekki er í stýringum, slakað henni, flutt hana til hliða og að sér og frá.

Lyftibúnaður: Vélknúinn lyftibúnaður sem gerður er til að lyfta byrði sem ekki er í stýringum og slaka henni.

Farandkrani: Krani sem getur flutt sig til með eigin vélarafli og hefur ekki takmarkaða akstursstefnu.

Grindarbómukrani: Farandkrani á hjólum eða beltum með bómu sem sett er saman úr einingum sem byggðar eru upp af langböndum og skástífum.

Krani með skotbómu: Farandkrani með bómu sem sett er saman úr einingum sem ganga hver inn í aðra og hægt er að lengja eða stytta með vökvatjökkum.

Byggingakrani: Staðbundinn krani eða krani á braut sem er með bómu í fastri stöðu eða með breytanlegum halla.

Hafnarkrani: Staðbundinn krani eða krani á spori með meiri lyftigetu en 3.500 kg.

Brúkrani: Krani á braut sem getur lyft byrði, slakað, flutt hana til hliðanna og fram og aftur.

Hlaupaköttur: Lyftibúnaður á braut sem getur lyft byrði, slakað henni og flutt hana fram og til baka.

Talía: Staðbundinn lyftibúnaður sem getur lyft byrði og slakað henni.

Löndunarkrani: Staðbundinn krani eða krani á braut sem getur lyft byrði, slakað henni, flutt hana til og er ekki með meiri lyftigetu en 3.499 kg.

Hallamælir bómu: Mælir sem sýnir halla kranabómu í gráðum.

Hæðarstopp: Búnaður sem stöðvar hífingu á fyrir fram ákveðnum stað.

Endastopp: Búnaður sem stöðvar færslu krana eða lyftibúnaðar eftir braut eða spori.

Bómulengdarmælir: Mælir sem gefur til kynna lengd bómu á hverjum tíma.

Bómuhaus: Fremsti hluti kranabómu.

Framlengingarbóma: Aukabóma sem notuð er til að framlengja aðalbómu.

Skotbóma: Kranabóma sem sett er saman úr einingum sem geta gengið hver inn í aðra.

Vægi: Margfeldi af armi og þyngd. Þegar fjallað er um krana er vægi gefið upp í tonn x metrar, skammstafað tm.

Vægisrofi: Rofi sem skynjar vægi og stöðvar aðgerðir sem auka vægi.

Útsláttur: Búnaður sem takmarkar ákveðnar aðgerðir með því að stöðva á fyrir fram ákveðnum mörkum.

Lyftitafla: Tafla sem gefur til kynna hámarkslyftigetu við mismunandi lengd á bómu og halla hennar.

Yfirátaksvörn: Öryggisbúnaður sem annaðhvort tekur völd af stjórnanda krana þannig að hann getur ekki framkvæmt neinar aðgerðir sem auka átak á kranann, eða gefa honum ljós- eða hljóðmerki um að ekki megi auka átak á hann.

Nálgunarrofar: Rofar sem stöðva brautarfærslu krana eða hægja mjög á henni þegar hann er kominn í ákveðna fjarlægð frá öðrum krana eða ákveðnum punkti.


Ásláttarbúnaður: Stroffur eða annar búnaður sem notaður er til að lyfta vöru og tengja hana við krók kranans.

Króköryggi: Öryggisbúnaður á lyftikrók, sem koma á í veg fyrir að ásláttarbúnaður geti losnað úr honum fyrir vangá.


Vinda: Vélknúinn búnaður sem snýr strengjum upp á sig og rekur þá út af sér.

Snúningsmiðja: Hugsaður ás sem krani snýst um.


VIÐAUKI II
Skilgreining á krönum og lyftibúnaði.
Skýringarmyndir:




Grindarbómukrani




Krani með skotbómu







Byggingarkranar




Hafnarkrani



Hlaupaköttur



Brúkrani



Löndunarkrani

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans á Neskaupstað á tilteknum verkefnum án afgreiðslu byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Neskaupstað afgreiðir, án samþykkis byggingarnefndar, mál er varða sérbýlishús, þ.e.a.s. einbýlis-, par- og raðhús, viðbyggingar og minni mannvirki er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða, breytingar á innra skipulagi mannvirkja, rétta notkun húsa, niðurrif húsa, löggildingar iðnmeistara og minni háttar útlitsbreytingar.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari sem ábyrgð ber hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók byggingarnefndar en ekki tekin þar til afgreiðslu. Í gerðabók byggingarnefndar skal koma fram hver sækir um byggingarleyfi (byggingarfulltrúaleyfi), hvað verið er að byggja og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

4. gr.

Hafi byggingarnefnd athugasemdir fram að færa við afgreiðslu byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari getur hún breytt afgreiðslu málsins að öðru leyti en því að útgefið byggingarleyfi gildir eins og byggingarfulltrúi afgreiðir það.

5. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990, eftir því sem við á.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa getur hann skotið málinu til byggingarnefndar og fer um meðferð kærumála samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sömu laga sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytið, 21. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Gerðahreppi.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Gerðahreppi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar sveitarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími skal vera frjáls, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

3. gr.

Þeir sem vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 23:00 til kl. 07:00 skulu sækja um sérstakt leyfi til hreppsnefndar. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24:00. Til hreppsnefndar skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 4. gr.

4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a. Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
b. Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. og 7. gr.
c. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, útiskemmtunum og á slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er getur í 2. gr. Þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í sveitarsjóð samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel

úr hendi, getur hreppsnefnd svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. nóvember 1995 Nr. 619

AUGLÝSING

um umferð í Akureyri.

Að fengnum tilllögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hér með ákveðið, að Laugargata norðan Skólastígs verði vistgata.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 15. nóvember 1995.

Elías I. Elíasson.

28. nóvember 1995 Nr. 620

REGLUGERÐ

á grundvelli 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

1. gr.

Með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og honum hefur verið breytt með lögum nr. 70/1993, skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en Íslands njóta sama réttar og íslenskir ríkisborgarar til að reka hér iðnað, handiðnað og verksmiðjuiðnað. Eru þeir samkvæmt því undanþegnir skilyrði um íslenskt ríkisfang og þurfa eigi fremur en íslenskir ríkisborgarar að hafa búsetu hér á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, sbr. lög nr. 70/1993, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 28. nóvember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

REGLUR

um vinnu með krabbameinsvaldandi efni.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið með reglum þessum er að draga úr hættu á að starfsmenn sem vinna með krabbameinsvaldandi efni verði fyrir heilsutjóni af þeirra völdum.

2. gr.

Gildissvið.

Þessar reglur gilda um starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efni.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum reglum merkir *krabbameinsvaldandi efni*:

a. efni sem eru í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.
b. efni sem fengið hefur áhættumerkinguna R 45 (getur valdið krabbameini) í I. viðauka við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni með síðari breytingum.
c. efni, efnablöndu eða vinnslu sem um getur í I. viðauka, sem og efni eða efnablöndu sem leysist úr læðingi við vinnslu af því tagi sem um getur í I. viðauka.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekanda.

4. gr.

Mat á hættu.

Þegar líklegt er að starfsemi hafi í för með sér hættu vegna vinnu með krabbameinsvaldandi efni skal atvinnurekandi ætíð ákvarða eða láta ákvarða eðli og stig mengunar og hve lengi starfsmenn verða fyrir henni, til að hægt sé að meta hvaða hætta er búin heilsu og öryggi starfsmanna og ákveða til hvaða ráðstafana á að grípa. Matið verður að fara fram með reglubundnu millibili og ætíð ef breyting verður á þeim aðstæðum sem geta skipt máli varðandi mengun sem starfsmenn verða fyrir vegna krabbameinsvaldandi efna. Atvinnurekanda er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati, fari það fram á það. Þegar áhættan er metin skal enn fremur hafa í huga alla aðra umtalsverða mengun, t.d. er getur haft skaðleg áhrif á húð.

Við mat það sem um getur í 1. mgr. þessarar gr. ber atvinnurekanda að huga sérstaklega að áhrifum á heilsu eða öryggi sérstakra áhættuhópa, og skal hann meðal annars taka mið af því að æskilegt er að þeir, sem til slíkra áhættuhópa teljast, séu ekki við vinnu þar sem þeir kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum.

5. gr.

Dregið úr notkun efna eða önnur notuð í staðinn.

Atvinnurekandi skal draga úr notkun krabbameinsvaldandi efna á vinnustað, meðal annars með því að nota þess í stað, eftir því sem er tæknilega raunhæft, efni, efnablöndu eða vinnslu, sem við þær aðstæður er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu starfsmanna eða öryggi, eftir því sem við á.

Ekki er leyfilegt að nota efni í flokki A eða B í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun nema að fenginni undanþágu eða leyfi hjá Vinnueftirliti ríkisins.

6. gr.

Komið í veg fyrir mengun og dregið úr henni.

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin verður að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun. Sé ekki tæknilega raunhæft að nota í stað krabbameinsvaldandi efna efni, sem eru síður hættuleg, skal atvinnurekandi tryggja að hin krabbameinsvaldandi efni séu notuð í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem það er tæknilega raunhæft. Ef lokað kerfi er ekki tæknilega raunhæft skal atvinnurekandi tryggja að starfsmenn verði fyrir eins lítilli mengun efna og kostur er.

Þegar krabbameinsvaldandi efni eru notuð skal atvinnurekandi gera eftirfarandi ráðstafanir:

a. takmarka magn krabbameinsvaldandi efna á vinnustað;
b. sjá til þess að sem fæstir starfsmenn verði fyrir mengun eða kunni að verða fyrir mengun af efnunum;
c. haga vinnu og eftirliti þannig að komist sé hjá því að krabbameinsvaldandi efni berist út á vinnustað, eða slíku sé haldið í lágmarki;
d. fjarlægja krabbameinsvaldandi efni þar sem þau eiga upptök sín, með afsogsbúnaði á staðnum eða almennri loftræstingu, með þeim hætti sem við á og sem samræmist nauðsyn þess að vernda heilsu almennings og umhverfið;
e. nota tiltækar aðferðir sem við eiga til að mæla krabbameinsvaldandi efni, einkum til að uppgötva í tíma ef starfsmenn verða fyrir óeðlilegri mengun af völdum ófyrirsjáanlegs atburðar eða slyss;
f. beita starfsháttum og vinnuaðferðum sem við eiga;
g. gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt og/eða, sé ekki með öðrum ráðum hægt að komast hjá því að þeir verði fyrir mengun, ráðstafanir til að vernda einstaklinga;
h. gera hreinlætisráðstafanir, einkum að sjá til þess að gólf, veggir og aðrir fletir séu þrifnir reglulega;
i. fræða starfsmenn um þessi mál;
j. hafa hættusvæði afmörkuð og viðvörunar- og öryggisskilti fullnægjandi, þar á meðal skilti um bann við reykingum á stöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum;
k. gera áætlanir um viðbrögð í neyðartilvikum er leitt geta til þess að menn verði fyrir óeðlilega mikilli mengun;
l. að sjá til þess að geymsla, meðhöndlun og flutningur sé með öruggum hætti, einkum með því að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt;

m. að sjá til þess að starfsmenn safni saman úrgangi, geymi hann og fargi honum á öruggan hátt, þar á meðal að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt.

7. gr.

Upplýsingar til Vinnueftirlits ríkisins.

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin, ber atvinnurekanda, ef farið er fram á það, að veita Vinnueftirliti ríkisins viðeigandi upplýsingar, sbr. 82. gr. laga nr. 46/1980 um eftirfarandi:

a. þá starfsemi og/eða iðnað sem um er að ræða, þar með taldar ástæður þess að krabbameinsvaldandi efni eru notuð;
b. magn af efnum eða efnablöndum sem framleiddar eru eða notaðar og innihalda krabbameinsvaldandi efni;
c. hve margir starfsmenn verða fyrir mengun;
d. hvaða forvarnarráðstafanir eru gerðar;
e. hvaða gerðir persónuhlífa eru notaðar;
f. eðli og umfang mengunarinnar;
g. hvar unnt væri að nota önnur efni í staðinn.

8. gr.

Ófyrirséð mengun.

Ef ófyrirsjáanlegt atvik eða slys verður, þannig að líklegt er að starfsmenn verði fyrir óeðlilegri mengun er atvinnurekanda skylt að upplýsa þá um það. Þar til eðlilegt ástand er aftur komið á og komist hefur verið fyrir orsakir mengunarinnar gildir eftirfarandi:

a. einungis þeim starfsmönnum, sem nauðsyn ber til að starfi að viðgerðum og öðrum nauðsynlegum verkefnum, er heimilt að vinna á svæðinu sem um ræðir;
b. skylt er að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir mengun lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá;
c. óvörðum starfsmönnum skal ekki leyft að vinna á svæðinu sem um ræðir.

9. gr.

Fyrirséð mengun.

Við tiltekin verk á borð við viðhald, þar sem búast má við að starfsmenn verði fyrir verulega meiri mengun en ella og þar sem gripið hefur verið til allra tiltækra, tæknilegra forvarnarráðstafana til að þeir verði fyrir sem minnstri mengun, ber atvinnurekanda að ákvarða hvaða ráðstafanir þarf að gera til að starfsmenn verði fyrir mengun í sem allra skemmstan tíma og þeim sé tryggð vernd á meðan þeir eru að fást við verkin. Ákvarðanir skulu teknar að höfðu samráði við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekandans.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. er atvinnurekanda skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera meðan þeir verða fyrir óeðlilegri mengun. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir mengun lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svæði þau þar sem verkin sem nefnd eru í 1. mgr. þessarar gr. eru unnin, séu greinilega afmörkuð og auðkennd eða að komið sé í veg fyrir með öðru móti að aðrir hafi aðgang að svæðunum en þeir sem til þess hafa heimild.

10. gr.

Aðgangur að hættusvæðum.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að svæðunum, þar sem niðurstöður matsins sem getið er í 1. mgr. 4. gr. gefa til kynna að öryggi eða heilsu starfsmanna sé hætta búin, heldur en starfsmenn þeir sem vegna vinnu sinnar eða verkefna þurfa um þau að fara.

11. gr.

Hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna.

Við hvers kyns starfsemi sem hefur í för með sér hættu á mengun af krabbameinsvaldandi efnum er atvinnurekendum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

a. að starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar og reyki ekki á vinnusvæðum þar sem hætta er á mengun af krabbameinsvaldandi efnum;
b. að starfsmönnum sé séð fyrir hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi og að aðskildar geymslur séu ætlaðar fyrir vinnu- eða hlífðarföt, svo og venjuleg ígangsklæði;
c. að starfsmönnum sé séð fyrir nægri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu;
d. að hlífar séu geymdar á réttan hátt á vísum stað og þær séu athugaðar og þrifnar, fyrir notkun ef það er unnt og skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar. Einnig skal gert við bilaðar hlífar eða skipt um þær áður en þær eru notaðar frekar.

Kostnaður af ráðstöfunum þeim er fjallað er um í þessari grein má ekki leggjast á starfsmenn.

12. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn og þjálfun þeirra.

Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og upplýsingar og leiðbeiningar um eftirfarandi:

a. hugsanlegt heilsutjón, þar á meðal aukna hættu vegna tóbaksnotkunar;
b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir mengun;
c. hreinlætiskröfur;
d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar;
e. ráðstafanir sem starfsmönnum, að meðtöldum björgunarmönnum, ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir þau.

Atvinnurekanda er skylt að upplýsa starfsmenn um búnað og ílát sem innihalda krabbameinsvaldandi efni. Tryggja að öll slík ílát, umbúðir og búnaður sé greinilega og áberandi merktur og í samræmi við reglur nr. 236/1990 og enn fremur að setja upp viðvörunarskilti sem sjást greinilega.

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

a. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins geti fylgst með því hvort farið sé að reglum þessum eða séu hafðir með í ráðum við framkvæmd þeirra, einkum með tilliti til hvaða afleiðingar val og notkun hlífðarfatnaðar og hlífa hefur á öryggi og heilsu starfsmanna, en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekanda á því að ákvarða gagnsemi

hlífðarfatnaðarins og hlífanna og ráðstafana sem atvinnurekandi gerir og nefndar eru í 1. mgr. 9. gr., en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekanda á því að ákveða slíkar ráðstafanir;

b. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins fái vitneskju um það ef menn verða fyrir óeðlilegri mengun, þar með talin mengun af því tagi sem um getur í 9. gr., eins skjótt og framast er unnt, svo og um orsakir hennar og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar til að ráða bót á ástandinu ef upplýsingar þar um eru fyrir hendi;

c. að haldin sé skrá yfir starfsmenn er vinna verk sem matið, sem nefnt er í 1. mgr. 4. gr., leiðir í ljós að eru hættuleg heilsu eða öryggi, og skal mengunin, sem þeir hafa orðið fyrir, tilgreind í skránni;

d. að læknir og/eða Vinnueftirlit ríkisins hafi aðgang að skránni sem getið er um í c-lið 3. mgr. þessarar greinar;

e. að hver starfsmaður hafi aðgang að þeim upplýsingum í skránni er varða hann sérstaklega;

f. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins hafi aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast einstaklingum.

13. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Heilsueftirlit.

Atvinnurekandi skal skipuleggja viðeigandi heilsueftirlit leiði matið, sem nefnt er í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé stefnt í hættu. Starfsmaður skal geta gengist undir viðeigandi heilsueftirlit áður en hann hefur störf þar sem hann verður fyrir mengun og með reglulegu millibili eftir það. Þegar niðurstöður heilsueftirlits gefa tilefni til skal þegar í stað gera ráðstafanir til að draga úr mengun og auka persónulegt hreinlæti. Ef eitthvað óeðlilegt hrjáir starfsmann, og grunur leikur á að það stafi af því að hann hafi orðið fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efni, er lækni eða Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum lögbærum yfirvöldum heimilt að krefjast þess að aðrir starfsmenn sem hafa unnið við sömu aðstæður gangist undir heilsueftirlit. Í þessum tilvikum ber að endurmeta hættu vegna mengunar í samræmi við 1. mgr. 4. gr.

Við framkvæmd heilsueftirlits skal rita skýrslu um heilsufarssögu einstaklings og ber lækni eða Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum lögbærum yfirvöldum að leggja fram tillögur um til hvaða verndar- eða forvarnarráðstafana skuli gripið með tilliti til einstakra starfsmanna. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráð um heilsueftirlit sem þeir eiga kost á þegar þeir verða ekki lengur fyrir mengun. Starfsmenn skulu hafa aðgang að niðurstöðum heilsueftirlits er varðar þá sjálfa í samræmi við gildandi lög og reglur. Hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda er heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsueftirlits verði endurmetnar í samræmi við gildandi lög og reglur. Tillögur um framkvæmd heilsueftirlits með starfsmönn-

um eru lagðar fram í II. viðauka. Tilkynna ber Vinnueftirliti ríkisins um öll krabbameinstilfelli sem álitin eru stafa af krabbameinsvaldandi efnum á vinnustað.

Að öðru leyti skal heilsueftirlit vera í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðanir og heilsueftirlit.

15. gr.

Varðveisla skráa.

Geyma ber skrána sem um getur í c-lið, 3. mgr. 12. gr. og skýrslurnar um heilsufarssögu einstaklinga, sem nefndar eru í 4. mgr. 14. gr., í 40 ár hið minnsta eftir að starfsmaður verður ekki lengur fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal koma skjölunum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Varðveisla á skránum og heilsufarsskýrslum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

16. gr.

Mengunarmörk.

Mengunarmörk fyrir þau efni sem leyfilegt er að nota og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint eru tilgreind í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

IV. KAFLI

Áfrýjun úrskurða, refsiákvæði, gildistaka.

17. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

18. gr.

Refsiákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

19. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 90/394, viðauka XVIII, 14. tölulið um verndun starfsmanna gegn áhættu af krabbameinsvaldandi efnum á vinnustað. Reglurnar sem öðlast gildi 1. janúar 1996 staðfestast hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI
Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli þar sem hætta er á krabbameini.
(c-liður 3. gr.)

1. Áramínframleiðsla.
2. Störf þar sem menn geta orðið fyrir mengun af arómatískum fjölhringa kolvetnum úr sóti, tjöru, biki, reyk eða steinkolaryki.
3. Störf þar sem menn geta orðið fyrir mengun af ryki, reyk eða gufum sem myndast við glæðingu og rafgreiningu á nikkelgrýti.
4. Framleiðsla á ísóprópanóli þar sem sterk sýra er notuð.

II. VIÐAUKI
Hagnýt ráð um framkvæmd heilsueftirlits með starfsmönnum.
(2. mgr. 14. gr.)

Læknir og/eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsueftirliti með starfsmönnum sem geta orðið fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers þeirra.

Heilsueftirlit með starfsmönnum skal framkvæmt í samræmi við reglur og venjur í atvinnusjúkdómafræði, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:

a. að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
b. persónulegu viðtali,
c. líffræðilegum mælingum, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir en kveðið er á um í 2. mgr. þessa viðauka, fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsueftirliti, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.

STJÓRNARTÍÐINDI B 113 – 1995

8. desember 1995 1585 Nr. 622

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 582/1995, um skráningu og útgáfu markaðsleyfa samhliða lyfja.

1. gr.

4. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Lyfjanefnd ríkisins er jafnframt heimilt, ef sérstök ástæða er til, að setja fram ákveðnar kröfur sem uppfylla þarf áður en veitt er markaðsleyfi fyrir samhliða lyfi.

2. gr.

Í stað orðsins „skráningu“ í 15. gr. reglugerðarinnar kemur: skráningar.

3. gr.

2. mgr. 24. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Falli niður markaðsleyfi viðkomandi sérlyfs hér á landi af viðskiptalegum ástæðum, getur lyfjanefnd ríkisins veitt heimild til að framlengja markaðsleyfi samhliða lyfs tímabundið.

4. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Lyfjanefnd ríkisins tilkynnir hlutaðeigandi markaðsleyfishafa eða umboðsmanni hans, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Lyfjaeftirliti ríkisins um útgáfu markaðsleyfa og niðurfellingu þeirra, sbr. ákvæði 19. - 21. gr., 23. gr. og 24. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Rannveig Gunnarsdóttir.

8. desember 1995 Nr. 623

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 408/1995 um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 16 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr. / kg
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	11.12.-31.12.	ótilgr.	0	470

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 624 7. desember 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo: Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiðiferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum, að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslið, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

2. gr.

1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum, sem Fiskistofa leggur til. Skal skýrslum skilað fyrir hvert fiskveiðiár, en útgerðir fullvinnsluskipa skulu þó að lokinni hverri veiðiferð skila sérstakri skýrslu um afla.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði 1. gr. gildir um afla, sem landað er eftir 31. desember 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 114 – 1995

6. desember 1995 1587 Nr. 625

REGLUGERÐ

um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu á Íslandi.

1. gr.

Með EES - lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem hefur, í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES-ríki), rétt til að stunda sérhæfð þjónustustörf á sviði lögfræði og til að kalla sig einhverju eftirtalinna starfsheita:

Austurríki:	Rechtsanwalt	Liechtenstein:	Rechtsanwalt
Belgía:	Avocat - Advocaat	Luxembourg:	Avocat - Avoué
Danmörk:	Advokat	Noregur:	Advokat
Finnland:	Asianajaja - Advokat	Portúgal:	Advogado
Frakkland:	Avocat	Spánn:	Abogado
Grikkland:	Dikigoros	Stóra Bretland:	Advocate
Holland:	Advocaat		Barrister
Írland:	Barrister		Solicitor
	Solicitor	Svíþjóð:	Advokat
Ítalía:	Avvocato	Þýskaland:	Rechtsanwalt

Með heimalandi er í reglugerð þessari átt við það EES-ríki þar sem viðkomandi hefur rétt til að starfa sem sérfræðingur undir einhverju ofangreindra starfsheita.

2. gr.

Þegar EES-lögmaður starfar tímabundið hér á landi skal starfsemi hans vera í samræmi við ákvæði 3. gr. og 2. og 4. mgr. 4. gr tilskipunar ráðsins nr. 77/249/EBE um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu.

3. gr.

Íslenskir dómstólar og stjórnsýsluaðilar geta krafið þann sem kynnir sig sem EES-lögmann um gögn sem sanna að hann hafi í heimaríki sínu rétt til að starfa undir einhverju af þeim starfsheitum sem greinir í 1. gr. Er honum þá ekki heimilt að sinna þjónustustarfi fyrr en hann hefur lagt fram tilskilin gögn.

4. gr.

Við þá dómstóla þar sem einkaréttur til málflutnings gildir má EES-lögmaður einungis starfa að málflutningi í samvinnu við héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmann.

Gutenberg

Ef EES-lögmaður, sem hyggst annast málflytjendastarf við dómstól þar sem einkaréttur til málflutnings gildir ekki, hefur að mati dómara ekki nægjanlegt vald á íslenskri tungu, skal hann starfa að málflutningnum í samvinnu við aðila sem telst fullnægja skilyrðum til málflutnings fyrir dómstólnum samkvæmt IV. kafla laga um málflytjendur.

Dómstóll getur úrskurðað að EES-lögmanni sé óheimilt að annast málflytjandastarf ef það samrýmist ekki öryggi ríkisins.

5. gr.

EES-lögmenn skulu í störfum sínum hér á landi hlíta í hvívetna sömu starfsreglum og íslenskum lögmönnum og málflytjendum ber að fara eftir samkvæmt íslenskum lögum að undanskildum skilyrðum um búsetu eða skráningu í fagfélag.

Ákvæði laga um málflytjendur gilda um sviptingu leyfis EES-lögmanna til starfa hér á landi.

Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna heimaríki viðkomandi EES-lögmanns um allar ákvarðanir varðandi leyfissviptingu hér á landi.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, sbr. 5. gr. laga nr. 133/1993, svo og með hliðsjón af 2. tölul. VII. viðauka EES-samningsins (tilskipun 77/249/EBE), öðlast þegar gildi.

EBE tilskipunin, sem vísað er til, er birt í sérritinu EES gerðir S 34, bls. 9 - 10, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C - deild Stjórnartíðinda.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 626 6. desember 1995

REGLUR

um fjárvörslur lögmanna o.fl.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendur sína, skal halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin fé og jafnframt er honum skylt að veita stjórn L.M.F.Í. upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

2. gr.

Reglur þessar taka til lögmanna, sem varðveita í eigin nafni fjármuni fyrir hönd umbjóðenda sinna. Gilda þær bæði um fjárvörslur sjálfstætt starfandi lögmanna og lögmanna, sem starfa hjá lögaðilum, enda hafi lögaðilinn með höndum starfsemi, sem er sambærileg hefðbundnum störfum lögmanna.

Þar sem í reglum þessum er fjallað um lögmenn er einnig átt við lögaðila skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

II. KAFLI
Vörslufé.

3. gr.

Lögmaður, sem varðveitir fé umbjóðanda síns, skal færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign umbjóðandans á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem lögmaðurinn tekur við til varðveislu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu kostnaðar og tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og þóknunar lögmannsins. Lögmanni er ekki skylt að færa á reikninginn fé, sem hann tekur við og skilar samdægurs.

Þá skal lögmaður færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innistæður allra umbjóðenda hans á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra umbjóðenda.

4. gr.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innistæðu á reikningi skv. þessari grein og er innistæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innistæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

5. gr.

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til stjórnar L.M.F.Í., sem hún metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

a) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við lögmann eða nota innistæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum umbjóðendum hans.
b) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá lögmanni. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun eins og bókhaldsgögn.
c) Banka eða sparisjóði er skylt að senda stjórn L.M.F.Í. staðfest yfirlit yfir stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem stjórnin kallar eftir slíku yfirliti.
d) Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að stjórn L.M.F.Í. stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem stjórn L.M.F.Í. tilnefnir.

6. gr.

Lögmaður skal, án ástæðulauss dráttar, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu skv. 3. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

7. gr.

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

a) fé greiðist til umbjóðanda eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd;
b) lögmaður á fé hjá umbjóðanda samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
c) rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

8. gr.

Lögmaður skal á minnst 3ja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innistæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal hann bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda hans samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innistæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum lögmanns skv. fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna afstemmingu fjárvörslureiknings í banka og bókhaldi, skal lögmaður varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI
Verðbréf í vörslu lögmanna.

9. gr.

Lögmaður, sem varðveitir og hefur umsýslu með verðbréfum fyrir umbjóðendur sína eða hefur heimild til að ráðstafa verðbréfum, innistæðum á bankareikningum o.þ.h. í eigu þriðja aðila, skal halda skrá um verðmæti þessi. Skráningarskyldan nær til verðbréfa og inn- og útlánsreikninga í hvers kyns inn- og útlánastofnunum og nær því m.a. til skuldabréfa, hlutabréfa, hlutdeildarskírteina, svo og banka-, sparisjóða- og gíróreikninga, þ.m.t. yfirdráttarreikninga.

Skrá skv. 1. mgr. skal vera nákvæm og í henni skýr sundurgreining verðmætanna, þar sem glöggt megi sannreyna frá hverjum þau stafa og hver sé eigandi þeirra. Verðmæti þessi skulu aðgreind frá eigin fé lögmanns.

10. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal lögmaður senda þeim umbjóðendum sínum, sem hann annast umsýslu fyrir skv. 9. gr., skrá og upplýsingar um verðbréf þessi og fjármunahreyfingar vegna þeirra. Gögnin skulu vera fyrir síðast liðið almanaksár og staðfest með dagsetningu og nafnritun lögmanns. Lögmaður skal varðveita afrit af útsendum upplýsingum skv. þessari grein eins og önnur bókhaldsgögn.

IV. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Lögmaður, sem reglur þessar taka til, skal fyrir 1. júlí ár hvert senda stjórn L.M.F.Í., á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári sé ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi. Á sama tíma skal lögmaður senda stjórn L.M.F.Í. samantekt og niðurstöðutölur skrár skv. 9. gr., staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Lögmaður sem opnar nýja lögmannsskrifstofu eða tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið, skal tilkynna það stjórn L.M.F.Í. innan mánaðar.

Áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að lögmaður hefur rekstur lögmannsskrifstofu skal hann senda stjórn L.M.F.Í. yfirlýsingu um heildarfjárhæð vörslufjár fyrir umbjóðendur sína, miðað við dagsetningu sem stjórnin ákveður.

Lögmaður sem tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið skal auk framangreinds tilkynna stjórn L.M.F.Í. innan mánaðar að hann hafi yfirfarið og sannreynt rétta stöðu fjárvörslureikninga og verðbréfa skv. III. kafla sem hann tók við en ella tilkynna um frávik.

Tilkynningar skv. þessari grein skulu útbúnar og staðfestar með sama hætti og tilkynningar skv. 11. gr.

13. gr.

Stjórn L.M.F.Í. getur hvenær sem er krafist þess að lögmaður láti henni í té, með fyrirvara sem stjórnin ákveður, yfirlýsingu og fylgigögn, sem getið er í 11. og 12. gr.

14. gr.

Ef færslu og meðferð lögmanns á fjárvörslureikningi eða verðbréfum er ábótavant eða brjóti lögmaður á annan hátt í bága við reglur þessar um meðferð vörslufjár og verðbréfa getur stjórn L.M.F.Í. krafist þess af lögmanni að hann sendi stjórninni ársfjórðungslega eða oftar yfirlýsingu og nauðsynleg fylgigögn um vörslufé fyrir umbjóðendur sína.

15. gr.

Þegar svo stendur á, sem lýst er í 14. gr., eða stjórn L.M.F.Í. telur sérstaka ástæðu til, getur hún ákveðið að fela trúnaðarendurskoðanda sínum að rannsaka hvort lögmaður fari eftir reglum þessum og fullnægi bókhaldslögum að öðru leyti. Gefi rannsókn tilefni til getur stjórn L.M.F.Í. ákveðið að honum sé óheimilt að ráðstafa innistæðum á fjárvörslureikningum eða verðbréfum, nema með leyfi trúnaðarmanns, sem stjórnin tilnefnir.

16. gr.

Lögmanni, sem stjórn L.M.F.Í. hefur ákveðið að beina rannsókn að eða tilkynningum til, er skylt að láta stjórninni eða trúnaðarmanni hennar í té allar upplýsingar um rekstur sinn og efnahag, sem krafist kann að verða, svo og að veita aðgang að öllum bókhaldsgögnum og öðrum gögnum, sem sá, sem rannsókn annast, telur hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

17. gr.

L.M.F.Í. ber kostnað við rannsókn skv. 15. og 16. gr.

18. gr.

Gerist lögmaður brotlegur við ákvæði reglna þessara og sinnir ekki áskorun um að starfa í samræmi við þær getur stjórn L.M.F.Í. lagt til við dómsmálaráðherra að hann afturkalli málflutningsleyfi lögmannsins um stundarsakir eða ótímabundið skv. 8. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

19. gr.

Reglur um fjárvörslureikninga og verðbréf gilda þar til innistæðu á reikningi skv. 4. gr. og verðbréfum hefur að fullu verið ráðstafað í samræmi við reglur þessar.

V. KAFLI
Gildistaka.

20. gr.

Reglur þessar taka gildi hinn 1. janúar 1996. Fyrir 1. júlí 1997 skulu allir lögmenn, sem reglur þessar taka til og höfðu starfsemi á árinu 1996, senda stjórn L.M.F.Í. yfirlýsingu og gögn skv. 11. gr. reglna þessara, nema stjórnin hafi áður kallað eftir slíkum upplýsingum frá einstökum lögmönnum.

21. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1995, um breytingu á þeim lögum.

Reykjavík, 1. nóvember 1995.
Fyrir hönd stjórnar Lögmannafélags Íslands,
Þórunn Guðmundsdóttir hrl., formaður.

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

Nr. 627 18. desember 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 303, 23. maí 1995, um úthafsrækjuveiðar og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar heimilar á Héraðsflóa milli lína, sem dregnar eru réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og Ósfles.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 19. desember 1995.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 115 – 1995

27. nóvember 1995 1593 Nr. 628

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Orgelsjóð Langholtskirkju.

1. gr

Orgelnefnd Langholtskirkju stofnar hér með Orgelsjóð Langholtskirkju með eftirfarandi skipulagskrá:

2. gr.

Sjóðurinn heitir Orgelsjóður Langholtskirkju. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Orgelsjóður tók til starfa sem sjálfstæð stofnun 1. september 1993.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að safna fyrir og kaupa orgel í Langholtskirkju og til viðhalds á því.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum: Organista Langholtskirkju sem er formaður sjóðsstjórnarinnar, einum tilnefndum af sóknarnefnd Langholtskirkju og einum tilnefndum af stjórn kórs Langholtskirkju. Stjórnin kallar sér til fulltingis ráðgjafanefnd sem skipuð er sjálfboðaliðum. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á varðveislu hans og skal sjá til þess að endurskoðaðir reikningar sjóðsins séu sendir ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert. Sjóðsstjórnin tilnefnir endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru frjáls framlög, gjafir og söfnunarfé sem lagðar hafa verið í sjóð til orgelkaupa í Langholtskirkju, þar af er bundið stofnfé 450.000 kr.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög, tekjur af sölu minningarkorta, tekjur af tónleikum, útgáfu geisladiska og annað fé sem sjóðnum hlotnast. Sjóðnum er heimilt að ráðstafa öllu því fé sem safnast og tekjum sjóðsins skal einungis varið til kaupa á orgeli í Langholtskirkju og viðhald þess.

7. gr.

Sóknarnefnd Langholtskirkju skal fá skýrslu um stöðu sjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund sem er haldinn árlega.

8. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með þeim eignum sem safnast hafa og munu safnast í orgelsjóð.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki meirihluta stjórnar. Tillaga um að leggja sjóðinn niður verður því aðeins gild að hún njóti stuðnings allra stjórnarmanna. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til eflingar tónlistarstarfs í landinu, að ákvörðun sjóðsstjórnar.

Gutenberg

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Stjórn í nóvember 1995 skipa: Jón Stefánsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Stefán Guðjohnsen.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 629 27. nóvember 1995

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Langholtskirkju.

1. Nafn sjóðsins er Líknarsjóður Langholtskirkju og er heimili hans í Langholtskirkju í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

2. Stofnfé sjóðsins er kr. 1.506.703,33, ein milljón fimm hundruð og sex þúsund sjö hundruð og þrjár $^{33}/_{100}$, höfuðstóll Minningarsjóðs Ingibjargar Þórðardóttur, fyrstu prestkonunnar í Langholtsprestakalli. Líknarsjóðurinn skal vera í minningu hennar og eiginmanns hennar, sr. Árelíusar Níelssonar.

3. Tilgangur sjóðsins er að styðja þá sem minna mega sín í söfnuðinum með peningastyrkjum eftir því sem stjórn sjóðsins telur rétt hverju sinni. Styrkir skulu veittir til að leggja þeim lið og gleðja þá sem minna mega sín, vegna slysa, sjúkdóma eða tímabundinna fjárhagserfiðleika.

4. Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum: Sóknarpresti, tveimur tilnefndum af stjórn Kvenfélags Langholtssóknar og tveimur tilnefndum af sóknarnefnd Langholtskirkju og skal annar þeirra jafnframt vera formaður stjórnar sjóðsstjórnar. Annar af fulltrúum kvenfélagsins skal vera varaformaður. Að öðru leyti skiptir sjórnin með sér verkum.

Hætti kvenfélagið störfum skal sóknarnefnd tilnefna fjóra stjórnarmenn.

5. Ekki skal líða lengra á milli stjórnarfunda en 3 mánuðir.

6. Sóknarprestur gerir tilllögur um styrki úr sjóðnum til sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn er heimilt að fela sóknarpresti að veita styrki innan tiltekinnar fjárhæðar án þess að bera það undir stjórn sjóðsins, að því tilskildu, að styrkurinn sé borinn undir formann áður en til úthlutunar kemur og ræddur í stjórn sjóðsins á næsta stjórnarfundi á eftir.

7. Viðbættan höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Gjafir og önnur framlög til sjóðsins leggjast við höfuðstól. Því til viðbótar skal ekki minna en 10% raunvaxta leggjast við höfuðstól árlega.

Höfuðstóll sjóðsins skal ávaxtaður með bestu fáanlegu kjörum hverju sinni.

Raunvöxtum, að öðru leyti en því sem að ofan greinir, skal varið til styrkja samkvæmt því sem um getur í 3. tölulið.

8. Einn dagur árlega, 2. maí (brúðkaupsdagur hjónanna Ingibjargar Þórðardóttur og Árelíusar Níelssonar, fyrstu prestshjónanna í Langholtsprestakalli), sé helgaður sjóðnum,

með fjársöfnun og fréttum af úthlutun og þeim gjöfum og framlögum sem borist hafa ár hvert.

9. Stjórn sjóðsins skal færa nákvæmar skýrslur um starfsemi hans, tekjur og gjöld og annast undirbúning söfnunardags sjóðsins, 2. maí.

Aðalfund sjóðsins skal halda sem næst 2. maí og skulu reikningar sjóðsins þá liggja fyrir.

10. Löggiltur endurskoðandi skal fenginn til að endurskoða bókhald sjóðsins og árita reikning hans. Skal hann jafnframt fylgjast með því að ákvæði stofnskrár þessarar séu haldin.

11. Stofnskrá þessari verður ekki breytt nema með fullu samþykki allrar sjóðstjórnarinnar.

12. Frá skipulagsskrá þessari skal formlega gengið og skal leita eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á henni, skv. lögum nr. 19/1988.

15. nóvember 1995.

Ólafur Örn Árnason (tilnefndur af sóknarnefnd), Árni Geir Pálsson (tilnefndur af sóknarnefnd), Sigríður Jóhannsdóttir (tilnefnd af Kvenfélagi Langholtssóknar), Eyvör Friðriksdóttir (tilnefnd af Kvenfélagi Langholtssóknar) og Flóki Kristinsson (sóknarprestur).

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

4. desember 1995 Nr. 630

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur, sbr. reglugerð nr. 505/1994.

1. gr.

Síðasti málsliður B. liðar 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við innfjarðarækjuveiðar er heimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um náttúruminjaskrá.

Náttúruverndarráð hefur gengið frá nýrri náttúruminjaskrá, sbr. 28. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og er hún svohljóðandi:

FRIÐLÝST SVÆÐI OG AÐRAR SKRÁÐAR NÁTTÚRUMINJAR

SUÐVESTURLAND

FRIÐLÝST SVÆÐI

FRIÐLÖND:

Ástjörn, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí.

Eldey, Gullbringusýslu. Friðlýst með lögum 1940. Lýst friðland 1960. Friðlýsing endurskoðuð sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 119/1974. Stærð 2 ha. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eynni en 2 km.

Grótta, Seltjarnarnesi. Lýst friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984. Stærð 5 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 1. júlí.

Varmárósar, Mosfellsbæ. Lýstir friðland 1980. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Stærð 9,6 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Borgir, Kópavogi. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð 3 ha.

Eldborg í Bláfjöllum, Reykjavík. Fyrst friðlýst 1971. Lýst náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1974. Stærð 50 ha.

Eldborgir undir Geitahlíð, Grindavík. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 622/1987. Stærð 10,5 ha.

Hamarinn, Hafnarfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1984. Stærð 2 ha.

Háubakkar við Elliðaárvog, Reykjavík. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 347/1983. Stærð 2 ha.

Laugarás, Reykjavík. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982. Stærð 1 ha.

Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhóli, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha.

Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5 ha.

Víghólar, Kópavogi. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1 ha.

FÓLKVANGAR:

Bláfjöll, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Gerðahreppi, Grindavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ (áður Keflavík og Njarðvík)[1)], Reykjavík, Sandgerði (áður Miðneshr.), Seltjarnarnesi, Vatnsleysustrandarhreppi og Ölfushreppi, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnessýslu. Fólkvangur 1973. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173/1985. Stærð 8.400 ha.

Rauðhólar, Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha.

Reykjanesfólkvangur, Garðabæ, Grindavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ (áður Keflavík og Njarðvík), Reykjavík og Seltjarnarnesi, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Stærð 30.000 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

101. **Keilir og Höskuldarvellir,** Grindavík, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Mörk svæðisins eru um Keili að vestan, Markhelluhól að norðan, fylgja síðan vesturmörkum Reykjanesfólkvangs á móts við Hverinn eina, þaðan um Driffell í Keili. (2) Mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi, liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla, en úr gígaröðinni þar hefur Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólkvangs. Á vesturmörkum svæðisins gnæfir móbergsfjallið Keilir.

102. **Katlahraun við Selatanga,** Grindavík. (1) Austurmörk fylgja mörkum Reykjanesfólkvangs að þjóðvegi, eftir honum að vesturenda Skálamælifells. Vesturmörk frá vesturenda Skálamælifells til sjávar í Veiðibjöllunef. (2) Stórbrotið landslag, hrauntjarnir og hellar. Friðaðar söguminjar við Selatanga.

[1)] Nöfn sveitarfélaga sem hafa breytt um nafn eða sameinast frá síðustu náttúruminjaskrá eru innan sviga.

103. **Hraunsvík og Festarfjall,** Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrauni að Lambastapa, ásamt kríuvarpi á Hraunssandi vestan Hrólfsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.

104. **Sundhnúksröðin og Fagridalur,** Grindavík. (1) Sundhnúksgígaröðin öll, frá Melhól í vestur að hraunkantinum sunnan Þorbjarnarfells, með honum vestur og norður fyrir fellið, að háspennulínu sem er u.þ.b. 200 m vestan þjóðvegar. Mörkin fylgja síðan línunni til norðurs að stað 2 km norðan Arnarseturs og þaðan austur í horn landamerkjalínu við norðausturhorn Litla-Skógfells, síðan beina línu sem hugsast dregin til norðausturs í Kálffell. Þaðan liggja mörkin í Fagradals-Vatnsfell og því næst um beina línu sem dregin er til suðvesturs um Fagradalsfjall, Sandhól, Vatnsheiði og að lokum í Melhól. (2) Tæplega 9 km löng gígaröð sem kennd er við Sundhnúk. Fallegar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gígaröðinni. Fagridalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar.

105. **Strandsvæði vestan Grindavíkur,** Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Stekkjarnefi. (2) Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.

106. **Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg,** Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Þorbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ við norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.

107. **Ósar,** Reykjanesbæ (áður Hafnahr.), Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

108. **Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi,** Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

109. **Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár,** Grindavík, Reykjanesbæ (áður Njarðvík), Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Svæði frá Seltjörn til

Snorrastaðatjarna, ásamt skógarreitum. Einnig syðsti hluti Hrafnagjár. (2) Gróskumikill gróður í Snorrastaðatjörnum. Gróðursælir skógarreitir undir Háabjalla og í Sólbrekkum. Mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprunga með fjölbreyttum gróðri. Kjörið útivistarsvæði.

110. **Tjarnir á Vatnsleysuströnd,** Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhella, tjarnir við Hlöðunes, Áslaksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. (2) Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.

111. **Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík,** Vatnsleysustrandarhreppi, Hafnarfirði, Gullbringusýslu. (1) Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belti, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

112. **Straumsvík,** Hafnarfirði. (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

113. **Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða,** Hafnarfirði. (1) Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. (2) Lífauðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.

114. **Vífilsstaðavatn og Hraunsholtslækur,** Garðabæ. (1) Vífilsstaðavatn ásamt 200 m spildu umhverfis vatnið. Hraunsholtslækur frá upptökum til ósa í Arnarnesvogi auk 200 m breiðrar spildu af Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. (2) Lítt raskað vatn með góðri veiði, fallegur lækur milli hrauns og hlíðar. Vinsælt útivistarsvæði.

115. **Búrfell og Búrfellsgjá,** Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin, Búrfellsgjá og Selgjá, ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjárinnar. (2) Eldstöð frá nútíma, ein sérstæðasta hrauntröð landsins. Svæðið er að mestu innan Reykjanesfólkvangs.

116. **Urriða(kots)vatn,** Garðabæ. (1) Urriða(kots)vatn allt. (2) Hraunjaðar, mýrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli.

117. **Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi,** Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálgahraun sem afmarkast af Álftanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum

sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útivistarsvæði.

118. **Fossvogsbakkar,** Reykjavík. (1) Strandlengja í innanverðum Fossvogi frá botni hans að Nauthólsvík. (2) Setlög með skeljum frá lokum ísaldar.

119. **Öskjuhlíð,** Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegar, Hlíðarfótar og Öskjuhlíðarskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum.

120. **Tjörnin og Vatnsmýrin,** Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar, sem nú er bílastæði. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.

121. **Valhúsahæð,** Seltjarnarnesi. (1) Kollur Valhúsahæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. (2) Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.

122. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes,** Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að mörkum byggðar við Bygggarða. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum, ríkulegt fuglalíf. Jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeiði ísaldar og ísaldarlokum. Vinsælt útivistarsvæði.

123. **Vesturhorn Laugarness,** Reykjavík. (1) Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. (2) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem að mestu er óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum.

124. **Elliðaárdalur,** Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.

125. **Myllulækjartjörn í Heiðmörk,** Reykjavík. (1) Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar. (2) Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Svæðið er innan vatnsverndarsvæðis Vatnsveitu Reykjavíkur.

126. **Grafarvogur,** Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu.

127. **Gufuneshöfði,** Reykjavík. (1) Ströndin vestur frá Gullinbrú og Gufuneshöfði fyrir vestan og norðan byggð, ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjörið útivistarsvæði, gott útsýni.

128. **Viðey,** Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin og vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Söguminjar. Vinsælt útivistarsvæði.

129. **Eyjar á Kollafirði,** Reykjavík, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágar, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda.

130. **Úlfarsá og Blikastaðakró,** Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinnar. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganess í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir valllendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur.

131. **Leiruvogur,** Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf.

132. **Tröllafoss,** Mosfellsbæ, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Foss í fallegu gljúfri á vinsælli gönguleið.

133. **Andríðsey,** Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf, mesta varpeyjan við sunnanverðan Faxaflóa.

134. **Laxárvogur og Laxá í Kjós,** Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranessef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.

135. **Þórufoss,** Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. (1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður.

136. **Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur** (201), Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla- og Stóra-Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.

137. **Hvassahraunsgígar (Strokkamelur),** Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Hvassahraunskatlar sunnan þjóðvegar á móts við eyðibýlið Hvassahraun. (2) Katlarnir eru regluleg hraundrýli á sléttri klöpp í Hvassahrauni.

138. **Ósmelur og Hvalfjarðareyri,** Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Fjörur, sjávarlón, grunnsævi og strandlengja utan ræktaðs lands neðan þjóðvegar frá Norðurkoti inn að vík neðan við Eyrarkot. (2) Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi.

139. **Varmá,** Mosfellsbæ. (1) Varmá frá upptökum til ósa. (2) Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi.

VESTURLAND

FRIÐLÝST SVÆÐI

FRIÐLÖND:

Búðahraun, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1977. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 357/1979. Stærð 915 ha.

Geitland, afréttur í Hálsahreppi, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 283/1988. Stærð 11.750 ha.

Grunnafjörður, Leirár- og Melahreppi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 548/1994. Stærð 1.470 ha.

Húsafellsskógur, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1974. Stærð 440 ha.

Melrakkaey, Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 118/1974. Stærð 9 ha. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eynni en 2 km.

Ströndin við Stapa og Hellna, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurhr.), Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1979. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 284/1988. Stærð 58 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Bárðarlaug, Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurhr.), Snæfellsnessýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 445/1980. Stærð 50 ha.

Eldborg í Hnappadal, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 309/1974. Stærð 150 ha.

Grábrókargígar, Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr.), Mýrasýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1962. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1975. Stærð 34 ha.

Hraunfossar og Barnafoss, Hálsahreppi, Hvítársíðuhreppi, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 410/1987. Stærð 39 ha.

ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI

Breiðafjörður, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, A- og V-Barðastrandarsýslu. Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

201. **Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur** (136), Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla- og Stóra- Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.

202. **Blautós og Innstavogsnes,** Akranesi og Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt Innstavogsnesi. (2) Miklar leirur, sjávarfitjar, mikið fuglalíf. Tilvalið útivistar- og fræðslusvæði.

203.[2)]

204. **Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil,** Reykholtsdalshreppi, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Reykjadalsá frá ármótum árinnar við Hvítá að Giljafossi, hverasvæði Deildartungu, Deildartunguhver ásamt hverahólnum, hverirnir Vellir og Hægindakotshver ásamt nánasta umhverfi þeirra og Rauðsgil allt niður að Reykjadalsá. (2) Reykjadalsá er lygn, gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svigðumyndun árinnar er óvenju falleg. Við Reykjadalsá eru vetrarstöðvar andfugla og á jarðhitasvæðunum er einnig að finna athyglisverðan gróður og dýralíf. Jarðhitasvæðið í Deildartungu er samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum, en Deildartunguhver er vatnsmesti hver landsins. Árhver (Vellir) er goshver í Reykjadalsá og einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. Hægindakotshver er í alfaraleið, en við hann er allfjölbreytt dýralíf. Í Rauðsgili er að finna fallega fossaröð.

[2)] Svæði 203 í náttúruminjaskrá nr. 507/1991 var friðlýst, sbr. auglýsingu nr. 548/1994.

205. **Sudda,** Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum dýjum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósköddðum laugum í Borgarfirði.

206. **Húsafell,** Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, þ.e. Friðland í Húsafellsskógi.

207. **Víðgelmir í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. (1) Hellirinn, svo og hraunið næst honum í landi Kalmannstungu. (2) Stór hraunhellir.

208. **Surtshellir og Stefánshellir í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. (1) Hellarnir og hraunið næst þeim, í landi Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.

209. **Arnarvatnsheiði og Tvídægra** (401), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í tind Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannasandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Norðlingafljóts, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

210. **Grábrókarhraun og Hreðavatn,** Borgarbyggð (áður Norðurárdalshr. og Stafholtstungnahr.), Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimilsdal.

211. **Ferjubakkaflói og Ystatunga,** Borgarbyggð (áður Stafholtstungnahr.), Borgarhreppi, Mýrasýslu. (1) Ferjubakkaflói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystutungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, að austan Norðurá og Hvítá. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.

212. **Utanverður Borgarfjörður,** Álftaneshreppi, Borgarbyggð (áður Borgarneshr.) Borgarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyjar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þormóðssker að Álftanesi á Mýrum. (2) Víðáttumikið grunnsævissvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars.

213. **Hjörsey og Straumfjörður,** Álftaneshreppi, Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Mýrasýslu. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

214. **Löngufjörur,** Borgarbyggð (áður Hraunhr.), Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahr. og Miklaholtshr.), Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

215. **Barnaborg og Barnaborgarhraun,** Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Barnaborg ásamt öllu Barnaborgarhrauni. (2) Úfið apalhraun frá nútíma, víða lyngi og kjarri vaxið, runnið frá Barnaborg, eldvarpi í miðju hrauninu, kjörið útivistarsvæði.

216. **Gerðuberg,** Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahreppi), Snæfellsnessýslu. (1) Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, ásamt brekkunum niður að þjóðvegi. (2) Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur.

217. **Hraun, gígar og hellar í Hnappadal,** Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Gullborg, Gullborgarhraun og Gullborgarhellar, Rauðháls og Rauðhálsahraun, Eldborgarhraun og Syðri Rauðamelskúlur. Mörk svæðisins í vestri liggja um Haffjarðará frá ósum í Oddastaðavatn og um Hraunholtaá í Hlíðarvatn. Að austan markast svæðið af vegum nr. 55, og nr. 54, síðan Garðalæk, Borgarlæk og Kaldá til ósa. (2) Heildstætt brunalandslag með fallegum gígum, hellum, hraunum og vötnum. Kjörið útivistarsvæði.

218. **Rauðamelsölkelda,** Eyja- og Miklaholtshreppi (áður Eyjahreppi), Snæfellsnessýslu. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum landsins.

219. **Ölkelda,** Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, athyglisverð ölkelda.

220. **Tjarnir við Hofgarða,** Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Hofgarðatjörn og tjörnin Kúka ásamt votlendi umhverfis þær. (2) Gróðurmiklar tjarnir og votlendi þar sem finnast sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf.

221. **Lýsuhóll,** Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Laug og kalkútfellingar við bæinn Lýsuhól, ásamt hallamýri ofan þeirra að brekkurótum. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina.

222. **Bjarnarfoss,** Snæfellsbæ (áður Staðarsveit), Snæfellsnessýslu. (1) Foss suðaustur af Mælifelli, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra. (2) Hár og tignarlegur foss sem blasir við frá Búðum. Tilkomumiklir hamrar og sérstæður gróður.

223. **Utanvert Snæfellsnes,** Snæfellsbæ (áður Breiðuvíkurhr.), Snæfellsnessýslu. (1) Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis. Á sunnanverðu nesinu markast svæðið til austurs af Búðaósi, vegi nr. 54 frá Búðum upp á Fróðárheiði. Á norðanverðu nesinu markast svæðið til austurs af vegi yfir Fróðárheiði og austurbakka Bugsvatna. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.

224. **Svöðufoss,** Snæfellsbæ (áður Neshreppur utan Ennis), Snæfellsnessýslu. (1) Foss í Laxá á Breið (Hólmkelsá) suðaustur af Ingjaldshóli svo og umgjörð fossins. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergshömrum beggja vegna.

225. **Búlandshöfði,** Snæfellsbæ (áður Ólafsvíkurbær), Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Setlög í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða. (2) Merk jarðlög með steingerðum skeljum.

226. **Stöð (Brimlárhöfði),** Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeiði á ísöld.

227. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn,** Stykkishólmi (áður Helgafellssveit). (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífauðugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.

228. **Fjörur í Hofstaðavogi,** Stykkishólmi (áður Helgafellssveit), Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Hofstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur. Mikil umferð farfugla.

229. **Helgafell,** Stykkishólmi (áður Helgafellssveit). (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.

230. **Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði,** Stykkishólmi (áður Helgafellssveit), Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

231. **Saltadý,** Dalabyggð (áður Haukadalshr.), Dalasýslu. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.

232. **Tungustapi,** Dalabyggð (áður Hvammshr.), Dalasýslu. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum.

233. **Skeljaleifar í Kaldrana,** Saurbæjarhreppi, Dalasýslu. (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar.

234.[3)]

235. **Hvalfjarðarströnd,** Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.

236. **Melabakkar og Narfastaðaós,** Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Strandlengjan frá Súlueyri norður að Straumeyri ásamt Narfastaðaósi. (2) Fjölbreyttar og lífauðugar fjörur. Stórfellt sjávarrof. Merkar jarðfræðiminjar frá lokum síðasta jökulskeiðs auk fornskelja. Mikið útivistar- og rannsóknargildi.

237. **Hafnarskógur,** Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Hafnarskógur og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlaþúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. (2) Náttúrlegur birkiskógur í nágrenni þéttbýlis. Mikið útivistargildi.

238. **Klausturskógur og Fitjar í Skorradal,** Skorradalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd jarðanna Vatnshorns, Bakkakots, Fitja og Fitjakots. Til norðurs og austurs markast svæðið af vegi frá Víðihryggjum inn að Fálkagili og upp með því að 293 m hæðarpunkti. Til suðurs og vesturs ræður lína um Sjónarhól, Eystri-Hrosshæð, Hríshól að Ytri-Hrosshæð, þaðan að Miðeyri í Skorradalsvatni. (2) Birkiskógur með gróskumiklum botngróðri, lítt snortnum af beit. Fjölbreytt fuglalíf við ós Fitjaár. Hefur mikið útivistargildi.

239. **Borgarvogur,** Borgarbyggð, Mýrasýslu. (1) Borgarvogur allur ásamt fjörum. (2) Leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

240. **Langárós,** Borgarhreppi, Mýrasýslu. (1) Langárós frá mynni, upp með Langá að Skuggafossi. (2) Langárós er einn lengsti og frjósamasti árós landsins.

241. **Elliðaey,** Stykkishólmi. (1) Öll eyjan ásamt Breiðhólma og Dyrhólma. (2) Sérstætt landslag, stuðlabergsmyndanir. Mikið fuglalíf.

242. **Höskuldsey,** Stykkishólmi. (1) Eyjan öll. (2) Fjölskrúðugt fuglalíf, söguminjar.

[3)] Svæði 234 (301) í náttúruminjaskrá nr. 507/1991 var friðað með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar.

243. **Vaðstakksey,** Stykkishólmi. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf.

244. **Þormóðsey,** Stykkishólmi. (1) Eyjan öll ásamt skerjum. (2) Fjölskrúðugt fuglalíf.

245. **Lambey og Steindórseyjar,** Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Steindórseyjar og Lambey á Hvammsfirði ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey. (2) Eyjar með fjölbreyttu fuglalífi.

246. **Hrappsey og Klakkeyjar,** Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Hrappsey, Skertla, Skarða, Dímunarklakkar, Stekkjarey og Bæjarey. (2) Einstakt landslag í Klakkeyjum og sérstæð berggerð, anortósít, finnst í Hrappsey.

247. **Rauðseyjar,** Dalabyggð, Dalasýslu. (1) Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker. (2) Fallegur eyjaklasi, landslag dæmigert fyrir Breiðafjarðareyjar.

VESTFIRÐIR

FRIÐLÝST SVÆÐI

FRIÐLÖND:

Flatey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Austurhluti eyjarinnar lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 395/1975. Stærð 100 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. ágúst.

Hornstrandir, Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.), N-Ísafjarðarsýslu. Friðland 1975. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 332/1985. Stærð 58.000 ha. Frá 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög á svæðinu.

Hrísey, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 425/1977. Stærð 40 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí.

Vatnsfjörður, Vesturbyggð (áður Barðastrandarhr.), V-Barðastrandarsýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Stærð 20.000 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Dynjandi, Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 348/1986. Stærð 700 ha.

Surtarbrandsgil, Vesturbyggð (áður Barðastrandarhr.), V-Barðastrandarsýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 103/1975. Stærð 150 ha.

ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI

Breiðafjörður, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, A- og V-Barðastrandarsýslu. Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

301.[4)]

302. **Borgarland,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi.

303. **Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.

304. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes,** Reykhólahreppi, Vesturbyggð (áður Barðastrandarhr.), A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.

305. **Seljárgil í Vaðalsdal,** Vesturbyggð (áður Barðastrandarhr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Jarðlög með blaðförum við Seljá í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertíer.

306. **Bæjarvaðall,** Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. (2) Víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi.

307. **Breiðavík, Hvallátrar og Keflavík,** Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu. (1) Svæðið markast af línu úr Stöð í Keflavík, um Kjöl (385 m y.s.), þaðan bein lína í Kóngshæð (402 m y.s.) og í Landamerkjahlein við Breið milli Breiðuvíkur og Vatnsdalsbótar. Látrabjarg, Bæjarbjarg, Breiðavíkurbjarg og Kefla-

---

[4)] Svæði 301 (234) í náttúruminjaskrá nr. 507/1991 var friðað með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar.

víkurbjarg. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.

308. **Hafnarvaðall í Örlygshöfn,** Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.

309. **Þórishlíðarfjall,** Vesturbyggð (áður Bíldudalshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Setlög með blaðförum í Þórishlíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis á tertíer.

310. **Geirþjófsfjörður,** Vesturbyggð (áður Bíldudalshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófæruness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

311. **Skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar,** Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Allur skaginn utan ræktaðs lands og þéttbýlis ásamt löndum Hrafnseyrar og Gljúfurár í Arnarfirði. Til austurs ráða mörk svæðis nr. 313 í fjallið Sjónfríð, þaðan lína í upptök Hofsár í Borgarfirði og með henni til sjávar. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjalllendi. Framhlaup og jökulminjar. Hrafnseyri er fjölsóttur ferðamannastaður með söguminjum.

312. **Ketilseyri í Dýrafirði,** Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. (2) Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.

313. **Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð,** Mýrahreppi, Þingeyrarhreppi, Súðavíkurhreppi, V- og N-Ísafjarðarsýslu. (1) Mörk að sunnan frá Bæjará fylgja hreppamörkum um fjallið Sjónfríð, þaðan liggja austurmörk eftir hreppamörkum í botn Hestfjarðar, þá eftir ströndinni í Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar. Í Hestfirði fylgja mörk 300 m hæðarlínu að Lambagilsá, þaðan í Lambadalsskarð eftir Lambadalsá í Lambadalsodda. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

314. **Holtsengi og Vöð í Önundarfirði,** Mosvallahreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár. (2) Fjölbreytt lífríki.

315. **Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur,** Ísafjarðarkaupstað, Suðureyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Ysti hluti Botnslands ásamt hlíðum. Að norðan ráða sýslumörk að Gyltuskarði, þá eggjar Eyrarfjalls. Að sunnan frá Hafradal ráða hreppamörk að Botnsheiði, þá um Austmannafall og Hnífa yfir Tunguá við Tunguskóg og þaðan á Skíðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt

gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.

316. **Gil í Syðridal,** Bolungarvík. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer.

317. **Fjörur í botni Skutulsfjarðar,** Ísafjarðarkaupstað. (1) Fjörur í botni Skutulsfjarðar frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. (2) Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.

318. **Arnarnes,** Ísafjarðarkaupstað. (1) Strandlengjan ásamt fjörum, frá Stóra-Bási í Skutulsfirði, um Arnarnes og inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

319. **Mjóifjörður**, Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur, ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan um hreppamörk allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.

320. **Botn Ísafjarðar,** Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

321. **Reykjanes við Ísafjörð,** Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

322. **Vatnsfjarðarnes,** Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar og Skálavíkur. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir.

323. **Kaldalón,** Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.), Hólmavíkurhreppi (áður Nauteyrarhr.), Strandasýslu. (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi sunnan og austan Lónseyrar og Jökulholts. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

324. **Snæfjallahreppur hinn forni,** Ísafjarðarkaupstað (áður Snæfjallahr.). (1) Snæfjallahreppur hinn forni, utan Hornstrandafriðlands og svæðis nr. 323, Kaldalóns. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag með hrikalegum fjöllum, ýmsum berggerðum, jökulgörðum og óshólmum. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

325. **Drangaskörð,** Árneshreppi, Strandasýslu. (1) Hrikalegur klettarani austur úr Drangahálsi norðan Drangavíkur ásamt undirlendi. (2) Stórskorinn klettarani með djúpum skörðum, mótaður af rofi jökla frá ísöld.

326. **Grásteinn (Silfursteinn),** Árneshreppi, Strandasýslu. (1) Stór granítsteinn í landi Stóru-Ávíkur. (2) Talið er líklegt að steininn hafi borist til landsins með hafís undir lok ísaldar.

327. **Veiðileysa og Kaldbaksdalur,** Árneshreppi, Kaldranahreppi, Strandasýslu. (1) Fjalllendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals ásamt honum. Að sunnan ræður lína úr Kaldbakshorni um Sandfell að þríhyrningamælistað (674 m) suðvestan við Hveratungu, þaðan um Strýtu að Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn Veiðileysu. Fjörur, strandlengja og grunnsævi frá ósi Bæjarár í Veiðileysu að Brimnesi undan Kaldbakshorni. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag. Sjávarlón.

328. **Húsavíkurkleif,** Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Opna í millilagi í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.

329. **Tröllatunga,** Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.

330. **Mókollsdalur,** Broddaneshreppi (áður Fellshr.), Strandasýslu. (1) Steingervingalög í Hrútagili í Mókollsdal, í landi Þrúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.

331. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrútafirði,** Bæjarhreppi, Strandasýslu. (1) Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeldýraleifum frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu á miðbiki nútíma, fyrir 4000-5000 árum.

332. **Hergilsey,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Óbyggð eyja, fjölbreytt að landslagi, stuðlabergsmyndanir. Mikið og fjölskrúðugt fuglalíf. Söguminjar.

333. **Stagley,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf.

334. **Klofningur við Flatey,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Klofningur er rétt vestan við Flatey. (2) Sérstætt landslag og mikið fuglalíf.

335. **Diskæðarsker,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Jarðfræðilega sérstæð eyja.

336. **Langey við Flatey,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjan tilheyrir Flateyjarlöndum. (2) Eyja með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi.

337. **Oddbjarnarsker,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Lítil eyja um 11 km vestur af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki. Söguminjar.

338. **Barmahlíð við Berufjörð,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Hlíðin frá Hlíðarhálsi vestan megin við botn Berufjarðar, suður að Börmum. (2) Gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur.

339. **Sauðeyjar,** Vesturbyggð, V-Barðastrandasýslu. (1) Eyjaklasi undan Vatnsfirði, sunnan frá Flötuflögu norður fyrir Æðarsker. (2) Fagrar og sérstæðar eyjar hvað varðar landslag og lífríki.

340. **Ketildalir í Arnarfirði,** Vesturbyggð, V-Barðastrandarsýslu. (1) Mörk liggja frá Hólnatöngum sunnan Kópavíkur upp á topp Nyrðra-Lágnafjalls og þaðan til suð-austurs um vatnaskil milli Arnarfjarðar og Tálknafjarðar. Í austri liggja mörk eftir vatnaskilum um Hest og Hvestunúp og þaðan niður í sjó við Gölt. Mörkin liggja að mestu um hreppamörk hins forna Ketildalahrepps. (2) Sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníptra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi.

341. **Borgarey í Ísafjarðardjúpi,** Súðavíkurhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Borgarey öll ásamt hólma norðan við eyna. (2) Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.

342. **Strandlengjan frá Sýruvíkurgjá að Rauðuskriðu,** Broddaneshreppi, Strandasýslu. (1) Svæði frá sjó að klettabrún, strandlengja, fjara og grunnsævi frá Sýruvíkurgjá í landi Broddadalsár að Rauðuskriðu í landi Skriðnesennis. (2) Strandlengja með fallegum jarðmyndunum, mikið fuglalíf og selalátur.

343. **Hveravík,** Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. (1) Strandlengja, fjara og grunnsævi frá Reykjanesi að Akranesi. (2) Sérstætt dýralíf vegna jarðhita í sjó.

NORÐURLAND VESTRA

FRIÐLÝST SVÆÐI

FRIÐLÖND:

Miklavatn, Skarðshreppi, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1977. Stærð 1.550 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Hveravellir á Kili, A-Húnavatnssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1960. Friðlýsing endur-skoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975. Stærð 170 ha.

Kattarauga, Áshreppi, A-Húnavatnssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 522/1975. Stærð 1 ha.

FÓLKVANGAR:

Hrútey í Blöndu, Blönduósbæ, A-Húnavatnssýslu. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 521/1975. Stærð 10 ha.

Spákonufellshöfði, Höfðahreppi, A-Húnavatnssýslu. Friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 444/1980. Stærð 30 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

401. **Arnarvatnsheiði og Tvídægra** (209), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í tind Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannasandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Norðlingafljóts, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

402. **Hindisvík,** Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta selalátur á Norðurlandi.

403. **Hvítserkur,** Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Hvítserkur í vestanverðum botni Húnafjarðar. (2) Sérkennilegur brimsorfinn berggangur í sjó.

404. **Björg og Borgarvirki,** Þverárhreppi, V- Húnavatnssýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á móts við Hrútatanga, síðan meðfram vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ræður Faxalækur, austurbakki Víðidalsár og vesturbakki Hópsins út í Bjargaós. (2) Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, Borgarvirki.

405. **Kerafossar,** Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjaá í Víðidal. (2) Fossar, flúðir og skessukatlamyndanir.

406. **Kolugil og Bakkabrúnir í Víðidal,** Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá rétt sunnan við bæinn Hvarf suður á móts við bæinn Hrappsstaði, auk þess setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þröngt og djúpt gljúfur með fallegum fossum, Kolugilsfossum, en víða er gljúfrið gróðurríkt. Í Bakkabrúnum er að finna þykk setlög með steingerðum plöntuleifum frá einu af hlýskeiðum ísaldar.

407. **Vatnsdalshólar,** Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.

408. **Eylendið, Flóðið og Húnavatn,** Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum og hólmum, eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa. Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmar og vötn með fjölbreyttu lífi.

409. **Kálfshamarsvík á Skaga,** Skagahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum.

410. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará,** Áshreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum. Surtarbrandslög.

411. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara,** Auðkúluheiði, A-Húnavatnssýslu. (1) Vötnin ásamt hólmum og bökkum. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í hólmum.

412. **Blöndugil, Vallgil og Rugludalur,** Auðkúluheiði, A-Húnavatnssýslu. (1) Árgljúfur Blöndu frá norðurenda Reftjarnarbungu niður undir Þröm ásamt Vallgili og Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.

413. **Orravatnsrústir á Hofsafrétt,** Skagafjarðarsýslu. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.

414. **Botn Vesturdals (Hofsárdals),** Skagafjarðarsýslu. (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá.

415. **Kotagil og Skeljungssteinn,** Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur alllangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.

416. **Fossar í Bólugili,** Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.

417. **Malarásar í Sæmundarhlíð,** Seyluhreppi, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir

og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.

418. **Austara-Eylendið,** Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Óshólmasvæði Eystri-Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Eystri-Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.

419. **Ketubjörg á Skaga,** Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.

420. **Drangey,** Skagafjarðarsýslu. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnípt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri.

421. **Höfðavatn og Þórðarhöfði,** Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.

422. **Reykjarhóll á Bökkum,** Fljótahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum.

423. **Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar,** (501), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

424. **Hóp,** Þverárhreppi, Þorkelshólshreppi, Sveinsstaðahreppi, V- og A-Húnavatnssýslum. (1) Hópið og nánasta umhverfi ásamt Bjargaósi. (2) Hópið er talið fimmta stærsta stöðuvatn á Íslandi og er strandvatn með fjölbreyttu fuglalífi.

425. **Hvammsskriður í Vatnsdal,** Áshreppi, Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Svæði milli Vatnsdalsár og hábungu fjallanna austan við ána. Til norðurs markast svæðið af læk norðan Hjallalands og til suðurs af læk sunnan Eyjólfsstaða. (2) Mikilfenglegir klettar og skriður, fögur og tilkomumikil stuðluð basaltlög í Fossgili.

426. **Rifsnes á Skaga,** Skagahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Svæðið frá Landsenda (Skilnaðarhorni) að Selvíkurtanga. Til suðurs og austurs ræður þjóðvegur. (2) Fjölbreytt landslag með sjávarbjörgum, sjávarlónum, tjörnum og jökulminjum ásamt menningarminjum.

427. **Ásbúðnavatn, Torfavatn og Þangskálavatn á Skaga,** Skagahreppi, Skefilsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu. (1) Strandlengja frá bænum Mánavík að Kelduvíkurvík ásamt sjávarlónum. (2) Sjávarlón með miklu fuglalífi.

428. **Miklavatn í Fljótum,** Fljótahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (2) Miklavatn er sérstætt náttúrufyrirbæri með greinilegri seltulagskiptingu.

NORÐURLAND EYSTRA

FRIÐLÝST SVÆÐI

ÞJÓÐGARÐAR:

Jökulsárgljúfur, Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. Þjóðgarður stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stækkaður samkvæmt reglugerð nr. 359/1993. Stærð 12.000 ha.

FRIÐLÖND:

Friðland í Svarfaðardal, Dalvík, Svarfaðardalshreppi, Eyjafjarðarsýslu. Lýst friðland 1972. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Stærð 540 ha.

Herðubreiðarfriðland, S-Þingeyjarsýslu. Friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 272/1974. Stærð 17.000 ha.

Vestmannsvatn, Aðaldælahreppi, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 30/1977. Stærð 600 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Askja í Dyngjufjöllum, S-Þingeyjarsýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 194/1978. Stærð 5.000 ha.

Skútustaðagígar, Skútustaðahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 399/1973. Stærð 28 ha.

FÓLKVANGAR:

Böggvisstaðafjall, Dalvík. Fólkvangur stofnaður með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 432/1994. Stærð 260 ha.

ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI

Mývatn og Laxá, S-Þingeyjarsýslu. Svæðið er verndað með sérstökum lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, nr. 36/1974. Stærð 440.000 ha. Hluti svæðisins, þ.e. Mývatnssveit og öll

Laxá (20.000 ha) hefur verið verndaður samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar).

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

501. **Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar,** (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

502. **Sauðakotsrípill á Ufsaströnd,** Dalvík. (1) Rípill norðaustan við Sauðaneshnjúka. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.

503. **Hólsrípill á Ufsaströnd,** Dalvík. (1) Rípill austur af Hólshyrnu. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.

504. **Hrísey,** Hríseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Norðurhluti Hríseyjar, land Miðbæjar og Ystabæjar. (2) Fjölskrúðugur gróður. Mikið fuglalíf.

505. **Hraunsvatn og Vatnsdalur,** Öxnadalshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.

506. **Hörgárósar,** Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.

507. **Krossanesborgir,** Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.

508. **Glerárgil,** Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

509. **Leyningshólar og Hólahólar,** Eyjafjarðarsveit (áður Saurbæjarhr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegar í

innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og skógarleifum. Fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði.

510. **Hólmarnir,** Akureyri, Eyjafjarðarsveit (áður Öngulsstaðahr.), Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

511. **Grímsey,** Grímseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Grímsey norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum. (2) Miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

512. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda,** Grýtubakkahreppi, Hálshreppi, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Látraströnd, Fjörður, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk eru um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. Kjörið útivistarsvæði til náttúruskoðunar.

513. **Lónin og Laufáshólmar,** Grýtubakkahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Ósasvæði Fnjóskár og gilið upp fyrir Laufásfossa, Lónin í Höfðahverfi auk Nesmóa og Flæðiengja allt norður að Hólsá og Gljúfurá. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

514. **Melar við Illugastaði,** Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.

515. **Bleiksmýrardalur,** Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Dalurinn upp að fjallsbrúnum frá Reykjum að Skarðsöxl sunnan Gönguskarðs. (2) Fjölbreytilegt landslag, berghlaup, jarðhiti er við Reyki og birkiskógur í hlíðum.

516. **Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur)** (702), S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum.

517. **Gæsavötn við Gæsahnjúk,** S-Þingeyjarsýslu. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsahnjúk og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin, um 920 m h.y.s.

518. **Laufrönd og Neðribotnar,** S-Þingeyjarsýslu. (1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. (2) Gróðursælt umhverfi tjarna og lindavatna, 700-800 m h.y.s. Sérstætt fuglalíf.

519. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss,** Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Skjálfandafljót ásamt bökkum, frá og með Hrafnabjargafossi og norður fyrir Ingvararfoss. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið.

520. **Ljósavatn,** Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.

521. **Goðafoss,** Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Fossinn og gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.

522. **Þingey,** Ljósavatnshreppi, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurríkar eyjar. Söguhelgi.

523. **Varastaðaskógur,** Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Skóglendi milli Ljótsstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár.

524. **Halldórsstaðir,** Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp á heiði.

525. **Gervigígar við Knútsstaði í Aðaldal,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Gervigígar vestan Laxár, í Aðaldalshrauni. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.

526. **Gervigígaþyrpingar í Aðaldal,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlsstaði og Tjörn. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.

527. **Votlendi á Sandi og Sílalæk,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi.

528. **Bakkafjara og Bakkahöfði**, Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.

529. **Lundey,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Eyjan ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Fjölbreytt botnlíf á grunninu umhverfis eyna.

530. **Tjörneslögin og Voladalstorfa,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir að Sandvík. (2) Í sjávarbökkunum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld með skeljum og surtarbrandi. Við Voladalstorfu eru móbergshamrar og fuglabyggð.

531. **Mánáreyjar,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Háey og Lágey. (2) Miklar sjófuglabyggðir.

532. **Votlendi við Öxarfjörð**, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavötnum í suðri og þaðan að hreppamörkum við Núpsvatn. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.

533. **Þeistareykir,** Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur.

534. **Vítin á Reykjaheiði,** Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Stóra- og Litla-Víti á Þeistareykjabungu ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jarðeldamyndanir, formfagur hraungígur frá nútíma og fallgígur.

535. **Meiðavallaskógur,** Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið vestan þjóðgarðs og austan vegar inn í Vesturdal. Mörk fylgja þjóðvegi (nr. 85) og veginum inn í Vesturdal þangað sem hann mætir þjóðgarðsmörkum. (2) Vesturbarmur Ásbyrgis, skóglendi, fornir hlaupfarvegir Jökulsár á Fjöllum og tóftir fornra eyðibýla.

536. **Jökulsárgljúfur austan ár,** Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Selfossi í suðri og norður að brú við Ferjubakka. Norðurmörk fylgja þjóðvegi að Vaðkotsá og með henni suður á móts við Bjarnastaði. Þaðan bein lína suðaustur í Reyð og þaðan bein lína í suðvestur í Ytra-Norðmelsfjall. Úr Ytra-Norðmelsfjalli í vestur, stystu leið í Jökulsá sunnan Selfoss. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

537. **Röndin við Kópasker,** Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

538. **Melrakkaslétta norðanverð,** Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), Raufarhafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Norðanverð Slétta, norðan við línu sem dregin er úr Kollsvík við Öxarfjörð um Sandfjall í Geflu, þaðan austur um Grænur, sunnan Steinunnarvatns í Miðás við Glápsvötn, Melrakkaás og austur í Bæjarvík norðan Raufarhafnar. (2) Víðáttumiklar mýrar, lóna- og straumvatnakerfi, sjávarfitjar. Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ, mikið fuglalíf. Blikalónsdalur er sigdalur með

miklu grunnvatnsstreymi. Rauðinúpur er eldstöð frá ísöld. Í honum er fuglabjarg og þaðan er mikið útsýni.

539. **Ólafsfjarðarvatn,** Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (2) Strandvatn, 270 ha. Mjög sérstætt náttúrufyrirbrigði. Ferskt vatn flýtur ofan á söltu og verkar sem gler í gróðurhúsi á neðri lög. Mikið og fjölbreytt lífríki.

540. **Flatey á Skjálfanda,** Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Lág og flatlend eyðieyja, aðeins nokkrir metrar yfir sjó með lónum fyrir innan malarkamba. Grösug eyja með fjölbreyttu fuglalífi. Söguminjar.

541. **Syðralón við Þórshöfn,** Þórshafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. (2) Fjölbreytt fuglalíf.

542. **Sauðaneslón á Langanesi,** Þórshafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Vatnið allt ásamt ósi. Strandlengja frá Litlanesi að Lambanesi. (2) Mjög auðugt fuglalíf.

543. **Langanes utan Heiðarfjalls,** Þórshafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Langanes utan við Heiðarfjall. (2) Fjölbreytt gróðurfar. Mikil fuglabjörg. Menningarminjar.

AUSTURLAND

FRIÐLÝST SVÆÐI

ÞJÓÐGARÐAR:

Skaftafell, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Stofnaður þjóðgarður 1967. Reglugerð sett um þjóðgarðinn 1968 og endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 319/1984. Stærð 160.000 ha.

FRIÐLÖND:

Esjufjöll í Breiðamerkurjökli, A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1978. Stærð 27.000 ha.

Hvannalindir í Krepputungu, N-Múlasýslu. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 32/1973. Stærð 4.300 ha.

Ingólfshöfði, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýstur friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 388/1978. Stærð 90 ha.

Kringilsárrani, N-Múlasýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 524/1975. Stærð 8.500 ha.

Lónsöræfi, Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977. Stærð 32.000 ha.

Salthöfði og Salthöfðamýrar, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 249/1977. Stærð 220 ha.

Skrúður, Fáskrúðsfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 513/1995. Stærð 92 ha.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Díma í Lóni, Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 523/1975. Stærð 8 ha.

Háalda, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 519/1975. Stærð 5 ha.

Helgustaðanáma, Eskifirði. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 525/1975. Stærð 1 ha.

Teigarhorn, Djúpavogshreppi (áður Búlandshr.), S-Múlasýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 518/1975. Stærð 120 ha.

FÓLKVANGAR:

Álfaborg, Borgarfjarðarhreppi, N-Múlasýslu. Stofnaður fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 71/1976. Stærð 10 ha.

Fólkvangur Neskaupstaðar, Neskaupstað. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1972. Stærð 300 ha.

Hólmanes, Eskifirði, Reyðarfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. Friðlýst sem fólkvangur og að hluta friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 393/1973. Stærð 260 ha.

Ósland, Hornafjarðarbæ (áður Höfn), A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 427/1982. Stærð 15 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

601. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall,** Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert gróðurfar.

602. **Fuglabjarganes,** Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes í Vopnafirði, frá Litluá að Hámundarstöðum. (2) Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.

603. **Nýpslón og Skógalón,** Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

604. **Fagradalsfjöll og Kollumúli,** Vopnafjarðarhreppi, Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður.

605. **Votlendi og sandar í Hjaltastaðaþinghá og Hjaltastaðaásar,** Hjaltastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Votlendissvæði og sandar milli Lagarfljóts og Selfljóts, frá Héraðsflóa suður undir Ánastaði, auk Sandbrekkuness. Að vestan liggja mörkin um Selfljót á móts við Ártún, niður með ánni og því næst um Bóndastaði, Torftjörn og austan ræktaðs lands við Hrollaugsstaði, Ásgrímsstaði, Móberg og Sand og þaðan í Lagarfljót. Að austan liggja mörkin með Vallará norður að Sandbrekkunesi og þaðan að Selfljóti og með því til ósa. (2) Víðáttumiklir flóar með kílum og tjörnum, sem eru mikið til óframræstir. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs.

606. **Stórurð og Hrafnabjörg,** Hjaltastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stórurð og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup. Fjölbreytt og sérstætt landslag.

607. **Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri,** Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, N-Múlasýslu. (1) Svæði frá Hrafnabjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar, þá ráða hreppamörk á Brimnesfjalli að Grýtukolli suður með Grýtuá. Vestdalur, Hrútahjalli, norðureggjar Bjólfs og þaðan sýslumörk norður að Hvannastóðseggjum. Vatnaskil ráða mörkum frá Hvannastóðseggjum að Hrafnabjargi. (2) Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.

608. **Austdalur,** Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vatnasvið Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.

609. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir,** Neskaupstað (áður Norðfjarðarhr.). (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máríánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarri vaxnar hlíðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.

610. **Fjarðardalur,** Mjóafjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, t.d. Klifbrekkufossar í Fjarðará.

611. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil,** Egilsstaðabæ, S-Múlasýslu. (1) Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.

612. **Stuðlafoss,** Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Stuðlafoss hjá samnefndu eyðibýli á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss.

613. **Kverkfjöll og Krepputunga,** N-Múlasýslu. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.

614. **Fagridalur og Grágæsadalur á Brúaröræfum,** N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast af Kreppu að vestan, Grágæsahnjúk og hæstu hnjúkum rétt suðaustan Fagradals. Frá þeim bein lína í nafnlaust vatn nokkru norðan dalsins. Þaðan beint vestur í Kreppu. (2) Gróskumiklar vinjar í u.þ.b. 600 m h.y.s. Auðugt smádýralíf og fagurt landslag.

615. **Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur,** N-Múlasýslu. (1) Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremra-Kálfafell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlands. (2) Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar meðfram því.

616. **Eyjabakkar,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlands í Lónsöræfum suður í jökul. (2) Óvenju grösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland hreindýra, heiðagæsa og álfta.

617. **Hengifossárgljúfur,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.

618. **Ranaskógur og Gilsárgil,** Fljótsdalshreppi, Vallahreppi, N- og S-Múlasýslu. (1) Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur.

619. **Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar,** Skriðdalshreppi, S-Múlasýslu. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá ármótum suður í og með Hálsamótum. Þá áfram suður með Múlaá, Skriðuvatn og svæði milli Forviðarár og Stuttadals, þ.e. vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls. (2) Rætur fornrar megineldstöðvar (Þingmúli), fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

620.[5)]

621. **Sandfell í Fáskrúðsfirði,** Fáskrúðsfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.

622. **Blábjörg við Berufjörð,** Djúpavogshreppi (áður Beruneshr.), S-Múlasýslu. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hólmum utar, Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu og víðáttumiklu flikrubergslagi (Skessulagið).

623. **Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog,** Djúpavogshreppi (áður Búlandshr.), S-Múlasýslu. (1) Hálsar og svæði ofan þjóðvegar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan að norðurbakka Búlandsár. Með norðurbakkanum upp fyrir gljúfrið og þaðan beina línu um Ból að þjóðvegi á móts við Hálstanga. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.

624. **Papey,** Djúpavogshreppi (áður Búlandshr.), S-Múlasýslu. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi. Menningarminjar.

625. **Hofsdalur, Tunga (Hofstunga), Hofsá, Geithellnadalur, (Múladalur) og Þrándarjökull,** Djúpavogshreppi (áður Geithellnahr.), S-Múlasýslu. (1) Hofsdalur innan Eyðikinnargils, Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Sauðár) og Geithellnadalur innan Árness. Að vestan og norðan ráða vatnaskil. Til austurs ræður Hákonará, Nóngil og Eyðikinnargil. Hofsá ásamt 100 m breiðu belti sitt hvoru megin árinnar allt fram í sjó. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir fallegir fossar, einkum í Hofsá. Tilvalið svæði til útivistar í tengslum við Lónsöræfin.

[5)] Svæði 620 í náttúruminjaskrá nr. 507/1991 var friðlýst, sbr. auglýsingu nr. 513/1995.

626. **Lónsfjörður og Hvalnes,** Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.

627. **Þórisdalur,** Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðvegar. Að sunnan fylgja mörk Laxá, síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.

628. **Laxárdalur,** Hornafjarðarbæ (áður Nesjahr.), A-Skaftafellssýslu. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn. Talsvert fuglalíf.

629. **Skarðsfjörður,** Hornafjarðarbæ (áður Nesjahr. og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.

630. **Baulutjörn,** Hornafjarðarbæ (áður Mýrahr.), A-Skaftafellssýslu. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið fuglalíf.

631. **Umhverfi Hoffellsjökuls,** Hornafjarðarbæ (áður Mýrahr.), A-Skaftafellssýslu. (1) Viðborðsdalur norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkurheiði austur að línu úr Selhvammi um Svínafellsfjall í Miðfell. Til norðurs ráða vatnaskil inn að Goðaborg. (2) Stórbrotið landslag umhverfis skriðjökul. Kjarrlendi, jarðhitavottur er í Vandræðatungum. Jaðarlón framan við Svínafellsjökul, minjar um hopun jökuls. Djúpberg í Svínafellsfjalli og Geitafelli.

632. **Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (1008 m hæðarpunkt), þaðan í Kistugil, um Bæjarhlíðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svínadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnullungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.

633. **Steinadalur og Staðarfjall,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.

634. **Hrollaugseyjar,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði.

635. **Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystri-hvammur,** Borgarhafnarhreppi, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul, þá Eystrihvammur allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.

636. **Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.

637. **Svínafellslögin,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeiði ísaldar.

638. **Stóralda,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.

639. **Eylendið í Jökulsárhlíð,** Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Flatlendið milli Fögruhlíðarár og Jökulsár á Brú, frá sjó og inn að Reiðhólskvísl. (2) Lítið spillt votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.

640. **Sleðbrjótsmelar,** Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Norðan ræktaðs lands við Surtsstaði, austan Axla og beina línu frá Gerði að vegarslóða neðan við Sleðbrjót. Fylgir honum að Jökulsá og síðan með bakka hennar inn á móts við Surtsstaði. (2) Margvíslegar jökulmyndanir frá ísöld. Hólar, hryggir og mörg jökulker, sum hver vatnsfyllt. Einhverjar merkustu jökulminjar á Héraði.

641. **Jökulsárgil,** Jökuldalshreppi, Hlíðarhreppi, Tunguhreppi, N-Múlasýslu. (1) Árgilið frá gömlu brúnni á móts við skólann í Brúarási að Hauksstaðahólum. Auk þess svæði milli gilsins og þjóðvegar nr. 1 að norðaustanverðu og 50 m breið spilda að suðvestanverðu. (2) Hrikalegt, þröngt árgljúfur, víða myndarlegir skessukatlar.

642. **Gilja- og Hauksstaðahólar á Jökuldal,** Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Malarhólar í tveimur aðskildum þyrpingum á utanverðum Jökuldal. Giljahólar taka yfir svæðið milli Garðár og Sandár, innan við bæinn Gil, frá dalbotni upp í um 220 m hæð. Hauksstaðahólar taka yfir svæði framan við Hauksstaðabæinn. (2) Hólarnir eru jökulvatnaset frá ísöld, líklega myndað í kverk milli skriðjökla í Jökuldal og af Fljótsdalshéraði.

643. **Mælishólar á Jökuldal,** Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Hólarnir ásamt nánasta umhverfi í landi Hnefilsdals á Jökuldal. (2) Tveir stuðlabergshólar í landi Hnefilsdals, annar mikill og áberandi um 40 m hár yfir umhverfi sitt, en hinn nokkru lægri. Við stærri hólinn er gömul grjóthlaðin skilarétt, Hnefilsdalsrétt.

644. **Geitagerðisbjarg,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Berghryggur suður og niður úr hlíðinni fyrir ofan bæinn Geitagerði. (2) Jökulsorfinn berghryggur sem myndar þverhnípi að bænum. Í hraunlagi undir hryggnum eru för eftir trjáboli. Uppi á hryggnum utantil eru nokkrir sívalir skessukatlar, Hlandkollur.

645. **Strútsfoss í Strútsdal,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Strútsfoss og aðrir fossar í gilinu frá ármótum við Fellsá ásamt 500 m breiðu belti beggja vegna. (2) Stórbrotið hamragil, allt að 200 m djúpt, litfagurt með klettadröngum og stöpum. Fyrir botni gilsins er Strútsfoss, einn af hæstu fossum landsins, rúmlega 100 m hár, en tvískiptur. Birkikjarr er í gilinu utanverðu og hvannstóð við fossinn.

646. **Fell,** Fellahreppi, N-Múlasýslu. (1) Til austurs markast svæðið af Lagarfljóti frá nesi á móts við bæinn Kross að tanga sunnan Skipalækjar, þaðan í suðurenda Urriðavatns og með þjóðvegi norður að Rangá. Að norðan og vestan ráða Rangá og Svínalækur að 170 m hæðarpunkti vestan Nónáss, þaðan um suðurenda Villingavatns yfir þjóðveg á milli bæjanna Setbergs og Birnufells að Lagarfljóti. (2) Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásum með mýrarsundum og vötnum á milli. Mikill og fjölbreyttur gróður og fjölbreytt fuglalíf. Merkar söguminjar. Útivistarsvæði í nánd við þéttbýli.

647. **Finnsstaðanes og Egilsstaðanes,** Egilsstaðabæ, Fellahreppi, S- og N-Múlasýslu. (1) Að vestan afmarkast svæðið af vesturbakka Lagarfljóts og síðan þvert yfir í ós á Finnsstaðakíl. Mörkin fylgja þar næst brekkurótum og túnjaðri neðan Finnsstaðabæja að suðurenda nýs farvegar Eyvindarár og þaðan með austur- og norðurbakka hans að flugvelli. Þaðan fylgja mörkin vestara öryggissvæði flugvallar að þjóðvegi sem afmarkar svæðið að sunnan. (2) Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurríkum hólmum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.

648. **Húsey,** Tunguhreppi, N-Múlasýslu. (1) Húsey utan ræktaðs lands norðan við Geirastaðakvísl. (2) Margvíslegt gróðurlendi með fjölbreyttu dýralífi.

649. **Gláma og nágrenni,** Hjaltastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Að vestan afmarkast svæðið af Steinsvaðsfelli og austurbakka Lagarfljóts að virkjun. Þaðan með vegi að útenda Eiríksvatns og þaðan beina línu í austur að vesturrótum Bóndastaðaháls. Þaðan inn austan Leirtjarnar og áfram eftir austurjaðri votlendis er Gláma kallast inn undir Ártún en þaðan beint vestur í Steinsvaðsfell. (2) Óframræst votlendissvæði

með mörgum stöðuvötnum, fjölda tjarna og víðlendra bláa. Mikill og fjölbreyttur gróður í mýrum og vötnum og auðugt fuglalíf.

650. **Gerpissvæðið,** Neskaupstað, Eskifirði. (1) Svæðið utan við línu sem hugsast dregin frá Hellisfjarðarnesi inn Hellisfjarðarmúla, um Grænafell við Oddsdal, Lakahnaus, Nóntind, Grákoll og Víkurheiði í Kaganes. Tekur yfir Barðsnes og Gerpi og eyðibyggðirnar Hellisfjörð, Viðfjörð, Suðurbæi, Sandvík, Vaðlavík og Karlskála. (2) Afar fagurt og fjölbreytilegt fjalllendi með líparítinnskotum. Austasti hluti Íslands. Fögur strandlengja.

651. **Leirur í Breiðdalsvík,** Breiðdalshreppi, S-Múlasýslu. (1) Strandlengjan frá Stöpum suður að Skipeyri ásamt lóninu og ósnum. (2) Leirulón með miklu fuglalífi í nánd við þéttbýli.

652. **Álftafjörður,** Djúpavogshreppi, S-Múlasýslu. (1) Grunnsævi, fjörur, eyjar og rif á milli suðausturhorns Melrakkaness í norðri og Biskupshöfða í suðri. (2) Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. Mikið fuglalíf.

653. **Fjalllendið utan Skarðsdals,** Hornafjarðarbæ, Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Fjalllendið utan við Skarðsdal. (2) Fagurt fjallendi með margvíslegum bergtegundum. Í Vesturhorni finnst bæði granófýr og gabbró.

654. **Heinabergsfjöll,** Hornafjarðarbæ, A-Skaftafellssýslu. (1) Svæðið á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls. Til austurs ræður lína frá enda Hafrafellsáss norðaustur um Heiðna að hæsta punkti Jökulfells. (2) Stórbrotið landslag með sérkennilegum móbergstindum í Heinabergsfjöllum, jökullón og jarðhiti í Vatnsdal og birkikjarr í Heinabergsdal.

SUÐURLAND

FRIÐLÝST SVÆÐI

FRIÐLÖND:

Dyrhólaey, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Stærð 510 ha.

Friðland að fjallabaki, Rangárvallasýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Stærð 47.000 ha.

Gullfoss, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 160 ha.

Herdísarvík, Ölfushreppi, Árnessýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1988. Stærð 4.000 ha.

Oddaflóð, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 634/1994. Stærð 540 ha.

Pollengi og Tunguey, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 457/1994. Stærð 684 ha.

Surtsey, Vestmannaeyjum. Lýst friðland 1965. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 122/1974. Stærð 270 ha. Vegna vísindarannsókna er óheimilt að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km.

Þjórsárver, Árnessýslu, Rangárvallasýslu. Lýst friðland 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Stærð 37.500 ha. Svæðið er verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar). Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.

NÁTTÚRUVÆTTI:

Gervigígar í Álftaveri, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3.650 ha.

Dverghamrar, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, 446/1987. Stærð 2 ha.

Jörundur í Lambahrauni, Árnessýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1985. Stærð 0,1 ha. Vegna verndunar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án leyfis Náttúruverndarráðs.

Kirkjugólf, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 426/1987. Stærð 0,2 ha.

Lakagígar, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 215/1975. Stærð 16.000 ha.

Skógafoss, A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987. Stærð 2.204 ha.

FÓLKVANGAR:

Bláfjöll, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Gerðahreppi, Grindavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ (áður Keflavík og Njarðvík), Reykjavík, Sandgerði (áður Miðneshr.), Seltjarnarnesi, Vatnsleysustrandarhreppi og Ölfushreppi, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Árnessýslu. Fólkvangur 1973. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173/1985. Stærð 8.400 ha.

ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI

Geysir, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Hverasvæðið var í umsjá Geysisnefndar frá 1953 til ársloka 1990, en frá 1. janúar 1991 í umsjá Náttúruverndarráðs. Stærð 15 ha.

Þingvellir, Þingvallahreppi, Árnessýslu. Friðlýst samkvæmt lögum nr. 59/1928. Svæðið er í umsjá Þingvallanefndar sem starfar undir Alþingi. Stærð 5.000 ha.

AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

701. **Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar.

702. **Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur)** (516), S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum.

703. **Fjaðrárgljúfur,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur í móbergi.

704. **Grenlækur,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Starafló̧i milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.

705. **Steinsmýrarflóð,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf.

706. **Eldgjá,** V-Skaftafellssýslu. (1) Eldgjá á Skaftártunguafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. Til norðausturs ræður lína úr Gjátindi í Skaftá á móts við Skælinga. Til austurs ræður Skaftá niður að brú á Syðri-Ófæru og þaðan lína um hátind Bláfjalls suðvestur í Öldufell. Til vesturs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk. (2) Eldgjá er hluti af um 40 km langri gossprungu sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.

707. **Veiðivötn,** Rangárvallasýslu. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra. Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungnaá ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m h.y.s. Vinsælt útivistarsvæði.

708. **Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.

709. **Skammadalskambar í Mýrdal,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á við og dreif um móbergið.

710. **Vatnsdalur á Dalsheiði,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfða að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálsgili. (2) Vatnsdalur er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil. Ísaldarminjar.

711. **Eyjarhóll,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna paldra (jarðsils).

712. **Kvernugil,** A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, þ.e. Kvernufossi.

713. **Drangurinn í Drangshlíð,** A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, áberandi einkenni í landslagi.

714. **Þórsmörk,** Rangárvallasýslu. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.

715. **Bleiksárgljúfur,** Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur. Fjölbreyttur gróður.

716. **Merkjárfoss (Gluggafoss),** Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.

717. **Litla- og Stóra-Dímon,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi Eyvindarkots, ásamt nánasta umhverfi. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.

718. **Nauthúsagil,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, fallegur foss.

719. **Tjarnir og Tjarnanes,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.

720. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.

721. **Elliðaey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

722. **Ystiklettur,** Vestmannaeyjum. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.

723. **Helgafell og Eldfell,** Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.

724. **Hellisey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikið um bjargfugl.

725. **Súlnasker,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja. Mikið um bjargfugl, bæði utan í og ofan á eynni.

726. **Skúmsstaðavatn,** V-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.

727. **Lambhagavatn og Langanes,** Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Lambhagavatn og votlendi á Langanesi, milli Lambhagasíkis og Tíðholts. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari. Mikið og sérstætt fuglalíf.

728. **Safamýri,** Ásahreppi, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Að sunnan liggja mörk um Þríkeldur og Hesthólma. (2) Gróðurmikil vötn og mýrlendi. Mikilvægur viðkomustaður farfugla.

729. **Sauðholtsnes,** Ásahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðási og Kálfalæk að norðan. (2) Víðáttumiklar og lífríkar mýrar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf.

730. **Hekla,** Rangárvallasýslu. (1) Mörk frá Norðurbotnum um Sölvahraun í Valafell og þaðan í Stóra-Mælifell. Að austan ráða vesturmörk Friðlands að Fjallabaki og að sunnan frá Laufafelli um Krakatind í Vondubjalla. Þaðan í Selsundsfjall, Melfell í Ytri-Rangá við Stóra-Glerhausgil og upp með ánni að Norðurbotnum. (2) Eitt þekktasta eldfjall landsins.

731. **Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá,** Gnúpverjahreppi, Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauðá mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.

732. **Kerlingarfjöll,** Árnessýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.

733. **Þjófadalir og Jökulkrókur,** Biskupstungnaafrétti, Árnessýslu. (1) Þjófadalir, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin um Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnan. (2) Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Grösug dalverpi í yfir 600 m h.y.s.

734. **Hvítárvatn og Hvítárnes,** Biskupstungnaafrétti, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt Fróðárdölum og Hvítárnesi, vestan Kjalvegar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. (2) Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár.

735. **Austurbakki Hvítárgljúfurs,** Hrunamannahreppi, Árnessýslu. (1) Bakkinn, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag.

736. **Brúarhlöð,** Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinnar. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.

737. **Haukadalur og Almenningur,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið afmarkast af Laugaá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. (2) Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almenningar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.

738. **Pollengi,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts norðan hins friðlýsta svæðis Pollengis og Tungueyjar (sbr. hér að framan), allt norður

og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot. Galtalækjartjörn, Lambhúskotstjörn og Vatnsstæði. (2) Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.

739. **Brúará og Brúarskörð,** Laugardalshreppi, Biskupstungnahreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður að ármótum Hvítár ásamt 200 m spildu beggja vegna árinnar. (2) Lindá með óvenjulegum fossi, Brúarfossi. Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Tilkomumikið landslag í Brúarskörðum.

740. **Skjaldbreiður,** Árnessýslu. (1) Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell (1.188 m hæðarpunkt), þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell (914 m hæðarpunkt), þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. (2) Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s.

741. **Laugarvatn,** Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.

742. **Tintron,** Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóru-Dímon. (2) Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.

743. **Þingvellir og Þingvallavatn,** Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjögur afbrigði af bleikju.

744. **Höfðaflatir,** Skeiðahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við Iðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf.

745. **Kerhóll við Seyðishóla,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem afmarkast af vegum. Að suðvestan 400 m spilda út frá gígnum. (2) Tilkomumikill gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.

746. **Kerið og Tjarnarhólar,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kerið og Tjarnarhólarnir ásamt hrauntröðum norðvestan og sunnan við hólana. (2) Kerið er formfagur gígur nyrst í gjallgígaröðinni, sem eru Tjarnarhólar. Fallegar hrauntraðir. Vinsæll áningarstaður í þjóðbraut.

747. **Alviðra og Sog,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Sog, með 200 metra spildu beggja vegna, frá ármótum Hvítár upp að Írafossvirkjun

(Ýrufossvirkjun), ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins. Þrastaskógur og allt land Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjörið útivistarsvæði.

748. **Hraunbollar,** Selfossi. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma.

749. **Bæjarvatn,** Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu. (1) Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn. Sérstæður gróður.

750. **Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka,** Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi, Árnessýslu. (1) Fjörur, grunnsævi og skerjagarður frá ósi Ölfusár austur að Baugsstaðasíki. (2) Fjölskrúðugar fjörur, sjávarfitjar og lón. Sérstætt lífríki.

751. **Varmá og Ölfusforir,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.

752. **Hengilssvæðið,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.

753. **Eldborgir við Lambafell,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. (2) Formfagrar eldstöðvar frá sögulegum tíma.

754. **Eldborg undir Meitlum,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur.

755. **Raufarhólshellir,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.

756. **Fjörumörk við Hjalla,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar.

757. **Hafnarnes við Þorlákshöfn,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

758. **Stakkavík og Hlíðarvatn í Selvogi,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Jörðin Stakkavík ásamt Hlíðarvatni. (2) Á svæðinu er að finna allar helstu gerðir lífsamfélaga á Reykjanesskaga.

759. **Skálarheiði, Rauðhóll, Bunuhólar og Hálsagígir,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Til austurs ræður lína sem hugsast dregin um Innra-Hrútafjall, Fremra-Hrútafjall og Holtsborg. Að öðru leyti afmarkast svæðið af línu úr 374 m hæðarpunkti í Hellnamýri í topp Kanafjalla og síðan eftir Lambshagaá til ármóta við Skaftá. Frá ármótum liggja mörkin í beina línu sem hugsast dregin um Árhól suður að þjóðvegi nr. 1 og fylgja síðan þjóðveginum til austurs að Dyngjum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi. Gjallgígaraðir frá nútíma. Rauðhóll er afar sérstakur rauður gjallgígur sem stendur um 80 m yfir umhverfið. Hálsagígir eru gjall- og klepragígar á um 3 km langri gígaröð frá nútíma.

760. **Grænifjallgarður,** V-Skaftafellssýslu. (1) Fjallgarðurinn á milli Tungnár og Eldgjár. Til norðvesturs ráða Tungná og austurmörk Friðlands að Fjallabaki. Til suðurs ræður lína úr Torfajökli austur í Svartahnúk. Til austurs og norðurs ráða norðvesturmörk svæðis nr. 706 og lína úr Gjátindi í Sveinstind og þaðan í Jökulvatn. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.

761. **Emstrur og Fjallabak,** Rangárvallasýslu, V-Skaftafellssýslu. (1) Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmerkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.

762. **Kálfshamar, Pöstin og Dysjarhóll,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Klapparhólar framan við Hvammsnúp. (2) Klappir úr ankaramíti, sem er basalt með áberandi pýroxen- og ólivíndílum. Klappirnar setja sterkan svip á umhverfið og við Pöstina er tengd þjóðsaga.

763. **Hrosshagavík,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Hrosshagavík og mýrlendi sunnan Reykjavalla. (2) Votlendi með miklu fuglalífi.

764. **Skálholtstunga og Mosar,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Tungan milli Hvítár og Brúarár. Til norðurs og austurs ræður Kerslækur og lína úr honum um Brúnir í Hvítá rétt sunnan við Torfholt. (2) Víðlent lítt raskað votlendi með fjölbreytilegum gróðri og dýralífi. Jarðhiti við Þorlákshver þar sem skapast skilyrði fyrir sérstætt samspil jarðhita og gróðurs.

765. **Selsflóð,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Votlendi neðan við brú yfir Brúará milli árinnar og þjóðvegar. Til suðurs markast svæðið af læk úr Mosfellsgili. (2) Lítt raskað votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.

766. **Flatholt - Reiðholt,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið vestan við Brúará frá þjóðvegi norður að ræktuðu landi við bæinn Haga. Til vesturs markast svæðið af vegi að Haga. (2) Lítið spillt votlendi með fjölbreytilegum gróðri og fuglalífi.

767. **Reykjanes,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Reykjanes utan ræktaðs lands. (2) Heillegt fjölbreytilegt votlendi. Þar finnst jarðhiti sem skapar skilyrði fyrir sérstætt gróðurfar. Mikið fuglalíf á öllum tímum árs.

768. **Þorkelsholt-Hamrar,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Svæði utan ræktaðs lands á milli Þorkelsholts og bæjarins Hamra. Til vesturs markast svæðið af þjóðvegi og til austurs af Hvítá. (2) Víðáttumikið votlendissvæði, sem virðist að talsverðu leyti óskert.

769. **Arnarholt og Arnarbæli,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið á milli Höskuldslækjar og Markakeldu. (2) Fagurt landslag við Hvítá undan Arnarholti. Áin þrengir sér þar í hvítfyssandi flúðum milli þriggja gróskumikilla hólma. Fallegt votlendi milli Arnarholts og klettaborga við Arnarbæli, þar sem áður voru áveitur.

770. **Kálfshólar, Búrfells- og Hæðarendalækur,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kálfshólar og lækirnir ásamt spildu meðfram þeim. Digrihóll. (2) Kálfshólar eru gjallgígar á stuttri sprungu vestan við Seyðishóla. Hæðarendalækur rennur í Búrfellslæk sem rennur í Sogið. Fallegir lækir í hraunjaðri í grennd við ört vaxandi sumarhúsabyggð. Digrihóll er gervigígamyndun í hrauninu úr Kálfshólum.

771. **Laugarmýri og Bauluvatn (Baulutjörn),** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Laugarmýri, Bauluvatn og votlendi milli þess og Búrfells norðan við ræktað land. (2) Votlendið milli Búrfells og Bauluvatns er ein stærsta óspillta hallamýrin á svæðinu. Mikið fuglalíf.

772. **Kringlumýri og umhverfi,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Mýrin ásamt nánasta umhverfi. (2) Smámýrarsund innilokuð af hrauni.

773. **Villingavatn,** Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið sjálft, votlendið umhverfis og aðdragandi þess. (2) Votlendi með fjölbreyttum gróðri og fuglalífi.

774. **Kerin (Grýlupottar),** Selfossi. (1) Kerin fjögur og nánasta umhverfi á tjaldsvæði bæjarins. (2) Sérkennilegar jarðmyndanir í Þjórsárhrauni, stærsta kerið er með hraunhvelfingu. Fræðslugildi.

775. **Kaldaðarnesengjar og Kaldaðarneseyjar,** Sandvíkurhreppi, Eyrarbakkahreppi, Árnessýslu. (1) Engjar og votlendi í Straumnesi og allt suður að Óseyrarnesi. Til austurs ræður ræktað land jarðanna Kaldaðarness, Hreiðurborgar og jarða í Flóagaflshverfi. (2) Fjölbreytt votlendi með gróskumiklum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi.

776. **Vötn, tjarnir og flóð við Stokkseyri,** Stokkseyri, Árnessýslu. (1) Vötn, tjarnir og flóð norðan vegar nr. 33, frá vesturenda Hafliðakotsvatns austur á Stokkseyrarheiði. Hafliðakotsvatn og Selvatn ásamt mýrum á milli þeirra, Skerflóð, Laugadæl,

Ásgautsstaðavatn og Kakkavatn vestan í Stokkseyrarheiði. (2) Fjölbreytilegt land með mörgum litlum vötnum og tjörnum. Gróðurfar er mjög fjölbreytt og margvíslegur vatnagróður í vötnunum. Auðugt og fjölbreytilegt fuglalíf.

777. **Gamla-Hraun og nágrenni,** Eyrarbakkahreppi, Árnessýslu. (1) Landspilda milli fjöru og vega nr. 33 og 34, vestan Hraunsár og austan Litla-Hrauns. (2) Fjölbreytt lífríki.

778. **Fjörumörk vestan Þurárhnúks,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Fjörukambar ofan við bæinn Þurá ofan við þjóðveg. (2) Fjörukambar, er sýna tvær til þrjár mismunandi sjávarstöður, m.a. um 6 m hæð yfir núverandi fjörumörkum. Hnullungafjöruborðin eru sýnileg vestur að Þóroddsstöðum og greinanleg austur fyrir Þurárhnúk þar sem sjá má lábarinn helli skammt frá hrauntröðinni næst hnúknum. Gleggstu minjar um sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á þessum slóðum.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 507/1991 um náttúruminjaskrá. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 1. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 632 8. desember 1995

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

I. KAFLI
Gjöld fyrir einkaleyfi.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra skal, auk árgjalda skv. 2. gr., greiða eftirtalin gjöld:

	Kr.
1) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga (ell.) nr. 17/1991 fyrir einkaleyfisumsókn:	
a) grunngjald	28.000
b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.300
2) Grunngjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 1. mgr. 31. gr. eða 2. mgr. 38. gr. (ell.)	28.000
3) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. ell. fyrir alþjóðlega umsókn, sem yfirfærð er skv. 31. gr. laganna, eða fyrir einkaleyfisumsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.:	
a) grunngjald telst greitt hafi gjald skv. 2. tl. verið greitt,	
b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu	1.300
4) Gjald skv. 36. og 37. gr. ell.	35.000
5) Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit vegna yfirfærðrar umsóknar skv. 3. mgr. 31. gr. ell.	10.000

6) Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. ell.	5.000
ef umsókn hefur áður verið endurupptekin	10.000
7) Framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell.:	
a) grunngjald fyrir fyrstu 5 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	10.000
b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 5	550
c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1.300
8) Rannsóknargjald fyrir umsókn sem lögð var inn fyrir 1. janúar 1992 og send verður í nýnæmisrannsókn skv. viðauka I í auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir (augl. ell.).....	25.000
9) Viðbótargjald fyrir umsókn sem berst með símbréfi eða hliðstæðum samskiptabúnaði	550

Gjöld skv. 2.-4. tl. 1. mgr. skulu greidd innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða, sé forgangsréttar krafist, frá forgangsréttardegi. Ef umsækjandi hefur óskað eftir að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi lengist áðurnefndur frestur í 30 mánuði.

Gjald skv. 5. tl. 1. mgr. skal greitt innan 2 mánaða frá því að frestum skv. 2. mgr. lýkur.

Þegar umsækjanda er tilkynnt um framlagningu umsóknar skal jafnframt geta um upphæð framlagningargjalds. Fjöldi síðna skv. 7. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt einkaleyfiskröfum og teikningum sem fyrir liggja þegar umsóknin er samþykkt til framlagningar.

2. gr.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir og einkaleyfi skv. 5. mgr. 8. gr., 40.–42. og 82. gr. ell., eru sem hér segir:

1. gjaldár	2.500	11. gjaldár	7.400
2. gjaldár	2.500	12. gjaldár	9.850
3. gjaldár	2.500	13. gjaldár	9.850
4. gjaldár	3.800	14. gjaldár	12.300
5. gjaldár	3.800	15. gjaldár	12.300
6. gjaldár	5.050	16. gjaldár	14.500
7. gjaldár	5.050	17. gjaldár	16.950
8. gjaldár	6.150	18. gjaldár	19.350
9. gjaldár	6.150	19. gjaldár	21.800
10. gjaldár	7.400	20. gjaldár	24.200

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári sem miðast við umsóknardag skv. 5. mgr. 8. gr. og skv. 1. ml. 1. mgr. 41. gr. ell. Heimilt er að greiða árgjald allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

Árgjald, sem greitt er innan 6 mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell. skal hækka um 20%. Ef árgjald fyrir umsókn eða einkaleyfi er ekki greitt innan þessa frests verður viðkomandi umsókn afskrifuð eða viðkomandi einkaleyfi fellt úr gildi, sbr. 4. mgr. 15. gr. og 51. gr. ell.

3. gr. a

Gjöld fyrir einkaleyfi sem veitt eru í samræmi við eldri lög, skv. 76. gr. ell., á grundvelli umsókna sem lagðar hafa verið inn fyrir 1. janúar 1992, sbr. 78. gr. ell., skulu (í samræmi við gjaldafyrirkomulag sem tekur mið af hámarksgildistíma leyfis) vera sem hér segir:

a) Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að 15 ára gildistíma talið frá útgáfudegi:
   1) fyrir 1.– 5. ár gildistímans 22.000
   2) fyrir 6.– 10. ár gildistímans 52.000
   3) fyrir 11.– 15. ár gildistímans 96.000

b) Fyrir einkaleyfi sem getur náð allt að 20 ára gildistíma talið frá umsóknardegi greiðast árgjöld skv. 2. gr. Númer gjaldára miðast við aldur viðkomandi umsóknar.

Við veitingu einkaleyfisins skal, innan 3 vikna frá því að umsækjanda var tilkynnt um leyfisveitinguna, greiða gjald fyrir fyrstu fimm ár gildistímans frá útgáfudegi (eða því sem næst, sbr. skýringu aftan við þessa mgr.). Að öðrum kosti fellur einkaleyfið úr gildi skv. 51. gr. ell.

(*Skýring varðandi útreikning á gjöldum skv. a- og b-lið 1. mgr.:* Ef greiðsla árgjalda af umsókn hefur hafist skv. 2. mgr. 82. gr., sbr. 41. gr. ell., áður en einkaleyfi er veitt skal draga frá viðkomandi gjaldi þann hluta árgjalds yfirstandandi gjaldárs, sem skarast við gjald skv. a–lið 1. mgr. Umræddur hluti árgjalds skal reiknast eftir hlutfallinu: *fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs/365.* Þegar gildistíminn miðast við 20 ár (b–liður 1. mgr. á við) skal greiða fyrir þau gjaldár til viðbótar yfirstandandi gjaldári þannig að greiðslutímabilið verði sem næst 5 ár talið frá útgáfudegi einkaleyfisins.)

Gjalddagi vegna 2. og 3. gildistímabils, sbr. a-lið 1. mgr., er sá almanaksdagur í upphafi hvors tímabils sem svarar til útgáfudags einkaleyfisins. Gjalddagi síðari árgjalda sbr. b-lið 1. mgr., er síðasti dagur fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári. Frestur til að greiða þessi gjöld er 6 mánuðir og sé hann nýttur hækka gjöldin um 20%. Einnig er heimilt að greiða þessi gjöld allt að þremur mánuðum fyrir gjalddaga.

3. gr. b

Upphæð árgjalds, sem gjaldfellur í fyrsta sinn, af einkaleyfi sem veitt hefur verið eftir 1. janúar 1982 í samræmi við eldri lög og gilt getur í allt að 20 ár talið frá umsóknardegi, er skv. 2. gr. og miðast gjaldár við aldur viðkomandi umsóknar. Ennfremur skal upphæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af viðkomandi árgjaldi eftir hlutfallinu: *fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs/365.* Gjalddagi er sá almanaksdagur sem samsvarar útgáfudegi einkaleyfisins við lok gildistímabils sem er að ljúka. Eftir það greiðast árgjöld skv. 2. gr. fyrir eitt ár í senn.

Gjöld fyrir þau einkaleyfi, sem um getur í 1. mgr., og gilt geta í 15 ár talið frá útgáfudegi leyfis eru skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. a. Gjalddagi er skv. 3. mgr. sömu greinar.

4. gr.

Ýmis gjöld vegna umsókna og veittra einkaleyfa:

1) Beiðni um innritun í einkaleyfadagbók eða einkaleyfaskrá, s.s. varðandi eiganda, aðilaskipti (framsal), uppfinningamann og nytjaleyfi, sbr. 9. og 43. gr. rg. ell. 1.600
2) Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágrip og teikningar) eða af veittu einkaleyfi 550
3) Afrit af eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af einkaleyfi eða framlagningarskjali, allt að 550
4) Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl 2.200
5) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr einkaleyfaskrá 1.200

6) Skyndikönnun á því hvort umsókn eða einkaleyfi sé skráð í nafni ákveðins eiganda eða uppfinningamanns eða fyrir uppfinningu í tilteknum alþjóðlegum tækniflokki (að öðrum kosti skv. tímagjaldi)	0
7) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis	1.500
8) Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell.	12.500

II. KAFLI
Gjöld fyrir vörumerki

5. gr.

Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	11.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	2.500
c) Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki	1.300

6. gr.

Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	11.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	2.500

7. gr.

Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun greiðist:

a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	2.500

8. gr.

Ýmis gjöld vegna vörumerkja:

a) Beiðni um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969	2.000
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun	1.000
b) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) í vörumerkjaskrá	1.600
– fylgi beiðnin umsókn um endurnýjun eða beiðni skv. a-lið	0
c) Beiðni um innritun nytjaleyfis	1.600
d) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar	1.500
e) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	1.200
f) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr vörumerkjaskrá	550
g) Skyndikönnun á því hvort tiltekið vörumerki sé að finna í vörumerkjaskrá (allt að tvö tilvik í senn)	0
h) Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki telst það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn ...	2.300

III. KAFLI
Gjöld fyrir hönnunarvernd.

9. gr.

Fyrir umsókn um skráningu á hönnunarvernd greiðist:

a) Grunngjald, birting einnar myndar innifalin	7.500
b) Fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu	3.000
c) Fyrir birtingu hverrar myndar umfram eina	2.000

10. gr.

Fyrir rannsókn skv. 18. gr. laganna:

a) Ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á, sbr. 1. mgr. 4.300

b) Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar sbr. 2. mgr. 2.700

11. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laganna:

a) Fyrsta endurnýjunartímabil 9.000

b) Viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu 3.000

c) Síðari endurnýjunartímabil 12.000

d) Viðbótargjald á síðari endurnýjunartímabilum fyrir hverja hönnun í samskráningu 5.000

12. gr.

Gjald vegna kröfu um ógildingu skráningar 6.000

13. gr.

Ýmis gjöld vegna hönnunar:

a) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá 1.600

b) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá 550

c) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá..... 1.200

IV. KAFLI
Gjöld vegna áfrýjunar.

14. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 17/1991, lög nr. 31/1984 og 30. gr. laga nr. 48/1993 ..... 80.000

Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

V. KAFLI
Gjöld fyrir þjónustuverkefni.

15. gr.

Fyrir þjónustu sem ekki verður heimfærð undir einingarverð reglugerðarinnar, s.s. umfangsmeiri leit, athuganir, úrvinnslu eða tölvuútskriftir á grundvelli upplýsinga í einkaleyfaskrá, vörumerkjaskrá eða hönnunarskrá, greiðist tímagjald:

a) Sérfræðingar, á klst. 2.850

b) Aðrir starfsmenn, á klst..... 1.575

c) Fyrir ljósrit af gögnum varðandi einkaleyfi, vörumerki eða hönnun greiðist fyrir hverja síðu í stærðinni A4 45

Ef beiðni um ljósritun útheimtir verulega úrvinnslu gagna eða leit í skjalasafni reiknast að auki tímagjald samkvæmt staflið a eða b eftir því sem við á.

VI. KAFLI
Gjöld fyrir Vörumerkja- og einkaleyfatíðindi o.fl.
16. gr.

a)	Áskriftargjald á ári	2.100
b)	Lausasala, hvert eintak	250
c)	Sérrit 1991-1994, hvert eintak	2.500
d)	Sérrit, eldri árgangar, hvert eintak	1.100
e)	Áskrift að ágripi vegna birtra og/eða aðgengilegra einkaleyfisumsókna	1.200
f)	Ýmsar útskriftir í prentuðu eða fjölrituðu formi, þ. á m. íslensk lög og reglugerðir í erlendri þýðingu eða alþjóðlegir sáttmálar í íslenskri þýðingu	220

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.
17. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni ef ekki er annað tekið fram.

Gjöld skv. 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 8. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt einkaleyfisumsókn verði afskrifuð, henni hafnað eða hún dregin til baka, beiðni um endurupptöku eða endurveitingu verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

Gjöld skv. 5., 6., 7. og 9. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar. Gjöld þessi verða ekki endurgreidd þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð. Undantekning er þó varðandi c-lið 9. gr.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, sbr. lög nr. 67/1993 og 40 gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 513/1993, nr. 177/1994 og nr. 167/1995.

Iðnaðarráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Kristmundur Halldórsson.

27. nóvember 1995 Nr. 633

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð leikskóla.

1. gr

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður leikskóla og er stofnaður af Fóstrufélagi Íslands til minningar um formann félagsins, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
b. Minningargjafir sem sjóðnum berast.
d. Ágóði af sérstökum fjáröflunum á vegum Fóstrufélags Íslands eða annarra aðila.
e. Aðrar tekjur.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir tengdar leikskólauppeldi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn tilnefndir af stjórn Fóstrufélags Íslands. Einnig skal tilnefna 2 varamenn. Tilnefningar gilda til 2ja ára í senn. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar hefur á hendi vörslu sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta og úthlutar úr sjóðnum og metur framlag til umsækjenda í samræmi við markmið hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá sjóðsins má gera sé einfaldur meirihluti sjóðsstjórnar því fylgjandi.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður renna eignir hans til Fóstrufélags Íslands.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá

Samþykkt á vorfundi fulltrúaráðs Fóstrufélags Íslands þann 8. maí 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. nóvember 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunina Kínó, nr. 516 28. september 1995.

1. gr.

3. tl. 5. gr. orðist svo:

5.3 Vinningsfjárhæðin ræðst af fjölda réttra talna samkvæmt útdrætti og þeirri fjárhæð sem greidd er fyrir þátttöku samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi talna sem þátttakandi velur (frá einni upp í sex)	Réttar tölur þátttakanda samkvæmt útdrætti	Vinningsfjárhæðir á leik
6	6	10.000 sinnum spilafjárhæð
	5	100 sinnum spilafjárhæð
	4	2 sinnum spilafjárhæð
	0	Röðin endurgreidd
5	5	1.000 sinnum spilafjárhæð
	4	20 sinnum spilafjárhæð
	3	2 sinnum spilafjárhæð
4	4	90 sinnum spilafjárhæð
	3	3 sinnum spilafjárhæð
	2	Röðin endurgreidd
3	3	20 sinnum spilafjárhæð
	2	2 sinnum spilafjárhæð
2	2	8 sinnum spilafjárhæð
1	1	1,7 sinnum spilafjárhæð

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. desember 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

5. desember 1995 Nr. 635

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Ytri-Torfustaðahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í hreppnum, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í parhúsi eða raðhúsi skal fylgja umsókn skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.

c) Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til sveitarsjóðs árlega eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd ákveður og staðfest er af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d) Hver hundur, sem veitt er leyfi fyrir skal þegar ábyrgðartryggður og skal sveitarstjórn annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum.

e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert.

f) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.

g) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h) Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra eftirfarandi staði:
   1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra og brunna.
   2. Almennings- og útisalerni.
   3. Hverskonar sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
   4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.
   5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
   6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
   7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
   8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hverskonar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
   9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
   10. Fangageymslur og aðrar vistaverur handtekinna manna.
   11 Samkomuhús hverskonar og almennar skrifstofur.
   12. Kirkjugarða, líkhús og líkgeymslur.
   13. Almenn samgöngutæki.

i) Ákvæði stafliðs h) gildir ekki fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j) Ábúendum lögbýla sem eru innan marka sveitarfélagsins er heimilt að halda þarfahunda án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda. Kostnað vegna hundahreinsunar og þess háttar greiðir eigandi.

k) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda hreppsnefnd, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá hreppsnefnd. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda sýslumanni skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. ákvæði stafliðs f) í 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Ytri-Torfustaðahreppi.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur hreppsnefnd afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn til lögreglu til ráðstöfunar. Einnig getur hreppsnefnd afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Ytri-Torfustaðahreppi og geta leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur og ef um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda um töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer. Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði.

8. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða héraðsdýralæknis. Þannig getur hreppsnefnd t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

9. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún hefst.

Annað.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 5. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag í Mýrasýslu.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag í Álftaneshreppi, Borgarbyggð, Borgarhreppi, Hvítársíðuhreppi og Þverárhlíðarhreppi, hér eftir kölluð samvinnunefnd um svæðisskipulag í Mýrasýslu, er svo skipuð að í henni eiga sæti 11 fulltrúar.

Skipulagsstjórn skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir á svæðinu skipa hver um sig tvo fulltrúa. Varamenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt hafa skipulagsstjóri ríkisins og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi fyrir umrædd sveitarfélög og leggja fram tillögu þar um, sbr. 2. kafla skipulagsreglugerðar nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

3. gr.

Fundi í samvinnunefnd skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á. Formaður boðar til samvinnunefndarfunda með a.m.k. 7 daga fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Embætti skipulagssjóra leggur nefndinni til ritara. Viðstaddir nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerð í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem andvígur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá sérálit sitt bókað.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna (aðal- og varamanna), oddvita sveitarfélaganna og til umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir samvinnunefndin tillöguna til skipulagsstjórnar ríkisins. Um málsmeðferð tillögunnar fer skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

5. gr.

Samvinnunefnd getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað vegna sinna fulltrúa í samvinnunefnd. Embætti skipulagsstjóra ríkisins greiðir kostnað vegna formanns nefndarinnar, ritara og aðstoðar embættisins við nefndina.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir í Borgarnesi. Kostnaður vegna fundahalda greiðist sameiginlega af sveitarfélögunum en af embætti skipulagsstjóra sé fundur haldinn í Reykjavík.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér sérfræðing (ráðgjafa) til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður, sem ekki fellur undir 6. gr. sem hér segir:

Skipulag ríkisins	50,00%	Borgarhreppur	4,54%
Álftaneshreppur	4,10%	Hvítársíðuhreppur	3,88%
Borgarbyggð	33,59%	Þverárhlíðarhreppur	3,88%

Verði ágreiningur vegna kostnaðar sker umhverfisráðherra úr.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. september 1998. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfisráðherra framlengt starfstíma hennar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

8. desember 1995 Nr. 637

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Eyrarsveit.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar um hundahald í Eyrarsveit nr. 317, 12. júlí 1990, skal vera kr. 7.000 á ári og er innifalið hundahreinsunargjald og ábyrgðartrygging hunds. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið frá 1. mars til jafnlengdar á næsta ári. Gjalddagi árgjalds er 1. mars ár hvert og eindagi 30. mars.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 4. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti, kr. 4.000 í annað og kr. 6.500 í þriðja skipti.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Eyrarsveitar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi gjaldársins 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996 skal vera 15. desember 1995 og eindagi 30. desember 1995.

Umhverfisráðuneytið, 8. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurður Á. Þráinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo:
Verð hlutamiða er 700 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 8.400 kr.

2. gr.

15. gr. orðist svo:

Dráttur í hverjum flokki er tvískiptur. Fyrri hluti dráttar í 1. flokki skal fara fram 18. janúar ár hvert, en í öðrum mánuðum 10. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum, né heldur fyrsta virkan dag eftir almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir. Síðari hluti dráttar í 1. flokki skal fara fram viku síðar en fyrri hluti. Síðari hluti dráttar í öðrum flokkum skal fara fram tveim vikum síðar en fyrri hluti. Síðari hluti dráttar skal ekki fara fram á laugardögum, helgidögum eða öðrum almennum frídögum. Happdrættisráð getur veitt undanþágu frá þessari grein, ef því þykir ástæða til.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Við útdrátt vinninga skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

a. Tölvur ásamt jaðartækjum, sem samþykktar eru af happdrættisráði og stjórnað af sérfróðum manni.
b. Dráttarforrit og annan hugbúnað, sem stýrir tölvum við útdrætti. Hugbúnaðurinn skal varðveittur á tölvutæku formi.
c. Stokk sem m.a. er notaður til útdráttar á lykiltölum fyrir útdráttarforrit. Stokkurinn skal vera með 8 hólfum og í hverju hólfi skal vera reglulegur tvítugflötungur, en á hvern flöt hans skal skráð ein talnanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tala er á tveimur flötum.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:

I. Fyrri hluti útdráttar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með tvennum hætti:

A. Með notkun tölvu:
   a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með þeim hætti að stokknum er snúið, en að því búnu er skráð sú 8 stafa tala sem fram kemur. Er þetta síðan endurtekið þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
   b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
   c. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna.
   d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinninga og vinningsupphæðir, eru settar inn frá lyklaborði tengdu tölvunni og prentast út jafnhliða.

e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
f. Sé óskað eftir afriti skrárinnar á segulbandi er það nú gert.
g. Dráttarforritið og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.

B. Með notkun stokks:

Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið en að því búnu eru skráðir tveir fyrstu stafir sem upp koma og mynda þeir tölu. Þetta er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

II. Síðari hluti útdráttar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:

Í 1. til 11. flokki skal draga út eitt vinningsnúmer vegna sérstakra sjóðsvinninga og gildir númerið fyrir allar útgefnar raðir, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr.

Drátturinn fer þannig fram:

Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1-60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.

Í 12. flokki skal draga sérstaklega út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr., sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.

Drátturinn fer þannig fram:

a. Valið er númer með notkun stokks. Valið fer fram með þeim hætti að stokknum er snúið. Ef fimm fyrstu stafir sem þá koma upp mynda tölu á bilinu 1-60.000 skal sú tala skráð og telst hún vinningsnúmer. Ella skal valið endurtekið þar til slík tala kemur upp.
b. Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerum eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
c. Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessum drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
d. Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.

Að þessum síðari útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá fyrir útdráttinn sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Happdrættisráð færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. reglugerðar nr. 406 11. nóvember 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Fyrir innlagningu og meðferð alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar greiðast eftirtalin gjöld:

	Kr.
1) Grunngjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn, skv. 2. mgr. 28. gr. einkaleyfalaga (ell.), sbr. 1. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT	43.100
2) Viðbótargjald fyrir hverja bls. umsóknar umfram 30	848
3) Tilnefningargjald fyrir hvert land sem tilnefnt er skv. 2. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. a-lið 1. mgr. 15. reglu PCT, þó greiðist að hámarki gjald fyrir 11 tilnefningar	10.500
4) Gjald fyrir síðari tilnefningar skv. b- og c-lið 9. mgr. 4. reglu PCT að því tilskildu að a.m.k. ein tilnefning hafi verið gerð og greidd við innlögn alþjóðlegu umsóknarinnar	10.500
5) Staðfestingargjald skv. 5. mgr. 15. reglu PCT, vegna síðari tilnefninga skv. 4. tl. þessarar greinar, og skal upphæðin vera 50% af samanlagðri upphæð skv. þeim lið.	
6) Framsendingargjald, skv. 4. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. 14. reglu PCT	5.500
7) Gjald fyrir útgáfu og sendingu forgangsréttarskjals, skv. 5. tl. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 17. reglu PCT	2.500

Gjöld skv. 1., 2. og 6. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.

Gjald skv. 3. tl. skal greitt innan eins árs frá móttökudegi umsóknar eða, ef krafist er forgangsréttar, innan eins árs frá forgangsréttardegi eða eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar í því tilfelli að þeim mánuði ljúki síðar en forgangsréttarárinu.

Gjöld skv. 4.–5. tl. skulu greidd innan 15 mánaða frá móttökudegi umsóknar eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist.

Hafi gjöld samkvæmt 1., 2., 3. og 6. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

2. gr.

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. ell. greiðast eftirtalin gjöld:

1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT:	
a) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn í Svíþjóð og afrit fylgir af fyrstu rannsóknarniðurstöðu frá sænsku einkaleyfastofnuninni varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi	22.000
b) þegar krafist er forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem fyrst var lögð inn hér á landi, í Danmörku, Finnlandi eða Noregi og afrit fylgir af fyrstu rannsóknarniðurstöðu frá einkaleyfastofnun þessara ríkja varðandi nýnæmi og einkaleyfishæfi	31.000
c) í öllum öðrum tilvikum	36.000

2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri 36.000
3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni, skv. 3. tl. 2. mgr. 46. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT 108.100
4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search") á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:
a) Grunngjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni 31.000
b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10 900
c) Grunngjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO) 108.100

Gjöld skv. 1. og 3. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.
Gjald skv. 2. tl. skal greitt innan mánaðar frá því tilkynnt er um greiðslu.
Gjöld skv. 4. tl. skulu greidd innan þriggja mánaða frá móttökudegi umsóknar.
Hafi gjöld samkvæmt 1. og 3. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

3. gr.

Framangreind gjöld skal greiða Einkaleyfastofunni sem viðtökustofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir skv. Samstarfssáttmálanum um einkaleyfi (PCT) og viðeigandi reglur. Gjaldskrá samkv. auglýsingu þessari er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og ákvæði 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.). Gjaldskráin öðlast gildi hinn 1. janúar 1996. Samtímis fellur úr gildi auglýsing nr. 166/1995.

Iðnaðarráðuneytið, 11. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Kristmundur Halldórsson.

30. nóvember 1995 Nr. 640

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 13/1995 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1995, sbr. auglýsingu nr. 10/1995, um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1995.

Frá og með 1. desember 1995 breytist skattmat á dagpeningum innanlands sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu, svo og skattmat á akstursgjaldi sem hér segir:

1. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingunni (sbr. auglýsingu nr. 10/1995):

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 8.050, verði kr. 7.100.
Gisting í einn sólarhring:	kr. 4.550, verði kr. 3.600.

2. Akstursgjald.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni:

a) Fyrir 1 - 10.000 km kr. 33,50 pr. km verði kr. 33,95 pr. km.
Fyrir 10.001 - 20.000 km kr. 29,95 pr. km verði kr. 30,40 pr. km.
Fyrir 20.000 > kr. 26,45 pr. km verði kr. 26,80 pr. km.

b) Fjárhæðir vegna sérstaks gjalds hækka sem hér segir:

Kr.	12,30 pr. km verði	kr.	12,60 pr. km.
Kr.	5,10 pr. km verði	kr.	5,25 pr. km.
Kr.	15,55 pr. km verði	kr.	16,00 pr. km.
Kr.	4,60 pr. km verði	kr.	4,65 pr. km.
Kr.	13,95 pr. km verði	kr.	14,30 pr. km.
Kr.	4,00 pr. km verði	kr.	4,15 pr. km.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. desember 1995.

Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 116 – 1995

20. desember 1995 1657 Nr. 641

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

3. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þá er og heimilt að stunda veiðar tilgreindan tíma á eftirgreindum svæðum:

A. Frá og með 15. janúar til og með 15. apríl á svæði á „Mehlsack" sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°26'77 N - 25°23'25 V
2. 63°06'50 N - 24°44'30 V
3. 63°03'36 N - 24°55'51 V
4. 63°19'00 N - 25°32'00 V
5. 63°21'95 N - 25°39'65 V

B. Frá og með 1. september til og með 31. maí á svæði á austanverðri Jökultungu, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°10'00 N - 25°37'00 V
2. 64°00'50 N - 26°08'00 V
3. 63°53'00 N - 26°13'00 V
4. 63°50'00 N - 26°09'00 V
5. 63°50'00 N - 25°40'00 V
6. 63°53'00 N - 25°07'00 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast gildi 21. desember 1995. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 610, 30. nóvember 1995, um breyting á reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

B 115
Gutenberg

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall staðgreiðslu á árinu 1996.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1996 verið ákveðið 8,79%.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Ástráður Karl Guðmundsson.

Stjórnartíðindi B 116, nr. 641–642. Útgáfudagur 20. desember 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 1995

12. desember 1995 1659 Nr. 643

REGLUGERÐ

um skipulag og starfsemi náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Starfrækt skal náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum. Vestmannaeyjabær og önnur sveitarfélög í Suðurlandskjördæmi sem gerast kunna aðilar að stofunni eiga og reka hana með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis- eða leigukostnaðar, eigi það við, til innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

4. gr.

Hlutverk náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum er:

a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Suðurlands,
b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Suðurland og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,
c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Suðurlandi,
d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Suðurlandi,
e) að veita Vestmannaeyjabæ og öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

Gutenberg

6. gr.

Yfir náttúrustofu í Vestmannaeyjum skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórnar er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 12. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 644 14. desember 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Sandgerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 454/1990.

1. gr.

49. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir

kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Varamenn hins kjörna bæjarráðsmanns geta verið þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Bæjarstjórn getur heimilað flokki að framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Gilda þá sömu reglur um varamenn áheyrnarfulltrúans og aðalmanns í bæjarráði. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúum flokks/framboðslista kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. B samþykktarinnar og breytist númeraröð töluliðanna samkvæmt því:

a. 2. tölul. fellur brott.
b. 5. tölul. er verður 4 tölul. orðast svo:
Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru falin störf barnaverndarnefndar skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 og áfengisvarnarnefndar skv. 50. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. áfengislög nr. 82/1969. Jafnframt falla undir félagsmálaráð dagvistunarmál, félagsþjónusta og öldrunarmál.
c. 8. tölul. fellur brott.
d. 11. tölul. er verður 9. tölul. orðast svo:
Skólanefnd grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
e. 17. tölul. er verður 15. tölul. orðast svo:
Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, kosnir af bæjarstjórn og tveir aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af V.S.F.S. og S.F.S.B. skv. 39. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995.
f. 18. tölul. er verður 16. tölul. orðast svo:
Atvinnumálanefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnurekendur og V.S.F.S. tilnefna einn mann hvor. Nefndin fer jafnframt með verkefni stjórnarnefndar vinnumiðlunar skv. 9. gr. laga um vinnumiðlun nr. 18/1985.
g. 20. tölul. fellur brott.
h. 21. tölul. er verður 18. tölul. orðast svo:
Íþrótta- og tómstundaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar, dags. 19. des. 1995.
i. 22. tölul. fellur brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag 14 bújarða í austur Ölfusi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Berglind. Heimili þess og varnarþing er í Ölfushreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna: Þórustaðir, Kjarr, Bræðrabýli, Kirkjuferjuhjáleiga, Kirkjuferja, Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Sandhóll, Kolströnd, Gljúfurárholt, Kross.

Hver stofnandi greiðir 256 þús. 330 kr. sem stofngjald og telst hann ekki fullgildur félagsmaður fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.

Félagsskylda samkv. 1. mgr. þessarar greinar er því skilyrði háð, að ábúenda séu látin í té afnot af vatni því, sem félagið hefur til umráða.

4. gr.

Ábúendur væntanlegra nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar.

Nýr félagsmaður greiðir sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld sem á félaginu hvíla, til jafns við aðra félagsmenn frá því, er hann gekk í félagið. Sjálfur skal hann kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna, til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.

5. gr.

Stofnkostnaður að upphaflegri aðalleiðslu vatnsveitunnar greiðist í eftirtöldum hlutum fyrir býli á félagssvæðinu: 15. feb. 1977 119 þús. 237 kr., 15. mars 1977 119 þús. 236 kr., 15. apríl 1977 17 þús. 857 kr. Skal hann greiddur af stofngjöldum félagsmanna, þar sem þau hrökkva til og styrk, sem veittur kynni að vera til vatnsveitunnar.

Einnig greiði Ósgerði sf. 128 þús. 165 kr., Mæri 128 þús. 164 kr., Nethamrar 137 þús. 500 kr., Kotstrandarkirkja 128 þús. 165 kr.

Vatnsgjald skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð þess þannig fyrir hvert reikningsár að nægi til greiðslu vaxta og afborgana stofnkostnaðar aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds.

Gjöld skv. 3. mgr. þessarar greinar má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld sem honum ber að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda skal greina tilefni þess.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Ef þá hefur ekki borist ljósrit af reikningum félagsins til félagsmanna fyrir sl. ár. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef 3/4 félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn mæti. Færa skal gerðabók stjórnarfundar og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu.

Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti 2/3 félagsmanna samþykkir þeim.

Félaginu verður slitið ef 2/3 hlutar félagsmanna samþykkja að slíta því á löglega boðuðum félagsfundi. Við félagsslit skulu eignir félagsins renna í sveitarsjóð Ölfushrepps.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Berglind, staðfestist hér með samkvæmt XI. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

15. desember 1995 Nr. 646

REGLUGERÐ

um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með vátryggingaskuld vátryggingafélags er átt við óuppgerðar heildarskuldbindingar þess vegna gerðra vátryggingasamninga eins og hún er metin sem liður skuldamegin í efnahagsreikningi félagsins. Í líftryggingafélagi er vátryggingaskuldin einnig nefnd líftryggingaskuld.

Með vátryggingafélagi er átt við félag eða stofnun með starfsleyfi sem gefið hefur verið út hér á landi og útibú erlendra vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins sem leyfi hafa fengið til vátryggingastarfsemi hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994.

2. gr.

Vátryggingafélag skal sjá til þess að fyrir hendi séu eignir sérstaklega tilgreindar á móti vátryggingaskuldinni til að tryggja að félagið geti staðið við vátryggingaskuldbindingar sínar. Í því skyni skulu eignir valdar með tilliti til samsetningar vátryggingaskuldarinnar, uppgjörshraða skuldbindinganna, virði eignanna og ávöxtunar þeirra til skemmri og lengri tíma.

Félagið skal tryggja fjölbreytni og dreifingu eignanna. Taka skal tillit til þeirrar áhættu sem felst í fjárfestingu af tiltekinni tegund og velja eignir á móti vátryggingaskuldinni í samræmi við það.

Miða skal fjárhæðir og dreifingu eigna við heildarupphæð vátryggingaskuldar. Tekið skal tillit til breytinga á vátryggingaskuld og eignum sem eiga að mæta henni innan reikningsársins nema um tímabundnar sveiflur innan þess sé að ræða.

Tegundir eigna.

3. gr.

Vátryggingafélag má ekki nota aðrar tegundir eigna á móti vátryggingaskuld en þær sem að neðan greinir, auk þeirra sem getið er í 4. og 5. gr.:

1. Verðbréf með ábyrgð ríkis og kröfur á ríki á svæði A.
2. Innstæður hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum á svæði A undir opinberu eftirliti.
3. Útlán með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði.
4. Verðbréf með ábyrgð sveitarfélags og kröfur á sveitarfélag á svæði A.
5. Verðbréf skráð á reglulegum markaði á svæði A. Verðbréf útgefin af viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum undir opinberu eftirliti á svæði A og útlán með ábyrgð þeirra. Hlutdeild í verðbréfasjóðum, sbr. lög nr. 10/1993.
6. Fasteignir, lönd og lóðir. Eignarhlutir í félögum sem hafa að megintilgangi að fjárfesta í slíkum eignum. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir. Verðbréf með veði í varanlegum rekstrarfjármunum.
7. Hlutabréf ekki skráð á reglulegum markaði.
8. Verðbréf og kröfur með annarri tryggingu en í 6. tölul.
9. Verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar.
10. Reiðufé.

Um skilgreiningu á svæði A fer samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, eins og þær eru á hverjum tíma. Með reglulegum markaði er átt við markað samkvæmt skilgreiningu í 7. gr. laga um vátryggingastarfsemi, hér á landi Verðbréfaþing Íslands.

4. gr.

Tilgreina má hlut endurtryggjenda í vátryggingaskuld sem eign á móti vátryggingaskuld sé endurtryggt hjá vátryggingafélagi með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Geymslufé og iðgjaldakröfur vegna endurtrygginga má tilgreina á móti vátryggingaskuld hafi ekki liðið meira en þrír mánuðir frá gjalddaga.

Hafi endurtryggjandi staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins má heimila að hlutur endurtryggjenda sé tilgreindur sem eign á móti vátryggingaskuld, enda sé endurtryggjandinn undir opinberu eftirliti og uppfylli kröfur um fjárhagslegan styrk sem Vátryggingaeftirlitið metur fullnægjandi.

5. gr.

Þegar vátryggingaskuldin er með beinum hætti háð vaxtaákvæðum eða tengist ávöxtun í tiltekinni tegund eigna svo sem í bréfum með hlutaréttindum, eða þegar lofað er tiltekinni ávöxtun í vátryggingasamningi, skal gætt samræmis milli vátryggingaskuldarinnar og þeirra eigna sem eiga að mæta henni.

Eignfærðan kostnað við öflun líftrygginga má nota á móti vátryggingaskuld að því marki er samsvarar sama lið í tæknigrundvelli líftrygginga. Í öðrum greinum vátrygginga má nota slíkan öflunarkostnað að sama marki og ráð er fyrir gert í iðgjaldaskuldinni.

Mat á eignum.

6. gr.

Meta skal í hverju tilviki fyrir sig þá áhættu sem felst í þeim eignum sem ætlað er að mæta vátryggingaskuldinni og sérstaklega með tilliti til dreifingar þannig að vægi einstakra tegunda og eigna á einni hendi verði takmarkað.

Varanlega rekstrarfjármuni má því aðeins nota sem eign á móti vátryggingaskuld að þeir hafi verið nægilega afskrifaðir og færðir niður í verð sem ætla má að fyrir þá fáist.

Verðbréf og kröfur má ekki nota sem eign á móti vátryggingaskuld nema eignin teljist trygg og hafi verið nægilega færð niður.

Framseljanleg verðbréf sem ekki eru skráð á reglulegum markaði má því aðeins nota á móti vátryggingaskuld að þeim verði komið í verð með skömmum fyrirvara eða að um sé að ræða eignarhald í fjármálastofnun undir opinberu eftirliti. Fjárfestingar í afleiðusamningum geta því aðeins komið á móti vátryggingaskuld að þær stuðli að því að draga úr fjárfestingaráhættu og séu liður í að auka almennt öryggi eigna sem mæta eiga vátryggingaskuldinni.

Útistandandi iðgjöld og kröfur á miðlara sem rekja má til vátrygginga (frum- eða endurtrygginga) má því aðeins nota að eigi hafi liðið meira en þrír mánuðir frá gjalddaga.

Frá hverri eign skal draga áhvílandi lán og taka tillit til ábyrgða. Frá kröfum á einstaka skuldunauta skal draga skuldir félagsins við þá.

Dreifing eigna.

7. gr.

Hámark einstakra tegunda eigna samanlagt sem hlutfall af vátryggingaskuld, sbr. töluliði 3. greinar og töflu í viðauka, er í 1. tl. 100%, í 2. tl. 100%, í 3. tl. 100%, í 4. tl. 50%, í 5. tl. 40%, í 6. tl. 40%, í 7. tl. 10%, í 8. tl. 8%, í 9. tl. 5% og í 10. tl. 3%.

8. gr.

Hámarkshlutfall eigna á einni hendi á móti vátryggingaskuld, þ.e. eign útistandandi hjá sama einstaklingi eða lögaðila, hjá sama lántakanda eða útgefanda, sbr. töluliði 3. greinar og töflu í viðauka er:

1. tl. 100%.
2. tl. 5%. Þó má hámarkið á einni hendi hækka í 10% svo fremi að slíkar eignir nemi samanlagt ekki yfir 40% heildarvátryggingaskuldar.
3. tl. 100%.
4. tl. 10%.
5. tl. 5%. Þó má hámarkið á einni hendi hækka í 10% svo fremi að slíkar eignir nemi samanlagt ekki yfir 40% heildarvátryggingaskuldar.

6. tl. 5%. Sama gildir um fleiri eignir á sama stað eða í nálægð hverrar annarrar þannig að þær teljist ein fjárfesting.
7. tl. 1%.
8. tl. 1%.
9. tl. 1%.

Kröfur á einn aðila af fleiri en einni tegund samkvæmt 2., og 4. - 9. töluliðum 3. gr. mega samanlagt mest nema þeirri hlutfallstölu sem tilgreind er fyrir þann tölulið þar sem hlutfallstala hlutaðeigandi eigna er hæst.

9. gr.

Vátryggingafélag má því aðeins nota hlutdeild í dótturfélagi á móti vátryggingaskuld að dótturfélagið hafi það hlutverk eitt að ávaxta eignir vátryggingafélagsins að öllu leyti eða að hluta og að því marki er svarar til eignarhlutar þess í dótturfélaginu. Takmarkanir í 7. og 8. gr. á eignum á móti vátryggingaskuld gilda um útistandandi eignir slíkra dótturfélaga vátryggingafélags.

Gengisáhætta.

10. gr.

Velja skal eignir á móti vátryggingaskuld með tilliti til gengisáhættu þannig að dregið sé úr vægi hennar svo sem kostur er. Eignirnar skulu ávaxtaðar í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins nema Vátryggingaeftirlitið veiti undanþágu frá því skilyrði sérstaklega.

Eignir á móti vátryggingaskuld skulu að meginreglu vera í sama gjaldmiðli og skuldbindingin sem þeim er ætlað að mæta. Víkja má frá þeirri reglu nemi eignir sem jafna ætti í tilteknum gjaldmiðli 7% eða minna af eignum samanlagt í öðrum gjaldmiðlum.

Vátryggingafélag má ekki ávaxta meira en sem svarar 20% vátryggingaskuldbindinga sem eru í tilteknum gjaldmiðli, í eignum sem eru í öðrum gjaldmiðli.

11. gr.

Þegar tilgreint er í vátryggingasamningi að vátryggingavernd skuli veitt í tilteknum gjaldmiðli skal litið svo á að skuldbinding vátryggingafélags sé í sama gjaldmiðli eða, komi það ekki fram í samningnum, að skuldbindingin sé í gjaldmiðli þess ríkis þar sem vátryggingaáhættan er eða skuldbindingin komst á, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1994.

Ekki skal gerð krafa um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vegna gengisáhættu í tilteknum gjaldmiðli þegar hindranir varðandi fjármagnsflutninga eru í gildi eða af öðrum ytri ástæðum þegar talið yrði að markmiði um takmörkun á vægi gengisáhættu yrði ekki náð með slíkri jöfnun eigna á móti skuldbindingum.

Skrá yfir eignir.

12. gr.

Vátryggingafélag skal halda skrá yfir þær eignir sem mæta eiga vátryggingaskuld á hverjum tíma og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað á eignaskránni og mati vátryggingaskuldar. Samantekt úr skránni ásamt fullnægjandi skýringum á vali á eignum á móti vátryggingaskuld skal fylgja ársreikningi og öðrum gögnum vegna ársuppgjörs til Vátryggingaeftirlitsins, staðfest af endurskoðanda félagsins og þegar við á tryggingastærðfræðingi. Samantekt úr skránni skal send Vátryggingaeftirlitinu á öðrum tíma telji það ástæðu til.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Vátryggingaeftirlitinu er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn frá vátryggingafélagi að veita tímabundna og takmarkaða undanþágu frá ákvæðum 3., 7. og 8. gr. um samsetningu og dreifingu eigna og eignir á einni hendi sem mæta eiga vátryggingaskuld að teknu tilliti til nauðsynlegra varfærnissjónarmiða, sbr. 2. og 6. gr.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 3. mgr. 34. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vátryggingafélög sem hafa starfsleyfi útgefið hér á landi við gildistöku reglugerðar þessarar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku hennar gera Vátryggingaeftirlitinu grein fyrir þeim eignum sem eiga að mæta vátryggingaskuldinni og láta því í té yfirlit yfir þessar eignir. Telji félag að það uppfylli ekki ákvæði reglugerðarinnar skal það leggja fram áætlun með yfirlitinu um það hvernig og hvenær það hyggst ná því marki. Vátryggingaeftirlitið getur þá veitt félaginu aðlögunartíma, sbr. 13. gr.

Viðskiptaráðuneytið, 15. desember 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

Viðauki.

Tafla til skýringar á reglum 3., 7. og 8. gr. um tegundir og dreifingu eigna samanlagt og að hámarki á einni hendi.

Hámark eigna sem hlutfall vátr.skuldar, %	Tegundir eigna	Hámark eigna á einni hendi sem hlutfall vátr.-skuldar, %
100	1. Verðbréf með ábyrgð ríkis og kröfur á ríki á svæði A.	100
	2. Innstæður hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum á svæði A undir opinberu eftirliti.	5 - 10 *
	3. Útlán með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverði.	100
50	4. Verðbréf með ábyrgð sveitarfélags og kröfur á sveitarfélag á svæði A.	10
40	5. Verðbréf skráð á reglulegum markaði á svæði A.Verðbréf útgefin af viðskipta- bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármálastofnunum undir opinberu eftirliti á svæði A og útlán með ábyrgð þeirra. Hlutdeild í verbréfasjóðum, sbr. lög nr. 10/1993.	5 - 10 *
40	6. Fasteignir, lönd og lóðir. Eignarhlutir í félögum sem hafa að megintilgangi að fjárfesta í slíkum eignum. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir. Verðbréf með veði í varanlegum rekstrarfjármunum.	5
10	7. Hlutabréf ekki skráð á reglulegum markaði.	1
8	8. Verðbréf og kröfur með annarri tryggingu en í 6. tölul.	1
5	9. Verðbréf og kröfur án sérstakrar tryggingar.	1
3	10. Reiðufé.	

*** Sbr. 8. gr.**

REGLUGERÐ

fyrir Orkuveitu Húsavíkur.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Tilgangur og starfssvið.

Orkuveita Húsavíkur, skammstafað OVH, er fyrirtæki í eigu Húsavíkurkaupstaðar sem starfrækt er í eftirfarandi tilgangi:

1. Að afla raforku, hitaorku og vatns.
2. Að veita og selja raforku um lögsagnarumdæmi Húsavíkur.
3. Að veita og selja heitt vatn um lögsagnarumdæmi Húsavíkur og Reykjahrepps.
4. Að starfrækja vatnsveitu til almenningsnota.

OVH er heimilt með samningum að veita og selja heitt vatn út fyrir lögsagnarumdæmi Húsavíkur, enda hafi öðrum ekki verið veitt einkaleyfi til slíkrar sölu.

Reglugerð þessi tekur ekki til liðar 4 hér að ofan en um þá starfsemi gildir rg. nr. 421/1992 um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. l. nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga.

2. gr.
Stjórn.

Bæjarstjórn fer með stjórn OVH. Veitunefnd fer með málefni fyrirtækisins í umboði bæjarstjórnar sbr. samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Veitunefnd skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara. Kjörtímabil hennar er hið sama og kjörtímabil bæjarstjórnar. Um veitunefnd gilda ákvæði VI. kafla l. nr. 8/1986 sveitarstjórnarlaga.

3. gr.
Staða veitunnar gagnvart annarri starfsemi.

Orkuveita Húsavíkur er rekin sem sjálfstætt fyrirtæki í eigu Húsavíkurkaupstaðar og er fjárhagur hennar aðskilinn frá fjárreiðum bæjarsjóðs með sérstökum ársreikningi.

4. gr.
Veitustjóri.

Við OVH skal starfa veitustjóri. Hann stjórnar daglegri starfsemi veitunnar. Hann skal ráðinn af bæjarstjórn, sem setur honum erindisbréf.

5. gr.
Mannaráðningar.

Bæjarráð ræður aðra fastráðna starfsmenn til OVH að fenginni umsögn veitunefndar og veitustjóra. Veitustjóri ræður lausráðna starfsmenn.

6. gr.
Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Skrifstofa Húsavíkurkaupstaðar sér um bókhald fyrirtækisins en veitustjóri fylgist með stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma og að bókhald sé rétt og tímanlega fært.

Tekjum OVH skal varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði hennar, viðhaldi og uppbyggingu. Bæjarstjórn Húsavíkur ráðstafar tekjuafgangi OVH og gerir ráðstafanir til þess að jafna hugsanlegt tap.

Heimilt er að mynda framkvæmdasjóð, ef hentugt þykir, til undirbúnings kostnaðarsamra áfanga í uppbyggingu OVH.

7. gr.
Einkaleyfi.

Orkuveita Húsavíkur hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á raforku og heitu vatni um lögsagnarumdæmi Húsavíkur.

Bæjarstjórn getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn OVH, enda liggi fyrir samþykki ráðherra.

II. KAFLI
Gjaldskrá og innheimta.

8. gr.
Gjaldskrá.

Bæjarstjórn Húsavíkur setur OVH gjaldskrá, að fenginni tillögu veitunefndar. Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, heimtaugar/heimæðar, kalt vatn, þegar það er selt samkvæmt mæli, svo og öll önnur gjöld. Ennfremur um gjalddaga, eindaga, innheimtu gjalda og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjastjórnar skal send iðnaðarráðherra til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.
Uppgjör orku, álestur, áætlun og reikningar.

Notendur skulu greiða orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

OVH má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun þar sem orkunotkuninni er jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlun nefnast áætlunarreikningar. Raunverulega orkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á u.þ.b. 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra.

Notandi getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

Orkureikninga skal senda út reglulega og, að jafnaði, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir notanda á notkunarstað eða á annan stað sem notandi tiltekur.

10. gr.
Stöðvun orkuafhendingar.

a) *Lokunartilkynning.*

Sé orkureikningur (álestrar- eða áætlunarreikningur) ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má OVH stöðva orkuafhendingu til notanda, að undangenginni skriflegri tilkynningu, sem sendist notanda með minnst 5 daga fyrirvara.

b) *Stöðvun orkuafhendingar.*

OVH má stöðva afhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. OVH er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda séu ekki liðnar meira

en þrjár vikur frá tilkynningu um hana. OVH ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum af stöðvun orkuafhendingar.

Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

c) *Greiðsluskylda á lokunartíma.*

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila eða vanefnda hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við OVH né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma.

OVH á rétt á að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar, framkvæmd lokunar og opnun veitunnar.

d) *Opnun lokaðrar húsveitu.*

Verði lokað fyrir húsveitu vegna skulda, skal að jafnaði ekki opnað aftur, nema skuldin sé að fullu greidd eða trygging sett fyrir skilvísri greiðslu.

e) *Óleyfileg tenging húsveitu.*

Enginn má tengja húsveitu, rjúfa tengingu húsveitu né endurtengja húsveitu nema þeir sem OVH hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má OVH aftengja fyrirvaralaust.

III. KAFLI
Almenn ákvæði um tengingu húsveitna.

11. gr.
Eigandi/notandi húsveitu.

Húsveita er sjálfstæð veita sem tengd er við veitukerfi OVH. Eigandi húsveitu, sem tengist veitukerfi OVH, nefnist húseigandi. Kaupandi raforku og heits vatns, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi.

12. gr.
Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) *Heimtaug/heimæð.*

Heimtaug er rafmagnsstrengur, sem liggur frá götuskáp eða múffutengingu að inntakskassa eða mælitæki húsveitu. Heimæð er heitavatnslögn, sem liggur frá dreifikerfi OVH að mælitæki í inntaksrými húsveitu.

b) *Skuldbinding húseiganda.*

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í gjaldskrá OVH og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá OVH. OVH getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

Húseiganda ber að leggja, á minnst 50 sm dýpi, ídráttarrör frá lóðarmörkum að inntakstað heimtaugar samkvæmt samþykktri afstöðumynd. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk. Við ákvörðun heimtaugargjalds skal gera ráð fyrir að ídráttarrör sé fyrir hendi.

c) *Lagnir veitukerfis og tenging húsveitna.*

OVH lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins að meðtöldum heimæðum/heimtaugum inn fyrir húsveggi og mælitækjum og annast rekstur og viðhald þeirra.

OVH annast tengingu við húsveitu notanda. Við slíka framkvæmd skal OVH halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal OVH færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

OVH ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

d) *Skipting kostnaðar og breytingar.*

OVH kostar lagningu eigin veitukerfis, en húseigandi greiðir heimæðar/heimtaugargjöld samkvæmt gjaldskrá. Húseigandi/notandi skal standa straum af kostnaði við breytingu á húsveitu vegna tengingar við OVH. Húseigandi/notandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans. Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi OVH.

e) *Óvenjulegar aðstæður.*

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir.

f) *Lágmarksgjald.*

OVH er heimilt að krefjast lágmarksgjalds (fastagjalds), sé lokað fyrir húsveitu um lengri eða skemmri tíma.

g) *Frosin jörð.*

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

13. gr.

Mælitæki.

a) *Uppsetning mælitækja.*

OVH setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis OVH. OVH getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati veitustjóra.

b) *Notandi.*

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er sett við. Notandi mælitækis skal bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun þar til hann lætur af notkun veitunnar og tilkynnir OVH um það.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

c) *Notendaskipti.*

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til OVH, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) *Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.*

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til OVH um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) *Viðhald.*

OVH annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) *Mælaleiga.*

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá OVH á hverjum tíma.

g) *Prófun mælitækis.*

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

OVH hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) *Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.*

Ef fram kemur við prófun, sem OVH framkvæmir, að mælitæki hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna er heimilt að krefja notanda um greiðslu þess, sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé.

OVH getur ekki krafist viðbótargreiðslu, vegna mæliskekkju, fyrir lengra tímabil en 1 ár, og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) *Véfenging á niðurstöðum prófunar.*

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) *Notkun vegna galla á veitu.*

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum notanda, er OVH ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) *Leiðrétting á reikningsfjárhæð.*

Ef álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð hefur verið skakkur skal leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

l) *Óleyfileg notkun.*

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal OVH áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana, allt að þreföldu verði eftir gildandi gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni er.

14. gr.

Innsigli.

Starfsmenn OVH hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, bakrennslisloka, hemla, framhjáhlaup bakrennslis o.þ.h. Einnig mega starfsmenn OVH innsigla hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn OVH. Önnur innsigli OVH mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi OVH hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna OVH skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna OVH slíkt án tafar.

15. gr.
Óleyfilegar tengingar.

Verði settar óleyfilegar tengingar eða gerðar breytingar á húsveitu eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi húsveitu og tækja, skal farið með það sem galla á húsveitu og heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með húsveitunni hefur í för með sér. Veitustjóri getur látið taka húsveitu úr sambandi, meðan galli er á henni eða tækjum, sem við hana eru tengd, þar til bætt hefur verið úr.

16. gr.
Eftirlit.

a) *Aðgangsréttur OVH.*

Starfsmenn OVH eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:

1. til athugunar á öryggi þeirra, þ.m.t neyslutæki
2. til athugunar á bakrennslisgrindum, mælitækjum og því hvort öll notkun komi til mælis samkvæmt gjaldskrá
3. til álestrar á mælitæki
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum OVH.

b) *Tengiskilyrði.*

Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

IV. KAFLI
Tenging húsveitna við dreifikerfi raforku.

17. gr.
Rafverktakaleyfi.

a) *Öflun leyfis.*

Rafverktakar skulu hafa hlotið landslöggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins sbr. reglugerð nr. 543/1993.

b) *Heimild til vinnu við raforkuvirki.*

Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða OVH, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) *Teikningar.*

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun raflagna. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi eða öðrum sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglugerð þessa, sérteikningar OVH, svo og aðrar þær reglur og lög sem í gildi eru á hverjum tíma.

d) *Upplýsingaskylda.*

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita OVH upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

18. gr.
Úttekt.

a) *Úttekt og skoðun.*

Eftirlit með raflögnum skal vera skv. reglugerð um raforkuvirki. OVH getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem OVH innir af hendi, eða lætur vinna, við úttekt raflagna, skoðunaraðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) *Spennusetning.*

Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega setja spennu á húsveitu eða hluta af húsveitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Verði út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á húsveituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) *Ábyrgð.*

OVH tekur ekki á sig ábyrgð á húsveitu með úttekt eða tengingum.

19. gr.
Húsveitur.

a) *Umsókn um orkukaup.*

Áður en hafist er handa um lögn nýrra raforkukerfa eða breytingu á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til OVH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa OVH lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt rafvirkjameistara þeim sem verkið annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða og grunnmynd inntaksrýmis. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) *Tenging húsveitu.*

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til OVH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Rafvirkjameistari skal skila til OVH, vottorði um úttekt á lagnakerfi hússins og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega hleypa rafmagni á rafkerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi OVH í heimildarleysi, getur OVH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

c) *Kröfur til húsveitna.*

Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð um raforkuvirki og byggingarreglugerð. Þær húsveitur teljast óleyfilegar, sem ekki fullnægja þessum kröfum. Efni í húsveitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum. Telji stjórn OVH nauðsynlegt að útbúnar séu sérstakar tæknireglur fyrir OVH þá skulu þær hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins áður en þær taka gildi.

d) *Stofntaugar.*

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

e) *Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.*

Verði um mikla aukningu á orku- og/eða aflnotkun húsveitu að ræða og OVH þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að leggja nýja háspennustrengi og/eða auka afl spennistöðvar um þriðjung eða meira er veitustjóra heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í þeim kostnaði að hluta eða að öllu leyti enda skal OVH og umsækjandi gera með sér samning þar um áður en framkvæmdir hefjast.

f) *Eigandi heimtaugar.*

Heimtaugar með stofnvari eru eign OVH, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

g) *Breyting á heimtaug.*

OVH annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð þá skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

h) *Vélar og tæki.*

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig uppsett og útbúin að þau valdi ekki truflun á raforkunotkun annarra. Misbresti á þessu eða aðra galla á húsveitu eða tækjum skal húseigandi/notandi þegar í stað og á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra. Komi í ljós við skoðun húsveitu, af hálfu OVH, Rafmagnseftirlits ríkisins eða löggilts rafverktaka, að galli sé á veitu eða tækjum, er eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta, á sinn kostnað, löggiltan rafverktaka gera við slíkt.

V. KAFLI
Tenging húsveitna við dreifikerfi hitaorku.

20. gr.
Umsóknir og áhleyping.

a) *Umsókn um orkukaup.*

Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytinga á eldri kerfum skal sækja um orkukaupin eða breytinguna til OVH á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa OVH lætur í té.

Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa bæjarins þar sem fram kemur afstaða og grunnmynd inntaksrýmis. Staðsetning inntaks skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

b) *Tenging húsveitu.*

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði til OVH með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til OVH, vottorði um úttekt byggingafulltrúa á lagnakerfi hússins og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn OVH mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu.

Verði húsveita tengd veitukerfi OVH í heimildarleysi, getur OVH aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

c) *Heimæðarlögn og inntak.*

OVH er heimilt að leggja heimæð um lóð og húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg húss. Í inntaksrými skal vera nauðsynlegt rúm fyrir bakrennslisgrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi, ljós og góð loftræsting og það húsrými skal vera aðgengilegt starfsmönnum OVH.

d) *Eigandi heimæðar.*

Heimæð ásamt rennslismæli er eign orkuveitunnar, enda þótt heimæðargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

21. gr.
Teikningar.

Teikningar skulu uppfylla almennar reglur um hönnun heitavatnslagna, lofthitunarkerfa og loftræstikerfa, reglur byggingarsamþykktar og byggingarskilmála. Þær skulu gerðar af sérmenntuðum verkfræðingi, tæknifræðingi, eða öðrum þeim sem hlotið hefur löggildingu til slíkra starfa, og ber hann ábyrgð á því að uppdráttur sé réttur og í samræmi við reglur þessar, sérteikningar OVH, svo og aðrar þær reglur og lög sem í gildi eru á hverjum tíma.

22. gr.
Eftirlit.

OVH skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og aðra notkun sé þess óskað.

Komi í ljós að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur OVH stöðvað verkið þar til úr því verður bætt.

Pípulagningameistari viðkomandi húsveitu skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

23. gr.
Skuldbindingar húseiganda.

Húseigandi/notandi ber ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss sem eru í eigu OVH.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til OVH ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum þeirra.

Húseigandi/notandi greiðir kostnað við viðgerð eða endurnýjun búnaðar í eigu OVH, sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

VI. KAFLI
Skilmálar fyrir raforkusölu.

24. gr.
Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá OVH.

25. gr.
Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðkomandi húsveitu við rafveitukerfi OVH.

26. gr.
Raforkusala.

a) *Skilmálar um raforkusölu.*

OVH selur raforku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um raforkukaup.*

OVH getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður veitustjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) *Takmörkun sölu vegna rafhitunar.*

OVH getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) *Sérstök spennistöð.*

Telji OVH nauðsynlegt að komið verði fyrir spennistöð á lóð í því skyni að umbeðin raforkusala geti farið þar fram, skal OVH látinn í té lóðarflötur eða húsnæði fyrir spennistöð og lóðarflötur eða aðstaða fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds. Um þetta verði gerður sérstakur samningur milli OVH og lóðarhafa.

OVH er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja, má þinglýsa á viðkomandi fasteign.

f) *Spennubreyting.*

Óski OVH eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. Veitunefnd ásamt veitustjóra setja nánari reglur um framkvæmd.

Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og OVH samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) *Endursala á raforku.*

Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af OVH, er óheimil án leyfis OVH.

27. gr.

Rekstrartruflanir.

a) *Almennt.*

Stöðvun á rekstri, eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur OVH en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.

OVH ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) *Réttur til rofs.*

OVH áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar er OVH heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) *Takmörkun á orkuafhendingu.*

Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveður OVH hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á orkuafhendingu skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur OVH þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald skv. taxta B.l í gjaldskrá, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

28. gr.

Samningsbundinn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta OVH er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur veitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send OVH með eins mánaðar fyrirvara.

OVH áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

VII. KAFLI
Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

29. gr.
Tímabil sölusamnings.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá OVH.

30. gr.
Umsókn um tengingu.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við veitukerfi OVH.

31. gr.
Hitaorkusala.

a) *Skilmálar um hitaorkusölu.*

OVH selur hitaorku á orkuveitusvæði sínu, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um hitaorkulagnir og gjaldskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um hitaorkukaup.*

OVH getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi hitaorku sæki um það skriflega og geri nákvæma grein fyrir orkuþörf og til hverra nota hitaorkan sé ætluð.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*

Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður veitustjóri nánari skilmála t.d. á hvaða tímum sólarhringsins nota megi umbeðið afl.

d) *Endursala á hitaorku.*

Endursala til annarra á hitaorku, sem keypt er af OVH, er óheimil án leyfis OVH.

32. gr.
Rekstrartruflanir.

OVH ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun hitaorku um lengri eða skemmri tíma ákveður OVH hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (aflgjalds og/eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

33. gr.
Mæling.

OVH ákveður stærð og gerð mæla sem notaðir eru.

34. gr.

Sérstakir sölusamningar.

OVH er heimilt að semja sérstaklega um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála. Slíkir samningar skulu háðir samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur.

35. gr.

Bakrennsli.

a) *Hitastig bakrennslis.*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegn um húsveitu má ekki vera heitara en 35 gráður á Celsíus.

b) *Nýting bakrennslis.*

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss (bakrennsli) er eign OVH. Bæjarstjórn getur heimilað notkun þess með sérstökum reglum þar um s.s. til upphitunar í gróðurhúsum, heitum pottum og öðrum þeim stöðum, sem ekki þurfa ákveðið hitastig. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyrirmælum OVH. OVH getur afturkallað slík leyfi, að undangenginni tilkynningu.

c) *Óheimil tenging.*

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að áður fengnu samþykki OVH.

36. gr.

Upplýsingaskylda og ábyrgð.

Hitaorkunni er miðlað í formi heits vatns. OVH skal gefa kaupendum og húseigendum upplýsingar um þrýsting, hitastig og önnur tæknileg atriði, sé þess óskað.

Óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orkumiðilsins eru án ábyrgðar OVH. Um breytingar sem stafa af öðrum ástæðum, skal OVH tilkynna notendum með hæfilegum fyrirvara.

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og gjaldskrá settri skv. henni skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. l. nr. 58/1967.

38. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár OVH og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir. Verði ágreiningur á milli veitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir orkunotkun, getur notandi skotið ágreiningnum til úrskurðar bæjarstjórnar.

39. gr.

Brot á reglugerð.

Brot á reglugerð þessari eða reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum OVH eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem veitustjóri hefur mælt fyrir um samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er veitustjóra heimilt að láta loka hlutaðeigandi húsveitu.

40. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála. OVH getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

41. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að taka gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt falla úr gildi rg. nr. 470/1979 fyrir Rafveitu Húsavíkur og rg. nr. 147/1970 fyrir Hitaveitu Húsavíkur. Gjaldskrár settar á grundvelli eldri reglugerða skulu halda gildi sínu þar til nýjar verða settar á grundvelli þessarar reglugerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjöld sem eru tilkomin vegna orkusölu Rafveitu Húsavíkur og Hitaveitu Húsavíkur er OVH rétt að innheimta með þeim heimildum sem orkulög veita og skv. ákvæðum þessarar reglugerðar.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 648 4. desember 1995

REGLUGERÐ

um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.

1. gr.

Þeir menn sem dveljast erlendis við nám, geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ákvæði 1. mgr. á við, þrátt fyrir að menn séu með fasta búsetu erlendis, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi eða uppfyllt skilyrði reglugerðar þessarar síðustu 5 árin áður en nám hófst.

Nám skv. 1. mgr. telst hverskonar reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds– eða háskólastigi enda sé námið ætlað sem aðalstarf og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári.

Til náms skv. 1. mgr. telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt.

Til náms skv. 1. mgr. telst ekki nám í grunnskólum, menntaskólum eða sambærilegum menntastofnunum, nema nám að loknum grunnskóla veiti formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti.

2. gr.

Maki námsmanns og börn hans eldri en 16 ára geta haldið sömu réttindum og námsmaður ef sýnt er fram á að dvöl þeirra erlendis sé bein afleiðing af námi hans, en ekki sérstaklega til tekjuöflunar eða öflunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Sama gildir um sambúðarfólk, sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Námsmenn, makar þeirra og börn eldri en 16 ára, sem óska eftir að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti, skulu árlega sækja um það á skattframtali. Skattframtal skal senda skattstjóra í því umdæmi sem þeir voru síðast skattskyldir í fyrir brottför með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað og allar eignir, hvar sem þær eru. Leggja skal fram eftirtalin gögn og upplýsingar með skattframtali:

1. Vottorð um nám erlendis á tekjuári þar sem fram komi:
   a) hvaða nám var stundað og hve lengi,
   b) hvenær nám hófst,
   c) hvenær námslok séu áætluð.
2. Upplýsingar um eftirfarandi:
   a) hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi,
   b) hver sé umboðsmaður eða hvert sé póstfang námsmanns hér á landi.
3. Upplýsingar um tekjur erlendis:
   a) staðfest ljósrit af erlendum skattframtölum ef tekjur koma þar fram, eða
   b) skriflegt tekjuvottorð frá erlendum skattyfirvöldum, eða
   c) erlenda álagningarseðla, eða
   d) staðfestingu á skattauppgjöri erlendis.
4. Staðfestingu um barnabætur o.þ.h. greiðslur erlendis ef um þær var að ræða. Fram komi heildargreiðslur tekjuársins.

Skattstjórar skulu taka ákvörðun um réttindi samkvæmt reglugerð þessari í samræmi við framlögð gögn við álagningu opinberra gjalda ár hvert.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1995.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 384/1994 um skipulag og starfsemi náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Yfir náttúrustofu í Neskaupstað skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórnar er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

2. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 13. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 650 21. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. janúar 1996.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 12 10. janúar 1994:

Taxti B.2 Útilýsing: Viðhaldsgjald lækkar úr 21.600 kr/kW/ár í 20.400 kr/kW/ár.

Iðnaðarráðuneytið, 21. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla og færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:
Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.
Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1996.

Færsla Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall skal fara fram hinn 1. júlí 1996.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

18. desember 1995 Nr. 652

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

A. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (H.E.S.) og er leyfi bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Hundurinn skal merktur með INDEXEL örmerki auk merkis í hálsól sem sýni að hann hafi verið hreinsaður af bandormum.

2. gr.

B. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Árlega skal greiða leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. H.E.S. sér um að ábyrgðatryggja alla skráða hunda á svæðinu. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja gerir tillögu um upphæð leyfisgjalds til sveitarstjórna á Suðurnesjum sem ákveða gjaldið í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir og er gjaldið til að standa straum af kostnaði við umsjón og eftirlit með hundum á svæðinu. Gjaldið greiðist við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Af þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt vottorði læknis, greiðist hálft gjald. Ef fleiri en einn hundur er á sama heimili og í eigu sama einstaklings,

greiðist fullt gjald af einum hundi en hálft gjald af öðrum. Dráttarvextir falla á ógreidd gjöld eftir 1. júní. Hafi gjöldin ekki verið greidd 1. september falla hlutaðeigandi leyfi úr gildi. Ef eigendaskipti verða á hundi ber hinum nýja eiganda að sækja þegar um undanþágu til H.E.S.

3. gr.

G. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

4. gr.

Framangreind breyting á samþykktinni, sem hefur verið samþykkt í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, bæjarstjórn Grindavíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarráði Keflavíkur - Njarðvíkur og Hafna (nú Reykjanesbær) og bæjarráði Sandgerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið 18. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 653 18. desember 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988, sbr. samþykktir nr. 448/1990 og 183/1995.

1. gr.

Nýr 5. tölul. 58. gr. A samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum HAB. Í stjórninni eru 5 fulltrúar og 5 til vara.

2. gr.

Við 13. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi: Við íþróttamiðstöðina á Jaðarsbökkum starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi rekstrarnefnd sem í eru bæjarstjóri, formaður íþrótta- og æskulýðsnefndar, formaður Íþróttabandalags Akraness og formaður Knattspyrnufélags ÍA.

3. gr.

23. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Akranesveitu. Fimm aðalmenn og fimm til var samkvæmt reglugerð um Akranesveitu.

4. gr.

24. og 25. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar falli brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett skv. 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

12. desember 1995 Nr. 654

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976 með síðari breytingum.

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Vinningar í happdrættinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happdrættisins ákveður, að fengnu samþykki happdrættisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 6/7 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskrá vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/7 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útdrætti sjóðsvinninga haldið áfram þar til miði í hverri útgefinni miðaröð happdrættisins hefur hlotið vinning.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. desember 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

18. desember 1995 Nr. 655

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. *Íbúðir.*

Sorphirðugjald kr. 5.200 á íbúð.

B. *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	a)	kr.	15.600	Flokkur	c)	kr.	62.400
„	b)	kr.	31.200	„	d)	kr.	124.800

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

C. Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1996, 6,25 kr./kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Umhverfisráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 656 18. desember 1995

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.280 á árinu 1996.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.120 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6.240 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Umhverfisráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum ber að kaupa sér ábyrgðartryggingu hjá vátryggingarfélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, eða leggja fram aðra jafngilda tryggingu, t.d. ábyrgð banka eða sparisjóðs, sem að mati stjórnar Lögmannafélags Íslands veitir sambærilega vernd gegn fjárhagstjóni, sem þeir af gáleysi valda umbjóðendum sínum og leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn, sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og vátryggingarfélögum, eru undanþegnir ákvæði 1. mgr. að því er varðar lögmannsstörf í þágu þessara aðila.

Stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðar um skyldu einstakra lögmanna til að leggja fram tryggingu skv. 1. mgr. Heimilt skal að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingaskyldunni, enda hafi þeir ekki opna starfsstofu og sinni ekki lögmannsstörfum, sbr. 1. mgr. 4. gr. Sinni lögmaður eingöngu störfum í þágu vinnuveitanda er heimilt að veita samsvarandi undanþágu.

2. gr.

Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur eftirlit með því að lögmenn fullnægi skyldum sínum skv. reglum þessum.

3. gr.

Tryggingarskyldur lögmaður skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942 skal, áður en hann hefur störf sem lögmaður, senda stjórn L.M.F.Í. staðfestingu um tryggingu skv. 1. mgr. 1. gr. eða sækja um undanþágu skv. 3. mgr. 1. gr.

Falli trygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingarfélag, viðskiptabanki, sparisjóður eða annar ábyrgðaraðili tilkynna það tryggingartaka og stjórn L.M.F.Í. þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingarfélagið, viðskiptabankinn, sparisjóðurinn eða annar ábyrgðaraðili tilkynnti tryggingartakanum og stjórn L.M.F.Í. sannanlega um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Verði bótaskylt tjón af störfum lögmanns ber vátryggingarfélagi eða öðrum ábyrgðaraðila (greiðanda bótanna), að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til stjórnar L.M.F.Í.

4. gr.

Vátryggingin eða ábyrgðin skal bæta það fjárhagslega tjón, sem viðskiptamenn lögmanns kunna að verða fyrir vegna starfa hans sem lögmanns eða starfa löglærðra og ólöglærðra starfsmanna lögmannsins í hans þágu, þ.m.t. þeirra, sem kunna að starfa sem sjálfstæðir verktakar í skjóli lögmannsréttinda lögmannsins. Með lögmannsstörfum er hér átt við öll þau störf, sem lögmenn inna af hendi sem slíkir, lögum eða venju samkvæmt. Við nánari skilgreiningu á lögmannsstörfum skal höfð hliðsjón af atvinnugreinaskráningu Hagstofu Íslands.

Þar sem lögmaður, samhliða lögmennsku, sinnir annars konar störfum, þar sem starfsábyrgðartryggingar er krafist, skal vátrygging eða ábyrgð einnig taka til tjóns vegna slíkra starfa, enda sé hann þá eigi jafnframt tryggingaskyldur samkvæmt reglum um þau störf.

Ábyrgðartryggingin skal taka til starfa lögmannsins hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr.

Trygging skal nema minnst 5.000.000 króna vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingatímabils skal nema minnst 15.000.000 krónum.

Ábyrgðartryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika, sem verða á vátryggingartímabili, sbr. 91. gr. laga um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu vátryggingartaka í vátryggingarskilmálum, að hámarki 1.000.000 króna, en slíkt ákvæði hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns gagnvart ábyrgðaraðila. Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingarskilmálum. Vilji vátryggingarfélag fremur geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun skal Vátryggingaeftirlitinu tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda. Heimilt er að semja svo um að vátryggingarfélag greiði ekki sjálfsáhættu til þriðja manns ef vátryggingataki leggur fram bankaábyrgð til stjórnar L.M.F.Í., sem stjórnin samþykkir. Vátryggingarfélagið metur eftir sem áður hvort bótaskylda sé fyrir hendi. Samþykki stjórnar L.M.F.Í. skal háð því skilyrði að komi til greiðslu úr vátryggingunni greiði viðkomandi banki sjálfsáhættuna skilyrðislaust út til þriðja aðila.

Tryggingafjárhæðir og sjálfsáhætta eru miðaðar við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 174,9 stig, og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni.

6. gr.

Þar sem tveir eða fleiri lögmenn starfa saman með sameiginlega starfsstofu teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu, enda sé lögð fyrir stjórn L.M.F.Í. yfirlýsing um óskipta bótaábyrgð. Lágmarkstryggingarfjárhæðir skv. 5. gr. hækka þá um 10% fyrir hvern lögmann umfram einn.

7. gr.

Uppfylli lögmaður ekki skilyrði reglna þessara um tryggingu skal stjórn L.M.F.Í. þegar í stað tilkynna dómsmálaráðherra það og leggja til að viðkomandi lögmaður verði sviptur málflutningsleyfi, hafi ekki verið úr því bætt áður en tryggingatíma lýkur.

8. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1996.

9. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1995, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigi síðar en 31. desember 1995 skulu tryggingaskyldir lögmenn hafa komið til stjórnar L.M.F.Í. staðfestingu um tryggingu, sem uppfyllir skilyrði reglna þessara.

Reykjavík, 21. desember 1995.

Fyrir hönd stjórnar Lögmannafélags Íslands,
Þórunn Guðmundsdóttir hrl., formaður.

Reglur þessar staðfestast hér með skv. 7. gr. laga nr. 61/1942, um málflytjendur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón Thors.

21. desember 1995 Nr. 658

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skógarhlíð, Glæsibæjarhreppi.

I. Um holræsi.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur ein heimild til að láta leggja holræsi samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða, götuæða og rotþróa. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfið, svo sem viðhald, endurbætur, viðaukar og umsjón, annast hreppsnefndin eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja holræsi svo að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skylt er lóðareigendum og húsráðendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi er flytji skolp allt út í aðalræsi. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir á hverjum tíma.

Ekki er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið. Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt, stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa. Hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrr en samþykktur uppdráttur liggur fyrir. Samþykkt byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Ekki má hylja frárennslislagnir fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Álíti byggingarfulltrúi að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og gildandi stöðlum, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

II. Um holræsagjald.

6. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Skógarhlíð eða leigir lóð við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða holræsagjald til sveitarsjóðs Glæsibæjarhrepps.

Upphæð gjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,15% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Hafi hreppsnefnd ekki lokið framkvæmdum skv. 2. gr. er heimilt að fella niður holræsagjald. Gjöld samkvæmt grein þessari er hreppsnefnd heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

7. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 659 21. desember 1995

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Skógarhlíð, Glæsibæjarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja á gatnagerðargjöld á eignar- og leigulóðir í Skógarhlíð í Glæsibæjarhreppi eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

2. gr.

A-gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með vatns- og holræsalögnum og B-gjald vegna þátttöku lóðarhafa í því að setja bundið slitlag og ganga frá gangstétt.

3. gr.

A- og B-gjald skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

	A-gjald	B-gjald
Einbýlishús og tvíbýlishús	1,5%	2,5%
Raðhús	1,5%	2,0%
Fjölbýlishús	0,5%	1,2%

Bílskúrar	1,5%	2,5%
Verslunar-, skrifstofu- og þjónustuhúsnæði	1,5%	3,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur, atvinnuhúsnæði	1,5%	1,2%
Önnur hús	2,0%	1,6%

Nú er ekki fyrir hendi samþykktur uppdráttur og skal þá miðað við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir eða rúmmetrastærð eins og hún er talin af Fasteignamati ríkisins.

Ávallt skal þó miða við eftirfarandi lágmarksstærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílskúr	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, hver íbúð	400 m^3
Fjölbýlishús, hver íbúð	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalda miða við lofthæð 3,3 metra að innanmáli nema uppdráttur sýni annað.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

4. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka gjaldstuðla samkvæmt 3. gr., hvern fyrir sig eða alla í einu, um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður A-gatnagerðargjald á þeim húsum sem byggð voru áður en hreppsnefnd hóf skipulegar gatnagerðarframkvæmdir, ef eigendur þeirra þurftu að leggja í verulegan aukakostnað vegna þess.

6. gr.

Noti lóðarhafi ekki veitta lóð skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi: Eftir 6 mánuði 50% og að fullu eftir 12 mánuði.

7. gr.

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir: Við úthlutun greiðist 30%, eftir 6 mánuði 35% og eftir 12 mánuði 35%. Heimilt er þó að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum.

B-gatnagerðargjald greiðist þannig að 20% greiðist þegar lagningu bundins slitlags er lokið, en eftirstöðvar með skuldabréfi og skal hreppsnefnd ákveða lánstíma, gjalddaga afborgana og vaxta, svo og vaxtaprósentu í samræmi við þau lán sem fást á hverjum tíma til viðkomandi framkvæmda.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Aðför er heimil til fullnustu gjalda þessara skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um vistunarmat aldraðra.

1. gr.

Mat á vistunarþörf.

Áður en einstaklingur er vistaður til langdvalar í þjónustuhúsnæði aldraðra eða í hjúkrunarrými, sbr. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989, skal meta vistunarþörf hans samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Með *vistunarmati* er átt við upplýsingar sem fram koma á *yfirlits- og matsblaði,* sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Þjónustuhópur aldraðra.

Þjónustuhópur aldraðra, sbr. 7. og 8. gr. laga um málefni aldraðra, annast mat á vistunarþörf. Í Reykjavík annast sérstakur *matshópur,* sbr. 3. gr., verkefni þjónustuhóps aldraðra samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Matshópur.

Matshópur í Reykjavík, sbr. 2. gr., skal tilnefndur af öldrunarnefnd, sbr. 5. gr. laga um málefni aldraðra. Tilnefna skal fjóra fulltrúa; lækni með sérmenntun á sviði öldrunarlækninga, hjúkrunarfræðing með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu og tvo úr hópi starfsmanna öldrunarþjónustudeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar og skal annar þeirra vera félagsráðgjafi. Borgarstjórn Reykjavíkur tilnefnir oddvita matshópsins úr hópi framangreindra.

Matshópurinn skal hafa starfsaðstöðu hjá öldrunarþjónustudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Allur kostnaður vegna starfsemi hópsins greiðist af Reykjavíkurborg.

4. gr.

Beiðni um vistunarmat.

Nú telur aldraður einstaklingur að hann þurfi að vistast til langdvalar á öldrunarstofnun og sendir hann þá beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra þar sem hann býr, í Reykjavík til matshóps.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur virðist ekki fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir skal vistunarmati vísað til öldrunarlækningadeilda. Hið sama gildir ef hlutaðeigandi samþykkir ekki að leggja inn beiðni um vistunarmat, en aðstandendur hans eða sérfræðingar sem hafa annast hann telja nauðsyn á stofnanavist óyggjandi.

Um einstaklinga sem flytjast úr þjónustuhúsnæði fyrir aldraða í hjúkrunarrými eða af sjúkrahúsi í varanlega vistun gilda sérstakar reglur sbr. 11. og 12. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Forsendur vistunarmats.

Forsendur vistunarmats eru að fyrir liggi skrifleg beiðni viðkomandi einstaklings um vistun eða samþykki hans og að hann sé þegar tilbúinn til vistunar ef vistrými er til reiðu. Þá skal liggja fyrir að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi, sbr. leiðbeiningar í fylgiskjali með reglugerð þessari, hafi verið reynd áður en vistunarmat fer fram. Hafi það ekki verið gert skal beiðni um vistunarmat vísað til öldrunarlækningadeilda.

6. gr.

Framkvæmd vistunarmats.

Þegar þjónustuhópi aldraðra, í Reykjavík matshópi, berst beiðni um vistunarmat skal hópurinn eða starfsmaður á hans vegum kanna gaumgæfilega að öll félagsleg og heilsufarsleg úrræði til dvalar í heimahúsi skv. leiðbeiningum í fylgiskjali, hafi verið reynd. Við könnunina skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í fylgiskjali með reglugerð þessari. Niðurstöðurnar skulu flokkaðar, sbr. 8. gr. reglugerðar þessarar, og skráðar á sérstakt *matsblað*.

Á matsblað skal jafnframt skrá hvenær mat er gert og fari endurmat ekki fram innan 18 mánaða fellur vistunarmatið úr gildi.

Starfsmenn og þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð upplýsinga vegna vistunarmats.

7. gr.

Kynning vistunarmats.

Þegar mat á vistunarþörf liggur fyrir skal niðurstaða þess kynnt hinum aldraða og/eða aðstandendum hans. Frumrit matsblaðs og afrit (gult) skulu afhent þeirri stofnun sem viðkomandi óskar eftir að vistast á. Komi fleiri stofnanir til greina skal jafnframt sótt um vist þar og þeim afhent ljósrit af matsblaði ásamt upplýsingum um það hvar frumgögn er að finna. Loks ber að senda heimilislækni ljósrit af vistunarmati.

8. gr.

Vistunarskrá.

Þjónustuhópar aldraðra, í Reykjavík matshópur, skulu á starfssvæði sínu halda sérstaka *vistunarskrá* yfir þá aldraða einstaklinga sem að loknu vistunarmati eru taldir hafa þörf fyrir vistun á stofnun.

Fari vistunarmat fram í öðru sveitarfélagi en því sem hinn aldraði á lögheimili í ber þeim er vistunarmatið gerir að tilkynna niðurstöður þess með því að senda (rauð) afrit yfirlits- og matsblaðs, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, til þjónustuhóps aldraðra þar sem hinn metni á lögheimili, í Reykjavík til matshóps.

Vistunarskrá byggir á eftirfarandi flokkun:

1. Einstaklingur þarfnast vistar í þjónustuhúsnæði (sbr. 1. tölul. 18. gr. laga um málefni aldraðra).
2. Einstaklingur þarfnast vistar í hjúkrunarrými (sbr. 2. tölul. 18. gr. laga um málefni aldraðra).
3. Einstaklingur þarfnast sérstakra úrræða vegna heilabilunar.
4. Einstaklingur þarfnast annarra úrræða en vistunar.

Jafnframt skal metið og tekið fram í vistunarskrá hvort um sé að ræða; a) þörf, b) brýna þörf eða c) mjög brýna þörf. Að mati loknu skal þjónustuhópur aldraðra, í Reykjavík matshópur, færa nafn hins aldraða á vistunarskrá.

Þjónustuhópar aldraðra, í Reykjavík matshópur, skulu ársfjórðungslega senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti upplýsingar um fjölda einstaklinga á vistunarskrá og flokkun þeirra.

9. gr.

Ákvörðun um vistun.

Nú losnar vistrými á öldrunarstofnun og ákveður stjórn viðkomandi stofnunar þá hvaða einstaklingi verður boðið rýmið. Óheimilt er að bjóða það öðrum en þeim sem sótt hafa um dvöl á viðkomandi stofnun og eiga þar gilt vistunarmat. Viðkomandi stofnun skal gæta þess að mat sé enn í gildi við innritun, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Stofnanir skulu við veitingu vistrýma að öðru jöfnu sjá til þess að þeir gangi fyrir sem lengst hafa beðið með mjög brýna eða brýna þörf samkvæmt vistunarmati.

10. gr.

Tilkynning um vistun.

Þegar vistun hefur verið ákveðin sendir stofnunin frumrit yfirlits- og matsblaðs til Tryggingastofnunar ríkisins ásamt tilkynningu um nýjan vistmann. Öllum stofnunum ber að senda afrit (gult) til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, þar sem vistmaðurinn á lögheimili og fellur hann þá af vistunarskrá.

Fylgi vistunarmat ekki tilkynningu stofnunar til Tryggingastofnunar ríkisins um vistun einstaklings getur Tryggingastofnun, að fenginni umsögn viðkomandi þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, neitað að greiða dvalarkostnað vegna hlutaðeigandi einstaklings. Á það bæði við um stofnanir sem eru á föstum fjárlögum og daggjöldum.

11. gr.

Flutningur úr þjónustuhúsnæði í hjúkrunarrými.

Nú dvelur aldraður einstaklingur í þjónustuhúsnæði fyrir aldraða en stjórnendur stofnunar telja að viðkomandi þurfi að flytjast í hjúkrunarrými.

1. Ef þjónustuhúsnæðið er hluti af blandaðri stofnun, þ.e. þar sem einnig er rekið hjúkrunarrými, skulu stjórnendur láta meta vistunarþörf viðkomandi einstaklings eftir þeim leiðbeiningum sem fram koma í fylgiskjali með reglugerð þessari. Þegar vistunarmat liggur fyrir tilkynna stjórnendur þjónustuhópi aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshópi, um niðurstöðu matsins. Næst er hjúkrunarrými á viðkomandi stofnun losnar geta stjórnendur boðið viðkomandi einstaklingi að flytjast í hjúkrunarrými. Um tilkynningar vegna þessa gilda ákvæði 8. gr. þessarar reglugerðar. Tryggingastofnun ríkisins hefur sérstakt eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.
2. Ef þjónustuhúsnæðið er ekki hluti af blandaðri stofnun skulu stjórnendur senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra á starfssvæðinu, í Reykjavík matshóps, sbr. 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

12. gr.

Flutningur af sjúkrahúsi í varanlega vistun.

Nú hefur aldraður einstaklingur dvalið á sjúkrahúsi og allt bendir til að viðkomandi þurfi á varanlegri stofnanavist að halda eða dvöl hans er orðin lengri en 6 vikur án meðferðar. Skulu þá stjórnendur deildarinnar, sem hlutaðeigandi dvelst á, í samráði við viðkomandi og nánustu aðstandendur hans, senda beiðni um vistunarmat til þjónustuhóps aldraðra, í Reykjavík matshóps, sbr. 4. gr.

Ef öldrunarlækningadeild er rekin í tengslum við sjúkrahús sem aldraður einstaklingur dvelur á má fela þeirri deild mat á vistunarþörf. Þegar mat öldrunarlækningadeildar á vistunarþörf liggur fyrir skal það tilkynnt þjónustuhópi aldraðra þar sem viðkomandi á lögheimili, í Reykjavík matshópi, með því að senda afrit (rauða) vistunarmatsblaðs, þannig að viðkomandi verði skráður á vistunarskrá, sbr. 8. gr. reglugerðar þessarar.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Þar sem ekki starfa þjónustuhópar aldraðra, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra, skal Tryggingastofnun ríkisins staðfesta matið áður en það öðlast gildi.

14. gr.

Faghópur, skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Hópurinn skal skipaður tveimur öldrunarlæknum, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, starfsmanni vistunarmats og deildarstjóra öldrunarmáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, sem jafnframt er formaður.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 19. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 82/1989, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 46/1990 um vistunarmat aldraðra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Vistunarmat aldraðra

Nafn

Kennitala

Leiðbeiningar:

FLUTNINGUR MILLI ÞJÓNUSTUSTIGA

Hér er átt við að vistmaður á stofnun flytjist á milli þjónustustiga, oftast úr þjónustuhúsnæði í hjúkrunarrými. Þegar þetta á við er merkt í reitinn við „flutningur milli þjónustustiga" á yfirlitsblaði og sleppt mati á félagslegum aðstæðum.

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1.

Eigin athafnageta

0. *Góð* — Hlutaðeigandi býr við góðar og tryggar heimilisaðstæður. Getur séð um aðdrætti, annast matargerð, þrif og þvotta. Er fær um að taka þátt í félagsstarfi og njóta félagsskapar.

3. *Ábótavant* — Þarf aðstoð við aðdrætti, matargerð, þrif og þvotta, a.m.k. einu sinni í viku.

5. *Léleg* — Þarf verulega aðstoð, a.m.k. þrisvar í viku og skortir félagsskap vegna einangrunar. Dagvistun einu sinni eða tvisvar í viku æskileg.

7. *Slæm* — Þarf daglega aðstoð, býr við félagslega einangrun. Dagvistun æskileg.

10. *Neyðarástand* — Þarf meiri aðstoð en að ofan getur. Getur alls ekki verið einn.

1.2.

Skipulögð aðstoð

0. *Fáanleg/aðgengileg* — Skipulögð öldrunarþjónusta (t.d. heimahjúkrun, heimilisþjónusta, matarsendingar, dagvist og hvíldarinnlagnir) auðfengin og í engu ábótavant.

3. *Viðunandi* — Öldrunarþjónusta nokkuð góð.

5. *Takmörkuð* — Skipulagi eða framboði öldrunarþjónustu ábótavant eða erfitt að njóta hennar vegna fjarlægðar.

7. *Óáreiðanleg* — Þjónusta stopul eða verulega ábótavant.

10. *Neyðarástand* — Lítil eða engin skipulögð öldrunarþjónusta eða fullnægir alls ekki þörfinni, e.t.v. vegna fjarlægðar.

1.3.

Aðstæður aðstandenda

0. *Góðar* — Aðstandendur vilja veita hjálp og hafa góðar aðstæður til aðstoðar. Fjarlægðir eru ekki vandamál.

3. *Lélegar* — Aðstoð aðstandenda takmörkuð vegna heimilisaðstæðna, atvinnu, fjarlægðar eða af öðrum ástæðum.

5. *Erfiðar* — Lítil hjálp frá aðstandendum.

7. *Afar erfiðar* — Óveruleg aðstoð fáanleg frá aðstandendum.

10. *Neyðarástand* — Aðstandendur engir eða veita hvorki félagslega aðstoð né hjálp við heimilishald eða komnir í þrot eftir langa og dygga þjónustu við gamalmennið.

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1.

Líkamlegt heilsufar

Skali skýrir sig sjálfur.

0. *Engin þörf á reglulegu eftirliti.*
1. *Eftirlit þarf, en þó ekki vikulega.*
3. *Vikulegt eftirlit.*
7. *Daglegt eftirlit.*
10. *Eftirlit oft á dag, t.d. vegna alblindu.*

Hér er átt við eftirlit eða sérmeðferð vegna líkamlegra sjúkdóma að lyfjameðferð undanskilinni. Þjónustan er að jafnaði veitt af hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða. Eftirlit með sjónskertum, heyrnardaufum, mállausum, háöldruðum o.fl. Dæmi: Eftirlit með lífsmörkum (blóðþrýstingi, púlsi, öndun), t.d. hjá lokastigs hjarta- og lungnasjúklingum. Súrefnisgjöf. Sárameðferð (legusár, skurðsár). Umbúðir, sérstök húðmeðferð og sjúklingi snúið reglulega til að varna legusárum. Skol og eftirlit með slöngum.

2.2.

Lyfjagjöf

0 *Þarf ekki eftirlit* — Sjúklingur annast eigin lyf sjálfur án eftirlits.

1. *Vikulegt eftirlit* — Skammtað í vikubox.

5. *Daglegt eftirlit* — Líta þarf eftir lyfjum en ekki oftar en einu sinni á dag.

7. *Eftirlit oft á dag* — Líta þarf eftir allri lyfjagjöf sem er oft á dag.

10. *Sérhæft eftirlit* — Tryggja þarf að sjúklingur taki lyf, oft með fortölum og tryggja þarf að honum svelgist ekki á. Sérhæfð lyfjagjöf, svo sem lyf í æð.

ANDLEGT ATGERVI

3.1.

Heilabilun

0. *Engin* — Einstaklingur áttar sig á stað, stund og eigin persónu (hefur skammtíma- og langtímaminni) og er fær um að rökræða og skipuleggja daglegar athafnir án aðstoðar.

3. *Væg* — Nokkurt minnistap er lítillega truflar daglegar athafnir.

5. *Þó nokkur* — Minnistap truflar athafnir í daglegu lífi en viðkomandi tekur tilsögn. Þarf daglegt eftirlit og hvatningu, þarf t.d. tíma til að aðlagast nýju umhverfi, getur ef til vill ekki notfært sér öryggistæki (hnappur, sími). Þarf að minna á matmálstíma.

7. *Mikil* — Verulegt minnistap og truflun á athöfnum daglegs lífs. Tekur ekki tilsögn, getur týnst.

10. *Afar mikil* — Lítill eða enginn skilningur t.d. lítil eða engin hæfni til að láta í ljós eigin þarfir. Kann að þekkja kunnugleg andlit en getur ekki viðhaldið mannlegu sambandi. Skilur fátt af því sem sagt er.

3.2.
Óróleiki – afbrigðileg hegðun (Hér er átt við óróleika og afbrigðilega hegðun af ýmsu tagi).

Hávaði	T.d. talar hátt við sjálfan sig. Hrópar, ber í hluti, myndar torkennileg hljóð.
Ósæmileg framkoma	T.d. háttar á almanna færi, óviðeigandi kynlíf, hendir eða smyr út fæðu, hrækir á gólf, borðar sápu.
Líkamleg misnotkun	T.d. slær til annarra eða klórar sjálfan sig eða aðra. Hrindir öðrum eða losar um öryggisbúnað annarra.
Andleg misnotkun	T.d. notar hlutaðeigandi ógnandi, meiðandi eða ósæmilegt orðbragð, við viðstadda.
Ráp	Einstaklingurinn ráfar um og reynir að jafnaði að sleppa þaðan sem hann er. Ratar ekki til baka ef hann sleppur út.
Breyting á svefnvenjum	Dægravilla. Sefur á daginn og vakir um nætur.
0. *Enginn.*	Skali skýrir sig sjálfur.
3. *Vandamál.*	
7. *Tíð og erfið köst.*	
10. *Viðvarandi neyð.*	

3.3.
Andleg líðan (Hér er átt við vanlíðan eða þjáningar vegna þunglyndis, öryggisleysis, kvíða, ranghugmynda, svefnleysis eða einsemdar).

0. *Góð*	Engin vandamál af þessu tagi.
3. *Ábótavant*	Viðkomandi hefur sögu um eða fær tímabundin köst, sem þó svara læknismeðferð, andlegum eða félagslegum stuðningi.
5. *Slæm*	Vandamál sem þó léttir tímabundið við meðferð eða stuðning.
7. *Afar slæm*	Varanlegt vandamál sem lítið lagast við meðferð og stuðning.
10. *Viðvarandi neyð*	Sjúklingur svarar ekki læknismeðferð eða stuðningi og þessi vandamál lita alla tilveru hans.

FÆRNI

4.1.
Hreyfigeta

0. *Góð*	Getur gengið hjálparlaust og af öryggi innan dyra sem utan, bæði að nóttu sem degi. Notar þó e.t.v. staf á gönguferðum úti.
3. *Létt hjálp eða hjálpartæki*	Reiðir sig á hjálpartæki (staf, hækju, göngugrind). Þarf þó aðstoð við lengri ferðir svo sem á mannamót eða í fjölmenni og mikilli umferð.
5. *Bundin(n) hjólastól eða göngugrind*	Kemst ferða sinna innan húss með göngugrind eða hjólastól. Getur þurft annarra hjálp, t.d. þegar hann er þreyttur síðdegis og til að ferðast utan dyra.
7. *Þarf mikla hjálp aðst. fólks*	Þarf reglulega takmarkaða hjálp. Getur ekki nýtt öryggistæki. *Dæmi:* Þarf alltaf eftirlit eða einhverja hjálp við að flytja sig, hreyfa sig í rúmi eða hreyfa sig úr stað.
10. *Hreyfigeta nær engin*	Hreyfir sig ekki án hjálpar. Þarf stöðugan mannlegan stuðning og leiðsögn í öllum flutningum og/eða við hreyfingu. *Dæmi:* Sjúklingi er lyft frá rúmi í stól. Nota þarf lyftara til að hreyfa hann. Snúa þarf honum. Hann getur gengið en þarf aðstoð fleiri en eins.

4.2.
Hæfni til að matast

0. *Sjálfbjarga*	Kemst alltaf til málsverðar og hjálpar sér sjálf(ur) í öll þrjú mál.
1. *Matarskömmtun*	Kemst til málsverðar og borðar sjálfur en þarf að láta skammta sér. Ekki þörf á frekari eftirliti.
3. *Brytja þarf matinn (eða minna á matmálstíma)*	Sama og 1, nema til viðbótar þarf að brytja matinn. Ekki þarf að hvetja eða fylgjast með því er viðkomandi borðar.
5. *Þarfnast hvatningar eða eftirlits*	Auk þess sem getur um undir 3, þarf viðkomandi reglulega hvatningu en getur borðað sjálfur án hættu á því að svelgjast á.
7. *Mötun*	Mata þarf viðkomandi en ekki hætta á því að honum svelgist á.
10. *Sérhæft eftirlit*	Mötun og sérhæft eftirlit með næringarástandi.

4.3.
Hæfni til að klæðast og annast dagleg persónuleg þrif

0. *Sjálfbjarga, klæðist þvær sér og greiðir án hjálpar*	*Dæmi:* Nær í föt og gengur frá þeim án hjálpar. Getur notað allar tegundir fatnaðar og ræður við rennilása, tölur og smellur.
1. *Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð*	Þarf hjálp sjaldnar en daglega. Dæmi: Þarf nokkra hjálp við vikulegt bað.
3. *Þarf dagl. eftirlit*	Dagleg hjálp. *Dæmi:* Taka þarf til föt daglega. Hjálp við að fara í sokka og skó. Hjálp við rakstur.
7. *Þarf hjálp oft á dag*	Þarf algera hjálp í sumum atriðum oft á dag, t.d. við að klæðast, en getur þvegið sér sjálfur að hluta.
10. *Ósjálfbjarga*	Sjúklingur þarf alla hjálp við persónuleg þrif og klæðnað, enda þótt hann geti hreyft líkamshluta.

4.4.
Stjórn á þvaglátum og hægðum

0. *Sjálfbjarga*	Algerlega einfær um að annast þvaglát og hægðir, þar með talin notkun hjálpartækja og annast aðgerðir vegna lausheldni.
1. *Hjálp, þó ekki daglega*	Þarf hjálp vegna þvags eða hægða, þó ekki daglega.
3. *Þarf hjálp daglega*	Þarf daglegt eftirlit, t.d. reglulega minnt á salerni. Lausheldni ekki oftar en einu sinni á dag. Hjálp við að komast á salerni.
7. *Þarf hjálp oft á dag*	Lausheldni oft á dag, en ekki alltaf. Þarf hjálp oft á dag við að komast á salerni.
10. *Ósjálfbjarga*	Lausheldni daga og nætur, þar sem engin sjálfstjórn er möguleg. Stomia eða þvagleggur að staðaldri.

ÁBENDINGAR

Ef niðurstaða á matsblaði verður að annarra úrræða sé þörf en vistunar á stofnun (þ.e. kross við C), getur verið gagnlegt að geta hvaða úrræða sé þörf, t.d. heimaþjónustu eða meiri heimahjúkrunar eða heimilisþjónustu, matarsendinga, betra húsnæðis, dagvistar, endurhæfingar, hvíldarinnlagnar eða innlagnar á öldrunarlækningadeild.

Æskilegt væri að hafa reglubundið samband við alla sem metnir eru en ekki komnir á stofnun, t.d. á 6 mánaða fresti og framkvæma endurmat eftir þörfum.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

VISTUNARMAT ALDRAÐRA
YFIRLIT

Matsaðili: .....
(Þjónustuhópur aldraðra, matsaðili/stofnun)

Nafn	Kennitala:
Flutningur milli þjónustustiga ☐	Hjúskaparstétt ☐ Gift(ur) ☐ Ógift(ur) ☐ Skilin(n) ☐ Ekkill/ekkja ☐ Sambúð

FÉLAGSLEGAR AÐSTÆÐUR

1.1. Eigin athafnageta

Dags.: ....

0. Góð	☐	☐	☐
3. Ábótavant	☐	☐	☐
5. Léleg	☐	☐	☐
7. Slæm	☐	☐	☐
10. Neyðarástand	☐	☐	☐

1.2. Skipulögð aðstoð

0. Fáanleg/aðgengileg	☐	☐	☐
3. Viðunandi	☐	☐	☐
5. Takmörkuð	☐	☐	☐
7. Óáreiðanleg	☐	☐	☐
10. Neyðarástand	☐	☐	☐

1.3. Aðstæður aðstandenda

0. Góðar	☐	☐	☐
3. Lélegar	☐	☐	☐
5. Erfiðar	☐	☐	☐
7. Afar erfiðar	☐	☐	☐
10. Neyðarástand	☐	☐	☐

LÍKAMLEGT ATGERVI

2.1. Líkamlegt heilsufar:

0. Engin þörf á reglulegu eftirliti	☐	☐	☐
1. Eftirlit þarf, þó ekki vikulega	☐	☐	☐
3. Vikulegt eftirlit	☐	☐	☐
7. Daglegt eftirlit	☐	☐	☐
10. Eftirlit oft á dag	☐	☐	☐

2.2. Lyfjagjöf:

0. Þarf ekki eftirlit	☐	☐	☐
1. Vikulegt eftirlit	☐	☐	☐
5. Daglegt eftirlit	☐	☐	☐
7. Eftirlit oft á dag	☐	☐	☐
10. Sérhæft eftirlit	☐	☐	☐

ANDLEGT ATGERVI

3.1. Heilabilun:

0. Engin	☐	☐	☐
3. Væg	☐	☐	☐
5. Þó nokkur	☐	☐	☐
7. Mikil	☐	☐	☐
10. Afar mikil	☐	☐	☐

3.2. Óróleiki – Afbrigðileg hegðun:

Dags.: ....

0. Engin	☐	☐	☐
3. Vandamál	☐	☐	☐
7. Tíð og erfið köst	☐	☐	☐
10. Viðvarandi neyð	☐	☐	☐

3.3. Andleg líðan:

0. Góð	☐	☐	☐
3. Ábótavant	☐	☐	☐
5. Slæm	☐	☐	☐
7. Afar slæm	☐	☐	☐
10. Viðvarandi neyð	☐	☐	☐

FÆRNI

4.1. Hreyfigeta:

0. Góð	☐	☐	☐
3. Létt hjálp eða hjálpartæki	☐	☐	☐
5. Bundin(n) hjólastól eða göngugrind	☐	☐	☐
7. Þarf mikla hjálp aðstoðarfólks	☐	☐	☐
10. Hreyfigeta nær engin	☐	☐	☐

4.2. Hæfni til að matast:

0. Sjálfbjarga	☐	☐	☐
1. Matarskömmtun	☐	☐	☐
3. Brytja þarf matinn eða – minna á matmálstíma	☐	☐	☐
5. Þarfnast hvatningar eða eftirlits	☐	☐	☐
7. Mötun	☐	☐	☐
10. Sérhæft eftirlit	☐	☐	☐

4.3. Hæfni til að klæðast og annast persónulegt þrif:

0. Sjálfbjarga	☐	☐	☐
1. Þarf nokkurt eftirlit og aðstoð	☐	☐	☐
3. Þarf daglegt eftirlit	☐	☐	☐
7. Þarf hjálp oft á dag	☐	☐	☐
10. Ósjálfbjarga	☐	☐	☐

4.4. Stjórn á þvaglátum og hægðum:

0. Sjálfbjarga	☐	☐	☐
1. Hjálp sjaldnar en daglega	☐	☐	☐
3. Hjálp daglega	☐	☐	☐
7. Þarf hjálp oft á dag	☐	☐	☐
10. Ósjálfbjarga	☐	☐	☐

HEIL 11 Steindórsprent-Gutenberg

Frumrit til Tryggingastofnunar ríkisins/Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis við innritun

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

VISTUNARMAT ALDRAÐRA
MATSBLAÐ

Vistunarmat sent: a) frumrit _____
b) ljósrit 1._____
2._____
3._____
4._____

Nafn		Kennitala:	
Heimilisfang	Sími:	Núv. dvalarstaður	Sími:
Nánasti aðstandandi:		Sími v.:	Sími h.:

Félagslegar aðstæður:

Dags.: ____

Stig: ____

Líkamlegt atgervi, getið helstu sjúkdóma:

Stig: ____

Andlegt atgervi:

Stig: ____

Færni

Stig: ____

Annað:

Horfur:

Athugasemdir:

Úrræði:

	Já	Nei
1. Hafa félagslegar úrbætur verið reyndar?	.....	.....
2. Hefur sjúklingur verið rannsakaður og endurhæfður á öldrunarlækningadeild?	.....	.....
3. Ef grunur leikur á heilabilun, hefur þá farið fram sérfræðileg greining?	.....	.....
4. Hæfir úrræði fyrir heilabilaða?	.....	.....

Niðurstöður:

Stig alls: ____

Endurmat / 19

A. Þjónustuhúsnæði
- ☐ Þörf
- ☐ Brýn þörf
- ☐ Mjög brýn þörf

B. Hjúkrunarrými
- ☐ Þörf
- ☐ Brýn þörf
- ☐ Mjög brýn þörf

C. Annað
- ☐ Þörf fyrir önnur úrræði en vistun

Hver? .....

Dagsetning mats .....

Matsaðili: .....
(Undirskrift)

Staður: .....

Fyllist út af stofnun:

Vistaður á ..... Dags.: .....
(Nafn stofnunar)

HEIL 10 Steindórsprent-Gutenberg

Frumrit til Tryggingastofnunar ríkisins/Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis við innritun

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991 og um breytingu á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991.

I. KAFLI
Breytingar á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Umsóknargögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip eru ekki á íslensku skulu ágrip og einkaleyfiskröfur liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg, en lýsing skal liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar.

Ef gögn eru á öðru tungumáli en um getur í 1. mgr. skal fylgja þýðing á eitthvert þeirra tungumála sem þar eru tilgreind. Einkaleyfastofan getur þó fallið frá kröfu um þýðingu á öðrum gögnum en lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi og þeim hlutum lýsingar eða einkaleyfiskrafna í íslenskri einkaleyfisumsókn sem ekki teljast grunngögn skv. 1. mgr. 21. gr. eða leyft að þýðing sé á öðrum tungumálum en íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Einkaleyfastofan getur krafist þess að löggiltur skjalaþýðandi, eða annar aðili sem einkaleyfayfirvöld viðurkenna, staðfesti þýðinguna. Umsækjandi eða umboðsmaður hans má þó í staðinn, að því tilskildu að gögnin séu á dönsku, norsku, sænsku, ensku, þýsku eða frönsku, gefa yfirlýsingu um að hinn þýddi texti sé samsvarandi hinum erlendu gögnum.

2. gr.

21. gr. orðist svo:

Grunngögn í íslenskri einkaleyfisumsókn og einkaleyfisumsókn sem tekin er til meðferðar skv. 38. gr. einkaleyfalaga teljast lýsing, teikningar og kröfur sem liggja fyrir á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku á umsóknardegi, eða á þeim degi sem telst umsóknardagur, sbr. 14. gr. einkaleyfalaga. Liggi gögn þessi ekki fyrir á áðurnefndum tímamörkum skal sú lýsing, ásamt viðeigandi teikningum og kröfum, sem lögð er fram síðar í íslenskri, danskri, norskri, sænskri eða enskri þýðingu, teljast grunngögn að svo miklu leyti sem efni umsóknarinnar kemur greinilega fram í þeim gögnum sem lágu fyrir á umsóknardegi.

Grunngögn í alþjóðlegri einkaleyfisumsókn, sem yfirfærð er í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaganna, teljast þýðing á dönsku, norsku, sænsku eða ensku, á lýsingu, teikningum og kröfum eða þýðing á íslensku á kröfum, með þeim breytingum sem gerðar eru á þýðingunni innan frests sem veittur er skv. 53. gr. Ef alþjóðleg einkaleyfisumsókn er lögð inn á dönsku, norsku, sænsku eða ensku hjá viðtökuyfirvöldum telst afrit af lýsingu, teikningum og kröfum, sem lagt er inn í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaganna, vera grunngögn, ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið áður en frestur skv. 53. gr. er liðinn. Hafi umsækjandi samþykkt að alþjóðleg umsókn verði tekin til afgreiðslu innan þess frests sem kveðið er á um í 53. gr., sbr. 34. gr. einkaleyfalaga, og ákvörðun er tekin um að leggja hana fram eða hafna henni, þá telst lýsing, teikningar og einkaleyfiskröfur viðkomandi umsóknar, eins og þau gögn lágu fyrir þegar viðkomandi ákvörðun var tekin, vera grunngögn.

Sé þess getið við innlagningu einkaleyfisumsóknar að umsókn, er varðar sömu uppfinningu, hafi áður verið lögð inn erlendis og númer hennar og umsóknardagur er

tilgreindur, skal líta svo á að staðfest afrit, sem síðar er lagt fram af þeirri umsókn, hafi borist á umsóknardegi íslensku umsóknarinnar.

3. gr.

47. gr. orðist svo:

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn sem lögð er inn til einkaleyfayfirvalda hér á landi skal afhent í einu eintaki. Umsóknin skal vera á dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Upplýsingar á umsóknarblaði mega vera á ensku þótt önnur gögn séu á einhverju fyrrnefndra tungumála.

4. gr.

52. gr. orðist svo:

Ef alþjóðleg umsókn er ekki á dönsku, norsku, sænsku eða ensku skal þýðing á eitthvert þessara tungumála lögð inn við yfirfærslu umsóknarinnar í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaga eða við endurskoðun ákvörðunar skv. 1. mgr. 38. gr. laganna. Hafi umsóknin upphaflega verið lögð inn á einhverju framangreindra tungumála skal afhenda afrit af henni. Ennfremur skal afhenda þýðingu á íslensku af ágripi og einkaleyfiskröfum, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr., ef umsókn er yfirfærð eftir 18 mánuði frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi. Ákvæði 3. gr. gilda að öðru leyti varðandi þýðingar á umsóknargögnum.

Einkaleyfayfirvöld geta sett reglur til að takmarka skyldu til að afhenda þýðingu ef aðeins hluti alþjóðlegrar umsóknar er yfirfærður til landsins.

II. KAFLI
Breytingar á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991.

5. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Sænska einkaleyfastofnunin (PRV) og evrópska einkaleyfastofnunin (EPO) eru alþjóðlegar nýnæmisrannsóknarstofnanir fyrir alþjóðlegar umsóknir sem einkaleyfastofan veitir viðtöku. Þegar óskað er nýnæmisrannsóknar á alþjóðlegri umsókn skal afhenda þýðingu á dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

6. gr.

2. mgr. 37. gr. orðist svo:

Ef einkaleyfisumsókn er ekki á tungumáli sem viðurkennt er af alþjóðlegri stofnun sem annast nýnæmisrannsókn (þ.e. sænsku einkaleyfastofnuninni eða evrópsku einkaleyfastofnuninni) skal þýðing á dönsku, norsku, sænsku eða ensku fylgja kröfu um alþjóðlega nýnæmisrannsókn.

7. gr.

38. gr. orðist svo:

Umsóknargögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip eru ekki á íslensku skulu ágrip og einkaleyfiskröfur liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg, en lýsing skal liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að umsóknin hefði verið samþykkt til framlagningar.

Einkaleyfastofan getur krafist þess að íslenski textinn sé staðfest þýðing á erlendu gögnunum.

8. gr.

1. mgr. 39. gr. orðist svo:

Einkaleyfastofan getur krafist þess að þýðing sú sem nefnd er í 31. gr. ell. á lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi skuli vera staðfest, sbr. 3. gr. rg. ell.

9. gr.

1. ml. 6. tl. 1. mgr. 42. gr.

Í fylgiskjöl er lögð voru fram í upphafi vantar lýsingu, einkaleyfiskröfur eða ágrip, ellegar þýðing á þessum skjölum hefur ekki verið lögð fram á tilskildum tíma, sbr. 3. gr. rg. ell.

10. gr.

Við 4. reglu í viðauka 1 bætist við ný málsgrein sem orðist svo:

Vegna frekari rannsókna í Danmörku getur einkaleyfastofan krafist þýðingar á öðrum gögnum (s.s. breyttri lýsingu og einkaleyfiskröfum eða mótrökum umsækjanda) á dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

III. KAFLI

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1996.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

22. desember 1995 Nr. 662

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 72.700.000,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 28.600.000,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 21,70 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = F x 11,30 kr/m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.
Fast gjald á mánuði = 1463 kr. + (F-130) x 6,80 kr/m^2, ef F er stærra en 130.

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir, sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 85,00 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir, sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 113,70 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:
Fyrir mæla með nafnrennsli undir 6 m^3/klst.: 260 kr/mán.
Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst.: 465 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald 3.020 kr. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 775 kr.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, skv. fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss	*Stofngjald*
allt að 250 m^3	67.980 kr.
251-500 m^3	67.980 kr. + 162,20 kr/m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	108.530 kr. + 95,00 kr/m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	203.530 kr. + 61,00 kr/m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	478.030 kr. + 48.00 kr/m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka er 3.100 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1995 205,1 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 317 28. ágúst 1992 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

fyrir samnet (ISDN).

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu: Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 bit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 21.375,00

Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skal þó draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni.
Ekki skal draga nema eitt stofngjald fyrir almennan síma frá fyrir hverja grunntengingu.

1.2. Fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 213.750,00

Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálft stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið.

2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 5.550,00

2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 55.500,00

Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama afnotagjald og fyrir grunntengingu.

2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás er það sama og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu með þeirri undantekningu að ekki er notuð skrefamæling heldur tímamæling með samsvarandi gjaldi á sekúndu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 2,67 eins og í talsímanetinu en að auki kemur uppkallsgjald kr. 1,33 sem greiðist fyrir hvert uppkall milli tveggja samnetsnotenda, hvort sem uppkallið heppnast eða ekki. Ekki er nein notkun innifalin í afnotagjaldi fyrir samnetið.
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.

Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.

3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 4.800,00 fyrir fyrsta númer en kr. 200,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 1.710,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Allar tegundir sérþjónustu sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, þar með talin sundurliðun símtala, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum. Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:

4.1.1. A-númera yfirfærsla (CLIP).

4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.

4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:

4.2.1. Lokað fyrir A-númeraflutning (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 153,00.

4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 153,00.

4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 153,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.

4.2.4. Beint innval. Fyrir þessa þjónustu greiða notendur stofngjald kr. 131.325,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Afnotagjald fyrir beint innval er kr. 67,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.

4.2.5. Afmarkaður notendahópur.
Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 6.000,00.
Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1.275,00.
Skráningargjald er kr 625,00, sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.

4.2.6. Merkjasending milli notenda.
Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 153,00.

5.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73 frá 1984 um fjarskipti sbr. 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu Póst- og símamálastofnunar, ásamt áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987, tekur gildi 1. janúar 1996.

Samgönguráðuneytið, 22. desember 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

I. KAFLI
Rekstrarform.

1. gr.

Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Andakílshreppur og ríkissjóður eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, skammstafað HAB, hér eftir nefnt hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi 23. mars 1979. Gerður var nýr samningur 8. desember 1995.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili hitaveitunnar og varnarþing er á Akranesi.

2. gr.

Félagsfundir fara með æðsta vald í málefnum félagsins. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, sem tilnefndir eru af eigendum þess á aðalfundi. Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda, ræður starfsmenn, veitir prókúruumboð og gerir samninga fyrir þess hönd. Stjórnin tekur ákvarðanir um breytingu á gjaldskrá, en einungis er þó heimilt að breyta uppbyggingu gjaldskrár á félagsfundi og þarf til þess samþykki eigenda sem ráða yfir 75% eignarhluta í félaginu. Skoðunarmenn félagsins og endurskoðandi skulu kjörnir á aðalfundi.

3. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita m.a. úr Deildartunguhver, sbr. lög nr. 57/1979, svo og aðra orkugjafa til húshitunar og rekstur hitaveitu sem selur heitt vatn í heildsölu til Akraness og Borgarness og í smásölu í Andakílshreppi og víðar eftir því sem ákveðið kann að verða og hagkvæmt þykir enda hafi öðrum ekki verið veitt einkaleyfi til slíkrar sölu. Í þessu skyni skal hitaveitan leita eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt, bora eftir heitu vatni og virkja þegar hagkvæmt þykir, leggja veitukerfi og annast sölu á heitu vatni eða varma til notenda.

Hitaveitan skal einnig reisa og reka önnur mannvirki sem nauðsynleg eru.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Notandi heits vatns er sá aðili sem skráður er fyrir mælagrind og ber hann ábyrgð á greiðslum hitaveitugjalda.

5. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig, að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum, sé þess óskað.

6. gr.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála til annarra veitna og notenda, enda sé gætt jafnræðis milli þeirra.

Endursala á heitu vatni, sem selt er í smásölu, er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

7. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur, ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir að nýta afrennslisvatnið skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

III. KAFLI
Veitukerfið.

8. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Óski húseigandi eftir því skal hann greiða þann aukakostnað sem af því hlýst.

9. gr.

Við lagningu og viðhald veitukerfisins skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

10. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tenginga við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits, breytinga og lokunar sbr. 21. gr.

Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauð-

synlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega víð göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyrir lýsingu við mælagrind.

IV. KAFLI
Húsveitur og tenging þeirra.

12. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingarreglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa, eða breytingar á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytingar til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingareftirliti viðkomandi sveitarfélags.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði hitaveitunnar (mælagrind) með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til hitaveitunnar tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingarfulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús, nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Komi í ljós að verk er eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitaveitulagnir, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr verður bætt.

13. gr.

Hitaveitan skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur.

Ekki má tengja dælur eða annan búnað við húskerfin, sem truflað geta aðra notendur eða rekstur hitaveitunnar.

14. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar í heimildarleysi getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

15. gr.

Húseigandi og notandi, ef ekki er um sama aðila að ræða, bera, in solidum, ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu hitaveitunnar og þar með þeim kostnaði við viðgerð og endurnýjun þess búnaðar sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir orkusölu.

16. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

Húseigandi ber ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir orkunotkun sem til fellur eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina.

17. gr.

Hitaveitan selur Akraneskaupstað og Borgarbyggð vatn í heildsölu samkvæmt gjaldskrá sem stjórn hitaveitunnar setur og sendir ráðherra til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjaldtaka verður með tvennum hætti, þ.e. fast gjald og breytilegt gjald eftir notkun.

a) Fast gjald ákveðst í upphafi samkvæmt gjaldskrá. Ber að endurskoða grunn þess á þriggja ára fresti, svo og ef sölubreyting fyrir heilt almannaksár verður meiri en 10% frá því sem var við síðustu endurskoðun á hvorum stað fyrir sig.

b) Breytilegt gjald miðast við selt magn dreifiveitna samkvæmt rúmmetramælingu. Magn ákvarðast sem summa magnmælingar í dreifikerfum bæjarveitna. Hitaveitan leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celcius, sem mælt meðalhitastig við bæjarmörk víkur frá 80°C breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C en annars til hækkunar.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að semja um sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála við dreifiveiturnar, enda sé gætt jafnræðis milli þeirra sem og þeirra sem kaupa vatn í smásölu af hitaveitunni.

18. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla samkvæmt gjaldskrá sem stjórn hennar setur og sendir ráðherra til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Hitaveitan leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celcius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 80°C breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt. Við útreikningana er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð. Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðréttingin vera meðalleiðréttingin viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka skal greiða sérstakt gjald. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

19. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla sem notaðir eru í mælagrind. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera notanda að greiða mælaprófunargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema notandi eða hitaveitan, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda, þó rennslismælir hafi ekki talið rétt.

20. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heitavatnsnotkunina samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um heitavatnsnotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, eða ef vatnsmælir bilar, reiknar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af áætlaðri hitaþörf hússins. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Notandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestragjalds krafist aukaálestra og uppgjörs. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsendna.

Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

21. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) notanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist notanda með sjö daga fyrirvara. Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé hún gerð innan 21 dags frá aðvörun um hana. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Notanda ber að greiða fastagjöld samkvæmt gjaldskrá, þó lokað hafi verið fyrir heita vatnið.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu lokunargjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en orkuafhending er hafin á ný.

Þó ekki komi til stöðvunar vatnsafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notanda um lokunargjald vegna undirbúnings að stöðvun.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana á allt að þreföldu verði samkvæmt gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar þar til leiðrétt er.

22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

23. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni heimilt að undangenginni skriflegri aðvörun að stöðva afhendingu á heitu vatni til hans.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58/1967.

25. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi frá 1. janúar 1996, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð nr. 318 28. ágúst 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 22. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

fyrir Akranesveitu.

I. KAFLI
Stjórn og rekstur.

1. gr.

Skilgreining.

Akranesveita, skammstafað AV, er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag, sem Akraneskaupstaður á og starfrækir. Heimili og varnarþing veitunnar er á Akranesi.

2. gr.

Tilgangur AV er að annast á veitusvæði sínu öflun, dreifingu og sölu raforku, varmaorku, vatns samkvæmt gildandi reglugerð og rekstur holræsakerfis Akraness samkvæmt reglugerð og samþykkt bæjarstjórnar, rekstur aðveitu HAB eftir því sem um semst, rekstur vinnuflokka svo og aðra starfsemi sem því tengist og veitunni er falið samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akraness.

3. gr.

Veitusvæði, einkaréttur.

Veitusvæði AV er lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar. AV selur einnig heitt vatn í Innri-Akraneshreppi og öðrum sveitarfélögum eftir því sem um semst og ekki brýtur í bága við einkarétt annarra.

AV hefur einkarétt til dreifingar og sölu á raforku, varmaorku og neysluvatni á veitusvæði sínu á Akranesi.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn AV er í höndum bæjarstjórnar Akraness, en framkvæmdastjórn hennar skal falin stjórn ásamt veitustjóra.

5. gr.

Stjórn.

Veitustjórn skipa fimm menn og fimm til vara sem kosnir eru af bæjarstjórn. Kjörtímabil hennar skal vera hið sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn skipar formann veitustjórnar, en stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

6. gr.

Ákvörðunartaka.

Stjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi átt þess kost að fjalla um málið. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk stjórnar er:

a) að hafa eftirlit með því að skipulag AV og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi;
b) að ákveða framkvæmdir á veitusvæðinu í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga;
c) að semja gjaldskrá fyrir AV og leggja hana fyrir bæjarstjórn til samþykktar;

d) að undirbúa samninga, sem lagðir eru til staðfestingar í bæjarstjórn um orkukaup og orkusölu;
e) að semja fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn;
f) að ráða fasta starfsmenn veitunnar að fengnum tillögum veitustjóra;
g) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir;
h) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar;
i) að leggja ársreikning veitunnar fyrir bæjarstjórn til samþykktar í samræmi við 83. gr. sveitarstjórnarlaga.

8. gr.
Verksvið veitustjóra.

Bæjarstjórn ræður veitustjóra AV að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf. Næsti yfirmaður hans er bæjarstjóri.

Veitustjóri annast allan daglegan rekstur og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn gefur.

Veitustjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar um lausn verkefna skv. 7. gr.

9. gr.
Reikningshald.

AV skal hafa sjálfstæðan fjárhag og sjálfstætt reikningshald. Reikningsár veitunnar er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar hennar fylgja öðrum ársreikningum sveitarfélagsins.

Gjaldskrá skal við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga orku/neysluvatn á hagkvæmasta verði.

Tekjum AV skal fyrst og fremst varið til að standa straum af nauðsynlegum rekstrarkostnaði og fjárfestingu þannig að öruggur rekstur veitunnar sé tryggður, þar með talin greiðsla afborgana og vaxta af skuldum hennar. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar.

II. KAFLI
Verðskrá og innheimta.
10. gr.
Gjaldskrá.

a) Gjaldskrá.

Verð á orku/vatni og annarri þjónustu skal ákveða í gjaldskrá. Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Skal fyrirtækinu þannig vera kleift með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum að tryggja viðskiptavinum sínum næga orku á hagkvæmasta verði.

Viðskiptavinir AV skulu greiða AV orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til.

Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir raforku, heitt vatn, heimtaugar/heimæðar, gjalddaga, eindaga og innheimtu þessara gjalda; viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við.

Gjaldskrá, sem hlotið hefur samþykki veitustjórnar, skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

b) *Áætlun, álestur og uppgjör.*

AV má grundvalla orkureikninga á áætlun um orkunotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun en í henni sé orkunotkuninni jafnað niður á daga. Reikningar, sem byggjast á sannreyndri orkunotkun, nefnast álestrarreikningar en reikningar, sem byggjast á áætlaðri orkunotkun, nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega orkunotkun skal sannreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið á milli álestra.

Viðskiptavinur AV getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálesturs og uppgjörs miðað við sannreynda notkun. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um notkun vegna nýrra forsendna.

c) *Reikningar, gjalddagi og vextir.*

Reikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti, nema samkomulag sé gert um annað. Þeir skulu sendir orkukaupanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

Skulu þeir greiddir fyrir reikningstímabil sem tilgreint er á reikningi. Vanskilavextir (dráttarvextir) skulu innheimtir vegna skuldar orkukaupanda; skulu þeir reiknaðir frá þeim gjalddaga sem tilgreindur er á reikningi.

11. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

a) *Lokaaðvörun.*

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má AV stöðva orkuafhendingu til notanda að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara. Veitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkra aðgerða.

b) *Innheimtuaðgerðir.*

Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila AV sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar orkuafhendingar og vanskil á álestrarreikningum. AV ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar.

Beri kaupandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er eða allar vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra.

c) *Greiðsluskylda á lokunartíma.*

Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við AV né heldur greiðsluskyldu á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma. AV hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar svo og opnun veitunnar.

d) *Stöðvun orkuafhendingar.*

AV má stöðva orkuafhendingu með hverjum þeim hætti sem henta þykir. AV er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörun um hana.

e) *Opnun lokaðrar veitu.*

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, skal hún að jafnaði ekki opnuð aftur nema skuldin sé að fullu greidd og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

f) Óleyfileg tenging veitu.

Enginn má rjúfa straum eða rennsli vatns né endurtengja veitu nema þeir sem AV hefur veitt til þess umboð hverju sinni. Óleyfilega tengda veitu má AV rjúfa fyrirvaralaust.

III. KAFLI
Húsveitur og tenging þeirra. Almenn ákvæði.

12. gr.
Eigandi/notandi veitu.

Eigandi húsveitu, eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi AV, nefnist húseigandi (veitueigandi). Kaupandi orku, eða sá sem ber ábyrgð á greiðslu hennar, nefnist notandi. Sjá nánar um ábyrgð húseiganda við notendaskipti í gr. 14, d). Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá AV.

13. gr.
Umsókn um heimtaug/heimæð.

a) Skuldbinding húseiganda.

Umsókn um heimtaug/heimæð eða breytingu á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í verðskrá AV og að hlíta settum reglum um kaup á orku frá AV. AV getur krafist þess að skrifleg greinargerð, byggð á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

b) Óvenjulegar aðstæður.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða orkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugar-/heimæðargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni þar sem hliðsjón er höfð af stofnkostnaði við framkvæmdir og vinnureglum sem AV setur.

c) Lágmarksgjald.

AV er heimilt að krefjast lágmarksgjalds vegna notkunar um heimtaug/heimæð.

d) Frosin jörð.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar vegna lagningar heimtaugar/heimæðar að ósk hans í frosna jörð.

14. gr.
Mælitæki.

a) Uppsetning mælitækja.

AV setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja án samþykkis AV. AV getur krafist flutnings þeirra ef það þykir hentugra að mati AV.

b) Notandi/Viðskiptavinur.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er skráð fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir AV um það. Um ábyrgð húseiganda, sjá lið d) hér á eftir.

Breyting á skráningu notanda fyrir sameiginlegri notkun orku um mælitæki verður því aðeins gerð að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

c) *Notendaskipti.*

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til AV, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

d) *Ábyrgð húseiganda við notendaskipti.*

Húseigandi er ábyrgur fyrir tilkynningu til AV um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

e) *Viðhald.*

AV annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

f) *Mælaleiga.*

Notandi greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. verðskrá AV á hverjum tíma.

g) *Prófun mælitækis.*

Óski notandi að mælitæki verði prófað skal beiðni um það vera skrifleg. Reynist skekkja +/- 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófun.

AV hefur heimild til þess að láta prófa mælitæki ef líkur benda til mæliskekkju.

h) *Greiðsla/endurgreiðsla vegna mæliskekkju.*

Ef fram kemur við prófun, sem AV framkvæmir, að mælitækið hafi mælt 5% of lítið eða þaðan af minna, skal notandi greiða það sem vanmælt var.

Hafi mælitæki mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda þó mælitæki hafi ekki verið rétt.

AV getur ekki krafist viðbótargreiðslu fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um kröfu notanda til endurgreiðslu.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum sem að framan greinir.

i) *Véfenging á niðurstöðum prófunar.*

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki skal leita úrskurðar viðurkenndra úrskurðaraðila og er hann bindandi fyrir báða aðila.

j) *Notkun vegna galla á veitu.*

Þótt orkunotkun verði rakin til galla á húsveitu eða tækjum, er AV ekki skylt að áætla frádrátt á reikningum notanda af þeim sökum.

k) *Leiðrétting á reikningsfjárhæð.*

Ef svo reynist að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir eða álestur eða útreikningur á reikningsfjárhæð verið skakkur, áskilur AV sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju undir eins og vitað er um hana.

l) *Óleyfileg notkun.*

Verði uppvíst að rafmagn/heitt vatn sé notað á annan hátt en um er samið eða raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum, þannig að öll notkun komi ekki fram skal AV áætla þá notkun sem fram hefur farið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana allt að þrefaldri áætlaðri notkun eftir gildandi verðskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni má við matið hafa hliðsjón af stærð á mæli- eða varbúnaði þeim sem fyrir veitunni eru.

15. gr.
Innsigli.

a) *Innsiglun mælitækja o.fl.*
Starfsmenn AV hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um svo sem kWh-mæla, straumspenna, magnmæla, hemla o.þ.h. Einnig mega starfsmenn AV innsigla hluta veitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn AV. Önnur innsigli AV mega faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi AV hverju sinni.
Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna AV skriflega málsatvik.
Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna AV slíkt án tafar.

b) *Óleyfilegar tengingar.*
Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum, eða sýnt hirðuleysi í meðferð eða viðhaldi veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða þann kostnað sem aukið eftirlit með veitunni hefur í för með sér. AV getur látið taka veitu eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

16. gr.
Eftirlit.

a) *Aðgangsréttur AV.*
Starfsmenn AV eiga rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang til skoðunar á veitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum, hvort sem er:
1. til athugunar á öryggi þeirra þ.m.t. neyslutæki;
2. til athugunar á mælitækjum og því hvort öll notkun komi rétt til mælis samkvæmt gjaldskrá;
3. til álestrar á mælitæki;
4. til lokunar vegna vanskila og til annarra þeirra aðgerða sem nauðsynlegar eru samkvæmt réttindum og skyldum AV.

b) *Tengiskilyrði.*
Setja má í sérstakri reglugerð staðfestri af ráðherra, sérákvæði um nánari tæknileg tengiskilyrði.

c) Ekki má setja dælur eða annan búnað við húskerfin, sem truflað getur aðra notendur eða rekstur AV.

d) Óheimilt er að hylja mæligrind eða annan mælibúnað AV á þann hátt að það valdi erfiðleikum við viðhald, viðgerðir eða álestur.

e) Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

IV. KAFLI
Sérákvæði - rafveita.

17. gr.
Rafverktakaleyfi.

a) *Öflun leyfis.*
Rafverktakar skulu hafa hlotið landslöggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins sbr. reglugerð nr. 543/1993.

b) *Heimild til vinnu við raforkuvirki.*
Skylt er að láta löggilta rafverktaka og/eða AV, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur um er að ræða nýjar raflagnir,

breytingar eða viðgerðir á raflögnum eða raftækjum sem tengjast eiga eða tengd eru við húsveituna. Aðrir mega ekki taka ábyrgð á né vinna nokkurt slíkt verk.

c) *Upplýsingaskylda.*

Löggiltir rafverktakar eru skyldir til að veita AV upplýsingar um húsveitur og raftæki sem þeir vinna við og bera ábyrgð á.

18. gr.
Úttekt.

a) *Úttekt og skoðun.*

AV annast úttekt og skoðun á raflögnum skv. reglugerð um raforkuvirki. AV getur gert eiganda veitu að greiða kostnað þeirra verka, sem AV innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunaraðgerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

b) *Spennusetning.*

Engir aðrir en umboðsmenn AV mega setja spennu á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur spennu á veituna og hinn löggilta rafverktaka er um verkið sá.

c) *Ábyrgð.*

AV tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

19. gr.
Húsveitur.

a) *Kröfur til húsveitna.*

Sérhver húsveita að meðtöldum neyslutækjum skal fullnægja kröfum þeim sem settar eru í reglugerð um raforkuvirki og tæknilegum tengiskilmálum AV. Það telst óleyfilegt, sem ekki fullnægir þessum kröfum. Efni í veitu eða tæki skal vera viðurkennt af sömu aðilum.

b) *Stofntaugar.*

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

c) *Kostnaður vegna aukningar veitukerfis.*

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og AV þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er AV heimilt að gera umsækjanda að taka þátt í kostnaði.

d) *Eigandi heimtaugar.*

Heimtaugar með stofnvari eru eign AV, enda þótt heimtaugargjald hafi verið greitt, nema um annað hafi sérstaklega verið samið.

e) *Breyting á heimtaug.*

AV annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug skal húseigandi greiða kostnaðarmun sem ákveðinn er í gjaldskrá.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir raforkusölu.

20. gr.
Umsókn um tengingu.

Skilyrði raforkusölu er að samþykkt hafi verið umsókn um tengingu viðeigandi húsveitu við rafveitukerfi AV.

21. gr.
Raforkusala.

a) *Skilmálar um raforkusölu.*
AV selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi nær til, með þeim skilmálum sem ákveðnir eru í reglugerð þessari, sérreglum um raforkuvirki á orkuveitusvæði þeirra og verðskrá á hverjum tíma.

b) *Umsókn um raforkukaup.*
AV getur krafist þess að hver sem óskar að gerast notandi raforku sæki um það skriflega og geri nána grein fyrir afl- og orkunotkun og til hverra nota raforkan sé ætluð, sbr. einnig 13. gr.

c) *Takmörkuð flutningsgeta.*
Á þeim stöðum í veitukerfinu þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki umbeðið afl án sérstakra ráðstafana, ákveður AV nánari skilmála.

d) *Takmörkun sölu vegna rafhitunar.*
AV getur takmarkað sölu samkvæmt sérstökum töxtum vegna rafhitunar.

e) *Sérstök spennistöð.*
Ef AV telur nauðsynlegt að komið verði fyrir raforkuvirkjum á viðkomandi lóð í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal AV látin í té nauðsynlegur lóðarflötur eða húsnæði fyrir spennistöð, með sérstökum samningi og nauðsynlegur lóðarflötur eða aðstöðu fyrir jarðstrengi, tengiskápa, stólpa og festur fyrir loftlínur, án endurgjalds.
AV er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá spennistöðinni. Kvöð um uppsetningu og rekstur hennar og annarra raforkuvirkja má þinglýsa á viðkomandi húseign.

f) *Spennubreyting.*
Óski AV eftir spennubreytingu á húsveitu er húseiganda skylt að hlíta því. AV er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd.
Húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu sem þeir sjálfir hafa óskað eftir og AV samþykkt, nema sérstakt samkomulag náist um skiptingu kostnaðar.

g) *Endursala raforku.*
Endursala til annarra á raforku, sem keypt er af AV, er óheimil án leyfis AV.

22. gr.
Rekstrartruflanir.

a) *Skaðabótaskylda AV.*
Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilunar eða takmarkana á raforkuvinnslu hefur ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur AV, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, sbr. þó síðustu málsgrein c) liðar þessarar greinar.
AV ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum né afleiðingum af þeim né heldur bruna eða slysum sem verða kunna af völdum rafmagns frá veitum rafmagnsnotanda.

b) *Réttur til rofs.*
AV áskilur sér rétt til þess að taka rafmagn af veitu vegna viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.
Meðan verið er að leggja heimtaugar er AV heimilt að taka rafmagn af því svæði sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

c) *Takmörkun á orkuafhendingu.*
Komi það fyrir að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma ákveður AV hvernig takmörkun skuli hagað.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur AV þótt straumur hafi rofnað fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða aflgjald, eiga rétt á að fá sem svarar 1/300 hluta aflgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa. Þetta gildir ekki varðandi lokun vegna vanskila.

23. gr.

Samningsbundinn taxti.

Umsaminn taxti.

Sérhver rafmagnsnotkun er rafmagnsnotandi byrjar á samkvæmt tilteknum taxta AV er bindandi fyrir hann í að minnsta kosti 1 ár. Þó getur AV leyst notanda undan þessari skuldbindingu.

Verði breyting á notkun, þannig að hún falli undir annan taxta, skal umsókn um það send AV með eins mánaðar fyrirvara.

AV áskilur sér rétt til að segja upp sölu eftir tilteknum taxta með eins mánaðar fyrirvara ef í ljós kemur að notkunin á að falla undir annan taxta.

VI. KAFLI
Sérákvæði hitaveitu.

24. gr.

Kröfur til húsveitna.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi AV samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

AV er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

AV skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum, sé þess óskað.

25. gr.

Stofngjöld og sala á heitu vatni.

AV er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

Endursala á heitu vatni, er óheimil án samþykkis hitaveitunnar.

26. gr.

Afrennsli.

AV er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef veita þarf á því að halda. Óski AV ekki eftir að nýta afrennslisvatnið, skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. AV getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitaveitan krafist þess að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

27. gr.

Dreifikerfi.

AV leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar.

28. gr.

Lagning og viðhald.

Við lagningu og viðhald veitukerfisins skal AV halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal veitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

29. gr.

Breytingar á húsveitu.

Kostnað við breytingar á húsveitu eða hitunarkerfi húss vegna tengingar við AV skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi AV.

30. gr.

Hindrunarlaus aðgangur.

AV hefur rétt til aðgangs að húsnæði því, sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits, breytinga og lokunar. Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

AV ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega víð göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyrir lýsingu við mælagrind.

31. gr.

Umsóknir um hitunarkerfi.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingareglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa skal sækja um orkukaupin til AV á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarnefnd.

Pípulagningameistari skal skila til AV tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingafulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn AV (starfsmenn) mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

32. gr.

Ábyrgð húseiganda.

Húseigandi og notandi bera in solidum ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu AV og þar með þeim kostnaði við viðgerð eða endurnýjun þess búnaðar sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til AV ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

VII. KAFLI
Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

33. gr.
Hitastig og leiðréttingar.

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla.

AV leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celsius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 80°C, breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 80°C, en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útreikninga er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, skal greiða sérstakt gjald.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald, skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

34. gr.
Rennslismælar.

AV ákveður stærð og gerð rennslismæla. Starfsmenn veitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði AV varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notendur eiga ekki rétt á leiðréttingu fastagjalda, þó rennslismælir hafi ekki talið rétt.

35. gr.

Enginn má af- eða endurtengja veituna nema þeir sem AV hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal AV heimilt að áætla það vatn sem notað var óleyfilega og krefja húseiganda eða notanda um allt að þrefalda áætlaða notkun.

36. gr.
Skaðabótaskylda AV.

AV ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma, ákveður AV hvar og hvernig hún skulu takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

37. gr.

Vanræksla húseiganda.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er AV þá heimilt að stöðva afhendingu á heitu vatni til hans.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Fjárnám.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og verðskrá settri skv. henni skulu hafa beint aðfararhæfi samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90 frá 1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58 frá 1967.

39. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

40. gr.

Málarekstur.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

41. gr.

Samþykki og staðfesting.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af veitustjórn Akranesveitu og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um Rafveitu Akraness nr. 40 frá 25. febrúar 1948 með áorðnum breytingum.

42. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Akranesveitu er heimilt að taka við innheimtu gjalda sem lögð voru á notendur af Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar vegna viðskipta við veituna fyrir 1. janúar 1996 og beita við innheimtu þeirra gjalda ákvæðum 79. greinar orkulaga nr. 58 frá 1967.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.

A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.

B1. Til notkunar á heimilum.

B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 30% ástimplaðri flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 380 V.

C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW, ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.

D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:

a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);

b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið;

c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;

d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;

e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;

f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.

g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.

D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um

stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

2. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti veitustjórnar.
   Á hesthúsa- og hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið E3.
4. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.
b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalin 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.
c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.
d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.
e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsmíðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.
f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í

óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

B-hluti

		Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1.	Almenn notkun	2.215	6,11
B1.	Heimilisnotkun	2.215	5,61
B2.	Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.302	6,79
C1.	Stórnotkun (Afltaxti)	25.223	2,43
	Aflgjald kr/kW/ár	7.026	
D1.	Hitun án rofs	3.822	5,50
D2.	Hitun, rof 1,5 klst.	3.822	2,97
D3.	Hitun, rof 2,5 klst.	3.822	2,68
D4.	Næturhitun	3.822	1,93
D5.	Sumarhitun	3.822	2,07
D6.	Rof breytilegt	3.822	2,44
E1.	Sérsamningar		
E2.	Gatna- og hafnarlýsing	24.435 kr/kVA/ár	
E3.	Lokun og enduropnun veitu	1.057 kr.	
E4.	Innheimtugjald	508 kr.	
E5.	Álestrargjald	508 kr.	

Leigugjöld.

10	Einfasa mælir	394 kr/ár
11	Einfasa mælir með liða	2.031 kr/ár
20	Þrífasa mælir	1.535 kr/ár
21	Þrífasa mælir með liða	3.010 kr/ár
24	Þrífasa mælir með str.sp.	3.840 kr/ár
30	Þrífasa aflmælir	2.410 kr/ár
31	Þrífasa aflmælir m/str.sp.	4.674 kr/ár

Heimtaugar.

Málstærð	*Stofngjald*	*Gjald yfirlengdar*
63 A 1 fasi	31.460 kr.	1.354 kr/m
63 A 3ja fasa	53.650 kr.	1.654 kr/m
100 A 3ja fasa	77.120 kr.	1.990 kr/m
200 A 3ja fasa	136.350 kr.	2.782 kr/m
350 A 3ja fasa	223.500 kr.	3.969 kr/m

Spennistöðvar.

Stærð spennis	Stofngjald	Stærð spennis	Stofngjald
300 kVA	259.000 kr.	600 kVA	604.000 kr.
500 kVA	525.000 kr.	800 kVA	805.000 kr.

Bráðabirgðaheimtaugar.

Málstærð	Stofngjald	Málstærð	Stofngjald
35A einfasa	8.130 kr.	60 A 3ja fasa	14.330 kr.
35A 3ja fasa	11.680 kr.		

Tengigjald v/skammtímanotkunar	2.540 kr.
Tenging við Akraneshöfn	2.020 kr.

C-hluti

Fylgirit.

Iðnaðarhiti:		**Fastagjald**	**Orkuverð**
F1	Án rofs	3.675 kr/ár	5,28 kWh
F2	Rof 1,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	2,85 kWh
F3	Rof 2,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	2,85 kWh
F4	Rof 14,5 klst. á dag	3.675 kr/ár	

Mæla- og rofaleiga v/húshitunar:

01	Einfasa	388 kr/ár
02	Einfasa með liða	1.999 kr/ár
03	Þrífasa	2.963 kr/ár

Sérsamningur v/Borgarprýði.
Orkuverð miðast við næturhitun og hækkar í sama hlutfalli en hefur 13 klst. rof.
Fastagjald er skv. alm. notkun og mælaleiga skv. 3ja fasa.

Orkuverð	*Fastagjald*	*Mælaleiga*
2,37 kWh	2.180 kr/ár	1.511 kr/ár

Vegna sölu á heitu vatni.
D-hluti

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðareða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 11,30 kr/m^2 ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fastagjald á mánuði = 1.463 kr. + (F-130) x 6,80 kr/m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 85,00 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 113,70 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.
Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6 m3 /klst.: 260 kr/mán.
Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6 m3 /klst.: 465 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 3.020.
Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 775.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	**Stofngjald:**
allt að 250 m^3	kr. 67.980
251-500 m^3	kr. 67.980 +162,20 kr/ m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	kr. 108.530 + 95,00 kr/ m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	kr. 203.530 + 61,00 kr/ m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	kr. 478.030 + 48,00 kr/ m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 51.230. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.100 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar í desembermánuði 1995, 205,1 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis fyrir Rafveitu Akraness nr. 38 28. janúar 1993 og nr. 37 17. janúar 1994.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um framtal og skil á virðisaukaskatti.

Almennt uppgjörstímabil.

1. gr.

Hvert uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Uppgjörstímabil bænda.

2. gr.

Uppgjörstímabil aðila á landbúnaðarskrá, sbr. 30. gr. laga nr. 50/1988, er sex mánuðir, janúar til og með júní og júlí til og með desember.

Ársuppgjörstímabil.

3. gr.

Aðili sem selur skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 800.000 kr. tvö almanaksár í röð skal á næsta almanaksári þar á eftir nota árið sem uppgjörstímabil. Ákvæði þetta tekur ekki til þeirra sem falla undir 2. gr. og 1. mgr. 4. gr.

Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil hafi skattskyld velta hans undanfarin tvö almanaksár verið undir þeim mörkum er greinir í 1. mgr.

Fari skattskyld velta aðila skv. 1. mgr. umfram þau mörk sem þar greinir skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup skattaðila á almanaksárinu.

Skemmri uppgjörstímabil.

4. gr.

Fyrirtæki geta fengið heimild skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku.

Aðilar á landbúnaðarskrá geta þrátt fyrir ákvæði 2. gr. fengið heimild skattstjóra til þess að nota almenn uppgjörstímabil skv. 1. gr.

Uppgjörstímabili má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja eða sex mánaða tímabils skv. 1. eða 2. gr. Uppgjörstímabilum, sem eru skemmri en einn mánuður, skal haga þannig að hverjum almanaksmánuði er skipt í tvö eða fjögur því sem næst jafnlöng uppgjörstímabil. Beiðni um breytingu á uppgjörstímabili verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fái aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

Tímabundin uppgjörstímabil.

5. gr.

Aðili sem tímabundið hefur með höndum skattskylda starfsemi getur fengið heimild skattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tímabils sem starfsemi varir. Tímabundið uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn fjórði hluti almanaksmánaðar og lengst tveir almanaksmánuðir.

Virðisaukaskattsskýrslur.

6. gr.

Virðisaukaskattsskyldir aðilar skulu ótilkvaddir gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem þeim ber að standa skil á eða þeir eiga rétt á að fá endurgreiddan, á sérstökum virðisaukaskattsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á skýrslum þessum. Skýrslur til nota fyrir þá sem hafa tveggja mánaða, sex mánaða eða ársuppgjörstímabil skulu vera í formi gíróseðils.

Sé um að ræða leiðréttingaruppgjör skv. 3. mgr. 3. gr. eða leiðréttingu á áður ákvörðuðum virðisaukaskatti skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Virðisaukaskattsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni eða skattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið um skattskylda veltu að ræða.

Aðrar upplýsingar virðisaukaskattsskylds aðila.

7. gr.

Til viðbótar því sem skýrslueyðublöð skv. 6. gr. gefa tilefni til skal skattaðili skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um virðisaukaskattsskil hans. Einnig er virðisaukaskattsskyldum aðila skylt að láta skattyfirvöldum í té, í því formi sem óskað er, nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á virðisaukaskattsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

Gjalddagar.

8. gr.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattsskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Þegar um er að ræða almenn uppgjörstímabil, sbr. 1. gr., er gjalddagi fimmti dagur annars almanaksmánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Þó er gjalddagi aðila á landbúnaðarskrá 1. september ár hvert vegna viðskipta á fyrri hluta árs og 1. mars ár hvert vegna viðskipta á síðari hluta næstliðins árs.

Gjalddagi vegna skemmri uppgjörstímabila, sbr. 1. mgr. 4. gr., eða tímabundinna uppgjörstímabila, sbr. 5. gr., er einum mánuði og fimm dögum eftir lok tímabilsins vegna viðskipta á því tímabili. Gjalddagi vegna ársuppgjörs, sbr. 3. gr., er 15. mars ár hvert vegna viðskipta á næstliðnu ári.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Fullnægjandi skil á virðisaukaskatti.

9. gr.

Það teljast fullnægjandi skil á virðisaukaskatti ef:

1. Greitt er í banka, sparisjóði eða pósthúsi í síðasta lagi á gjalddaga.
2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn virðisauka–skatts eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.
3. Póstlögð greiðsla hefur borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

Skil eru ekki fullægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á skýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

10. gr.

Sé innskattur hærri en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal senda skýrslu vegna þess tímabils til skattstjóra í því umdæmi þar sem skattaðili á lögheimili. Skattstjóri skal

rannsaka slíka skýrslu sérstaklega. Fallist hann á skýrsluna tilkynnir hann innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests skv. 8. gr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kvað upp úrskurð um innsenda skýrslu. Hafi skattaðili fengið heimild skattstjóra til að nota skemmra uppgjörstímabil, sbr. 4. gr., skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skýrsla barst skattstjóra.

Geti skattstjóri vegna aðstæðna skattaðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist frestur sá sem um ræðir í 2. mgr. um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu til skattaðila sem nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. þegar fyrir liggur ársreikningur.

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri uppgjörstímabila. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

Aukauppgjör bænda.

11. gr.

Skattstjóra er heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað, sbr. 2. gr., um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á fjárfestingar– og rekstrarvörum.

Skilyrði aukauppgjörs er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveimur þriðju hlutum innskatts á tímabilinu.

Hvert aukauppgjör tekur til tveggja eða fjögurra almanaksmánaða talið frá upphafi yfirstandandi sex mánaða uppgjörstímabils eða lokum fyrra aukauppgjörstímabils. Gera skal upp útskatt og innskatt vegna viðskipta á aukauppgjörstímabilinu eins og um reglulegt uppgjör væri að ræða.

Bráðabirgðauppgjör sláturleyfishafa.

12. gr.

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30/1966 geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveimur sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá 1. september til og með 15. október og frá 1. nóvember til og með 15. desember.

Skattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

Umsjá með framtali, skilum og uppgjöri annarra.

13. gr.

Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila enda hafi aðilar samið um slíka tilhögun skriflega. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

Um innheimtu á vangoldnum virðisaukaskatti.

14. gr.

Til að tryggja sem best virðisaukaskattskröfu ríkissjóðs skal innheimtumaður hefja innheimtuaðgerðir, þ.m.t. lokunaraðgerðir skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvarðað gjaldanda virðisaukaskatt vegna fyrri tímabila.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá yfirskattanefnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum, enda bjóði skuldari fram sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi, til tryggingar virðisaukaskattsskuld, álagi, dráttarvöxtum og öllum innheimtukostnaði.

Staðfesti yfirskattanefnd úrskurð skattstjóra eða ríkisskattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fullu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreining undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

Álag.

15. gr.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, verið of há.

Álagi skal ekki beitt á skil vegna eldri uppgjörstímabila sem gerð eru réttilega skv. 3. mgr. 3. gr.

Refsiákvæði.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. eða 6. gr. varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárunum 1994 og 1995 skulu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1996.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind í 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1996. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1996 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðsgjaldi á árinu 1995.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1996 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% milli ára að teknu tilliti til lægra gjaldhlutfalls.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1996 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 669 27. desember 1995

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1996.

1. gr.

Á árinu 1996 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs samkvæmt ákvæðum B-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1995. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlaðist heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1995 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1996, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki og ofgreiddur barnabótaauki fyrri ára.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld sbr. þó 5. tölul.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.–4. tölul. (þó ekki aðstöðugjald).
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
8. Virðisaukaskattur.
9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjöld vegna 1995 og fyrri ára.
11. Launaskattur.
12. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1996 til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1995. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1995 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka á árinu 1995. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin gjöld skv. 1. – 12. tölul. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald ávísar barnabótaauka til útborgunar hjá ríkisféhirði samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hár skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 670 27. desember 1995

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1996.

1. gr.

Á árinu 1996 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 9.272 kr. með fyrsta barni en 28.768 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 69.624 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 74.024 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé það yngra en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á árinu vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makinn er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslið 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.–4. tölul. (þó ekki aðstöðugjald).
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
8. Virðisaukaskattur.
9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjöld vegna 1995 og fyrri ára.
11. Launaskattur.
12. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald ávísar barnabótum til útborgunar hjá ríkisféhirði samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1996.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1995 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1996. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1996 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1995. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1995 en tekjuskatt.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1996 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli áranna 1994 og 1995 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1994. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1996 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

27. desember 1995 Nr. 672

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Borgarness.

I. KAFLI
Rekstrarform.

1. gr.

Hitaveita Borgarness er sjálfstætt fyrirtæki sem Borgarbyggð á og starfrækir. Fyrirtækið heitir Hitaveita Borgarness og er hér eftir nefnt hitaveitan í reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um allt starfssvæði hitaveitunnar. Starfssvæði hitaveitunnar er Borgarnes.

3. gr.

Verkefni hitaveitunnar er að sjá um orkuöflun og rekstur hitaveitu á starfssvæðinu. Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Borgarbyggðar sem getur falið veitunefnd stjórn hennar.

Veitunefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti hennar sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum.

Verkefni veitunefndar er stjórn hitaveitunnar og eftirlit með því að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi.

Veitunefnd semur gjaldskrá og leggur fyrir bæjarstjórn. Hún undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu. Hún semur fjárhagsáætlanir og leggur fyrir bæjarstjórn. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri veitunnar og sér hann um að ráða menn til hitaveitunnar í samræmi við gildandi reglur bæjarfélagsins.

Veitunefnd semur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist og leggur fyrir bæjarstjórn.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

4. gr.

Eigandi húsveitu eða annarrar veitu, sem tengist veitukerfi hitaveitunnar nefnist húseigandi. Notandi heits vatns er sá aðili sem skráður er fyrir mælagrind og ber hann ábyrgð á greiðslu hitaveitugjalda.

5. gr.

Heitt vatn er afhent um veitukerfi hitaveitunnar samkvæmt gildandi reglugerð og gjaldskrá.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflunarlaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan skal gefa notendum upplýsingar um þrýsting og hitastig í stofnlögnum, sé þess óskað.

6. gr.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um stofngjöld og sölu á heitu vatni utan almennra söluskilmála.

7. gr.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur í gegnum hitakerfi húss. Notendum er heimilt að nýta varma afrennslisvatnsins til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o.s.frv. en skila afrennslisvatninu aftur, ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir að nýta afrennslisvatnið skal húsráðandi annast og bera kostnað við að leiða það í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C. Setja skal hitamæli á afrennslislögn. Hitaveitan getur krafist þess að settur sé hitastýrður loki á afrennslið, ef grunur leikur á að afrennslisvatnið sé of heitt. Ef notendur nýta hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o.s.frv. og hitakerfin eru beint tengd hitaveitunni, þá getur hitaveitan krafist þess að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

III. KAFLI
Veitukerfið.

8. gr.

Hitaveitan leggur, kostar og á allar lagnir veitukerfisins, stofnæðar, dreifiæðar, heimæðar og lagnir innanhúss að og með mælagrindum ásamt tilheyrandi búnaði. Hún annast rekstur og viðhald eigin veitukerfis.

Áður en hafist er handa um lagningu heimæðar skal lóð vera komin í sem næst rétta hæð og gluggar og hurðir húss lokanlegar.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin. Óski húseigandi eftir því skal hann greiða þann aukakostnað sem af því hlýst.

9. gr.

Við lagningu og viðhald veitukerfisins skal hitaveitan halda raski í lágmarki og ganga þrifalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt rask til fyrra horfs eins og við verður komið.

Húseigandi á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds dreifikerfisins.

10. gr.

Kostnað við breytingar á húsveitu og hitunarkerfi húss vegna tenginga við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

Húseigandi kostar breytingu á hitaveitulögnum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi fyrir öllum framkvæmdum, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til aðgangs að húsnæði því sem veitukerfi hennar liggur um til viðhalds, eftirlits, breytinga og lokunar sbr. 21. gr.

Inntak hitaveitu og mælagrind skulu alltaf vera í sama herbergi og skal lögn að mælagrind vera óhulin og aðgengileg til þjónustu.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg 1. hæðar (kjallara) ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annan búnað. Þar sem inntak kemur upp úr gólfplötu á húseigandi að sjá til þess að nægilega víð göt séu fyrir hitaveitulögnina. Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mælagrind er staðsett. Húseigandi skal sjá fyrir lýsingu við mælagrind.

IV. KAFLI
Húsveitur og tenging þeirra.

12. gr.

Um lögn nýrra hitunarkerfa eða breytingu á eldri kerfum gilda ákvæði byggingareglugerðar. Áður en hafist er handa um lögn nýrra hitunarkerfa, eða breytinga á eldri kerfum, skal sækja um orkukaupin eða breytingar til hitaveitunnar á þar til gerðum eyðublöðum sem hitaveitan lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingafulltrúa.

Sækja skal um uppsetningu á tengibúnaði hitaveitunnar (mælagrind) með minnst fjögurra daga fyrirvara. Pípulagningameistari skal skila til hitaveitunnar tæknilegum upplýsingum um lagnakerfið á sérstökum eyðublöðum, vottorði um úttekt byggingafulltrúa og sækja um áhleypingu með minnst dags fyrirvara.

Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar (starfsmenn) mega hleypa vatni úr kerfi veitunnar á hitakerfi húsa í fyrsta sinn eftir tengingu. Ekki verður hleypt á hús, nema lagnir séu í samræmi við samþykktar teikningar og gildandi reglugerðir. Pípulagningameistari skal annast prófun hitalagna og vera viðstaddur þegar vatni er hleypt á hitakerfið.

Komi í ljós að verk er eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, reglugerð um hitaveitulagnir, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða, getur hitaveitan stöðvað verkið þar til úr verður bætt.

13. gr.

Hitaveitan skal hafa aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húseiganda/notanda er skylt að láta í té upplýsingar um hitun hússins og heitt kranavatn sé þess óskað.

Óheimilt er að hylja mælagrind á þann hátt að valdi erfiðleikum við viðhald og viðgerðir og eigi má setja hillur eða annað ofan við mæli þannig að það hindri eðlilegan aflestur.

Ekki má tengja dælur eða annan búnað við húskerfin, sem truflað geta aðra notendur eða rekstur hitaveitunnar.

14. gr.

Sé húsveita tengd veitukerfi hitaveitunnar í heimildarleysi getur hitaveitan aftengt húsveituna fyrirvaralaust.

15. gr.

Húseigandi og notandi, ef ekki er um sama aðila að ræða bera in solidum, ábyrgð á meðferð búnaðar og lagna innanhúss, sem eru í eigu hitaveitunnar og þar með þeim kostnaði við viðgerð og endurnýjun þess búnaðar sem verður fyrir skemmdum af völdum notanda.

Húseiganda/notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar í búnaði eða tækjum hennar.

V. KAFLI
Skilmálar fyrir orkusölu.

16. gr.

Upphaf og lok samnings um orkukaup eru við skráningu tilkynninga hjá hitaveitunni þess efnis.

Húseigandi ber ábyrgð á tilkynningu um notendaskipti. Vanræki húseigandi tilkynningarskyldu sína, er heimilt að gera hann ábyrgan fyrir orkunotkun, sem til fellur eftir að fyrri notandi yfirgaf húseignina.

17. gr.

Gjaldskrá skal samin af veitunefnd og samþykkt af bæjarstjórn.

Skal gjaldskrá við það miðuð að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem bundið er í rekstri hitaveitunnar.

Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið til staðfestingar og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Hitaveitunni er heimilt að gera sérstaka samninga við notendur á svæði sínu, sem falla utan við gjaldskrá, enda sé samið sérstaklega um orkukaup notanda.

18. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla.

Hitaveitan leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celcius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 80°C breytist gjaldið um 2% til lækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útreikningana er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðrétting vera meðalleiðrétting hitaveitunnar.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% hærra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka skal greiða sérstakt gjald.

Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald, skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

19. gr.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð rennslismæla sem notaðir eru í mælagrind. Starfsmenn hitaveitunnar innsigla mælana.

Ef rofið er innsigli á búnaði hitaveitunnar varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Ef notandi óskar að mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til hitaveitunnar. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera

notanda að greiða mælaprófunargjald. Sé frávik meira skal hitaveitan greiða kostnað við prófunina og leiðrétta reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema notandi eða hitaveitan, eftir því sem við á geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

20. gr.

Notandi skal greiða hitaveitunni gjald fyrir heitavatnsnotkunina samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við breytingar á gjaldskrá skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hverrar gjaldskrár á því tímabili, sem reikningurinn tekur til.

Hitaveitan má byggja orkureikninga á áætlun um heitavatnsnotkun notanda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun.

Þar sem vatnsmælir hefur verið settur upp, eða ef vatnsmælir bilar reiknar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Reikningar sem byggjast á staðreyndri vatnsnotkun nefnast álestrarreikningar, en reikningar sem byggjast á áætlaðri notkun nefnast áætlunarreikningar.

Raunverulega vatnsnotkun skal staðreyna eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þegar vatnsnotkun hefur verið staðreynd, skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Notandi getur þó jafnan gegn greiðslu mælaálestrargjalds krafist aukaálestra og uppgjörs. Ennfremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um vatnsnotkun vegna nýrra forsenda.

Reikninga skal senda notanda á notkunarstað eða annan stað sem hann tiltekur. Gjalddagi reikninga er útgáfudagur. Sé reikningur eigi greiddur innan tilgreinds frests er fram kemur á reikningi, reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

21. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að stöðva afhendingu á heitu vatni til húsveitu (mælis) notanda, sem greiðir ekki áætlunar- eða álestrarreikning eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari. Beri notandi ábyrgð á orkukaupum um fleiri en eina veitu (mæli) má stöðva orkuafhendingu um hverja þeirra sem er, eða allar vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við eina þeirra. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa að undangenginni skriflegri aðvörun, sem sendist notanda með sjö daga fyrirvara. Hitaveitunni er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun orkuafhendingarinnar, enda sé hún gerð innan 21 dags frá aðvörun um hana. Hitaveitan ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar. Notanda ber að greiða fastagjöld samkvæmt gjaldskrá, þó lokað hafi verið fyrir heita vatnið.

Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu lokunargjalds samkvæmt gjaldskrá hafi komið til stöðvunar vatnsafhendingar af ástæðum sem um getur í 1. mgr. Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en afhending er hafin á ný. Þó ekki komi til stöðvunar vatnsafhendingar er hitaveitunni heimilt að krefja notanda um lokunargjald vegna undirbúnings að stöðvun.

Enginn má af- eða endurtengja hitaveituna nema þeir sem hitaveitan hefur veitt umboð til þess. Sé brotið gegn þessu skal farið með það sem óleyfilega vatnsnotkun.

Verði uppvíst að heitt vatn hafi verið notað á annan hátt en um er samið, að raskað hafi verið mælitækjum eða tengingum breytt þannig að ekki komi fram öll notkun skal hitaveitan áætla það vatn sem notað var óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hana á allt að þreföldu verði samkvæmt gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar þar til leiðrétt er.

22. gr.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Þurfi að takmarka notkun heita vatnsins um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalda.

Stöðvun eða óviðráðanlegar breytingar á rekstri veitunnar eða hluta hennar skal tilkynna svo fljótt sem unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur strax og því verður við komið.

23. gr.

Nú vanrækir húseigandi/notandi að vinna verk sem honum ber samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni þá heimilt að undangenginni skriflegri aðvörun að stöðva afhendingu á heitu vatni til hans.

24. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu hafa beint aðfararhæfi skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför sbr. 79. gr. laga nr. 58/1967.

25. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

27. gr.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hitaveitu Borgarness er heimilt að beita ákvæðum 79. gr. laga nr. 58/1967 til innheimtu þeirra skulda sem fyrirtækið yfirtekur af HAB vegna skulda notenda á orkuveitusvæði fyrirtækisins.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 673 27. desember 1995

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 11,25 kr/m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fastagjald á mán. = 1462,50 kr.+(F-130) x 6,75 kr/m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 70,80 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 94,35 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að 6 m^3/klst. : 234 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst. : 418 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.020 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 775 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:			
allt að 250 m^3	67.980 kr.			
251- 500 m^3	67.980 kr.	+	162,20 kr/m^3	yfir 250 m^3
501-1500 m^3	108.530 kr.	+	95,00 kr/m^3	yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	203.530 kr.	+	61,00 kr/m^3	yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	478.030 kr.	+	48,00 kr/m^3	yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1995, 205,1 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 674 20. desember 1995

REGLUGERÐ

um dvöl útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á landi.

Koma til landsins og dvalarleyfi.

1. gr.

Útlendingi (EES-útlendingi), sem fellur undir reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dvelja eða starfa hér í allt að þremur mánuðum. Dvöl í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð kemur ekki til frádráttar á lengd dvalartíma.

EES-útlendingi, sem dvelur eða starfar hér á landi lengur en þrjá mánuði, er skylt að hafa dvalarleyfi. Þetta á þó ekki við um útlending sem starfar hér en hverfur að jafnaði til heimilis í öðru EES-ríki a.m.k. einu sinni í viku.

Útlendingur, sem er undanþeginn dvalarleyfi skv. 2. mgr., skal innan tveggja vikna frá því hann hóf starf, tilkynna það til útlendingaeftirlitsins.

Sækja má um dvalarleyfi eftir að komið er til landsins.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar um eftirlit með útlendingum gilda um danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara. Ríkisborgarar þessara landa, sem uppfylla skilyrði til þess, geta sótt um dvalarleyfi samkvæmt reglum þessum og öðlast réttindi í samræmi við það.

Ríkisborgurum annarra EES-ríkja en greinir í 1. mgr. er heimilt að koma til landsins án vegabréfsáritunar, enda hafi þeir við komuna gilt vegabréf eða annað viðurkennt kennivottorð.

Aðstandendum EES-útlendings, sem ekki eru ríkisborgarar EES-ríkis, er heimilt að koma til landsins, enda hafi þeir við komuna gilt vegabréf, eftir atvikum með vegabréfsáritun, eða annað viðurkennt kennivottorð. Þeir þeirra sem þurfa vegabréfsáritun til að koma til landsins eiga rétt á að fá slíka áritun, enda sanni þeir fjölskyldutengsl sín við EES-ríkisborgarann.

EES-útlendingar sem eiga rétt á dvalarleyfi.

3. gr.

EES-útlendingur á rétt á dvalarleyfi, eftir umsókn þess efnis, ef hann framvísar því ferðaskilríki, sem hann komst inn í landið með, og gögnum sem sýna að hann, að uppfylltum frekari skilyrðum í 4.-7. gr.:

a. er launþegi sem fellur undir 2. tölul. V. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 og nr. 312/76) um frelsi launþega til flutninga innan EES,

b. ætlar að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi eða að veita eða njóta hér þjónustu,
c. þiggur fastar reglulegar greiðslur sem svara a.m.k. til lágmarkslífeyris almannatryggginganna, eða
d. er innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun með það að meginmarkmiði að öðlast þar starfsþjálfun.

Heimilt er að synja um dvalarleyfi skv. 1. mgr. ef þær aðstæður eru fyrir hendi sem geta veitt tilefni til að synja útlendingnum um komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar.

Frekari skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis.

4. gr.

Skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. a-lið 1. mgr. 3. gr. er að umsækjandi leggi fram staðfestingu frá vinnuveitanda um ráðningu eða atvinnuvottorð um starf sem að jafnaði skal nema a.m.k. hálfri stöðu í viðkomandi starfsgrein. Ef ekki er um fullt starf að ræða verður umsækjandi að sýna fram á að vinnusambandið sé raunverulegt og í ákveðnu umfangi. Við mat á því skal m.a. hafa til hliðsjónar hvort launin eru næg til framfærslu umsækjandans.

5. gr.

Skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. b-lið 1. mgr. 3. gr., er að umsækjandi ætli:

a. að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi í landinu. Leggja skal fram ítarlega lýsingu á starfseminni og gögn sem sýna fram á að nauðsynleg leyfi hafi verið gefin eða verði gefin út af þar til bæru stjórnvaldi samkvæmt lögum. Það er skilyrði að stefnt skuli að varanlegri starfsemi,
b. að veita þjónustu í landinu. Veita skal upplýsingar um eðli þjónustunnar og hve lengi henni er ætlað að vara. Það er skilyrði að megintilgangur dvalarinnar sé að veita þjónustu, að þjónustan skuli látin í té í því skyni að afla tekna og að ákveðin tímamörk séu á hve lengi þjónustan verði látin í té, eða
c. að njóta þjónustu í landinu. Veita skal upplýsingar um eðli þjónustunnar og hve lengi hennar verði notið. Það er skilyrði að megintilgangur dvalarinnar sé að njóta þjónustu, að umsækjandinn eigi að greiða fyrir hana og að ákveðin tímamörk séu á því hve lengi þjónustunnar verði notið.

Umsækjandi verður sýna fram á nægileg fjárráð til framfærslu sinnar.

6. gr.

Skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. c-lið 1. mgr. 3. gr. er að umsækjanda sé tryggð framfærsla með föstum reglulegum greiðslum sem svara a.m.k. til lágmarkslífeyris almannatryggginganna til einstaklings með uppbót og að hann njóti sjúkratryggingar sem nær til allra þátta sem hann myndi njóta eftir íslenskum lögum.

7. gr.

Skilyrði fyrir dvalarleyfi skv. d-lið 1. mgr. 3. gr. er að umsækjandinn leggi fram gögn um að hann hafi verið innritaður hjá viðurkenndri námsstofnun og að markmið dvalarinnar sé að öðlast starfsþjálfun. Leggja skal fram áætlun um námstilhögun. Umsækjanda skal vera tryggð framfærsla þann tíma sem umsóknin nær til og skal hann gefa yfirlýsingu um hvernig hún er tryggð. Það er og skilyrði að hann njóti sjúkratryggingar sem nær til allra þátta sem hann myndi njóta eftir íslenskum lögum.

Dvalarleyfi til aðstandenda EES-útlendings.

8. gr.

Aðstandandi EES-útlendings, sem hefur eða öðlast dvalarleyfi skv. 1. mgr. 3. gr., á rétt á dvalarleyfi, eftir umsókn þess efnis, að þeim skilyrðum uppfylltum sem talin eru í 9. og 10. gr.

9. gr.

Þessir teljast til aðstandenda EES-útlendings skv. 1. mgr. 3. gr.:

a. maki,
b. niðji útlendings skv. 4. eða 5. gr. og/eða maka hans, ef niðjinn er yngri en 21 árs eða á þeirra framfæri,
c. niðji útlendings skv. 6. eða 7. gr. og/eða maka hans, ef niðjinn er á þeirra framfæri,
d. ættmenni útlendings skv. 4.-6. gr. eða maka hans að feðgatali, sem eru á framfæri þeirra.

10. gr.

Aðstandanda útlendings, sbr. 9. gr., sem hefur eða öðlast dvalarleyfi hér á landi á grundvelli 1. mgr. 3. gr., skal, eftir umsókn þess efnis, veitt dvalarleyfi, ef hann framvísar því ferðaskilríki sem hann komst inn í landið með, nema fyrir hendi séu aðstæður sem geta veitt tilefni til að synja umsækjandanum um komu til landsins, dvöl eða vinnu samkvæmt öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar. Leggja skal fram vottorð frá viðkomandi stjórnvaldi í heimalandinu eða því landi þar sem hann bjó síðast til staðfestingar á fjölskyldutengslunum.

Hvað varðar aðstandanda útlendings skv. 4. gr. er það, auk skilyrðis skv. 1. mgr., skilyrði að útlendingurinn hafi yfir að ráða húsnæði. Hvað varðar aðstandanda útlendings skv. 5. og 6. gr. er það, auk skilyrðis skv. 1. mgr., skilyrði að framfærsla hans sé tryggð og að hann njóti sjúkratryggingar sem nær til allra þátta sem hann myndi njóta eftir íslenskum lögum.

Að uppfylltum skilyrðum skv. 1. mgr. og framfærsla er tryggð má einnig veita öðrum aðstandendum en þeim, sem taldir eru í 9. gr., dvalarleyfi, ef þeir eru á framfæri útlendingsins eða hafa haldið heimili með honum í heimalandinu og leggja fram gögn því til staðfestingar. Einnig má setja að skilyrði að útlendingurinn hafi yfir að ráða húsnæði og að umsækjandinn njóti sjúkratryggingar sem nær til allra þátta sem hann mundi njóta eftir íslenskum lögum.

Áframhaldandi dvöl að loknu starfi hér á landi.

11. gr.

Um rétt útlendings skv. a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. til áframhaldandi dvalar að loknu starfi, svo og aðstandenda hans skv. 8. gr., fer skv. 12.-21. gr.

12. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 1. gr.:

Ákvæði þessarar reglugerðar (þ.e. 12.-19. gr.) gilda um ríkisborgara í EES-ríki, sem hafa starfað sem launþegar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, svo og aðstandendur þeirra samkvæmt skilgreiningu 10. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1612/68 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins (sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47 18. maí 1993).

13. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 2. gr.:

1. Eftirtaldir hafa rétt til að dveljast til frambúðar á yfirráðasvæði EES-ríkis:
   a. launþegi sem við lok starfsævi sinnar hefur náð eftirlaunaaldri samkvæmt lögum þess aðildarríkis og sem hefur starfað í því ríki síðastliðna tólf mánuði hið minnsta og verið búsettur þar samfellt í meira en þrjú ár;
   b. launþegi sem hættir starfi vegna þess að hann varð varanlega óvinnufær eftir að hafa verið búsettur í aðildarríki í meira en tvö ár samfellt. Engin skilyrði eru sett um búsetutíma hafi hann orðið óvinnufær vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms og eigi þar með rétt til lífeyris sem stofnun í aðildarríkinu er að hluta til eða að öllu leyti ábyrg fyrir;
   c. launþegi sem, eftir þriggja ára samfelldan starfs- og búsetutíma á yfirráðasvæði þess ríkis, starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, en er búsettur í fyrra ríkinu sem hann hverfur til daglega eða að minnsta kosti einu sinni í viku.
   d. Starfstímabilum sem lokið er á þennan hátt á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal talið lokið í búseturíkinu til þess að hlutaðeigandi öðlist þann rétt sem getið er í a- og b-lið.

2. Skilyrði um lengd búsetu og starfstíma sem um getur í a-lið 1. mgr. og skilyrði um lengd búsetu sem um getur í b-lið 1. mgr. gilda ekki ef maki launþega er ríkisborgari í hlutaðeigandi EES-ríki eða hefur misst ríkisborgararétt sinn í því ríki við að giftast launþeganum.

14. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 3. gr.:

1. Aðstandendur launþega sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar (þ.e. 9. gr.) og eru búsettir hjá honum á yfirráðasvæði EES-ríkis eiga rétt á búsetu þar til frambúðar, jafnvel eftir fráfall hans, enda hafi launþeginn öðlast rétt til að dveljast áfram á yfirráðasvæði þess ríkis skv. 2. gr. (þ.e. 13. gr.).

2. Hafi launþegi hins vegar látist á starfsævi sinni og áður en hann öðlaðist rétt til að dveljast áfram á yfirráðasvæði hlutaðeigandi ríkis eiga aðstandendur hans rétt á að dveljast þar til frambúðar með því skilyrði að:

- launþeginn hafi, á dánardægri sínu, verið búsettur á yfirráðasvæði aðildarríkisins samfellt í að minnsta kosti tvö ár, eða
- hann hafi látist af völdum vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, eða
- eftirlifandi maki hans sé ríkisborgari í búseturíkinu eða hafi misst ríkisborgararétt í því ríki við að giftast launþeganum.

15. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 4. gr.:

1. Votta má samfellda búsetu sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. (þ.e. 12. gr.) og 2. mgr. 3. gr. (þ.e. 14. gr.) með hverjum þeim hætti sem tíðkast í búseturíkinu. Hún skerðist ekki við tímabundna fjarvist sem er skemmri en þrír mánuðir á ári alls né við lengri fjarvist sem er tilkomin vegna skuldbindinga í herþjónustu.

2. Tímabil þegar launþegi er atvinnulaus gegn vilja sínum, sem eru skráð skilvíslega hjá þar til bærri vinnumiðlun, eða vegna veikinda eða slyss telst engu að síður til starfstímabila samkvæmt skilningi 1. mgr. 2. gr. (þ.e. 13. gr.).

16. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 5. gr.:

1. Sá einstaklingur sem hefur öðlast rétt til að dvelja um kyrrt samkvæmt a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. (þ.e. 13. gr.) og 3. gr. (þ.e. 14. gr.) getur nýtt sér slíkan rétt í tvö ár frá þeim tíma sem hann öðlaðist hann. Á því tímabili er honum heimilt að fara frá yfirráðasvæði EES-ríkisins án þess að réttur hans skerðist.
2. Þess er ekki krafist að hlutaðeigandi einstaklingur uppfylli nein formsatriði til að njóta réttarins til að dvelja um kyrrt.

17. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 6. gr.:

1. Einstaklingar sem falla undir ákvæði þessarar reglugerðar (þ.e. 12.-19. gr.) eiga rétt á dvalarleyfi sem skal:
   a. gefið út og endurnýjað þeim að kostnaðarlausu eða gegn greiðslu sem má ekki vera hærri en þau gjöld og skattar sem innlendir ríkisborgarar greiða fyrir útgáfu eða endurnýjun kennivottorða;
   b. gilda alls staðar á yfirráðasvæði þess EES-ríkis sem gefur það út;
   c. gilda í fimm ár hið minnsta og endurnýjað sjálfkrafa.
2. Búseturof, sem varir eigi lengur en sex samfellda mánuði, skal ekki skerða gildi dvalarleyfis.

18. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 7. gr.:

Réttur til jafnrar málsmeðferðar sem komið var á með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 (sbr. lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 47 18. maí 1993) gildir einnig um þá einstaklinga sem heyra undir þessa reglugerð (þ.e. 12.-19. gr.).

19. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70, 8. gr.:

1. Þessi reglugerð (þ.e. 12.-19. gr.) hefur ekki áhrif á ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla EES-ríkjanna sem væru hagstæðari ríkisborgurum annarra EES-ríkja.
2. EES-ríkin skulu auðvelda launþegum, sem yfirgefið hafa yfirráðasvæði þeirra eftir að hafa átt þar fasta búsetu um lengri tíma og starfað þar og vilja koma aftur þegar þeir hafa náð aldri til að láta af störfum eða eru orðnir varanlega óvinnufærir, endurkomu til yfirráðasvæða sinna.

20. gr.

Ákvæði 13.-19. gr. gilda með hliðstæðum hætti um þá sem hafa stundað sjálfstæða atvinnustarfsemi hér á landi, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr., og aðstandendur þeirra, sbr. 8.-10. gr. Búseturof sem greinir í 17. gr. má þó vara lengur en sex samfellda mánuði ef það er vegna skuldbindinga í herþjónustu.

21. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 12.-20. gr. ef það er nauðsynlegt vegna allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis, sbr. 28. gr.

Gildistími og efni dvalarleyfis.

22. gr.

Dvalarleyfi, sem gefið er út í fyrsta skipti, skv. 3. gr. skal gefið út til fimm ára, nema annað leiði af ákvæðum 2.-5. mgr.

Ef starfi er ætlað að standa lengur en þrjá mánuði en skemur en eitt ár skal leyfi til útlendings skv. 4. gr. gefið út til samsvarandi tíma.

Leyfi til útlendings sem ætlar að veita þjónustu eða njóta þjónustu, sbr. b- og c-lið 1. mgr. 5. gr., skal hafa sama gildistíma og þjónustan verður veitt eða hennar notið.

Leyfi sem gefið er út í fyrsta skipti til útlendings skv. 6. gr. má takmarka við tvö ár, ef umsækjandinn getur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir leyfinu verði uppfyllt í fimm ár.

Leyfi til útlendings skv. 7. gr. skal gefið út til tíma sem svarar til lengdar námsins, þó ekki lengur en eitt ár.

Leyfi sem er gefið út í fyrsta skipti til aðstandanda EES-útlendings, sbr. 8. gr., skal gefið út í samsvarandi tíma og leyfi þess síðarnefnda, þó þannig að það gildi ekki lengur en leyfi hans.

Dvalarleyfi skv. 11. gr., sem gefið er út í fyrsta skipti, skal gefið út til fimm ára.

23. gr.

Dvalarleyfi veitir rétt til að dvelja og til að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt hvar sem er á landinu, nema annað sé tekið fram í leyfinu eða leiði af lögum.

Útlendingi, sem fellur undir 7. gr., er einungis heimilt að ráða sig í vinnu eða starfa sjálfstætt eða veita þjónustu, sbr. 4. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 5. gr., sem nemur allt að hálfu starfi.

Leyfi skal bera með sér hvaða skilyrði og takmarkanir eru settar með leyfinu.

Dvalarleyfi til EES-útlendings, sem háður er reglum um vegabréfsáritun, veitir honum rétt til ótakmarkaðra endurkoma til landsins meðan leyfið er í gildi.

Endurnýjun dvalarleyfis.

24. gr.

Dvalarleyfi skv. 3., 8. og 11. gr. skal endurnýja samkvæmt umsókn, ef skilyrðin eru enn uppfyllt.

Dvalarleyfi skal að jafnaði endurnýjað til fimm ára, sbr. þó 3. og 4. mgr.

Fyrstu endurnýjun leyfis til umsækjanda sem fellur undir 4. gr. má gefa út til eins árs, ef umsækjandinn er atvinnulaus gegn vilja sínum og hefur verið það samfellt í meira en tólf mánuði. Ef umsækjandi er enn atvinnulaus þegar það leyfi rennur út verður leyfi ekki endurnýjað til launþega.

Ákvæði 3., 5. og 6. mgr. 22. gr. gilda eftir því sem við á.

Gildi endurnýjaðs leyfis telst frá þeim tíma sem fyrra dvalarleyfi rennur út.

Að öðru leyti gilda ákvæði 23. gr. um efni dvalarleyfis eftir því sem við á.

Afturköllun dvalarleyfis.

25. gr.

Heimilt er að afturkalla dvalarleyfi EES-útlendings, ef ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga um eftirlit með útlendingum eiga við og skilyrði fyrir útgáfu leyfisins eru ekki lengur fyrir hendi. Afturköllun er þó ekki heimil, ef útlendingurinn er ekki lengur í starfi, hvort heldur er vegna veikinda eða slyss eða vegna þess að hann er atvinnulaus gegn vilja sínum.

Enn fremur er heimilt að afturkalla dvalarleyfi sem gefið var út í fyrsta skipti til útlendings sem fellur undir 4.-6. gr., ef um er að ræða búseturof sem varað hefur lengur en sex samfellda mánuði og er ekki komið til vegna herþjónustu.

Ákvæði 2.-4. mgr. 1. gr. gilda eftir því sem við á.

Synjun um landgöngu og brottvísun.

26. gr.

EES-útlendingi skal því aðeins meinuð landganga:

a. að hann fullnægi ekki reglum um ferðaskilríki og vegabréfsáritun,
b. að honum hafi verið vísað héðan úr landi eða frá Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og hann reynir að koma aftur án leyfis,
c. að atvik séu til staðar sem heimila brottvísun skv. b- og c-lið 1. mgr. 27. gr., eða
d. að það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins eða krefjandi þjóðarhagsmuna.

27. gr.

EES-útlendingi skal því aðeins vísað úr landi:

a. að hann hafi framið alvarlegt eða ítrekuð brot á ákvæðum laga um eftirlit með útlendingum,
b. að hann hafi á síðustu fimm árum afplánað refsingu erlendis eða verið dæmdur þar til refsingar fyrir háttsemi sem getur varðað meira en þriggja mánaða fangelsi að íslenskum lögum, eða hafi verið dæmdur hér á landi til refsingar eða öryggisgæslu fyrir slíka háttsemi eða ítrekað verið dæmdur á síðustu þremur árum til fangelsisrefsingar. Hafi hann verið dæmdur til refsingar erlendis skal það metið hvort telja megi líklegt að hann muni fremja refsiverð brot hér á landi. Útlendingi sem hefur fengið dvalarleyfi má því aðeins vísa úr landi að hin refsiverða háttsemi geti varðað meira en eins árs fangelsi,
c. að það sé nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis, sbr. 28. gr., eða
d. að það sé nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins.

28. gr.

EES-útlendingi verður m.a. meinuð landganga eða honum vísað úr landi með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis ef útlendingurinn:

a. er háður fíkniefnum eða öðrum eiturlyfjum og hefur orðið það áður en honum er veitt fyrsta dvalarleyfi, eða
b. er haldinn alvarlegum geðrænum truflunum eða geðrænum truflunum sem einkennast af uppnámi, óráði, ofskynjunum eða hugsanabrenglun, enda hafi slíkt ástand hans hafist áður en honum er veitt fyrsta dvalarleyfi.

Ákvörðun um að meina EES-útlendingi landgöngu eða vísa honum úr landi með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis skal eingöngu byggð á framferði hlutaðeigandi útlendings og má því aðeins framkvæma að heimilt sé að grípa til úrræða gagnvart íslenskum ríkisborgara við sambærilegar aðstæður.

EES-útlendingi verður því aðeins meinuð landganga eða honum vísað úr landi með skírskotun til almannaheilbrigðis að útlendingurinn sé haldinn:

a. sjúkdómum sem falla undir sóttvarnarákvæði og taldir eru upp í alþjóðlegri heilbrigðisreglugerð nr. 2 sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gaf út 25. maí 1951,
b. berklum í öndunarfærum sem eru virkir eða sýna merki um að þeir ágerist,
c. sárasótt, eða
d. öðrum smitsjúkdómum eða smitnæmum sníkilsjúkdómum falli þeir undir reglur til verndar íslenskum ríkisborgurum.

Útlendingnum verður því aðeins meinuð landganga eða vísað úr landi með skírskotun til almannaheilbrigðis að hann hafi fengið sjúkdóminn áður en honum er veitt fyrsta dvalarleyfi.

Málsmeðferð.

29. gr.

Þegar til álita kemur hvort útlendingi, sem sótt hefur um leyfi fyrsta sinni, skuli meinuð landganga eða honum vísað úr landi með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis eða almannaheilbrigðis, sbr. 28. gr., skal ákvörðun tekin eins fljótt og unnt er og ekki síðar en sex mánuðum eftir að umsókn barst. Umsækjandi á rétt á að dvelja í landinu þar til umsókn hefur fengið endanlega meðferð.

Rökstuðningur skal fylgja ákvörðun um synjun dvalarleyfis eða um brottvísun, nema það gangi gegn öryggishagsmunum ríkisins.

Í ákvörðun um synjun dvalarleyfis eða brottvísun úr landi skal koma fram sá frestur sem gefinn er til að yfirgefa landið. Að frátöldum bráðatilvikum skal fresturinn ekki vera styttri en fimmtán dagar hafi hlutaðeigandi ekki enn fengið dvalarleyfi og eigi styttri en einn mánuður í öllum öðrum tilvikum.

30. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, sbr. lög nr. 133 31. desember 1993, svo og með hliðsjón af 1.-5. tölul. V. viðauka (tilskipun 64/221/EBE, reglugerðir EBE nr. 1612/68 og 312/76, tilskipun 68/360/EBE, reglugerð EBE nr. 1251/70 og tilskipun 72/194/EBE) og 3.-8. tölul. VIII. viðauka (tilskipanir 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE) við EES samninginn, öðlast þegar gildi.

EBE gerðirnar sem vísað er til eru birtar í sérritinu EES gerðir S 32 og S 35, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. 135-136.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

28. desember 1995 Nr. 675

TILKYNNING

nr. 2/1995 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1996 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,50 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,45 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast

samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 28. desember 1995.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

Nr. 676 28. desember 1995

REGLUGERÐ

um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa sem veiða utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur ekki til veiða í fiskveiðilandhelgi annarra ríkja.

2. gr.

Skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem fara til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands, skulu tilkynna það Fiskistofu við upphaf hverrar veiðiferðar eða svo skjótt sem unnt er. Í tilkynningu skal greina nafn skips og skipaskrárnúmer, nafn skipstjóra, hvar fyrirhugað er að stunda veiðar og hvenær áætlað er að þær hefjist. Óheimilt er að hefja veiðar utan 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi Íslands án þess að það hafi verið tilkynnt til Fiskistofu áður.

Tilkynna skal einnig hvenær veiðiferð lýkur, ekki seinna en við lok hennar. Skal þá tilkynna hvar fyrirhugað sé að landa aflanum.

3. gr.


Fyrir 20. hvers mánaðar skal útgerð fiskiskips hafa tilkynnt um afla undangengins mánaðar til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Útgerðarmönnum og skipstjórnarmönnum er jafnframt skylt að gefa Fiskistofu, án endurgjalds, allar þær upplýsingar varðandi veiðar skipanna utan fiskveiðilandhelgi Íslands og ráðstöfun aflans sem unnt er að láta í té og óskað er eftir, á umræddu eyðublaði eða með öðrum hætti.

II. KAFLI
Ákvæði um veiðar íslenskra skipa á Norðvestur-Atlantshafi.

4. gr.

Ákvæði 4.-14. gr. gilda jafnframt um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið" í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilisvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilisvæði (hlutar deilisvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir.

Viðauki I



Endurprentað blað.

5. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar úr eftirtöldum stofnum án sérstaks leyfis er sjávarútvegsráðherra gefur út:

Þorskstofni á deilisvæðum 3M, 3NO og 2J3KL
Karfastofni á deilisvæðum 3M og 3LN
Skrápflúrustofni á deilisvæðum 3M og 3LNO
Stofni amerísks sandkola á deilisvæðum 3LNO
Langlúrustofni á deilisvæðum 3NO
Loðnustofni á deilisvæðum 3NO
Smokkfiskstofni á undirsvæðum 3 og 4
Rækjustofni á deilisvæðum 3LNO
Grálúðustofnum á deilisvæðum 3LMNO

6. gr.

Þegar veiðar eru stundaðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal í tilkynningu skv. 2. gr. koma fram, auk þargreindra upplýsinga, hvaða fisktegund og stofn fyrirhugað er að veiða og á hvaða deilisvæði búast megi við að skipið veiði.

7. gr.

Skylt er útgerð skips að tilkynna til Fiskistofu með að minnsta kosti 24 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á samningssvæðið. Í tilkynningu skal tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins, áætlaða komu þess inn á svæðið svo og afla um borð. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Þegar skip yfirgefur samningssvæðið skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu tilgreina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla um borð í skipinu sem veiddur hefur verið á samningssvæðinu. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Ef afla skips skal umskipað á meðan það er statt á samningssvæðinu skal útgerð þess tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 24 klukkustunda fyrirvara um slíkt. Skal í tilkynningu greina tíma, dagsetningu og staðsetningu skipsins svo og afla þann sem umskipa skal. Afli skal tilgreindur í hundruðum kílóa miðað við afla upp úr sjó og hann aðgreindur eftir tegundum.

Þá er útgerð skips skylt að tilkynna áður en skip fer af einu deilisvæði til annars.

Sjávarútvegsráðherra getur ákveðið að tiltekin skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skuli búin sendingarbúnaði sem veitir Landhelgisgæslu Íslands sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra, til að uppfylla skuldbindingu Íslands um að 35% íslenskra skipa sem veiða á samningssvæðinu hafi slíkan búnað.

Þau skip sem búin eru slíkum búnaði eru undanþegin því að senda tilkynningu samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Skylt er þeim er veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti.

Frá 1. janúar 1996 og þar til annað verður ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu skal eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu vera um borð í hverju skipi sem veiðir á samningssvæðinu. Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum á vegum Fiskistofu fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð.

Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum samkvæmt þessari grein endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

Eftirlitsmönnum samkvæmt þessari grein skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins og afla til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er NAFO hefur sett. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina.

9. gr.

Skylt er veiðiskipum að skrá afla jafnóðum í sérstakar veiðidagbækur sem Fiskistofa lætur í té.

10. gr.

Ákvæði 10.-14. gr. gilda um veiðar á rækju á deilisvæði 3M. Jafnframt gilda önnur ákvæði þessarar reglugerðar um þær veiðar.

11. gr.

Óheimilt er að nota vörpu með minni möskva en 40 mm, mælt með tveggja mm þykkri stiku með 5 kg átaki á þann hátt sem reglur NAFO kveða á um. Þá er óheimilt að hafa um borð slík veiðarfæri án leyfis Fiskistofu.

12. gr.

Skylt er að nota seiðaskilju við veiðarnar og má bil milli rimla ekki vera meira en 22 mm.

13. gr.

Ef samanlagður aukaafli allra tegunda sem eru undir stjórn stofnunarinnar verður meiri en 5% af þunga í hali er skylt að yfirgefa veiðistað. Ekki er heimilt að hefja veiðar innan 5 sjómílna frá þeim stað.

14. gr.

Rækjuveiðar á deilisvæði 3L, 3N og 3O eru óheimilar. Þó er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita sérstaka undanþágu frá þessu ef um er að ræða skip sem tekur þátt í rannsóknum sem veiðar eru nauðsynlegur þáttur í.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

15. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 471, 15. ágúst 1994, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

28. desember 1995 Nr. 677

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	103.309	2800-2999	169.834
1000-1999	132.053	3000-3199	177.390
2000-2199	139.609	3200-3399	184.947
2200-2399	147.165	3400-3599	192.503
2400-2599	154.722	3600-3799	200.059
2600-2799	162.278	3800-3999	207.616

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar í kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	134.302	2800-2999	220.784
1000-1999	171.668	3000-3199	230.608
2000-2199	181.492	3200-3399	240.431
2200-2399	191.315	3400-3599	250.254
2400-2599	201.138	3600-3799	260.077
2600-2799	210.961	3800-3999	269.900

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 652/1994, orðist svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0-4,9	7,09	15,0-15,9	15,07
5,0-5,9	7,54	16,0-16,9	16,27
6,0-6,9	8,15	17,0-17,9	17,45
7,0-7,9	8,56	18,0-18,9	18,51
8,0-8,9	8,93	19,0-19,9	19,92
9,0-9,9	9,33	20,0-20,9	20,98
10,0-10,9	9,90	21,0-21,9	22,19
11,0-11,9	10,27	22,0-22,9	23,59
12,0-12,9	11,57	23,0-23,9	24,71
13,0-13,9	12,65	24,0-24,9	25,83
14,0-14,9	14,00	25,0 og þyngri	27,09

3. gr.

Reglugerð þessi, sett skv. heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr., tekur þó gildi strax að loknu 1. álestrartímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1996, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álestrartímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

Nr. 678 28. desember 1995

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Fjárhæðir eftirtalinna bótaflokka, samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993, skulu hækka frá 1. janúar 1996 að telja um 3,5% frá því sem þær voru í nóvember 1995:

a) ellilífeyrir
b) örorkulífeyrir
c) fæðingarstyrkur og fæðingardagpeningar
d) sjúkradagpeningar
e) tekjutrygging
f) heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

28. desember 1995 Nr. 679

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			**kg**	**%**	**kr/kg**
0601.2002	Blómstrandi pottaplöntur til og með 1 m	01.01.-30.04	500	30	0
Úr tollnúmeri:					
0601.2002	Pottaplöntur af ættkv. Bromilea	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0601.2003	Grænar pottaplöntur til og með 1 m	01.01.-30.04	2.000	30	0
Úr tollnúmeri:					
0601.2003	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0601.2004	Blómstrandi pottaplöntur meira en 1 m	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0601.2005	Grænar pottaplöntur meira en 1 m	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	01.01.-30.04	ótilgr.	0	0
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9009	Staurar af Dracaena til framhaldsræktunar, með rót	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1003	Ættkvíslar Protea, Bankasía o.fl.	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04	4.000	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-30.04	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til 30. apríl 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 680 28. desember 1995

SAMÞYKKT

um rekstur heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Heilbrigðis- og öldrunarráð Austur-Skaftafellssýslu annast, í umboði bæjarstjórnar Hornafjarðar, yfirstjórn og rekstur allrar heilbrigðis- og öldrunarþjónustu í Austur-Skaftafellssýslu, sbr. lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, og lög nr. 82/1989, um málefni aldraða.

2. gr.

Helstu verkefni á sviði heilbrigðis- og öldrunarþjónustu sbr. 1. gr. eru eftirfarandi:

1. Rekstur heilsugæslustöðvar Höfn H2, sbr. III. kafla laga nr. 97/1990, á starfssvæði sbr. gr. 14.7 sem nær til Hornafjarðar, Bæjarhrepps, Borgarhafnarhrepps og Hofshrepps.

2. Rekstur hjúkrunarheimilis sbr. gr. 24.1.4. laga nr. 97/1990 og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 82/1989, og fæðingardeildar sbr. gr. 24.1.3. sömu laga.
3. Rekstur Dvalarheimilisins Skjólgarðs, sbr. IV. kafla laga nr. 82/1989.
4. Rekstur heimaþjónustu og dagvistar aldraðra, sbr. III. og IV. kafla laga nr. 82/1989.
5. Skrifstofuhald vegna stjórnar og rekstrar á vegum heilbrigðis- og öldrunarráðs Austur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Með heimild í 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, gegnir heilbrigðis- og öldrunarráð Austur-Skaftafellssýslu á samningstímabili hlutverki stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss sbr. 21. og 30. gr. laga nr. 97/1990, og hlutverki öldrunarnefndar sbr. lög nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

4. gr.

Samþykkt þessi er sett og staðfest skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. sbr. 15. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, sbr. samning Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995, sem liggur frammi á bæjarskrifstofu Hornafjarðarbæjar, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 1996 og gildir til og með 31. desember 1999 en skal þó tekin til endurskoðunar ef gerðar verða breytingar á samningi Hornafjarðarbæjar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, dags. 22. desember 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

29. desember 1995 Nr. 681

REGLUGERÐ

um umferðaröryggisgjald.

1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 200 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 147 28. desember 1995, öðlast gildi 1. janúar 1996.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 6 9. janúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 682 14. desember 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

Í stað tölunnar 130 komi 160, í stað tölunnar 850 komi 1050 og í stað tölunnar 290 komi 150.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 683 21. desember 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 15/1995 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 36, 2. apríl 1991, um breyting á þeirri grein, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1995 og nemur hann 1,0321 miðað við 1,0000 á árinu 1994.

Reykjavík, 21. desember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um meðferð og vinnslu sjávarafurða.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

A. Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um aðstöðu, búnað, hollustuhætti og meðferð um borð í veiðiskipi, við löndun, flutning, á fiskmörkuðum, við geymslu, vinnslu, pökkun, merkingar og sölu sjávarafurða. Reglugerðin tekur til eldis sjávarfiska og skrápdýra, liðdýra og lindýra sem lifa í söltu vatni. Reglugerðin tekur einnig til vinnslu og pökkunar vatna-, hafbeitar- og eldisfiska og annarra eldisdýra sem geta lifað í fersku vatni. Reglugerðin tekur ennfremur til innfluttra sjávarafurða sem ætlaðar eru til umpökkunar eða vinnslu.

B. Almennar takmarkanir.

2. gr.

Reglugerðin tekur ekki til dreifingar sjávarafurða til smásölu innanlands. Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með eldi fiska eða dýra sem geta lifað í fersku vatni.

Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með vatnsbólum og vatnsveitum sem er á hendi heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

C. Skilgreiningar.

3. gr.

Í reglugerð þessarri er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Sjávarafli:* Öll sjávardýr önnur en spendýr.
2. *Fiskafurðir:* Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla eða ferskvatnsdýrum.
3. *Sjávarafurðir:* Sjávarafli og fiskafurðir svo sem skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur sem unnar eru úr fiski eða öðrum lagardýrum eða úrgangi úr þeim.
4. *Eldisafurðir:* Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisafurða. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem náð hafa sölustærð, teknir úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisafurða ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.
5. *Ferskur fiskur:* Heill fiskur og annar sjávarafli eða hlutar hans, þar með taldar afurðir pakkaðar í lofttæmdar eða loftskiptar umbúðir sem ekki hafa hlotið aðra meðferð en kælingu til þess að lengja geymsluþol þeirra.
6. *Frystar afurðir:* Fiskafurðir sem hafa verið frystar þar til hitastig í kjarna þeirra hefur lækkað a.m.k. niður í -18°C.
7. *Unnar afurðir:* Sjávarafurðir sem hafa fengið efnameðferð eða meðferð eins og hitun, reykingu, söltun, þurrkun eða verið lagðar í kryddlög, unnar úr kældum eða frystum

sjávarafla eða fiskafurðum, hvort sem þær eru blandaðar öðrum matvælum eða ekki eða hafa hlotið eina eða fleiri þeirra meðferða sem að framan er getið.

8. *Vinnslustöð:* Bygging, hluti byggingar eða aðstaða, þ.m.t. athafnasvæði, þar sem sjávarafurðir eru meðhöndlaðar, geymdar og unnar. Til vinnslustöðva teljast einnig vinnsluskip, pökkunarstöðvar og fiskgeymslur.
9. *Vinnsluskip:* Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð og honum pakkað og hefur verið flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting á afla um borð eða suða á rækju eða skelfiski telst ekki vinnsluskip í merkingu reglugerðar þessarar.
10. *Vinnsluleyfishafi:* Aðili sem fengið hefur tölusett leyfi frá Fiskistofu til vinnslu, meðferðar, pökkunar eða geymslu sjávarafurða til staðfestingar á því að fullnægt sé settum skilyrðum laga og reglugerða.
11. *Niðursuða:* Vinnsluaðferð sem felst í því að pakka sjávarafurðum í loftþéttar umbúðir og hita þær að því marki að örverum, sem gætu fjölgað sér, er eytt eða þær gerðar óvirkar án þess að það hitastig sem afurðirnar síðar kunna að verða geymdar við hafi nokkur áhrif þar á.
12. *Kæling:* Sú meðferð að lækka hitastig sjávarafla eða fiskafurða þar til það nálgast hitastig bráðnandi íss.
13. *Pökkun:* Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.
14. *Lota:* Tilgreint magn sjávarfurða sem framleiddar eru við nokkurn veginn sömu aðstæður.
15. *Sending:* Það magn fiskafurða sem sent er til eins eða fleiri kaupenda á ákvörðunarstað og flutt með einu og sama flutningatæki.
16. *Flutningatæki:* Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.
17. *Eftirlitsaðili:* Fiskistofa eða önnur opinber eftirlitsstofnun sem falið er eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.
18. *Innra eftirlit:* Eftirlit á vegum vinnsluleyfishafa í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu afurðanna svo og að merkingar séu réttar og fullnægjandi.
19. *Dreifing:* Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þ.m.t. innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.
20. *Innflutningur:* Flutningur sjávarafla eða fiskafurða inn á íslenskt yfirráðasvæði.
21. *Neysluvatn:* Vatn sem fullnægir kröfum íslenskra yfirvalda, sbr. rg. nr. 319/1995.
22. *Hreinn sjór:* Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt hollustu fiskafurða og sem notaður er við þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð þessari.
23. *Aukefni:* Efni sem notuð eru við framleiðslu sjávarafurða til að hafa áhrif á geymsluþol, lykt, bragð eða aðra eiginleika þeirra, sbr. rg. nr. 579/1993.
24. *Hollustuhættir:* Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu sjávarafurða.
25. *Fiskmarkaður:* Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, sbr. lög nr. 123/1989.

D. Almenn skilyrði fyrir framleiðslu og dreifingu sjávarafurða.

4. gr.

Sala og dreifing sjávarafurða er háð því að uppfyllt séu almenn skilyrði laga ásamt eftirfarandi skilyrðum:

1. Að afli hafi verið veiddur af fiskiskipi með gilt vinnsluleyfi og að meðferð hans um borð, svo sem blóðgun, slæging, hausun og kæling hafi verið í samræmi við I. kafla í viðauka 1.
   Að afli hafi verið unninn um borð í vinnsluskipi með gilt vinnsluleyfi í samræmi við II. kafla í viðauka 1.
2. Að meðferð afla við löndun, á fiskmörkuðum og við flutning hafi verið í samræmi við ákvæði IV. kafla reglugerðar þessarar og viðauka 2.
3. Að meðferð afla og, þar sem við á, verkun hans, vinnsla, frysting, þíðun, pökkun og geymsla hafi farið fram við fullnægjandi hollustuhætti í viðurkenndri vinnslustöð samkvæmt viðauka 4.
4. Að aflinn hafi verið flokkaður og metinn samkvæmt ákvæðum í viðauka 7.
5. Að fram hafi farið skoðun og leit að sýnilegum sníkjudýrum og þau fjarlægð í samræmi við ákvæði í viðauka 7.
6. Að afurðum hafi verið pakkað með fullnægjandi hætti samkvæmt ákvæðum V. kafla.
7. Að merkingar vegna rekjanleika afurða og annarra atriða séu í samræmi við ákvæði 38. gr.
8. Að afurðir hafi verið geymdar og fluttar í samræmi við ákvæði D-liðar IV. kafla.
9. Að suða á rækju og sæsamlokum hafi farið fram í samræmi við ákvæði í lið D. 2. í viðauka 5.

5. gr.

Sala og dreifing eldisafurða er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Eldisfiski má aðeins slátra með leyfi yfirdýralæknis og skal heilbrigðisvottorð hans liggja fyrir áður en vinnsla eða pökkun hefst.
2. Við slátrun skal viðhafa fullnægjandi hollustuhætti. Fiskurinn skal vera laus við mold, slím og saur. Ef verkun eða vinnsla fer ekki fram strax skal fiskinum haldið kældum.
3. Eldisafurðir skulu auk þess fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru í 3.-8. tl. 4. gr. þessarar reglugerðar.

6. gr.

Sala og dreifing lifandi skráp-, lið- og lindýraafurða fellur undir skilyrði reglugerðar um veiðar og meðferð lifandi skelfisks. Skelfisk sem senda á lifandi á markað skal ávallt geyma við bestu lífsskilyrði.

Afurðir unnar úr sæsamlokum skulu uppfylla skilyrði 1. mgr. svo og þau skilyrði sem fram koma í 3. - 9. lið 4. gr.

Sjávarútvegsráðherra kveður með reglugerð á um eftirlit og skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis fyrir eldi sjávardýra.

7. gr.

Sala og dreifing fisks og fiskafurða af þeim fisktegundum sem upp eru taldar í viðauka 6 og eru eitraðar eða innihalda lífræn eiturefni eða lamandi eiturefnasambönd er bönnuð.

E. Innra eftirlit.

8. gr.

Forsvarsmenn vinnsluleyfishafa skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að farið verði að kröfum reglugerðar þessarar á öllum stigum framleiðslu og dreifingar fiskafurða. Í þessu skyni eru þeir ábyrgir fyrir því að komið sé á fót innra eftirliti sem miðast við umfang og eðli starfseminnar og byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Að greina áhættuþætti í vinnslustöðinni miðað við framleiðsluferli það sem notað er.
2. Að skipuleggja og koma á aðferðum í því skyni að fylgjast með og hafa eftirlit með slíkum áhættuþáttum.
3. Að taka sýni til greiningar á rannsóknastofu, sem Fiskistofa samþykkir, til að staðfesta að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi og að unnið sé í samræmi við þau ákvæði sem sett eru með þessari reglugerð.
4. Að geyma skriflegar skýrslur eða gögn, sem skráð eru með varanlegum hætti, varðandi framangreind atriði með það fyrir augum að leggja þau fyrir Fiskistofu. Þess skal sérstaklega gætt að geyma niðurstöður hinna ýmsu prófana og eftirlits a.m.k. í tvö ár.

9. gr.

Ef niðurstöður innra eftirlits leiða í ljós að afurðir vinnslustöðvar séu, eða líkur eru á að þær gætu verið skaðlegar heilsu neytenda eða valdið þeim fjárhagstjóni, skal forsvarsmaður vinnsluleyfishafa grípa til nauðsynlegra úrbóta að höfðu samráði við Fiskistofu.

II. KAFLI
Aðstaða og búnaður.

A. Aðstaða.

10. gr.

Aðstaða til móttöku, geymslu og vinnslu sjávarafurða skal vera nægilega rúmgóð og þannig skipulögð að starfsemin geti farið fram við fullnægjandi heilbrigðisaðstæður er taki mið af eðli afurðanna.

Um fiskmarkaði gilda að öðru leyti ákvæði viðauka 3.

Vinnslusvæði skal aðskilja eftir þeim hreinlætiskröfum sem gerðar eru á hverju svæði fyrir sig til þess að koma í veg fyrir að afurðir spillist.

11. gr.

Vinnslustöðvar, fiskmarkaðir og þurrkhjallar skulu ekki vera í grennd við sorphauga, skolpræsaop, mengandi iðnrekstur eða aðra mengunarvalda.

Bein tenging húsa við aðra starfsemi um dyr, glugga, stiga, lyftur, ganga o.s.frv. er því aðeins heimil að hætta á mengun sé hverfandi.

12. gr.

Löndunarbúnaður, s.s. dælur og færibönd til flutnings sjávarafla, skal gerður úr efnum sem auðvelt er að þrífa og skal nota neysluvatn til þrifa.

13. gr.

Í vinnslustöð skal vera nægilegt neysluvatn eða hreinn sjór til nota við þvott á hráefni, við vinnslu, þrif og ísframleiðslu. Fyrir hendi skal vera búnaður til að gerileyða vatn sé þess þörf.

Ís má aðeins framleiða úr neysluvatni eða hreinum sjó. Ísvélar, ísgeymslur og ílát, sem notuð eru til að flytja eða geyma ís, skulu vera hrein. Ílát eiga að vera með loki þar sem þess þarf við til þess að verja ísinn mengun.

14. gr.

Vatnslagnir skulu vera aðgengilegar og geta flutt nægilegt magn af heitu og köldu vatni til þess að unnt sé að viðhalda fyllsta hreinlæti. Þær skulu vera einangraðar og auðkenndar hver á sinn hátt. Teikning af vatnslagnakerfum með tölusettum úttökum skulu vera til staðar í vinnslustöðvum.

Vatnsúttök eiga að vera nægilega mörg til þess að fullnægjandi þrifum verði við komið. Einstreymislokar skulu vera á öllum úttökum þar sem hætta er á bakflæði eða baksogi þ.m.t úttökum fyrir slöngur. Þær skal geyma á upphengjum eða keflum sem fest eru við veggi.

Niðurföll skulu vera nægilega mörg og víð til að koma í veg fyrir að uppistöður myndist á gólfum, tengd lokuðu skolplagnakerfi og vera meindýraheld.

B. Búnaður.

15. gr.

Allur búnaður, ílát og áhöld sem sjávarafurðir koma í snertingu við eiga að vera úr haldgóðum, ógagndræpum efnum sem ekki tærast, auðvelt er að þrífa og valda ekki skemmdum á afurðunum.

16. gr.

Ílát, sem notuð eru við flutning sjávarafurða, skulu vera nægilega sterk til þess að veita þeim fullnægjandi vernd. Kassar og önnur ílát til geymslu á fiski skulu þannig útbúin að þau verji fiskinn vel fyrir óhreinindum og að ísvatn geti óhindrað runnið undan honum.

17. gr.

Óheimilt er að nota innanhúss lyftara og önnur flutningstæki, sem gefa frá sér lofttegundir sem mengað geta hráefni eða afurðir.

III. KAFLI
Hreinlætis- og hollustuhættir.

A. Hreinlæti.

18. gr.

Hreinlætis- og hollustuhættir við framleiðslu sjávarafurða skulu vera slíkir að þeir hæfi framleiðslu matvæla. Við framleiðsluna skal aðskilja vinnusvæðin eftir eðli afurða og þeim hreinlætiskröfum sem gerðar eru á hverju svæði.

Skriflegar hreinlætisreglur skulu vera hluti af innra eftirliti vinnsluleyfishafa.

Neysla tóbaks og matvæla er bönnuð á vinnslusvæðum og í geymslum. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á áberandi stöðum.

19. gr.

Varnir gegn skordýrum og öðrum meindýrum, s.s. nagdýrum, skulu við það miðaðar að komið sé í veg fyrir að þau hafi afdrep á lóð eða komist inn í húsakynnin. Í hverri vinnslustöð skulu vera skriflegar reglur um meindýravarnir eða samningur við meindýraeyði sem annast þær.

Reglulega skal fylgjast með og tæma egndar gildrur og flugnabana sem komið skal fyrir þar sem líklegt er að dýr þessi fari um eða leiti skjóls.

Notkun eiturefna skal aðeins fara fram að höfðu samráði við heilbrigðisyfirvöld viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags eða meindýraeyði.

Engum dýrum, s.s. fuglum, hundum eða köttum, má hleypa inn í vinnslustöðvar. Í vinnslustöðvum skal skrá allt eftirlit með gildrum, flugnabönum og notkun eiturefna.

20. gr.

Sé úrgangur eða óneysluhæfur afli ekki fjarlægður jafnharðan og hann fellur til skal geyma hann í vatnsþéttum beinakössum eða lokuðum ílátum úr seltuvörðum málmi eða plasti sem auðvelt er að tæma og þrífa. Séu ílátin ekki tæmd daglega skal geyma þau aðskilin í kaldri geymslu sem enginn óþrifnaður stafar af. Öll ílát, svo og geymslur, skal þrífa rækilega og gerileyða ef með þarf eftir hverja losun.

Rusli og sorpi sem til kann að falla skal safnað í vatnsheldar sorptunnur með áföstum lokum og það fjarlægt eftir þörfum. Tunnurnar skal geyma í þar til ætlaðri geymslu.

B. Þrif.

21. gr.

Að loknum vinnudegi eða oftar skal sápuþvo og gerileyða alla fleti, ílát og áhöld sem sjávarafurðir kunna að snerta í samræmi við skráðar hreinlætisreglur.

Salernisklefa og snyrtiherbergi skal þrífa vandlega a.m.k. í lok hvers vinnudags. Snyrtiaðstöðu og salernisbúnaði skal halda hreinum og í fullkomnu lagi.

Þess skal gætt að ekki sé beinn samgangur milli salerna og vinnslusvæða.

22. gr.

Þess skal vandlega gætt að þvotta- og hreinsiefni spilli ekki afurðum. Ef efni þessi innihalda eiturefni eða hættuleg efni skulu þau viðurkennd af Hollustuvernd ríkisins.

C. Heilbrigði og persónulegt hreinlæti starfsfólks.

23. gr.

Eftirlit með heilbrigði áhafna og starfsfólks skal vera samkvæmt ákvæðum rg. nr. 522/1994. Starfsfólk og aðrir sem á vinnusvæði koma skulu gæta fyllsta persónulegs hreinlætis.

Eftir handþvott má aðeins nota einnota handþurrkur. Gúmmíhanska skal þrífa sem berar hendur. Starfsfólk og aðrir sem á vinnslusvæði koma skulu klæðast hentugum og hreinum vinnu- eða hlífðarfatnaði og höfuðfati.

24. gr.

Framleiðandi skal tryggja að þeir sem haldnir eru sjúkdómum, sem hætta er á að dreifst geti með matvælum, vinni ekki við framleiðslu sjávarafurða.

IV. KAFLI
Meðferð sjávarafurða.

A. Meðferð afla.

25. gr.

Vanda skal alla meðferð á sjávarafla þannig að hann óhreinkist hvorki né rýrni óeðlilega að gæðum. Fisk skal blóðga, slægja, þvo, raða í hrein ílát og kæla. Undanþegin ákvæðum um blóðgun og slægingu eru karfi, síld og loðna, svo og annar sjávarafli sem samkvæmt venju eða eðli sínu er eða verður ekki blóðgaður eða slægður. Bátum sem landa afla daglega er heimilt að koma með óslægðan afla að landi enda sé hann undantekningarlaust blóðgaður og kældur á fullnægjandi hátt.

26. gr.

Öllum sjávarafla skal halda aðgreindum eftir tegundum í veiðiskipi. Einnig skal halda lifandi blóðguðum fiski aðgreindum frá dauðblóðguðum.

Afla sem ætlaður er til manneldis má hvorki geyma í svo þykkum lögum að hann kremjist né flytja hann í yfirfullum ílátum. Afla sem ætlaður er til manneldis skal dagmerkja.

Sjávarafurðir sem ætlaðar eru til sölu ferskar skal geyma og flytja kældar í hreinum ílátum.

Ís, sem notaður er, skal framleiddur úr hreinum sjó eða neysluvatni og geymdur í hreinum ílátum. Kælingu skal við haldið með því að yfirísa fiskinn eftir þörfum.

B. Löndun.

27. gr.

Við löndun og flutning skal þess gætt að sjávarafurðir óhreinkist hvorki né spillist. Tryggja skal að löndunarbúnaður sé hreinn og að honum sé vel við haldið. Losun og löndun skal fara fram án óhjákvæmilegra tafa, afurðunum komið án tafar á öruggan stað, þær ísaðar, geymdar og fluttar við hitastig við hæfi og vera vel varðar fyrir skemmdum, driti, ryki og öðrum óhreinindum.

C. Vinnsla.

28. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis þegar fiskur er unninn, t.d. flattur, flakaður eða snyrtur, til að koma í veg fyrir að flökin eða fiskstykkin óhreinkist eða spillist. Vinnsla skal fara fram án óeðlilegra tafa til þess að hitastig í fiskinum hækki sem minnst. Sýnilega orma skal fjarlægja um leið og aðgerð og vinnsla fer fram. Ef nauðsynlegt er að fjarlægja sníkjudýr skal gegnumlýsa flökin.

Vinnsluaðstaða skal vera skilin frá móttöku og aðgerð.

D. Geymsla og flutningur.

29. gr.

Við geymslu og flutning skal fiski og fiskafurðum haldið við hitastig það, sem tilgreint er í reglugerð þessari:

1. Ferskum fiski og fiskafurðum, soðnum og kældum krabbadýrum og skelfiski við bráðnunarmark íss.
2. Hitastig í frystum fiski og fiskafurðum, að undanskildum pækilfrystum fiski sem ætlaður er til niðursuðu, skal vera -18°C eða lægra. Hitastig má þó hækka í skamman tíma við flutning, enda sé sú hækkun aldrei meiri en 3°C.
3. Verkuðum fiskafurðum skal haldið við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari. Sé það ekki tilgreint skal halda afurðunum við það hitastig sem framleiðandi tilgreinir.

30. gr.

Sé frystur fiskur fluttur frá frystigeymslu til vinnslustöðvar þar sem þíða á hann strax við móttöku og vinna og þar sem um stutta vegalengd er að ræða, innan við 50 km eða einnar klukkustundar akstur, getur Fiskistofa veitt undanþágu frá ákvæðum 2. liðar í 29. gr.

31. gr.

Fisk eða fiskafurðir má hvorki geyma né flytja með neinum þeim vörum, sem gætu haft áhrif á öryggi og hollustu þeirra, nema þær séu í umbúðum sem veita þeim fullnægjandi vernd.

32. gr.

Flutningatæki, sem notuð eru til flutnings á fiski eða fiskafurðum, skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda þeim við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur. Sé ís notaður til að kæla fiskinn eða afurðirnar skal sjá til þess að vatnið, sem bráðnar úr ísnum, geti greiðlega runnið af þeim svo að fiskurinn eða afurðirnar skemmist ekki. Frágangur innra byrðis flutningatækisins skal vera þannig að það spilli ekki gæðum farmsins. Klæðningin skal vera slétt og auðvelt að þrífa hana og gerileyða.

33. gr.

Óheimilt er að flytja fisk eða fiskafurðir í flutningatækjum sem notuð hafa verið til flutnings annarra afurða nema þau hafi áður verið vandlega þrifin og gerileydd eða að hægt sé að tryggja að fiskurinn mengist ekki.

V. KAFLI
Pökkun, umbúðir og merkingar.

A. Pökkun.

34. gr.

Pökkun skal fara fram við fullnægjandi hreinlæti til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna.

B. Umbúðir.

35. gr.

Umbúðir og annað sem líklegt er að komi í snertingu við sjávarafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti. Einkum skal gæta að eftirfarandi atriðum:

a) Að ekki séu í þeim efni sem haft geta áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni afurðanna.
b) Að ekki séu í þeim efni sem borist geta í afurðirnar og skaðleg eru heilsu neytenda.
c) Að umbúðirnar séu nægilega sterkar til að veita afurðunum fullnægjandi vernd.

36. gr.

Umbúðir má ekki endurnota, að undanskildum ílátum úr ógagndræpum, sléttum og ótæranlegum efnum, sem auðvelt er að þrífa og gerileyða, og leyfilegt er að nota eftir slík þrif. Umbúðir fyrir ferskar, ísaðar fiskafurðir skulu þannig gerðar að þær liggi ekki í vatninu sem bráðnar úr ísnum.

37. gr.

Ónotaðar umbúðir skal geyma í umbúðageymslum, sem eru skildar frá vinnslusvæðum þar sem unnt er að verja þær fyrir ryki og annarri mengun.

C. Merkingar.

38. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum eða í fylgiskjölum:

Á umbúðum eða í fylgiskjölum skal koma fram að afurðirnar séu sendar frá Íslandi, leyfisnúmer vinnslustöðvarinnar og lotumerki framleiðslunnar svo að unnt sé að rekja uppruna hennar til framleiðanda eða þess sem pakkaði henni.

Þegar fiskafurðir, sem unnar eru úr þíddu hráefni eru sendar beint á markað, skal setja upplýsingar þar að lútandi á umbúðirnar ef þess er krafist í markaðslandi.

Afurðir með takmarkað geymsluþol, s.s. reyktar, þurrkaðar eða kryddlegnar, skal merkja greinilega með upplýsingum um geymsluþol og geymsluskilyrði.

Merkingar skulu að öðru leyti vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru í viðkomandi markaðslandi.

VI. KAFLI
Eftirlit með hollustuháttum og aðstæðum við framleiðslu.

A. Eftirlitsaðili.

39. gr.

Fiskistofa annast framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar.

Slíkt eftirlit og umsjón felur einkum í sér eftirfarandi þætti:

1. Eftirlit með fiski- og vinnsluskipum.
2. Eftirlit með aðstæðum við löndun, með flutningi og uppboðum.
3. Eftirlit með aðstæðum við geymslu og flutning afurða.
4. Reglulegt eftirlit með vinnslustöðvum, einkum til að sannreyna eftirfarandi:

a) Hvort skilyrði fyrir vinnsluleyfi séu uppfyllt og að innra eftirlit fyrirtækisins sé virkt.

b) Hvort mat á hráefni og meðferð og vinnsla fisks og fiskafurða sé í samræmi við fyrirmæli.

c) Að þrif á vinnslusvæðum, búnaði og tækjum, svo og persónulegt hreinlæti starfsfólks sé viðunandi.

d) Hvort merkingar séu réttar og fullnægjandi.

5. Eftirlit með fiskmörkuðum.
6. Eftirlit með innfluttum sjávarafurðum sem ætlaðar eru til vinnslu eða umpökkunar.

Fiskistofa getur gefið út viðmiðunarreglur um tíðni skoðana, fjölda eftirlitsferða og sýnatökur.

40. gr.

Fiskistofa veitir vinnsluleyfi þegar hún hefur gengið úr skugga um að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerðar þessarar. Heimilt er að veita nýju fyrirtæki tímabundið vinnsluleyfi meðan það sannreynir innra eftirlitskerfi sitt.

Vinnsluleyfi er tölusett og gefið út á kennitölu og nafn vinnslustöðvar og til þeirrar starfsemi sem tilgreind er í því. Vinnsluleyfi verður að endurnýja ef starfsemin er flutt í annað húsnæði eða ef veruleg breyting verður á húsnæði eða aðstöðu. Vinnsluleyfi fyrir skip fylgir skipaskrárnúmeri þess.

Fiskistofa heldur skrá yfir vinnsluleyfishafa og sér um að endurnýja hana og senda hana til sjávarútvegsráðuneytisins og erlendra eftirlitsstofnana sem þess óska.

B. Skynmat.

41. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að skoða og taka sýni án endurgjalds af öllum fiski sem landað er til sölu eða vinnslu til þess að ganga úr skugga um hvort hann sé hæfur til manneldis. Við þessar skoðanir skal nota skynmat í samræmi við ákvæði í viðauka 7. Finnist eftirlitsmanni niðurstöður skynmatsins ekki ótvíræðar getur hann látið gera á því efnamælingar og/eða örverurannsóknir og stuðst við niðurstöður þeirra. Að öðru leyti eru niðurstöður skynmatsins endanlegar. Ennfremur er heimilt að taka sýni af öllum afurðum í sama tilgangi.

Komi í ljós að sjávarafurðir séu ekki hæfar til manneldis, skal einkenna þær eða breyta þeim, þannig að þær verði ekki nýttar til manneldis.

C. Efnamælingar.

42. gr.

Taka skal sýni til efnagreininga á eftirgreindum niðurbrotsefnum: Heildarmagns rokgjarns köfnunarefnis (TVB-N) eða trímetýlamín-köfnunarefnis (TMA-N) og histamíns eins og tilgreint er í viðauka 8.3 og 8.1.

D. Aðskotaefni í umhverfi vatns og sjávar

43. gr.

Sjávarafurðir mega ekki innihalda aðskotaefni úr umhverfi vatns eða sjávar, svo sem þungmálma eða lífræn klórsambönd, að því marki að áætluð dags- eða vikuneysla manns af þessum efnum sé meiri en samrýmist viðurkenndum hollustusjónarmiðum.

Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs í fersku holdi má ekki vera hærra en um getur í viðauka 8.2.

E. Örverueftirlit.

44. gr.

Forsvarsmaður vinnsluleyfishafa eða ábyrgðarmaður innra eftirlits skal sjá til þess að fram fari örverueftirlit á afurðum með reglulegu millibili til að ganga úr skugga um að hreinlæti við vinnslu sé fullnægjandi.

Örverufræðilegar viðmiðanir varðandi soðin krabba- og skeldýr er að finna í viðauka 8.5.

F. Svipting vinnsluleyfis.

45. gr.

Fullnægi vinnsluleyfishafi ekki kröfum reglugerðar þessarar getur Fiskistofa svipt hann vinnsluleyfi skv. IV. kafla l. nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

46. gr.

Fiskistofa skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana ef skilyrði fyrir leyfisveitingu eru ekki lengur fyrir hendi. Sérstaklega skal hafa hliðsjón af niðurstöðum vettvangskannana sem fram hafa farið samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 15. gr. l. nr. 93/1992, sbr. l. nr. 85/1995 og 3. tl. 2. mgr. 39. gr. þessarar reglugerðar.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

47. gr.

Smurefni á fiskvinnsluvélar og færibönd skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til slíkra efna til notkunar við matvælaframleiðslu sé líklegt að fiskur komist í snertingu við þau.

48. gr.

Aukefni, notkun þeirra og magn skal vera í samræmi við rg. nr. 579/1993 og aukefnalista þeirrar reglugerðar eða reglur þar að lútandi í markaðslandi. Aukefna sem notuð eru við framleiðslu skal getið á neytendaumbúðum eða í fylgiskjölum.

Notkun rotvarnarefna við geymslu fisks, sem ætlaður er til bræðslu, er háð leyfi Fiskistofu.

49. gr.

Fiskistofu er heimilt að banna nýtingu sjávarafla af hafsvæðum sem talið er að orðið hafi fyrir mengun eða geti mengast.

50. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum á reglum samkvæmt reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

51. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

52. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 181/1993. Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af reglugerðum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 103/76 og 3703/1985 og tilskipunum þess nr. 89/108, 91/493 og 92/48 og ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB nr. 93/51, 93/140, 93/351 og 95/149.

Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Viðauki 1:

Fiskiskip.

I. KAFLI
Ísfiskskip.

A. Búnaður.

1. Öllum flötum, sem afli kann að snerta á þilfari eða í lest, skal haldið vel við og hreinum. Þeir skulu gerðir úr seltuvörðu áli, ryðfríum málmum eða öðrum slitþolnum, ógagndræpum efnum sem auðvelt er að halda hreinum og valda ekki mengun. Þeir skulu þannig gerðir að fiskurinn kremjist hvorki né skaddist.
2. Gólf í lestum skulu vera heil, ósprungin og með nægum niðurfallsbúnaði svo að vatn geti óhindrað runnið niður í kjalsog þaðan sem því skal dælt fyrir borð til að koma í veg fyrir að aflinn skemmist.
3. Áhöld sem notuð eru til tilfærslu á afla, við blóðgun, slægingu, hausun o.s.frv., svo og löndunartæki, skulu vera hrein og gerð úr seltuvörðu áli, ryðfríu stáli eða öðrum ógagndræpum efnum sem auðvelt er að þrífa og gerileyða og sé þannig frá þeim gengið að þau skemmi ekki aflann eða spilli honum á annan hátt.
4. Í lestum þar sem afli sem ætlaður er til manneldis er geymdur skal klæðning vera þétt og hitaeinangruð. Hún skal vera úr slitþolnum, ógagndræpum efnum sem auðvelt er að halda hreinum. Þil milli lestar annars vegar og vélarrúms, íbúða skipshafnar eða annars rýmis sem ekki er notað fyrir fisk hins vegar, skulu vera þétt og hitaeinangruð með viðurkenndu einangrunarefni.
5. Kassar og kör sem notuð eru til geymslu afla skulu vera hrein og heil og þannig hönnuð að þau verji hann vel fyrir óhreinindum og að ísvatn geti óhindrað runnið úr þeim niður í kjalsog. Ekkert má geyma í hólfum opinna báta eða á þilfari, milliþilfari eða í lest fiskiskipa sem mengað getur eða skemmt aflann eða torveldað þrif.
   Allar olíu- og aðrar vökvalagnir í lest skulu vera einangraðar og þéttar svo að tryggt sé að leki úr þeim mengi ekki aflann.
6. Tæki og áhöld til fullnægjandi þrifa skulu vera fyrir hendi um borð, svo sem burstar, kústar og sjódælur, nægilega öflugar til að nota megi þær til þrifa á þilfari. Skip með lokuð milliþilför skulu búin háþrýstidælum.

B. Meðferð.

7. Vanda skal alla meðferð og geymslu afla. Hann má ekki geyma í yfirfullum ílátum og ekki í þykkari lögum en 60 sm. Stíur í lestum skulu búnar hillum til að koma í veg fyrir að afli skemmist vegna of mikils fargs. Tryggja skal að vatn, sem myndast við bráðnun íss, geti auðveldlega runnið undan honum.
8. Allan fisk, annan en þann sem selja á lifandi, skal blóðga, slægja, þvo og kæla strax eftir að hann hefur verið innbyrtur. Gildir þetta einnig um fisk sem dreginn er dauður úr sjó.

9. Bátum sem landa afla sínum daglega er þó heimilt að landa óslægðum fiski, enda sé hann blóðgaður og kældur á viðurkenndan hátt og slægður strax eftir að honum hefur verið landað.
10. Undanþegin ákvæðum um blóðgun og slægingu eru karfi, síld, loðna og annar afli sem samkvæmt venju eða eðli sínu verður ekki blóðgaður.
11. Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum. Fiski, sem blóðgaður er lifandi, skal einnig haldið aðgreindum frá dauðblóðguðum fiski.
12. Afla hvers veiðidags skal merkja með viðkomandi mánaðardegi.
13. Opnir bátar skulu geyma afla sinn í ílátum með loki eða ljósum yfirbreiðslum. Fiskiskip, sem eru úti lengur en einn sólarhring, skulu vera með lest, ílát eða tanka til geymslu á kældum afla. Heilfrystan afla, þ.m.t. slægður, hausaður og uggaskorinn, skal geyma við -18°C eða lægra hitastig.
14. Einungis er heimilt að nota ís sem framleiddur hefur verið úr hreinum sjó eða neysluvatni og geymdur í hreinum ílátum eða stíum. Sé aflinn kældur í blöndu af ís og sjó skal hún vera minnst 25% af rúmmáli ílátsins. Kælingu skal halda við með því að yfirísa aflann eða bæta ís í sjóblönduna eftir þörfum.
15. Fyllsta hreinlætis skal gætt við slægingu, hausun og kviðskurð. Fiskinn skal tafarlaust þvo vel upp úr hreinum sjó og kæla niður að bræðslumarki íss.
16. Hrogn, lifur og svil, sem ætluð eru til manneldis, ber um leið og aðgerð fer fram að skilja snyrtilega frá öðrum innyflum, skola og láta aðgreind í þar til ætluð hrein ílát og kæla. Halda skal aðgerðarborðum, áhöldum og vinnusvæðum hreinum.
17. Krabbadýr og lindýr skal þvo í hreinum sjó strax eftir að þau hafa verið innbyrt. Þau skal að þvotti loknum láta í hrein ílát og kæla.
18. Við suðu krabba- og lindýra um borð skal nota ílát og áhöld úr efnum sem auðvelt er að þrífa og halda hreinum. Eftir suðu skal ávallt snöggkæla aflann. Til þess skal nota hreinan sjó. Ef engin önnur aðferð er notuð til að auka geymsluþolið skal halda kælingu áfram þar til náð er hitastigi bráðnandi íss.
19. Fyllsta hreinlætis skal gætt við skelflettingu og úrskeljun til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Séu vélar notaðar skal þrífa þær með stuttu millibili og gerileyða eftir hvern róður eða eftir hverja vakt.
20. Soðnar afurðir, sem hreinsaðar hafa verið úr skel, skal frysta strax eða halda þeim kældum við hitastig sem hindrar gerlagróður og setja þær síðan í viðeigandi geymslu. Skipstjóri skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðunum með reglulegu millibili til að ganga úr skugga um að hreinlæti við vinnsluna sé fullnægjandi. (Sjá viðauka 8.5.).
21. Fisk sem senda á lifandi á markað skal geyma og flytja við bestu lífsskilyrði í þar til hæfum ílátum og hreinum sjó.
22. Sé afli geymdur í kældum sjó eða krapi skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) Tankar skulu útbúnir með inntaki og losunarbúnaði fyrir sjó sem og búnaði til að tryggja sem jafnast hitastig í kuldablöndunni.
b) Sjálfritandi hitamælar skulu tengdir við tankana og skynjurum þeirra skal komið fyrir þar sem hitastig getur orðið hæst.
c) Tryggt skal að hitastig kuldablöndunnar verði í hæsta lagi 3°C innan sex klst. frá því að fiskur er settur í tankana og ekki hærri en 0°C innan sextán klst.
d) Eftir hverja losun skal tæma tankana og lagnirnar og hreinsa vel með hreinum sjó eða neysluvatni. Tankana skal aðeins fylla með hreinum sjó.

e) Afla hvers veiðidags skal merkja með viðkomandi mánaðardegi (1 - 31). Dagsetningar og númer á tönkum skulu koma fram í skráningum sjálfritandi hitamæla og vera tiltækar þegar eftirlitsmenn Fiskistofu krefjast þeirra.
Tankar skulu vera úr efnum sem ekki tærast og auðvelt er að halda hreinum.
Ákvæði þessa töluliðar eiga ekki við sé afli geymdur í krapi og honum landað í sömu ílátum.

23. Ísfiskskip sem heilfrysta um borð skulu einnig uppfylla ákvæði 13., 16. og 17. tl. í II. kafla þessa viðauka um fullvinnsluskip.
24. Almenn lýsing á þilfari og í lest skal vera 240 lúx en þar sem fiskur er meðhöndlaður skal hún vera a.m.k. 300 lúx.
25. Um borð í ísfiskskipum skal, þar sem því verður við komið, vera búnaður til að dæla hreinum sjó eða neysluvatni með nægilegum þrýstingi til þvottar á fiski, þrifa, ísframleiðslu og þar sem við á, til að halda fiski lifandi. Sjóinntaki skal þannig fyrir komið að ekki sé hætta á mengun af frárennsli frá skipinu. Úttök á lögnum séu nægilega mörg til þess að fullnægjandi þrifum verði við komið.

C. Hreinlæti.

26. Að löndun lokinni skal þrífa vandlega með viðurkenndum hreinsi- og gerileyðandi efnum og skola með neysluvatni öll ílát og áhöld sem notuð hafa verið við meðferð aflans, svo og þá hluta skipsins þar sem unnið hefur verið við aflann eða hann geymdur, svo sem þilfar, lest og uppistöður. Aðeins er heimilt að nota neysluvatn innan hafnar.
27. Opna báta skal þrífa með viðurkenndum hreinsiefnum og burstum, kústum eða háþrýstidælu og skola með neysluvatni strax eftir löndun.
28. Áhafnir fiskiskipa skulu gæta fyllsta persónulegs hreinlætis við störf sín og að því er varðar vinnuklæðnað. Þar sem því verður við komið skal um borð vera aðstaða til að þrífa og geyma vinnufatnað. Neysla tóbaks, matar, drykkjar eða tyggigúms, svo og hrækingar, eru bannaðar á vinnslusvæðum og í geymslum. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á áberandi stöðum.

II. KAFLI
Fullvinnsluskip.

A. Búnaður og vinnsluaðstaða.

1. Á milliþilfari skal vera móttaka sem auðvelt er að halda hreinni og er nægilega rúmgóð til halda megi aflanum aðgreindum eftir tegundum í stíum, kössum eða körum þar til vinnsla hans fer fram.
2. Fyrir hendi skal vera aðstaða til að kæla afla sem bíður vinnslu, þannig að hitastig hans sé sem næst 0°C og fari ekki yfir 4°C. Sé ís notaður til kælingar skal hann vera framleiddur úr neysluvatni eða hreinum sjó. Ísgeymsla skal klædd með seltuvörðu áli eða öðru sambærilegu efni sem auðvelt er að þrífa og halda hreinu.
3. Færibönd eða rennur í móttöku og vinnslurými og í flutningskerfi milli þeirra skulu þannig gerð að afli kremjist ekki eða skaddist á annan hátt. Þeim skal þannig komið fyrir að sjór geti runnið óhindraður undir þau og að auðvelt sé að þrífa tæki þessi.
4. Gangvegir og vinnslusvæði skulu vera nægilega rúmgóð til að vinnsla geti farið fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Aðskilja skal, eins og frekast er unnt, einstaka þætti vinnslunnar eða vinnslusvæði eftir þeim hreinlætiskröfum sem gerðar eru til hvers þáttar

eða svæðis. Hönnun skal við það miðuð að vinnslurásir skarist sem minnst og hægt sé að fyrirbyggja að afurðirnar mengist.

5. Allur búnaður í vinnslurými, s.s. tæki og áhöld, ílát, flökunarborð, önnur vinnuborð, færibönd, sniglar, rennur og fiskvinnsluvélar, skal gerður úr haldgóðum, ógagndræpum efnum sem þola sjó og auðvelt er að þrífa. Honum skal vel við haldið.
6. Gólf séu úr ógagndræpu, slitþolnu og stömu efni sem auðvelt að halda hreinu. Niðurföll með ristum séu nægilega mörg og víð til að sjór geti runnið hindrunarlaust af gólfum og úr fleytirennum.
7. Veggir og loft skulu vera þannig frá gengin að þrif séu auðveld. Festingum lagna við loft eða veggi skal þannig hagað að þær torveldi ekki þrif.
8. Allar vökvalagnir séu þéttar og tryggt að leki úr þeim geti ekki mengað aflann.
9. Loftræsting skal vera fullnægjandi til að koma í veg fyrir ofhitun, loftmengun andrúmslofts og rakaþéttingu. Loftræstitækin skulu þannig hönnuð að sem minnst óhreinindi geti safnast í þau og að þrif þeirra séu auðveld.
10. Lýsing skal vera a.m.k. 300 lúx á svæðum þar sem fiskur er meðhöndlaður og 240 lúx á öðrum svæðum. Lýsing í snyrtiborðum til gegnumlýsingar skal vera minnst 1500 lúx á 25 sm breiðu bili á borðfletinum, mælt í 30 sm fjarlægð. Raflagnir skulu þannig lagðar að þær valdi ekki óþrifum.
11. Um borð skal vera nægilegur fjöldi vaska ásamt þvotta- og gerileyðandi efnum til að þvo og hreinsa smátæki og áhöld. Þar skulu einnig vera tæki til að þrífa og gerileyða stærri tæki, vélar og vinnslusvæði á fullnægjandi hátt. Háþrýstidælur má þó ekki nota til að þrífa vinnslusvæði meðan vinnsla fer fram.
12. Fyrir hendi skulu vera handlaugar með sjálfvirkum krönum, skammtarar fyrir handþvotta- og gerileyðandi efni og einnota handþurrkur.
13. Um borð skal vera útbúnaður til að fjarlægja úrgang úr vinnslurými um leið og hann fellur til. Til geymslu á úrgangi skal vera sérstakt vatnsþétt geymslurými sem ekki má nota til annars.
14. Sé fiskmjöl unnið um borð skal það geymt í lest sem sérstaklega er ætluð til geymslu slíkra aukaafurða.
15. Þurr og fullnægjandi umbúðageymsla skal aðskilin frá móttöku og vinnslurými. Þar má ekkert geyma sem valdið getur mengun umbúðanna.
16. Frystitæki skulu geta fryst 6 sm þykka pakkningu á 3 klukkustundum þannig að hitastig í miðju hennar sé -18° C eða lægra. Þau skulu vera í einangruðum skápum. Í blástursfrystitækjum skal loftstreymi á hverri klukkustund vera a.m.k. fimmtugfalt rúmmál blástursganganna.
17. Frystilest skal vera nægilega rúmgóð og þannig gerð að auðvelt sé að halda henni hreinni. Hitastig í henni skal vera - 18°C eða lægra. Sjálfritandi hitamælum skal komið fyrir þar sem auðvelt er að lesa á þá en skynjurum þeirra þar sem hitastig er hæst. Í frystilest skal vera búnaður sem kemur í veg fyrir að afurðirnar liggi á gólfi við veggi eða frystirör.

B. Meðferð afla.

18. Afla sem bíður aðgerðar og vinnslu skal geyma aðgreindan eftir fisktegundum og kæla ef með þarf þar til hann er unninn.
19. Fyllsta hreinlætis skal gætt við slægingu, hausun og kviðskurð sé hann framkvæmdur. Fiskinn skal tafarlaust þvo vel upp úr hreinum sjó og kæla ef með þarf.

20. Hrogn, lifur og svil, sem ætluð eru til manneldis, ber um leið og aðgerð fer fram að skilja snyrtilega frá öðrum innyflum, þvo vandlega, láta aðgreind í þar til ætluð hrein ílát og halda kældum ef með þarf. Halda skal aðgerðarborðum og áhöldum hreinum.
21. Vinnsla, þ.e. flökun, snyrting og pökkun, skal fara fram við fyllsta hreinlæti og þess gætt að flökin nái ekki að hitna meðan á henni stendur.
22. Séu krabbadýr eða lindýr soðin um borð skal nota ílát og áhöld úr efnum sem auðvelt er að þrífa og halda hreinum. Fyllsta hreinlætis skal gætt við skelflettingu og úrskeljun til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Séu vélar notaðar skal þrífa þær með stuttu millibili og gerileyða a.m.k. eftir hverja vakt.
23. Soðnar afurðir, sem hreinsaðar hafa verið úr skel, skal frysta strax eða halda þeim kældum við hitastig sem hindrar gerlagróður og setja þær í viðeigandi geymslu.
24. Skipstjóri skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðum með reglulegu millibili til að ganga úr skugga um að hreinlæti við vinnsluna sé fullnægjandi.

C. Hreinlæti.

25. Áhafnir skulu gæta fyllsta persónulegs hreinlætis. Um borð skal vera aðstaða til þrifa og til geymslu á vinnufatnaði og til fataskipta. Þar skal og vera nægilegur fjöldi salerna og handlauga. Á handlaugum mega ekki vera handstýrðir kranar. Við þær skulu vera skammtarar fyrir sápu og gerileyðandi upplausn, einnota handþurrkur og ílát undir notaðar þurrkur. Frá salernum má ekki vera beinn aðgangur að vinnslurými. Neysla tóbaks, matar, drykkjar eða tyggigúms svo og hrækingar eru bannaðar í vinnslurými og í geymslum. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á áberandi stöðum.
26. Þeir sem starfa við fiskvinnsluna skulu klæðast hentugum og hreinum hlífðarfatnaði ásamt höfuðfatnaði sem hylur hár algerlega og gæta fyllsta persónulegs hreinlætis. Þeir skulu þvo sér rækilega um hendur og gerileyða í hvert skipti áður en vinnsla hefst og eftir stundarfjarvistir, svo sem kaffi- og matarhlé, og sérstaklega eftir ferðir á salerni. Við handþvott skal nota sápulög eða sápuduft, heitt rennandi vatn og gerileyðandi upplausn. Eftir handþvott skal nota einnota handþurrkur. Á salernum skulu vera áberandi spjöld til að minna starfsmenn á að þvo sér um hendur og gerileyða þær áður en farið er inn í vinnslurýmið.
    Eftirlitsmenn og aðrir utanaðkomandi aðilar skulu þvo sér á sama hátt áður en þeir fara inn í vinnslurými.
27. Vinnufatnað, sem notaður er utan vinnslurýmis, má ekki nota við flökun, snyrtingu, vigtun eða pökkun eða á öðrum svæðum þar sem sérstaks hreinlætis er krafist. Þeir sem vinna við flökun, roðdrátt, snyrtingu, vigtun eða pökkun mega ekki bera armbandsúr eða hringa, aðra en slétta einbauga, við störf sín.
28. Vatnsheld hlífðarföt eiga að vera heil og ber að skola þau með reglulegu millibili með hreinum sjó meðan á vinnslu stendur. Háls- og mittisbönd skulu vera úr efnum sem ekki trosna. Hlífðarfatnaður sé geymdur aðskilinn frá öðrum vinnufatnaði. Hlífðarfatnað og stígvél skal þvo rækilega í lok hverrar vaktar.
29. Starfsmönnum er heimilt að nota hanska við vinnu sína, enda séu þeir heilir og þrifnir eins og berar hendur. Þeir, sem vinna við snyrtingu eða pökkun, skulu nota hanska ef þeir er með fleiður eða sáraumbúðir á höndum eða þurfa að nota sárasmyrsl eða handáburð.
30. Umbúðir sem notaðar eru í vinnslurými skal taka upp í umbúðageymslu og setja á grindur eða í bakka á hentugum stöðum nálægt þeim sem þurfa að nota þær. Í lok

hverrar vinnulotu skal safna ónotuðum umbúðum snyrtilega saman og setja þær í umbúðageymsluna.

31. Þrif skulu við það miðuð að þau komi í veg fyrir mengun afurða og tækja og áhalda sem þær koma í snertingu við. Þau skulu framkvæmd samkvæmt skriflegum, fyrirfram ákveðnum reglum þar sem fram komi hvað, hvernig, hvenær og með hvaða efnum og áhöldum skuli þrífa. Þær skal kynna rækilega fyrir áhöfn. Einnig skal festa upp leiðbeiningar um framkvæmd þeirra á viðkomandi stöðum.
32. Gólfum, veggjum, skilrúmum, vinnsluborðum, tækjum og áhöldum skal haldið vel við og hreinum. Vinnsluborð, áhöld og tæki, sem notuð eru við vinnsluna, skulu þvegin og gerileydd áður en vinnsla hefst og þeim haldið hreinum meðan á henni stendur með því að skola þau með hreinum sjó og bursta ef með þarf. Þau vinnuborð, sem aflinn kemst ekki í snertingu við, skulu þrifin eins oft og þurfa þykir.
33. Skipstjóri ber ábyrgð á að framfylgt sé gildandi reglum um búnað, aðstöðu og hreinlætis- og hollustuháttu við meðferð og vinnslu aflans. Hann ber einnig ábyrgð á að fyrir hendi sé virkt innra eftirlitskerfi sem Fiskistofa hefur metið og samþykkt og a.m.k. einn sérhæfður starfsmaður annist framkvæmd þessa kerfis í samræmi við settar kröfur.

Viðauki 2:

Löndun og flutningur fisks og fiskafurða.

I. KAFLI
Löndun og flutningar.

1. Útgerðaraðili skal tryggja að löndunarbúnaður og áhöld séu úr efnum sem auðvelt er að þrífa og sem ekki skemmi, rýri, eða spilli aflanum á annan hátt. Þess skal gætt að löndunartæki séu hrein og vel við haldið, löndunarmál séu hrein og ekki dýpri en 1 m og að kassar eða kör sem notuð eru til geymslu eða löndunar á fiski séu hrein.
2. Færibönd og rennur eiga að vera þannig gerð að:
   a) Brúnir þeirra séu ekki svo hvassar að aflinn skaddist.
   b) Fallhæð aflans sé ekki það mikil að hann merjist.
3. Fiskeigandi skal tryggja að aflinn óhreinkist ekki eða spillist. Sérstaklega skal tryggja að:
   a) Löndun og flutningur fari fram án óeðlilegra tafa.
   b) Aflinn sé vel varinn fyrir fugladriti, ryki og annarri mengun.
   c) Bretti, kassar eða kör, sem fiski er landað í, séu ekki látin standa á bryggju þar sem hætta er á að þau mengist af olíu, krapi eða öðrum óhreinindum.
4. Fiskeigandi skal tryggja að:
   a) Flutningar frá skipshlið og losun flutningatækja gangi hratt fyrir sig.
   b) Flutningur fari fram við fullnægjandi aðstæður og sé hagað í samræmi við ákvæði 5. liðar.
   c) Aflinn sé kældur ef með þarf og strax komið í geymslu við 0°C til 4°C.
5. Við flutning á ferskum fiski og fiskafurðum sem ætlaðar eru til manneldis skal eftirfarandi atriða gætt:
   a) Flutningatækjum sé vel við haldið og þau vel þrifin.
   b) Fiskur sé fluttur í hreinum og heilum kössum eða körum.

c) Yfirbyggð flutningatæki séu með þéttum hurðum gerðum úr slitþolnum efnum sem þola rækileg þrif.
d) Klæðning á hurðum, í lofti og á veggjum, svo og gólf, séu úr efnum sem auðvelt er að þrífa rækilega og halda hreinum.
e) Á styttri vegalengdum, þ.e. innan við 50 km eða klukkustundar akstur, skal flytja afla í yfirbyggðu flutningatæki. Þó er heimilt að flytja fisk eða fiskafurðir í óyfirbyggðu flutningatæki ef notuð eru einangruð kör með þéttum lokum eða hreinum hettum.
f) Sé flutningaleið lengri en 50 km eða klukkustundar akstur skal flytja afla með kældum flutningatækjum. Þó er heimilt að flytja afla í ókældu yfirbyggðu flutningatæki ef ísað er yfir hann.

6. Fiskeigandi skal tryggja að við löndun á frystum fiski sé gætt að eftirfarandi atriðum:
a) Löndun gangi hratt fyrir sig þannig að tilskilið hitastig haldist í fiskinum.
b) Afurðirnar séu varðar fyrir sólskini, regni eða óhreinindum með yfirbreiðslum sé þess þörf.
c) Löndunarbretti séu hrein og ekki látin á bryggjur þar sem þau geti mengast af olíu eða öðrum óhreinindum eða lent ofan í krapi sem festist við þau.
d) Fiskurinn sé fluttur í flutningatæki með frystirými sé hætta á að hitastig fari yfir -15°C.
e) Fiskinum sé svo fljótt sem auðið er komið í frystigeymslur með hitastigi sem er -18°C eða lægra.

7. Fiskeigandi skal tryggja að mengandi efni, svo sem olía, berist ekki í bræðslufisk við löndun og flutning í verksmiðju.

Viðauki 3:

Fiskmarkaðir.

1. Lóð fiskmarkaða á að vera snyrtileg og henni vel við haldið til að auðvelda þrif og fyrirbyggja að æti eða afdrep séu þar fyrir skordýr og önnur meindýr. Sé lóð grasi gróin skal því haldið snöggslegnu. Akbrautir og bílastæði skulu olíuborin, malbikuð eða steypt. Góður vatnshalli sé að niðurföllum til að koma í veg fyrir að uppistöður myndist. Aðstaða til móttöku og afgreiðslu afla skal vera nægilega rúmgóð til að anna þeirri umferð sem af starfseminni hlýst. Rusli og sorpi sem til fellur skal safnað í vatnsheldar sorptunnur með áföstu loki og það fjarlægt eftir þörfum.
2. Byggingar fiskmarkaða skulu vera snyrtilega frágengnar hið ytra. Veggir séu sléttir og vel málaðir eða varðir fyrir veðrun á annan hátt. Þök, gluggar og hurðir séu þéttar, snyrtilegar og þeim vel við haldið.
3. Gólf í móttöku, geymslum, uppboðsskálum, göngum, salernum og snyrti- og fataherbergjum séu með stömu, sléttu og ósprungnu yfirborði úr slitþolnu, ógagndræpu efni sem þoli rækileg þrif. Kverkar við gólf séu með húlkíl þar sem þess gerist þörf. Gólfhalli að niðurföllum í móttöku og uppboðs- og söluskálum sé nægilegur til þess að vatn geti runnið óhindrað að niðurföllum tengdum lokuðu holræsakerfi. Niðurföll skulu vera meindýraheld.
4. Veggir í móttöku, fiskgeymslum og uppboðsskálum skulu vera sléttir og með slitþolnu, ljósu yfirborði sem þoli rækileg þrif. Gluggar séu skyggðir. Nægur halli sé á

gluggakistum til að koma í veg fyrir að hægt sé að nota þær sem geymslustaði. Opnanleg fög og loftræstingarop séu með flugnaneti. Útidyr séu meindýraheldar.

5. Þök séu vatnsheld með þakrennum tengdum við niðurfall. Loft séu einangruð og klæðning ósprungin og rykþétt úr slitþolnum efnum sem auðvelt sé að þrífa, t.d. með háþrýstidælum.
6. Ljósabúnaður skal vera heill og ósprunginn og þannig frá honum gengið að þrif séu auðveld og að engin hætta sé á að frá honum berist aðskotahlutir eða óhreinindi í fiskinn. Lýsing á fiskmarkaði skal vera samkvæmt eftirfarandi:
   a) Aðstaða við fiskmat og flokkun a.m.k 300 lúx
   b) Móttaka, uppboðsskálar, gangar, geymslur a.m.k. 240 lúx
   c) Útilýsing a.m.k. 40 lúx
7. Á fiskmörkuðum er einungis heimilt að nota neysluvatn eða hreinan sjó. Vatnslagnir í móttöku, uppboðsskála og geymslum séu vel einangraðar og auðkenndar. Allar lagnir skulu þannig frá gengnar að þær hindri ekki þrif. Vatnsúttök séu nægilega mörg til þess að fullnægjandi þrifum verði við komið. Einstreymislokar séu á lögnum þar sem hætta er á bakflæði eða baksogi.
8. Loftræsting skal vera nægileg til að koma í veg fyrir rakaþéttun og ofhitun lofts. Hita-, kæli- og loftræstibúnaður skal þannig gerður að loftinntök séu með síum til að draga sem mest úr hættu á að ryk eða önnur óhreinindi berist inn í vinnslustöðina og jafnframt að nauðsynleg þrif séu auðveld.
9. Forsvarsmenn fiskmarkaða skulu tryggja að:
   a) Flutningar frá skipshlið og losun flutningatækja gangi hratt.
   b) Flutningur fari fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.
   c) Fiskinum sé þegar komið í geymslu við 0°C til 4°C.
   d) Frystur fiskur sé geymdur við -18°C.
   e) Ekki sé farið með ökutæki með mengandi útblástur inn í húsnæði fiskmarkaða.
10. Móttaka skal vera nægilega rúmgóð til þess að unnt sé að taka á móti lönduðum afla, vega hann, flokka og ísa ef með þarf. Þar skal vera aðstaða til að meta og flokka allan sjávarafla samkvæmt ákvæðum í viðauka 7 til að ganga úr skugga um að hann sé hæfur til manneldis áður en hann er boðinn upp. Þar skal einnig vera nægilega stór kæligeymsla fyrir afla þann sem selja á og að þar sé hægt að geyma hann við 0°C til 4°C.
11. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum, búnaði og aðstöðu til að fylgjast með framkvæmd innra eftirlits, einkum gæðamati fisks og flokkun afla.
12. Sé ósöluhæfur fiskur eða fiskúrgangur ekki fjarlægður jafnharðan og hann fellur til skal geyma hann í vatnsþéttum kössum eða ílátum úr efnum sem ekki tærast og auðvelt er að tæma og þrífa. Séu ílátin ekki fjarlægð að uppboði loknu skal geyma þau í kældri geymslu aðskilin frá öðrum afla þar sem enginn óþrifnaður getur stafað af.
13. Á fiskmörkuðum skulu vera fullnægjandi búnings- og snyrtiherbergi og aðstaða til að þvo og gerileyða hendur og hanska starfsfólks og viðskiptavina fiskmarkaðarins, skammtarar fyrir fljótandi sápulög, gerileyðandi efni, einnota handþurrkur og ruslakörfur. Kranar mega ekki vera handstýrðir.
14. Fiskmörkuðum skal halda hreinum og þrífa skal móttöku- og uppboðsskála reglulega, a.m.k. eftir hvert uppboð. Fyrir hendi skal vera aðskilin aðstaða til að þvo og skola fiskílát og gerileyða ef með þarf eftir hvert uppboð. Einnig skal vera fyrir hendi hrein og

loftræst aðstaða til að þurrka þau og geyma. Forsvarsmaður skal tryggja að fiskílát sem afhent eru viðskiptamönnum séu hrein og heil.

15. Neysla tóbaks, matar, drykkjar og tyggigúms, svo og hrækingar, eru bannaðar á uppboðs- og vinnusvæðum og í geymslum fiskmarkaða. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á áberandi stöðum.
16. Sömu ákvæði gilda varðandi klæðnað og persónulegt hreinlæti starfsfólks og er að finna í samsvarandi reglum um vinnslustöðvar eftir því sem við á. Viðskiptavinir skulu klæðast hreinum hlífðarfatnaði og höfuðfati og gæta fyllsta hreinlætis.
17. Varnir gegn skaðsemdardýrum, svo sem skordýrum, nagdýrum og fuglum, skulu við það miðaðar að koma í veg fyrir að þau geti þrifist á lóð eða komist inn á fiskmarkaðina.
18. Forsvarsmaður ber ábyrgð á að framfylgt sé gildandi reglum um húsnæði, búnað, aðstöðu og hreinlætis- og hollustuháttu í fiskvinnslustöðvum í landi eftir því sem við á. Hann skal einnig tryggja að fyrir hendi sé virkt innra eftirlitskerfi, viðurkennt af Fiskistofu, og að a.m.k. einn sérhæfður starfsmaður annist framkvæmd þess.

Viðauki 4:

Vinnslustöðvar í landi.

I. KAFLI
Almennar kröfur varðandi byggingar og búnað.

1. Vinnslustöðvar skulu ekki vera í grennd við mengandi iðnað eða aðra mengunarvalda. Séu þær áfastar öðrum byggingum er bein samtenging um dyr, glugga, lyftur, ganga o.s.frv. því aðeins heimil að engin hætta sé á að aflinn eða afurðinar geti mengast.
2. Akbrautir og bílastæði skulu lögð varanlegu efni, s.s. olíumöl, malbiki eða steinsteypu með góðum vatnshalla að meindýraheldum niðurföllum.
3. Lóð skal vera snyrtileg og vel við haldið til að auðvelda þrif hennar og fyrirbyggja að æti eða afdrep séu þar fyrir skordýr eða önnur meindýr. Vélum og öðrum tækjum, sem geymd eru utanhúss, sé þannig fyrir komið að þar myndist ekki afdrep fyrir þau. Sé lóðin grasi gróin skal því haldið snöggslegnu.
4. Byggingar vinnslustöðva skulu vera snyrtilega frágengnar hið ytra. Þeim skal haldið vel við. Veggir séu sléttir og vel málaðir eða varðir fyrir veðrun á annan hátt. Þök, gluggar og hurðir séu þétt og þakrennur tengdar niðurföllum.
5. Gólf í móttökum, kæligeymslum, vinnusölum og aðliggjandi göngum skulu vera slétt og ósprungin með stömu, ósprungnu yfirborði úr slitþolnu, ógagndræpu efni sem þoli rækileg þrif. Til að auðvelda þrif skulu kverkar við gólf vera með húlkíl á þeim svæðum þar sem unnið er við fisk eða hann geymdur. Stigaþrep séu lokuð á þeim svæðum þar sem hætta er á að óhreinindi eða önnur mengun frá þeim geti borist í fiskinn.
6. Gólfhalli skal vera nægur til þess að vatn geti runnið óhindrað að niðurföllum. Þau skulu vera nægilega mörg og víð til að koma í veg fyrir að uppistöður myndist og vera tengd lokuðu skolplagnakerfi, meindýraheld og með ristum svo að þau stíflist síður. Skolplagnir frá salernum og þvagskálum séu ekki tengd innanhúss við skolplagnir frá vinnusvæðum.
7. Veggir og skilrúm í móttöku, fiskgeymslum og á vinnslusvæðum skulu vera slétt og með slitþolnu, ljósu yfirborði sem ekki er mengandi og þolir rækileg þrif. Gluggar séu

skyggðir. Nægur halli sé á gluggakistunum til að koma í veg fyrir að þær séu notaðar sem geymslustaðir. Flugnanet með 1,5 mm möskvum eða minni skulu vera fyrir opnanlegum gluggafögum og loftopum. Hurðir og dyraumbúnaður sé gerður úr slitþolnum efnum sem auðvelt er að þrífa. Útidyr séu nagdýraheldar.

8. Loft séu einangruð, klæðning ósprungin, rykþétt og úr slitþolnum efnum sem auðvelt er að þrífa.
9. Loftræsting skal vera nægileg til að koma í veg fyrir rakaþéttun og ofhitun lofts. Hita-, kæli- og loftræstibúnaður skal þannig gerður að loftinntök séu með síum til að draga sem mest úr hættu á að ryk og önnur óhreinindi berist inn í vinnslustöðina og jafnframt að nauðsynleg þrif séu auðveldari.
10. Ljósabúnaður skal vera með öryggishlífum, heill og ósprunginn og þannig frá honum gengið að þrif séu auðveld og engin hætta á að frá honum falli brot eða óhreinindi í hráefnið eða afurðirnar. Lýsing skal vera samkvæmt eftirfarandi:
    a) Afurðaskoðun, gæðamat, flatning, flökun, snyrting, pökkun a.m.k. 300 lúx.
    b) Annað rými s.s. gangar og geymslur a.m.k. 240 lúx.
    c) Útilýsing a.m.k. 40 lúx.
    d) Lýsing í snyrtiborði til gegnumlýsingar mæld á 25 sm breiðu bili í 30 sm fjarlægð, skal vera minnst 1500 lúx.
11. Ef raflagnir eru í rennum, skulu þær vera lokaðar. Lagnir og rennur skulu vera í þeirri fjarlægð frá lofti og veggjum að þrif séu auðveld.
12. Móttaka skal vera nægilega rúmgóð til þess að unnt sé að taka á móti lönduðum afla, vega hann, meta, flokka og ísa ef með þarf og gæta fyllsta hreinlætis. Þar til hæfur búnaður, tankar eða kör, skulu vera fyrir hendi í vinnslustöðvum sem senda lifandi afla á markað. Búnaður þessi skal eftir því sem við á vera tengdur við lagnir með neysluvatni eða hreinum sjó sem er laus við skaðlegan þörungagróður og eiturefni.
13. Óheimilt er að nota innanhúss í vinnslustöðvum vélknúin flutningatæki með vélaútblæstri sem geti mengað hráefnið eða afurðirnar.
14. Kæligeymslur skulu vera vel lýstar og nægilega stórar fyrir þann afla sem landað er. Í þeim skal vera fullnægjandi kælibúnaður til að geyma afla við 0°C til 4°C. Frystigeymslur skulu vera nægilega rúmgóðar fyrir umfang vinnslustöðvarinnar. Einangrun og frystibúnað skal miða við að hitastig í afurðum fari ekki yfir -18°C. Dyrabúnaður sé fyrir hendi til að varna streymi hlýs lofts inn í geymslurnar, t.d. strimlatjöld, sjálflokandi vængjahurðir eða lofttjald. Afurðunum má ekki stafla á gólf, fast að veggjum eða frystirörum.
15. Síritandi hitamælum fyrir frystigeymslur skal komið fyrir þar sem auðvelt sé að lesa af þeim en hitaskynjurum í geymslunum þar sem hitastig er hæst.
16. Fiskinn skal þíða við þær aðstæður að fyllsta hreinlætis sé gætt. Þar sem þess er þörf skal vatn, sem rennur af fiskinum, geta komist greiðlega í niðurföll. Við þíðun skal hitastig vatns ekki fara yfir 18°C. Vinnsla fisksins skal fara fram strax eftir að hann hefur þiðnað.
17. Afhreistrunarvélar og tæki til þvottar skulu þannig gerð að þau skaði ekki fiskinn, geti fjarlægt sem mest af þeim óhreinindum sem á honum finnast og vera þannig fyrir komið að auðvelt sé að þrífa þau og svæðið í kringum þau.
18. Í vinnslustöðvum skulu vera nauðsynleg tæki, áhöld og efni til þess að hægt sé að þrífa og gerileyða áhöld, tæki, vélar og húsnæði á fullnægjandi hátt. Þar skal og vera aðstaða

til að þvo, gerileyða ef með þarf og skola fiskkassa, kör og önnur ílát eftir losun, svo og hrein aðstaða til að hvolfa þeim, þurrka og geyma.

19. Gangvegir um vinnslusvæðin og bil milli vinnuborða skulu vera nægilega rúmgóð til þess að starfsemin geti farið fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður og að ekki sé hætta á að afurðirnar mengist. Fjarlægð fastra tækja og búnaðar frá vegg skal vera nægileg til að þrif verði auðveld og ekki minni en 60 cm.
20. Einstaka vinnsluþætti skal aðskilja eftir þeim hreinlætiskröfum sem gerðar eru til hvers fyrir sig til þess að koma í veg fyrir mengun afurðanna.
21. Umbúðageymslur skulu vera þurrar, hreinar og snyrtilegar. Ekkert má geyma þar sem valdið getur mengun umbúðanna.
22. Geyma skal búnað, tæki, áhöld o.s.frv., sem ekki eru í notkun, á þar til ætluðum stöðum eða í geymslum en þau ekki höfð laus á vinnusvæðinu sjálfu.
23. Á svæðum þar sem unnið er við fisk skal vera búnaður til sjálfvirkrar blöndunar á heitu vatni og aðstaða til að þvo og gerileyða hendur, hanska starfsmanna og svuntur, skammtarar fyrir fljótandi sápulög, gerileyðandi efni og einnota handþurrkur. Kranar skulu ekki vera handstýrðir. Þar skulu einnig vera vaskar til að þvo og gerileyða ýmis smærri tæki og áhöld, svo sem bakka og hnífa, og aðstaða til að geyma þessa hluti og láta þá þorna, t.d. grindur eða sérstakir skápar.
24. Í vinnslustöðvum skulu vera búningsherbergi með skápum. Þar skulu einnig vera snyrtiherbergi með handlaugum með heitu og köldu vatni og sjálfvirkum blöndunarbúnaði, skammtarar fyrir fljótandi sápu eða sápuduft, gerileyðandi upplausn, einnota handþurrkur og ruslakörfur. Kranar skulu ekki vera handstýrðir. Góð loftræsting skal vera í búnings- og snyrtiherbergjum. Niðurfall sé a.m.k. eitt í hverju snyrtiherbergi. Hurðir fyrir snyrtiherbergjum skulu vera með sjálflokandi búnaði mega ekki opnast inn á vinnusvæði heldur skal gangur eða forstofa vera þar í milli.
25. Snyrtileg kaffistofa og/eða matsalur skal vera til afnota fyrir starfsfólk, þannig frá gengin að þrif séu auðveld.
26. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að nauðsynlegum tækjum, búnaði og aðstöðu til að sinna eftirlitsstörfum sínum.

II. KAFLI
Hreinlæti og þrif.

1. Þrif skulu við það miðuð að komið sé í veg fyrir mengun afurða af völdum tækja og áhalda sem þær komast í snertingu við. Þrífa skal samkvæmt skriflegum, fyrirfram ákveðnum reglum þar sem tilgreint sé hvernig, hvenær og með hvaða efnum og áhöldum skuli þrífa. Reglur um þrif eru hluti af innra eftirlitskerfi vinnslustöðvarinnar og skal kynna þær rækilega fyrir starfsfólki. Einnig skal hengja upp leiðbeiningar um framkvæmd þeirra á viðkomandi stöðum.
2. Áhöld, svo sem burstar, sköfur, kústar, vatnsslöngur o.s.frv. ásamt viðurkenndum þvotta-, hreinsi- og gerileyðandi efnum, skulu ávallt vera tiltæk. Þessi efni, sem og önnur sem kunna að innihalda eitur, skal geyma greinilega merkt í sérstökum lokuðum geymslum eða skápum.
3. Borð, áhöld og tæki, sem notuð eru við vinnsluna, skulu þvegin, gerileydd og skoluð áður en vinnsla hefst og þeim haldið hreinum meðan á henni stendur með því að bursta

þau ef með þarf og skola með vatni. Önnur vinnuborð, sem hráefnið kemst ekki í snertingu við, skulu þrifin eftir því sem þurfa þykir.

4. Ílát undan afla og afskurði skal þrífa rækilega og skola með rennandi vatni í hvert skipti sem þau eru tæmd og gerileyða að notkun lokinni. Hrein ílát og áhöld skal að loknum vinnudegi geyma þar sem þau geti þornað og ekki er hætta á að þau óhreinkist eða mengist.
5. Gólfum og neðri hluta veggja skal haldið hreinum með því að kústa þau og skola meðan á vinnslu stendur. Við lok vinnslu skal auk þess þvo þau rækilega og gerileyða. Háþrýstidælur má ekki nota við þrif meðan á vinnslu stendur.
6. Umbúðir sem notaðar eru í vinnslusölum skal taka upp í umbúðageymslunni og setja á grindur eða á bakka á hentugum stöðum nálægt þeim sem þurfa að nota þær. Í lok vinnudags skal safna ónotuðum umbúðum snyrtilega saman og setja þær aftur í geymslu áður en þrif hefjast.
7. Starfsfólk og aðrir, sem koma inn á vinnslusvæðið, skulu klæðast hreinum, ljósum vinnufatnaði af viðurkenndri gerð. Vasar skulu vera innanklæða einvörðungu. Starfsfólk, sem klæðist peysum, skal hylja þær með öllu undir vinnuklæðnaði. Starfsfólk skal vera með höfuðbúnað sem hylur hárið algjörlega. Skeggnet skal nota þar sem þess er þörf, t.d. þar sem unnið er við handflökun, snyrtingu og pökkun. Höfuðbúnað má ekki taka ofan á vinnusvæðum.
8. Vatnsheld hlífðarföt skulu vera heil og ber að skola þau öðru hverju með rennandi vatni meðan á vinnslu stendur. Háls- og mittisbönd séu úr efnum sem trosna ekki. Óheimilt er að yfirgefa vinnusvæði í vinnufatnaði eða vinnustígvélum. Hlífðarfatnað og vinnustígvél skal þvo rækilega í lok vinnudags og geyma aðskilin frá öðrum vinnufatnaði.
9. Allt starfsfólk skal þvo sér rækilega um hendur og gerileyða í hvert skipti áður en vinnsla hefst og eftir stundarfjarvistir, svo sem kaffi- og matarhlé, og sérstaklega eftir ferðir á salerni. Við handþvott skal nota sápulög eða sápuduft og heitt rennandi vatn en einnota pappírsþurrkur til að þerra hendur.
10. Eftirlitsmenn og aðrir utanaðkomandi aðilar skulu þvo sér á sama hátt og starfsfólk áður en þeir fara inn á vinnslusvæði. Á snyrtiherbergjum og við handlaugar í vinnusölum séu uppi áberandi spjöld til að minna alla hlutaðeigendur á að þvo sér um hendur og gerileyða þær áður en þeir hefja eða snúa aftur til vinnu.
11. Starfsfólki er heimilt að nota hanska við vinnu sína, þ.m.t. einnota hanska, enda séu þeir heilir og þrifnir sem berar hendur í lok hvers vinnudags. Starfsfólk, sem vinnur við snyrtingu eða pökkun, skal nota hanska ef það er með fleiður eða sáraumbúðir, þarf að nota sárasmyrsl eða handáburð eða er með lakkaðar neglur.
12. Hrækingar og hvers konar neysla tóbaks, matar, drykkjar eða tyggigúms er bönnuð á vinnusvæðum og í geymslum. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á áberandi stöðum.
13. Vinnusvæði, tæki og áhöld má aðeins nota til vinnslu sjávarafurða. Fiskistofa getur þó leyft að þau séu notuð við aðra matvælaframleiðslu á öðrum tíma.
14. Forsvarsmaður skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk, sem gæti borið sýkla í hráefnið eða afurðirnar, starfi við framleiðslu þeirra eða meðferð. Heilbrigðisskoðun starfsfólks skal fara fram samkvæmt opinberum reglum þar um.
15. Forsvarsmaður ber ábyrgð á að framfylgt sé gildandi reglum um húsnæði, búnað, aðstöðu og hreinlætis- og hollustuháttu. Hann ber einnig ábyrgð á að fyrir hendi sé virkt innra eftirlitskerfi sem Fiskistofa hefur metið og samþykkt og a.m.k. einn sérhæfður starfsmaður annist framkvæmd þess í samræmi við settar kröfur.

Viðauki 5:

Sérkröfur varðandi meðferð og vinnslu í landi.

A. Ferskur fiskur.

1. Ferskan fisk skal meta við móttöku samkvæmt reglum um innra eftirlit vinnslustöðva ásamt matsreglum í viðauka 7.
2. Ferskan, ópakkaðan fisk, sem ekki er verkaður, unninn eða sendur á markað strax eftir að hann kemur í vinnslustöð, skal ísa og geyma í kæligeymslu hennar við bræðslumark íss.
3. Ílát, sem notuð eru til flutnings ferskra fiskafurða, skulu þannig gerð að þau veiti þeim fullnægjandi vörn gegn óhreinindum, hnjaski og mengun og að afurðirnar liggi ekki í vatni sem myndast við bráðnun íss. Annað hvort verður að sjá til þess að það geti runnið úr ílátunum eða að hafa í þeim sérstakan búnað á botni sem hindrað geti að afurðirnar liggi í vatni.

B. Frystur fiskur.

1. Hraðfrystan fisk eða fiskafurðir má aðeins framleiða í frystihúsum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a) Plötufrystitæki skulu geta fryst 6 cm þykka blokk á 3 klst., þannig að hitastig í miðju hennar sé a.m.k. -18°C eða lægra. Önnur frystitæki hafi sambærileg afköst.
   b) Að í frystigeymslum sé hægt að halda jöfnu hitastigi í afurðunum sem ekki sé hærra en -18°C.
2. Af tæknilegum ástæðum sem tengjast aðferðum við pækilfrystingu heils fisks, svo sem túnfisks sem ætlaður er til niðursuðu, og meðferðar á slíkum afurðum má hitastig í þeim vera hærra en að framan greinir, þó aldrei yfir -9°C.
3. Meðferð á ferskum fiski, sem ætlaður er til frystingar, skal vera hin sama og kveðið er á um í A-lið hér að framan.
4. Í frystigeymslum skulu vera síritandi hitamælar á stöðum þar sem auðvelt er að lesa á þá. Hitaskynjurum þeirra skal komið fyrir þar sem hitastig í geymslunum er hæst.
5. Fiskistofa skal hafa aðgang að þessum skráningum a.m.k. einu ári lengur en nemur áætluðu geymsluþoli afurðanna.
6. Aðeins er heimilt að nota eftirtalin lághitafrystiefni í beinni snertingu við afurðirnar: Andrúmsloft, köfnunarefni og koltvísýring.
7. Vinnsla fiskmarnings er háð eftirfarandi skilyrðum:
   a) Vinnsla marnings úr slægðum fiski skal fara fram án óþarfa tafa eftir flökun enda hafi öll innyfli verið fjarlægð úr hráefninu. Ef fiskurinn er óslægður skal fyrst slægja hann og þvo.
   b) Vélar verður að skola með stuttu millibili og eigi sjaldnar en á tveggja stunda fresti.
   c) Eftir vinnslu skal frysta marninginn svo fljótt sem mögulegt er.

C. Þiddur fiskur.

1. Auk hinna almennu krafna skulu vinnslustöðvar, þar sem frystur fiskur er þiddur, uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Fiskinn skal þíða við þær aðstæður að fyllsta hreinlætis sé gætt. Þar sem þess er þörf skal vatn, sem rennur af fiskinum, geta komist greiðlega í niðurföll. Við þíðun skal hitastig vatns ekki fara yfir 18°C.
b) Vinnsla fisksins skal fara fram strax eftir að hann hefur þiðnað.

2. Séu fiskafurðir unnar úr þíddu hráefni og sendar beint á markað skal setja upplýsingar þar að lútandi á umbúðirnar sé þess krafist í markaðslandi.

D. Verkaðar afurðir.

D 1. Niðursoðnar afurðir.

Um afurðir í loftþéttum umbúðum sem hafa verið gerilsneyddar í þrýstisjóðara gilda eftirfarandi reglur:

a) Einungis er heimilt að nota neysluvatn við þvott tómra niðursuðudósa.
b) Við suðuna skal hafa hliðsjón af mikilvægum þáttum, svo sem hitunartíma, hitastigi, fyllingu, stærð dósa o.s.frv. og skrá haldin um þau öll. Hitunin skal vera nægileg til þess að drepa eða gera óvirka sýkla og gró sjúkdómsvaldandi örvera. Á suðutækjum skulu vera sjálfritandi hitamælar sem sýna hvort afurðirnar hafi í raun hlotið fullnægjandi hitun. Eftir suðu skal nota neysluvatn til þess að kæla dósirnar. Leyfilegt er í samræmi við góðar tæknilegar venjur að blanda í vatnið viðurkenndum efnum til að hindra tæringu tækja og umbúða.
c) Framleiðandi skal gera frekari prófanir á slembiúrtökum til að tryggja að niðursoðnar afurðir hafi fengið fullnægjandi hitameðferð, þ.e.:
   i) ræktunarprófanir við 37°C í sjö daga, við 35°C í tíu daga eða aðrar jafngildar aðstæður,
   ii) örverurannsóknir á innihaldi og rannsóknir á dósum í viðurkenndri rannsóknarstofu.
d) Sýni skulu tekin af framleiðslu daglega með fyrirfram ákveðnu millibili til þess að tryggja að lokun dósa sé í lagi. Í því skyni verða að vera til nauðsynleg tæki til þess að rannsaka þversnið sauma á lokuðum dósum.
e) Eftirlit skal haft með því að dósir séu ekki skaddaðar.
f) Allar dósir, sem hafa hlotið sambærilega hitun, skulu vera með þrykktum eða öðrum óafmáanlegum merkingum sem sýna lotumerki og leyfisnúmer framleiðandans.
g) Forsvarsmaður lagmetisiðju skal a.m.k. einu sinni á ári láta viðurkenndan aðila yfirfara þrýstisjóðara og gerilsneyðingartæki og votta að þau starfi eðlilega.

D 2. Soðnar krabba- og skeldýraafurðir.

1. Eftir suðu skal ávallt snöggkæla afurðirnar. Til þess skal nota neysluvatn eða hreinan sjó. Sé engin önnur aðferð notuð til að auka geymsluþolið skal halda kælingu áfram þar til náð er hitastigi bráðnandi íss.
2. Fyllsta hreinlætis skal gætt við skelflettingu og skelskurð til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Starfsfólk skal gæta þess að þvo sér vel um hendur og að allir vinnufletir séu vandlega þrifnir. Séu vélar notaðar skal skola þær með stuttu millibili og gerileyða í lok hvers vinnudags.
3. Soðnar afurðir skal frysta strax eða halda þeim kældum við hitastig sem hindrar gerlafjölgun og setja þær í viðeigandi geymslu. Framleiðandi skal láta fara fram

örverufræðilegt mat á afurðunum með reglulegu millibili og skulu niðurstöður þeirra standast viðmiðunarmörk í viðauka 8.5.

D 3. Reyktar afurðir.

1. Reyking skal fara fram í húsnæði sem er skilið frá annarri vinnslu eða ef þess gerist þörf á sérstökum stað sem er með loftræstibúnaði til að varna því að reykur eða hiti frá brennslunni berist í önnur húsakynni eða staði þar sem unnið er við fisk eða hann geymdur.
2. Eldsneyti til reykingar á fiski skal geyma á stað sem skilinn er frá reykingarstaðnum og nota á þann hátt að það mengi ekki afurðirnar. Óheimilt er að nota við sem eldsneyti til reykingar hafi hann verið málaður, lakkaður, límdur eða fúavarinn. Eftir reykingu skal kæla afurðirnar hratt niður í það hitastig sem þær ber að geyma við þar til pökkun fer fram.
3. Eftir reykingu skal kæla afurðirnar hratt niður í það hitastig sem ber að geyma þær við þar til pökkun fer fram.

D 4. Saltaðar afurðir.

Söltun skal fara fram á aðskildum vinnslusvæðum og í nægilegri fjarlægð frá svæðum þar sem önnur fiskmeðferð eða vinnsla fer fram. Salt skal vera hreint og ómengað og geymt á þurrum og hreinlegum stað. Ílát sem notuð eru til söltunar eða pæklunar skulu vera þannig gerð að engin hætta sé á mengun afurðanna. Ílát og svæði þar sem söltun eða pæklun fer fram skal þrífa áður en vinnsla hefst. Blautverkaðan fisk skal geyma í kæli við 5°C eða lægra hitastig.

Viðauki 6:

Fisktegundir sem bannað er að setja á markað á evrópska efnahagssvæðinu.

Markaðssetning eftirtalinna fisktegunda eða afurða úr þeim er bönnuð:

a) Eitraða fiska af eftirtöldum ættum:
Knattfiska (Canthigasteridae).
Ígulfiska (Diodontidae).
Tunglfiska (Molidae).
Kýlinga (Tetraodontidae).

b) Fiska sem innihalda lífræn eitur svo sem ciguatera eða eitur sem veldur vöðvalömun.

Viðauki 7:

Ferskfiskmat.

1. Forsvarsmenn fiskmarkaða og vinnslustöðva skulu láta meta afla hvers veiðiskips þegar hann kemur í móttöku og skrá allar niðurstöður. Þeir skulu og tryggja að öll aðstaða, tæki og áhöld sem notuð eru við móttöku, mat og geymslu afla, sem landað er til sölu eða vinnslu, séu hrein og þeim vel við haldið. Þeim ber einnig að ganga úr skugga um að meðferð fisksins, geymsla, löndun og flutningur hafi verið í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

2. Eftirtaldar fisktegundir eru matsskyldar:

Brynstirtlur	*Trachurus spp.*	Skarkoli	*Pleuronetes platessa*
Háfur	*Squalus acanthias*	Skötur	*Raja spp.*
Hlýri	*Anarhichas minor*	Skötuselir	*Lophius spp.*
Karfar	*Sebastes spp.*	Slétthafar	*Scyliorhinus spp.*
Keila	*Brosme brosme*	Spærlingar	*Trisopterus spp.*
Kolmunni	*Micromesistius poutassou*	Steinbítur	*Anarhichas lupus*
Lúða	*Hippoglossus hippoglossus*	Stórkjöftur	*Lepidorhombus spp.*
Lýr	*Pollachius pollachius*	Ufsi	*Pollachius virens*
Lýsa	*Merlangius merlangus*	Ýsa	*Melanogrammus aeglefinus*
Löngur	*Molva spp.*		
Sandkoli	*Limanda limanda*	Þorskur	*Gadus morhua*
Síld	*Clupea harengus*	Þykkvalúra	*Microstomus kitt*

3. Fiskinn skal meta við móttöku hans í landi. Byrja skal á að athuga hvort af aflanum sé einhver skemmdarlykt, s.s. af slagvatni, olíu eða yldu.
4. Töku sýna af bolfiski og flatfiski skal haga á eftirfarandi hátt:
   Velja skal 10 fiska sem ætla má að gefi nokkurn veginn rétta mynd af stærðarhlutföllum fiskanna í afla eða dagsafla veiðiskips. Þessa 10 fiska skal vigta og finna þannig meðalþyngd þeirra. Meðalþyngdinni skal síðan deila í þyngd aflans til að finna fjölda fiska í aflanum.
   Fjöldi fiska í sýni, sem tekið skal til mats í hverju tilfelli, skal vera samkvæmt eftirfarandi töflu:

Áætlaður fjöldi fiska í afla	Fjöldi fiska í sýni	Leyfileg frávik	Gallað sýni (fjöldi fiska)
26 - 90	5	0	1
91 - 150	8	1	2
151 - 500	13	1	2
501 - 1.200	20	2	3
1.201 - 10.000	32	3	4
10.001 - 35.000	50	5	6
35.001 - 500.000	80	7	8
500.001+	125	10	11

Leyfilegt frávik er mesti fjöldi óhæfra fiska sem mega vera í sýni án þess að það teljist gallað.
Sýni telst gallað ef fjöldi óhæfra fiska í því er jafn eða meiri en sá sem tilgreindur er í töflunni.

5. Ferskfiskmat byggist á skynmati og tekur til eftirtalinna þátta:
   a) útlits,
   b) ástands,
   c) lyktar,
   d) sníkjudýra.

Eftirfarandi lýsingar á skemmdareinkennum eru ætlaðar sem leiðbeiningar við ferskfiskmat.
Gæði fisksins eiga að standast þær lágmarkskröfur sem lýst er hér að neðan.

Matsþáttur	Hæfur til manneldis	Óhæfur til manneldis[1)]
I. Fiskur skoðaður heill		
ROÐ	Farið að tapa lit, matt Slím mjólkurlitað	Mött áferð Slím ógagnsætt
AUGU	Flöt Mött hornhimna Augasteinn mattur	Íhvolf Hornhimna mjólkurlituð Augasteinn gráleitur
TÁLKN	Farin að upplitast Ógagnsætt slím	Gulleit Mjólkurlitað slím
II. Fiskur skoðaður slægður/flakaður		
HOLD (skurðarsár)	Dálítið matt	Matt
LITUR VIÐ DÁLK	Ljósrauður	Rauður
INNYFLI	Nýru, leifar af öðrum innyflum og hryggblóð fölrautt	Nýru, leifar af öðrum innyflum og hryggblóð brúnleitt
SNÍKJUDÝR (í kviðarholi og/eða innyflum)		Fjöldi stakra hringorma, klasar, eftirstöðvar (mein) eða hold-breytingar slíkar að ekki er unnt að fjarlægja
III. Ástand fisksins		
HOLD	Nokkuð lint, minnkandi fjöðrun Vaxkennd og mött áferð	Lint. Hreistur losnar auðveldlega af roði. Yfirborð fremur [illegible]
DÁLKUR	Sæmilega fastur við hold	Auðlosanlegur frá holdi
KVIÐHIMNA	Farin að losna frá holdi	Laus frá holdi
IV. Lykt af tálknum, roði og úr kviðarholi		
TÁLKN, ROÐ OG KVIÐAR-HOL	Vottur af súrlykt	Súrlykt

1) Eða skemmdir á hærra stigi

Hausaðan og kviðskorinn skötusel skal meta eftir viðeigandi reglum.

6. Leit að sníkjudýrum.

Sýnileg sníkjudýr eru einstakir hringormar eða ormaklasar (*Anisakis, Phocanema*), krabbasníkjudýr í karfa (copepoda (*Sphyrion lumpi*)), svört kýli („blekkýli") undir roði blálöngu svo og eftirstöðvar sníkjudýra („mein", „kýli") sem eru það stór að auðvelt er að greina þau með berum augum eða hafa valdið augljósri breytingu í holdi.

Sjónræn skoðun merkir skoðun sem gerð er án þess að skemma fiskinn eða fiskstykkið, án stækkunarglers, við góða birtu og ef nauðsynlegt er með gegnumlýsingu.

Taka skal hæfilegt sýni til sjónrænnar skoðunar.

Forsvarsmaður vinnslustöðvar í landi eða sérhæfður starfsmaður um borð í vinnsluskipi skal ákveða stærð sýna og tíðni skoðana þeirra, sem um getur í 1. gr. með tilliti til fisktegundar, veiðisvæðis og endanlegra afurða.

Meðan á vinnslu stendur skal skoða kviðarhol slægðs fisks, lifur og hrogn sem ætluð eru til manneldis. Skoðun skal haga á eftirfarandi hátt:

a) Sé fiskurinn handslægður skulu aðgerðarmenn skoða hann um leið og þeir slægja hann og þvo;
b) Sé fiskurinn slægður í vélum skal taka marktækan fjölda fiska til skoðunar, a.m.k. 10 úr hverri lotu (sjá skilgreiningu á lotu).

Starfsfólk, sem hlotið hefur nauðsynlega þjálfun, skal að flökun eða skurði loknum annast skoðun flaka og fiskstykkja. Þar sem gegnumlýsingu verður við komið skal slík skoðun vera hluti af sýnatökureglunum.

Fiskur telst óhæfur til vinnslu þegar einstakir ormar eru það margir að ekki borgar sig að tína þá úr honum, þeir mynda klasa eða að eftirstöðvar þeirra, „mein" eða „kýli", hafa valdið augsýnilegum breytingum eða skemmdum á holdi sem ekki verða fjarlægðar nema með því að skemma fiskinn.

7. Mat á ferskri síld.

Töku sýna skal haga þannig að sem gleggst mynd fáist af öllum aflanum sem seldur er til vinnslu.

Sýnin skulu tekin eins og aflinn sé ein lota. Sé farminum skipt í fleiri lotur gilda neðangreindar reglur fyrir hverja þeirra fyrir sig nema um stærri sýni sé samið milli seljenda og kaupenda.

Sé síldinni landað úr kælitönkum skal taka sýni úr hverjum tanki og hliðsjón höfð af neðangreindum reglum.

Landað magn	Lágmarksþyngd sýnis	Leyfilegt frávik
< 50 tonn	50 kg	5 kg eða minna
50 - 100 tonn	2 x 50 kg	9 kg eða minna
100 tonn +	að minnsta kosti 3 x 50 kg þó aldrei minna magn en sem nemur 0,08% af löndunum afla.	4 kg að meðaltali af hverju 50 kg sýni

Gæði síldar skulu a.m.k. standast þær lágmarkskröfur, sem lýst er hér að neðan

HEIL SÍLD RODÐ	1. FLOKKUR Skært, frísklegt	2. FLOKKUR Vottur af litartapi og miður frísklegum blæ	3. FLOKKUR Matt, farið að upplitast	ÓHÆF Hreistur laust, sporður og uggar brúnleitir
SLÍM	Vatnstært.	Mjólkurlitað, brúnn blær.	Brúnleitt	Í kleprum.
TÁLKNBÖRÐ	Silfurlituð	Silfurlituð, vottur af brúnum lit, skærrauðum blóðblettum	Silfurlituð að mestu, nokkuð brúnleit, brúnn blóðlitur	Fölur silfurlitur, brún með áberandi dökkum blóðlit
AUGU	Kúpt	Flöt	Aðeins sokkin	Sokkin
HOLD (viðkoma)	Stinnt, þétt.	Talsvert stinnt, far eftir fingur en réttir sig fljótt	Lint en réttir sig hægt ef fingri er stutt á það	Mjög lint, réttir sig ekki ef fingri er stutt á það
LYKT (úr tálknum)	Fersk þanglykt.	Hlutlaus þanglykt, vottur af lýsislykt	Minnir á bjór- eða gerlykt, eða egg sem farið er að fúlna	Minnir á rotnun, ýldu eða brennisteinsfnyk
SJÁLFS-MELTING (kviðarhol og innyfli)	Þunnildi gljáandi og innyfli heil.	Auðvelt að strjúka himnuna af þunnildum.	Þunnildahimna farin að losna, brúnleitur blettur undir himnugati, kviðbein föst.	Sjálfsmelting byrjuð í þunnildi, magi sprunginn, kviðbein komin inn úr þunnildum.

Matsmönnum er bent á að athuga vel lykt úr tálknum þar sem þess er þörf þar eð hún er afgerandi matsþáttur.

Síldarfarmur (lota) telst standast mat ef ekki finnst meira en 10% af óhæfri síld í sýninu sem skoðað er.

Reynist meira en 10% síldarinnar óhæf er leyfilegt að flokka hana. Að flokkun lokinni skal taka annað sýni til mats. Reynist það í lagi, má nýta hana til manneldis.

Viðauki 8:

Viðmiðunarmörk.

8.1. Histamín í fiskum af makríls-, síld- og ansjósuættum (Scombridae, Clupeidae og Engraulidae).

Taka skal níu sýni af hverri framleiðslulotu. Þau skulu standast eftirfarandi kröfur:

— meðaltalsgildi skal ekki vera hærra en 100 ppm,
— tvö sýnanna mega hafa gildi yfir 100 mg en undir 200 ppm,
— ekkert sýni má hafa hærra gildi en 200 ppm.

Þessi viðmiðunarmörk gilda aðeins um fisktegundir af ættum makríla (Scombridae), síld (Clupidae) og ansjósu (Engraulidae). Þó má fiskur af þessum ættum, sem verkaður hefur verið í pækli, hafa hærra histamíninnihald þó ekki hærra en tvöföld ofangreind gildi.

Mælingar verður að framkvæma með viðurkenndum vísindalegum aðferðum, svo sem hágæða vökvalitskiljum (HPLC).

8.2. Kvikasilfur (Hg).

1. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs, mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 5 fiska, sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu, má ekki vera hærra en 0,5 mg/kg, (0,5 ppm).
2. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs, mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 10 fiska af eftirtöldum tegundum sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu, má þó vera hærra. Það má þó aldrei vera hærra en 1 mg/kg, (1 ppm).

aborri	*Perca fluviatilis;*	rákleysingi	*Orcynopsis unicolor;*
áll	*Anguilla spp;*	rákungur	*Sarda spp;*
blálanga	*Molva dipterygia;*	seglfiskur	*Istiporus albicans/ platypterus;*
búrfiskur (búri)	*Hoplostethus atlanticus;*		
gedda	*Esox lucius;*	skötur	*Rajidae spp;*
háfiskar	*Pleurotremata spp;*	skötuselur	*Lophiidae spp;*
karfar	*Sebastes marinus, S. mentella, S. viviparus;*	stinglax	*Aphanopus carbo;*
		steinbítur	*Anarhicas lupus;*
keila	*Brosme brosme;*	styrja	*Acipenser spp;*
langa	*Molva molva;*	sverðfiskur	*Xiphias gladius;*
litlitúnfiskur	*Euthynnus spp;*	túnfiskur	*Thunnus spp;*
lúða	*Hippoglossus hippoglossus;*	vartari (barri)	*Dicentrarchus labrax;*
		vatnaflekkur	*Lota lota;*
marbendill	*Lepidopus caudatus;*	vatnaviðnir	*Stizostedion lucioperca.*
oddnefur	*Makaira spp;*		

8.3. Rokgjörn köfnunarefnissambönd (TVB-N).

Óunninn fiskur af eftirtöldum tegundum telst óhæfur til manneldis ef meðaltalsgildi rokgjarnra köfnunarefnasambanda (TVB-N) í honum mælist yfir eftirfarandi mörkum:

A. **25 mg/100 g**

Karfategundir	*Sebastes spp.*
Svartgóma	*Helicoelenus dactylopterus*
	Sebastichtys capensis

B. **30 mg/100 g**

Fiskar af flyðruætt	*Pleuronectidae*
nema lúður	*Hyppoglossus spp.*

C. **35 mg/100 g**

Lax	*Salmo salar*
Fiskar af lýsingaætt	*Merlucciidae*
Fiskar af þorskaætt	*Gadidae*

8.4. Sníkjudýr

Fiski með augsýnilegum sníkjudýrum, leifum þeirra eða meinum, sem ekki hafa verið fjarlægð, má ekki dreifa til manneldis.

8.5. Örverufræðilegar viðmiðanir í soðnum krabba- og skeldýrum.

1. Sýklar

Gerð sýkils	Staðall
Salmonella ssp.	Ekki til staðar í 25 g n = 5, c = 0

Auk þess mega sýklar sem leita skal að samkvæmt áhættuþáttagreiningu, og eitur sem þeir framleiða, ekki finnast í því magni sem gæti skaðað heilsu neytandans.

2. Lífverur sem benda til lélegs hreinlætis (úrskeljaðar afurðir)

Gerð lífvera	Staðall
Staphylococcus aureus	m = 10 M = 1.000 n = 5 c = 2
Annað hvort: Hitaþolnir kólígerlar (44° á föstu æti)	m = 10 M =100 n = 5 c = 2
eða: *Escherichia coli* (á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2

Breyturnar n, m, M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = fjöldi eininga sem sýnið samanstendur af.
m = allar niðurstöður undir þessum mörkum eru álitnar fullnægjandi.
M = allar niðurstöður yfir þessum mörkum eru álitnar ófullnægjandi.
c = fjöldi sýnaeininga sem gefa gerlafjölda milli n og M.

Gæði lotu eru talin:
a) fullnægjandi þegar öll gildi eru 3 m eða minni.
b) óviðunandi þegar fengin gildi lenda milli 3 m og 10 m (=M) og þar sem c/n er 2/5 eða minna.

Gæði lotu eru talin ófullnægjandi:
a) í öllum tilfellum þegar gildi fara yfir M.
b) þegar c/n er meira en 2/5.

3. Bendillífverur (viðmiðunarreglur)

Gerð lífveru	Staðall
Miðlungshitakærir loftháðir gerlar (30°C)	m = 10.000

a) Afurðir í skel	M = 100.000 n = 5 c = 2
b) Skelflettar/úrskeljaðar afurðir	m = 50.000 M = 500.000 n = 5 c = 2
c) Krabbakjöt	m = 100.000 M = 1.000.000 n = 5 c = 2

Þessar viðmiðunarreglur eru ætlaðar til hjálpar framleiðendum til að ganga úr skugga um að aðferðir við þrif og gerileyðingu séu fullnægjandi, að unnið sé í samræmi við gildandi staðla og við að koma á innra eftirliti með framleiðslunni.

29. desember 1995 Nr. 685

REGLUR

um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

1. gr.

Stjórn varnarliðs Bandaríkjanna annast skráningu ökutækja í eigu varnarliðsins. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli heldur skrá um ökutæki varnarliðsins samkvæmt gögnum frá stjórn þess.

Ökutæki varnarliðsins skulu auðkennd skráningarmerkjum af gerð C skv. 7. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 523 15. desember 1988, sbr. reglugerð nr. 476, 29. desember 1992. Á skráningarmerki skal þó hvorki vera upplyft brún né flötur fyrir skoðunarmiða og á það skal ekki greypt verksmiðjunúmer. Grunnur skráningarmerkis skal vera hvítur en stafir svartir. Bókstafir skulu vera VL og tölustafir fjórir.

Stjórn varnarliðsins annast um að búnaður ökutækja í eigu varnarliðsins sé í lögmæltu ástandi. Ökutækin eru undanþegin vátryggingarskyldu.

2. gr.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. annast skráningu ökutækja í einkaeign varnarliðsmanna og fer um skráningu þeirra samkvæmt almennum reglum um skráningu ökutækja. Tilkynningu um eigendaskipti að ökutækjum þessum skal þó afhenda sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli.

Skráningarmerki ökutækja varnarliðsmanna skulu vera af gerð A, B eða D skv. 7. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja í stað upplyfts flatar fyrir skjaldamerki sveitarfélags eða sýslu, skal vera upplyftur tígullaga flötur sem á skal festa sérstakt skjaldarmerki varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Ökutæki í einkaeign varnarliðsmanna er háð sömu reglum og önnur ökutæki að því er varðar gerð og búnað, skoðun og vátryggingu.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt falla úr gildi reglur um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna, nr. 568 30. desember 1988.

Ökutæki sem skráð hafa verið fyrir gildistöku reglna þessara mega þó áfram bera skráningarmerki af eldri gerð, enda séu merkin heil og vel læsileg.

4. gr.

Reglur þessar eru settar í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987.

Utanríkisráðuneytið, 29. desember 1995.

Halldór Ásgrímsson.

Grétar Már Sigurðsson.

Nr. 686 19. desember 1995

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Hafnarfirði á byggingarleyfisumsóknum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði afgreiðir, án samþykkis byggingarnefndar, mál er varða sérbýlishús, þ.e.a.s. einbýlis-, par- og raðhús, viðbyggingar og minni mannvirki er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða, breytingar á innra skipulagi mannvirkja, löggildingar iðnmeistara og 3ja fasa rafmagn.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari sem ábyrgð ber, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar en ekki tekin þar til annarrar afgreiðslu. Í gerðabókinni skal koma fram hver sækir um byggingarleyfi, hvað verið er að byggja og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa getur hann skotið málinu til byggingarnefndar innan 14 daga og fer um meðferð kærumála skv. byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum, og samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Hann getur einnig skotið málinu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

19. desember 1995 Nr. 687

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Grenivík.

1. gr.

Leyfisgjald vegna hundahalds í Grenivík skal vera kr. 1.500 ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald. Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

19. desember 1995 Nr. 688

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1996 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

a)	Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	kr. 7.000
b)	Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 3.500
c)	Sumarhús	kr. 2.950
d)	Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku	kr. 7.000
e)	Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald	kr. 26.000

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

Endurprentað blað.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 689 19. desember 1995

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1996 vera kr. 6.410. Gjalddagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 690 18. desember 1995

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 14/1995.

Samkvæmt ákvæðum 3. málsl. 7. gr. laga nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga hefur ríkisskattstjóri reiknað út þær fjárhæðir er um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laganna og gilda vegna innborgana á árinu 1996.

Lágmarksfjárhæð skv. 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 46.856 og hámarksfjárhæð kr. 468.560. Lágmarksfjárhæð skv. 3. málsl. 2. mgr. 2. gr. laganna verður kr. 11.714 og hámarksfjárhæð kr. 117.140.

Reykjavík, 18. desember 1995.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1984 með síðari breytingum.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Túngata er tengd meðfram tjörn.
- Túngata og Sætún eru tengdar saman við leikskóla.
- Norðurendi Sætúns er tengdur þjóðvegi.
- Smábátahöfn er stækkuð.
- Iðnaðarsvæði við höfnina er stækkað.
- Rómarstígur verður ekki gerður að götu.
- Skólagata verður til frambúðar.
- Dvalarheimilislóð við Sætún verður opið svæði.
- Íbúðarhúsalóðir við Eyrargötu verða iðnaðarlóðir.
- Garðastígur verður til frambúðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Suðureyrarhrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Flúða, Hrunamannahreppi 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Flúða 1992-2012 frá 25. apríl 1994.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir nýjum vegi, Bræðratunguvegi, frá Hrunamannavegi sunnan við flugvöllinn og til vesturs. Afmörkun þjónustusvæðis sunnan flugvallar og iðnaðarsvæðis vestan flugvallar breytist lítilega af þessum sökum.
- Gert er ráð fyrir sumarbústaðasvæði í landi Borgaráss og Efra-Sels.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Djúpavogshreppi árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 6.900 pr/hund á árinu 1996.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1996.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 694 19. desember 1995

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Djúpavogshreppi árið 1996.

1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í sveitarfélaginu og er kr. 5.000 pr/tunnu húsasorps. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1996.

Umhverfisráðuneytið, 19. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 118 – 1995

20. desember 1995 1801 Nr. 695

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, samkvæmt 14. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Sveitarstjórnum á svæðinu er heimilt, að höfðu samráði við svæðisnefnd, samkvæmt 5. og 22. gr. sömu laga, að leggja á og innheimta starfsleyfis- og eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldri starfsemi, svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

2. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis er sveitarstjórnum heimilt að innheimta starfsleyfisgjöld sem hér segir:

1. flokkur	kr.	40.000	4. flokkur	kr.	10.000
2. flokkur	kr.	25.000	5. flokkur	kr.	5.000
3. flokkur	kr.	15.000	6. flokkur	kr.	2.500

Gjaldið greiðist við afhendingu leyfisbréfs. Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálft starfsleyfisgjald eða fella gjaldið niður ef breytingar eru smávægilegar að mati Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Heilbrigðisnefnd er heimilt að lækka eða fella niður gjald fyrir leyfi til markaðs- og götusölu.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sem talin er upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölul. 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og starfsemi sem talin er upp í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum, sbr. 3 mgr. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er sveitarstjórnum heimilt að innheimta árlegt gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr.	80.000	4. flokkur	kr.	20.000
2. flokkur	kr.	50.000	5. flokkur	kr.	10.000
3. flokkur	kr.	30.000	6. flokkur	kr.	5.000

Gjald skv. 6. flokki er eingöngu vegna hefðbundins landbúnaðar.

Sé starfsemi mjög takmörkuð eða hún rekin skemur en 6 mánuði á ári er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður hluta gjaldsins. Ef starfsemi hefur samning við faggilta skoðunarstofu, hefur vottað gæðakerfi eða innra eftirlit sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður hluta gjaldsins.

Sé eftirlit jafnframt í höndum annarra löggiltra eftirlitsaðila, s.s. héraðsdýralækna eða fiskistofu, skal sérstaklega samið um framkvæmdina. Aldrei skal þó tekið lægra gjald en sem nemur lágmarksgjaldi.

Gutenberg

Komi til frekara eftirlits en samkomulagið kveður á um, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta sérstaklega vegna kostnaðar sem af því hlýst.

4. gr.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis annast flokkun eftirlitsskyldra aðila, sbr. fylgiskjal með gjaldskrá þessari og sbr. flokkun í viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð vegna mengunareftirlits samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988.

Við flokkun fyrirtækja skal mið tekið af umfangi og eðli starfseminnar og þeirra áhrifa sem hún getur haft á hollustuhætti fólks. Ennfremur skal tekið tillit til þeirrar vinnu og kostnaðar sem heilbrigðiseftirlitið hefur af útgáfu starfsleyfis og eftirliti. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis semur skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæðinu. Nöfn aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skulu send hlutaðeigandi sveitarfélögum til skoðunar fyrir 1. janúar ár hvert.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 skal greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins eins og hún er hverju sinni.

5. gr.

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun skal innheimta kr. 5.000. Ef verkefni er umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku, þá er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, það sama gildir um þjónustuverkefni og útselda vinnu.

6. gr.

Hvert sveitarfélag innheimtir gjöld samkvæmt 3.gr. af fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Mosfellsbær annast fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis innheimtu allra annarra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld þessi skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis í samræmi við 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli. Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald en annars hálft gjald, fyrsta starfsárið.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis, staðfestist hér með samkvæmt 5. gr., 14. mgr. 6. gr., og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 141/1988 fyrir heilbrigðiseftirlit á Kjósarsvæði.

Umhverfisráðuneytið, 20. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal.

Heilbrigðis- og umhverfiseftirlit.

A. Matvælaframleiðsla

Meiri háttar matvælaframleiðsla	1. fl.
Miðlungs matvælaframleiðsla	2. fl.
Minni háttar matvælaframleiðsla	3. fl.
Sláturhús	4. fl.
Reykhús	4. fl.
Meiri háttar kjötvinnsla	1. fl.
Miðlungs kjötvinnsla	2. fl.
Minniháttar kjötvinnsla	3. fl.
Fiskvinnsla fyrir innanlandsmarkað	3. fl.
Fiskvinnsla við ár og vötn	3. fl.
Fiskþurrkun	4. fl.
Niðursuða - niðurlagning	3. fl.
Stóreldhús	2. fl.
Framleiðsla tilbúinna rétta	3. fl.
Salatgerð	4. fl.
Ísgerð - ísvagnar	2. fl.
Brauðgerðarhús, stór	1. fl.
Brauðgerðarhús, lítil	3. fl.
Kökugerðir	4. fl.
Smurbrauðstofur	4. fl.
Pizzugerðir	4. fl.
Sælgætisgerð	3. fl.
Öl-, gos- og svaladrykkjagerð	3. fl.
Kaffibrennsla	4. fl.
Smjörlíkisgerðir	2. fl.
Kartöfluvinnsla	4. fl.
Lauksteiking	4. fl.
Mör- og tólgframleiðsla	4. fl.
Kæli- og frystigeymslur	5. fl.
Grænmetisframleiðsla, vinnsla, pökkun og geymsla	4. fl.

B. Þjónusta

Sólbaðsstofur	5. fl.
Hárgreiðslu- og rakarastofur	5. fl.
Snyrtistofur	5. fl.
Sundlaugar, stórar	3. fl.
Sundlaugar, litlar	4. fl.
Leiktækjasalir	5. fl.
Gufubaðsstofur	3. fl.
Læknastofur	5. fl.
Tannlæknastofur	5. fl.
Félagsheimili, með eldhúsi	3. fl.
Félagsheimili, án eldhúss	4. fl.
Heilsuræktarstöðvar	4. fl.
Heilsugæslustöðvar	4. fl.
Sjúkrahús	2. fl.
Dvalarheimili aldraðra	3. fl.
Barnaheimili/dagvistarstofnanir/leikvellir	5. fl.
Kvikmyndahús	4. fl.
Leikhús	5. fl.
Íþróttahús	4. fl.
Íþróttavellir	5. fl.
Kirkjur	5. fl.
Safnaðarheimili	5. fl.
Vistheimili	3. fl.
Meðferðarheimili	3. fl.

C. Verslun

Stórmarkaðir, með vinnslu	1. fl.
Stórmarkaðir, án vinnslu	3. fl.
Stærri verslanir, með vinnslu	3. fl.
Minni verslanir (Nýlenduvöruverslanir) án vinnslu	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir (samlokur og/eða ís úr vél)	4. fl.
Sælgætis- og tóbaksverslanir (sælgæti, gos og pylsur)	5. fl.
Áfengisverslanir	5. fl.
Matsöluvagnar	4. fl.
Torgsala	5. fl.
Ísbúðir og ísvagnar	4. fl.
Brauð- og kökusala	4. fl.
Neysluvörugeymslur	5. fl.
Málningarverslanir	5. fl.
Blómaverslanir	5. fl.
Apótek	5. fl.

D. Veitinga-, skemmti- og gistiþjónusta (ferðaþjónusta)

Gististaðir, miðast við fjölda gistirúma	
Færri en 11 rúm	5. fl.
10 - 25 rúm	4. fl.
26 - 40 rúm	3. fl.
41 - 100 rúm	2. fl.
Fleiri en 101 rúm	1. fl.
Veitingasala, miðast við gestafjölda	
Færri en 11 gestir	5. fl.
11 - 25 gestir	4. fl.
26 - 40 gestir	3. fl.
41 - 100 gestir	2. fl.
Fleiri en 100 gestir	1. fl.
Ef um vínveitingar er að ræða má færa upp um einn flokk.	
Tjaldsvæði	5. fl.

E. Vinnsla úr járni og málmum

Málmsteypur	4. fl.
Járn-, stálsmíði og stálskipagerð	4. fl.
Völsunar-, víra og stangaverksmiðjur	5. fl.
Nagla- og skrúfuframleiðsla	5. fl.
Vélaframleiðsla og vélasala	5. fl.
Blikksmiðjur	5. fl.
Vinnsla á málmum í raftækjaiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	4. fl.
Zink- og krómhúðun málma	3. fl.
Rafherðing málma	4. fl.
Sandblástur	4. fl.

F. Jarð- og steinefnavinnsla

Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefni, mikil starfsemi	3. fl.
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefni, lítil starfsemi	5. fl.
Malarnám	5. fl.
Steinsmíði	3. fl.
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	5. fl.
Leirmunaverkstæði	5. fl.
Jarðvegsgerð	5. fl.
Mó- og moldartekja	5. fl.

G. Efnaiðnaður

Fyrirtæki sem geyma klórgas	4. fl.
Lakksprautun	4. fl.
Prentiðnaðarfyrirtæki	4. fl.
Efnalaugar	4. fl.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla	4. fl.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum	4. fl.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda	4. fl.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað	4. fl.
Hreinlætisvöruverksmiðjur	4. fl.
Plastiðnaður	3. fl.
Gleriðnaður	4. fl.

H. Vinnsla og úrvinnsla úr jurta- og dýraríkinu

Fóðurstöðvar	5. fl.
Fóðurblöndur	5. fl.
Gúmmívinnsla	4. fl.
Trésmíðaverkstæði	4. fl.
Sögunarmyllur	5. fl.
Fúavörn úr timbri	4. fl.
Framleiðsla úr spónaplötum, límtré og þess háttar	5. fl.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	5. fl.
Skinnaverkun og leðurvinnsla	5. fl.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	4. fl.
Litun og bleiking	3. fl.
Ullarþvottastöðvar	1. fl.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi	1. fl.

I. Búfjár- og dýrahald

Dýraspítalar	5. fl.
Gæludýrageymslur	5. fl.
Fiskeldi, framleiðsla meiri en 100 tonn og afrennsli til sjávar, eða meiri en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn	4. fl.
Seiðaeldisstöðvar með meiri en 150 þúsund seiði og afrennsli í ferskvatn	3. fl.
Fisk- og seiðaeldi með minni framleiðslu an að ofan greinir	4. fl.
Alifuglabú, eggja- og kjötframleiðsla, stór	3. fl.
Alifuglabú, eggja- og kjötframleiðsla, lítil	5. fl.
Hesthús, mikil starfsemi	3. fl.
Hesthús, miðlungs starfsemi	4. fl.
Hesthús, lítil starfsemi	5. fl.
Kanínubú	5. fl.
Loðdýrabú	5. fl.
Nautgripabú, mjólkur- og kjötframleiðsla	6. fl.
Sauðfjárbú	6. fl.
Svínabú, stór	3. fl.
Svínabú, lítil	5. fl.

J. Starfsemi er snertir vélknúin farartæki

Bifreiða- og vélaverkstæði	5. fl.
Smurstöðvar	4. fl.
Bensínstöðvar	3. fl.
Bílaþvottastöðvar	5. fl.
Ryðvarnarverkstæði	5. fl.
Hjólbarðaverkstæði	5. fl.
Verktakar með þungavinnuvélar og verkstæðisaðstöðu	4. fl.
Bílasölur	5. fl.
Bílapartasölur	3. fl.
Kappaksturs-, æfinga- og keppnisbrautir ökutækja	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	5. fl.
Hópferðabílar	5. fl.
Flugvellir og flugbrautir	5. fl.
Bið- og endastöðvar strætisvagna	5. fl.

K. Ýmislegt

Gámastöðvar	5. fl.
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni og sérstakan úrgang	4. fl.
Endurvinnsla úrgangs	4. fl.
Hreinsistöðvar/stórar rotþrær fráveitna	5. fl.
Dælubílar og starfsemi tengd þeim	5. fl.
Birgðastöðvar rafveitna	5. fl.
Gasbirgðastöðvar	5. fl.
Stærri spennistöðvar	5. fl.
Stærri vörugeymslur	5. fl.
Skotvellir	4. fl.
Skemmtigarðar, tívolí	5. fl.
Þvottahús	5. fl.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	4. fl.

Nr. 696 19. desember 1995

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Strandveg úr norðri gagnvart umferð á Strandvegi og Borgarvegi á mótum Borgarvegar og Strandvegar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. desember 1995.

Böðvar Bragason.

REGLUGERÐ

um rétt tiltekinna EES-ríkisborgara og EES-félaga til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum.

1. gr.

Eftirtaldir aðilar, einstaklingar, félög eða aðrir lögaðilar, geta öðlast heimild yfir fasteign hér á landi án leyfis dómsmálaráðherra, enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 1. tölul. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna:

a. Launþegar, sem eru ríkisborgarar í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES-ríkisborgarar) og starfa sem slíkir hér á landi, eða hafa EES-dvalarleyfi.
b. EES-ríkisborgarar sem hafa staðfestu eða ætla að staðfesta sig hér á landi til að stunda sjálfstæða starfsemi.
c. EES-ríkisborgarar sem eiga heimili í öðru aðildarríki og sett hafa á fót eða hyggjast setja á fót útibú eða umboðsstöð hér á landi eða hyggjast inna af hendi þjónustustarfsemi hér.
d. Félög, svo og aðrir lögaðilar, sem stofnuð eru í samræmi við löggjöf í aðildarríki og sett hafa á fót eða hyggjast setja á fót útibú eða umboðsskrifstofu eða hyggjast inna af hendi þjónustustarfsemi hér á landi.

Félög þau og aðrir lögaðilar sem falla undir d-lið 1. mgr. skulu annað hvort hafa aðalstöðvar eða aðalstarfsemi innan EES eða hafa þar heimili samkvæmt samþykktum sínum. Ef um er að ræða heimili samkvæmt samþykktum skal starfsemi lögpersónunnar hafa raunveruleg og viðvarandi tengsl við atvinnulífið í aðildarríki.

2. gr.

Heimild samkvæmt 1. gr. tekur einungis til eignar- eða afnotaréttar yfir

1. eign sem nota á sem nauðsynlegan bústað allt árið fyrir þann sem réttinn vill öðlast, eða
2. eign sem er forsenda þess að sá sem réttinn vill öðlast geti stundað sjálfstæða starfsemi eða innt af hendi þjónustustarfsemi.

3. gr.

Þinglýsing skjals um heimild yfir fasteign án sérstaks leyfis á grundvelli 1. gr. er háð því að rétthafinn leggi fram yfirlýsingu þar sem fram kemur að hann eða félagið falli undir einhvern þeirra hópa sem tilgreindir eru í 1. gr. og að eignarinnar sé aflað í því skyni sem greinir í 2. gr.

Ef eignar er aflað í því skyni að nota hana sem nauðsynlegan bústað rétthafans allt árið skal enn fremur koma fram í yfirlýsingunni að eignin sé ekki ætluð til eða notuð sem sumarbústaður eða annars konar húsnæði sem notað er hluta úr ári eða sem útivistarsvæði.

Þegar um er að ræða launþega skulu einnig koma fram í yfirlýsingunni upplýsingar um nafn vinnuveitanda og heimili, nema EES-dvalarleyfi launþegans fylgi. EES-dvalarleyfi skal einnig fylgja ef um er að ræða EES-ríkisborgara samkvæmt c-lið 1. gr.

4. gr.

Yfirlýsing samkvæmt 3. gr. skal vera hluti af heimildarskjalinu og vera undirrituð af rétthafanum. Sýnishorn af formi yfirlýsingar er prentað sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. tölul. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966, sbr. lög nr. 133 31. desember 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Fylgiskjal:

Sýnishorn yfirlýsinga:

A. Yfirlýsing vegna kaupa á eða afnota af íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Undirritaður kaupandi/afnotaréttarhafi fasteignarinnar lýsi því hér með yfir að viðlagðri refsiábyrgð samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga,

að ég er ríkisborgari í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu,

að ég samkvæmt reglum EES samningsins hef heimild til að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi á Íslandi /eða: ég er ráðinn til starfa sem launþegi hjá ..... /eða: ég hef EES-dvalarleyfi hér á landi (fylgir),

að eignina mun ég nota sem ársíbúð fyrir mig,

að eignin er hvorki sumarhús né útivistarsvæði né verður nýtt þannig.

B. Yfirlýsing vegna kaupa á eða afnota af fasteign vegna staðfestu /eða: til að nota við að inna af hendi þjónustustarfsemi.

Undirritaður kaupandi/afnotaréttarhafi fasteignarinnar lýsi því hér með yfir að viðlagðri refsiábyrgð samkvæmt 146. gr. almennra hegningarlaga,

að ég er ríkisborgari í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu /eða: félagið/lögaðilinn er stofnað í samræmi við löggjöf EES ríkis,

að ég/félgið/lögaðilinn samkvæmt reglum EES um staðfesturétt /eða: um þjónustustarfsemi hef heimild til að stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi sem ..... /eða: til að stofna útibú eða umboðsstöð /eða: til að inna af hendi þjónustustarfsemi hér á landi,

að eignin er forsenda þess að ég/félagið/lögaðilinn geti starfað hér á landi,

að eignin er hvorki sumarhús né útivistarsvæði né verður nýtt þannig.

REGLUR

um vinnu með blý og blýsölt.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið með þessum reglum er að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir heilsutjóni vegna mengunar af blýmálmi og jónasamböndum hans.

Þessar reglur gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem blýmálmur eða blýsölt eru notuð eða þau myndast.

Reglurnar gilda ekki um:

a. blý í alkýlsamböndum,
b. nám blýgrýtis og vinnslu blýkirnis við námu,
c. vinnu með efni eða vöru þar sem blýinnihaldið er innan við 1% (vigtprósent),
d. tilfallandi vinnu með blý eða í blýmengun sem varir að hámarki í 5 klst. á viku, og að hámarki 20 daga á ári.

Ákvæði 3. mgr. um vinnufatnað gilda ávallt við mjög óhreina blývinnu.

Í viðauka I er skrá sem ekki er tæmandi yfir starfsemi þar sem ástæða er til að ætla að hætta sé á upptöku blýs.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Vinnu með blý skal skipuleggja og framkvæma þannig að blýmengun verði eins lítil og kostur er. Komi í ljós við mengunarmælingar að blýmengun sé yfir mörkum skal þegar gripið til ráðstafana til að draga úr blýmengun þannig að hún verði undir mörkum. Almenn ákvæði um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn mengun og aðgerðir til að draga úr mengun og ákvæði um mengunarmörk eru í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Efni og vörur sem innihalda blý skulu vera í umbúðum þannig að komið sé í veg fyrir rykmyndun og dreifingu ryks. Umbúðir um efni og vörur sem innihalda blý skulu merktar í samræmi við reglur nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Nauðsynlegar skriflegar notkunar- og öryggisleiðbeiningar skulu vera aðgengilegar á vinnustaðnum.

3. gr.

Fyrirbyggjandi aðgerðir.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að öllum tiltækum ráðum sé beitt til að koma í veg fyrir upptök og dreifingu á blýryki og blýgufu.

Við skipulag vinnustaðar og vinnu skal fara eftir ákvæðum reglna nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun, auk ákvæða þessara reglna.

Í tengslum við alla blýmengandi vinnu skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

a. að komist verði hjá hættunni á upptöku blýs vegna reykinga eða neyslu matar eða drykkjar;
b. að tiltekin svæði séu þannig úr garði gerð að starfsmenn geti neytt matar og drykkjar án þess að eiga blýmengun á hættu;

c. að starfsmenn á stöðum þar sem hiti er mjög mikill og neyta þarf mikils vökva eigi kost á drykkjarvatni eða öðrum drykkjum sem ekki hafa mengast af blýi á vinnustaðnum;
d. að starfsmönnum sé séð fyrir vinnu- eða hlífðarfötum við hæfi, miðað við eðlisefnafræðilega eiginleika blýsambanda þeirra sem þeir verða fyrir mengun af;
e. að vinnu- eða hlífðarfötin séu ekki fjarlægð úr fyrirtækinu. Þó er heimilt að þvo þau í þvottahúsum utan fyrirtækisins, sem hafa til þess búnað, sjái fyrirtækið ekki sjálft um þvottinn; ef svo er, ber að flytja fatnaðinn í lokuðum ílátum;
f. að vinnu- eða hlífðarföt séu geymd annars staðar en ígangsklæði;
g. að starfsmönnum sé séð fyrir hæfilegri þvottaaðstöðu, þar með talin steypiböð, ef mikið ryk myndast við starfsemina.

Kostnaður af ráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt 3. mgr. má ekki leggjast á starfsmenn.

Reynist nauðsynlegt að starfsmenn beri öndunargrímur, og sé ekki með góðu móti hægt að draga úr því að starfsmenn verði fyrir mengun með öðrum ráðum, skal það ekki vera varanlegt fyrirkomulag heldur haldið í algjöru lágmarki fyrir hvern starfsmann.

Við tiltekin verk, þar sem fyrirsjáanlegt er að farið verði yfir mengunarmörk þau sem kveðið er á um í reglum nr. 401/1989 og ekki er með góðu móti unnt að gera tæknilegar forvarnarráðstafanir til að takmarka blýmagn í andrúmslofti, skal atvinnurekandi gera ráðstafanir sem ætlað er að tryggja starfsmönnum vernd meðan verk af slíku tagi eru unnin. Samráð skal haft um ráðstafanirnar við starfsmennina og/eða fulltrúa þeirra innan vinnustaðarins áður en hafist er handa um verk af slíku tagi.

4. gr.

Búnaður og þrif.

Tæknibúnaður þar sem loftið mengast af blýi skal útbúinn þannig að komið sé í veg fyrir dreifingu á blýmenguðu lofti. Búnaður utan um vélar eða vinnsluferli skal vera þéttur og útbúinn það öflugu afsogi að blýmengað loft dreifist ekki út í vinnurýmið.

Vinnusvæði í vinnurými þar sem unnið er með blý skal hreinsað af blýryki a.m.k. einu sinni í viku og við verklok. Hreinsun skal framkvæmd þannig að komið sé í veg fyrir að ryk þyrlist upp og dreifist. Notast skal fyrst og fremst við ryksugun við hreinsun. Búnaður eða ílát fyrir blýmengaðan úrgang skulu vera aðgengileg.

Hreinsun á loftræstibúnaði og þar með töldum loftræstistokkum skal fara fram þegar nauðsyn krefur þannig að búnaðurinn verki eins og honum er ætlað. Reglulegt eftirlit skal vera með loftræstibúnaði.

5. gr.

Mælingar á blýmengun í andrúmslofti.

Atvinnurekandi skal mæla eða láta mæla blýmagn í andrúmslofti þriðja hvern mánuð að minnsta kosti. Þó er heimilt að tíðni mælinga sé minni í tilvikum þeim sem upp eru talin í 3. mgr. þessarar greinar. Mælist blý yfir mengunarmörkum skal þegar grípa til ráðstafana til að draga úr mengun þannig að mengun verði innan marka.

Skipuleggja skal mælingarnar í samráði við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð vinnustaðarins.

Hafi niðurstöður mælinga í síðustu tvö skipti þegar mælt var, sýnt að blýmagn í andrúmslofti var ekki meira en 3/4 af gildandi mengunarmörkum sbr. reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk, er heimilt að gera mælingar einungis einu sinni á ári, verði ekki neinar breytingar sem verulegu máli skipta á vinnunni og aðstæðum sem ráða þeirri mengun er starfsmenn verða fyrir. Hafi niðurstöður mælinga í síðustu tvö skipti þegar mælt var, sýnt

að blýmagn í andrúmslofti var ekki meira en 1/4 af gildandi mengunarmörkum er ekki þörf á frekari mælingum að óbreyttum aðstæðum með tilliti til mengunar.

Mælingar á blýi í andrúmslofti skal gerð af aðilum sem hafa til þess nægilega kunnáttu og með hliðsjón af ákvæðum í viðauka II. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist frekari mælinga en fjallað er um í þessari gr. Atvinnurekandi skal senda niðustöður mælinga og greininga til Vinnueftirlits ríkisins. Í þeim tilvikum að niðurstöðurnar séu yfir mengunarmörkum sem kveðið er á um í reglum nr. 401/1989 skulu einnig fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið.

Atvinnurekandi skal kynna niðurstöður mælinga og greininga fyrir öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum og í samráði við þá leggja mat á niðurstöðurnar. Fari starfsmaður fram á það skal atvinnurekandi láta honum í té niðurstöður mælinga og greininga er varða hann sérstaklega.

6. gr.

Heilsueftirlit og mælingar á blýi í blóði.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmaður sem vinna á með blý fari í heilsueftirlit áður en starfið hefst. Heilsueftirlit skal framkvæmt þriðja hvert ár á meðan blýmengun varir. Heilsueftirlit getur falist í skoðun þeirra atriða sem talin eru upp í viðauka III og IV.

Atvinnurekandi skal sjá til þess að blóðsýni sé tekið til að mæla blýinnihald þess áður en starfsmaður hefur störf eða í síðasta lagi 15 dögum eftir starfsbyrjun. Eftir það skal mæla blýinnihald blóðs á þriggja mánaða fresti.

Hafi niðurstöður mælinga í síðustu þrjú skiptin þegar mælt var, sýnt að blýmagn í blóði er undir 0,8 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða undir 1,5 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki er aðeins þörf á einni mælingu á ári að því tilskildu að vinnuaðstæður séu óbreyttar.

Komi í ljós við heilsueftirlit eða reglulega mælingu á blýi í blóði að blýinnihaldi í blóði er jafnt eða meira en 0,8 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða 1,5 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki skal atvinnurekandi kanna ástæður þess og grípa til ráðstafana til að draga úr upptöku blýs hjá viðkomandi starfsfólki.

Sýnataka og greiningar á blýinnihaldi í blóði starfsmanna skal gerð af aðilum sem hafa til þess nægilega kunnáttu og með hliðsjón af ákvæðum í viðauka IV.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist frekari heilsuskoðana og mælinga á blýi í blóði en fjallað er um í þessari grein. Atvinnurekandi skal veita þeim er framkvæmir heilsuskoðunina allar nauðsynlegar upplýsingar vegna hennar. Sá sem framkvæmir heilsuskoðun skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um niðurstöður hennar svo og viðkomandi starfsmanni. Þeim sem framkvæmir heilsuskoðun er óheimilt að láta atvinnurekandanum í té niðurstöðurnar. Kostnað vegna heilsuskoðunar má ekki leggja á starfsmann.

Atvinnurekandi skal senda niðustöður mælinga og greininga á blýi í blóði til Vinnueftirlits ríkisins. Einnig skal hann kynna niðurstöðurnar fyrir öryggistrúnaðarmönnum og öryggisvörðum og í samráði við þá leggja mat á niðurstöðurnar. Fari starfsmaður fram á það skal atvinnurekandi láta honum í té niðurstöður mælinga og greininga á blýi í blóði er varða hann sérstaklega. Atvinnurekanda eða öðrum sem þekkja til niðurstaðna blóðrannsókna er óheimilt að greina óviðkomandi frá þeim nema með samþykki viðkomandi starfsmanns.

7. gr.

Fræðsluskylda.

Í tengslum við alla vinnu þar sem hætta er á blýmengun skal atvinnurekandi gera viðeigandi ráðstafanir til að starfsmenn og fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins fái viðunandi upplýsingar um eftirfarandi:

a. hættu sem heilsu manna kann að vera búin vegna blýmengunar, m.a. hættu sem fóstri eða börnum á brjósti kann að vera búin,
b. þau mengunarmörk sem í gildi eru og þörfina á líffræðilegum mælingum og mælingum í andrúmsloftinu,
c. hreinlætiskröfur, þ.m.t. nauðsyn þess að láta vera að reykja eða neyta matar eða drykkjar á vinnustað,
d. varúðarráðstafanir sem ber að gera varðandi notkun hlífðarbúnaðar og hlífðarfatnaðar,
e. sérstakar varúðarráðstafanir sem ber að gera til að draga sem mest úr því að menn verði fyrir mengun.

Til viðbótar ráðstöfunum þeim sem um getur í 1. mgr. skal gera eftirfarandi ráðstafanir í tengslum við alla vinnu þar sem hætta er á blýmengun:

a. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins hafi aðgang að niðurstöðum mælinga á blýmagni í andrúmslofti og tölfræðilegum niðurstöðum líffræðilegra mælinga er ekki tengjast einstaklingum. Einnig að þeim standi til boða að fá skýringar á merkingu niðurstaðnanna;
b. að hlutaðeigandi starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins séu upplýstir svo fljótt sem unnt er um það ef niðurstöðurnar gefa til kynna að farið hafi verið yfir mengunarmörk þau sem kveðið er á um í reglum nr. 401/1989, svo og um ástæður þessa. Einnig að samráð sé haft við starfsmennina og/eða fulltrúa þeirra á vinnustað um ráðstafanir sem gera skal, eða skapist neyðarástand að þeir séu upplýstir um ráðstafanir þær sem gerðar hafa verið.

8. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Vinnueftirliti ríkisins og þeim er bera ábyrgð á heilsueftirliti starfsmanna skal heimill aðgangur að öllum upplýsingum sem þarf til að ákvarða hversu mikilli blýmengun starfsmenn verða fyrir, þar á meðal að niðurstöðum mælinga á blýmagni í andrúmslofti.

9. gr.

Varðveisla gagna.

Skylt er að tryggja að einstaklingsbundin gögn, sem tengjast mengun þeirri sem starfsmenn verða fyrir og heilsuskoðunum sem þeir hafa gengist undir, séu skráð og geymd eins og við á í samræmi við lög og reglur. Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal koma gögnunum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu.

10. gr.

Sérstök ákvæði.

Óheimilt er að láta ungmenni yngri en 18 ára vinna þar sem hætta er á blýmengun.

Bann það sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar gr. gildir ekki um vinnu sem er hluti af námi ungmennis og vinnu í faginu að námi loknu.

Komi í ljós við heilsueftirlit eða við reglubundna mælingu á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er jafnt eða meira en 1,5 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða 2,3 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr en blýinnihald í blóði er minna en 1,0 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki.

Komi í ljós í þrjú skipti í röð við reglubundna mælingu á þriggja mánaða fresti á blýi í blóði að blýinnihald í blóði er á bilinu 1,0 og 1,5 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri eða á bilinu 2,0 og 2,3 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki skulu viðkomandi flutt í starf þar sem ekki er til staðar blýmengun. Ekki má láta viðkomandi vinna í blýmengun fyrr

en blýinnihald í blóði er minna en 1,0 µmól/l blóð hjá konum undir 50 ára aldri og 2,0 µmól/l blóð hjá öðru starfsfólki.

Konur sem vinna í blýmengun skulu tilkynna atvinnurekanda þegar þær eru barnshafandi strax og sú vitneskja liggur fyrir. Óheimilt er að láta konur vinna í blýmengun sem tilkynnt hafa atvinnurekanda að þær séu barnshafandi.

11. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

12. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 4. tölulið, XVIII viðauka, tilskipun nr. 82/605/EBE um verndun starfsmanna vegna mengunar af blýmálmi og jónasamböndum hans á vinnustöðum. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1996.

Félagsmálaráðuneytið 15. desember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I

Skrá yfir starfsemi sem um getur í 4. mgr. 1. gr.

1. Meðhöndlun blýkirnis.
2. Bræðsla og hreinsun á blýi og sinki (bæði frumvinnsla og eftirvinnsla).
3. Framleiðsla og meðhöndlun sprautuefna úr blýarsenati.
4. Framleiðsla blýoxíða.
5. Framleiðsla annarra blýsambanda (þ.m.t. sá þáttur í framleiðslu blýalkýlsambanda þar sem menn verða fyrir mengun af blýmálmi og jónasamböndum hans).
6. Framleiðsla á málningu, lakki, þéttiefni og litum sem innihalda blý.
7. Framleiðsla og endurnýting rafgeyma.
8. Handiðnaður þar sem tin og blý er notað.
9. Framleiðsla á lóðningarefni úr blýi.
10. Framleiðsla á skotfærum úr blýi.
11. Framleiðsla á hlutum úr blýi eða blýblendi.
12. Notkun málningar, lakks, þéttiefna og lita sem innihalda blý.

13. Keramíkiðnaður og leirkerasmíð.
14. Kristalgleriðnaður.
15. Plastiðnaður þar sem notuð eru íblöndunarefni með blýi.
16. Tíð notkun lóðningarefnis úr blýi í lokuðu rými.
17. Prentverk þar sem blý er notað.
18. Vinna við niðurrif, einkum að skrapa, brenna og logskera efni sem þakin eru með málningu sem inniheldur blý, svo og niðurrif búnaðar (t.d. blýofna).
19. Notkun skotfæra úr blýi í lokuðu rými.
20. Samsetning og viðgerðir bifreiða.
21. Framleiðsla á blýblönduðu stáli.
22. Hitameðferð stáls í blýbaði.
23. Blýhúðun.
24. Endurvinnsla blýs og málmleifa er innihalda blý.

VIÐAUKI II

Ákvæði sem um getur í 4. mgr. 5. gr.

1. Búnaðurinn skal samrýmast tækniforskriftum þeim sem settar eru fram hér að neðan:
   a) Inntakshraði lofts við opið: 1,25 m/s ± 10%.
   b) Loftstreymi: minnst 1 l/mín.
   c) Inntakssía: nota ætti síuhús með loki til að hindra að sían mengist.
   d) Þvermál inntaksops: minnst 4 mm til að hindra veggáhrif.
   e) Staða síu eða inntaksops: eftir því sem hægt er skal sían eða opið haft samsíða andliti starfsmannsins allan tímann meðan sýnið er tekið.
   f) Virkni síu: minnst 95% virkni fyrir allar agnir með fallþvermál 0,3 µm eða meira sem safnað er.
   g) Einsleitni síu: blýinnihald síunnar skal vera svo einsleitt sem kostur er til að unnt sé að bera saman báða helminga sömu síu.
2. Greina skal blýmagn í loftsýni því sem tekið er í samræmi við reglur 1. liðar með frumeindagleypinni litrófsmælingu eða einhverri annarri aðferð er gefur jafngildar niðurstöður.

VIÐAUKI III

Hagnýt ráð vegna heilsueftirlitsins sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

1. Niðurstöður rannsókna benda til þess að mikil upptaka blýs geti haft skaðleg áhrif á eftirtalda þætti:
   - blóðmyndun,
   - starfsemi maga- og garna,
   - starfsemi mið- og úttaugakerfisins,
   - nýrnastarfsemi.
2. Læknir sá sem ábyrgð ber á læknieftirliti starfsmanna er verða fyrir blýmengun skal vera kunnugur aðstæðum sem ráða áhrifum þeim sem hver starfsmaður verður fyrir.
3. Við klínískt eftirlit starfsmanna ber að fylgja góðum starfsvenjum; í því skal felast eftirfarandi:

- skráning á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,
- almenn skoðun og persónulegt viðtal þar sem sérstaklega er hugað að einkennum blýeitrunar á byrjunarstigi,
- mat á ástandi lungna (með tilliti til notkunar öndunargrímu).

Við fyrstu læknisskoðun, og reglulega eftir það samkvæmt úrskurði læknisins, ber að rannsaka blóð (einkum að finna blóðkornahlutfall) og þvag.

4. Til viðbótar ákvörðunum sem byggjast á niðurstöðum líffræðilegra mælinga skal læknir sá er annast skoðunina taka afstöðu til þess í hvaða tilfellum beri að ráða frá því að starfsmaður verði fyrir blýáhrifum eða hann verði fyrir þeim áfram að staðaldri. Mikilvægustu frábendingar eru:
   i) – meðfædd frávik:
      – dvergkornablóðleysi (þalassemía),
      – skortur á G-6-Pd;
   ii) – áunnið ástand:
      – blóðleysi (anemía),
      – nýrnabilun,
      – lifrarbilun.
5. Notkun klóbindiefna (chelating agents):
   Af læknisfræðilegum og siðfræðilegum ástæðum er notkun klóbindiefna til sjúkdómsvarna, stundum nefnd „fyrirbyggjandi meðferð", ótæk. Telja má að mörg klóbindiefni hafi eiturverkanir á nýru, ef þau eru gefin í langan tíma.
6. Meðferð við eitrun:
   Hana skulu sérfræðingar annast.

VIÐAUKI IV

Aðferðir til að mæla líffræðilega vísbenda sem um getur í 1. og 5. mgr. 6. gr.

Blýmagn í blóði:	**Frumeindagleypin litrófsmæling**
ALAU:	**DAVIS-aðferðin [1] eða jafngild aðferð**
ZPP:	**Blóðflúormæling [2] eða jafngild aðferð**
ALAD:	**Evrópsk staðalaðferð [3] eða jafngild aðferð**

[1] Davis J. R. og Andelman S. L. "Urinary delta-aminolevulinic acid levels in lead poisoning. A modified method for the rapid determination of urinary delta-aminolevulinic acid using disposable ion-exchange chromatographic columns". Arch. Environ. Health 15, 53-9 (1967).

[2] Blumberg W. E., Eisinger J., Lamola A. A. og Zuckerman D. M. "Zinc protoporphyrin level in blood determination by a portable hematofluometer. A screening device for lead poisoning". J. Lab. Clin. Med. 89, 712-723 (1977).

[3] a) Tilskipun ráðsins 77/312/EBE frá 29. mars 1977 um líffræðilega skimun íbúa vegna blýáhrifa. Stjtíð. EB nr. L 105, 28. 4. 1977, bls. 10 (III. viðauki).

b) A. Berlin og K. H. Schaller "European Standardized Method for the determination of delta-aminolevulinic acid dehydratase activity in blood". 3. Klin. Chem. Klin. Biochem. 12, 389-390 (1974).

REGLUR

um vinnu með vínýlklóríðeinliðu.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla þá starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem unnið er með vínýlklóríðeinliðu, eða þar sem hún getur myndast.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglnanna er að vernda starfsmenn, sem vinna á stöðum þar sem vínýlklóríðeinliða er framleidd, endurunnin, geymd, sett í ílát, flutt eða notuð á annan hátt, eða þar sem vínýlklóríðeinliðu er breytt í vínýlklóríðfjölliðu, og aðra þá starfsmenn þar sem þeir verða á annan hátt fyrir mengun af vínýlklóríðeinliðu við vinnu sína.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir vinnusvæði afmarkaðan hluta fyrirtækis, sem náð getur yfir eitt eða fleiri verksvæði. Á vinnusvæðum dvelja einstakir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma við vinnu sína, þannig að ekki er unnt að ákvarða nánar tímann sem þeir dvelja á einstökum verksvæðum og ekki er unnt að skipta vinnusvæðinu frekar í smærri einingar.

Í reglum þessum merkja mengunarmörk hæstu leyfilegu meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) í andrúmslofti starfsmanna miðað við 8 stunda vinnudag eða yfir annað tiltekið tímabil, sbr. reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Í reglum þessum merkja langtímaviðmiðunarmörk þau mörk sem meðalstyrkur vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti á vinnusvæði skal ekki fara yfir á einu ári. Skal einungis tekið tillit til þess styrks sem mældur er á meðan vinnsla stendur yfir og hversu langan tíma hún varir.

4. gr.

Mengunarmörk.

Mengun sem starfsmenn verða fyrir af vínýlklóríðeinliðu skal ekki fara yfir þau mörk sem gefin eru upp í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

Langtímaviðmiðunarmörk þau sem um getur í 3. gr., skulu vera þrír hlutar af milljón (3 ppm).

Til að unnt sé að komast að því á skemmri tíma en einu ári, hvort hætta sé á að farið sé yfir langtímamörkin, eru í samanburðartöflu í I. viðauka birt viðmiðunarmörk til leiðbeiningar í því skyni. Þegar meðalstyrkur er reiknaður skal ekki taka með þann styrk sem mældur er á viðvörunartímabilum þeim sem um getur í 6. gr.

5. gr.

Mengunarmælingar.

Fylgjast skal með styrk vínýlklóríðeinliðu á vinnusvæði með samfelldum eða stökum mælingum. Raðmælingar, þ.e. reglubundnar stakar mælingar, eru jafngildar samfelldum mælingum. Skylt er að nota aðferð til samfelldra mælinga eða fastra raðmælinga þegar um er að ræða lokað kerfi til fjölliðunar á vínýlklóríðeinliðu.

Mengun telst vera innan langtímaviðmiðunarmarka ef meðalstyrkurinn, reiknaður á grundvelli samfelldra mælinga eða raðmælinga yfir eins árs skeið, reynist ekki vera yfir

mörkunum. Ef um stakar mælingar er að ræða skulu mæligildi vera nægilega mörg til að hægt sé að spá með að minnsta kosti 95% öryggi fyrir um styrk vínýlklóríðeinliðu og sé þá gengið út frá forsendum þeim sem settar eru fram í I. viðauka, að raunverulegur meðalstyrkur muni ekki fara yfir langtímaviðmiðunarmörkin.

Mælingakerfi telst fullnægjandi sem greinir og skráir að minnsta kosti þau tilvik er styrkurinn nemur þriðjungi af langtímaviðmiðunarmörkunum.

Ef notuð eru mælingakerfi sem ekki stjórnast af aðstæðum skal skráð mæling gilda fyrir styrk vínýlklóríðeinliðunnar.

Skylt er að kvarða mælitæki reglulega. Við kvörðunina ber að nota viðeigandi aðferðir, byggðar á nýjustu tækniþekkingu.

Mæla skal styrk vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti á vinnusvæði til að færa sönnur á að styrkur sé undir langtímaviðmiðunarmörkunum, á mælistöðum sem valdir eru á þann veg að niðurstöðurnar gefi eins góða mynd af mengun vínýlklóríðeinliðu, sem starfsmenn verða fyrir á umræddu svæði, og kostur er. Mælistaðir geta verið einn eða fleiri á hverju vinnusvæði, eftir stærð þess. Ef mælistaðir eru fleiri en einn skal meðaltal gildanna frá öllum mælistöðunum notað sem mæligildi fyrir gervallt vinnusvæðið. Gefi niðurstöðurnar ekki dæmigerða mynd af styrk vínýlklóríðeinliðu á svæðinu ber að nota þann stað þar sem starfsmenn búa við hæstan meðalstyrk sem mælistað til að fylgjast með því að mengun fari ekki yfir langtímaviðmiðunarmörkin.

Heimilt er að nota, ásamt með mælingum, sem gerðar eru eins og lýst er í 6. mgr. þessarar greinar, mælingar sem byggjast á persónubundinni sýnatöku, þ.e. sem fengnar eru með búnaði sem einstaklingar, er verða fyrir mengun, bera á sér, til að kanna hvort valdir mælistaðir séu hentugir og til að afla annarra upplýsinga er tengjast tæknilegum forvörnum og heilsueftirliti.

Við mat á því hvort mengun sem starfsmenn verða fyrir sé undir þeim mengunarmörkum sem um getur í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun, skal gera persónubundnar mælingar frekar en staðbundnar mælingar, sé þess nokkur kostur.

6. gr.

Eftirlitskerfi.

Þar sem hugsast getur að styrkur vínýlklóríðeinliðu aukist óeðlilega skal koma upp eftirlitskerfi sem getur uppgötvað slíka aukningu. Aukist styrkurinn eins og hér var nefnt skal án tafar gera tæknilegar ráðstafanir til að finna orsakirnar og komast fyrir þær. Viðvörunarmörk fyrir slíkt eftirlit skulu ekki vera hærri á mælistað en 15 hlutar af milljón (15 ppm) ef um einnar klukkustundar meðalstyrk er að ræða, 20 hlutar af milljón (20 ppm) fyrir tuttugu mínútna meðalstyrk eða 30 hlutar af milljón (30 ppm) ef um tveggja mínútna meðalstyrk er að ræða. Sé farið yfir viðvörunarmörk þessi ber án tafar að gera ráðstafanir til verndar starfsfólki.

7. gr.

Skyldur atvinnurekanda.

Til að koma í veg fyrir hættu á heilsutjóni starfsmanna vegna mengunar af vínýlklóríðeinliðu skulu atvinnurekendur fylgjast með styrk vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti starfsmanna og á vinnusvæðinu og sjá til þess að mengun sé innan mengunarmarka og langtímaviðmiðunarmarka sbr. 4. gr.

Ef nauðsyn krefur skulu gerðar verndarráðstafanir sem taka til einstaklinga.

Starfsmönnum skulu veittar nægilegar upplýsingar um þá áhættu sem þeir búa við og þær varúðarráðstafanir sem ber að gera.

Halda skal skrá yfir starfsmenn þar sem fram kemur eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma, svo og mengun sem þeir hafa orðið fyrir.

Atvinnurekendur skulu sjá til þess að fram fari heilsueftirlit, sbr. 8. gr. Gera skal tæknilegar ráðstafanir sem hafa það grunnmarkmið að draga eins og framast er unnt úr styrk vínýlklóríðeinliðu sem starfsmenn verða fyrir mengun af á öllum vinnusvæðum innan fyrirtækja þeirra sem um getur í 1. mgr. 3. gr., og ber því að fylgjast með styrk vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti, sbr. 4., 5. og 6. gr.

Við tiltekin störf (t.d. hreinsun þrýstikatla, umhirðu og viðgerðir), þar sem ekki er hægt að tryggja með vinnutilhögun eða loftræstingu að styrkur efnanna haldist innan viðmiðunarmarkanna, skal atvinnurekandi gera viðeigandi ráðstafanir til verndar starfsfólki, t.d. með því að sjá því fyrir nauðsynlegum hlífðarbúnaði.

Atvinnurekendur skulu upplýsa starfsmenn þá sem um getur í 2. gr., bæði um leið og þeir eru ráðnir, eða áður en þeir hefja störf og með reglubundnu millibili eftir það, um hættur þær sem vínýlklóríðeinliða hefur í för með sér fyrir heilsu manna og um varúðarráðstafanir sem ber að gera þegar efnið er meðhöndlað.

Atvinnurekendur skulu halda skrá yfir starfsmenn þá sem getið er um í 2. gr., þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Skrána skal láta lækni þann sem annast læknisskoðun samkvæmt 8. gr. í té. Óski starfsmaður þess skal honum leyft að kynna sér þær upplýsingar í skránni sem hann varða.

Sé þess óskað skulu atvinnurekendur veita fulltrúum starfsmanna innan fyrirtækisins aðgang að niðurstöðum mælinga sem gerðar eru á verksvæðunum.

8. gr.

Heilsueftirlit.

Atvinnurekendum ber að tryggja að starfsmenn sem um getur í 2. gr. gangist undir læknisskoðun bæði um leið og þeir eru ráðnir eða áður en þeir hefja störf og síðar.

Ákvarða skal af viðkomandi lækni í hverju tilfelli hve oft skoðun sú sem um getur í 5. mgr. 7. gr. skuli fara fram og hvers eðlis hún eigi að vera. Í II. viðauka er að finna nauðsynlegar viðmiðunarreglur um þetta.

Skrárnar sem um getur í 9. mgr. 7. gr. og heilsufarsskýrslur skulu geymdar í 30 ár hið minnsta frá þeim degi er starfsemi sú hófst er starfsmennirnir sem um getur í 2. gr. stunda. Ef starfsemin er lögð niður skal koma skránum og skýrslunum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Fyrir þá starfsmenn sem hófu slík störf fyrir þann dag þegar ákvæði, sett samkvæmt þessum reglum, taka gildi, skal 30 ára tímabilið hefjast á þeim degi.

Varðveisla á skránum og heilsufarsskýrslunum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

Að öðru leyti skal heilsueftirlit vera í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðanir og heilsueftirlit.

9. gr.

Áfrýjun úrskurðar.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

10. gr.

Refsiákvæði.

Með brot gegn reglum þessum skal fara eftir ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af

ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 2. tölulið, XVIII. viðauka, tilskipun nr. 78/610/EBE, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um heilsuvernd starfsmanna sem verða fyrir mengun af vínýlklóríðeinliðu. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

Tölfræðilegur grundvöllur langtímaviðmiðunarmarka
(sbr. 3. mgr. 3. gr.)

1. Vegna mismunandi skilgreininga eru þau mengunarmörk fyrir leyfilegan styrk efna, sem hættuleg eru heilsu manna á vinnustöðum, mismunandi í hinum ýmsu löndum eins og stendur.
   Í þessum reglum er fjallað um ný „mengunarmörk", langtímaviðmiðunarmörk, sem eru tölfræðilega skilgreind og miðuð við árlegt meðaltal.
2. Mengunarmörk fyrir skemmri tímabil eru reiknuð út frá upplýsingum sem aflað hefur verið með umfangsmiklum mælingum á styrk vínýlklóríðeinliðu í vínýlklóríðfjölliðuiðnaði. Niðurstöður þeirra eru í samræmi við aðrar athuganir sem gerðar hafa verið bæði með tilliti til annarra hættulegra efna og í öðrum greinum iðnaðar.
   Þær upplýsingar sem þannig hafa fengist eru í stórum dráttum þessar:

a) dreifingu á styrk efna sem hættuleg eru heilsu manna má lýsa sem lógaritmanormaldreifingu
b) lógaritmadreifitalan $\sigma^2(\tau,T)$ er fall af viðmiðunartímanum, en τ á grundvelli hans er fundið meðaltal hinna einstöku gilda, og athugunartíminn T, sem öll einstöku gildin ná yfir. Þessu má, með nokkurri nálgun, lýsa með eftirfarandi jöfnu:

$$\sigma^2(\tau,T) = 2{,}5 \times 10^{-2} \log (T/\tau)$$

3. Á þessum forsendum er fundið hlutfall á milli viðmiðunarmarka fyrir skemmri tímabil og hinna tæknilegu langtímaviðmiðunarmarka:

Viðmiðunartímabil	Viðmiðunarmörk í ppm (í heilum tölum)	Hlutfall skammtímaviðmiðunarmarka af tæknilegum langtímaviðmiðunarmörkum
1 ár	3	1
1 mánuður	5	1,7
1 vika	6	1,95
8 klukkustundir	7	2,3
1 klukkustund	8	2,55

4. Líkur á því að farið verði fram úr ofangreindum mengunarmörkum á viðmiðunartíma sem er skemmri en eitt ár mega ekki vera meiri en 5% ef ársmeðalstyrkur vínýlklóríðeinliðu í andrúmslofti er þrír hlutar af milljón (3 ppm).

II. VIÐAUKI

Viðmiðunarreglur um heilsueftirlit með starfsmönnum
(sbr. 8. gr.)

1. Samkvæmt núverandi þekkingu geta menn sem verða fyrir mengun af vínýlklóríð-einliðu orðið fyrir heilsutjóni svo sem hér segir:
   - herslishúðarbreytingum,
   - blóðrásartruflunum í útlimum (áþekkum Raynaudsheilkennum),
   - beinhrörnun í útlimum (í ákveðnum beinum, einkum fingurkjúkum),
   - perílóbúlar-bandvefsaukningu í lifur og milta (áþekkum Bantisheilkennum),
   - truflunum á starfsemi lungna,
   - blóðflagnafæð,
   - æðasarkmeini í lifur.
2. Eftirliti með heilsu starfsmanna skal beint að öllum einkennum og heilkennum, með sérstakri áherslu á þau sem alvarlegust eru. Eftir því sem nú er vitað hefur ekki verið sýnt fram á að nein ákveðin einkenni eða einkennaflokkar séu undanfarar eða umskiptastig sarkmeins í lifur. Þar sem ekki eru þekktar neinar aðferðir til fyrirbyggjandi greiningar á þessum sjúkdómi sérstaklega verður lækniseftirlit að minnsta kosti að fela í sér eftirtaldar aðgerðir:
   - athugun á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,
   - klíníska skoðun á útlimum, húð og kviði,
   - röntgenmyndatöku af handarbeinum (á tveggja ára fresti).

   Æskilegt er að frekari athuganir séu gerðar, sérstaklega rannsóknir á rannsóknarstofum. Þær ber lækninum að ákveða í ljósi nýjustu þróunar á sviði atvinnusjúkdómafræði. Eins og stendur er lagt til að eftirtaldar rannsóknir séu gerðar með tilliti til faraldsfræðilegra kannana í framtíðinni:
   - þvagprófun (glúkósi, prótín, sölt og litarefni í galli, úróbílínógen),
   - blóðsökksprófun,
   - blóðflögutalning,
   - mæling á heildarmagni gallrauða,
   - mæling á magni transamínasa (SGOT, SGPT),
   - mæling á magni gammaglútamýltransferasa (GT)
   - týmólseyripróf,
   - mæling á magni alkalískra fosfatasa,
   - mæling á krýóglóbúlíni.
3. Eins og við allar líffræðilegar rannsóknir skal túlka niðurstöður prófana þessara með hliðsjón af þeim aðferðum sem notaðar eru og þeim normalgildum, sem rannsóknarstofan miðar við. Þegar um er að ræða starfræna truflun er þýðing hennar yfirleitt metin með heildarathugun á niðurstöðum hinna ýmsu prófana og framvindu þeirra afbrigðilegu atriða sem veitt hefur verið athygli. Það er almenn regla að afbrigðilegar niðurstöður ber að rannsaka frekar og gera frekari sérfræðilegar prófanir ef þörf krefur.
4. Læknir sá sem annast læknisskoðun metur í hverju tilviki hvort starfsmaður sé fær að starfa á ákveðnu vinnusvæði.

   Læknir sá sem annast læknisskoðun skal einnig meta frábendingar. Hinar mikilvægustu þeirra eru:
   - dæmigerðar æða- eða vefjaskemmdir sem geta verið í taugavef,
   - truflanir í starfsemi lungna,
   - klínísk eða líffræðileg lifrarbilun,
   - sykursýki,

- langvinn nýrnabilun,
- blóðflagnafæð og truflanir á blóðstorknun,
- ákveðnir langvinnir húðsjúkdómar, svo sem herslishúð,
- ofnotkun áfengis og/eða lyfjabinding.

5. Upplýsingarnar í þessum viðauka eru einungis ætlaðar til leiðbeiningar en þær eru teknar saman með hliðsjón af meinafræðilegum gögnum frá aftursýnum rannsóknum.

28. desember 1995 Nr. 700

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 7.000 skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

22. desember 1995 Nr. 701

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis Bolungarvíkur.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest deiliskipulag hafnarsvæðis Bolungarvíkur.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína, sbr. breytingu með rg. nr. 680/1994.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðar nr. 680/1994 um breytingu á rg. nr. 32/1990 bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Kaup svínaframleiðenda á fóðurkorni (heilbyggi og eða öðrum innfluttum korntegundum) frá og með 1. janúar 1995 skulu þó margfölduð með stuðlinum 1,3.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Nr. 703 15. desember 1995

AUGLÝSING

um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að vátryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturkeppni skuli nema 38.700.000 krónum vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 18.500 krónur að lágmarki og 185.000 að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatrygginga vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 3.870.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildir fyrir árið 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. desember 1995.

F. h. r.
Sigurður T. Magnússon.

Högni S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. desember 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Bolungarvíkur 1980-2000 frá 20. desember 1982.

Breytingarnar eru eftirfarandi:
- Útlínur hafnarinnar breytast.
- Vegakerfi breytist á þann hátt að Árbæjarkantur framlengist að Grundargarði og Hafnargata styttist og nær ekki lengra en að Hólsá.
- Íbúðareitur stækkar og verður blandaður reitur fyrir íbúðir, uppsátur og bátanaust.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeiða fyrir atvinnulausa.

1. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að úthluta styrkjum úr sjóðnum til námskeiða fyrir atvinnulausa til skerðingar á biðtíma að afloknu bótatímabili.

2. gr.

Þau námskeið eru styrkhæf sem skipulögð eru með þarfir atvinnulausra í huga, annað hvort atvinnulausra almennt eða ákveðinna hópa þeirra, og hafa að markmiði að auðvelda atvinnulausum að fá vinnu.

Heimilt er að styrkja almenn starfsmenntunarnámskeið ef sýnt þykir að þau geti nýst atvinnulausum jafnvel og námskeið sem sérstaklega eru ætluð þeim.

3. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal fyrir hvert ár gera áætlun um hversu miklu fjármagni skuli varið til námskeiða fyrir atvinnulausa á því ári til að unnt sé að fullnægja rétti atvinnulausra til að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið, sbr. 5. mgr. 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Áætlun stjórnar skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Starfsmenntaráð, sbr. 5. gr. laga um starfsmenntun í atvinnulífinu, nr. 19/1992, annast undirbúning úthlutana og leggur tillögur sínar um úthlutun fyrir stjórn Atvinnuleysis-

tryggingasjóðs til afgreiðslu. Við tillögugerð skal hafa til hliðsjónar að unnt sé að fullnægja þörfum fyrir námskeið sem víðast á landinu. Gerð skal tillaga um fjárhæð styrkja til hvers aðila á grundvelli samþykktar stjórnar sjóðsins um árlega fjárhæð styrkja og kostnaðaráætlunar og áætlunar umsækjanda um fjölda atvinnulausra þátttakenda.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur endanlega ákvörðun um úthlutun styrkja.

5. gr.

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki. Ráðinu er heimilt að skipta árinu niður í úthlutunartímabil.

Um umsóknir og meðferð þeirra, svo og skyldur þeirra sem námskeið halda fer, eftir því sem við á, samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu.

6. gr.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs annast greiðslu styrkja. Heimilt er að greiða styrk fyrirfram, að nokkru eða öllu leyti, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Skrifstofa Atvinnuleysistryggingasjóðs skal kynna vinnumiðlunum sveitarfélaga og úthlutunarnefndum námskeið sem samþykkt hefur verið að styrkja.

8. gr.

Styrkþegar skulu gera starfsmenntaráði og Atvinnuleysistryggingasjóði grein fyrir framkvæmd námskeiða og fjárhagsuppgjöri vegna þeirra innan frests sem starfsmenntaráð ákvarðar. Vanræksla á því getur komið í veg fyrir frekari styrkveitingar til aðila.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 37. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 148/1994, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

Nr. 706 28. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjarreits, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytt deiliskipulagi miðbæjarreits, á Akranesi. Miðbæjarreitur var áður hluti af staðfestu deiliskipulagi Arnartorgsreits er staðfest var 2. desember 1992.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Gildissvið.

1. Reglur þessar gilda um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

2. Reglurnar gilda ekki um:

a. merki sem notuð eru vegna flutninga á vegum, járnbrautum, vatnaleiðum, sjó eða í lofti,
b. markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna, vara og búnaðar nema það sé sérstaklega tekið fram í þessum reglum.

2. gr.
Orðskýringar.

Í reglum þessum merkir:

a. *öryggis- og heilbrigðismerki:* merki sem vísa til tiltekins hlutar, starfsemi eða aðstæðna og veita upplýsingar eða leiðbeiningar um öryggi á vinnustöðum og eru ýmist skilti, litur, ljós- eða hljóðmerki, munnleg fyrirmæli eða bendingar;
b. *bannmerki:* merki sem bannar atferli er valdið getur hættu;
c. *viðvörunarmerki:* merki sem vara við vá;
d. *boðmerki:* merki sem leiðbeina um viðbrögð;
e. *neyðarmerki:* merki sem leiðbeina um staðsetningu neyðarútganga ef hætta steðjar að, leið að neyðarútbúnaði eða staðsetningu björgunartækja;
f. *upplýsingamerki:* merki sem veitir aðrar upplýsingar en þær sem greint er frá í b) til e)-lið;
g. *skilti:* merki sem með samblandi af lögun, lit og tákni eða mynd veitir tilteknar upplýsingar og er gert sýnilegt með hæfilegri lýsingu;
h. *viðbótarskilti:* skilti sem einungis er notað samhliða einu skiltanna sem greint er frá í g)-lið og veitir viðbótarupplýsingar;
i. *öryggislitur:* litur sem hefur sérstaka merkingu í tengslum við öryggi;
j. *tákn eða mynd:* mynd sem lýsir tilteknum aðstæðum, veitir fyrirmæli um tiltekna hegðun og er notuð á skilti eða upplýsta fleti;
k. *ljósmerki:* merki frá tæki úr gagnsæjum eða gegnumlýsandi efnum sem er lýst innan eða aftan frá svo það virðist sjálft vera lýsandi flötur;
l. *hljóðmerki:* merki samkvæmt ákveðnu merkjakerfi, sent frá tæki sem er hannað í því skyni, án hjálpar manns- eða gerviraddar;
m. *munnleg fyrirmæli:* fyrir fram ákveðin boð töluð með manns- eða gervirödd;
n. *bending:* hreyfing eða staða handleggja og handa, samkvæmt merkjakerfi, til leiðbeiningar fyrir þá sem framkvæma hreyfingar er hafa hættu í för með sér fyrir starfsmenn.

II. KAFLI
Skyldur atvinnurekenda.

3. gr.
Almennar reglur.

1. Atvinnurekendur skulu setja upp öryggis- og heilbrigðismerki samkvæmt þessum reglum eða ganga úr skugga um að slík merki séu á stöðum þar sem hætta verður ekki

umflúin, eða ekki hægt að draga úr henni með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi.

2. Merkin sem getið er um í V. viðauka og notuð eru í tengslum við umferð á vegum, járnbrautum, vatnaleiðum, sjó og í lofti, skulu einnig notuð á yfirráðasvæðum fyrirtækja þar sem slíkt á við.

4. gr.

Öryggis- og heilbrigðismerki notuð í fyrsta sinn.

1. Öryggis- og heilbrigðismerki sem notuð eru á vinnustað eftir gildistöku þessara reglna verða að uppfylla lágmarkskröfur í I.-IX. viðauka.

2. Vinnueftirlitið getur heimilað undanþágu frá ákvæði 1. mgr. Í því tilviki gildir eftir því sem við á ákvæði í 9. gr. í reglum þessum.

5. gr.

Öryggis- og heilbrigðismerki sem eru nú þegar í notkun.

1. Öryggis- og heilbrigðismerki sem voru í notkun á vinnustað fyrir gildistöku þessara reglna verða að uppfylla lágmarkskröfur í I.-IX. viðauka eigi síðar en átján mánuðum frá þeim degi.

2. Vinnueftirlitið getur heimilað undanþágu frá ákvæði 1. mgr. Í því tilviki gildir eftir því sem við á ákvæði í 9. gr. í reglum þessum.

6. gr.

Upplýsingar og leiðbeiningar til starfsmanna.

1. Atvinnurekendur skulu sjá til þess að starfsmenn eða fulltrúar þeirra séu upplýstir um allar ráðstafanir sem á að gera varðandi öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustað.

2. Starfsmenn skulu fá viðeigandi leiðbeiningar, einkum með nákvæmum ábendingum um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustað. Í leiðbeiningunum skal fjallað um inntak merkjanna, einkum þeirra sem hafa texta, og um það hvernig starfsmenn skulu bregðast við þeim boðum sem þau fela í sér.

7. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð á því sviði sem reglur þessar taka til, að I.-IX. viðauka meðtöldum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

9. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlitið getur veitt heimild til að beitt sé öðrum ráðstöfunum, í stað ljós- og hljóðmerkjanna, sem kveðið er á um í þessum reglum, sem veita jafnmikla vernd. Við veitingu slíkra undanþága skal taka tillit til eðlis starfseminnar og stærðar fyrirtækjanna.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.
10. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.
11. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 92/58 EBE í 1. tölulið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. mars 1996.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1995.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

ALMENNAR LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMERKI Á VINNUSTÖÐUM.

1. Ábendingar.

1.1 Þegar krafist er öryggis- og heilbrigðismerkja samkvæmt almennu ákvæði 3. gr. verða þau að samrýmast hinum tilteknu kröfum í II.-IX. viðauka.

1.2 Í þessum viðauka eru þessar kröfur kynntar, mismunandi öryggis- og heilbrigðismerkjum lýst og nefndar almennar reglur um merki til vara og samspil merkja.

1.3 Heilbrigðis- og öryggismerki má aðeins nota til að veita þau fyrirmæli eða upplýsingar sem eru tilgreindar í reglunum.

2. Gerðir af merkjum.

2.1 Föst merki.

2.1.1 Nota skal föst skilti fyrir merki sem snerta bönn, viðvaranir og boð og til að sýna staðsetningu og gerð neyðarútganga og skyndihjálpar.
Nota skal föst skilti og/eða fastan öryggislit til að sýna staðsetningu og gerð slökkvibúnaðar.

2.1.2 Merki á ílát og rör verður að festa í samræmi við III. viðauka.

2.1.3 Staði þar sem hætta er á árekstrum við hindranir eða hrapi skal merkja varanlega með öryggislit og/eða skiltum.

2.1.4 Akstursleiðir skal merkja varanlega með öryggislit.

2.2 Tækifærismerki

2.2.1 Þegar lýst er yfir hættu, fólk látið gera vissar ráðstafanir og við brottflutning fólks í neyð skal, notast við ljósmerki, hljóðmerki og/eða munnleg fyrirmæli þegar þess þarf með og hafa hliðsjón af notkun merkja til vara og samspili merkja, samanber 3. lið.

2.2.2 Til að leiðbeina fólki við hættulegar hreyfingar skal notast við bendingar og/eða munnleg fyrirmæli þegar þess þarf með.

3. Merki til vara og samspil merkja.

3.1 Ef gagnið er hið sama má velja á milli:
- öryggislitar eða skiltis til að vara við hindrunum eða ójöfnum,
- ljósmerkja, hljóðmerkja eða munnlegra fyrirmæla,
- bendinga eða munnlegra fyrirmæla.

3.2. Sumar gerðir merkja má nota saman:
- ljósmerki og hljóðmerki,
- ljósmerki og munnleg fyrirmæli,
- bendingar og munnleg fyrirmæli.

4. Leiðbeiningarnar í töflunni hér að aftan eiga við um allir gerðir merkja með öryggislit:

Litur	Inntak eða tilgangur	Fyrirmæli eða upplýsingar
Rautt	Bannmerki	Hættulegt framferði
	Varúð - hætta	Stöðvun, lokun neyðarstopp Brottflutningur
	Slökkvibúnaður	Gerð og staðsetning
Gult/rauðgult	Viðvörunarmerki	Sýnið varúð, sýnið aðgát Athugun
Blátt	Boðmerki	Tiltekið framferði eða ráðstafanir Skylda að bera persónuhlífar
Grænt	Neyðarskilti Skyndihjálparmerki	Dyr, útgönguleiðir búnaður, herbergi
	Engin hætta	Hætta liðin hjá

5. Ekki má draga úr gagnsemi merkinga:

5.1 með öðru merki, ljós- eða hljóðuppsprettu sömu tegundar sem getur verið truflandi fyrir sjón og heyrn, og því skal:

5.1.1 forðast að setja of mörg merki of nálægt hvert öðru;

5.1.2 ekki nota samtímis tvö ljósmerki sem hægt er að villast á;

5.1.3 ekki nota ljósmerki ef svipuð ljósuppspretta er í grennd;

5.1.4 ekki nota tvö hljóðmerki samtímis;

5.1.5 ekki nota hljóðmerki ef umhverfishávaði er of mikill;

5.2 með lélegri hönnun merkja eða merkjabúnaðar, ónógum fjölda, rangri staðsetningu, vondu ásigkomulagi eða sakir þess að búnaðurinn starfar ekki rétt.

6. Merkjum og merkjabúnaði þarf, í samræmi við kröfur, að halda við, hreinsa hann, gera við, prófa og, ef þess þarf með, skipta um reglulega til að tryggja að hann haldi eiginleikum sínum og/eða geti ávallt gegnt hlutverki sínu.

7. Fjöldi og staðsetning uppsettra merkja eða merkjabúnaðar fer eftir því hve hættan er mikil eða eftir viðkomandi svæði.

8. Merki sem þarfnast einhvers konar orku þurfa að vera tengd varaafli ef aðalorkan bregst, nema hættan hverfi einnig með orkuleysinu.

9. Sending ljós- og/eða hljóðmerkis sýnir hvenær tilskilin aðgerð skal hefjast; merkjasendingarnar skulu standa eins lengi og aðgerðin varir.
Ljós- og hljóðmerki verður að tengja aftur strax eftir hverja notkun.

10. Prófa verður ljós- og hljóðmerkjabúnað áður en hann er tekinn í notkun til að tryggja að hann starfi eðlilega; síðan skal prófa þennan búnað reglulega eftir því sem þörf er á.

11. Ef viðkomandi starfsmenn eiga erfitt með að heyra eða sjá, t.d. vegna notkunar persónuhlífa, verður að gera ráðstafanir til að bæta við eða skipta um merki.

12. Svæði, herbergi eða rými sem eru notuð til geymslu á verulegu magni af hættulegum efnum eða efnablöndum verður að merkja með viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt lið 3.2 í II. viðauka eða merkja samkvæmt því sem segir í 1. lið III. viðauka, nema merkingar á einstökum pakkningum eða ílátum séu viðunandi í þessu tilliti.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI SKILTI.

1. Meginreglur.

1.1 Í 3. lið eru fyrirmæli um lögun og liti á skiltum, í samræmi við hlutverk þeirra (skilti sem tákna bann, viðvörun, boð, neyðarútgang og slökkvibúnað).

1.2 Táknmyndirnar eiga að vera eins einfaldar og unnt er og lausar við öll óþarfa smáatriði.

1.3 Táknmyndirnar sem eru notaðar mega víkja lítillega frá þeim sem eru sýndar í 3. lið, vera einfaldari eða flóknari, að því tilskildu að þær flytji sama boðskap og séu ekki torskildari.

1.4 Skiltin skulu vera úr efni sem stenst vel högg og þolir veður á uppsetningarstað.

1.5 Stærð, litur og andstæður á skiltunum skulu vera með þeim hætti að þau sjáist vel og séu skiljanleg.

2. Notkun öryggisskilta.

2.1 Öryggisskiltin skulu að jafnaði sett upp í heppilegri hæð og stöðu miðað við sjónarhorn, með hliðsjón af hindrunum, annaðhvort við inngang á svæði, sem almennt er

hættulegt að fara um, eða hið næsta við tiltekna hættu eða hlut, og á vel upplýstum, aðgengilegum og áberandi stað.
Að jafnaði skal nota fosfórliti, endurskinsefni og lýsingu þar sem náttúruleg birta er lítil.

2.2 Fjarlægja verður skilti ef ástæðurnar fyrir uppsetningu þess eru ekki lengur gildar.

3. Skilti.

3.1 Bannskilti
Meginreglur:
- hringlaga
- svört táknmynd á hvítum grunni, rauðir jaðrar og skástrik (rauði hlutinn á að hylja a.m.k. 35% af skiltisfletinum).



Reykingar bannaðar



Reykingar og opinn eldur bannaður



Bannað fótgangandi



Slökkvið ekki með vatni



Óhæft til drykkjar



Óviðkomandi bannaður aðgangur



Vinnuvélum bannaður aðgangur



Snertið ekki

3.2 Viðvörunarskilti
Meginreglur:
- þríhyrnd
- svört táknmynd á gulum grunni með svörtum jöðrum (guli hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).



Eldfim efni eða hár hiti[1)]



Sprengifim efni



Eiturefni



Ætandi efni




Geislavirk efni



Krani við vinnu




Flutningatæki á ferð



Hætta: rafmagn



Hætta



Leysigeislar




Eldnærandi efni



Ójónandi geislun

---

1) Ef ekki er sérstakt skilti fyrir háan hita.



Öflugt segulsvið



Ójöfnur




Hæðarmismunur



Líffræðileg hætta(*)



Lágur hiti



Skaðlegt eða ertandi efni(**)

3.3 Boðskilti

Meginreglur:

- hringlaga
- hvít táknmynd á bláum grunni (blái hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).



Skylt að bera augnhlífar



Skylt að bera öryggishjálm



Skylt að bera heyrnarhlífar

(*) Kveðið er á um þessa táknmynd í tilskipun 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB nr. L 374, 31.12.1990, bls. 1).

(**) Bakgrunnurinn á þessu skilti má í undantekningartilvikum vera rauðgulur ef það er gert til aðgreiningar frá tilsvarandi umferðarskilti.




Skylt að bera öndunargrímu




Skylt að nota öryggisskó



Skylt að bera hlífðarhanska



Skylt að klæðast hlífðarsamfestingi



Skylt að hafa andlitshlíf



Skylt að nota fallvörn



Gangið hér




Hætta (e.t.v. með viðbótarskilti)


3.4 Neyðarskilti


Meginreglur:

- rétthyrnd eða ferhyrnd
- hvít táknmynd á grænum grunni (græni hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).












Neyðarútgangar





Leiðaskilti (viðbótarupplýsingaskilti)



Skyndihjálp Sjúkrabörur Neyðarsturta Augnskolun




Neyðarsími fyrir skyndihjálp og björgun


3.5. Skilti varðandi slökkvibúnað

Meginreglur:

- rétthyrnd eða ferhyrnd
- hvít táknmynd á rauðum grunni (rauði hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).



Brunaslanga Brunastigi Slökkvitæki Neyðarsími til slökkviliðs



Leiðaskilti (viðbótarupplýsingaskilti)

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MERKI Á ÍLÁTUM OG RÖRUM.

1. Ílát sem eru notuð á vinnustöðum undir hættuleg efni og efnablöndur samkvæmt skilgreiningu í tilskipunum 67/548/EBE[1] og 88/379/EBE[2], ílát til geymslu á slíkum efnum og efnablöndum og sýnileg rör sem innihalda eða flytja hættuleg efni og efnablöndur verður að merkja (táknmynd eða tákn á lituðum grunni) í samræmi við þessar tilskipanir.
   Liður 1 á ekki við um ílát sem eru notuð um skamman tíma á vinnustöðum né ílát sem margoft er skipt um innihald í, að því tilskildu að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar, t.d. með fræðslu og/eða þjálfun, er veita jafnmikið öryggi.
   Í stað merkinganna sem um getur í 1. lið:
   - má nota viðvörunarmerki, samanber II. viðauka, með sömu táknmynd eða tákni,
   - eða bæta við þær upplýsingum, t.d. heiti hættulega efnisins og/eða formúlu þess, ásamt nánari upplýsingum um hættuna,
   - eða, við flutning íláta á vinnustað, bæta við þær eða nota í staðinn tákn sem eru notuð í bandalaginu við flutning hættulegra efna eða efnablandna.
2. Merkjunum verður að koma fyrir:
   - á þeirri hlið eða hliðum sem sjást,
   - með skiltum, sjálflímandi miðum eða mála þau á flötinn.
3. Meginreglurnar í lið 1.4 í II. viðauka og ákvæðin í 2. lið í II. viðauka um notkun skilta gilda, þar sem við á, einnig um merkingarnar sem um getur í 1. lið þessa viðauka.
4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. lið skal merkja rör á sýnilegum stað og nálægt þeim stöðum sem eru hættulegastir, t.d. við loka og tengi, og með hæfilegu millibili.
5. Svæði, herbergi eða rými sem eru notuð til geymslu á verulegu magni af hættulegum efnum eða efnablöndum verður að merkja með viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt lið 3.2. í II. viðauka eða merkja samkvæmt því sem segir í 1. lið III. viðauka, nema merkingar á einstökum pakkningum eða ílátum séu viðunandi í þessu tilliti, með hliðsjón af lið 1.5 í II. viðauka.
   Geymslustaði fyrir margs konar hættuleg efni eða efnablöndur má merkja með viðvörunarskiltinu „Hætta".
   Ofannefndum skiltum eða merkingum skal komið fyrir, eftir aðstæðum, nálægt geymslurými eða í dyrum að geymslurými.

---

[1] Stjtíð. EB nr. L196, 16.8.1967, bls. 1.

[2] Stjtíð. EB nr. L187, 16.7.1988, bls. 14.

IV. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI STAÐSETNINGU OG GERÐ SLÖKKVIBÚNAÐAR.

1. **Ábending.**
   Þessi viðauki gildir um búnað sem er einvörðungu notaður til að slökkva eld.
2. Slökkvibúnað þarf að merkja með sérstökum lit og gefa staðsetningu hans til kynna með skilti og/eða með því að nota ákveðinn lit sem táknar geymslustaði eða aðgang að þeim.
3. Til að merkja þennan búnað er notaður rauður litur.
   Rauði liturinn þarf að þekja svo stóran hluta af yfirborðinu að búnaðurinn verði auðþekkjanlegur.
4. Nota skal skiltin sem er kveðið á um í lið 3.5 í II. viðauka til að sýna staðsetningu þessa búnaðar.

V. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MERKINGAR Á HINDRUNUM OG HÆTTULEGUM STÖÐUM OG Á UMFERÐARLEIÐUM.

1. **Merkingar á hindrunum og hættulegum stöðum.**

1.1 Staði á byggðum svæðum fyrirtækja sem starfsmenn hafa aðgang að og þar sem hætta er á árekstrum, að hlutir hrapi niður eða menn hrasi skal merkja með gulum og svörtum eða rauðum og hvítum rákum.

1.2 Stærð merkinganna skal miðast við umfang hindrana eða staðinn sem er hættulegur.

1.3 Gulu og svörtu eða rauðu og hvítu rákirnar skulu mynda sem næst 45° horn og vera um það bil jafnbreiðar.

1.4 Dæmi:



2. **Merkingar á umferðarleiðum.**

2.1 Ef notkun húsakynna eða búnaður krefst þess, til varnar starfsmönnum, skulu akstursleiðir vera greinilega merktar með óslitinni rák í greinilegum lit, helst hvítum eða gulum, sem er valinn með hliðsjón af aðstæðum.

2.2 Rákirnar skulu settar þannig að þær sýni örugga fjarlægð frá ökutæki að nálægum hlut og milli ökutækja og fótgangandi manna.

2.3 Akstursleiðir utandyra á byggðum svæðum fyrirtækis skulu einnig merktar ef þess gerist þörf, nema þær séu vel afmarkaðar.

VI. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI LJÓSMERKI.

1. **Meginreglur.**

1.1 Ljósmerkið verður að gefa frá sér hæfilega sterkt og áberandi ljós í samræmi við aðstæður og tilganginn með notkun þess, og það má ekki vera svo bjart að það blindi né svo dauft að það sjáist illa.

1.2 Ljósflöturinn sem sendir frá sér merki getur verið einlitur eða með táknmynd á tilteknum bakgrunni.
1.3 Einliti flöturinn verður að vera í samræmi við töfluna um inntak lita í 4. lið I. viðauka.
1.4 Ef merki er með táknmynd verður táknmyndin að vera í samræmi við viðeigandi reglur í II. viðauka.

2. Ákveðnar reglur um notkun.

2.1 Ef búnaður getur sent frá sér jafnt stöðugt sem leiftrandi ljósmerki skal nota leiftrandi merki til marks um meiri hættu eða brýnni þörf á að gripið sé til aðgerða en þegar ljósmerkið er stöðugt.
Tíminn sem hvert leiftur varir og leifturtíðni frá ljósmerkjabúnaði skal vera með þeim hætti:
- að boðin skiljist fyllilega,
- að ekki sé hætta á að þeim sé ruglað saman við önnur ljósmerki eða stöðugt ljósmerki.

2.2 Ef leiftrandi ljósmerki er notað í staðinn fyrir hljóðmerki eða með því skal nota sama merkjakerfi.
2.3 Búnaður sem er notaður til að senda leiftrandi merki við alvarlegt hættuástand verður að vera undir sérstöku eftirliti eða hafa aukalampa.

VII. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI HLJÓÐMERKI.

1. Meginreglur.

1.1 Hljóðmerki skal:
a) vera áberandi hærra en umhverfishljóð svo það heyrist án þess að það sé óþarflega hávært eða sársaukafullt;
b) vera auðþekkjanlegt, einkum með hliðsjón af boðalengd, bilum milli boða eða boðaraða, og vera auðgreinanlegt frá öðrum hljóðmerkjum eða umhverfishljóðum.
1.2 Ef búnaður getur sent frá sér hljóðmerki á breytilegri og fastri tíðni skal nota breytilega tíðni til marks um meiri hættu eða brýnni þörf á að gripið sé til aðgerða en þegar hljóðmerkið er stöðugt.

2. Merkjakerfi.

Hljóðmerki um brottflutning í neyð skal vera stöðugt.

VIII. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MUNNLEG FYRIRMÆLI.

1. Meginreglur.

1.1 Munnleg fyrirmæli, sem er stutt mál, fastar klausur, samfellt mál eða einstök orð (stundum á merkjamáli), eru send frá mælanda til eins eða fleiri áheyrenda.
1.2 Munnleg fyrirmæli eiga að vera eins gagnorð og einföld og hægt er; framsetning mælanda og möguleikar áheyranda eða áheyrenda til að nema orð hans skulu vera með þeim hætti að ekki fari milli mála hver boðin eru.

1.3 Munnlegu fyrirmælin eru send út beint (mannsrödd) eða óbeint (mannsrödd eða gervirödd er útvarpað með þar til gerðum búnaði).

IX. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI BENDINGAR

1. Reglur.

Bendingar verða að vera nákvæmar, einfaldar, stórkarlalegar, auðveldar í framkvæmd og auðskildar, og mjög auðgreinanlegar frá öðrum slíkum merkjum.

Ef báðir handleggirnir eru notaðar í senn verður að hreyfa þá samhverft og til þess að gefa einungis eitt merki.

Að því tilskildu að merkin fullnægi ofangreindum skilyrðum mega þau víkja eilítið frá eða vera nákvæmari en þau sem sýnd eru í 3. lið; þau verða þó að hafa sama inntak og vera jafnskýr.

2. Ákveðnar reglur um notkun

2.1 Sá sem gefur merkin, hér á eftir nefndur „merkjamaður", veitir þeim sem móttekur fyrirmælin, og nefnist hér á eftir „stjórnandi", leiðbeiningar með höndum eða armleggjum.

2.2 Merkjamaðurinn verður að geta séð og fylgst með öllu verkinu án þess að stofna sér í hættu.

2.3 Skyldur merkjamanns skulu einungis felast í því að stýra verki og tryggja öryggi nærstaddra starfsmanna.

2.4 Ef tilgreindum skilyrðum í lið 2.2 er ekki fullnægt verður að bæta við einum eða fleiri merkjamönnum.

2.5 Stjórnandi verður að gera hlé á verki og biðja um ný fyrirmæli ef hann getur ekki framkvæmt þau fyrirmæli sem hann fékk á nógu öruggan hátt.

2.6 Aukahlutir

Stjórnandi verður að geta þekkt merkjamann auðveldlega.

Merkjamaður skal bera eitt eða annað sem gerir hann auðþekkjanlegan, t.d. stakk, hjálm, handstúkur, armbönd eða hafa í hendi spaða.

Þessir hlutir skulu vera í skærum lit, helst allir í sama lit og merkjamaðurinn einn nota þann lit.

Nr. 708 18. desember 1995

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Norðurlands.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Norðurlands.
Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.
Starfssvæði sjóðsins er Norðurland.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. Sjóðfélagar.

3.1. Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 3.2., allir þeir launþegar, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og kjarasamningar milli samtaka vinnuveitenda og eftirtalinna verkalýðsfélaga eða viðurkenndir launataxtar þeirra taka til:
Verkalýðsfélag Hrútfirðinga, Borðeyri
Verkalýðsfélagið Hvöt, Hvammstanga
Verkalýðsfélag Austur-Húnvetninga
Verkalýðsfélagið Fram, Sauðárkróki
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Verkalýðsfélagið Eining, Eyjafirði
Iðja, félag verksmiðjufólks, Eyjafirði
Félag byggingamanna Eyjafirði
Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Presthólahrepps
Verkalýðsfélag Raufarhafnar
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Byggingamannafélagið Árvakur, S-Þing.
Sé starfsmanni, sem er félagsmaður í ofangreindum félögum, skylt samkvæmt lögum að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.

3.2. Heimilt er launþega á starfssvæði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, enda þótt hann sé ekki félagi í ofangreindum stéttarfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.

3.3. Heimilt er launþega sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekanda á starfssvæði sjóðsins, heimilt að gerast sjóðfélagi. Í sambandi við biðtímaákvæði 12.-14. skal réttindatími manns, er notar sér heimildarákvæði þessarar málsgreinar til að gerast sjóðfélagi, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.

3.4. Nú óskar verkalýðsfélag, sem ekki á aðild að öðrum lífeyrissjóði, eftir aðild að þessum sjóði, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum verkalýðsfélagsins og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Einnig er heimilt að veita félagsmönnum starfsmannafélags tiltekins fyrirtækis, aðild að sjóðnum enda eigi þeir ekki beina aðild að lífeyrissjóði með aðild að stéttarfélagi og sé ekki skylt að vera félagsmenn í öðrum lífeyrissjóði. Ennfremur er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum og sjálfstætt starfandi atvinnurekendum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

3.5. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. Stjórn.

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Þrír skulu kosnir af launþegum og þrír af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launþega fer fram á aðalfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.

4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár.

4.3. Sex varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn.

4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þurfa fjórir stjórnarmenn að greiða henni atkvæði.

5. Fulltrúaráð og aðalfundur.

5.1. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari. Meðlimir fulltrúaráðs, samkvæmt 5.3., eiga rétt til setu á aðalfundi sjóðsins með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á aðalfundum sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt.

5.2. Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög sem eiga aðild að sjóðnum, krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá V.S.Í. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins og V.S.Í., með minnst 14 daga fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

5.3. Fulltrúaráðið skal skipað jafn mörgum fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Fulltrúar launþega skulu þannig valdir að hvert aðildarfélag að lífeyrissjóðnum samkvæmt 3.1. kýs úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn, eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda skulu þannig valdir að 20 stærstu greiðendur iðgjalda til sjóðsins á næstliðnu reikningsári tilnefna einn fulltrúa hver, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands það sem á vantar jafna tölu fulltrúa atvinnurekenda og launþega í fulltrúaráðinu.
Fulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn.

5.4. Í atkvæðagreiðslum, sem fara fram á aðalfundi, eða aukafundum fulltrúaráðs, skulu fulltrúar launþega og atvinnurekenda fara með helming atkvæða, hvorir um sig, án tillits til fjölda fulltrúa á fundi.

5.5. Á aðalfundi skal taka fyrir:

5.5.1 Skýrslu stjórnar

5.5.2 Kynningu og afgreiðslu á ársreikningum

5.5.3 Tryggingarfræðilega úttekt, þegar hún liggur fyrir

5.5.4 Kosningu stjórnarmanna.

Fulltrúar launþega í fulltrúaráð skulu kjósa tvo aðalmenn í stjórn, þau ár sem atvinnurekendur tilnefna einn mann í stjórn og einn aðalmann í stjórn þau ár, sem atvinnurekendur tilnefna tvo aðalmenn í stjórn. Á sama hátt skulu fulltrúar atvinnurekenda tilkynna um kjör framkvæmdastjórnar V.S.Í. á einum aðalmanni í stjórn þau ár sem fulltrúar launþega kjósa tvo aðalmenn í stjórn og um kjör tveggja aðalmanna í stjórn þau ár, sem fulltrúar launþega kjósa einn aðalmann í stjórn. Um kosningu varamanna fer með sama hætti. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár.

5.5.5 Kosningu skoðunarmanna.
Fulltrúar launþega í fulltrúaráð skulu á aðalfundi kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Fulltrúar atvinnurekenda skulu tilkynna kjör framkvæmdastjórnar V.S.Í. á einum skoðunarmanna ársreikninga og einum til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.

5.5.6 Kosningu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarskrifstofu. Einfaldur meirihluti atkvæða í fulltrúaráði ræður niðurstöðu. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

5.5.7 Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, fer skv. ákvæðum 23.

5.5.8 Laun stjórnar og skoðunarmanna.

6. Afgreiðsla, reikningar og endurskoðun.

6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem aðalfundur kýs og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum sbr. ákvæði 5.5.5 og 5.5.6.

6.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka á leigu húsnæði, ráða starfsfólk til að annast daglega afgreiðslu og bókhald sjóðsins eða semja við banka, endurskoðunarskrifstofu eða annan aðila um þessi störf að nokkru eða öllu leyti, og gera aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu sjóðsins.

7. Tryggingafræðileg athugun.

7.1. Þriðja hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að meta framtíðarstöðu sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og við mat á framtíðarstöðu hans, skal hann ganga út frá spá um væntanlegar verðlagsbreytingar og ávöxtun, sem byggir á reynslu liðinna ára. Í skýrslu tryggingafræðings skal koma fram hve langan tíma fjármagn sjóðsins og vextir af því nægja til lífeyrisgreiðslna.

7.2. Telji tryggingafræðingurinn rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhag sjóðsins sé þannig háttað að ekki sé samræmi milli eigna og skuldbindinga miðað við tryggingafræðilegar forsendur, skal hann gera tillögur um hlutfallslega hækkun eða lækkun lífeyrisréttinda, er grípa skal til. Leggi tryggingafræðingur til að nauðsynlegt sé, miðað við fjárhagslega stöðu sjóðsins og óbreyttar tryggingafræðilegar forsendur, að grípa til lækkunar á lífeyrisréttindum, skal stjórnin þegar í stað kanna hvort möguleiki sé á að finna aðrar leiðir til að breyta fjárhag sjóðsins, áður en gripið verður til slíkra lækkana.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Stefna sjóðsins er að ávaxta fjármuni hans í heimabyggð, í eins ríkum mæli og hagkvæmt og skynsamlegt er talið og nýta fjármuni hans í þeim mæli, sem skynsamlegt er talið, til uppbyggingar atvinnulífs á Norðurlandi, með hlutafjárkaupum og lánum til arðbærra framkvæmda og fyrirtækja, skv. heimildum 8.1.1-8.1.8. Stjórnin skal leggja fyrir aðalfund fjárfestingarstefnu sjóðsins, um fjárfestingar í öllum tegundum verðbréfa, s.s. vegna fjárfestinga í skuldabréfum og hlutabréfum. Stjórnin skal leggja fram sérstaklega stefnu sína í fjárfestingum í öllum tegundum hlutabréfa sbr. ákvæði 8.1.6. Skal þannig framlögð stefna samþykkjast af aðalfundi.
Fé sjóðsins skal ávaxtað á eftirfarandi hátt:

8.1.1 Í ríkisverðbréfum og verðbréfum með ábyrgð ríkissjóðs.

8.1.2 Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 86/1985 og 87/1985, m.m.t. í verðbréfum útgegnum af þessum aðilum, eða með ábyrgð þeirra.

8.1.3 Í verðbréfum bæjar- og sveitarfélaga eða verðbréfum með ábyrgð bæjar- og sveitarfélaga, enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga að mati sjóðsstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.

8.1.4 Í verðbréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en getið er hér að framan enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

8.1.5 Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum. Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum ef markaðsverð eigna gefur tilefni til þess.

8.1.6 Í hlutabréfum traustra fyrirtækja, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands (VÞÍ). Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á VÞÍ, skal aldrei vera lægri en sem nemur 85% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.

Í hlutabréfum traustra fyrirtækja, sem skráð eru á Opna tilboðsmarkaðnum (OTM), enda séu regluleg viðskipti með hlutabréf þessara fyrirtækja á markaðnum og að fyrirtækin uppfylli að öðru leyti þau skilyrði varðandi eiginfjárhlutfall, heildarmarkaðsviróði hlutafjár o.s.frv., sem sjóðurinn hefur sett sér um fjárfestingar í slíkum félögum. Hlutabréfaeign sjóðsins í félögum skráðum á OTM skal aldrei vera meiri en sem nemur 15% af heildarhlutabréfaeign sjóðsins.

Í hlutabréfum traustra óskráðra fyrirtækja, enda uppfylli þessi fyrirtæki þau skilyrði, sem sjóðurinn hefur sett sér um fjárfestingar í slíkum félögum. Heildarhlutabréfaeign sjóðsins í slíkum félögum skal þó aldrei fara yfir 2% af heildarhlutafjáreign sjóðsins.

Í eignarhlutum eða hlutabréfum fyrirtækja, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í rekstri sjóðsins.

Aldrei skal verja meiru en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutabréfum. Árleg hlutabréfakaup teljast í þessu sambandi einvörðungu kaup umfram sölu á hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í þróunarfélögum og hlutabréfasjóðum, með dreifða eignasamsetningu eða félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í rekstri sjóðsins.

Hlutabréfaeign sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessa töluliðar skal á hverjum tíma ekki vera meira en 15% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

8.1.7 Í skuldabréfum og víxlum félaga með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

8.1.8 Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris og skal stjórn sjóðsins gæta eðlilegrar áhættudreifingar í því sambandi.

8.1.9 Heimilt er sjóðnum, að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim, sem tilgreind eru í 9.2. eða ákveðin af sjóðstjórn samkvæmt 9.3. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.

9.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

9.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn, svo og þeirra, sem hún veitir heimild til þátttöku sbr. 3.4.

9.4. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka frá gjalddaga til greiðsludags.

9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal miðað við grundvallarlaun, sem tengd eru lánskjaravísitölu þeirri, sem Seðlabanki Íslands auglýsir skv. heimild í 39. grein laga nr. 13/1979. Grundvallarlaun þau sem við er miðað voru kr. 45.602 í janúar 1992 miðað við lánskjaravísitölu janúarmánaðar 1992, þ.e. 3196 stig, og tekur sömu hlutfallsbreytingu í mánuði hverjum og lánskjaravísitalan. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákvarða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verinn af sjóðstjórn reynist síðan ónothæfur.

10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 10.2.
Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða og ef árin verða fleiri en 30 með framreikningi, skal þó aðeins reiknað að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða. Ef áunnin stig eru fleiri en stig 30 bestu áranna, skal reikna áunnin stig að fullu og að hálfu mismun áunninna stiga og heildarstiga samkvæmt framreikningi.

10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 17.

11. Ellilífeyrir.

11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri frá sjóðnum.

11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er 1. dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér fram að töku lífeyris margfölduðum með stuðlinum 1,4.

11.3. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku lífeyris til allt að 75 ára aldurs. Ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris eftir 67 ára aldur en fyrir 70 ára aldur hækkar stuðullinn 1,4 í 11.1. um 0,0112 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem töku lífeyris er frestað frá 67 ára aldri, til margföldunar á þeim stigum, sem sjóðfélaginn ávann sér fyrir 70 ára aldur og er margföldunarstuðullinn við 70 ára aldur þá 1,8. Ef sjóðfélagi frestar töku lífeyris fram yfir 70 ára aldur allt að 75 ára aldri hækkar stuðullinn 1,8 við 70 ára aldur um 0,0126 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem töku hans er frestað og er margföldunarstuðullinn við 75 ára aldur þá 2,56. Stig, sem áunnin eru eftir 70 ára aldur skal margfalda með 1,4.

12. Örorkulífeyrir.

12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann

a) greitt gjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára,
b) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
c) orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 14.3. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

12.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.

12.3. Þegar skilyrði 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs samkvæmt 12.4. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þess sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, er rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Séu skilyrði 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við 16.3.

12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

a) Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar

meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksárinu sem lakast er.

b) Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal að viðbættum 10% verði árleg stig með þessu móti lægri en stig reiknuð í samræmi við a-lið.

c) Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,4 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,4 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

d) Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a. eða b., meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 árum, en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.c.

12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.

12.7. Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða hafði greitt til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum meðan skilyrði 13.3., 13.4., eða 13.5. eru uppfyllt.

13.2. Fullur makalífeyrir skal alltaf greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum 13.3., 13.4., eða 13.5.

13.3. Ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945 skal makalífeyrir þó samkvæmt 13.5. lækka um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár, sem

makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

13.4. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka.

13.5. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 40% öryrki.

13.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður skv. 12.4. margfölduðum með 0,9.

13.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt 13. telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

13.8. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil.

14. Barnalífeyrir.

14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.2. Barnalífeyrir með hverju barni nemur kr. 9.800 fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu 3196 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð stig færri reiknast barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

14.3. Sé sjóðfélaga úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 12. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins lækka í sama hlutfalli. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

14.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15. Uppbætur á lífeyri.

15.1. Nú verður hækkun á grundvallarlaunum þeim, sem stigaútreikningur miðast við sbr. 10.2., eftir að lífeyrir samkvæmt 11., 12. eða 13. hefur verið úrskurðaður, og skal þá sjóðstjórn taka ákvörðun um, hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki, sem tryggingafræðingur hefur lagt til sbr. 7. Uppbætur, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur tryggingafræðings, falla ekki niður, þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir, sbr. þó 7.2.

16. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

16.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

16.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 17.

16.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 16.1. og 16.2.

17. Endurgreiðsla iðgjalda.

17.1. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru send vegna starfandi manna, sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 10.4., skal hann endurgreiða hluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

18. Flutningur réttinda.

18.1. Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum p.a. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð.

18.2. Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrssjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

19. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

19.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

20. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

20.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

20.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

20.3. Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

21. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

21.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

22. Gerðardómur.

22.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti. Skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

23. Breytingar á reglugerðinni.

23.1. Tillögur um breytingar á reglugerð má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins fyrir apríllok, sama ár og taka á þær fyrir á aðalfundi og eigi síðar, en mánuði fyrir aðalfund. Stjórn sjóðsins skal þá þegar senda aðildarfélögum sjóðsins og V.S.Í. tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Hafi breytingin veruleg áhrif á fjárhag sjóðsins, að mati stjórnar, skal liggja fyrir tryggingafræðilegt mat á áhrifum hennar.

23.2. Reglugerðarbreytingin, tekur því aðeins gildi að hún hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa launþega á aðalfundi og hafi hlotið staðfestingu framkvæmdastjórnar V.S.Í.

24. Ákvæði til bráðabirgða. Skuldabréfakaup af Speli hf.

Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa af Speli hf. vegna fjármögnunar Hvalfjarðarganga. Skuldabréfakaup þessi mega ekki nema hærri upphæð en 1,4% af hreinni eign sjóðsins, eins og hún var 31. desember 1994 m.v. verðlag þess tíma.

25. Gildistaka.

Reglugerð þessi gildir frá 1. ágúst 1995.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

fyrir Samvinnulífeyrissjóðinn.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

Sjóðurinn heitir Samvinnulífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðsfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

3. gr.

Aðildarfyrirtæki og sjóðsfélagar.

3.1 Aðildarfyrirtæki sjóðsins eru Samband íslenskra samvinnufélaga og Sambandsfélögin, svo og fyrirtæki og samstarfsfyrirtæki Sambandsins og Sambandsfélaganna.

3.2 Sjóðsfélagar er allir starfsmenn ofangreindra fyrirtækja.

3.3 Undanþegnir sjóðsaðild eru þeir starfshópar sem nú greiða skv. samningum Vinnumálasambands samvinnufélaga í aðra sjóði.

3.4 Sjóðsfélagi skal hafa náð 16 ára aldri.

3.5 Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðsfélagar.

3.6 Stjórn sjóðsins er heimilt að veita heilum launþegahópi eða einstökum launþegum aðild að sjóðnum, sbr. þó 3.3 og 3.4. Umsókn um slíka aðild skal vera skrifleg.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

4.1 Lífeyrissjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn.

4.2 Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum kosnum af aðalfundi sjóðsins. Skulu fulltrúar launþega kjósa tvo úr sínum hópi og fulltrúar aðildarfyrirtækja sömuleiðis tvo úr sínum hópi. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt.

4.3 Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Hætti stjórnarmaður störfum innan aðildarfyrirtækjanna skal varamaður taka sæti hans til næsta aðalfundar.

4.4 Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Þó skulu fulltrúa aðildarfyrirtækja og sjóðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt kjörtímabil í senn.

4.5 Formaður boðar varamenn á stjórnarfundi, þegar þurfa þykir.

4.6 Stjórn eða framkvæmdastjóra sjóðsins er ekki heimilt að láta sjóðinn ganga í ábyrgðir né taka á sig aðrar skuldbindingar en getið er um í reglugerð þessari.

5. gr.

Aðalfundur sjóðsins.

5.1 Árlega skal haldinn aðalfundur sjóðsins eigi síðar en í maímánuði. Stjórn sjóðsins skal boða til aðalfundar að minnsta kosti sjö dögum fyrir fundardag.

5.2 Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári.
2. Ársreikningar lagðir fram til staðfestingar.
3. Kosning stjórnar skv. 4. gr. (annað hvert ár).
4. Kosning endurskoðenda sjóðsins skv. 6. gr. (annað hvert ár).
5. Tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins sbr. 22. gr. ef fyrir liggja.
6. Önnur mál.

5.3 Réttur til fundarsetu er eftirfarandi:
Hvert aðildarfyrirtæki sjóðsins kýs einn fulltrúa á fundinn og starfsmenn þess sömuleiðis einn fulltrúa. Vægi atkvæða á aðalfundi skal vera eftirfarandi:
Eitt atkvæði skal gilda fyrir hver 10 stig, sbr. gr. 10.1, sem starfsmenn fyrirtækis hafa öðlast hjá sjóðnum á undangengnu almanaksári. Vægi þetta gildir jafnt fyrir fulltrúa sjóðsfélaga sem og fulltrúa aðildarfyrirtækja.

6. gr.

Reikningar sjóðsins og endurskoðun.

6.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og tveimur endurskoðendum kjörnum á aðalfundi. Skal annar vera fulltrúi aðildarfyrirtækja en hinn fulltrúi sjóðsfélaga. Tveir varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

6.2 Endurskoðendur skulu kosnir til tveggja ára.

7. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

7.1 Stjórn sjóðsins skal fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhagsstöðu sjóðsins eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninga sinna.

7.2 Sýni uppgjörið eignir umfram skuldbindingar, má verja þeim til hlutfallslegrar hækkunar á lífeyrisréttindum sjóðsfélaganna. Einnig getur aðalfundur ákveðið að leggja þær, eða hluta þeirra, í varasjóð. Sýni uppgjörið að eignir dugi ekki fyrir skuldbindingum skal hann gera tillögur til stjórnar um skerðingu lífeyrisréttinda, ef ekki finnast aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins.

8. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

8.1 Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert að teknu tilliti til ávöxtunar og öryggis. Eingöngu er heimilt að gera það á eftirfarandi hátt:

8.1.1 Í ríkisverðbréfum og verðbréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.

8.1.2 Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 43/1993, svo og í innlánsdeildum skv. lögum um samvinnufélög nr. 22/1991, sem aðild eiga að Tryggingasjóði innlánsdeilda.

8.1.3 Í skuldabréfum sjóðsfélaga tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði. Einnig í öðrum fasteignatryggðum skuldaskjölum. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um láns- og veðhæfni.

8.1.4 Í verðbréfum stofnlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarstofnana eða annarra lánastofnana en getið er hér að framan, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða

séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, einnig í verðbréfum útgefnum af bæjarfélögum.

8.1.5 Til kaupa á Samvinnuhlutabréfum og hlutabréfum í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi enda séu engar hömlur á viðskiptum með eignarhluti í félaginu. Þó má verja 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á öðrum hlutabréfum. Þessi undanþága gildir þó aðeins út árið 2000. Fjárfestingar í hlutabréfum skulu þó vera að hámarki 15% af eignum sjóðsins.

8.1.6 Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega og er opinn almenningi. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

8.2 Sjóðurinn má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Þó er sjóðnum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt. Heimilt er þó að draga sölu eigna sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.

9. gr.
Iðgjöld.

9.1 Iðgjöld skulu vera 11,5% af heildarlaunum sjóðsfélaga. Skiptist iðgjaldið þannig, að sjóðsfélaginn greiðir 4,5% en aðildarfyrirtæki 7%.

9.2 Enginn greiðir iðgjöld lengur en til 75 ára aldurs, eða eftir að taka ellilífeyris er hafin.

9.3 Aðildarfyrirtæki ber að halda iðgjöldum sjóðsfélaga eftir af heildarlaunum hans og standa sjóðnum skil á þeim við hverja útborgun ásamt eigin iðgjaldahluta. Áskilinn er réttur til að reikna vanskilavexti 10 dögum eftir hverja útborgun og síðan á mánaðarfresti frá útborgunardegi.

9.4 Sjóðsfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

9.5 Lífeyrissjóðurinn skal tvisvar ár hvert, eigi síðar en 1. apríl og 1. október, senda sjóðsfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld, ásamt aðvörun um brottfall greiðsluábyrgðar Ábyrgðarsjóðs launa, verði vanskil ekki sannanlega tilkynnt sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlitsins.

10. gr.
Grundvöllur lífeyrisréttinda.

10.1 Samanlögð iðgjöld sjóðsfélaga hvert almanaksár skulu umreiknast í stig, sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

10.2 Að baki stigaútreikningi eru grundvallarlaun fyrir hvern mánuð. Þau eru í apríl 1993 kr. 69.555 og breytast í hlutfalli við þróun lánskjaravísitölu frá 3278 stigum.

10.3 Stig ársins eru reiknuð þannig að í árslaun sjóðsfélaga sem hann hefur greitt iðgjald af til sjóðsins er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 10.2.

10.4 Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

10.5 Ef sjóðsfélaginn hefur öðlast stig fyrir fleiri en 30 ár skal reikna með unnum stigum þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðsfélagann, að fullu, en stigum þeirra ára sem umfram eru að hálfu.

11. gr.

Ellilífeyrir.

11.1 Hver sjóðsfélagi sem orðinn er 70 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

11.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum sjóðsins í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðsfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

11.3 Sá sem er orðinn 65 ára en ekki 70 ára og uppfyllir skilyrði 11.1 að öðru leyti má hefja töku ellilífeyris. Upphæð ellilífeyris samkvæmt 11.2 lækkar þá um 0,5% fyrir hvern mánuð sem sjóðsfélagann vantar upp á 70 ára aldur.

11.4 Hafi sjóðsfélagi þegið örorkulífeyri úr sjóðnum skal auk áunninna stiga reikna honum stig vegna þess tíma er hann tók örorkulífeyri. Eru þau jafnhá þeim stigum sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð honum fyrir sama tímabil. Hafi örorka verið minni en 100% reiknast stigin hlutfallslega við örorkumatið. Hafi slíkur örorkulífeyrir verið skertur sbr. 12.6 á einhverju tímabili skerðast stig þessi í sama hlutfalli.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

12.1 Sjóðsfélagi sem ekki er orðinn 65 ára og greitt hefur iðgjald til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum á rétt á örorkulífeyri skv. 12.2 til 12.9.

12.2 Örorkulífeyrir er greiddur ef tryggingayfirlæknir eða trúnaðarlæknir sjóðsins meta örorkuna a.m.k. 40% (örorkuprósenta). Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftar.

12.3 Örorkumatið skal miða við vanhæfni sjóðsfélaga til almennra starfa. Fyrstu þrjú árin skal þó miða við vanhæfni hans til þess starfs, sem hann gegndi áður og veitti honum aðild að sjóðnum. Hafi sjóðsfélagi verið öryrki er hann hóf iðgjaldagreiðslur í sjóðinn fellur niður réttur til örorkulífeyris.

12.4 Til grundvallar örorkulífeyri eru lögð þau stig, sbr. 10. gr., sem sjóðsfélaginn hefur öðlast, auk þeirra stiga sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 10.5, 12.9 og 15.3. Reynist framangreint þriggja ára meðaltal óraunhæft er stjórn lífeyrissjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal réttinda annars tímabils enda þyki það gefa betri vísbendingu um framtíðartekjutap sjóðsfélagans.

12.5 Örorkulífeyrir er hundraðshluti af grundvallarlaunum í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda samkvæmt 12.4 margfölduðum með örorkuprósentunni skv. 12.2 margfölduðum með 1,8.

12.6 Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðsfélagi hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar.

12.7 Skylt er sjóðsfélaga sem sækir um örorkulífeyri eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

12.8 Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur eða þegar taka ellilífeyris hefst.

12.9 Stafi örorka af sjálfskaparvíti eða stórkostlegri óvarkárni skal réttur til framreiknings skv. 12.4 skerðast eða falla niður.

13. gr.

Makalífeyrir.

13.1 Nú andast sjóðsfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllir skilyrði 12.1 og á þá eftirlifandi maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum frá því að laun sjóðsfélagans féllu niður á meðan eitthvert skilyrða 13.1.1 og 13.1.2 eða 13.1.3 eru uppfyllt, enda hafi hjónin ekki verið skilin að borði og sæng.

13.1.1 Maki sjóðsfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal fjárhæð makalífeyris lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, um 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, um 2% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1935, og loks um 2% að auki fyrir hvert ár sem hann er fæddur eftir 1. janúar 1940.

13.1.2 Yngsta barn sjóðsfélaga sé yngra en 20 ára og á framfæri maka.

13.1.3 Maki sjóðsfélagans sé að minnsta kosti 40% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri skv. 13.4 og orkutap hans er metið. Örorkuna skal meta á 3 ára fresti eða oftar.

13.2 Þegar makalífeyrir er úrskurðaður skal velja það skilyrði 13.1.1, 13.1.2 eða 13.1.3 sem maka er hagstæðast í hverju tilfelli.

13.3 Þrátt fyrir ákvæði 13.1.2 og 13.1.3 skal greiða eftirlifandi maka fullan makalífeyri í 18 mánuði, skv. 13.4, eftir að laun sjóðsfélagans féllu niður.

13.4 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum í þeim mánuði er taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda skv. 12.4.

13.5 Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris. Sama regla gildir ef hinn eftirlifandi maki býr með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.

13.6 Nú andast sjóðsfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 13.1 um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannarlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

14. gr.

Barnalífeyrir.

14.1 Nú andast sjóðsfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðsfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðsfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, skal lífeyrir þess vera 5,5% af grundvallarlaunum sjóðsins, sbr. gr. 10.2.

14.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðsfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka skv. 12. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

14.4 Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðsfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

15. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

15.1 Nú falla niður launagreiðslur til sjóðsfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan þannig stendur á. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannarlega fallið niður af þessum ástæðum reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma séu uppfyllt.

15.2 Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðsfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda skv. 15.4.

15.3 Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðsfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 15.1 og 15.2.

15.4 Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld úr sjóðnum nema til erlends ríkisborgara, sem flyst af landi brott, en þó ekki til ríkisborgara innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Endugreiðslufjárhæðin er ársgrundvallarlaun á greiðsludegi skv. 10.2, margfölduð með stigum viðkomandi manns hjá sjóðnum, margfölduð með 0,045, en án vaxta.

15.5 Hafi iðgjöld verið endurgreidd fellur niður sá lífeyrisréttur sem grundvallaðist á þeim.

16. gr.

Flutningur réttinda.

Ekki skal flytja iðgjöld og þar með talin bundin réttindi til þessa sjóðs eða frá honum, sbr. þó 17. gr.

17. gr.

Samningur um gagnkvæm réttindi o.fl.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfellingu réttinda þegar sjóðsfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindi myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki aðalfundar sjóðsins svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. gr.

Greiðslur lífeyris.

18.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

18.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða. Er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi skv. reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

18.3 Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til hennar falli niður og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

19. gr.

Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Niðurfelling lífeyris.

Hafi lífeyrisþegi vísvitandi eða sviksamlega gefið rangar upplýsingar um starfsorku sína, tekjur, eða önnur atriði er skipta máli við ákvörðun bóta er stjórn sjóðsins heimilt að krefja hann um endurgreiðslu á áður ofgreiddum lífeyri, ásamt dráttarvöxtum.

21. gr.

Gerðardómur.

Vilji sjóðsfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af aðildarfyrirtækjum, einum tilnefndum af sjóðsfélaga og oddamanni tilnefndum af Lagastofnun háskólans. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

22. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins gildar að þær hafi verið samþykktar af aðalfundi sjóðsins með 2/3 hluta greiddra atkvæða, eða einföldum meirihluta atkvæða á tveimur aðalfundum í röð.

23. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. maí 1995 og kemur í stað eldri reglugerðar frá 3. júní 1994.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1995.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

28. desember 1995 Nr. 710

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að á lóðunum Hafnarstræti 24, 28 og 30 verði blönduð landnotkun, þ.e.a.s. verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæði, þannig að heimilt verði að nýta lóðirnar að hluta eða öllu leyti undir íbúðarhús.

Uppdráttur af breytingunni hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 711 28. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Keflavík, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur-Njarðvíkur-Keflavíkurflugvallar 1982-2002, með síðari breytingum, staðfest 20. september 1983.

Breytingin er fólgin í því að íbúðalóð (Skólavegur 38) er breytt í stofnanalóð.

Uppdráttur af breytingunni hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 712 28. desember 1995

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytt deiliskipulag Akratorgsreits, Akranesi.

Breytingin er fólgin í því að verslunarlóð nr. 10 við Kirkjubraut er aukinn að lóðarmörkum Kirkjubrautar 12. Þá er bílageymsla, sem nú er á lóðinni, en ekki á deiliskipulaginu, látin standa og henni breytt í verslunarhúsnæði.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi fyrir Keflavík, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002.

Samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, hreppsnefndar Gerðahrepps og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. nóvember 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi fyrir Keflavík, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002, með síðari breytingum og staðfest var af utanríkisráðherra 12. október 1983 og af félagsmálaráðherra 20. september.

Breytingin er fólgin í því að í stað einnar umferðartengingar frá Reykjanesbraut að Víknavegi og áfram að Garðskagavegi koma tvær umferðartengingar. Annarsvegar frá Reykjanesbraut að Víknavegi til Sandgerðis og hinsvegar frá Reykjanesbraut að Víknavegi og yfir á Garðskagaveg til Garðs. Hringtorg verða á tveimur stöðum þ.e. við Rósaselsvötn og Mánagrund. Ennfremur verða göng fyrir hesta og gangandi undir veginn á milli hringtorga.

Fram hefur farið mat á umhverfisáhrifum vegna lagningar Garðskagavegar, sbr. úrskurð embættis skipulagsstjóra dags. 8. ágúst 1995.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar, bæjarstjórn Sandgerðisbæjar, hreppsnefnd Gerðahrepps og varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hafa lýst yfir ábyrgð gagnvart hugsanlegum skaðabótakröfum sem leiða kunna af þessari breytingu.

Ofangreint auglýsist hér með, að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið vegna Keflavíkurflugvallar, skv. 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Umhverfisráðuneytið, 28. desember 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 189/1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

1. gr.

Grein 5.1.1 orðist svo:

Ekki má nota minni en 6 manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum sem eru stærri en 15 metrar að lengd.

2. gr.

Grein 5.2.1 orðist svo:

Fiskiskip undir 8 metrum að lengd sem er í förum á tímabilinu 30. september til 1. apríl skal vera búið gúmmíbjörgunarbáti.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 11. desember 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 119 – 1995

20. desember 1995 1857 Nr. 715

REGLUGERÐ

um varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *aðskilin kjölfesta:* kjölfestu sem sett er í geymi, sem er algerlega aðskilinn frá olíufarms- og eldsneytisolíukerfunum og er eingöngu ætlað að flytja kjölfestu eða farma, sem innihalda ekki olíu eða eitruð efni eins og þau eru skilgreind í viðaukum samningsins (sjá skilgreiningu).
2. *atburður:* raunverulega eða líklega losun skaðlegs efnis í hafið eða útrennslis sem inniheldur slík efni.
3. *augnablikshlutfall losunar á blöndu sem inniheldur olíu:* hlutfall losaðrar olíu í lítrum á klukkustund á sérhverju augnabliki deilt með hraða skipsins í hnútum á sama augnabliki.
4. *brúttótonn:* heildarmælingu skips, eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um skipamælingar frá 1969.
5. *dregggeymir (Slop tank):* geymi sem er sérstaklega ætlaður til að safna frárennsli frá geymum, hreinsunarvatni geyma og öðrum olíukenndum blöndum.
6. *eigin þyngd:* sæþunga skipsins í tonnum án farms, eldsneytis, smurolíu, sjókjölfestu, ferskvatns og fæðivatns í geymum, vista, farþega og áhafnar og persónulegra eigna þeirra.
7. *eitruð efni í fljótandi formi:* eitruð efni í fljótandi formi eins og þau eru skilgreind í reglu 1(6) í viðauka II við samninginn, sbr. 25. tl. hér á eftir.
   a) *losun:* sérhver losun frá skipi á skaðlegum efnum eða afrennsli, sem inniheldur slík efni, hvernig svo sem hún vill til, þar með talinn hvers konar leki, losun, dæling, útrennsli eða tæming.
   b) *losun* felur ekki í sér:
      i) varp úrgangsefna eins og það er skilgreint í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það sem gerður var í Lundúnum 29. desember 1972; eða
      ii) losun skaðlegra efna sem stafar beinlínis af rannsókn, nýtingu og skyldri vinnslu á hafi úti á jarðefnaauðlindum hafsbotnsins; eða
      iii) losun skaðlegra efna vegna lögmætra vísindalegra rannsókna á því hvernig draga megi úr eða ráða við mengun.
8. *eldsneytisolía:* olíu, sem notuð er sem eldsneyti fyrir aðal- og hjálparvélar skips, þar sem slík olía er flutt um borð.
9. *farm- og birgðaþungi (DW):* þunga í tonnum, sem fæst þegar eigin þyngd skips er dregin frá sæþunga þess, þegar það flýtur í vatni með eðlisþyngd 1,025 við hleðslulínu, samsvarandi úthlutuðu sumarfríborði þess.

10. *fjölnotaskip (Combination carrier):* skip sem er hannað til að flytja annað hvort olíu í lausu eða farma í föstu formi í lausu.
11. *frá næsta landi:* frá grunnlínum landhelgi sem miðað er við þegar viðkomandi lögsaga er afmörkuð í samræmi við alþjóðalög, nema þegar mælt er fyrir um annað í samningnum.
12. *gamalt skip:* skip sem er ekki nýtt skip.
13. *geymir:* lokað rými, sem er formað af varanlegu smíðafyrirkomulagi skipsins og er hannað til að flytja vökva í lausu.
14. *hráolía:* sérhverja kolvetnisblöndu í vökvaformi sem kemur fyrir á náttúrulegan hátt í jörðinni án tillits til hvort hún er meðhöndluð eða ekki til að gera hana hæfa til flutnings.
15. *hráolíuflutningaskip:* olíuflutningaskip sem er notað til að flytja hráolíu.
16. *hrein kjölfesta:* kjölfestu í geymi, sem hefur eftir að olía var flutt í honum, verið hreinsaður þannig að afrennsli frá honum, ef það væri losað frá ferðlausu skipi í sléttan sjó á björtum degi, myndaði ekki sýnilega olíubrák á vatnsyfirborðinu eða á aðliggjandi strandlengju, eða sora eða þeyti, sem safnast saman undir yfirborði vatnsins eða á aðliggjandi strandlengju. Ef kjölfestan er losuð í gegnum vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun á olíum, sem stjórnvöld hafa samþykkt, skulu vísbendingar, sem byggðar eru á slíku kerfi í þá veru að innihald olíu í afrennslinu hafi ekki verið meira en 15 hlutar í milljón (15 ppm), vera ákvarðandi um að kjölfestan hafi verið hrein þó að sýnileg brák sé til staðar.
17. *lengd (L):* 96% af heildarlengd sjólínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá efri brún kjalar, eða lengdin frá fremri brún stefnis að miðju stýrisáss á sömu sjólínu, ef hún er stærri. Á skipum, sem eru hönnuð með kjölhalla, skal sjólínan sem þessi lengd mælist á, vera samhliða hannaðri sjólínu. Lengdin (L) skal mæld í metrum.
18. *meiriháttar breyting:* breytingu á gömlu skipi:
    a) i) sem breytir verulega málum eða burðargetu skipsins; eða
       ii) sem breytir gerð skipsins; eða
       iii) sem gerð er, að mati stjórnvalda, í þeim tilgangi að auka líftíma skipsins verulega; eða
       iv) sem á annan hátt breytir skipinu þannig að ef um nýtt skip væri að ræða myndi það verða háð viðkomandi ákvæðum í samningnum, sem gilda ekki um gömul skip.
    b) Þrátt fyrir ákvæðin í staflið a) skal ekki skilgreina breytingu á gömlu olíuflutningaskipi, þar sem farm- og birgðaþungi er 20.000 tonn eða meira, og gerð í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði 13. reglu í viðauka I við samninginn, sem meiriháttar breytingu samkvæmt reglugerð þessari.
    c) Þrátt fyrir ákvæðin í staflið a) skal ekki skilgreina breytingu á gömlu olíuflutningaskipi, sem gerð er í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar í reglum 13F eða 13G í viðauka I við samninginn, sem meiriháttar breytingu samkvæmt reglugerð þessari.
19. *nýtt skip:*
    a) skip, sem smíðasamningur hefur verið gerður um eftir 31. desember 1975; eða
    b) skip, þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur en kjölurinn hefur verið lagður eða skipið er á svipuðu byggingastigi eftir 30. júní 1976; eða
    c) skip, sem er afhent eftir 31. desember 1979; eða
    d) skip, sem meiriháttar breyting hefur verið gerð á:
       i) þar sem samningur er gerður eftir 31. desember 1975; eða
       ii) þar sem ekki liggur fyrir samningur en smíðavinna hefur hafist eftir 30. júní 1976; eða
       iii) henni lokið eftir 31. desember 1979.

20. *olía:* jarðolíu í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, eldsneytisolía, sori, olíúrgangur og unnin olía (önnur en þau jarðolíuefnasambönd sem ákvæði viðauka II við samninginn ná til) og efni þau, sem skráð eru í viðbæti I við viðauka I við samninginn án þess þó að takmarka almennt gildi þess sem upp er talið hér að framan.
21. *olíuflutningaskip:* skip sem er smíðað eða er breytt og aðallega er notað til að flytja olíu í lausu í farmrýmum sínum, þar með talin fjölnotaskip og sérhvert efnaflutningaskip, eins og það er skilgreint í viðauka II við samninginn, þegar það flytur olíufarm eða hluta af olíufarmi í lausu.
22. *olíuflutningaskip fyrir unnar olíuvörur (Product carrier):* olíuflutningaskip sem er notað til að flytja aðrar olíur en hráolíu.
23. *olíukennd blanda:* blöndu sem inniheldur olíu.
24. *rúmmál og flatarmál:* að í skipi skulu þau í öllum tilfellum reiknast að mótuðum línum (moulded lines).
25. *samningurinn:* Alþjóðasamning um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).
26. *sérhafsvæði:* hafsvæði þar sem viðurkenndar tæknilegar ástæður, í sambandi við haffræðilegar og vistfræðilegar aðstæður hafsvæðisins, og sérstaða svæðisins vegna umferðar um það, krefjast þess að beitt sé sérstökum lögboðnum aðferðum til að koma í veg fyrir olíumengun sjávar. Sérhafsvæði eru þau sem tilgreind eru í 10. reglu í viðauka I við samninginn.
27. *skaðlegt efni:* sérhvert efni, sem er líklegt til að stofna heilsu manna í hættu, skaða lifandi auðlindir og lífríki hafsins, spilla gæðum eða trufla lögmæta nýtingu hafsins, sé því sleppt í hafið. Nær þetta til allra efna sem eru háð eftirliti samkvæmt samningnum.
28. *skaðlegt efni í pökkuðu formi:* efni sem skilgreint er sem sjávarmengandi efni í alþjóðareglum um flutning á hættulegum varningi (IMDG Code).
29. *skip:* far af hvaða gerð sem er og fer um hafið, þar með talin skíðaskip, svifskip, kafbátar, fljótandi för og fastir eða fljótandi pallar.
30. *stjórnvöld:* Hollustuvernd ríkisins eða þá aðila sem Hollustuvernd ríkisins felur að sjá um ákveðin framkvæmdaatriði þessarar reglugerðar.[1] Að því er varðar skip sem hafa rétt til að sigla undir fána einhvers annars ríkis eru stjórnvöld ríkisstjórn þess ríkis eða umboðsaðili hennar. Að því er varðar fasta eða fljótandi palla sem notaðir eru til rannsókna og nýtingar hafsbotnsins og jarðvegs hans, sem liggur að ströndum og strandríkið hefur á hendi fullveldisrétt til þess að rannsaka og nýta auðlindir þeirra, eru stjórnvöld ríkisstjórn þess strandríkis eða umboðsaðilar hennar.
31. *stofnunin:* Alþjóðasiglingamálastofnunina (IMO).

2. gr.
Gildissvið.

2.1 Reglugerð þessi gildir, svo sem við á í mengunarlögsögu Íslands, og um öll íslensk skip utan þess svæðis, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2.2 Í skipum öðrum en olíuflutningaskipum, sem eru búin farmgeymum með heildarrúmmál 200 m^3 eða stærra og eru smíðaðir og notaðir til að flytja olíur í lausu, skulu ákvæði reglna 9, 10, 14, 15(1), (2) og (3), 18, 20 og 24(4) í viðauka I við samninginn fyrir olíuflutingaskip, einnig gilda um smíði og notkun þessara rýma. Í þeim tilvikum að heildarrúmmál geymanna er minna en 1000 m^3 er heimilt að láta ákvæði reglu 15(4) í viðauka I við samninginn gilda í stað reglna 15(1), (2) og (3) í sama viðauka.

2.3 Þegar farmur, sem fellur undir ákvæði viðauka II við samninginn, er fluttur í olíuflutningaskipum skulu viðeigandi ákvæði þess viðauka einnig gilda.

1) Siglingamálastofnun ríkisins, eða aðili sem starfar í umboði hennar er þó stjórnvald í þeim málum er varða skip og búnað þeirra, sbr. lög nr. 20/1986, með síðari breytingum.

2.4 Stjórnvöldum er heimilt að veita sérhverju skíðaskipi, loftpúðaskipi og öðru skipi nýrrar tegundar, sem nánar eru tilgreind í 2. reglu í viðauka I við samninginn, undanþágu frá ákvæðum kafla II og III í viðauka I við samninginn, ef óeðlilegt eða óréttmætt þykir að láta ákvæði samningsins ná til þeirra, þó að því tilskildu að smíði og búnaður slíks skips sé jafnhæfur til að koma í veg fyrir olíumengun að teknu tilliti til þess farsviðs sem skipinu er ætlað.

2.5 Allar upplýsingar um undanþágur, sem veittar eru samkvæmt 4. mgr., skulu skráðar á alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini sbr. 5. gr.

2.6 Sé eigi skylt samkvæmt reglugerð þessari að hafa um borð í skipi alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini, sbr. 5. gr., skulu upplýsingar um undanþágur, sbr. 5. mgr. koma fram á haffærisskírteini skipsins.[1]

2.7 Um borð í sérhverju skipi skal vera eintak af þessari reglugerð. Heimilt er að það sé í formi endurprentunar t.d. í sjómannaalmanaki. Jafnframt er mælt með að um borð í sérhverju skipi, sem búið er alþjóðlegu olíumengunarvarnaskírteini, sbr. 5. gr., sé að auki eintak af samningnum[2].

3. gr.

Jafngildi.

Stjórnvöld geta heimilað að hvaða tengihlutum sem er, efni, tæki eða vélum, sé komið fyrir í skipi í stað þess sem krafist er samkvæmt viðauka I við samninginn ef þannig tengihlutir, efni, tæki eða vélar eru a.m.k. jafn gagnleg og það sem krafist er samkvæmt reglugerð þessari. Stjórnvöldum er þó óheimilt að samþykkja starfsaðferðir sem varða eftirlit með losun olíu sem jafngildi þeim hönnunareiginleika og því smíðafyrirkomulagi, sem mælt er fyrir um í viðauka I við samninginn.

4. gr.

Eftirlit og skoðun.

4.1 Sérhvert olíuflutningaskip, sem er 150 brúttótonn eða stærra, og hvert það skip, annað en olíuflutningaskip, sem er 400 brúttótonn eða stærra, skal vera háð eftirtöldum skoðunum:

a) Upphafsskoðun mengunarvarnabúnaðar skal gerð, á þann hátt sem mælt er fyrir um í samningnum, áður en skipið er tekið í notkun eða áður en skírteinið, sem mælt er fyrir um í 5. gr., er gefið út í fyrsta sinn til skipsins.

b) Reglubundnar aðalskoðanir mengunarvarnabúnaðar skulu gerðar á þann hátt sem mælt er fyrir um í samningnum með eigi lengra en 5 ára millibili, til að endurnýja skírteinið, sem mælt er fyrir um í 5. gr.

c) Milliskoðun mengunarvarnabúnaðar skal gerð a.m.k. einu sinni á milli reglubundinna aðalskoðana. Eigi má líða lengri tími en 3 ár frá síðustu reglubundnu aðalskoðun til milliskoðunar og eigi lengri tími en 3 ár frá síðustu milliskoðun til næstu reglubundnu aðalskoðunar. Milliskoðun mengunarvarnabúnaðar skal gerð á þann hátt sem mælt er fyrir um í samningnum. Skírteinið, sem mælt er fyrir um í 5. gr., skal áritað eftir að milliskoðun mengunarvarnabúnaðar hefur farið fram.

d) Aukaskoðanir mengunarvarnabúnaðar, sem eru yfirlitsskoðanir til að tryggja að ástand skipsins og búnaðar þess, sem reglugerð þessi gildir um, sé viðunandi að teknu tilliti til þess farsviðs sem skipinu er ætlað, skulu gerðar á árs fresti meðan skírteinið, sem mælt er fyrir um í 5. gr., er í gildi. Skoðanirnar skal gera á tímabilinu frá 3 mánuðum fyrir útgáfudag skírteinisins, sem mælt er fyrir um í 5. gr., til 3 mánuðum eftir sömu dagsetningu ár hvert. Skírteinið, sem mælt er fyrir um í 5. gr., skal áritað eftir að aukaskoðun mengunarvarnabúnaðar hefur farið fram.[3]

1) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.
2) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.
3) Þessi stafliður er íslenskt sérákvæði.

4.2 Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart skipum sem ákvæði reglu 4(1) í viðauka I við samninginn gilda ekki um, til að tryggja að þau uppfylli viðeigandi ákvæði viðaukans. Til að uppfylla ákvæði þessa ákvæðis skal sérhvert olíuflutningaskip, sem er minna en 150 brúttótonn, svo og sérhvert skip, annað en olíuflutningaskip, sem er minna en 400 brúttótonn, vera háð þeim skoðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Þessar skoðanir skulu ná til þeirra atriða sem krafist er fyrir þessi skip samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 16. og 20. gr.[1]

4.3 Stjórnvöld skulu annast skoðun skips samkvæmt reglugerð þessari og er heimilt að veita tilnefndum aðilum, sem þau hafa viðurkennt, umboð til að annast þessar skoðanir.

4.4 Ástandi skips og búnaðar þess skal haldið við til að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt og til að tryggja að skipið sé á allan hátt hæft til að láta úr höfn án verulegrar hættu fyrir lífríki hafsins.

4.5 Að lokinni sérhverri skoðun skips, sem kveðið er á um í þessari grein, er óheimilt að gera breytingar á smíðafyrirkomulagi þess, búnaði, kerfum, tengihlutum, fyrirkomulagi eða efnum, sem skoðunin tekur til, án samþykkis stjórnvalda, nema um sé að ræða endurnýjun á slíkum búnaði eða tengihlutum.

4.6 Nú á slys sér stað í tengslum við skip eða galli kemur í ljós, sem hefur veruleg áhrif á ástand skips eða á virkni búnaðar þess, sem reglugerð þessi nær til, eða að eitthvað vantar í hann. Skipstjóri eða eigandi skips skal þá við fyrsta tækifæri, senda skýrslu um slíkt til hlutaðeigandi stjórnvalda eða annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir útgáfu viðkomandi skírteinis. Sá aðili skal síðan sjá um að rannsókn verði gerð til að ákveða hvort skoðun, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., sé nauðsynleg. Ef skipið er statt í höfn annars aðila að samningnum, skal skipstjóri eða eigandi skipsins einnig tilkynna atvikið til viðkomandi yfirvalda hafnarríkisins og skulu þá stjórnvöld, eða aðili sem þau hafa falið slíkt eftirlit, ganga úr skugga um að slík skýrsla hafi verið gerð.[2]

5. gr.

Útgáfa skírteinis.

5.1 Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini (IOPP-skírteini) skal gefið út eftir skoðun samkvæmt ákvæðum 4. gr. fyrir sérhvert olíuflutningaskip, sem er 150 brúttótonn eða stærra, og fyrir sérhvert skip, annað en olíuflutningaskip, sem er 400 brúttótonn eða stærra, og sem er í ferðum til hafna eða umskipunarstöðva á hafi í lögsögu annars aðila að samningnum.

5.2 Slíkt skírteini skal gefið út af stjórnvöldum sem bera fulla ábyrgð á skírteininu eða aðilum sem starfa í umboði þeirra.

6. gr.

Útgáfa skírteinis af hálfu annarra stjórnvalda.

6.1 Stjórnvöld geta að beiðni stjórnvalda annars aðildarríkis að samningnum, látið skoða skip, er sigla undir fána þess ríkis og ef þau telja að ákvæðum viðauka I við samninginn sé fullnægt skulu þau gefa út eða heimila útgáfu á alþjóðlegu olíumengunarvarnaskírteini fyrir skipið í samræmi við sama viðauka.

6.2 Afrit af skírteini og afrit af skoðunarskýrslu skal senda eins fljótt og unnt er til stjórnvaldanna sem óskuðu eftir skoðuninni.

6.3 Á skírteini, sem er gefið út á þennan hátt, skal vera yfirlýsing í þá veru að skírteinið hafi verið gefið út samkvæmt beiðni stjórnvalda og skal það hafa sama gildi og vera viðurkennt á sama hátt og skírteinið sem gefið er út samkvæmt 5. gr.

1) 2. og 3. ml. þessarar mgr. er íslenskt sérákvæði.
2) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.

6.4 Óheimilt er að gefa út alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini fyrir skip sem siglir undir fána ríkis sem er ekki aðili að samningnum.

7. gr.

Gerð skírteinis.

Alþjóðlega olíumengunarvarnaskírteinið skal vera samsvarandi þeirri gerð sem sýnd er í viðbæti II við viðauka I við samninginn. Textinn á skírteininu skal vera á íslensku og að auki skal fylgja þýðing á ensku.

8. gr.

Gildistími skírteinis.

8.1 Alþjóðlegt olíumengunarvarnaskírteini skal gefið út til tiltekins tíma en þó aldrei lengur en til fimm ára frá útgáfudegi.

8.2 Skírteini er úr gildi fallið ef afgerandi breytingar hafa verið gerðar, án samþykkis stjórnvalda, á smíðafyrirkomulagi, búnaði, kerfum, tengihlutum, fyrirkomulagi eða efni, sem krafist er, nema um sé að ræða endurnýjun á þannig búnaði, eða tengihlutum eða ef milliskoðanir, sem tilgreindar eru af stjórnvöldum samkvæmt c) lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, fara ekki fram.

8.3 Skírteini fellur úr gildi ef skipið er flutt undir fána annars ríkis. Nýtt skírteini skal einungis gefið út þegar skipið uppfyllir að öllu leyti ákvæðin í reglu 4(4) (a) og (b) í viðauka I við samninginn. Þegar skip er flutt á milli aðila að samningnum skulu stjórnvöld þess aðildarlands, sem áður veitti skipinu rétt á að sigla undir fána sínum, senda eins fljótt og unnt er, afrit af skírteininu, sem gefið var út fyrir skipið fyrir flutning þess, auk afrits af viðeigandi skoðunarskýrslu, ef hún er fyrir hendi, til stjórnvalda hins aðilans ef beiðni þar að lútandi hefur borist innan þriggja mánaða frá flutningi skipsins.

II. KAFLI

Kröfur um eftirlit með mengun sem er afleiðing af rekstri skipa.

9. gr.

Eftirlit með losun olíu.

9.1 Með fyrirvara um heimildarákvæðin í 10. og 11. gr. og 2. mgr. þessarar gr., er öll losun olíu eða olíukenndrar blöndu í sjóinn frá skipum, sem reglugerð þessi nær til, bönnuð, nema eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) frá olíuflutningaskipi, að öðru leyti en um getur í staflið b).
   i) Olíuflutningaskipið er ekki statt á sérhafsvæði.
   ii) Olíuflutningaskipið er statt meira en 50 sjómílur frá næsta landi.
   iii) Olíuflutningaskipið er á ferð.
   iv) Augnablikshlutfall losunar á blöndu, sem inniheldur olíu, er ekki meira en sem nemur 30 lítrum á hverja siglda sjómílu.
   v) Heildarmagn olíu, sem losað er í sjóinn, er ekki meira en sem nemur 1/15000 af heildarmagni viðkomandi farms, sem leifarnar eru hluti af, þegar um er að ræða gamalt olíuflutningaskip og 1/30000 af heildarmagni viðkomandi farms, sem leifarnar eru hluti af, þegar um er að ræða nýtt olíuflutningaskip.
   vi) Olíuflutningaskipið er búið vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun á olíum auk þess sem skipið er búið dregggeymum, sem krafist er samkvæmt 15. reglu í viðauka I við samninginn.
b) frá skipi, öðru en olíuflutningaskipi, sem er 400 brúttótonn eða stærra, og frá austurbrunnum vélarúma, að frátöldum austurbrunnum dælurýma í olíuflutningaskipi nema austurinn sé blandaður leifum af olíufarminum:

i) Skipið er ekki statt á sérhafsvæði.
ii) Skipið er á ferð.
iii) Olíumagn í blöndunni, sem losuð er í sjóinn, er minna en 15 hlutar í milljón (15 ppm).
iv) Skipið er búið þeim búnaði, sem krafist er samkvæmt 16. reglu í viðauka I við samninginn.

9.2 Sérhvert skip, annað en olíuflutningaskip, sem er minna en 400 brúttótonn, skal eins og við verður komið þegar það er ekki statt á sérhafsvæði, hafa búnað til að geyma olíuleifar um borð og til að losa þær til móttökustöðva í landi eða í sjóinn í samræmi við ákvæði b) liðar 1. mgr. þessarar greinar.

9.3 Hvenær sem sýnilegrar olíumengunar verður vart á eða undir yfirborði sjávar í grennd við skip eða í kjölfari þess, eiga viðkomandi stjórnvöld, að svo miklu leyti sem þau eru fær um slíkt, að rannsaka málið án tafar í þeim tilgangi að komast að hvort ákvæði 9. eða 10. reglu í viðauka I við samninginn hafi verið brotin. Í rannsókninni á að skoða sérstaklega áhrif vinds, sjólags, straums, stefnu og hraða skipsins og aðrar hugsanlegar orsakir fyrir sýnilegri brák í nágrenninu ásamt viðeigandi skráðum upplýsingum um losun á olíu.

9.4 Ákvæði 1. mgr. þessrar greinar skulu ekki gilda um losun hreinnar eða aðskilinnar kjölfestu eða meðhöndlaðrar olíublöndu sem óútþynnt inniheldur olíumagn sem er ekki meira en 15 hlutar í milljón (15 ppm) og sem eru ekki upprunnar frá austri farmdælurýma og eru ekki blandaðar með leifum frá olíufarmi.

9.5 Engin losun í sjóinn skal innihalda efni eða efnasambönd í þannig magni eða styrkleika að skaðlegt sé fyrir lífríki hafsins, eða efni eða efnasambönd sem komið er að í þeim tilgangi að sniðganga skilyrðin fyrir losun sem mælt er fyrir um í þessari grein.

9.6 Olíuleifar sem ekki er unnt að losa í sjóinn í samræmi við ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar skulu geymdar um borð og losaðar til móttökustöðva í landi.

9.7 Þegar um er að ræða skip, sem vísað er til í 6. mgr. 16. gr., sem ekki hefur þann búnað, sem krafist er samkvæmt 1. eða 2. mgr. 16. gr., skulu ákvæði b) liðar 1. mgr. í þessari grein ekki gilda fyrr en 6. júlí 1998 eða þann dag, sem skipið hefur verið útbúið þannig búnaði, eftir því hvor dagsetningin kemur fyrr. Fram til þess dags er öll losun frá þannig skipum á olíublöndum í sjóinn frá austri vélarúma, óheimil nema þegar öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) Olíublandan er ekki upprunnin frá austri farmdælurýmis.
b) Olíublandan er ekki blönduð með leifum af olíufarmi.
c) Skipið er ekki statt á sérhafsvæði.
d) Skipið er statt meira en 12 sjómílur frá nálægasta landi.
e) Skipið er á ferð.
f) Olíumagn í afrennsli, sem losað er í sjó er minna en 100 hlutar í milljón (100 ppm) og
g) skipið er búið austurskilju af þeirri hönnun, sem stjórnvöld hafa samþykkt, þar sem miðað er við smíðalýsingu sem stofnunin hefur mælt með.[1]

10. gr.

Aðferðir til að koma í veg fyrir olíumengun frá skipum sem starfa á sérhafsvæðum.

10.1 Eftirtalin hafsvæði eru sérhafsvæði samkvæmt samningnum við gildistöku þessarar reglugerðar: Miðjarðarhaf, Eystrasalt, Svartahaf, Rauðahaf, Persaflói, Adenflói og hafsvæðið við Suðurheimskautið. Um skilgreiningu sérhafsvæða gilda ákvæði 10. reglu í viðauka I við samninginn.

1) Vísað er til „Recommendation on International Performance and Test Specifications for Oily-Water Serparating Equipment and Oil Content Metres" sem voru samþykkt af stofnuninni með ályktun A.393 (X).

10.2 Með fyrirvara um heimildarákvæðin í 11. gr. er:

a) öll losun olíu eða olíukenndrar blöndu í sjó óheimil frá sérhverju olíuflutningaskipi og frá sérhverju öðru skipi, sem er 400 brúttótonn eða stærra, þegar það er statt á sérhafsvæði.

b) öll losun olíu eða olíukenndrar blöndu í sjó óheimil frá sérhverju skipi, öðru en olíuflutningaskipi, sem er minna en 400 brúttótonn, þegar það er statt á sérhafsvæði, nema þegar olíumagnið í óútþynntri blöndunni, sem losað er í sjóinn er ekki meira en 15 hlutar í milljón (15 ppm).

10.3 Ákvæði 2. mgr. skulu ekki eiga við um losun á hreinni eða aðskilinni kjölfestu. Ákvæði a) liðar 2. mgr. skulu ekki gilda um losun á hreinsuðum austri frá vélarúmum ef öllum eftirfarandi skilyrðum hefur verið fullnægt:

i) Austurinn er ekki upprunninn frá austri farmdælurýma.

ii) Austurinn er ekki blandaður leifum af olíufarmi.

iii) Skipið er á ferð.

iv) Olíumagn í óútþynntri blöndunni, sem losuð er í sjóinn, er ekki meiri en 15 hlutar í milljón (15 ppm).

v) Skipið er búið olíusíubúnaði sem uppfyllir ákvæði 5. mgr. 16. gr.

vi) Olíusíubúnaðurinn er búinn tæki sem stöðvar losun sjálfvirkt þegar olíumagn í blöndunni verður meira en 15 hlutar í milljón (15 ppm).

10.4 Engin losun í sjóinn skal innihalda efni eða efnasambönd í þannig magni eða styrkleika að skaðlegt sé fyrir lífríki hafsins eða efni eða efnasambönd sem blandað er saman við í þeim tilgangi að sniðganga skilyrði fyrir losun sem tilgreind eru í þessari grein. Olíuleifar sem ekki er unnt að losa í sjóinn í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. skulu geymd um borð og losuð til móttökustöðva í landi.

10.5 Ekkert í reglugerð þessari skal hindra skip, sem er einungis á hluta ferðar sinnar statt á sérhafsvæði, að losa í sjóinn fyrir utan sérhafsvæðið í samræmi við 9. gr.

10.6 Hvenær sem vart verður við sýnilega olíubrák á eða undir yfirborði sjávar í grennd við skip eða í kjölfari þess, eiga viðkomandi stjórnvöld, að svo miklu leyti sem þau eru fær um slíkt, að rannsaka málið án tafar í þeim tilgangi að komast að hvort ákvæði þessarar greinar eða 9. gr. hafi verið brotin. Í rannsókninni á að skoða sérstaklega áhrif vinds, sjólags, straums, stefnu og hraða skipsins og aðrar hugsanlegar orsakir fyrir sýnilegri brák í nágrenninu ásamt viðeigandi skráðum upplýsingum um losun á olíu.

10.7 Um þau atriði er varða geymslu olíuleifa um borð og losun frá skipum, sem fara um sérhafsvæði, til móttökustöðva í landi, skulu gilda ákvæði samningsins.

11. gr.

Undanþágur.

Ákvæði 9. og 10. gr. eiga ekki við um:

a) losun á olíu eða olíukenndum blöndum í sjóinn frá skipi ef losunin er nauðsynleg til að tryggja öryggi skips eða ef hún er framkvæmd í þeim tilgangi að bjarga lífi þeirra sem eru í sjávarháska; eða

b) losun á olíu eða olíukenndum blöndum í sjóinn sem leiðir af skemmdum á skipi eða búnaði þess:

i) að því tilskyldu að eftir að vart var við skemmdirnar eða losunina, hafi allar þær varúðarráðstafanir, sem réttmætar gátu talist, verið gerðar til þess að koma í veg fyrir eða draga úr losuninni, og

ii) með þeirri undantekningu að ef athafnir eiganda skipsins eða skipstjórans voru gerðar annað hvort í þeim tilgangi að valda tjóni eða af gáleysi og þeir voru meðvitaðir um að tjón myndi líklega hljótast af, eða

c) losun á efnum í sjóinn, sem innihalda olíu, hafi hún verið samþykkt af stjórnvöldum og losunin er gerð til að ráða við einstaka mengunaratburði í þeim tilgangi að takmarka tjónið af völdum mengunarinnar. Slík losun er háð samþykki stjórnvalda þeirra ríkja ef búast má við að losunin berist til lögsögu þeirra.

12. gr.

Móttökustöðvar í landi.

12.1 Með fyrirvara um ákvæði 10. reglu í viðauka I við samninginn skal tryggja að viðunandi aðstaða, til móttöku á olíuleifum og olíublöndum frá olíuflutningaskipum og öðrum skipum, sé í olíulestunarstöðvum, í viðgerðarhöfnum og í öðrum höfnum, þar sem skip þurfa að losa sig við slíkar leifar, og skal aðstaðan miðast við þarfir skipanna, án þess að valda þeim ótilhlýðilegum töfum.

12.2 Móttökustöðvum samkvæmt 1. mgr. skal komið fyrir:

a) í öllum höfnum og stöðvum þar sem olíuflutningaskip lesta hráolíu og slík skip koma beint úr ferð með kjölfestu innanborðs og ferðin hefur ekki tekið lengri tíma en sem nemur 72 klukkustundum eða vegalengd hennar hefur ekki verið meiri en 1200 sjómílur;

b) í öllum höfnum og stöðvum þar sem skip lesta aðra olíu en hráolíu í lausu í meira magni en sem nemur 1000 tonnum á dag að meðaltali;

c) í öllum höfnum sem í eru viðgerðastöðvar eða aðstaða til geymahreinsunar;

d) í öllum höfnum og stöðvum þar sem þjónusta er veitt skipum búnum sorageymum, sem krafist er samkvæmt 17. reglu í viðauka I við samninginn;

e) í öllum höfnum þar sem tekið er á móti olíublönduðum austri og öðrum leifum sem ekki er unnt að losa samkvæmt 9. reglu í viðauka I við samninginn og

f) í öllum lestunarhöfnum fyrir farma í lausu þar sem fjölnotaskip, sem ekki geta losað olíuleifar samkvæmt 9. reglu í viðauka I við samninginn.

12.3 Um atriði sem varða afköst móttökustöðvanna skulu gilda ákvæði 12. reglu, 3. tl. í viðauka I við samninginn.

12.4 Móttökustöðvarnar sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr. skulu vera tiltækar eigi síðar en einu ári frá þeim degi er samningurinn öðlast gildi eða 1. janúar 1977 eftir því hvor kemur síðar.

12.5 Hollustuvernd ríkisins skal fyrir hönd íslenskra stjórnvalda tilkynna stofnuninni um öll tilvik þar sem fullyrt er að móttökustöðvar, sem krafist er samkvæmt þessari grein, séu ófullnægjandi og skal stofnunin koma þeim upplýsingum áleiðis til viðkomandi aðila.

12.6 Á Íslandi er einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi umhverfisráðherra, og tryggja viðunandi eyðingu.[1]

12.7 Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðastöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipum þegar þau koma í stöðvarnar.[2]

12.8 Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meira en 500 lítrum af olíuúrgangi vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda og skulu starfsmenn Hollustuverndar ríkisins jafnan hafa aðgang að þessu bókhaldi.[3] [4]

1) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.
2) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.
3) Sbr. 10. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986.
4) Þessi mgr. er íslenskt sérákvæði.

13. gr.

Geymar fyrir aðskilda kjölfestu, geymar ætlaðir hreinni kjölfestu og hráolíuþvottur.

Um atriði sem varða geyma fyrir aðskilda kjölfestu, geyma ætlaða hreinni kjölfestu og hráolíuþvott, skulu gilda ákvæði í reglum 13, 13A, 13B, 13C, 13D, 13E, 13F og 13G í viðauka I við samninginn.

14. gr.

Aðskilnaður olíu og sjókjölfestu og notkun stafnhylkja fyrir olíur.

14.1 Að frátöldum ákvæðunum í 2. mgr. er óheimilt, í nýjum skipum 4000 brúttótonn eða stærri, öðrum en olíuflutningaskipum, og í nýjum olíuflutningaskipum, 150 brúttótonn eða stærri, að nota olíugeymi fyrir sjókjölfestu.

14.2 Þar sem óeðlilegar aðstæður eru fyrir hendi eða þörf fyrir að hafa mikið magn af eldsneytisolíu gerir nauðsynlegt að hafa sjókjölfestu sem er ekki hrein kjölfesta í einhverjum eldsneytisolíugeymi, skal slík sjókjölfesta losuð til móttökustöðva í landi eða í sjóinn í samræmi við ákvæði 9. gr. og búnaðurinn sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 16. gr. skal notaður. Slíka losun skal færa í olíudagbókina.

14.3 Öll önnur skip skulu uppfylla ákvæðin í 1. mgr. eins og réttmætt getur talist og við verður komið.

14.4 Í skipi, sem er 400 brúttótonn eða stærra, sem smíðasamningur hefur verið gerður um eftir 1. janúar 1982 eða þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur en kjölurinn hefur verið lagður eða skipið er á svipuðu byggingastigi eftir 1. júlí 1982, er óheimilt að nota fyrir olíur stafnhylki eða geymi, sem er fyrir framan stafnþilið.

14.5 Öll önnur skip skulu uppfylla kröfurnar í 4. mgr. þessarar greinar eins og réttmætt getur talist og við verður komið.

15. gr.

Varðveisla á olíum um borð.

Um atriði sem varða varðveislu á olíum um borð skulu gilda ákvæði 15. reglu í viðauka I við samninginn.

16. gr.

Vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun á olíu og olíusíubúnaður.

16.1 Sérhvert skip, sem er 400 brúttótonn eða stærra, en minna en 10000 brúttótonn, skal vera búið olíusíubúnaði, sem uppfyllir ákvæði 4. mgr. Sérhvert slíkt skip, sem flytur mikið magn af eldsneytisolíu, skal uppfylla ákvæðin í 2. mgr. þessarar greinar eða 1. mgr. 14. gr.

16.2 Sérhvert skip, sem er 10000 brúttótonn eða stærra, skal vera búið olíusíubúnaði ásamt viðvörunarbúnaði og sjálfvirkri stöðvun á sérhverri losun á olíukenndum blöndum þegar innihald olíu í afrennslinu verður meiri en 15 hlutar í milljón (15 ppm).

16.3 Stjórnvöld geta veitt hvaða skipi sem er undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr. að því tilskildu að skipið hafi takmarkað farsvið og að það uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

i) Skipið er búið söfnunargeymi, sem að mati stjórnvalda er nægilega stór til að rúma allan olíublandaðan austur um borð.

ii) Allur olíublandaður austur, er geymdur um borð og síðan afhentur til móttökustöðvar í landi.

iii) Nægur fjöldi móttökustöðva sé fyrir hendi, á nægilega mörgum höfnum eða umskipunarstöðvum, sem skipið hefur viðkomu, til að taka á móti þannig olíublönduðum austri.

iv) Í alþjóða-olíumengunarvarnaskírteininu, þar sem þess er krafist, er áritun þess efnis að skipið hafi einungis takmarkað farsvið.

v) Magn, dagsetning og höfnin, þar sem losunin fer fram, er færð í olíudagbókina.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu tryggja að skip, sem eru minni en 400 brúttótonn, séu búin eins og við verður komið búnaði til að geyma olíur eða olíublöndur um borð eða til að losa þær í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. b). Til að uppfylla þetta ákvæði:

1.1 skulu skip, sem smíðuð eru eftir 31. mars 1996 og eru 24 m að lengd og lengri en minni en 400 brúttótonn, vera búin:

1.1.1 landtengi með dælu ásamt austurskilju með viðvörunarbúnaði sem getur hreinsað olíublandaðan austur frá vélarúmum og losa hann í sjóinn í samræmi við ákvæði 9. og 10. gr.; eða

1.1.2 söfnunargeymi, nægilega stórum, þar sem mið er tekið af tegund vélbúnaðar, ásamt dælu og landtengi, þannig að unnt sé að geyma austur frá vélarúmum um borð til að losa hann síðar til móttökustöðvar í landi; eða

1.1.3 öðrum búnaði, sem stjórnvöld geta samþykkt.

1.2 skulu skip, sem smíðuð eru eftir 31. mars 1996 og eru 24 m að lengd og lengri en minni en 400 brúttótonn og nota skilvindur til að skilja eldsneytis- eða smurolíu, vera búin sorageymum í samræmi við ákvæði 17. gr. Heimilt er að sleppa sérstökum sorageymi ef skipið er búið söfnunargeymi sem uppfyllir ákvæði 17. gr. um sorageyma.

1.3 er mælt með að í öllum skipum, sem eru minni en 400 brúttótonn og eru búin skilvindum til að skilja eldsneytis- eða smurolíu, séu slíkar skilvindur búnar yfirfallsviðvörun sem stöðvar olíurennsli til skilvindunnar sjálfvirkt ef hún „kastar yfir".

1.4 skal í skipum, sem eru ekki búin samþykktri austurskilju, vera óheimilt að losa olíu eða olíukenndar blöndur niður í botn vélarúms.[1]

16.4 Olíusíubúnaðurinn, sem er tilgreindur í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera þeirrar gerðar sem er samþykkt af stjórnvöldum og skal hann tryggja að sérhver olíublanda sem losuð er í sjóinn eftir að hafa farið í gegnum kerfið innihaldi ekki meiri olíu en sem nemur 15 hlutum í milljón (15 ppm). Við mat á slíkum búnaði skulu stjórnvöld taka mið af þeirri smíðalýsingu sem stofnunin hefur mælt með.[2]

16.5 Olíusíubúnaðurinn, sem er tilgreindur í 2. mgr. þessarar greinar, skal vera þeirrar gerðar sem er samþykkt af Siglingamálastofnun ríkisins og sem tryggir að sérhver olíublanda sem losuð er í sjóinn, eftir að hafa farið í gegnum kerfið eða kerfin, innihaldi ekki meiri olíu en sem nemur 15 hlutum í milljón (15 ppm). Hann skal búinn viðvörunarbúnaði sem gefur til kynna þegar ekki er unnt að halda þessu marki. Kerfið skal einnig búið búnaði sem tryggir að sérhver losun af olíublöndum stöðvist sjálfvirkt ef innihald olíu verður meira en 15 hlutar í milljón (15 ppm). Við mat á slíkum búnaði skulu stjórnvöld taka mið af þeirri smíðalýsingu sem stofnunin hefur mælt með.[3]

16.6 Skip, sem eru afhent fyrir 6. júlí 1993, skulu uppfylla ákvæði þessarar greinar 6. júlí 1998 að því tilskildu að þessi skip geti notað austurskilju (100 ppm búnað).

16.7 Tilmæli um lágmarksafköst austurskilju til að meðhöndla austur frá vélarúmum:[4]

1) Töluliðir 1.1 til 1.4 eru íslenskt sérákvæði.
2) Vísað er til „Recommendation on International Performance and Test Specifications for Oily-Water Separating Equipment and Oil Content Metres" sem voru samþykktar af stofnuninni með ályktun A.393 (X).
3) Vísað er til „Recommendation on International Performance and Test Specifications for Oily-Water Separating Equipment and Oil Content Metre" sem voru samþykktar af stofnuninni með ályktun A.393 (X).
4) Þessi mgr. er séríslenskt ákvæði.

Stærð í brúttótonnum	Lágmarksafköst (m^3/klst)
200 - 400	0,25
400 - 1600	0,5
1600 - 4000	1,0
4000 - 15000	2,5
15000 eða stærra	5,0

Nauðsynlegt gæti verið að auka afköst austurskilju í skipum með stór og flókin vélarúm. Afköst austurskilju, sem notast einnig til að skilja kjölfestuvatn er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins í sérhverju tilviki.

17. gr.

Geymar fyrir olíuleifar (sora).

17.1 Sérhvert skip, sem er 400 brúttótonn eða stærra, skal búið einum eða fleiri geymum nægilega stórum, þar sem tekið er mið af tegund vélbúnaðar og lengd siglingar, til að taka á móti olíuleifum (sora) sem er ekki meðhöndlaður á annan hátt í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar s.s. leifar frá eldsneytis- og smurolíuskilvindum auk olíuleka í vélarúmum.

17.2 Í nýjum skipum skulu slíkir geymar vera þannig hannaðir og smíðaðir að hreinsun og losun leifa til móttökustöðva sé auðveld. Gömul skip skulu uppfylla þetta ákvæði eins og réttmætt getur talist og við verður komið.

17.3 Óheimilt er að leggja lagnir til og frá geymum, sem eru ætlaðir fyrir olíuleifar, fyrir borð. Einungis er heimilt að tengja lagnirnar við staðlaða tengið sem tilgreint er í 19. gr.[1]

17.4 Mælt er með að túlkanir samningsins séu notaðar við ákvörðun lágmarksstærðar geyma fyrir olíuleifar (sora)

17.5 Til að auðvelda og koma í veg fyrir tafir við losun úrgangsolíu til móttökustöðva geta stjórnvöld gert kröfu um viðunandi dælu og lagnir að staðlaða tenginu, sbr. 19. gr.[2]

18. gr.

Fyrirkomulag á dælum, lögnum og losunarbúnaði í olíuflutningaskipum.

Um atriði sem varða fyrirkomulag á dælum, lögnum og losunarbúnaði í olíuflutningaskipum skulu gilda ákvæði í 18. reglu í viðauka I við samninginn.

19. gr.

Staðlað tengi fyrir losun.


Til að unnt sé að tengja lagnir móttökustöðva í landi við losunarlögn fyrir leifar frá austri vélarúma, skulu báðar lagnirnar búnar stöðluðu tengi fyrir losun í samræmi við eftirfarandi töflu:

1) Þessi breyting var samþykkt á 31. fundi umhverfisnefndar (MEPC) Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og öðlast gildi 4. apríl 1993.

2) Þessi mgr. er séríslenskt ákvæði.

Lýsing	*Stærð*
Ytra þvermál	215 mm
Innra þvermál	Samkvæmt ytra þvermáli röralagnar
Þvermál hrings í miðju á boltagötum	183 mm
Boltagöt og raufar	6 boltagöt, 22 mm að þvermáli, með jöfnu millibili innbyrðis, staðsett á hring, sem hefur ofangreint þvermál og sem er skorinn út úr ytri brún flansins. Þvermál raufa á að vera 22 mm
Flansþykkt	20 mm
Boltar, rær: fjöldi, þvermál	6, sérhver 20 mm að þvermáli og af hæfilegri lengd

Flansinn er hannaður til að taka við rörum með innra þvermáli, sem nemur allt að 125 mm og skal hann vera úr stáli eða öðru jafngildu efni og með flatan tengiflöt. Flansinn, ásamt pakkningu úr olíuþolnu efni, skal vera hæfur til notkunar við 6 kg/sm² vinnuþrýsting.



(Mynd af stöðluðu tengi.)

20. gr.

Olíudagbók.

20.1 Sérhvert olíuflutningaskip, sem er 150 brúttótonn eða stærra, og sérhvert skip, annað en olíuflutningaskip, sem er 400 brúttotonn eða stærra, skulu búin „Olíudagbók, hluta I (Aðgerðir í vélarúmi)". Sérhvert olíuflutningaskip, sem er 150 brúttótonn eða stærra, skal einnig búið „Olíudagbók, hluta II (Aðgerðir vegna farms/kjölfestu)". Olíudagbókin eða -bækurnar skulu vera þeirrar gerðar sem mælt er fyrir um í viðbæti III í viðauka I við samninginn.

20.2 Í sérhverju tilviki skal olíudagbókin færð á þann hátt að aðgerðum sé lýst algerlega og hver geymir skal færður sérstaklega þegar það á við. Olíudagbækur skulu færðar í hvert sinn sem einhver af eftirfarandi aðgerðum á sér stað í skipinu:

a) Fyrir aðgerðir í vélarúmi (öll skip):
   i) Kjölfesta tekin í eldsneytisgeyma svo og hreinsun eldsneytisgeyma.
   ii) Losun óhreinnar kjölfestu eða hreinsivatns frá geymum sem tilgreindir eru í lið i).
   iii) Ráðstöfun á olíuleifum (sora).
   iv) Losun á austri, sem hefur safnast fyrir í vélarúmum, fyrir borð eða ráðstöfun á honum á annan hátt.

b) Fyrir aðgerðir vegna farms/kjölfestu (olíuflutningaskip):
   i) Lestun olíufarms.
   ii) Flutningur olíufarms á milli geyma skipsins meðan á ferð stendur.
   iii) Losun olíufarms.
   iv) Kjölfesta tekin í farmgeyma og geyma ætlaða fyrir hreina kjölfestu.
   v) Hreinsun farmgeyma þ. á m. hráolíuþvottur.
   vi) Losun kjölfestu nema frá geymum fyrir aðskilda kjölfestu.
   vii) Losun vatns frá dregggeymum.
   viii) Lokun á öllum viðeigandi lokum eða svipaðs lokunarbúnaðar í kjölfar að gerða vegna losunar á dregggeymum.
   ix) Lokun á lokum sem eru nauðsynlegir til að einangra geyma sem eru ætlaðir fyrir hreina kjölfestu frá farm- og strípilögnum (stripping lines) í kjölfar aðgerða tengdum losun á dregggeymum.
   x) Ráðstöfun á leifum.

20.3 Í þeim tilvikum sem slík losun á olíum eða olíublöndum, fellur undir undanþáguákvæði 11. gr., eða ef losunin er gerð vegna óhapps eða af öðrum afbrigðilegum ástæðum, sem eru ekki undanþegnar í sömu grein, skal atvikið fært í olíudagbókina ásamt orsökum fyrir losuninni.

20.4 Sérhver aðgerð, sem lýst er í 2. mgr. skal tafarlaust færð á ítarlegan hátt í olíudagbókina þannig að allar færslurnar í bókinni tilheyrandi aðgerðinni lýsi viðkomandi aðgerð algerlega. Sérhver þannig færsla skal undirrituð af þeim yfirmanni eða yfirmönnum sem hefur umsjón með viðkomandi aðgerðum. Sérhver blaðsíða sem lokið hefur verið við skal undirrituð af skipstjóra skipsins. Færslur í olíudagbókina skulu vera á íslensku og fyrir skip sem alþjóðlega olíumengunarvarnaskírteinið hefur verið gefið út fyrir skulu færslurnar einnig vera á ensku. Færslurnar á íslensku skulu vera ráðandi ef ágreiningur eða misræmi kemur upp.

20.5 Olíudagbókina skal varðveita á vísum stað um borð í skipinu þannig að unnt sé að leggja hana fram til skoðunar þegar þess er óskað af stjórnvöldum. Þetta á þó ekki við um ómönnuð skip sem eru dregin. Olíudagbókina skal varðveita í a.m.k. 3 ár eftir að síðasta færsla var gerð.

20.6 Hlutaðeigandi stjórnvöldum er heimilt að skoða olíudagbókina um borð í hvaða skipi sem er, sem ákvæði viðauka I við samninginn gilda um, á meðan skipið er statt í höfn eða umskipunarstöð þess aðila. Sömu lögbæru yfirvöldum er einnig heimilt að afrita færslur bókarinnar og krefjast að skipstjóri skipsins eða vakthafandi yfirmaður staðfesti að afritið sé rétt. Sérhvert afrit sem gert hefur verið á þennan hátt og staðfest af skipstjóra skipsins eða staðgengli hans sem rétt afrit af færslu í olíudagbók skipsins skal tekið gilt í hvaða réttarfarslega málarekstri sem er sem sönnunargagn um þær staðreyndir sem getið er í færslunni. Þegar lögbær yfirvöld skoða olíudagbókina skulu þau útbúa staðfest afrit samkvæmt þessari mgr. eins fljótt og við verður komið og án þess að tefja skipið ótilhlýðilega.

20.7 Olíuflutningaskip sem eru minni en 150 brúttótonn og starfa í samræmi við reglu 15(4) í viðauka I við samninginn skulu búin viðeigandi olíudagbók þeirrar gerðar sem stjórnvöld hafa útbúið.
20.8 Til að uppfylla ákvæði 7. mgr. skulu olíuflutningaskip, sem eru minni en 150 brúttótonn, vera búin olíudagbók þeirrar gerðar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar og skal færa hana eins og mælt er fyrir um í 2. - 6. mgr. þessarar greinar.

21. gr.
Sérkröfur fyrir borpalla og aðra palla.

Um atriði sem varða sérkröfur fyrir borpalla og aðra palla skulu gilda ákvæði í 21. reglu í viðauka I við samninginn.

III. KAFLI
Ráðstafanir til að takmarka olíumengun frá olíuflutningaskipum vegna síðu- og botnskaða.

22. gr.
Tjónaforsendur.

Um atriði sem varða tjónaforsendur skulu gilda ákvæði í 22. reglu í viðauka I við samninginn.

23. gr.
Útstreymi olíu byggt á gefnum forsendum.

Um atriði sem varða útstreymi olíu byggt á gefnum forsendum skulu gilda ákvæði í 23. reglu í viðauka I við samninginn.

24. gr.
Takmörkun á hámarksstærð og fyrirkomulagi farmgeyma.

Um atriði sem varða takmörkun á hámarksstærð og fyrirkomulagi farmgeyma skulu gilda ákvæði í 24. reglu í viðauka I við samninginn.

25. gr.
Niðurhólfun og stöðugleiki.

Um atriði sem varða niðurhólfun og stöðugleika skulu gilda ákvæði í 25. reglu í viðauka I við samninginn.

IV. KAFLI
Viðbrögð gagnvart mengun sem er afleiðing af olíumengunaróhappi.[1]

26. gr.
Viðbragðsáætlun.

26.1 Sérhvert olíuflutningaskip, sem er 150 brúttótonn eða stærra, og sérhvert skip, annað en olíuflutningaskip, sem er 400 brúttótonn eða stærra, skulu hafa um borð viðbragðsáætlun, sem er samþykkt af stjórnvöldum.
26.2 Slík áætlun skal útbúin í samræmi við leiðbeiningar[2] stofnunarinnar og vera á samskiptamáli skipstjórans og yfirmannanna. Áætlunin skal a.m.k. innihalda:

a) Viðtekna starfshætti, sem skipstjóri eða aðrir menn, sem annast stjórn skipsins, eiga að framfylgja þegar gefa þarf skýrslu vegna olíumengunaróhappa svo sem krafist er í 8. gr. samningsins og bókunar I við hann og í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar.[3]

1) Þessi breyting var samþykkt á 31. fundi umhverfisnefndar (MEPC) Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) og öðlast gildi 4. apríl 1993.
2) Vísað er til leiðbeininga „Guidelines for the development of shipboard oil pollution plan" sem hafa verið gefnar út af stofnuninni.
3) Vísað er til „General Principle for Ship Reporting Systems and Ship Reporting Requirements, including Guidelines for Reporting Incidents Involving Dangerous Goods, Harmful Substances and/or Marine Pollutants" sem voru samþykktar af stofnuninni með ályktun A.648 (16).

b) Skrá yfir yfirvöld eða menn sem samband skal haft við þegar olíumengunaróhapp á sér stað.
c) Nákvæma lýsingu á aðgerðum, sem menn um borð skulu tafarlaust grípa til í þeim tilgangi að draga úr eða hafa stjórn á losun olíu eftir að óhappið hefur orðið.
d) Viðtekna starfshætti og upplýsingar um samskiptastað í skipinu þaðan sem unnt er að skipuleggja aðgerðir um borð í samvinnu við stjórnvöld og yfirvöld á staðnum til að ráða við mengunina.

V. KAFLI
Ákvæði varðandi skýrslugerð vegna óhappa þar sem um skaðleg efni er að ræða (í samræmi við 8. gr. samningsins).

27. gr.
Skýrslugerð vegna óhappa þar sem um skaðleg efni er að ræða.

Skýrslu um óhapp skal gera tafarlaust og eins ítarlega og unnt er samkvæmt ákvæðum bókunar I við samninginn.

28. gr.
Tilkynningarskylda.

28.1 Skipstjóri skips sem hlut á í óhappi sem lýst er í 29. gr., eða annar maður sem ræður yfir skipinu, skal skýra frá málsatvikum slíks óhapps samkvæmt ákvæðum bókunar I við samninginn án tafar og eins fullkomlega og unnt er.
28.2 Hafi skip sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar verið yfirgefið, eða í því tilviki að skýrsla frá slíku skipi er ófullkomin eða ófáanleg, skulu eigandi, leigutaki, framkvæmdastjóri eða útgerðarmaður skipsins eða umboðsmenn þeirra taka á sig, að svo miklu leyti sem unnt er, skyldur þær sem lagðar eru á skipstjórann samkvæmt ákvæðum bókunar I við samninginn.

29. gr.
Hvenær gefa skal skýrslu.

Gefa skal skýrslu hvenær sem óhappið snertir:
a) losun eða líklega losun á olíu eða eitruðum efnum í fljótandi formi, sem flutt eru í lausu, þegar hún er afleiðing skemmda á skipi eða búnaðar þess eða ef hún er gerð til þess að treysta öryggi skips eða til að bjarga mannslífum á hafi úti; eða
b) losun eða líklega losun skaðlegra efna í pökkuðu formi þar á meðal þeirra sem eru í flutningagámum, fargeymum, vega- og járnbrautarfarartækjum og prömmum, sem fluttir eru með skipum; eða
c) losun, meðan skipið er í rekstri, á olíu eða eitruðum efnum í fljótandi formi umfram það magn eða augnablikshlutfall sem heimilt er samkvæmt samningnum.

30. gr.
Efni skýrslu.

Í sérhverri skýrslu skal greint frá:
a) einkennum skipa sem í hlut eiga;
b) tímasetningu, tegund og staðsetningu atburðar;
c) magni og tegund skaðlegra efna sem í hlut eiga;
d) aðstoð og björgunaraðgerðum.

31. gr.
Aukaskýrsla.

Hver sá, sem ber samkvæmt ákvæðum bókunar I við samninginn að gefa skýrslu, skal þegar tök eru á:

a) bæta upplýsingum við frumskýrsluna, eins og nauðsyn krefur, um framþróun mála; og
b) koma, eins og tök eru á, til móts við beiðnir viðkomandi ríkja um frekari upplýsingar.

VI. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

32. gr.
Viðurlög.

32.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má sekt jafnframt refsivist ef skilyrði 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.
32.2 Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

33. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum nr. 520, 15. ágúst 1984.

34. gr.
Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar skulu kröfur til skips, sem er smíðað fyrir 18. júlí 1994, miðast við mælingu þess í brúttórúmlestum, eins og sú mæling er færð inn í athugasemdareit á mælibréfi skipsins, í stað brúttótonna. Mælingu skips í brúttórúmlestum skal ákvarða samkvæmt samþykkt um samræmda aðferð við skipamælingar, lokið í Osló, 10. júlí 1947, með breytingum

Umhverfisráðuneytið, 20. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 716

REIKNINGUR

Verðbréfaþings fyrir árin 1993 og 1994.

Yfirlýsing framkvæmdastjóra.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands eru hér birtir ársreikningar þingsins fyrir árin 1993 og 1994. Ég lýsi því jafnframt yfir að áritanir stjórnar og endurskoðenda á ársreikninginn 1993 voru efnislega samhljóða þeim áritunum sem hér eru birtar vegna ársreiknings 1994. Sjóðsstreymi og skýringar sem vísað er til í áritun endurskoðanda liggja frammi á skrifstofu Verðbréfaþings Íslands.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri.

Undirritun stjórnar á ársreikninginn.

Verðbréfaþing Íslands var sett á laggirnar árið 1985 samkvæmt heimild í lögum um Seðlabanka Íslands. Þann 5. mars 1993 staðfesti forseti Íslands ný lög um Verðbréfaþing Íslands og tóku þau gildi þann 1. júlí 1993.

Hlutverk Verðbréfaþings er eftirfarandi samkvæmt lögum.

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila,
3. að meta skráningarhæfi verðbréfa,
4. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
5. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

Hagnaður varð af rekstrinum á árinu 1994 að fjárhæð 13.469 þús. kr. og eigið fé nam 30.247 þús. kr. í árslok 1994 samkvæmt efnahagsreikningi. Í árslok 1994 störfuðu 2 starfsmenn hjá Verðbréfaþingi Íslands og er það sami fjöldi og árið áður.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands staðfestir hér með ársreikning Verðbréfaþings fyrir árið 1994 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 1995.

Stjórn: Eiríkur Guðnason. Gunnar Helgi Hálfdanarson.
Árni Vilhjálmsson. Erna Bryndís Halldórsdóttir. Guðmundur Hauksson.
Þorgeir Eyjólfsson. Þorkell Sigurlaugsson.

Framkvæmdastjóri: Tómas Örn Kristinsson.

Áritun endurskoðenda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1994. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1994, efnahagsreikning 31. desember 1994, sjóðsstreymi ársins 1994 og skýringar nr. 1 - 5. Endurskoðað var samkvæmt góðri endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri Verðbréfaþings Íslands á árinu 1994, efnahag þess 31. desember 1994 og breytingu á handbæru fé árið 1994.

Reykjavík, 20. febrúar 1995.

KPMG Endurskoðun hf.
löggiltir endurskoðendur

Tryggvi Jónsson.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS.

	1994	1993
Rekstrartekjur:		
Stofngjöld	11.657.985	8.811.642
Sölugjöld	11.127.584	8.242.084
Árgjöld þingaðila	3.067.022	2.324.835
Árgjöld vegna skráðra bréfa	5.284.083	3.865.435
Aðrar tekjur	802.950	160.000
	31.939.624	23.403.996
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	8.872.567	7.221.926
Annar rekstrarkostnaður	7.779.145	4.817.571
Afskriftir	2.231.111	2.499.825
	18.882.823	14.539.322
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða	13.056.801	8.864.674
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Fjármunatekjur	682.178	167.138
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(269.728)	(199.908)
	412.450	(32.770)
Hagnaður ársins	13.469.251	8.831.904

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER.

	1994	1993
Eignir		
Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	8.281.349	7.259.169
Skammtímakröfur:		
Verðbréf	15.711.495	0
Viðskiptakröfur	5.246.103	7.506.663
Aðrar skammtímakröfur	71.256	118.752
Veltufjármunir	29.310.203	14.884.584
Fastafjármunir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Tölvubúnaður	678.813	1.249.443
Hugbúnaður	795.659	2.163.640
Áhöld og tæki	465.043	0
Fastafjármunir	1.939.515	3.413.083
Eignir samtals	31.249.718	18.297.667
Skuldir og eigið fé		
Skammtímaskuldir:		
Ógreiddur kostnaður	917.252	786.865
Aðrar skammtímaskuldir	85.346	1.036.094
Skuldir samtals	1.002.598	1.822.959

Eigið fé:		
Stofnframlag	1.674.960	1.674.960
Endurmatsreikningur	356.595	331.388
Óráðstafað eigið fé	28.215.565	14.468.360
Eigið fé	30.247.120	16.474.708
Skuldir og eigið fé samtals	31.249.718	18.297.667

Nr. 717 29. desember 1995

REGLUR

um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994.

1. gr.

Skilgreining á *„Eftirstöðvatíma"* í 1. mgr. 2. gr. verður eftirfarandi:

Eftirstöðvatími: Tímabil frá uppgjörsdegi til gjalddaga. Þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörsdegi til gjalddaga hverrar afborgunar. Þegar um er að ræða sérstök innlán og önnur bundin innlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er frá uppgjörsdegi reikningsskilanna til fyrsta mögulega útborgunardags innstæðunnar. Þegar um er að ræða yfirdráttarlán, afurðalán eða rekstrarlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er á milli uppgjörsdags reikningsskilanna til þess dags þegar næst verður samið um framlengingu yfirdráttar/lánveitingar.

2. gr.

Í yfirliti yfir efnahagsliði samkvæmt 4. gr. breytist skuldaliður 3., „Verðbréfaútgáfa", samkvæmt eftirfarandi:

3. Lántaka.
   - 3.1. Verðbréfaútgáfa.*
   - 3.2. Lán frá lánastofnunum.*
   - 3.3. Önnur lántaka.*

3. gr.

Í yfirliti yfir efnahagsliði samkvæmt 4. gr. breytist skulda- og eiginfjárliður 8., „Eigið fé", samkvæmt eftirfarandi:

8. Eigið fé.
   - 8.1. Hlutafé/stofnfé.
   - 8.2. Varasjóðir
   - 8.3. Endurmatsreikningur skv. verðbólgureikningsskilum.
   - 8.4. Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3.
   - 8.5. Óráðstafað eigið fé.

4. gr.

Í yfirliti yfir liði rekstrarreiknings samkvæmt 5. gr. breytist rekstrarliður 2.3., „Vaxtagjöld" af verðbréfaútgáfu o.fl., samkvæmt eftirfarandi:

2.3. Vaxtagjöld af lántöku o.fl.*

5. gr.

Í stað núverandi 1. málsliðar 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi málsliður:

Á þennan eignalið skal færa ríkisvíxla og sambærilega víxla útgefna af opinberum aðilum sem hægt er að nota til endursölu í seðlabanka í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi.

6. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Á eignalið 3.1, „Bundnar kröfur á seðlabanka“, skal færa allar kröfur á seðlabanka aðrar en þær sem tilgreindar eru í 11. gr. Í skýringum skal sérgreina bundnar kröfur á seðlabanka í annars vegar bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum og hins vegar aðrar bundnar kröfur.

7. gr.

Ný málsgrein, sem verði 5. mgr., bætist við 13. gr. og verði eftirfarandi:

Með lánastofnun samkvæmt þessari grein er átt við stofnanir sem starfa samkvæmt lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, lögum nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði, auk seðlabanka og alþjóðlegra og fjölþjóðlegra bankastofnana. Undir lánastofnanir í þessum skilningi falla því eftirtaldar stofnanir:

- Innlánsstofnanir, þ.e. allar þær stofnanir sem samkvæmt lögum er heimilt að taka á móti innlánum frá almenningi. Um er að ræða allar þær stofnanir sem falla undir lög nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði og sambærilegar stofnanir erlendis. Á Íslandi eru innlánsstofnanir viðskiptabankar og sparisjóðir auk Póstgíróstofunnar sbr. lög nr. 33/1986.
- Aðrar lánastofnanir, þ.e. þær stofnanir sem heimilt er að taka lán hjá almenningi og veita lán í eigin nafni en hafa þó ekki heimild til að taka á móti innlánum frá almenningi. Um er að ræða allar þær stofnanir sem falla undir lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og sambærilegar stofnanir erlendis.
- Seðlabanki Íslands og sambærilegar stofnanir erlendis.
- Alþjóðlegar fjármálastofnanir og fjölþjóðlegar lánastofnanir svo sem Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) og Fjárfestingarbanki Evrópu (EIB).

8. gr.

Í stað núverandi 5. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Í skýringum með eignalið 5 skal sérgreina ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl, sem hægt er að endurselja í seðlabanka í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi.

9. gr.

24. gr. verði eftirfarandi:

Skuldalið ur 1. „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.

Á skuldalið 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“, skal færa innlán, millibankalán og aðrar skuldir við lánastofnanir sem ekki eru í formi skuldabréfalána eða annarra framseljanlegra verðbréfa og færa skal á skuldalið 3, „Lántaka“ eða skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“.

Á skuldalið 1.1, „Gjaldkræfar skuldir“, skal færa allar gjaldkræfar skuldir við lánastofnanir að undanskildum lántökum og víkjandi skuldum sbr. 1. mgr.

Á skuldalið 1.2, „Aðrar skuldir við lánastofnanir“, skal færa allar skuldir við lánastofnanir með umsömdum binditíma eða uppsagnarfresti að undanskildum lántökum og víkjandi skuldum sbr. 1. mgr.

Skuldir við lánastofnanir vegna framvirkra viðskipta eða viðskipta með skiptirétt skal færa á skuldalið 1.2 sbr. 2. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 23. gr.

Hlut skulda við seðlabanka í skuldalið 1.1 og 1.2 skal sérgreina í skýringum með ársreikningi.

Um nánari skilgreiningu á hugtakinu lánastofnun samkvæmt þessari grein vísast í 5. mgr. 13. gr. reglnanna.

10. gr.

Í stað núverandi 1. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Hér skal færa öll innlán að undanskildum skuldum sem stofnað hefur verið til með útgáfu skuldabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa og færa skal á skuldalið 3, „Lántaka" eða skuldalið 7, „Víkjandi skuldir". Innlán frá lánastofnunum skal ekki færa hér, heldur á skuldalið 1, sbr. 24. gr. reglnanna. Í undantekningartilfellum er heimilt að færa hér aðrar skuldir stofnunar einkum ef um er að ræða skuldir sem tengjast fjármögnun útlána og þessar skuldir geta ekki fallið undir skilgreiningu á skuldalið 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl." eða skuldalið 3, „Lántaka". Dæmi um slíkar skuldir er innheimtufé lánasjóða sem notað er til útlána. Í slíkum tilfellum skal heiti skuldaliðs 2 bera með sér að ekki sé um hefðbundin innlán að ræða og skal skuldaliður 2 nefndur „Skuldir við viðskiptavini". Þegar um er að ræða stofnun sem, auk slíkra skulda, er einnig með innlán er nauðsynlegt að skýrt komi fram í efnahagsreikningnum sundurliðun skuldaliðar 2 í innlán og aðrar skuldir.

11. gr.

26. gr. verði eftirfarandi:

Skuldaliður 3. „Lántaka".

Á skuldalið 3, „Lántaka", skal færa skuldir stofnunar, aðrar en innlán, sem stofnað er til með útgáfu skuldabréfa og annarra framseljanlegra verðbréfa. Útgefin verðbréf, sem falla undir skilgreiningu á víkjandi skuldum, skulu færð undir skuldalið 7, „Víkjandi skuldir".

Á skuldalið 3.1, „Verðbréfaútgáfa", skal færa skuldabréfaútgáfu og útgáfu verðbréfa sem flokka má undir markaðsverðbréf, ennfremur víxla sem stofnun hefur gefið út til eigin fjármögnunar og hún er aðalskuldari að.

Á skuldalið 3.2, „Lán frá lánastofnunum", skal færa skuldir við lánastofnanir sem falla undir skilgreiningu 1. mgr., aðrar en þær sem færast eiga undir skuldalið 3.1. Skammtímafyrirgreiðslu annarrar lánastofnunar skal þó ekki færa hér heldur á skuldlið 1, „Skuldir við lánastofnanir".

Á skuldalið 3.3, „Önnur lántaka", skal færa aðrar lántökur sem falla undir skilgreiningu 1. mgr., aðrar en skuldir sem færast eiga undir skuldaliði 3.1 og 3.2.

12. gr.

27. gr. verði eftirfarandi:

Skuldaliður 4. „Aðrar skuldir".

Á skuldalið 4, „Aðrar skuldir", skal færa þær skuldir stofnunar sem ekki eru tengdar fjármögnun, svo sem almennar rekstrarskuldir, þá fjárhæð sem samsvarar tapshættu liða utan efnahagsreiknings og reiknuð opinber gjöld til greiðslu á næsta ári.

13. gr.

Í stað núverandi 3. og 4. mgr. 31. gr. komi eftirfarandi þrjár málsgreinar sem verði 3.- 5. mgr. en röð annarra málsgreina breytist samsvarandi:

Á eiginfjárlið 8.3, „Endurmatsreikningur skv. verðbólgureikningsskilum", skal færa endurmat á fastafjármunum, færslu vegna verðlagsbreytinga og aðrar færslur í samræmi við aðferðir verðbólgureikningsskila.

Á eiginfjárlið 8.4, „Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3." skal færa annað endurmat á fastafjármunum og færslur því tengdu en gert er ráð fyrir samkvæmt eiginfjárlið 8.3.

Á eiginfjárlið 8.5, „Óráðstafað eigið fé", skal færa þann hluta af hagnaði ársins eða hagnaði fyrri ára sem hefur ekki verið ráðstafað á aðra eiginfjárliði.

14. gr.

Í stað núverandi 3. mgr. 33. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Á lið 2.3, „Óafturkallanleg lánsloforð o.fl.", skal færa öll óafturkallanleg loforð um að veita lán eða ábyrgð, þ.m.t. ónotaðar yfirdráttarheimildir. Í skýringum skal gera grein fyrir lánsloforðum til allt að 1 árs annars vegar og yfir 1 ár hinsvegar.

15. gr.

Ný málsgrein, sem verði 6. mgr., bætist við 40. gr. og verði eftirfarandi:

Þegar um er að ræða verðbréf bundin gengi erlendra gjaldmiðla skal fyrst umreikna verðbréfin yfir í íslenskar krónur og bókfæra gengishagnað/tap af gjaldeyrisviðskiptum á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum", áður en til útreiknings á gengishagnaði/tapi vegna breytinga á markaðsvirði kemur.

16. gr.

Í stað núverandi 5. mgr. 42. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Í skýringum með rekstrarlið 8.1, „Laun og launatengd gjöld", skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar. Með stjórnendum er átt við þann aðila, einn eða fleiri, sem ráðinn er af stjórn stofnunar til að bera ábyrgð á daglegum rekstri hennar. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu stofnunar er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar stofnunar að dóttur- eða hlutdeildarfélögum, þótt þóknanir fyrir þau störf séu ekki greidd af stofnuninni sjálfri.

17. gr.

Eftirfarandi málsliður bætist við 5. mgr. 53. gr.:

Ákvæði þetta á einnig við þegar um er að ræða verðlækkun vegna almennra vaxtahækkana og eign stofnunar í fjárfestingarverðbréfum er ekki fjármögnuð með sambærilegri vaxtabindingu.

18. gr.

55. gr. verði eftirfarandi:

Skráð veltuverðbréf sbr. 2. gr., skulu bókfærð á opinberu gengi á uppgjörsdegi. Sé raunvirði verðbréfaeignar stofnunar talið vera lægra en skráð markaðsverð eða meðalverð sömu bréfa t.d. vegna þess að lítil eða engin viðskipti hafa verið með slík verðbréf um tíma, ber að færa verðbréfin niður til raunvirðis. Tilgreina skal í skýringum mun markaðsverðs og bókfærðs verðs.

19. gr.

Ný málsgrein, sem verði 5. mgr., bætist við 56. gr. og verði eftirfarandi:

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um óskráð verðbréf sem bókfærð eru á eignalið 2, „Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

20. gr.

65. gr. verði eftirfarandi:

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Þessar upplýsingar má greina í þeim hluta skýringanna sem fjalla um reikningsskilaaðferðir.

Upplýsa skal, eftir því sem við á, um aðferðir sem beitt er við:

- mat á afskriftaþörf útlána og fullnustueigna;
- tekjufærslu vaxta af afskriftalánum, niðurfærslu dráttarvaxta og vaxtafrystingu útlána;
- mat á liðum í erlendum gjaldmiðli;
- mat á verðbréfum í eigu stofnunarinnar og skiptingu markaðsverðbréfaeignar í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf;
- mat á afleiðusamningum og skiptingu afleiðusamninga í veltuverðbréfaliði og fjárfestingarverðbréfaliði. Einnig skal upplýsa um hvort og þá hvernig afleiðusamningar eru notaðir við stjórnun vaxta- og gjaldmiðlaáhættu stofnunarinnar;
- verðlagsleiðréttingu vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag;
- endurmat og afskriftir fastafjármuna;
- mat á liðum tengdum eignarleigustarfsemi.

21. gr.

Í 1. mgr. 1. töluliðs í „Viðauka I“ með reglunum breytist vanskilaviðmiðun við mat á sérstakri afskriftaþörf úr 12 mánuðum í 6 mánuði.

22. gr.

Í „Viðauka III“ með reglunum breytast núverandi skýringaliðir í samræmi við eftirfarandi:

Eignaliður 3. „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“

Sundurliðun eftir skuldurum, enda komi hún ekki fram í efnahagsreikningi:	Kr.
1. Bundnar kröfur á seðlabanka:	
1.1. Bundnar kröfur skv. bindiskyldureglum	
1.2. Aðrar bundnar kröfur á seðlabanka	
2. Kröfur á lánastofnanir:	
2.1. Hlutdeildarfyrirtæki	
2.2. Tengd fyrirtæki	
2.3. Aðrar lánastofnanir	
Samtals	

*Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:**	Kr.
1. Gjaldkræfar kröfur	
2. Allt að 3 mán.	
3. Yfir 3 mán. og allt að ári	
4. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
5. Yfir 5 ár	
Samtals	

*) Bundnar kröfur á seðlabanka samkvæmt bindiskyldureglum eru undanskildar en í skýringartexta komi fram hvers eðlis þær eru.

Eignaliður 4. „Útlán o.fl.“.

Eignaliðir 4.1. „Útlán til viðskiptavina“ og 4.2. „Eignarleigusamningar“.

*Sundurliðun eftir lántakendum:**	%
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir	
2. Bæjar- og sveitarfélög.	
3. Fyrirtæki:	
(sundurliðist á helstu atvinnugreinar)	
4. Einstaklingar	
Samtals	

*) Að frádregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Óvaxtaberandi útlán.

	31.12.199x Kr.	31.12.199y Kr.
1. Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir		
2. Fullnustueignir		
3. - Sérstakur afskriftareikningur		
4. Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi (1+2-3)		
5. Önnur vaxtafryst útlán		
Óvaxtaberandi útlán samtals (4+5)		

Seinni dálkurinn sýnir fyrra reikningsár.

Skýringaliðurinn, „Afskriftalán, þ.e. útlán og fullnustueignir sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir“, fellur niður.

Eignaliður 5. „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

*Eignaliður 5.3. og 5.4. „Fjárfestingarskuldabréf“.**

Hreyfingar á árinu:	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu og afborganir	
Endurmat og verð- og gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

*) Enda komi þessar upplýsingar ekki fram í fjárstreymisyfirliti.

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.

Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf“. *

Hreyfingar á árinu:	Kr.
Bókfært verð 1.1.	
Keypt á árinu	
Selt á árinu	
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar	
Bókfært verð 31.12.	

*) Enda komi þessar upplýsingar ekki fram í fjárstreymisyfirliti.

Eignaliður 9. „Óefnislegar eignir“.

Hreyfingar á árinu:	Viðskipta-vild Kr.	Aðrar óefnis-legar eignir Kr.
Bókfært verð 1.1.		
Keypt á árinu		
Selt á árinu		
Endurmat og gjaldmiðilsbreytingar		
Afskrifað á árinu		
Bókfært verð 31.12.		

Eignaliður 10. „Rekstrarfjármunir“.

Hreyfingar á árinu:	Húseignir og lóðir Kr.	Húsbúnaður, tæki o.fl. Kr.	Samtals Kr.
Heildarverð 1.1.			
Viðbót á árinu			
Endurmat á árinu			
Selt á árinu			
Heildarverð 31.12.			
Afskrifað áður			
Afskrifað á árinu			
Endurmat ársins			
Selt á árinu			
Afskrifað samtals			
Bókfært verð 31.12.			

Tilgreina skal fasteignamat húseigna og lóða og brunabótamat húseigna

Í yfirliti með skýringalið **Yfirlit yfir kröfur á og skuldir við hlutdeildarfyrirtæki og tengd fyrirtæki** breytist skuldaliður S.3. Verðbréfaútgáfa í S.3. Lántaka.

Skuldaliður 3. „Lántaka“.

	Kr.
Fjárhæð sem koma á til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi	

Skuldaliður 6. „Reiknaðar skuldbindingar“.

Skuldaliður 6.1. „Lífeyrisskuldbindingar“.

	Kr.
Lífeyrisskuldbindingar samtals *	
þ.a. vegna fyrrverandi stjórnarmanna	
þ.a. vegna fyrrverandi stjórnenda **	

*) Greint skal frá ávöxtunarkröfu sem miðað er við.
**) Sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 42. gr. reglnanna.

Skuldbindingar vegna stjórnar og stjórnenda aðrar en lífeyrisskuldbindingar.

Heildarfjárhæð lána til og ábyrgða vegna:	Kr.
1. Stjórnar	
2. Stjórnenda *	
Samtals	

*) Sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 42. gr. reglnanna.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga:	Kr.
Eigið fé:	
Eiginfjárþáttur A	
Eiginfjárþáttur B	
- frádráttarliðir sbr. 55. gr. laga nr. 43/1993	
Eigið fé samtals	
Áhættugrunnur samtals	
Eiginfjárhlutfall	%

Eiginfjárhreyfingar.

	Kr.
8.1. Hlutafé/stofnfé 1.1.199x	
a. Hlutafjáraukning	
b. Útgefin jöfnunarhlutabréf	
c. Lækkun hlutafjár	
d. Annað	
Hlutafé/stofnfé 31.12.199x	

8.2. Varasjóðir 1.1.199x	
a. Millifært frá óráðstöfuðu eigin fé	
b. Framlag í lögbundinn varasjóð vegna yfirverðs hlutafjár	
c. Önnur framlög í lögbundinn varasjóð	
d. Annað	
Varasjóðir 31.12.199x	
8.3. Endurmatsreikningur skv. verðbólgureikningsskilum 1.1.199x	
a. Endurmat á árinu	
b. Millifært á hlutafé v/jöfnunarhlutabréfa.	
c. Annað	
Endurmatsreikningur skv. verðbólgureikningsskilum 31.12.199x	
8.4. Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3., 1.1.199x	
a. Endurmat á árinu	
b. Annað	
Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3, 31.12.199x	
8.5. Óráðstafað eigið fé 1.1.199x	
a. Hagnaður/tap ársins	
b. Millifært af yfirverðsreikningi	
c. Framlag í lögbundinn varasjóð	
d. Önnur framlög í varasjóði	
e. Greiddur arður	
f. Annað	
Óráðstafað eigið fé 31.12.199x	

23. gr.

Í „Viðauka III“ með reglunum bætast við skýringaliðir í samræmi við eftirfarandi:

Næst á undan skýringaliðnum **„Eignaliður 3, „Kröfur á lánastofnanir o.fl.““** komi eftirfarandi skýringaliður:

Eignaliður 1. „Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.“

Sundurliðun á sjóði og óbundnum innstæðum í seðlabanka o.fl.	Kr.
1. Sjóður	
2. Óbundnar innstæður í seðlabanka	
3. Óbundnar innstæður í póstgíró	
Samtals	

Síðasta yfirlitið undir skýringaliðnum **„Eignaliður 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum““**, verði eftirfarandi:

	Kr.
Ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl, sem hægt er að endur-	
selja í seðlabanka	

Næst á eftir skýringaliðnum **„Skuldaliður 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.““**, komi eftirfarandi yfirlit:

Skuldaliðir 1.1. og 1.2.

Sundurliðun eftir lánardrottnum:	Kr.
1.1. Gjaldkræfar skuldir:	
Skuldir við seðlabanka	
Skuldir við aðrar lánastofnanir	
Samtals	
1.2. Aðrar skuldir við lánastofnanir:	
Skuldir við seðlabanka	
Skuldir við aðrar lánastofnanir	
Samtals	

Næst á eftir yfirliti yfir eigið fé og eiginfjárhlutfall komi eftirfarandi yfirlit:

Upplýsingar um hlutafé/stofnfé:	Fjöldi hluta	Nafnverð hlutar Kr.	Heildar-fjárhæð hluta Kr.
1. Útgefnir hlutar/stofnfjárhlutar			
2. þ.a. eigin hlutar			

Næst á eftir skýringaliðnum **„Eiginfjárhreyfingar“** komi eftirfarandi yfirlit:
Liðir utan efnahagsreiknings.

Sundurliðun á lið 2.3., „Óafturkallanleg lánsloforð“, sbr. 3. mgr. 33 gr.

Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:	Kr.
Allt að 1 ári	
Yfir 1 ár	
Samtals	

Framvirkir samningar og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar.

	Kr.
Framvirkir samningar:	
Eignir í íslenskum krónum	
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	
Skuldir í íslenskum krónum	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:	
Eignir í íslenskum krónum	
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	
Skuldir í íslenskum krónum	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	

	Kr.
Útlánaígildi afleiðusamninga samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni	

24. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með vísan til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og 11. gr. laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði nr. 123/1993, öðlast þegar gildi og skulu gilda fyrir gerð ársreiknings fyrir reikningsárið 1995. Ákvæði 21. gr. gildir þó fyrst við gerð ársreiknings fyrir reikningsárið 1996.

Seðlabanki Íslands, 29. desember 1995.

Steingrímur Hermannsson.

Þórður Ólafsson.

Nr. 718 28. desember 1995

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Við skilgreiningar í 5 gr. reglugerðarinnar bætist:

17. Sérfóður: Fóðurblanda sem vegna efnis- eða eðlisgerðar er frábrugðin bæði venjulegu fóðri og lyfjum og markmið með notkun er að fullnægja sérstökum næringarþörfum.

2. gr.

Við 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar bætast orðin:

. . . og lýst hefur verið í samræmi við ákvæði tilskipunar 94/40 EB um leiðbeiningar um mat á aukefnum í fóðri.

3. gr.

Aftan við tölulið 2.0 í B-lið IV. kafla reglugerðarinnar komi nýr töluliður, er verði töluliður 3.0 og ber yfirskriftina „Sérfóður“, svohljóðandi:

Krafa til fóðurblöndu sem ætluð er til að fullnægja sérstökum næringarþörfum er að notkunarsvið blöndunnar sé í samræmi við næringarmarkmiðið í dálki 1, dýrategund eða hóp, sbr. dálk 3 og einn eða fleiri af þeim eiginleikum í dálki 2 sem tilgreindir eru í töflu 3.1.

Tafla 3.1.

Skrá yfir notkunarsvið sérfóðurs:

Sérstök næringarmarkmið	Mikilvægir næringareiginleikar	Tegund eða flokkur dýra	Upplýsingar á merkimiða	Ráðlagður notkunartími	Önnur ákvæði
1	2	3	4	5	6
Stuðningur við nýrnastarfsemi vegna langvinnrar nýrnabilunar (1)	Lágt fosfórinnihald og takmarkað próteininnihald í háum gæðaflokki	Hundar og kettir	— Próteingjafi (próteingjafar) — Kalsíum — Fosfór — Kalíum — Natríum — Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 6 mánuðir til að byrja með (2)	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur." Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni."
Upplausn strúvítsteina (3)	— Þvagsýringareiginleikar, lágt magníuminnihald og takmarkað próteininnihald í háum gæðaflokki	Hundar	— Próteingjafi (próteingjafar) — Kalsíum — Fosfór — Natríum — Magníum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Þvagsýringarefni	5 – 12 vikur	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni." Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun."
	— Þvagsýringareiginleikar og lágt magníuminnihald	Kettir	— Kalsíum — Fosfór — Natríum — Magníum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Tárín samtals — Þvagsýringarefni		

1	2	3	4	5	6
Að draga úr endurmyndun strúvítsteina ([3])	Þvagsýringareiginleikar og miðlungs magníuminnihald	Hundar og kettir	— Kalsíum — Fosfór — Natríum — Magníum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Þvagsýringarefni	Allt að 6 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun úratsteina	Lágt púríninnihald, lágt prótíninnihald í háum gæðaflokki	Hundar og kettir	Prótíngjafi (prótíngjafar)	Allt að 6 mánuðir; lífstíðarnotkun ef varanleg röskun er á þvagsýruefnaskiptum	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun oxalatsteina	Lágt kalsíuminnihald, lágt innihald D-vítamíns og efna sem gera þvag basískt	Hundar og kettir	— Fosfór — Kalsíum — Natríum — Magníum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — D-vítamín samtals — Hýdroxýprólín — Efni sem gera þvag basískt	Allt að 6 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr myndun systínsteina	Lágt prótíninnihald, miðlungs innihald brennisteinsamínósýra og efna sem gera þvag basískt	Hundar og kettir	— Brennisteinsamínósýrur samtals — Natríum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Efni sem gera þvag basískt	Allt að 1 ár til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Að draga úr óþoli af völdum innihalds- og næringarefna ([4])	— Úrvalsprótíngjafi (úrvalsprótíngjafar)	Hundar og kettir	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)	3 – 8 vikur: ef merki um óþol hverfa má nota fóðrið í ótakmarkaðan tíma	—

1	2	3	4	5	6
	og/eða — Úrvalskolvetnisgjafi (úrvalskolvetnisgjafar)		— Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) — Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við)		
Minnkun skyndilegra truflana á uppsogi í þörmum	Aukið innihald rafkleyfra efna og auðmeltanlegra innihaldsefna	Hundar og kettir	— Auðmelt innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á — Natríum — Kalíum — Slímefnagjafar (sé þeim bætt við)	1 – 2 vikur	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: — „Við bráðum niðurgangi og þar til bata er náð." — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun."
Mótvægi við meltingartruflanir (3)	Auðmeltanleg innihaldsefni og lágt fituinnihald	Hundar og kettir	Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	3 – 12 vikur; lífstíðarnotkun ef um langvinna briskirtilbilun er að ræða	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun."
Stuðningur við hjartastarfsemi vegna langvinnrar hjartabilunar	Lágt natríuminnihald og aukið hlutfall K/Na	Hundar og kettir	— Natríum — Kalíum — Magníum	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur."
Stjórnun á glúkósaforða (sykursýki)	Lágt innihald kolvetna sem breytast hratt í glúkósa	Hundar og kettir	— Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) — Meðhöndlun kolvetna, ef við á — Sterkja — Heildarsykurefni — Glúkósi (sé honum bætt við) — Innihald mikilvægra fitusýra (sé þeim bætt við) — Fitusýrugjafi (fitusýrugjafar) með stuttri og miðlungslangri kolefnakeðju	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur."

1	2	3	4	5	6
Stuðningur við lifrarstarfsemi vegna langvinnrar lifrarbilunar	— Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, lágt fituinnihald, hátt innihald mikilvægra fitusýra og hátt innihald auðmeltanlegra kolvetna	Hundar	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Innihald mikilvægra fitusýra) — Auðmeltanleg kolvetni og meðhöndlun þeirra ef við á — Natríum — Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
	— Prótín í háum gæðaflokki, miðlungs prótíninnihald, miðlungs fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra	Kettir	— Prótíngjafi (prótíngjafar) — Innihald mikilvægra fitusýra — Natríum — Heildarinnihald kopars		
Stjórnun á fituefnaskiptum vegna of hárrar blóðfitu	Lágt fituinnihald og hátt innihald mikilvægra fitusýra	Hundar og kettir	— Innihald mikilvægra fitusýra — Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við)	Allt að 2 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Minnkun á koparinnihaldi í lifur	Lágt koparinnihald	Hundar	Heildarinnihald kopars	Allt að 6 mánuðir til að byrja með	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun eða áður en notkunartími er framlengdur.“
Stuðningur við starfsemi húðar vegna húðsjúkdóma og hármissis	Hátt innihald mikilvægra fitusýra	Hundar og kettir	Innihald mikilvægra fitusýra	Allt að 2 mánuðir	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr hættu á doða	— Lágt kalsíuminnihald	Mjólkurkýr	— Kalsíum — Fosfór — Magníum	1 – 4 vikur fyrir burð	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Hættið gjöf eftir burð.“

1	2	3	4	5	6
	og/eða — Lágt hlutfall bakskauts-/forskautsjóna		— Kalsíum — Fosfór — Natríum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn		
Að draga úr hættu á súrdoða ([6]) ([7])	Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa	Mjólkurkýr og ær	— Innihaldsefni sem eru orkugjafar í formi glúkósa — Própan-1,2-díól (sé því bætt við sem forefni glúkósa) — Glýseról (sé því bætt við sem forefni glúkósa)	3 – 6 vikur eftir burð (kýr) ([8]) 6 vikur fyrir og 3 vikur eftir burð (ær) ([9])	
Að draga úr hættu á graskrampa (hypomagnesaemia)	Hátt magníuminnihald, kolvetni sem eru auðveldlega tiltæk, miðlungs prótíninnihald og lágt kalíuminnihald	Jórturdýr	— Sterkja — Heildarsykurefni — Magníum — Natríum — Kalíum	3 – 10 vikur á þeim tíma sem grasvöxtur er mikill	Í notkunarleiðbeiningum skulu vera upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og orkugjafa sem eru auðveldlega tiltækir. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað sauðfé: „Einkum fyrir mjólkandi ær.“
Að draga úr hættu á súrdoða	Lágt innihald auðgerjanlegra (auðmeltanlegra) kolvetna og hátt jafnamagn	Jórturdýr	— Sterkja — Heildarsykurefni	Hámark 2 mánuðir ([10])	Í notkunarleiðbeiningum skulu koma fram upplýsingar um dagskammt, að því er varðar trefjaefni og auðgerjanlega kolvetnisgjafa. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað mjólkurkúm: „Einkum fyrir nythára kýr.“

1	2	3	4	5	6
					Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða ef fóðrið er ætlað jórturdýrum til að auka fallþunga þeirra: „Einkum fyrir alidýr." ([11])
Að koma vökva og rafkleyfum efnum í jafnvægi	Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Kálfar Mjólkurgrísir Lömb Kiðlingar Folöld	— Kolvetnisgjafi (kolvetnisgjafar) — Natríum — Kalíum — Klóríð	1 – 7 dagar (1 – 3 dagar ef annað fóður er ekki gefið með)	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: — „Ef hætta er á meltingartruflunum (niðurgangi), við meltingartruflunum og þar til bata er náð." — „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun."
Að draga úr myndun þvagsteina	Lágt innihald fosfórs, magníums og þvagsýringarefna	Jórturdýr	— Kalsíum — Fosfór — Natríum — Magníum — Kalíum — Klóríð — Brennisteinn — Þvagsýringarefni	Allt að 6 vikur	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Einkum fyrir ung alidýr. Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni."
Að draga úr streituverkun	— Hátt magníuminnihald og/eða — Auðmeltanleg innihaldsefni	Svín	Magníum — Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á — Innihald n-3-fitusýra (sé þeim bætt við)	1 – 7 dagar	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi.
Að koma hinni líffræðilegu meltingu í jafnvægi	— Lágt jafnamagn og auðmeltanleg innihaldsefni	Mjólkurgrísir	— Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á — Jafnamagn — Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) — Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við)	2 – 4 vikur	Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ef hætta er á meltingartruflunum, við meltingartruflunum og þar til bata er náð."

1	2	3	4	5	6
	— Auðmeltanleg innihaldsefni	Svín	— Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á — Uppruni þurrkandi efna (sé þeim bætt við) — Slímefnagjafar (sé slímefnum bætt við)		
Að koma í veg fyrir hægðatregðu	Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu	Gyltur	Innihaldsefni sem örva hægðahreyfingu	10 – 14 dagar fyrir og 10 – 14 dagar eftir got	—
Að koma í veg fyrir fitulifurheilkenni (einkenni)	Lágt orkuinnihald og hátt hlutfall niðurbrjótanlegrar orku úr lípíðum með hátt innihald fjölómettaðra fitusýra	Varphænur	— Orkugildi (reiknað út samkvæmt aðferðum EBE) — Hlutfall niðurbrjótanlegrar orku úr lípíðum — Innihald fjölómettaðra fitusýra	Allt að 12 vikur	—
Mótvægi við skort á uppsogi	Lágt innihald fjölmettaðra fitusýra og hátt hlutfall fituleysanlegra vítamína	Alifuglar, nema gæsir og dúfur	— Hlutfall fjölmettaðra fitusýra með tilliti til heildarfitusýra — A-vítamín samtals — D-vítamín samtals — E-vítamín samtals — K-vítamín samtals	Tvær fyrstu vikurnar eftir klak	—
Mótvægi við langvinnar truflanir í mjógörn	Auðmeltanleg kolvetni, prótín og fita	Hestar	Auðmeltanlegir kolvetnis-, prótín- og fitugjafar og meðhöndlun þeirra ef við á	Allt að þrír mánuðir	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“
Að draga úr hættu á meltingartruflunum í viðgirni	Hátt trefjainnihald, en auðmeltanleg innihaldsefni	Hestar	Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	1 – 2 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi. Upplýsingar á umbúðum, íláti eða merkimiða: „Ráðlagt er að leita álits dýralæknis fyrir notkun.“

1	2	3	4	5	6
Að draga úr streituverkun	Auðmeltanleg innihaldsefni og hátt magníuminnihald	Hestar	— Magníum — Auðmeltanleg innihaldsefni og meðhöndlun þeirra ef við á	2 – 4 vikur	Veita skal leiðbeiningar um hvenær notkun þessa fóðurs er viðeigandi.
Mótvægi við tap á rafkleyfum efnum sem verður þegar dýrið svitnar mikið	Einkum rafkleyf efni og kolvetni sem eru auðveld til upptöku	Hestar	— Natríum — Kalíum — Klóríð — Glúkósi	1 – 2 dagar	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: „Dýrið verður ávallt að hafa aðgang að vatni.“

1) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við tímabundna nýrnabilun, ef við á.

2) Ef mælt er með fóðrinu í tengslum við tímabundna nýrnabilun skal tímabil notkunar vera tvær til fjórar vikur.

3) Þegar um er að ræða fóður fyrir ketti má bæta setningunni „þvagrásarsjúkdómar katta“ eða „þvagrásarheilkenni katta – F.U.S.“ (feline urological syndrome) við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.

4) Þegar um er að ræða fóður í tengslum við tiltekið óþol má tilvísun til tiltekins óþols koma í stað orðanna „innihaldsefnum og næringu“.

5) Framleiðanda er heimilt að bæta tilvísuninni „skortur á framleiðslu brissafa“ við dálkinn Sérstök næringarmarkmið.

6) Heimilt er að nota hugtakið „ketóneitrun“ í staðinn fyrir „súrdoða“.

7) Framleiðanda er einnig heimilt að mæla með notkun í tengslum við bata eftir súrdoða.

8) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr.

9) Þegar um er að ræða fóður fyrir ær.

10) Þegar um er að ræða fóður fyrir mjólkurkýr: „Hámark tveir mánuðir frá því að mjólkurskeið hefst.“

11) Tilgreinið flokk jórturdýra.

4. gr.

Við lið 1.1 í VI. kafla A bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Innihaldi aukefni erfðabreyttar lífverur þá skal fara fram mat á umhverfisáhættu áður en því er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið.

5. gr.

Í stað liðar 12.2 í VI. kafla D komi:

12.2 Ensím.

Viðskiptaheiti	Virk innihaldsefni(1)	Virknieining í g eða fjöldi gerlaklasaeininga í g	Aðili ábyrgur fyrir að setja vöru í umferð (nafn og heimilisfang)

(1) Fyrir örveirur: auðkenni stofnsins í samræmi við viðurkennt auðkenni aðþjóðlegs flokkunarkerfis ásamt geymslunúmeri stofnsins.

Fyrir ensím: Sérheiti í samræmi við ensímvirkni þeirra, auðkennisnúmer samkvæmt *International Union of Biochemistry* og ef þau eru af örverufræðilegum uppruna, auðkenni stofnsins í samræmi við viðurkennt auðkenni alþjóðlegs flokkunarkerfis ásamt geymslunúmeri stofnsins.

12.2.1. Ensím sem heimilt er að nota hér á landi.

Avizyme, óþynnt
Avizyme SX
Econan EGB
Porzyme SP, TP SF og SF100
Fytase (Natuphos 5000 og Natuphos 5000 L)

6. gr.

Við upptalningu efna í VI. kafla D bætist í viðeigandi töluliði:

E 418 Gettan-gummí, aðeins í niðursoðnum dósamat fyrir hunda og ketti

E 161j Astaxanthin C_{40} H_{52} O_4, lax, silungur 100, aðeins heimilað í eldisfisk, sex mánaða og eldri

E 102 Tartrazine C_{16} H_9 N_4 O_9 S_2 Na_3, skrautfiskar

E 110 Sunset Yellow FCF, C_{16} H_{10} N_2 O_7 S_2 Na_2, skrautfiskar

E 124 Ponceau 4 R, C_{20} H_{11} N_2 O_{10} S_3 Na_3, skrautfiskar

E 127 Erythrosine C_{20} H_6 I_4 O_5 Na_2 H_2O, eitt sér eða í blöndu með Kantasantín

E 525 Kalíum hýdroxíð, fyrir hunda og ketti

E 526 Kalsíumhýdroxíð, fyrir hunda og kettti

EB-nr.	Aukaefni	Efnaformála-lýsing	Dýrategund-eða flokkur	Hámarks-aldur	Lágmarks-magn Heilfóður, mg/kg	Hámarks-magn	Önnur ákvæði
E563	Sepíólít-kenndur leir	Vatnað magn-íumsílikat úr botnfalls-efnum sem inniheldur að minnsta kosti 40% af sepíó-líti og 25% af illíti laust við asbest.	Allar dýra-tegundir- og flokkar	-	-	20.000	Allt fóður

7. gr.

Í töflu í B-lið VII. kafla reglugerðarinnar bætist eftirfarandi í tölulið 1.1.:

Heilfóður fyrir fiska 4

8. gr.

Við upptalningu í XII. kafla reglugerðarinnar bætist:

Halofuginone	93/070/EBE
Robenidine	93/117/EB
Aflatoxin B_1	94/014/EB

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 719 29. desember 1995

REGLUGERÐ

um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis.

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Forstöðumaður fangelsis getur veitt fanga sem afplánar refsingu og er skráður í því fangelsi, leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla og 5. kafla.

2. gr.

Fangelsismálastofnun ríkisins getur veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3. kafla og 4. kafla.

3. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis skal ekki veitt ef hætta er á að fangi muni misnota það.

Hafi fangi verið dæmdur í síðasta refsidómi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, eða önnur afbrot sem eru sérlega gróf, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef mál, þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot, er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákværuvaldi.

Hafi fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi eða framið refsiverðan verknað í fyrra leyfi til dvalar utan fangelsis eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi, skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi. Hið sama gildir ef fangi er grunaður um að hafa framið afbrot, sem ekki er smávægilegt, í núverandi afplánun.

Strok og misnotkun leyfis til dvalar utan fangelsis í fyrri afplánun eða gæsluvarðhaldi skal einnig haft til hliðsjónar við mat á því hvort hætta sé á að fangi muni misnota leyfi.

Sýna skal sérstaka gát við mat á því hvort fangi muni misnota leyfi ef um er að ræða síbrotamann, og gildir það jafnt þó ekki sé af öðrum ástæðum hætta á að hann muni misnota leyfið.

Sýna skal sérstaka gát við mat á því hvort fangi muni misnota leyfi til að reyna að komast úr landi. Erlendir ríkisborgarar skulu jafnan ekki fá leyfi án fylgdar.

4. gr.

Áður en forstöðumaður fangelsis veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal hann leita samþykkis fangelsismálastofnunar í eftirfarandi tilvikum:

a) Ef fangi hefur ekki fengið slíkt leyfi áður í þeirri afplánun.
b) Ef ákvæði 3. mgr. 3. gr. eiga við um fangann, og hann hefur ekki fengið slíkt leyfi eftir að fangelsisyfirvöld fengu vitneskju um þau atvik sem greinir í 3. mgr. 3. gr.
c) Ef aðrar ástæður gefa tilefni til.

5. gr.

Áður en fangelsismálastofnun veitir fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3.-4. kafla skal hún leita umsagnar forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn er skráður í, og jafnframt forstöðumanns þess fangelsis sem fanginn mun verða skráður í meðan leyfið gildir ef það er ekki sama fangelsið.

6. gr.

Vilji forstöðumaður fangelsis veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, án fylgdar, skal hann áður leita samþykkis fangelsismálastofnunar.

7. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara til útlanda.

8. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2.-4. kafla skal almennt veitt án fylgdar.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal almennt ekki veitt án fylgdar, nema sérstakar ástæður mæli með.

9. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 2. kafla skal vera 14 klukkustundir að hámarki og veitist á tímabilinu frá kl. 8.00 til 22.00 að kvöldi þess sama dags.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3.-4. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og aldrei lengra en 12 klukkustundir.

Leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla skal ekki vera lengra en nauðsynlegt er til að leyfið þjóni tilgangi sínum, og ekki lengra en 6 klukkustundir, nema mjög sérstakar ástæður mæli með, og er slíkt leyfi háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar. Leyfi til dvalar utan fangelsis skal ekki vera um næturtíma, en þó er heimilt að leyfa slíkt ef mjög sérstakar ástæður mæla með, enda gisti fanginn í næsta fangelsi eða á næstu lögreglustöð og skal fyrirfram gengið frá slíkri gistingu, og er slíkt leyfi háð fyrirfram veittu samþykki fangelsismálastofnunar.

Verði fangi uppvís að fíkniefnaneyslu eða alvarlegu agabroti í fangelsi eða utan þess, hefur það í för með sér að leyfi til dvalar utan fangelsis kemur eigi til greina fyrr en að sex mánuðum liðnum frá slíku broti.

Strok fanga eða tilraun til stroks úr refsivist hefur í för með sér að leyfi til dvalar utan fangelsis kemur eigi til greina fyrr en að liðnu einu ári frá slíkum atburði.

10. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis skal setja eftirfarandi skilyrði:

a) Fanganum skal hvorki heimilt að neyta áfengis eða deyfilyfja í leyfinu.
b) Fanganum skal hvorki heimilt að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra ávana- eða fíkniefna í leyfinu.
c) Fanginn skal ekki fremja refsiverðan verknað í leyfinu.
d) Fanginn skal ekki fara til útlanda í leyfinu.
e) Fanginn skal tilkynna það til fangelsisins ef slys, sjúkdómur eða önnur atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.
f) Fanganum er óheimilt að koma með í fangelsið hluti sem óheimilt er að hafa í fangelsinu samkvæmt reglum þess.
g) Hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið.
h) Um leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 3.-5. kafla skal setja það skilyrði að fanganum sé óheimilt að gera eða fara nokkuð í leyfinu annað en það sem samræmist tilgangi leyfisins.

11. gr.

Fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis er heimilt að setja eftirfarandi skilyrði:

a) Að fanginn skuli láta í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið.
b) Að fanginn skuli gangast undir töku þvag- og/eða blóðsýnis fyrir og/eða eftir leyfið.
c) Að fanginn skuli gangast undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið.

d) Að fanginn skuli ekki, ef tillit til brotaþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu.
e) Að fanginn hefur ekki heimild til að koma fram í fjölmiðlum.

12. gr.

Sá aðili sem ákveður að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ákveður hvaða skilyrði eru sett fyrir leyfinu samkvæmt 11. gr.

13. gr.

Starfsfólk fangelsis skal fylgjast með því að fangi misnoti ekki leyfi til dvalar utan fangelsis sem honum hefur verið veitt.

14. gr.

Þó að ekki séu sett skilyrði um öndunarsýni, töku þvag- og/eða blóðsýnis eða líkamsleit við endurkomu í fangelsið, er heimilt að framkvæma slíkt ef aðstæður mæla með. Líkamsleit innvortis skal ekki ákveðin nema að fengnu áliti læknis.

Taka blóðsýnis og innvortis leit skal gerð af hjúkrunarfræðingi eða lækni.

Leit á fanga innan klæða skal gerð af starfsmanni sama kyns og fanginn.

Ákvarðanir samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. skal bóka og tilgreina ástæður.

15. gr.

Fangi ber sjálfur kostnað vegna leyfis til dvalar utan fangelsis.

Í sérstökum tilvikum er þó forstöðumanni fangelsis heimilt að veita fanganum fjárhagslega aðstoð vegna leyfis, ef kostnaður er óvenjulega mikill eða sérstakur, eða ef hann var ófyrirsjáanlegur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þó fangi almennt ekki sjálfur bera kostnað vegna fylgdar þegar honum er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla.

16. gr.

Greiða skal fanga dagvinnulaun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis.

Þó skal hvorki greiða fanga laun né dagpeninga vegna þess tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, ef hann hefur rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu eða misnotað það að öðru leyti.

17. gr.

Rjúfi fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða að öðru leyti þær reglur sem um leyfið gilda eða misnoti það að öðru leyti, getur það varðað afturköllun leyfisins, og agaviðurlögum samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist, og skal það koma skýrt fram í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

18. gr.

Einnig er heimilt að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis sem ákveðið hefur verið að veita, en er ekki komið til framkvæmda, ef uppvíst verður um atvik sem valda því að hætta er á að fanginn muni misnota leyfið eða önnur atvik sem hefðu orðið til þess að synjað hefði verið um leyfið.

19. gr.

Ákvörðun um að afturkalla leyfi fanga til dvalar utan fangelsis skal tekin af þeim aðila sem ákvað að veita leyfið.

Slík ákvörðun skal tekin á grundvelli fyrirliggjandi skýrslna og annarra gagna, og skal fanganum gefinn kostur á að tala máli sínu fyrir forstöðumanni fangelsisins áður en ákvörðun er tekin. Þá skal einnig kynna fanganum fyrirliggjandi gögn og skýrslur í málinu áður en ákvörðun er tekin. Þó er heimilt að undanskilja upplýsingar ef slíkt telst nauðsynlegt vegna tillits til öryggis fangelsisins eða ríkisins, annarra manna, rannsóknar sakamáls eða aðrar sérstakar ástæður mæla með.

20. gr.

Sé synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta sé á að fangi muni misnota það eða það er afturkallað, er heimilt að ákveða, í synjun eða afturköllun, að síðari leyfisbeiðni skuli ekki tekin til meðferðar fyrr en eftir ákveðinn tíma, allt að 6 mánuðum.

Þó að ákvörðun samkvæmt 1. mgr. hafi verið tekin er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis eftir reglum 5. kafla, ef brýnar ástæður mæla með.

21. gr.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir leyfisveitingunni og hvaða reglur gildi um leyfið að öðru leyti, og hverju varði að rjúfa skilyrði leyfisins og þær reglur sem gilda um það að öðru leyti.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsisins nema fengin sé skrifleg yfirlýsing hans um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

2. KAFLI
Reglubundin dagsleyfi.

22. gr.

Heimilt er, eftir beiðni fanga, að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis til að fara heim til sín eða heimsækja fjölskyldu sína eða vini, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að ljúka afplánun.

23. gr.

Í beiðni um leyfi samkvæmt þessum kafla skal fanginn upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu eða hvern hann hyggst heimsækja. Áður en leyfi skal veitt skal að öllu jöfnu leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að heimsókn geti átt sér stað. Fáist sú staðfesting ekki ber að synja um leyfi til slíkrar heimsóknar, og skal tilgreina slíkt í skírteini því er greinir í 21. gr. og setja það sem skilyrði fyrir leyfisveitingunni sbr. d-lið 11. gr.

24. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrr en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun 1/3 hluta refsitímans, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist og verður afplánun að hafa staðið samfellt yfir í 1 ár að frátalinni gæsluvarðhaldsvistinni.

Hafi fanga verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, er ekki heimilt að veita honum slíkt leyfi aftur fyrr en fullir þrír mánuðir eru liðnir frá síðasta leyfi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis ef hann hefur verið í samfelldri afplánun í tvö ár hið minnsta, og hefur áður verið heimiluð dvöl utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, þrisvar sinnum hið minnsta, og hann hafi ekki misnotað það leyfi eða rofið skilyrði eða reglur þess, þegar fullir tveir mánuðir eru liðnir frá síðasta leyfi.

25. gr.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skulu vera 14 klukkustundir að hámarki og er fanganum heimilt að dvelja utan fangelsis samkvæmt leyfinu frá kl. 8.00 til kl. 22.00 að kvöldi þess sama dags, og skal taka þetta fram í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

3. KAFLI
Leyfi til dvalar utan fangelsis vegna vinnu.

26. gr.

Heimilt er eftir beiðni fanga að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi að stunda vinnu, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki, og ákveður þá forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skal markaður ákveðinn gildistími, sem tilgreina skal í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

27. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, nema fyrir liggi staðfesting vinnuveitanda á því að fanginn geti hafið störf, og að fanginn geti starfað hjá honum þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Fáist ekki sú staðfesting ber að synja um leyfið. Þá skal gengið úr skugga um að vinnuveitanda sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu, og skal jafnframt gera vinnuveitandanum grein fyrir þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

28. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrr en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun í 1 ár hið skemmsta, og ekki er heimilt að taka tillit til gæsluvarðhaldsvistar í því sambandi.

29. gr.

Almennt er ekki heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla ef meira en þrír mánuðir eru þar til fanginn lýkur afplánun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla þó að lengra sé þar til fanginn lýkur afplánun, ef sérstakar aðstæður mæla með, þ.m.t. lengd dómsins.

30. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla til að vinna hjá nánustu ættingjum eða fjölskyldumeðlimum hans, nema sérstakar aðstæður mæli með.

31. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla til að vinna hjá aðila sem á eftir að afplána óskilorðsbundinn refsidóm eða er háður umsjón og eftirliti fangelsismálastofnunar.

32. gr.

Almennt skal ekki veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir kl. 8.00 og eftir kl. 19.00 eða á laugardegi eða sunnudegi, nema sérstakar aðstæður mæli með.

4. KAFLI
Leyfi til dvalar utan fangelsis vegna náms.

33. gr.

Heimilt er eftir beiðni fanga að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi að stunda nám eða starfsþjálfun, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki, og ákveður þá forstöðumaður fangelsis í samráði við fangelsismálastofnun hvernig gæslu skuli hagað.

Leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla skal afmarkaður ákveðinn gildistími, sem tilgreina skal í skírteini því er greinir í 1. mgr. 21. gr.

34. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla, nema fyrir liggi staðfest stundaskrá skóla og skrifleg staðfesting hans á því að fanginn geti hafið nám eða starfsþjálfun, og að fanginn geti stundað það þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Fáist sú staðfesting ekki ber að synja um leyfið. Þá skal gengið úr skugga um að skólanum sé ljóst að um sé að ræða fanga sem afplánar refsingu, og skal jafnframt gera skólanum grein fyrir þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

35. gr.

Ekki er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrr en fanginn hefur verið í samfelldri afplánun í eitt ár hið skemmsta, og ekki er heimilt að taka tillit til gæsluvarðhaldsvistar í því sambandi.

36. gr.

Almennt er ekki heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla ef meira en sex mánuðir eru þar til fanginn lýkur afplánun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla þó að lengra sé þar til fanginn lýkur afplánun, ef sérstakar aðstæður mæla með, þ.m.t. lengd dómsins.

37. gr.

Almennt skal ekki veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla fyrir kl. 8.00 og eftir kl. 19.00 eða á laugardegi eða sunnudegi, nema sérstakar aðstæður mæli með.

5. KAFLI

Leyfi til dvalar utan fangelsis í sérstökum tilvikum.

38. gr.

Heimilt er eftir beiðni fanga að veita honum leyfi til dvalar utan fangelsis í eftirfarandi sérstökum tilvikum, ef slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa hann undir að afplánun ljúki:

a) Til að heimsækja náinn ættingja sem er alvarlega sjúkur.
b) Til að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja.
c) Til að vera viðstaddur fæðingu, skírn eða fermingu barns síns.
d) Til að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

Með nánum ættingjum í þessu sambandi er einungis átt við: Maka, börn, foreldra, systkin, föður- eða móðurforeldra og barnabörn.

39. gr.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis samkvæmt þessum kafla nema fyrir liggi fullnægjandi gögn um að þær aðstæður séu til staðar að heimilt sé að veita leyfi samkvæmt þessum kafla.

6. KAFLI

Gildistaka.

40. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48 19. maí 1988, öðlast gildi 1. janúar 1996. Frá sama tíma er fallin úr gildi reglugerð nr. 440 2. desember 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1995:

Í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík:
Vindhóll á nýbýli úr landi Helgadals í Mosfellsbæ.
Í umdæmi sýslumannsins á Sauðárkróki:
Vindheimar II á nýbýli úr landi Vindheima, Lýtingsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.
Í umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði:
Kaldá á nýbýli úr landi Eyjólfsstaða, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.
Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:
Efri-Brekka á þjónustubýli úr landi Brekku, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1995.

F. h. r.
Árni Gunnarsson.

Karítas H. Gunnarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 1995

1905 Nr. 721

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 1995:

I. ÍSLENDINGAR.

17. júní:

Dr. Ágúst Sveinbjörnsson, lífefnafræðingur, Bandaríkjunum, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskrar líftækni.

Dagný G. Albertsson, kennari, Reykjavík, riddarakross fyrir kennslustörf.

Einar Pálsson, fræðimaður, Reykjavík, riddarakross fyrir fræðistörf.

Guðmunda Elíasdóttir, söngkona, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að sönglist.

Guðmundur Eggertsson, prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf.

Dr. Gunnlaugur Þórðarson, hrl. og fv. forsetaritari, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í opinberra þágu og að félagsmálum.

Gyða Jónína Ólafsdóttir, formaður MS félagsins í Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf í þágu MS sjúklinga.

Ingibjörg Böðvarsdóttir, lyfjafræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að lyfjafræði.

Jón Þorsteinsson, gigtarlæknir, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að gigtarlækningum.

Kjartan Guðmundsson, blikksmíðameistari, Akranesi, riddarakross fyrir störf að félagsmálum.

Leifur Eiríksson, fv. yfirkennari, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að félagsmálum.

Ólafur Proppé, aðstoðarrektor K.H.Í., Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu björgunarsveita.

Sigurður Helgason, hrl., Reykjavík, riddarakross fyrir störf að félags- og líknarmálum.

Þorsteinn Gíslason, skipstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að sjávarútvegsmálum.

1. desember:

Bjarni Helgason, garðyrkjubóndi, Laugalandi, riddarakross fyrir störf að garðyrkju- og félagsmálum.

Eyþór Þórðarson, starfsmaður í þjóðskjalasafni, Reykjavík, riddarakross fyrir fræða- og félagsstörf.

Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur, Reykjavík, stórriddarakross fyrir störf að hafréttarmálum í þágu Íslands.

Dr. Gunnar Guðmundsson, prófessor og yfirlæknir, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf.

Hafsteinn Hafsteinsson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Helgi Þorláksson, fv. skólastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að skóla- og félagsmálum.

Jensína Halldórsdóttir, fv. skólastjóri Húsmæðraskóla Suðurlands, riddarakross fyrir fræðslustörf.

Gutenberg

Kristján Ragnarsson, prófessor og endurhæfingarlæknir, New York, riddarakross fyrir félags- og vísindastörf.
Petra Sveinsdóttir, húsmóðir, Stöðvarfirði, riddarakross fyrir söfnun og varðveislu náttúruminja.
Sigrún Hjálmtýsdóttir, óperusöngkona, Mosfellsbæ, riddarakross fyrir sönglist.
Snorri Hermannsson, húsasmíðameistari, Ísafirði, riddarakross fyrir framlag til björgunarmála.

II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

26. janúar:
Karl Heinz Jakubowski, framkvæmdastjóri, Þýskalandi, riddarakross.

3. maí:
Bengt Philström, ferðamálastjóri, Helsinki, Finnlandi, riddarakross.

26. september:
Martti Ahtisaari, forseti Finnlands, stórkross með keðju.
Eeva Ahtisaari, forsetafrú, Finnlandi, stórkross.
Ole Norrback, ráðherra, Finnlandi, stórkross.
Tom Södermann, sendiherra, Finnlandi, stórkross.
Jaakko Blomberg, ráðuneytisstjóri, Finnlandi, stórkross.
Timo Jalkanen, prótókollstjóri, Finnlandi, stórkross.
Erkki Kiviamäki, sendiherra, Finnlandi, stórriddarakross með stjörnu.
Kari Kasurinen, yfirhermálafulltrúi, Finnlandi, stórriddarakross með stjörnu.
Leif Fagernäs, skrifstofustjóri, Finnlandi, stórriddarakross með stjörnu.
Jukka Hermälä, framkvæmdastjóri, Finnlandi, stórriddarakross.
Antero Karumää, hermálafulltrúi, Finnlandi, stórriddarakross.
Raimo Haninen, aðstoðarmaður forseta, Finnlandi, riddarakross.
Eila Ahonsaari, sendiráðsritari, Finnlandi, riddarakross.
Erkki Frederiksen, safnstjóri, Finnlandi, riddarakross.
Osmo Vänskä, hljómsveitarstjóri, Finnlandi, riddarakross.
Stig Granquist, blaðafulltrúi, Finnlandi, riddarakross.
Pekka Vilpas, veitingastjóri, Finnlandi, riddarakross.

26. október:
Bertil Falck, aðalræðismaður, Gautaborg, Svíþjóð, riddarakross.

1. desember:
Þórir S. Gröndal, ræðismaður, Flórída, Bandaríkjunum, riddarakross.

REIKNINGUR

Félagsstofnunar stúdenta 1992-1995.

REKSTRARREIKNINGUR

		94-95	þkr 93-94	þkr. 92-93
TEKJUR				
Sölu- og leigutekjur	kr.	324.003.305	294.487	275.013
	kr.	324.003.305	294.487	275.013
GJÖLD				
Vörunotkun	kr.	146.577.956	129.122	123.926
Laun og launatengd gjöld	"	67.599.246	68.149	66.912
Annar rekstrarkostnaður	"	48.931.352	46.397	40.831
Afskriftir	"	47.169.478	40.790	36.019
	kr.	310.278.032	284.458	267.688
Tekjur umfram gjöld af rekstri	kr.	13.725.273	10.029	7.325
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur og verðbætur	kr.	9.716.010	8.254	6.675
Vaxtagjöld og verðbætur	"	(23.128.437)	(24.283)	(21.319)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga	"	10.677.160	11.561	3.791
Misvægi byggingarvísitölu og lánskjaravísitölu	"	16.349.007	6.695	0
	kr.	13.613.740	2.227	(10.853)
Hreinar tekjur af rekstri	kr.	27.339.013	12.256	(3.528)
AÐRAR TEKJUR OG (GJÖLD)				
Skráningargjöld	kr.	16.662.977	16.361	16.406
Ríkisframlag	"	0	0	3.150
Kostnaður vegna 25 ára afmælis Félagsstofnunar	"	0	(779)	0
Styrkir til stúdentaráðs og deildarfélaga	"	(3.186.202)	(2.581)	(2.072)
	kr.	13.476.775	13.001	17.484
HREINAR TEKJUR	kr.	40.815.788	25.257	13.956

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR		31/5 1995	þkr. 31/5 1994	þkr. 31/5 1993
Veltufjármunir				
Sjóður og bankainnstæður	kr.	81.787.798	67.618	34.490
Viðskiptakröfur	"	91.392.733	65.271	74.769
Vörubirgðir	"	56.034.949	59.114	49.552
	kr.	229.215.480	192.004	158.811
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Áhöld og innréttingar	kr.	57.616.983	55.327	51.899
Breytingar á húsnæði	"	106.954.863	89.008	74.183
Tölvur	"	10.450.325	9.749	8.452
	kr.	175.022.171	154.084	134.534
Afskrifað samtals	"	(118.993.705)	(94.706)	(74.035)
	kr.	56.028.466	59.378	60.499
Fasteignir	kr.	1.778.053.736	1.618.929	1.322.332
Afskrifað samtals	"	(213.882.986)	(180.574)	(152.221)
	kr.	1.564.170.750	1.438.355	1.170.111
Framlag í Byggingarsjóð	kr.	66.477.426	56.390	47.127
	kr.	1.686.676.642	1.554.123	1.277.737
Aðrar eignir:				
Eignir sjóða	kr.	0	10	10
Stofnframlag til dagvistunarmála	"	16.295.852	15.056	0
Hlutabréf	"	12.587.721	11.941	11.208
	kr.	28.883.573	27.008	11.218
EIGNIR SAMTALS	kr.	1.944.775.695	1.773.135	1.447.766

SKULDIR		31/5 1995	þkr. 31/5 1994	þkr. 31/5 1993
Skammtímaskuldir				
Ógr. laun og launatengd gjöld	kr.	2.395.127	2.511	1.983
Skuldheimtumenn	"	41.086.479	37.966	34.762
Næsta árs afborganir langtímaskulda	"	19.709.379	17.787	13.131
	kr.	63.190.985	58.265	49.876
Langtímaskuldir				
Vegna byggingar Vetrargarðs	kr.	589.995.830	593.221	591.710
Vegna byggingar Hjónagarða	"	24.610.100	25.757	26.659
Vegna byggingar Eggertsgötu 12-20	"	348.602.059	253.049	0
Næsta árs afborganir	"	(19.709.379)	(17.787)	(13.131)
	kr.	943.498.610	854.240	605.238
Aðrar skuldir				
Sérsjóðir í vörslu FS	kr.	0	10	10
Stofnframlag til dagvistunarmála	"	16.295.852	15.056	0
	kr.	16.295.852	15.066	10
SKULDIR SAMTALS	kr.	1.022.985.447	927.571	655.124
EIGIÐ FÉ				
Höfuðstóll	kr.	921.790.248	845.564	792.642
EIGIÐ FÉ SAMTALS	kr.	921.790.248	845.564	792.642
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	kr.	1.944.775.695	1.773.135	1.447.766

Meðfylgjandi rekstrarreikningar starfsáranna 1992-1993, 1993-1994, 1994-1995 og efnahagsreikningar 31. maí 1993, 1994, 1995 fyrir Félagsstofnun stúdenta eru samhljóða endurskoðuðum ársreikningum stofnunarinnar sem ég hef endurskoðað.

Reykjavík, 4. desember 1995.
Anna Kristín Traustadóttir
löggiltur endurskoðandi.

EMBÆTTI OG SÝSLANIR

1994:

9. júní var Detlef B. E. Thomaneck skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Rostock.

17. ágúst var Erik Eible skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Salzburg.

18. október var Patrick John McCartan skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Dublin.

13. nóvember var John Simpson Kirkpatrick skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Windhoek, Namibíu.

2. desember var Ármann Ingólfsson Ph.d. skipaður dósent í rekstrarfræði og gæðastjórnun við Háskólann á Akureyri frá 1. desember að telja.

15. desember var Kristrúnu Kristinsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Áslaugu Rafnsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Harry Gilbert skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Hong Kong.

30. desember var Ásgeir Haraldsson settur til að gegna störfum yfirlæknis Barnaspítala Hringsins frá og með 1. janúar 1995 til og með 31. desember 1995.

1995:

5. janúar var Eiríkur Örn Arnarson skipaður í hlutastöðu dósents (37%) í sálarfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1995 að telja.

S.d. var Eiríkur Tómasson skipaður prófessor í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1995 að telja.

S.d. var Svanur Kristjánsson skipaður prófessor í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. maí 1993 að telja.

S.d. var Jón Torfi Jónasson skipaður prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. mars 1993 að telja.

S.d. var Halldór Jóhannsson settur til þess að gegna störfum yfirlæknis æðaskurðlækningaskorar handlækningadeildar Landspítalans frá og með 1. janúar 1995 til og með 31. desember 1995.

6. janúar var Sveinbirni Dagfinnssyni veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. nóvember 1994 að telja.

S.d. var dr. Björn Sigurbjörnsson skipaður til að vera ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu frá 1. nóvember 1994 að telja. Björn mun hefja störf í ráðuneytinu 1. febrúar 1995.

10. janúar var Philip Wrenn Benediktsson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Ancorage.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Sigurði Ægissyni fyrir Grenjaðarstaðarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi frá og með 15. mars að telja til og með 14. mars 1999.

S.d. var gefin út löggilding handa Gísla Kjartanssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

16. janúar var Hirti Braga Sverrissyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var endurútgefið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi handa Guðmundi Björnssyni.

26. janúar var Sigrún Júlíusdóttir skipuð dósent í félagsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1994 að telja.

30. janúar var Harra Ormarssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Baldri Dýrfjörð veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. febrúar var gefin út löggilding handa Ásgeiri Jónssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

3. febrúar var Ólafi Jenssyni veitt lausn frá embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands að eigin ósk frá 31. desember 1994.

S.d. var Jóni Þorsteinssyni veitt lausn frá embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands að eigin ósk frá 31. desember 1994.

6. febrúar var Kristján Steinsson settur til að gegna störfum yfirlæknis gigtarskorar lyflækningadeildar Landspítalans frá og með 1. febrúar 1995 til og með 31. janúar 1996.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Carlos Ara Ferrer fyrir Kolfreyjustaðarprestakalli í Austfjarðarprófastsdæmi frá 1. febrúar 1995 að telja.

7. febrúar var Þóröi S. Óskarssyni Ph.D. veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing á sviði félags- og skipulagssálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

10. febrúar var Arthur Löve settur til að gegna störfum yfirlæknis rannsóknarstofu Landspítalans í veirufræði frá og með 1. febrúar 1995 til og með 31. desember 1995.

13. febrúar var Ágústa Guðmundsdóttir skipuð prófessor í matvælaefnafræði og matvælaefnagreiningu við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. desember 1993 að telja.

14. febrúar var Þorlákur Karlsson skipaður dósent í aðferðafræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júní 1993 að telja.

S.d. var Inga Þorsteinssyni veitt lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Nairobi frá og með 1. mars 1995 að telja.

15. febrúar var séra Þorbergi Kristjánssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Digranesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra að eigin ósk frá 4. apríl 1995 að telja.

S.d. var Michel Valette skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Lyon.

16. febrúar var Önnu Dóru Helgadóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. febrúar var Guðmundi Þórðarsyni afhent að nýju leyfisbréf sitt til að starfa sem fasteigna- og skipasali frá og með 20. febrúar 1995 að telja.

S.d. var Elínborgu Björnsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. febrúar var gefið út skipunarbréf handa séra Valdimar Hreiðarssyni fyrir Staðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. apríl 1995 að telja.

22. febrúar var Gísla Jónssyni veitt lausn frá embætti prófessors í raforkuverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands að eigin ósk frá 1. janúar 1996 að telja.

27. febrúar var Jóhanni Halldórssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. mars var séra Kristjáni Róbertssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli í Múlaprófastsdæmi að eigin ósk frá 29. apríl 1995.

10. mars var Þóröi Þórðarsyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Óskari Inga Ingasyni guðfræðingi fyrir Hjarðarholtsprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi frá 19. mars 1995 að telja.

15. mars var Stefaníu Sif Thorlacius veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

17. mars var Elínu Árnadóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. mars var séra Svavari A. Jónssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Ólafsfjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi að eigin ósk frá 1. júní 1995 að telja.

S.d. var Helgi Jónsson skipaður í 50% stöðu dósents í lyflæknisfræði, sérgrein gigtsjúkdómar við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1995 að telja.

S.d. var Margrét Oddsdóttir skipuð í 50% stöðu dósents í klínískri handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1995 að telja.

S.d. var Sigurður B. Þorsteinsson skipaður í hlutastöðu (37%) dósents í lyflæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. janúar 1995 að telja.

29. mars var Sigríði Lóu Jónsdóttur veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing á sviði fötlunarsálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

30. mars var séra Tómasi Guðmundssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hveragerðisprestakalli í Árnesprófastsdæmi og frá embætti prófasts í Árnesprófastsdæmi að eigin ósk frá 1. október 1995 að telja.

4. apríl var Odd Evensen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Hammerfest.

S.d. var Ragnhild Fusdahl skipuð kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Tromsö.

7. apríl var Kristni Hallgrímssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

10. apríl var Ástu Magnúsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var dr. Kristján Kristjánsson skipaður dósent í heimspeki við Háskólann í Akureyri frá 1. ágúst 1994 að telja.

12. apríl var Sonju Maríu Hreiðarsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Brynjólfur Sandholt skipaður í stöðu yfirdýralæknis.

18. apríl var Heather Alda Ireland skipuð kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Vancouver.

25. apríl var Rafn Alexander Ragnarsson settur til að gegna störfum yfirlæknis lýtalækningaskorar handlækningadeildar Landspítalans frá og með 1. janúar 1995 til og með 31. desember 1995.

26. apríl var Clark T. Thorstenson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Salt Lake City.

27. apríl var Sighvatur Sævar Árnason skipaður dósent í lífeðlisfræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1995 að telja.

28. apríl var Helgu Jónsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

2. maí var Inga Tryggvasyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

4. maí var Árna Múla Jónassyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. maí var séra Guðmundi Óskari Ólafssyni veitt laus frá embætti sóknarprests í Nesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra að eigin ósk frá 1. september 1995 að telja.

11. maí var Gunnari Thoroddsen veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

16. maí var Ástráði Haraldssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

18. maí var Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. maí var séra Baldri Kristjánssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi að eigin ósk frá 1. september 1995 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Gunnari Sigurjónssyni fyrir Digranesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. ágúst 1995 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Sigríði Guðmarsdóttur fyrir Ólafsfjarðarprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní 1995 að telja.

30. maí var Jóhönnu Gunnarsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

31. maí var Páli Ásgeirssyni veitt lausn frá starfi yfirlæknis barna- og unglinga geðdeildar Landspítalans frá og með 31. maí 1995.

S.d. var Páll Ásgeirsson skipaður til að gegna störfum yfirlæknis geðdeildar Landspítalans frá og með 1. júní 1995.

7. júní var Sigrúnu Hrönn Kristmannsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Úlfari Lúðvíkssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefin út löggilding handa Pétri Kristinssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

8. júní var dr. Guðrún Pétursdóttir skipuð forstöðumaður Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið frá 1. maí 1995 að telja.

14. júní var Unni Sverrisdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. júní var gefið úr skipunarbréf handa séra Jóni Ragnarssyni fyrir Hveragerðisprestakalli í Árnesprófastsdæmi frá og með 1. október 1995 til og með 30. september 1999.

22. júní var Guðmundi Pálmasyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Stefáni Ólafssyni veitt heimild til að reka lækningastofu frá og með 1. júlí 1995 til og með 30. júní 1996.

27. júní var dr. Ingvar Teitsson skipaður í hálfa stöðu dósents í sjúkdómafræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri frá 1. ágúst 1994 að telja.

S.d. var Baldur Fr. Sigfússon skipaður í hlutastöðu (37%) dósents í geislalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí að telja.

S.d. var Ólafur Steingrímsson skipaður í hlutastöðu (37%) dósents í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí að telja.

28. júní var Þór Vilhjálmssyni veitt lausn frá embætti hæstaréttardómara frá 1. júlí 1995 að telja.

1. júlí var dr. Gunnlaugur A. Jónsson skipaður prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands.

S.d. var dr. Hjalti Hugason skipaður prófessor í kirkjusögu við guðfræðideild Háskóla Íslands.

S.d. var dr. Jens Ó. P. Pálsson skipaður prófessor í mannfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

S.d. var dr. Helgi Þorláksson skipaður prófessor í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands.

3. júlí var Sigmundi Guðmundssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Francisco Sainz Trueba veitt lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Bilbao.

5. júlí var Jón G. Friðjónsson skipaður prófessor í íslenskri málfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. apríl 1994 að telja.

S.d. var Þóra Ellen Þórhallsdóttir skipuð prófessor í grasafræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. júní 1995 að telja.

7. júlí var Birni Jónssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Evu J. Júlíusdóttur veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing í klínískri sálarfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

S.d. var Guðrúnu Th. Sigurðardóttur veitt leyfi til að kalla sig sérfræðing í klínískri sálarfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

S.d. var Sveini Jónatanssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

10. júlí var Oddnýju Mjöll Arnardóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

12. júlí var gefin út löggilding handa Finnboga Kristjánssyni til að vera fasteigna- og skipasali.

14. júlí var Sigurður Thorlacius skipaður í stöðu tryggingayfirlæknis frá og með 1. ágúst 1995 að telja.

17. júlí var Guðríði Þorsteinsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

19. júlí var gefin út löggilding handa Ernu Valsdóttur til að vera fasteigna- og skipasali.

24. júlí var Bjarni A. Agnarsson skipaður í hlutastöðu (37%) dósents í líffærafræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1995 að telja.

S.d. var Þorvaldur Jónsson skipaður í hlutastöðu (37%) dósents í handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1995 að telja.

S.d. var Brynjólfur Mogensen skipaður í hálfa stöðu dósents í slysalækningum við læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. júlí 1995 að telja.

25. júlí var Vigfús Magnússon skipaður í stöðu tryggingalæknis og staðgengils tryggingayfirlæknis frá og með 1. ágúst 1995 að telja.

8. ágúst var gefið út skipunarbréf handa Kristínu Pálsdóttur guðfræðingi fyrir Seyðisfjarðarprestakalli í Múlaprófastsdæmi frá 6. ágúst 1995 að telja.

S.d. var Bjarni Torfason settur til að gegna störfum yfirlæknis við skurðstofu Landspítalans frá og með 1. september 1995 til og með 31. ágúst 1996.

S.d. var Davíð Gíslason settur til að gegna störfum yfirlæknis við göngudeild Landspítalans í ofnæmislækningum frá og með 1. september 1995 til og með 31. ágúst 1996.

17. ágúst var Páli Ásgrímssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Páli Sigurðssyni veitt lausn frá embætti ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir aldurs sakir frá og með 1. desember 1995 að telja.

18. ágúst var Arnljótur Björnsson skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 11. ágúst 1995 að telja.

S.d. var Hákoni Torfasyni veitt lausn frá embætti deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins frá 1. október 1995 að telja að eigin ósk.

21. ágúst var gefið út skipunarbréf handa séra Sigurði Kr. Sigurðssyni fyrir Bjarnanesprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi frá 1. september 1995 að telja.

25. ágúst var Gísli Jónsson skipaður til þess að vera dýralæknir fisksjúkdóma frá 1. september 1995 að telja.

31. ágúst var Valgerður Baldursdóttir sett til að gegna störfum yfirlæknis á barna- og unglingageðdeild Landspítalans frá og með 1. september 1995 til og með 30. júní 1996.

4. september var gefin út staðfesting á því að Ásgeir Erling Gunnarsson fullnægi skilyrðum til þess að vera fasteigna- og skipasali.

5. september var séra Irmu Sjöfn Óskarsdóttur veitt lausn frá embætti aðstoðarprests í Seljaprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra að eigin ósk frá 1. desember 1995 að telja.

13. september var gefið út leyfisbréf fyrir Gyðu Haraldsdóttur til að mega kalla sig sérfræðing á sviði fötlunarsálfræði og starfa sem slíkur hér á landi.

19. september var Margréti Gunnarsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sigurði Gísla Gíslasyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. september var gefið út skipunarbréf handa séra Guðmundi Óla Ólafssyni sóknarpresti í Skálholtsprestakalli til að vera prófastur í Árnesprófastsdæmi frá 1. október 1995 að telja.

21. september var Elvari Erni Unnsteinssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Magnúsi I. Erlingssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. september var Erni Gunnarssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. september var Elínu Blöndal veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. september var dr. Halldóri Baldurssyni veitt lausn frá hlutastöðu dósents (37%) í bæklunarlækningum við læknadeild Háskóla Íslands að eigin ósk frá 1. september 1995 að telja.

28. september var Brynhildi G. Flóvenz veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. september var gefin út löggilding handa Gísla Maack til þess að vera fasteigna- og skipasali.

9. október var Jakobi V. Jónassyni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1996.

S.d. var Reyni Karlssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti

S.d. var Ágústi Þór Sigurðssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

10. október var gefið út skipunarbréf handa séra Agnesi M. Sigurðardóttur fyrir Bolungarvíkurprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. október 1995 að telja.

S.d. var Bergþóri Smára lækni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1996.

11. október var Davíð Á. Gunnarsson skipaður í embætti ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. desember 1995 að telja.

13. október var Berglindi Svavarsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var séra Rögnvaldi Finnbogasyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi að eigin ósk frá 1. janúar 1996 að telja.

17. október var gefið út skipunarbréf handa séra Karli V. Matthíassyni fyrir Setbergsprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi frá 1. nóvember 1995.

S.d. var Dögg Pálsdóttur veitt lausn frá embætti skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að eigin ósk frá og með 1. janúar 1996 að telja.

18. október var Ölmu V. Sverrisdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. október var Gunnhildi Gunnarsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

23. október var Jakobi R. Möller veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

31. október var Svanhvíti Axelsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. nóvember var dr. Gunnar Sigurðsson skipaður prófessor í lyflækningum við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar.

S.d. var dr. Magnús Þór Jónsson skipaður prófessor í vélaverkfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands frá 1. september 1995.

S.d. var dr. Páll Hersteinsson skipaður prófessor í líffræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1995.

S.d. var Smári Steinþórsson skipaður lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1. október 1995 að telja

S.d. var Hreggviður Nordahl skipaður í stöðu sérfræðings við jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. október 1995 að telja.

S.d. var Gunnari Jóhanni Birgissyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

13. nóvember var Halldóri Jónssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Huldu Rós Rúriksdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Lindu Björk Bentsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Ágústi Einarssyni til þess að vera aðstoðarprestur í Seljaprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra um fjögurra ára skeið frá og með 15. desember 1995 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Eiríki Jóhannssyni fyrir Hrunaprestakalli í Árnesprófastsdæmi frá og með 15. desember 1995 að telja.

21. nóvember var endurútgefið leyfi handa Guðmundi Þór Guðmundssyni til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. nóvember var Þórði Heimi Sveinssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. desember var Guðmundi Kristjánssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

Nr. 724

SKRÁ

samvinnufélagatilkynninga sem birtust í Lögbirtingablaði 1995.

	Tbl. nr.
Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn	79
Kaupfélag Árnesinga, Selfossi	43
Kaupfélag Bitrufjarðar, Óspakseyri	
Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi	79
Kaupfélag Dýrfirðinga, Þingeyri	126
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði	126
Kaupfélag Húnvetninga, Blönduósi	126
Kaupfélag Kjalarnesþings, Mosfellsbæ	126
Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn	126
Kaupfélag Rangæinga, Hvolsvelli	43, 126
Mjólkurbú Borgfirðinga fsf., Borgarnesi	126 43
Samvinnufélagið Hreyfill, Reykjavík	79
Sláturfélag Suðurlands svf.	126
Sölufélag Austur-Húnvetninga, Blönduósi	126
Sölufélag garðyrkjumanna svf., Reykjavík	43

SKRÁ

tilkynninga um ný einkahlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1995.

	Tbl. nr.
9-1-1 ehf., Reykjavík	87
A. Hansen ehf., Hafnarfirði	118
A plús, auglýsingastofa ehf., Reykjavík	106
AGGH ehf., Akureyri	108
AKVA USA AKUREYRI ehf., Akureyri	117
Altak ehf., Hafnarfirði	108
Alþjóðleg miðlun ehf., Reykjavík	102
Amoro ehf., Reykjavík	108
Arcsol ehf., Reykjavík	100
Atlantseldi ehf. (Atlantic Seafood Ltd.), Reykjavík	103
Atlantssalt ehf., Reykjavík	97
Auðbergur ehf., Hafnarfirði	93
Augljóst ehf., Garðabæ	103
Austfirsku Alparnir ehf., Egilsstöðum	110
Austfjarðaflutningar ehf., Egilsstöðum	108
Austurlenska þróunarfélagið ehf., Reykjavík	118
Á. G. málaraverktakar ehf., Reykjavík	107
Álafélagið ehf., Reykjavík	102
Áleining ehf., Reykjavík	96
Ásberg ehf., Kópavogi	102
B.M. byggingar ehf., Sauðárkróki	108
B.Ó.G. (B.Ó.G. Design) ehf., Reykjavík	96
Bakkafrost ehf., Ólafsvík	109
Bálkur ehf., Reykjavík	91
Bega ehf., Reykjavík	110
Belisco ehf., Akureyri	93
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf., Kópavogi	91
Birgir Ágústsson ehf., Reykjavík	118
Birna ehf., Stykkishólmi	93
Bíla- og vélaverkstæðið Ægisbraut ehf., Akranesi	107
Bílar og tæki ehf., Egilsstöðum	103
Bílasalurinn ehf., Reykjavík	101
Bílaverkstæði Einars og Helga ehf., Hafnarfirði	124
Bílaþjónusta Kópavogs ehf., Kópavogi	89
Bílaþjónusta Péturs ehf., Selfossi	127
Bjarkir ehf., Akureyri	99
Blómabúð Reykjavíkur ehf., Reykjavík	101
Boðið heim ehf., Reykjavík	103
Bókaútgáfan Síða ehf., Reykjavík	108
Bratti ehf., Grímsey	93
Breiðafjörður ehf., Höfn	103
Brekkusel ehf., Akureyri	76
Brú-flutningar ehf., Biskupstungnahreppi	127
Brúarstólpi ehf., Reykjavík	103
Buska ehf., Hafnarfirði	91
Byggingarfélagið Hagur ehf., Reykjavík	102
Byggingarfélagið Rún ehf., Reykjavík	103
Bæjarblikk ehf., Mosfellsbæ	113
Bæjarprýði ehf., Garðabæ	106
Cafe Olsen ehf., Akureyri	108
Change Group, The - Iceland ehf., Reykjavík	110
Corona ehf., Reykjavík	124
Dalberg ehf., Dalvík	110
Dansól ehf., Kópavogi	99
Drifleiðir ehf., Keflavík	93
E.J. rafverktakar ehf., Reykjavík	75
E.P. verk ehf., Grindavík	127

	Tbl. nr.
Efnagerðin Lyngholt ehf., Selfossi	99
Eignarhaldsfélagið Hagur ehf., Garðabæ	127
Eignarhaldsfélagið Kirkjuhvoll ehf., Reykjavík	80
Eignaumsýslan ehf., Kópavogi	109
Eikaborgarar ehf., Reykjavík	110
Eldgamla Ísafold ehf., Reykjavík	102
Elnet ehf.	61
Engjaás ehf., Borgarnesi	127
Eyfisk ehf., Hrísey	75
Eyjaslóð 5 ehf., Reykjavík	76
Eyjólfur Sigurðsson ehf., Reykjavík	113
F.H. verktakar ehf., Akureyri	76
Fans ehf., Reykjavík	103
Ferðaþjónustan Gullfossi ehf., Biskupstungnahreppi	101
Ferðaþjónustan Snjófell ehf., Ólafsvík	93
Ferðaþjónustan Suðurströnd ehf., Stokkseyri	117
Fiskhellar ehf., Vestmannaeyjum	91
Fiskís ehf., Vestmannaeyjum	110
Fiskmarkaður Vopnafjarðar ehf., Vopnafirði	97
Fjárvari ehf., Hafnarfirði	134
Fjölform ehf., Reykjavík	118
Fjölverk-verktakar ehf., Reykjavík	76
Fletir ehf., Siglufirði	109
Flugvélaleigan ehf., Reykjavík	132
Formex ehf., Reykjavík	76
Fox ehf., Reykjavík	110
Freyðing ehf., Reykjavík	110
Furugerði 5 ehf., Reykjavík	127
Fyrirgreiðslan/Fjárhagsleg endurskipulagning ehf., Reykjavík	108
Förgun ehf., Vesturlandi, Borgarnesi	134
G.H. Guðmundssynir ehf., Garðabæ	75
G. Torfason ehf. (G. Torfason trading Company Ltd.), Reykjavík	101
Gagnaflutningur ehf., Reykjavík	110
Gáma ehf., Garðabæ	93
Gámapokar ehf., Reykjavík	127
GET-verk ehf., Kópavogi	100
Geymsla og flutningar ehf., Reykjavík	96
Glansmyndir ehf., Reykjavík	103
Glaumbær ehf., Engihlíðarhreppi	124
Gleðigjafinn ehf., Reykjavík	87
Gleraugnagalleríið ehf., Reykjavík	118
Glerárgata 26 ehf., Akureyri	103
Glóra ehf., Reykjavík	118
Goðaland ehf., Vestmannaeyjum	75
Golfútgáfan ehf., Reykjavík	76
Gott gler ehf., Reykjavík	124
Grand ehf., Akureyri	93
Grandavideo ehf., Reykjavík	124
Gránuhús ehf., Akureyri	110
Grímsnes ehf., Þingeyri	97
Grímur ljósmyndari ehf., Reykjavík	108
Grjótaþorp ehf., Reykjavík	103
Gróco ehf., Reykjavík	118
Grænn kostur ehf., Reykjavík	87
GSP almannatengsl ehf., Reykjavík	75
Guðjón Margeirsson ehf., Seltjarnarnesi	127
Gullkistan ehf., Laugarvatni	106
Gullvog ehf., Reykjavík	80
Gunnar og Gylfason ehf., Reykjavík	132
Gunnarsson ehf., Keflavík	97
Gúmmíbátaþjónustan ehf., Ísafirði	103
Gæðabakstur ehf., Kópavogi	109
H.B. verk ehf., Kópavogi	97
H. Pétursson ehf., Garði	127
Hagafl ehf., Reykjavík	101
Hagþing ehf., Reykjavík	96
Halaklettur ehf., Seyðisfirði	109
Hali ehf., Tálknafirði	110
Hansen verktakar ehf., Reykjavík	76
Heimaskagi ehf., Akranesi	108
Heimavík ehf., Vestmannaeyjum	109
Hérastubbur ehf., Grindavík	127
Hjarta ehf., Seyðisfirði	97
Hlíð ferðaþjónusta ehf., Reykjahlíð	110
Hlíðarverk ehf., Reykjavík	134
Hnakkvirki ehf., Akureyri	93
Hnöttur ehf., Reykjavík	110
Hornbær ehf., Höfn	109

	Tbl. nr.
Hótel Gullfoss ehf., Selfossi	76
Hraðhreinsun ehf., Reykjavík	80
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf., Reykjavík	124
Hreingerningarþjónusta Sigmundar ehf., Siglufirði	76
Hringiðan ehf., Reykjavík	102
Hrólfsskálamelur ehf., Seltjarnarnesi	110
Hugbúnaðarþjónustan Altak ehf., Reykjavík	103
Hugvit og hönnun ehf., Reykjavík.	97
Húm ehf., Reykjavík	124
Húsasmiðurinn ehf., Reykjavík	131
Húsey ehf., Vestmannaeyjum	75
Húsavík ehf., Kópavogi	124
Hveradalir ehf., Reykjavík	96
Hyrja ehf., Reykjavík	100
Hængur ehf., Þórshöfn	93
I. Rósenbergs ehf., Reykjavík	127
Iðnbúð 2 ehf., Garðabæ	110
Iðunnar apótek ehf., Reykjavík	97
Ingólfur Arnarson ehf., Reykjavík.	99
Í leiðinni ehf., Reykjavík	108
Ísfragt ehf., Akureyri	124
Íshöfn ehf., (Iceport Ltd.), Reykjavík	118
Íslandsjarl ehf. (Jarl of Iceland Ltd.), Reykjavík	96
Íslensk veitingahús ehf., Reykjavík	97
Íslenska hamborgarafélagið ehf., Reykjavík	124
Íslenska námufélagið ehf., Hafnarfirði	97
Ísópur ehf., Seltjarnarnesi	97
J. Ástvaldsson ehf., Reykjavík	103
Jarðfræðistofan ehf., Reykjavík	80
Jarðverk Hornafirði ehf., Nesjum, Hornafirði	99
JS-flutningar ehf., Þorlákshöfn	106
JSK ehf., Hveragerði	127
Jökull útflutningur ehf., (Glacier Export Ltd.), Hafnarfirði	118
Jökulvík ehf., Hnífsdal	127
K. Á. sælgæti ehf., Kópavogi	109
Kaffi Lefolii ehf., Eyrarbakka	89
Karri ehf., Reykjavík	117
Kaupvangstorg ehf., Akureyri	100
Kína ehf., Reykjavík	103
Kínamúrinn ehf., Reykjavík	117
Kjarr ehf., Reykjavík	102
Klakaspor ehf., Reykjavík	103
Kná ehf., Bíldudal	76
Konfektbúðin ehf., Reykjavík	75
Kostir ehf., Reykjavík	75
KR ráðgjöf ehf., Reykjavík	80
Krisma ehf., Ísafirði	93
KT múrverk ehf., Akureyri	108
Kveikur ehf., Reykjavík	97
Kvikmyndaverstöðin ehf., Reykjavík	75
Kvosin ehf., Reykjavík	102
Lagnaþjónustan ehf., Selfossi	97
Laki ehf., Reykjavík	132
Landnám ehf., Hafnarfirði	93
Landsteinar ehf., Reykjavík	103
Laugatækni ehf., Reykjavík	118
Lausnir ehf., Reykjavík	110
Leiknótan ehf., Reykjavík	87
Léttitækni ehf., Blönduósi	97
Listfengi ehf., Seltjarnarnesi	101
Loft ehf. (Loft Ltd.), Reykjavík	113
Lukkubarnið ehf., Reykjavík	124
Lyftu-tækjaleigan ehf., Keflavík	124
Lögmannsstofa Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. ehf., Reykjavík	102
Malbikun H.G. ehf., Kópavogi	101
Margeir Pétursson ehf., Reykjavík.	87
Martak ehf., Grindavík	132
Matbær ehf., Reykjavík	93
Málarasmiðjan ehf., Kópavogi	106
Málmtak ehf., Húsavík	127

	Tbl. nr.
Meindýravarnir Íslands ehf., Húsavík	132
Melavík ehf., Keflavík	109
Merkjabankinn/Íslenska útgáfan ehf., Kópavogi	99
Mongó ehf., Akureyri	106
Módel magasín ehf., Hafnarfirði	96
Mótorrit ehf., Reykjavík	106
Myndasmiðja Austurbæjar ehf., Reykjavík	124
Mýrargata ehf., Reykjavík	124
Mælifell ehf., Vopnafirði	75
Náttfari ehf., Ísafirði	103
Nordco ehf., Garðabæ	75
Ný miðlun ehf., Reykjavík	93
Ofanleiti ehf., Reykjavík	118
Oktavía ehf., Seltjarnarnesi	100
Olíudreifing ehf., Reykjavík	124
Olli ehf., Hafnarfirði	106
Ottó B. Arnar ehf., Reykjavík	103
P.G. verk ehf., Hafnarfirði	75
P. Sturluson ehf., Reykjavík	134
Papeyjarferðir ehf., Höfn	124
Pappalagnir ehf., Vogum	97
Pekon ehf., Hafnarfirði	76
Percy ehf., Suðureyri	102
Perlan verslunarhúsnæði ehf., Akureyri	127
Pipar og salt ehf., Reykjavík	127
Pizza Austurland ehf., Egilsstöðum	124
Póstval ehf., Reykjavík	76
Purity Herbs snyrtivörur ehf., Akureyri	96
Rafbúð Jónasar Þór ehf., Patreksfirði	76
Rafeindaþjónustan Brúin ehf., Akureyri	93
Raflýsing ehf., Reykjavík	108
Rafmagnsverkstæði Birgis ehf., Ísafirði	127
Raftengi ehf., Reykjavík	76
Ragnar Kristjánsson ehf., Grundarfirði	75
Renta ehf., Reykjavík	103
Reyður ehf., Reyðarfirði	96
Reykholt ehf., Reykjavík	127
Reykvíski lögmenn ehf., Reykjavík	134
Rósenberg ehf., Reykjavík	134
Ræsting og ráðgjöf ehf., Reykjavík	124
S.H. bókband ehf., Seltjarnarnesi	76
S. Æ. ehf., Reykjavík	107
Sabína ehf., Reykjavík	113
Samsýn ehf., Reykjavík	93
Securicode Ísland ehf., Reykjavík	134
Sérhúsgögn ehf., Reykjavík	96
Sif ehf., Seltjarnarnesi	110
Sigursteinn ehf., Reykjavík	80
Sirena Iceland ehf., Reykjavík	100
Sjöstjarnan ehf., Reykjavík	93
Skemman ehf., Hafnarfirði	108
Skipaafgreiðsla Reykjavíkur ehf., Reykjavík	108
Skipaminjar ehf., Garðabæ	97
Skínandi hreint ehf., Kópavogi	80
Smárinn, bókhald og ráðgjöf ehf., Kópavogi	87
Smíðastofa Ólafs ehf., Reykjavík	96
Snorri G. Guðmundsson ehf., Reykjavík	75
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsósi	121
Snæfellsvikur ehf., Ólafsvík	124
Sólbaðstofan Sælan ehf., Reykjavík	102
Sólstaða ehf., Kópavogi	102
Spornet ehf., Keflavík	106
Sportver ehf., Akureyri	106
Sprakki ehf., Kópavogi	100
Stafræna myndasafnið ehf., Reykjavík	102
Stapaklettur ehf., Grundarfirði	124
Stefán Jónsson ehf., Akureyri	75
Stóllinn ehf., Kópavogi	127
Strendingur ehf., Hafnarfirði	87
Stuðlasteinn ehf., Siglufirði	80
Styr ehf., Ólafsvík	97

	Tbl. nr.
Svínabúið Brautarholti ehf., Mosfellsbæ	124
Söðlasmiðurinn ehf., Reykjavík	127
Taxi ehf., Reykjavík	117
Tengir ehf., Reykjavík	127
Teppaverslun Friðriks Bertelsen ehf., Reykjavík	75
Thai taktu með ehf., Reykjavík	103
Tígull ehf., Dalvík	96
Tígur ehf., Breiðdalsvík	76
Toppnet ehf., Skagaströnd	108
Trésmiðjan Samtak ehf., Selfossi	75
Trostan ehf., Bíldudal	103
Tæknibakki ehf., Andakílshreppi	109
Tölvu-pósturinn ehf., Reykjavík	75
Tölvur og tækni ehf., Reykjavík	108
Tölvusetrið ehf., Reykjavík	106
Umboðssalan Art ehf., Garðabæ	127
Umsjá ehf., Hafnarfirði	75
Undraland ehf., Reykjavík	97
Upplýsingaþjónustan ehf., Reykjavík	118
Urðarfell ehf., Reykjavík	102
Uxi ehf., Reykjavík	99
Útgerðarfélagið Dísa ehf., Suðureyri	87
Útgerðarfélagið Fell ehf., Bolungarvík	110
Útgerðarfélagið Rán ehf., Stykkishólmi	97
Vað ehf., Reykjavík	102
Valdimar Snorrason ehf., Dalvík	75
Vatnskassalagerinn ehf., Kópavogi	103
Vatnsmiðlun ehf., Reykjavík	108
Vegvísar ehf., Reykjavík	97
Veni-Vidi ehf., Reykjavík	127
Vensl ehf., Reykjavík	99
Verkfræðiþjónusta Ásgeirs Sveinssonar ehf., Reykjavík	75
Verslunin Bláfell ehf., Sauðárkróki	109
Verslunin Flamingó ehf., Vestmannaeyjum	97
Verslunin Urð ehf., Raufarhöfn	100
Við ströndina ehf., Eyrarbakka	110
Vöruflutningar Guðmundar Benjamínssonar ehf., Stykkishólmi	97
YL-hús ehf., Reykjavík	106
Xport ehf., Kópavogi	89
Þín verslun ehf., Reykjavík	97
Þrekvirki ehf., Reykjavík	127
Ölföng ehf., Hafnarfirði	75
Öndvegisréttir ehf., Reykjavík	93
Örverk ehf., Selfossi	108
Öryggisþjónusta Sívaka ehf., Reykjavík	97
Öryggisþjónustan í Snæfellsbæ ehf., Ólafsvík	124

SKRÁ

tilkynninga um ný hlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1995.

	Tbl. nr.
Activa hf., Reykjavík	46
Aflverk hf., Siglufirði	44
AKOplast hf., Akureyri	127
Allied Domecq Spirits & Wine (Ísland) hf., Reykjavík	117
Allt á hreinu hf., Blönduósi	5
Alltsog - hreinsibílar hf., Reykjavík	30
Alsmíði hf., Reykjavík	68
Amore hf., Seltjarnarnesi	5
Andrea hf., Akranesi	102
Annco hf., Vogum	40
Arnarfiskur hf., Reykjavík	5
Arnarhöfði hf., Reykjavík	10
Astra hf., Seltjarnarnesi	36
Athugun hf. - skoðunarstofa, Reykjavík	91
Atlanúpur hf., Höfn	81
Atlavík hf., Eskifirði	48
Atorka-Tiltak hf., Reykjavík	10
Auðbrekka 1 hf., Kópavogi	52
Auglýsingastofa Reykjavíkur hf., Reykjavík	30
Auglýsingastofan Tengsl hf., Akureyri	68
Austurbrún hf., Reykjavík	44
Á. Ben. hf., Reykjavík	40
Áburðarsalan Ísafold hf. (Icelandic Fertilizer Inc.), Reykjavík	62
Ármann Leifsson, vöruflutningar hf., Bolungarvík	65
Ármúli hf., Mosfellsbæ	68
Árnaborg hf., Sandgerði	75
Ásmundur og Már hf., Hafnarfirði	43
B-30 hf., Reykjavík	52
B. Björnsson hf., Reykjavík	62
Bakaríið Grímsbæ hf., Reykjavík	62
Bakkaskip hf., Fáskrúðsfirði	52
Barflugan hf., Seltjarnarnesi	65
Baugur hf., Garðabæ	87
Bein kaup hf., Kópavogi	46
Bensi hf., Hafnarfirði	110
Bensínfélagið Orkan hf., Reykjavík	75
Bensínstöðin hf., Ísafirði	62
Berghylur hf., Hnífsdal	6
Bersi hf., Hafnarfirði	52
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar hf., Kópavogi	5
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur hf., Reykjavík	30
Birgir hf., Reykjavík	62
Birkines hf., Garðabæ	68
Birkir hf., Ísafirði	48
Bíla- og búvélasalan hf., Egilsstöðum	62
Bíla- og vagnaþjónustan hf., Hafnarfirði	65
Bílabúð Rabba hf., Reykjavík	43
Bílamiðlun hf., Reykjavík	43
Bílasala Akureyrar hf., Akureyri	46
Bílasala Suðurlands hf., Selfossi	52
Bílasalan Borg hf., Reykjavík	5
Bílaþjónustan hf., Akureyri	65
Bjargirnar hf., Kópavogi	96
Bjargtak hf., Hafnarfirði	10
Björgvin Halldórsson hf., Reykjavík	43
Björn málari hf., Akureyri	40
Bláfeldur hf., Jökuldalshreppi	40
Blátún hf., Hafnarfirði	66
Blikksmiðjan Handverk hf., Reykjavík	56
Blómasmiðja Knúts hf., Akureyri	40
Blönduósleið hf., Blönduósi	62
Borgarhóll hf., Reykjavík	8
Borgartindur hf., Reykjavík	52
Boston hf., Reykjavík	34
BÓ hf., Akranesi	40
Bókabúð Fossvogs hf., Reykjavík	44
Bókaútgáfan Eldey hf., Reykjavík	44

	Tbl. nr.
Brosandi fólk hf., Reykjavík	5
Brynjulax-Linolax hf., Reykjavík	62
BS Gunnarsson hf., Ísafirði	5
Búlki hf., Reykjavík	34
Búri hf., Reykjavík	66
Búþing hf., Reykjavík	62
Byggingafélagið Hvammur hf., Kópavogi	36
Danberg hf., Reykjavík	68
DEA hf., Reykjavík	5
Desform hf., hönnunar- og framleiðsludeild, Reykjavík	30
Dísir hf., Hafnarfirði	40
Dísur hf., Reykjavík	43
Djúphaf hf., Hafnarfirði	5
Dragi hf., Akureyri	68
Dyrhólmi hf., Reykjavík	89
E. Ingason hf., Reykjavík	66
E. Magnússon hf., Hafnarfirði	66
Ebeneser Þórarinsson hf., Ísafirði	72
Eignarhaldsfélagið Mænir hf., Kópavogi	62
Eignarhaldsfélagið Vor hf., Reykjavík	72
EJS Scandinavia hf., Reykjavík	65
Eldhús sælkerans hf., Reykjavík	56
Emelía hf., Reykjavík	72
Ensím hf., Kópavogi	96
Erpur hf., Djúpavogi	48
Esja hf., Reykjavík	46
Evrópu verslun hf. (Europe Trading Ltd.), Garðabæ	5
Eyland innflutningur-útflutningur hf., Reykjavík	6
Faxaberg hf., Hafnarfirði	56
Fídon hf., Keflavík	38
Fiskútflutningur hf. (Iceland Fishexport Co. Ltd.), Reykjavík	44
Fiskverkun Jónasar Ágústssonar hf., Hafnarfirði	62
Fiskverslunin Bitra hf., Ísafirði	43
Fílabeinskjallarinn hf., Reykjavík	38
Fjölsýn hf., Vestmannaeyjum	97
Flugalda hf., Suðureyri	68
Flugfélag Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	5
Flutningamiðstöð Reykjavíkur hf., Reykjavík	68
Flutningamiðstöð Vestmannaeyja hf., Vestmannaeyjum	48
Foss hf., umboðs- og heildverslun, Reykjavík	81
Fossvogsstöðin hf., Reykjavík	48
Fólk hf., Reykjavík	56
Framleiðendur hf., Reykjavík	8
Framrás, verkfræðistofa hf., Garðabæ	62
Framtíðarblóm hf., Bonsai á Íslandi, Reykjavík	66
Frábær hf., heildverslun, Reykjavík	
Frjóangi hf., Hafnarfirði	65
Frum hf., Reykjavík	5
Frumurannsókn hf., Reykjavík	65
G.E. verktakar hf., Reykjavík	38
G. G. ferðabílar hf., Reykjavík	34
G.H. þyrping hf., Reykjavík	36
G. Hannesson Company hf., Reykjavík	56
G. Pálmason hf., Reykjavík	72
G. Steinsson hf., Reykjavík	65
G-Verk hf., Selfossi	56
GAAG hf. , Garðabæ	62
Galsi hf., Njarðvík	43
Garðastál hf., Garðabæ	34
Gámaþjónusta Vestfjarða hf., Ísafirði	107
Gámur hf., Hafnarfirði	107
Gári hf., Reykjavík	68
Geiri Péturs hf., Húsavík	10
Gerpir hf., Reykjavík	66
Gildi hf., Reykjavík	52
Glit hf., Ólafsfirði	43
Globus-vélaver hf., Reykjavík	46
Glúmur hf., Dalvík	30
Gólf, loft og veggir hf. (GLV hf)., Reykjavík	56

	Tbl. nr.
Grafík miðlun hf., Reykjavík	30
Gráhella hf., Hraungerðishreppi, Árnessýslu	52
Grárefur hf., Reykjavík	66
Gríshóll hf., Mosfellsbæ	68
GRM endurskoðun hf., Reykjavík.	66
Grófin 1 hf., Reykjavík	5
Guðjón Guðmundsson hf., Reykjavík	40
H. Árnason hf., Kópavogi	30
H. Borg hf., Reykjavík	56
H. G. Jónsson hf., Kópavogi	66
H.H. efnalaug - Þvottaland hf., Reykjavík	68
H. Hauksson hf., Reykjavík	40
H. Jónasson hf., Reykjavík	8
H. Karlsson hf., Garðabæ	52
H. M. lyftur hf., Kópavogi	48
H. Ólafsson & Bernhöft hf., Reykjavík	36
H. R. kaffi hf., Reykjavík	56
H. Snorrason hf., Reykjavík	62
Hagverk hf., Reykjavík	68
Happi hf., Keflavík	43
Hárgreiðslustofan Hafsteina hf., Reykjavík	5
Hárkó hf., Kópavogi	40
HEH (International) hf., Reykjavík	30
Heiðarverk hf., Kópavogi	72
Heilbrigði hf., Reykjavík	65
Heimafiskur hf., Vestmannaeyjum	10
Helguvíkurmöl hf., Keflavík	34
Hemra hf., Reykjavík	57
Héðinn smiðja hf., Garðabæ	34
Héðinn verslun hf., Reykjavík	34
Hið íslenska boðfélag hf., Reykjavík	5
Hjá Ása hf., Eyrarbakka	43
Hjálpartækjabanki RKÍ og Sjálfsbjargar hf., Reykjavík	65
Hjólbarðaþjónustan Undirhlíð 2 hf., Akureyri	66
Hlölla Bátar hf., Reykjavík	65
Hneif hf., Fáskrúðsfirði	127
Hnjúkar hf., Akureyri	52
Hólf og gólf hf., Reykjavík	81
Hótel Flúðir hf., Hrunamannahreppi	43
Hrím, umboðs- og heildverslun hf., Seltjarnarnesi	68
Húsakaup hf., Reykjavík	5
Húsfélagið Svalbarði hf., Reykjavík	48
Húsmúli hf., Reykjavík	52
Húsver hf., Reykjavík	46
Hvatning hf., Reykjavík	100
Höður hf., Reykjavík	62
I & D hf., Reykjavík	30
IPAM hf., Hafnarfirði	66
Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík	5
Íslands mat hf., Reykjavík	30
Íslensk-afríska hf., Njarðvík	5
Íslenska hugmyndasamsteypan hf., Reykjavík	48
Íslenska kapalsjónvarpið hf., Reykjavík	72
Íslenskir fjárfestar hf. (Icelandic Investors Ltd.), Reykjavík	44
Íslenskur annáll hf., Reykjavík	48
Íssegl hf., Hafnarfirði	102
Ístog hf., Patreksfirði	44
Ísverksmiðja Reyðarfjarðar hf., Reyðarfirði	44
Ísvör hf./Íslensk vöruskipti, Reykjavík	48
J.P.S. hf., Akureyri	68
Janúar hf., Stokkseyri	30
Jón Indíafari hf., Reykjavík	62
JSV hf., Kópavogi	65
K-Videó hf., Keflavík	44
Kanada hf., Reykjavík	68
Kanon arkitektar hf., Reykjavík	43
Kar hf., Reykjavík	40
Katel hf., Reykjavík	65
Kaupbær hf., Reykjavík	8
Ketilbjörn hf., Laugardalshreppi, Selfossi	68
Kísill hf., Reykjavík	66

	Tbl. nr.
Kjarkur hf., Reykjavík	43
Kjartan hf., Hafnarfirði	52
Kjötvinnslan hf., Kópavogi	43
Konditormeistarinn hf., Reykjavík	96
Kólfur hf., Reykjavík	5
Krist Tak hf., Búðardal	66
Kristinn Auðunsson hf., Mosfellsbæ	62
Krossborg hf., Hafnarfirði	57
Króarhamar hf., Garðabæ	48
Krókaleið hf., Reykjavík	40
Króksel hf., Reykjavík	40
Kvassía hf., Siglufirði	81
Kvikskjárinn hf., Reykjavík	48
Kvilt hf., Reykjavík	8
Kökuval hf., Hellu	65
Lagnamiðstöðin hf., Reykjavík	52
Lambeyri hf., Lýtingsstaðahreppi, Skagafirði	72
Landssmiðja hf., Reykjavík	127
Lautasmári hf., Garðabæ	62
Leiðólfur hf., Kirkjubæjarklaustri	65
Leikfangamarkaðurinn hf., Akureyri	36
Lista píp hf., Hafnarfirði	66
Lífæð hf., Hafnarfirði	129
Línhúsið hf., Akureyri	72
Loðnuflokkun hf., Keflavík	66
Loðnuvinnslan hf., Fáskrúðsfirði	44
Lukka hf., Hellissandi	117
Lyfjabúðin Iðunn hf., Reykjavík	43
Lyngháls hf., Reykjavík	52
Lögfræðistofa Örlygs Hnefils Jónssonar hf., Húsavík	40
Lögmannsstofa Arnmundar Backman hf., Reykjavík	68
Lögskil hf., Reykjavík	48
Lögvernd hf., Reykjavík	62
M & M - Menn og málefni hf., Reykjavík	30
Magni heildverslun hf., Reykjavík	30
Malir hf., Þorlákshöfn	38
Mandal hf., Seyðisfirði	44
Manor hf., Hafnarfirði	5
Margt smátt hf., Reykjavík	66
Markaðstak hf., Reykjavík	66
Markhóll hf., Suðureyri	7
Mastur hf., Reykjavík	5
Matsel hf., Reykjavík	10
Matval hf., Reykjavík	30
Matvöruverslunin Hvammur hf., Ólafsvík	66
Málarameistarar hf., Reykjavík	10
Memphis hf. (Memphis International), Kópavogi	5
Menntamiðstöðin hf., Reykjavík	46
Miðill hf., Reykjavík	5
Miðlun-handbækur hf., Reykjavík	40
Miðvangur hf., Reykjavík	110
MP-verktak hf., Hafnarfirði	30
Mundill hf., Garðabæ	5
Múrþjónustan hf., Blönduósi	68
Myndtækni hf., Reykjavík	10
Naggur hf., Reykjavík	40
Narfi hf., Vestmannaeyjum	43
Naten hf. (Naten International Ltd.), Mosfellsbæ	62
Námskeið og ráðgjöf hf., Reykjavík	52
Nesvatn hf., Reykjavík	5
Norræna sjóeldið hf. (Nordic Seafarm Ltd.), Fljótum, Skagafirði	65
Nóný hf., Seltjarnarnesi	43
NTS hf. (Nordic Technology Solutions), Reykjavík	96
Nýja íslenska símafélagið hf., Reykjavík	5
Nýmiðlun hf., Reykjavík	62
Ó + G Verslunarfélagið hf., Seltjarnarnesi	66
Óðinsveitingar hf., Reykjavík	52
Ómax hf., Reykjavík	43
Óskar Rafnsson hf., Reykjavík	65
P.Þ.P. heildverslun hf., Reykjavík	68
Parkethúsið hf., Reykjavík	10
Petit hf., Akureyri	43
Pizzahornið hf., Selfossi	56

	Tbl. nr.
Pílufélag Íslands hf., Reykjavík	96
Pólis-Inn hf., Reykjavík	68
Pólstjarnan hf., Garðabæ	72
Praxis hf., Reykjavík	5
R. Lúðvíksson hf., Keflavík	57
Radíókjallarinn hf., Keflavík	66
Radíóvirkinn hf., Reykjavík	65
Rafeindabúnaður hf., Reykjavík	65
Rafverktakinn hf., Reykjavík	48
Rannsóknarstofan í Mjódd hf., Reykjavík	72
Rapla hf., Reykjavík	65
Rask hf., Ísafirði	10
Rekstrarfélag Hávöxtunarfélagsins hf., Reykjavík	131
Reyk hf., Seltjarnarnesi	43
Ríkey hf., Reykjavík	66
Rækjuvinnslan Pólar hf., Reykjavík	97
Ræktin hf., Reykjavík	30
Röddin hf., Reykjavík	52
Röðull fjárfestingar hf., Reykjavík	62
S. Jónsson hf., Garðabæ	65
S. M.-verktakar hf., Kópavogi	30
S. S. Gíslason viðgerðir hf., Reykjavík	36
S. W. heildverslun hf., Reykjavík	66
Saltfiskframleiðendur hf., Reykjavík	134
Samvinna hf., Reykjavík	5
Sandtak hf., Bessastaðahreppi	66
Sauðárkróksbakarí hf., Sauðárkróki	40
Saumastofan HAB hf., Dalvík	30
Selecta fyrirtækjaþjónusta hf., Reykjavík	30
Sent og sótt hf., Reykjavík	43
Sigco hf., Reykjavík	48
Sigurður hf., útgerðarfélag, Reykjavík	30
Sigurverk hf., Reykjavík	66
Sjanghæ hf., Reykjavík	68
Sjávarleður hf., Sauðárkróki	65
Sjósókn hf., Reykjavík	81
Skandis hf., Reykjavík	5
Skelfang hf., Akranesi	72
Skipaafgreiðsla Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	5
Skipaverk hf., Hafnarfirði	46
Skipaþjónusta Suðurlands hf., Þorlákshöfn	75
Skipulags- arkitekta- og verkfræðistofan hf., Reykjavík	102
Skútufélagið hf., Ísafirði	68
Skyggnir hf., upplýsingaþjónusta, Reykjavík	106
Smáey hf., Vestmannaeyjum	62
Smiðstækni hf., byggingafélag, Seltjarnarnesi	52
Smur- og dekkjaþjónusta Breiðholts hf., Reykjavík	30
Snakkfiskur hf., Kópavogi	124
Snjósport hf., Reykjavík	5
Snæland vídeó hf., Kópavogi	62
Sóltindur hf., Grindavík	5
SP. Fjármögnun hf., Reykjavík	108
Spánís hf., Reykjavík	65
Spegilflúð hf., Reykjavík	66
Spillir hf., Suðureyri	102
Spori hf., Kópavogi	43
Sportbílar hf., Reykjavík	62
Stálvirki hf., Reykjavík	5
Steinar Waage skóverslun hf., Reykjavík	66
Steinavík hf., Reykjavík	65
Steinverk hf., Reykjavík	5
Stikla hf., útgerðarvörur, Reykjavík	75
Stímir hf., Garðabæ	103
Stjörnublikk hf., Kópavogi	65
Stokksnes hf., Reykjavík	48
Stormur hf., Dalvík	46
Stóri bróðir hf., Reykjavík	30
Stóri-Garður hf., Húsavík	68
Stórtak hf., Kópavogi	5
Stóruvellir hf., Bárðdælahreppi	65
Straumnes hf. - rafverktakar, Akranesi	5
Stúdíó Vík hf., Reykjavík	56
Sælgætisgerðin Parma hf., Hafnarfirði	48
Sæþór hf., Sauðárkróki	103

	Tbl. nr.
Tandur hf., Reykjavík	127
Tannlæknastofa Önnu Sigríðar Stefánsdóttur hf., Reykjavík	5
Teisti hf., Fáskrúðsfirði	72
Teymi hf., Reykjavík	103
Travel Óðal hf., Akureyri	30
Trérót hf., Reykjavík	62
Trésmiðja Kára Lárussonar hf., Skagaströnd	66
Trésmiðjan Kjölur hf., Akranesi	66
Trésmiðjan Töggur hf., Seyðisfirði	56
Trévirki - byggingarverktakar, Höfn	52
Trévís hf., Akureyri	43
Ullarvinnsla Frú Láru hf., Seyðisfirði	107
Ungfrú Ísland hf., Reykjavík	34
Útborg hf., Reykjavík	5
Útgerðarfélagið Glófaxi hf., Vestmannaeyjum	36
Útgerðarfélagið Sléttanes hf., Þingeyri	91
Útgerðarfélagið Vík hf., Keflavík	52
Valex hf., Reykjavík	30
Valgerður hf., Akureyri	44
Valhöll fasteignasala hf., Reykjavík	68
Vatnsendi hf., Hafnarfirði	66
Vatnslaug hf., Reykjavík	34
Veiðivon hf., Reykjavík	87
Veislur og veitingar hf., Reykjavík	5
Veitingahúsið Kalypso hf., Vestmannaeyjum	5
Verðmat hf., Reykjavík	43
Verkfræðistofa Austurlands hf., Egilsstöðum	30
Verkfræðistofan Rafteikning hf., Reykjavík	52
Verkfræðistofan Vista hf., Reykjavík	65
Verktakafélagið Hamar hf., Selfossi	5
Vesturbraut 20 hf., Búðardal	52
Vesturendi hf., Akureyri	10
Vélaleiga K.Ó. hf., Hafnarfirði	43
Vélaval-Varmahlíð hf., Varmahlíð	30
Vélaverkstæði Sigurðar hf., Garðabæ	72
Vélaverkstæðið R.Á.S. hf., Kópavogi	30
Vélsmiðja Hvammstanga hf., Hvammstanga	66
Viðhald og nýsmíði hf., Reykjavík	30
Vinnslan hf., Vestmannaeyjum	5
Vinnuvélar Snæbjarnar hf., Hellissandi	38
Virkjun hf. (Icelandic Plumbing Contractors LTD.), Mosfellsbæ	40
VIST hf., Reykjavík	96
Víking hf., Akureyri	65
Víkingaslóðir hf., Reykjavík	48
Víkurvagnar hf., Reykjavík	40
Vísindastofnun Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands hf., Reykjavík	34
Vonin hf., Vestmannaeyjum	46
Vottunarstofan Tún hf., Vík	5
Vox hf., Reykjavík	65
Vökvatækni hf., Reykjavík	102
Vöruflutningar Guðlaugs hf., Hellu	34
Þengill hf., Reykjavík	68
Þrídrangar hf., Reykjavík	52
Þorskeldi Patreksfjarðar hf., Patreksfirði	43
Þórður Sveinsson & Co. hf., Reykjavík	72
Þórir J. Einarsson hf., Reykjavík	48
Þýðingastofa JC hf., Reykjavík	30
Öryggisvarslan hf., Höfn	62
Össur-stoðtæki hf., Reykjavík	103

SKRÁ

um firmatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1995.

Reykjavík:	Tbl. nr.
Activa hf., Reykjavík	46
A. Karlsson hf.	100
A.P. veiðivörur	61
A. Smith hf.	115
A&P lögmenn sf.	114, 126
ABO hf.	103
Aðstoð hf.	30, 65
Afdrep hf.	100
Aflvaki hf.	115
Agnar Ludvigsson hf.	103
Aha hf.	52
Air Express á Íslandi ehf.	115
Aldamót hf.	30
Alexus Fang hf.	30
ALFA verkfræðistofa ehf.	116
Alhliða lögfræðiþjónustan sf.	114
Alíans hf.	52
Allt milli himins og jarðar hf.	100
Almenna bókafélagið hf.	52
Almenna húsamálunin sf.	46
Almenna ráðgjöfin hf.	52
Almenna tollvörugeymslan hf.	79
Alprent hf.	65
Altunga hf.	52
Alvirki	126
Amadeus Ísland hf.	112
Anilínprent hf.	115
Aquasoft hf.	65
Argus og Örkin hf., auglýsingastofa	72
Ari ehf.	72
Ari-fornverslunin ehf.	103
Arkitektar Skógarhlíð sf.	114
Arkitektastofan sf. Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall	61
Arnar sf.	114
Arnarvirki sf.	114
Artica hf.	43
Artís hf.	112
ASA hf.	72
Asía hf. veitingahús	30
Atlantis hf.	30, 108
Auðbjörg sf.	81, 95
Auglýsingasetrið hf.	52
Auglýsingastofa Reykjavíkur hf.	116
Aukin ökuréttindi hf.	72
Austurbakki hf.	108
Austurstræti 16 ehf.	115
Axel hugbúnaður hf.	52
Á Á hf.	52
Ábendi ehf.	115
Ábreiður ehf.	72
Ágústa Jónasdóttir hf.	103
Árbæjarhöllin sf.	61
Ármannsfell hf.	65
Ártúnssveppir hf.	72
Árvakur hf.	52
Ástún sf.	44
B.Ó.G. ehf.	103
B.T. sf.	126
Bakarinn á horninu hf.	52
Bak-hlíð hf.	65
Bakkabræður hf.	100
Bananar ehf.	106
Bananar hf.	116
Bananasalan hf.	116
Bar hf.	65, 106
Barnasmiðjan hf.	30
Bergmál hf.	100
Bergshús hf.	52
Bernharð Laxdal sf.	95
Bessi ehf.	106
Betri heilsa hf.	52
BHX hf.	65
Bifreiðaleigan Ekill sf.	44
Bifreiðar & landbúnaðarvélar hf.	30
Bifreiðaskoðun Íslands hf.	106
Bifreiðasmiðja G & Ó sf.	44
Birningur hf.	72

	Tbl. nr.
Bitburger umboðið hf.	65
Bílaábyrgð hf.	52
Bílaborg hf.	52
Bílahornið hf.	81
Bílaleigan hf.	72
Bílamiðlun hf.	108
Bílasala Garðars	24
Bílasalan Borg hf.	52
Bíldshöfði 16 hf.	52
Bíltæki og þjófavarnir sf.	126
BJ heildverslun hf.	103
Björgun hf.	52
Björgunarfélagið ehf.	103
Björn og Guðni sf.	114
Blað hf.	52
Blazer-herrafataverslun hf.	30, 108
Blámenn hf.	72
Bliki sf.	45
Blómasmiðjan	44
Borgar apótek	45
Borgarmálun sf.	45
Borgarsól	95
Borgartún 20 ehf.	115
Borgarvirki hf.	116
Borgarþrif	95
Box hf., Next umboðið	52
Bókastoð sf.	95
Bókbær sf.	81
Bókhald & endurskoðun Jóns Sigurðssonar	126
Bókhald og skattskil hf.	72
Bókhalds- & tölvuvinnsla Jóns Sigurðssonar	126
Bónustölvur	45
BRA ehf.	116
Breiðfjörðs blikksmiðja hf.	52, 65
Brú eignamiðlun	114
Bræðralag sf.	95
Bræðurnir Ólafsson sf.	45
Burðarás hf.	103
Búðarás hf.	30
Búland hf.	52
Búland sf.	45
Bústaður sf.	61
BVB hf.	52
Byggð sf.	114
Byggingaframkvæmdir	44
Byggingarfélagið Gustur hf.	100
Byggingarþjónustan	45
Býli sf.	114
Bæjarblikk	95
Bækur og umbúnaður hf.	100
C.H.E.E.R hf.	100
Center hf.	115
Dagmar hf.	72
Daníel Ólafsson hf.	72, 115
Danslína Huldu sf.	61
Danslína Huldu og Loga sf.	61
Deild ehf.	100
Desform hf., framleiðsludeild	72
Desform hf., markaðsdeild	72
DHL hraðflutningar hf.	52
Dídó hf.	106
Domus Medica verslun hf.	100
Draupnissjóðurinn hf.	56, 116
Dráttarskip hf.	30
Dreifimiðstöðin	81
Drómi hf.	30
Dvalinn hf.	65
Dýraríkið hf.	100
Dýrheimar sf.	45
E. Gullborg ehf.	116
EAR sf.	81
Echo hf., heildverslun	52
Edda hf.	106
Eðalhreinsun sf.	46
Eðalmúr hf.	106
Eiffelturninn sf.	114
Efnalaugin Dverghöfða 27	46
Efnalaugin Hraðhreinsun hf.	30
Egill Guttormsson - Fjölval hf.	103
Eignafélagið ehf.	100
Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf.	115
Eignarhaldsfélagið Faxafen sf.	61
Eignarhaldsfélagið Nes hf.	30, 116
Eignarhaldsfélagið Stoð ehf.	103

	Tbl. nr.
Eignarhaldsfélagið Stoð hf.	65
Eignaver hf.	72
Eimskipafélag Íslands hf.	103
Eimur hf., efnaverksmiðja	81
Eldhúsmiðstöðin hf.	30
Eldsneytisafgreiðslan á Reykjavíkurflugvelli sf., EAR sf.	81
Eldisráðgjöf sf.	44
Eldistækni	45
Electric ehf.	115
Elliðavogur 103 ehf.	106
Elnet ehf.	61, 100
Elnet hf.	65
Elverk hf.	30
Emm-offset sf.	24
Endurskoðendastofan hf.	30
Endurskoðun Flókagötu 65 sf.	126
Endurskoðun Péturs Jónssonar hf.	106
Endurskoðunarmiðstöðin Coopers & Lybrand hf.	30
Engjaver	114
Englabörnin hf.	65
Erlend viðskipti hf.	108
Eros hf.	30, 52
Eróbikk sf.	95
ESB sf.	114
Evans	61
F. Bjarnason sf.	95
Falur, bifreiðaleiga hf.	30
Fang hf.	100
Fanntófell hf.	52
Far hf.	65
Fasteignafélagið Völlur hf.	52
Fasteignaleigan hf.	81
Fasteignasalan Hátún	114
Fatamiðstöðin	114
Faxafen hf.	100
Faxamarkaðurinn hf.	100
Faxamjöl hf.	52
Faxapappír	126
Fákafen hf.	65
Fálkinn hf.	30, 65, 100
Feiti dvergurinn	95
Fengi hf.	52
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	103
Féfang hf.	72, 81
Félagsprentsmiðjan hf.	65, 72, 116
Fésýsla sf.	44
Finestra ehf.	112
Fiskdreifing ehf.	116
Fiskhúsið hf.	52
Fiskverktak	61
Fiskverktakar sf.	81
Fíladelfíu - Forlag	61
Fjall sf.	44
Fjallkonan hf.	65
Fjarhitun hf.	116
Fjarhönnun hf.	116
Fjárfestingarfélag Íslands hf.	81
Fjárfestingarfélagið	81
Fjárfestingarfélagið Skandia hf.	108
Fjármögnunarfélagið Lind hf.	52
Fjölprent hf.	30
Fjölsmíði sf.	45
FL-Austur hf.	72
Flugfélagið Loftur ehf.	103
Flugflutningar ehf.	100
Flugleiðir hf.	100
Flutningsmiðlunin hf.	30
Flytur	95
Formax hf.	52
Fornsala Fornleifs	95
Forskot sf.	126
Fossháls 3 hf.	52
Fossnes hf.	30
Fossvogur hf.	52
Fóðurbíll Jóhannesar hf.	72
Fótaaðgerða- og snyrtistofan Líf	126
Framrúðan ehf.	100
Framtak hf.	112
Framtíðarblóm Bonsai á Íslandi	44
Framtíðarsýn ehf.	108
Framtíðarsýn hf.	65
Fréttablaðið húsið-áning-gististaðir á Íslandi	61
Frico, heildverslun	95
Frico sf.	95
Friðrik A. Jónsson hf.	52
Frjáls fjölmiðlun hf.	72

	Tbl. nr.
Fróðengi sf.	95
Frystigeymslan hf.	65
Fyrirtækjaráðgjöf sf.	44
Fyrirtæki og samningar hf.	65
G.G. ferðabílar hf.	106
G. Ólafsson & Kristmanns hf.	43
G. Pálsson ehf.	115
G.S.S. hf.	72
Gagarín hf.	65
Gagnabanki Íslands sf.	95
Gagni umboðs- og heildverslun	45
Gamla húsið	114
Gaukshreiðrið hf.	30
Gámaþjónustan hf.	103, 115
GECA hf.	65
Gefjun-Aftrico	44
Genís hf.	108
Ger hf.	115
Geysir ehf.	103
Gil hf.	103
Giza hf.	115
Gísli Jónsson hf.	103
GJ heildverslun hf.	100
Gjöfur hf.	100
Glampi hf.	106
Glaxo Wellcome hf.	112
Glitnir hf.	51, 81, 103
Globus-vélaver hf.	52, 100
Glófinn	61
GMÞ bílaverkstæðið hf.	100
Gott fólk ehf.	103
Gott fólk hf.	52
Gott framtak ehf.	103
Gólf sf.	114
Gólflagnir hf.	65
Grafarvogs Apótek	22
Grand Hótel Reykjavík hf.	72
Grandaver hf.	100
Grandi hf.	30, 115
Gráð sf.	44
Greiðabílar hf.	30
Greiðslumiðlun hf.	65, 103
Greifinn hf.	65
Greinir hf.	65
Greipur hf.	30
Grensásvegur 11 ehf.	106
Grensásvegur 26 sf.	114
Grettir hf., blikksmiðja	52
Gríms-film sf.	45
Gróco hf.	115
Gróðrastöðin Dalsgarður	22
Gróp hf.	112
Gull og grænir skógar, Bjargvættur skrúðgarðsins	95
Gullkornið hf.	49
Gullnesti	81
Gullsmiðja Reykjavíkur hf.	52
Gullsól hf.	100
Gullvíðir hf.	108
Gunnar og Guðmundur sf.	61
Gúmmí hf.	65
Gylco hf.	100
Gýmir sf.	44
Gæludýrahúsið hf.	100
H. Benediktsson hf.	52
H. Filipsson sf.	114
H.H. ráðstefnuþjónustan sf.	45
H. Jakobsson hf.	65
H. K. þjónustan sf.	114
H. Neptúnus hf.	65
H. Ó. & B. sf.	44
H. Ólafsson & Bernhöft sf.	44
Haffóður hf.	112
Hafnarvirki Snarafl hf.	30
Hafrafell hf.	52
Hafrót hf.	106
Hafverk hf.	100
Hagprent hf.	65
Hagskil hf.	65
Hagvangur hf.	65
Halldór Jónsson hf.	100
Hampiðjan hf.	103
Hamrafell hf.	65
Handsal hf., verðbréfafyrirtæki	52
Handverk sf.	95
Harpa hf.	100
Hálendisflug hf.	115
Hár og förðun	45
Hárgreiðslustofan Hárfókus	61

	Tbl. nr.
Hárhönnun hf.	115
Hársnyrtistofan Papilla	95
Háteigsvegur sf.	44
Hávöxtunarfélagið hf.	72
Heildsölulagerinn	81
Heildverslunin H.E.K. hf.	100
Heildverslunin Kapital	81
Heildverslunin Stíll hf.	65, 72
Heildverslunin Vettvangur sf.	44
Heimakringlan	95
Heimilishjálpin sf.	44
Heimsmynd hf.	72
Hekla hf.	30, 115
Hekla hf., véla- og raftækjaverslun	115
Herragarðurinn hf.	30
Herraríki hf., Borgarkringlunni	65
Hestor hf.	106
Hesthús hf.	65, 111
Hér og nú hf.	30
HG vending hf.	65
HG veitingar	46
HH hreinsun hf.	65
Himbrimi	45
Himnastiginn ehf.	72, 112
Hjaldur hf.	30
Hjálpartækjabanki RKÍ og Sjálfsbjargar hf.	129
HJE innréttingar sf.	95
Hjólastilling	24
Hjúkrunarmiðstöðin sf.	24
Hlíðarendi hf.	65
Hljóðaklettur	81
Hljóðaldan sf.	44
Hljómco hf.	115
Hlutabréfasjóður VÍB hf.	94
Hlutabréfasjóðurinn hf.	94, 106
Hlutabréfasjóðurinn Auðlind hf.	112
Hnjótar hf.	106
Hnoss hf.	100
Hnotskurn hf.	112
Hollefni hf.	65
Holtablómið sf.	95, 114
Holtagrill sf.	114
Holtey hf.	112
Hópferðamiðstöðin hf.	103
Hópferðaþjónusta Reykjavíkur	45
Hótelið Sigtúni 38 hf.	65
Hraðboði	95
Hráefni og hagræðing sf.	81
Hreingerningamiðstöðin sf.	45, 114
Hreinsitækni sf.	114
Hreyfing sf.	114
Hug- og handverk hf.	115
Hugefling	95
Hugrit	95
Hugrún hf.	100
Hugvirki hf.	106
Húsbyrgi hf.	106
Húseignin Hátún 6 hf.	65
Húseignin Laufásvegi 17 ehf.	106
Húsfélagið Ásbrú sf.	81
Húsfélagið Kringlan	81
Húsfélagið Laugavegi 28b hf.	30
Húsgögn ehf.	106
Hvatning sf.	45
Hvíta húsið efnalaug hf.	30, 72
Hvíti svanurinn	114
Hyrja ehf.	116
Höfðabakki hf.	72
Höfðaleigan hf.	65, 100
Hömlur hf.	100
Hörður Sveinsson & Co. ehf.	103
IBP hf.	116
Iðnver hf.	36, 72, 115
IGT-Íslandi ehf.	116
IGT-Íslandi hf.	65
IH hf.	52
Infosoft á Íslandi sf.	44, 45
Inga hf.	106
Ingimar Haraldsson hf.	112
Ingimundur hf.	52
Ingólfscafe hf.	52
Ingvar og Ari sf.	95
Innflutningsfyrirtækið Andri hf.	115
Innkaupasamband bakara hf.	100
Innrömmun Sigurjóns sf.	81
Intro sf.	61
ISS þjónustan hf.	103

	Tbl. nr.
Ís og snarl sf.	126
Ísafoldarprentsmiðja hf.	72
Ísaga hf.	72, 81
Ísarn hf.	30
Ísfilm	45
Ískaup hf.	100
Íslandsbanki hf.	52, 115
Íslandsferðir hf.	52
Íslandsflug hf.	65
Íslandsmarkaður hf.	106
Íslensk alþjóðlega þjónustufélagið hf.	52
Íslensk getspá	45
Íslensk jarðhitatækni sf.	95
Íslensk tækni hf.	100
Íslenska bókaútgáfan hf.	103
Íslenska fjölmiðlunarfélagið hf.	72
Íslenska heilsufélagið hf.	72
Íslenska hótelfélagið hf.	72
Íslenska markaðsfélagið	61
Íslenska svissneska umboðsverslunin	81
Íslenskar sjávarafurðir hf.	108, 116
Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf.	116
Íslenski verðlistinn sf.	81
Íslenskir hafnarverktakar hf.	30
Íslenskur aðall	95
Íslenskur hagfiskur sf.	126
Íslux hf.	106
Ísrokk freyðivatn hf.	103, 112
Ísvík, rannsóknir og ráðgjöf	95
Ítölsk ráðgjöf, tengsl og þjónusta hf.	52
J. Hafnfjörð hf.	72
J.J. trúbó	45
Jafnasel hf.	115
Jarðvirki hf.	106
Jazzbarinn hf.	30
JEB þjónustan hf.	72
Jensen, Bjarnason & Co. hf.	72
Johan Rönning hf.	115
Jógastúdíó sf.	126
Jón og synir ehf.	100
Jón Pétursson ehf.	72
Jón Pétursson hf.	30
Jórvík hf.	100
Jöklar hf.	106
Jörðin heilsugallerí ehf.	115
K-67 hf.	103
K & L Trading hf.	30
K.Þ.B.	61
Kaffi Reykjavík hf.	100
Kaffibarinn ehf.	106
Kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber hf.	100
Kambur	95
Kanda sf.	46
Karlsson músík hf.	100
Kauphúsið hf.	65
Kaupsýsla	45
Kaupvangur hf.	72
Kaupþing hf.	72, 103
Kikka og Stína sf.	114
Kirkjusandur hf.	106
Kirkjutún sf.	95
Kirna hf.	72
Kisi hf.	52
Kínversk-íslenska verslunarfélagið sf. G.S.T.I.T.W.	114
Kínverska veitingahúsið Shanghai hf.	30
Kjarakaup hf.	103
Kjararéttir ehf.	72
Kjarnagluggar sf.	126
Kjölur hf.	72
Kjöreign	24
Kjörhús sf.	114
Kjöt hf.	30
Kjötframleiðendur hf.	72
Klassapíur sf.	114
Klif hf.	30
Kompaníið hf.	72
Kosmeta ehf.	112
KÓ-hreinsibílar hf.	30
Kópur hf.	72
Kórbak hf.	52
Kraftverk-verktakar sf.	61
Kraftvélar hf.	72
Kreditkort sf.	61
Kristján G. Gíslason hf.	115
Krókaleið hf.	52
Kryddkofinn hf.	30

	Tbl. nr.
Kúlan sf., auglýsingarstofa	95
Kúlulegasalan hf.	65
Kvikmyndafélag Íslands hf.	65
Kvikmyndagerðin Garpur hf.	65
Kvótamarkaðurinn hf.	30
Kværner fisktækni hf.	115
Kværner fisktækni, útibú á Íslandi	65
Kynnisferðir ferðaskrifstofa sf.	44
Kögun hf.	100
L. A. þrif	61
Lakk hf.	52
Landið Ísland hf. (The Country of Iceland Ltd. TCOI Ltd.)	30
Landfari hf.	103
Landflutningar hf.	108
Landsbréf hf.	103
Landsbyggð ehf.	100
Laufásvegur 12 hf.	52
Laugabakkar hf.	100
Laugarkaffi hf.	30
Laugavegur 10 hf.	30
Lausn hf.	72
Lava hf.	65
Leðuriðjan hf.	52
Leikskólaráðgjöf	45
Lind hf. heildverslun	72
Lindarskip hf.	52
Listbólstrun	114
Listhús ehf.	65
Litla hljóðverið hf.	103
Líftryggingafélag Íslands hf.	30
Líkkistuvinnustofa Eyvindar Árnasonar	81
Ljós í myrkri hf.	65
Ljósbogar sf.	44
Ljósmyndarinn	45
Loftverkfæri sf.	45
Lok sf.	61
LSM hf.	116
Luna fiskframleiðsla hf.	106
Luna útflutningur hf.	106
Lyf hf.	116
Lyfjadreifing sf.	61
Lyfjaþróun hf.	106
Lýsi hf.	52
Lýsing hf.	65, 106
Lækjarás sf.	81
Lögfræðistofan Ármúla 13a ehf.	115
Lögmannsstofa Arnmundar Backman sf.	44
Lögmannsstofan Skipholti sf.	61
Lögmark sf.	45
Lögmenn Eiðistorgi	44
Lögmenn Jónas A. Aðalsteinsson, Lilja Jónasdóttir og Aðalsteinn E. Jónasson sf.	45
Lögmenn Skólavörðustíg 12	45
Lögrétta hf.	30
Löndun sf.	126
M G M sjónvarpsefni	45
Magasín hf. - Sportmagasín	52
Magnús Kjaran ehf.	106
Magnús Th. S. Blöndal ehf.	65
Magnús Th. S. Blöndahl hf.	65
MAN-B&W dísilvélar sf.	45
Marel hf.	30
Mari hf.	52
Markaðsafl sf.	61
Markaðsmenn hf.	116
Markviss hf.	52
Marsa hf.	116
Martækni hf.	30
Mata hf.	30
Mál og mynd sf.	61
Málaskóli Reykjavíkur sf.	45
Málflutningsskrifstofa, Guðmundur Pétursson, Pétur Guðmundsson, Hákon Árnason, Jakob R. Möller	114
Málmsmiðjan Afl. hf.	103
Málningarþjónustan sf.	45
Mánafoss hf.	30, 115
Máninn hf.	30
Máttur hf.	30, 43, 106
Máttur-Vinnuvernd hf.	43,106
Meba-Magnús E. Baldvinsson sf.	44
Menda hf.	52
Menning ehf.	115

	Tbl. nr.
Merkismenn hf.	52
Met sf.	95
Metró Bónus B.B. Byggingarvörur hf.	52
Miðill hf.	100
Miðsteinn ehf.	116
Miklatorg sf.	45
Mínir menn hf.	30
Mínus sf.	95
Molar sf.	61
M&M Menn og málefni hf.	115
Múr- og málningarþjónustan Höfn hf.	72
Múrkem hf.	65
Myndhönnun hf.	106
Myndsýn hf.	115
Mælitækni hf.	72
Nero heildverslun	95
Nes hf.	111
Nesbrú hf.	65
Nesbú hf.	30
Nesjar sf.	61, 81
Neskjör hf.	30
Nespakk	114
Nest	81
NM Pharma hf.	100
Norlandia hf.	106
Norrænar sjávarafurðir hf.	100
Nóatún hf.	52
Nói-Síríus hf.	52, 103
Nýherji hf.	81
Nýja bílasalan	95
Nýjungar	95
Nýsir hf.	72
Nýsmíði-trélakk ehf.	106
Nýtt frost hf.	112
Ofnasmiðjan hf.	100
Október hf.	52
Olíufélagið hf.	106
Olíuverslun Íslands hf.	116
Omex sf.	61
Onus sf.	126
Opin kerfi hf.	72
OPM hf.	52
Orient hf.	100
Orka hf.	65
Orkuvirki hf.	52
Orlof hf.	65
Otislyftur hf.	108
Ottó ehf.	115
OZ hf.	30, 100
Ó. Johnson & Kaaber	100
Óðal hugbúnaður hf.	30
Óðinn hf. flugfélag	30
Ólafur Á. Jóhannesson hf.	36, 72, 115
Ólavía og Oliver hf.	112
Pandalus sf.	114
Pappírsvörur hf.	65
Parvík ehf.	115
Pegasus hf.	72
Penninn-húsgögn hf.	65
Píramítinn hf.	65
Pílufélag Íslands hf.	103
Pípulagnamiðstöðin hf.	100
Plastagn	46
Plastco ehf.	112
Plastpokablaðið	95
Plús film hf.	30
Pon Lyftarar hf.	52
Port hf.	100
Portlab	95
Póstvörur sf.	24
Prentgrip sf.	46
Prentsmiðja Árna Valdimarssonar hf.	65, 79
Prentsmiðja Jóns Björnssonar	95
Prentþjónustan hf.	30
Prima hf.	106
Primus Motor Co. hf.	72
Púststöðin	24
Pústverkstæðið hf.	115
Radíóbær hf.	52
Radíóstofan hf.	81
Rafha hf.	52
Rafskoðun hf.	115
Rafteikning hf.	52
Rafögn hf.	115

	Tbl. nr.
Ragnar Jónsson sf.	126
Rakarastofan Greifinn	45
Ratsjá hf.	116
Ráðgjöf Kaupþings hf.	72
Ráðningaþjónustan	61
Reginn hf.	100
Regn hf.	52
Regnfatagerðin Vopni ehf.	115
Reikniver	81
Rekstrarfélagið hf.	100
Reykjaprent hf.	72
Reykvísk endurtrygging hf.	52
Rim hf.	30, 72, 106
Ritfangalagerinn hf.	112
Ritfell hf.	72, 103
Ríkey hf.	112
Róbert og Kristján sf.	45
RT hf.	72
Rúnar og Þórey sf.	61
Ræstir sf.	81
Ræsir hf.	52
Ræstingarþjónustan sf.	45
S. Björgvinsson hf.	100
S. Jónsson hf.	100
S. Ólafsson heildverslun sf.	45
S. Waage sf.	44, 126
S. Þ. Ingimundarson	61, 95
Sabroe á Íslandi hf. c/o Málflutningsskrifstofa Guðmundar Péturssonar hrl. o.fl.	103
Safnarabúðin	44
Safír ehf.	116
Saga fiskur	95
Sagaspil hf.	100
Salan sf.	126
Salon Bezt	114
Salt og sandur	95
Sameinaðir verktakar hf.	106
Samey hf.	65
Samhentir sf.	45
Samleið hf.	116
Samskip hf.	115
Samsölubakarí hf.	49
Samvinnusjóður Íslands hf.	100
Sálfræðiþjónustan sf.	95, 99
Scane hf.	100
Segull hf.	52
Sel sf. ráðgjafaþjónusta	95
Selur hf.	72
Sendibílastöðin hf.	100
Sérverk hf.	100
Sigrún hf.	30
Sigtún 7 hf.	52
Sigurverk	45
Silkiprent-Skiltaland hf.	52
Sindra-Stál hf.	30, 116
Sjóbúðin hf.	30
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	81
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	81, 112
Skagi hf.	30
Skapandi miðlun hf.	72
Skeljungur hf.	100
Skildingar hf.	100
Skipaafgreiðsla Jes Zimsen hf.	72
Skipafélagið Þorvaldur Jónsson hf.	65
Skipulag og stjórnun ehf.	116
Skínandi hreint	45
Skoðun hf.	52
Skoðunarstofan hf.	72
Skoðunarstöðin hf.	30
Skóverslun Reykjavíkur ehf.	116
Skóverslunin Laugavegi 11 hf.	116
Skráma	81
Skrifvélin hf.	103
Skuggamyndir sf.	45
Skuggar ehf.	108
Skyggna-Myndverk hf.	30
Skyndimyndir sf.	24
Slippfélagið í Reykjavík hf.	108
Smárar hf.	52
Smiðjutorg hf.	116
Smith & Norland hf.	52
Smjörlíki hf.	30
Snyrtistofan Birta	95
Snæfiskur sf.	45
Snöggur hf.	100
Softis hf.	52
Sól hf.	30, 116
Sól og sána	61

	Tbl. nr.
Sólbaðsstofan 3-G sf.	114
Sólon Íslandus hf.	52
Sport-Hollt hf.	30
Sportco sf.	114
Sportmagasín	44
Sportveiðimiðstöðin hf.	115
Sportvörugerðin sf.	114
Sportvörur hf.	116
Spönn sf.	114
Stálsmiðjan hf.	30, 72, 103, 112
Stálumbúðir hf.	72, 116
Stálvirki hf.	106
Steindórsprent Gutenberg ehf.	79, 116
Steinverk hf.	52
Steinvík sf.	95, 126
Stemmir hf.	30
Stepp skóverslun sf.	45
Stilling hf.	81, 100
Stjörnubíó hf.	65
Stoð-endurskoðun hf.	116
Stórhöfði hf.	65
Straumröst sf.	46, 114
Studio Sól sf.	81
Stúdíó Sól sf.	81
Suður sf.	126
Sund ehf.	108
Sund hf.	100
Sundagarðar hf.	30
Svart og hvítt	45
Sýn hf.	106
Sveipur hf.	52
Sæblóm hf.	72
Sæhrímir sf.	81
Sækin sf.	114
Sæmark-Icecon hf.	30
Sæmörk hf.	30
Sölumyndir	81
Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hf.	106
Sölusamtök lagmetisiðnaðarins	44
T-67 hf., Reykjavík	112
Takmark hf.	81
Talnakönnun hf.	106, 115
Taugagreining hf.	65
Teiknistofan Pálína	126
Teknik hf.	72
Teppaland hf.	52
TGT hf.	116
Themco hf.	103
Tiltak hf.	115
Timburvinnslan hf.	103
Tígull	95
Tímamót hf.	72
Tímaritið Sumarhúsið-fréttablaðið húsið	61
Tína hf.	100, 103
TKO Ísland hf.	72
Tollvörugeymslan hf.	79
Toppurinn sf.	81
Tóki munkur	95
Tron hf.	30
Trygging hf.	116
Tryggingamiðstöðin hf.	108
Tryggur hf.	65
Tryggvagata 16 hf.	30
Týndi hlekkurinn sf.	44
Tækjamiðlun Íslands hf.	52
Tæknihreinsun hf.	115
Tæknival hf.	103
Tæknivélar sf.	45
Tæknibróun hf.	108
Tölvubúðin	61
Tölvumiðstöðin hf.	65
Tölvur-hugbúnaður-Internet-samskipti	126
Tölvusalan hf.	65
Tölvusamskipti hf.	30
Tölvustofan hf.	52, 103
Tölvutækni hf.	116
Umboðsþjónustan, S. Ingimundarson	61
Uni hf.	65, 100
Uppboðsþjónustan	95
Uppgjör hf.	65
Uppi hf.	106
Útborg hf.	65
Útgáfufélagið Nýsköpun hf.	116
Útgáfufélagið Þekking hf.	65

	Tbl. nr.
Útgerðarfélag Patreksfjarðar hf.	52
Útgerðarfélagið Þekking ehf.	108
Útgerðarvörur hf.	52
Útvegsfélag samvinnumanna hf.	65, 116
Útvegsþjónustan sf.	44, 81
Vaka-Helgafell hf.	65
Vaki - Öryggiskerfi sf.	81
Valform hf.	52
Valhöll ehf.	100
Varahlutaval hf.	30
Vari hf.	100
Vatnsiðjan Lón hf.	100, 115
Vátryggingafélag Íslands hf.	30
Vegaleiðir	81
Veiðiferðir	24
Veiðiland sf.	24
Veiðilist hf.	72
Veitingahúsið Lækjargata 2 hf.	30, 100
Veitingastofan Jarlinn sf.	61
Verkefni sf.	114
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.	106
Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar hf.	52
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.	52
Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar hf.	52
Verkfræðistofan Kvasir hf.	106
Verkfræðistofan Rafteikning hf.	52
Verkfræðistofan Vatnaskil sf.	45
Verksmiðjan hf.	30, 52
Verksmiðjan Vífilfell hf.	52
Verkstæðið Þingholtsstræti 7b	114
Verktakafélagið Ásar hf.	65
Verslunarfélag Raufarhafnar hf.	116
Verslunin Andrés	114
Verslunin Jata	61
Verslunin Sísí hf.	30
Vesturá hf.	65, 106
Vélar og þjónusta hf.	103, 116
Viðreisn hf.	72
Vikur hf.	52
Víðir Finnbogason hf.	52
Víðsýn hf.	103
Víkingahestar sf.	44
Víkurstál ehf.	116
Vogasteinn hf.	72
Vormenn sf.	45
VSÓ-mínúta hf.	52, 103
VSÓ rekstrarráðgjöf ehf.	72
VSÓ rekstrarráðgjöf hf.	72
VSÓ sértækni hf.	65
VT hf.	30
Vökvakerfi hf.	103
Vökvaleiðslur og tengi hf.	52
Völluskonsur	95
Völufell ehf.	103
Vöruborg hf.	115
Völuflutningamiðstöðin hf.	116
Völuhúsið	95
Völuhúsið Eiðistorgi hf.	81
Vörukynningar	95
Vöttur hf.	30
Wurth á Íslandi ehf.	116
Xander hf.	115
Yoga stúdíó sf.	126
Yltækni hf.	30
Ýr sf.	126
Zero	61
Þ. Eiríksson hf.	65
Þeyr hf.	116
Þjóðleikhúskjallarinn hf.	100
Þjóðráð hf.	65, 72
Þor þróunar- og ráðgjafamiðstöð sjávarútvegsins	45
Þorn hf.	52
Þórður Sveinsson & Co. hf.	52
Þórólfur sf.	46
Þórsbrunnur hf.	106
Þrándarlundur sf.	114
Þrenning matvöruverslun hf.	100
Þrjátíu og þrír sf.	44
Þróunarfélag Íslands hf.	56,106,112,116

	Tbl. nr.
Þyrping hf.	81
Þytur hf.	52
Þýsk-Íslenska hf.	116
Þýsk-íslenska innflutningsfélagið hf.	106
Ævar og Einar sf.	114
Ökuskólinn Mjódd	61
Öndvegisréttir ehf.	116
Örn og Örlygur hf.	52, 100
Öryggi hf.	52, 65
Öryggisráðgjöf og þjónsusta sf.	114
Öryggisvörur	81, 95
Öryggisvörur sf.	95
Öryggisþjónustan hf.	30
Öryggisþjónustan sf.	95
Össur hf.	129

Akranes:

Aerobicstöðin	99
Andrés Níelsson hf., bókaverslun	52
Ásmundur hf.	65
B.Ó.B. sf., vinnuvélar	49
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar ehf.	100
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar hf.	65
Blómaríkið sf.	126
Efnalaugin Lísa sf.	99
Fasteignasalan Hákot hf.	30
Frostform hf.	52
Grundaval sf.	7
Haraldur Böðvarsson hf.	103
Hressing sf.	22
Jöfnun hf.	106
Keilir sf.	3
Krossvík hf.	72
Langisandur hf.	52
Lárus og Þorsteinn sf.	3
Magnús Einarsson, umboðsverslun	22
Sementsverksmiðjan hf.	103
Skagaver hf.	52
Skagaverk sf.	115
Skallagrímur hf.	112
Skelfang hf.	116
Skipasmíðastöð Þorgeir og Ellert hf.	106
Sorphreinsun V.G.	53
VT-Teiknistofan hf.	30
Verslunin Drangey hf.	52
Ökuskóli Vesturlands sf.	1

Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður:

Akkur sf. tækniþjónusta, Akureyri	6
Almenna lögþjónustan hf., Akureyri	52
Bakkasel hf., Akureyri	100
Baldurshagi hf., Akureyri	111
Beinir sf., Akureyri	84
Biti hf., Akureyri	72
Bíla- og vélaverkstæði Hjalta Sigfússonar hf., Dalvík	52
Bílahöllin hf., Akureyri	116
Bílasala Norðurlands, Akureyri	44
Bílaþjónustan sf., Akureyri	7
Bláfell hf., Akureyri	52
Borgarís, Akureyri	84
Byggingarfélagið Lind hf., Akureyri	103
Börkur hf., Akureyri	52
Dagsprent hf., Akureyri	65, 100
Dropinn ehf., Akureyri	116
Efnafræðistofan Skin ehf., Akureyri	116
Ekkofarm sf., Akureyri	1
Eldbjörg hf., Akureyri	115

	Tbl. nr.
Endurskoðun og reikningsskil Akureyri ehf., Akureyri	116
EXIÐ, Akureyri	44, 84
Eymark, Akureyri	84
Fagrihvammur sf., Dalvík	84
Fatahreinsunin hf., Akureyri	65
Fatahreinsunin Slétt og fellt ehf., Akureyri	116
Ferðakort hf., Akureyri	100, 115
Fides hf., Akureyri	115
Fiðlarinn hf., Akureyri	112
Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Akureyri	52, 116
Fiskverkun Jóhannesar og Helga hf., Dalvík	65
Fjölriti sf., Dalvík	13, 84
Fjölskyldumyndir, Akureyri	119
Flutningamiðstöð Norðurlands ehf., Akureyri	115
Folda hf., Akureyri	65, 115
G. V. gröfur sf., Akureyri	84
Gerpla, Dalvík	102
Gluggahúsið sf., Akureyri	84
Gúmmívinnslan hf., Akureyri	106
Haraldur hf., Dalvík	72
Heimakaup MLM Ísland, Akureyri	115
Hlutabréfasjóður Norðurlands hf., Akureyri	72
Íslenska ljósmyndaþjónustan, Akureyri	4
JAT verktakar hf., Akureyri	72
Kaupþing Norðurlands hf., Akureyri	72
Leikskóli Guðnýjar Önnu hf., Akureyri	112
Læknavaktin, Akureyri	19
Magnflutningar hf., Hjalteyri	52
Málningarþjónustan, Akureyri	3
MLM Ísland, Akureyri	84
Myndcó hf., Akureyri	116
Möl og sandur hf., Akureyri	116
Naustavík ehf., Dalvík	116
Níels Jónsson sf., Hauganesi	84
Nýja filmuhúsið hf., Akureyri	65
Nýja nætursalan sf., Akureyri	11
Ossi byggingarverktaki hf., Akureyri	116
Pallaleigan hf., Akureyri	115
Petit hf., Akureyri	106, 112
Púlsinn ehf., Akureyri	116
Ráðhústorg 7 hf., Akureyri	100
Regnbogaframköllun hf., Akureyri	1
Regnbogaframköllun og regnbogalistinn ehf., Akureyri	116
Rekstrarfélag ISÍ hf., Akureyri	52, 81
Securitas Akureyri hf., Akureyri	30
Sjúkranuddstofa Akureyrar, Akureyri	115
Skinnastofan hf., Akureyri	52
Skinnaiðnaður hf., Akureyri	81, 100
Slippstöðin Oddi hf., Akureyri	72,100,116
Sniðill hf., Akureyri	52
Stefán og Björn sf., Akureyri	7
Stólpi sf., Akureyri	22, 84
Straumrás hf., Akureyri	30, 72
Sæplast hf., Dalvík	100
Teiknistofan sf., Akureyri	84
Trausti hf., Hauganesi	65
Trésmiðjan Ölur hf., Akureyri	52
Unimark hf., Akureyri	116
Úrvinnslan hf., Akureyri	30
Útgerðarfélag Akureyringa hf., Akureyri	112
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf., Dalvík	116
Útgerðarfélagið Þorri hf., Akureyri	30
Valhöll hf., Akureyri	111

	Tbl. nr.
Valur og Helgi sf., Akureyri	84
Verslunin Kotra hf., Dalvík	52
Vélsmiðja Steindórs hf., Akureyri	52
Ynja hf., Akureyri	106

Árnessýsla og Selfoss:

Alpan hf., Eyrarbakka	106
Auðbjörg hf., Þorlákshöfn	65
Auðsholtshjáleiga sf., Ölfushreppi	122
Ábótinn sf., Gnúpverjahreppi	1
Álfaheiði hf., Hveradölum	100
Árnes hf., Stokkseyri	103, 106
Bakkalág Íslands hf., Þorlákshöfn	106
Bakkaskip hf., Þorlákshöfn	65
Búkolla hf., Selfossi	106
Bökun hf., Hrunamannahreppi	112
Diðrik hf., Biskupstungnahreppi	52
Drangamenn sf., Selfossi	80
Fannborg hf., Hrunamannahreppi	116
Fiskmark hf., Þorlákshöfn	52
Flúðafiskur hf., Hrunamannahreppi	52
Fossbílar hf., Selfossi	112
Gerandi hf., Hveragerði	100
Gyrðir ehf., Selfossi	72
Hafnarmjöl hf., Þorlákshöfn	116
Hólmsteinn sf., Stokkseyri	102
Hótel Hveragerði, Hveragerði	126
Hrímgrund hf., Þorlákshöfn	30
Íslensk matdreifing hf., Hveragerði	112, 115
Juventus ehf., Hveragerði	112
Kvistur byggingavörur, Hveragerði	72
Leikfangasmiðjan Barnagull, Selfossi	49
MA vöruflutningar sf., Selfossi	14
Málningaþjónustan hf., Selfossi	52
Orion hf., Gnúpverjahreppi	103
Röra- og stífluþjónustan hf., Hveragerði	72
SG einingahús hf., Selfossi	103
Sendibílastöð Selfoss, Selfossi	105
Sigurbátar hf., Hveragerði	112
Silfurlax hf., Ölfushreppi	65, 115
Smartnet, tölvutengsl, Selfossi	109
Sælkeravinnslan hf., Selfossi	72
Sölvason & Co. hf., Selfossi	72
Útgerðarfélagið Sægull hf., Eyrarbakka	100
Verktækni sf., Selfossi	3
Yleining hf., Biskupstungum	65

Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Bíldudalur:

Berg hf., Patreksfirði	116
Fanney hf., Brjánslæk	65
Fáfnir hf., Þingeyri	112
Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf., Tálknafirði	106, 112
Oddi hf., Patreksfirði	103
Skandi hf., Tálknafirði	30
Tálkni hf., Tálknafirði	65
Tungueignir hf., Tálknafirði	106
Útgerðarfélagið Kópavík hf., Tálknafirði	52, 103, 115
Útgerðarfélagið Sléttanes hf., Þingeyri	112, 116
Vélsmiðjan Logi hf., Patreksfirði	65

Tbl. nr.

Þorskeldi Patreksfjarðar hf., Patreksfirði 116
Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólum 115

Dalasýsla:

Stórtak hf., Búðardal 106, 108

Húnavatnssýsla:

Drífa hf., Hvammstanga 52, 116

Hólanes hf., Skagaströnd 65, 115
Hvammur sf., Hvammstanga 72

Jökull hf., Skagaströnd 112

Skagstrendingur hf., Skagaströnd . 72, 112
Skrefið hf., Skagaströnd 108

Verslunin Borg hf., Skagaströnd ... 103
Vonin hf., Hvammstanga 116

Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:

Ásafell hf., Ísafirði 108

Bakki hf., Hnífsdal 106
Básafell hf., Ísafirði 108
Bókaverslun Tómasar Jónassonar hf., Ísafirði 65
Búbót sf., Ísafirði 57
Byggingavöruverslunin Núpur hf., Ísafirði 52

Djúpferðir hf., Ísafirði 116
Dýri hf., Bolungarvík 52

Eyvör hf., Hnífsdal 106

Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri 116
Fiskverkunin Leiti hf., Hnífsdal 106
Fiskvinnslan Kambur, Flateyri 74
Frosti hf., Súðavík 65

Tbl. nr.

G. T. kranar sf., Ísafirði 10
Garðarnir ehf., Ísafirði 115
Græðir sf., Flateyri 103

Hótel Ísafjörður hf., Ísafirði 106

Kögurfell hf., Ísafirði 108

Laxdal hf., Flateyri 65

M. Bernharðsson, skipasmíðastöð hf., Ísafirði 30, 65
Magnús Már hf., Bolungarvík 112
Mánafell hf. - Betri fiskmarkaður, Bolungarvík 72
Mímir sf., Ísafirði 102

Netagerð Vestfjarða hf., Ísafirði ... 103

Olíufélag útvegsmanna hf., Ísafirði 106

Ósvör hf., Bolungarvík 115

Póllinn hf., Ísafirði 103
Póls-rafeindavörur hf., Ísafirði 108

Ritur hf., rækjuverksmiðja, Ísafirði 65

Sandeyri, Ísafirði 108
Skipasmíðastöðin hf., Ísafirði 52
Skipeyri hf., Ísafirði 30, 108

Útgerðarfélagið Brimnes hf., Flateyri 74
Útgerðarfélagið Ósvör hf., Bolungarvík 52

Verslun E. Guðfinnssonar hf., Bolungarvík 100, 115
Vestfirskur skelfiskur hf., Flateyri 52
Vesturferðir hf., Ísafirði 103
Vörudreifing sf., Ísafirði 10

Þuríður hf., Bolungarvík 30

	Tbl. nr.
Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Gullbringusýsla:	
Aldan hf., Sandgerði	52
Annir hf., Keflavík	52
Arctic-lax hf., Vogum	30
Atlantic Trading á Íslandi hf., Keflavík	65
Bergland sf., Keflalvík	119
Berglind ehf., Njarðvík	100
Bifreiðaverkstæðið Ó.K. stilling, Njarðvík	131
Bláa lónið, Grindavík	119
Bogey sf., Keflavík	119
Bókaútgáfan Silja, Keflavík	119
Byggingarfélagið Við-Reisn hf., Keflavík	72
Dekor hf., Keflavík	52
Eldhamar hf., Grindavík	30
Fiskmarkaður Suðurnesja hf., Njarðvík	115
Fiskur hf., Sandgerði	112
Fiskverktak sf., Njarðvík	53
Fiskverkun Ágústar og Guðna hf., Sandgerði	116
Fiskverkun Runólfs og Garðars sf., Keflavík	3
Fiskverkun SÞ hf., Grindavík	103
Fídon hf., Keflavík	116
Flísar og klæðningar hf., Njarðvík	52
Friðrik sf., Keflavík	73
G. Mar hf., Keflavík	100
Geimsteinn hf., Keflavík	106
Gloría sf., Njarðvík	53
Hafco ehf., Keflavík	103
Hafco hf., Keflavík	30, 52
Hamrar hf., Grindavík	30
Hárgreiðslustofan Brá sf., Keflavík	53
Hofsnes hf., Garði	72
Hótel Keflavík hf., Keflavík	52
Íslenskur markaður hf., Keflavíkurflugvelli	100
Ístek hf., Njarðvík	108
JA alþjóða sölufélagið, JA International sales co., Garði	3
Járniðnaðar- og pípulagningaverktakar Keflavíkur hf., Keflavíkurflugvelli	116
Jökulhamrar hf., Keflavík	30
KM stál hf., Keflavík	115
Lux-ís hf., Keflavík	72
Markhóll hf., Vogum	30, 103
Múrhamar sf., Keflavík	119
Nesprýði hf., Keflavík	115
Norðurfang hf., Keflavík	108
Ný leið hf., Keflavík	108
Ofnasmiðja Suðurnesja hf., Keflavík	52
Plastverk - trefjaplastframleiðsla ehf., Sandgerði	116
Plútó, Keflavík	131
Rafmagnsverktakar Keflavíkur hf., Keflavíkurflugvelli	116
Reiknistofa fiskmarkaða hf., Njarðvík	115
Rót hf., Vogum	100, 106
Saltver hf., Keflavík	49
SG hf., Grindavík	52
Sjávarvík hf., Sandgerði	116
Sjóefnavinnslan hf., Höfnum	106
Skipabrautin hf., Njarðvík	103
Slaga hf., Keflavík	103
Sóltindur hf., Keflavík	49
Stofnfiskur hf., Hafnahreppi	30
Suðurflug hf., Njarðvík	30
Suðurnes hf., fiskvinnsla, Keflavík	65
Suðurnesjabrosið hf., Keflavík	72
Sæbýli hf., Vogum	100

	Tbl. nr.
Útgerðarfélagið Eldey hf., Keflavík	103
Vatnsfélag Suðurnesja hf., Keflavík	65
Ventus hf., Keflavík	65, 103
Verkfang sf., Keflavík	73
Verksmiðjan Sæver hf., Njarðvík	30
Vélsmiðja Þorsteins ehf., Grindavík	115
Videovík, Njarðvík	131
Viðskiptastofan sf., Keflavík	3
Víkurás hf., Keflavík	65
Víkurhugbúnaður sf., Keflavík	3
Vogahestar, Vogum	73
Þorbjörn hf., Grindavík	52
Þvottahöllin, Keflavík	73

Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes:

AB skilti, Garðabæ	3
Absalon sf., Mosfellsbæ	126
Aestas sf., Hafnarfirði	73
Agnar E., Hafnarfirði	113
Alexander ehf., Hafnarfirði	103, 108
Allrahanda/Ísferðir hf. (Icetravel), Mosfellsbæ	52
Augnablik sf., Hafnarfirði	113
Á. Óskarsson og Co. hf., Mosfellsbæ	65
Bitabær sf., Garðabæ	22
Bílahornið hf., Hafnarfirði	72
Bílfell ehf., Mosfellsbæ	115
Björgvin hf., Seltjarnarnesi	116
Brauðborg hf., Garðabæ	100
BV - tæki hf., Hafnarfirði	72
Byggingafélagið Aðalvík ehf., Garðbæ	116
Byggingarfélagið Smári ehf., Garðabæ	108
Byggingarfélagið Suðurholt hf., Hafnarfirði	65
Bæjarbakarí hf., Hafnarfirði	108
Börkur hf., Hafnarfirði	65
Candy hf., Garðabæ	72
Capital ehf., Garðabæ	115
Dalshraun 5 hf., Hafnarfirði	115
Dalsnes hf., Hafnarfirði	52
Dekor ehf., Garðabæ	100
Delta hf., Hafnarfirði	52
Djúphaf hf., Hafnarfirði	56
Djúpmynd hf., Mosfellsbæ	65
Drafnarnesti, Hafnarfirði	49
Dúna hf., Garðabæ	72
Dvergur hf., Hafnarfirði	65
Eðalís hf., Hafnarfirði	103, 112
Efli hf., Seltjarnarnesi	30
Eignarhaldsfélagið Gassi hf., Garðabæ	72
Einar Þorgilsson & Co. hf., Hafnarfirði	106, 108, 115, 116
Endurskoðun Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði	72, 81
Erlan hf., Hafnarfirði	52
Erlendur Björnsson hf., Bessastaðahreppi	72
Eyjaberg hf., Kjósarhreppi	100
Faxafang hf., Hafnarfirði	52
Fiskflutningar hf., Hafnarfirði	115
Fiskvangur hf., Hafnarfirði	52
Fiskveiðahlutafélagið Venus, Hafnarfirði	116
Flóra hf., Garðabæ	103
Flutningsmiðlunin Jónar hf., Hafnarfirði	116
Frjálsa tjónaskoðunarstöðin hf., Garðabæ	30
Garðaflug hf., Garðabæ	65
Garðasmiðjan sf., Garðabæ	3
Geymslusvæðið hf., Hafnarfirði	116
GJB endurskoðun sf., Hafnarfirði	64
Glerborg hf., Hafnarfirði	115
Glugga- og hurðasmiðja Sigurðar Bjarnasonar hf., Hafnarfirði	52
Gólfvernd hf., Bessastaðahreppi	103
GP húsgögn hf., Hafnarfirði	116

	Tbl. nr.
Haf hf., Seltjarnarnesi	108
Hafverk hf., Garðabæ	52
Hag 4 hf., Hafnarfirði	72
Hagtak hf., Hafnarfirði	106, 112
Heildverslun Páls Hilmarssonar HPH hf., Garðabæ	52
Heildverslunin Ísmey sf., Hafnarfirði	113
Hestar hf., Garðabæ	65
Héðinn smiðja hf., Garðabæ	112
Hjólbarðaviðgerðin BG sf., Hafnarfirði	22
Hjólbarðaviðgerðin Drangahrauni 1 sf., Hafnarfirði	22
Hlíð hf., Hafnarfirði	52
Hópbílar hf., Hafnarfirði	106
Hringver hf., Seltjarnarnesi	106
Hvammsverk hf., Garðabæ	30, 100
Innflutningsverslun Guðbjartar Ólafssonar hf., Hafnarfirði	52
Innnes hf., Hafnarfirði	52
Íslandsfiskur ehf., Hafnarfirði	108
Íslandsnáma hf., Hafnarfirði	30
Íslensk matvælakynning sf., Garðabæ	64
Íslenska álfélagið hf., Hafnarfirði	116
Íslenska verslunarmiðstöðin hf., Seltjarnarnesi	52
Íslenskur textíliðnaður hf., Mosfellsbæ	116
Ísmey sf., Hafnarfirði	49
Ístraktor hf., Garðabæ	52
Jolli hf., Mosfellsbæ	30
Jóhann Helgi & Co. hf., Hafnarfirði	71
Jörgen hf., Hafnarfirði	72
Kakí, Hafnarfirði	113
Kaldalón hf., Hafnarfirði	103
Kemikalía ehf., Garðabæ	106
Klæðning hf., Garðabæ	100
Korter, Hafnarfirði	3, 88
Kraninn hf., Hafnarfirði	81
Langskip, Hafnarfirði	64
Leiðarljós hf., Seltjarnarnesi	30
Listvör sf., Hafnarfirði	22
Litli Galtardalur hf., Garðabæ	106
Lorentz hf., Hafnarfirði	30
Löndun sf., Hafnarfirði	113, 126
Markaðskjúklingar hf., Mosfellsbæ	65
Markhús hf., Garðabæ	103
Marland hf., Garðabæ	52
Merki og myndhönnun hf., Garðabæ	72
Miðvangur 41 sf., Hafnarfirði	102
Míró hf., Garðabæ	52
Mjólkurbú Hafnarfjarðar - Baula hf., Hafnarfirði	52
Mosfellsleið hf., Mosfellsbæ	65
Mp-verktak hf., Hafnarfirði	65
Myndbandaframleiðslan hf., Hafnarfirði	30
Norden hf., Hafnarfirði	100
Norðuráll, Hafnarfirði	102
Norðurfari hf., Garðabæ	52
Norðurvangur hf., Seltjarnarnesi	30, 106
Nýibær hf., Hafnarfirði	52
Oxus hf., Hafnarfirði	52
Parma sf., Hafnarfirði	49
Penslaverksmiðjan ehf., Hafnarfirði	106
Penslaverksmiðjan hf., Hafnarfirði	52
Pentagon sf., Hafnarfirði	73
Pharmaco hf., Garðabæ	106
Pictor hf., Garðabæ	116
Rafeindaverk, Garðabæ	73
Rafeindaverk sf., Garðabæ	73
Raflind hf., Seltjarnarnesi	65
Reiknistofan hf., Hafnarfirði	30
Rennsli hf., Garðabæ	115
Reykjabakki ehf., Hafnarfirði	106
Réttingaverkstæði Jóns B. hf., Mosfellsbæ	52
Rockwell á Íslandi hf., Seltjarnarnesi	116
S. Ö. kjötvörur hf., Hafnarfirði	115

	Tbl. nr.
SBH ehf., Hafnarfirði	65
Sendill hf., Hafnarfirði	100
SJ trésmiðja sf., Hafnarfirði	49
Skeifan hf., Garðabæ	30
Skipanetið hf., Garðabæ	65
Smári ehf., Hafnarfirði	106
Snarverk hf., Hafnarfirði	100
Sólfell hf., Hafnarfirði	52
Sportmenn hf., Mosfellsbæ	30
Steypustál hf., Hafnarfirði	30
Sumarhús hf., Hafnarfirði	65
Tréform hf., Mosfellsbæ	52, 65
Trésmiðjan Breiður hf., Hafnarfirði	65
Trésmíðaþjónusta Grétars hf., Mosfellsbæ	65
Trompvörur - Ískvikk hf., Garðabæ	72
Túnverk hf., Garðabæ	30
Umsjá ehf., Hafnarfirði	116
Unis hf., Hafnarfirði	100
Útreið ehf., Garðabæ	116
Valhús hf., Hafnarfirði	52
Valurinn hf., Garðabæ	72
Vatnsskarð hf., Hafnarfirði	65
Verkfræðistofan Meka hf., Seltjarnarnesi	30
Vöruhúsið Eiðistorgi hf., Seltjarnarnesi	52, 100
Zebra sf., Hafnarfirði	53
Þórður Óskarsson hf., Mosfellsbæ.	30, 52
Þyrluflug hf., Garðabæ	100
Ölföng hf., Hafnarfirði	116

Kópavogur:

A.S. vélaleiga	69
Arsa sf.	122
Auðunn sf.	69
Aukning hf.	100
Austmar ehf.	108
Ásberg ehf.	115
B. Haraldsson hf.	65
Baader Ísland hf.	30
Basi sf.	122
Bílaverkstæði Guðmundar og Einars sf.	30, 69
Bílval hf.	116
Blikksmiðja Einars hf.	52
Blikksmiðjan Vík hf.	116
Bókaútgáfan Himbrimi	69
Bólsturverk sf., húsgagnagerð	69
Brekka sf.	69
Brekkuval hf.	112
Bryson ehf.	112
Byggingafélagið Hvammur hf.	106
Byko hf.	103
Cargo hf.	112, 116
Dósagerðin hf.	72
Egils-val hf.	65
Einherji hf.	65
Endurskoðunarskrifstofa Guðmundar Sveinssonar sf.	69
Endurskoðunarskrifstofan Hrókur hf.	103
EV bílaumboð hf.	65
Export ehf.	116
Fimman	69
Fæði fyrir alla hf.	52
G. Ben.-Edda prentstofa hf.	52, 65, 115
Gala-film sf.	69
Garðafl-skrúðgarðaþjónusta	69
Gámakó hf.	106
GKS hf.	52, 100
Gróðurvörur sf.	69
Gæðabakstur sf.	69
H og H	69
Hárgreiðslustofan Bylgjan sf.	69
Hárið sf.	69
Hedd ehf.	100

	Tbl. nr.
Heildverslunin Mót hf.	65
Heilsulindin sf.	69
Hjallabrekka hf.	108
HK þjónustan sf.	119
Hlíð sf., garðyrkjustöð	69
Hlíð sf., úrvals kökur	69
Hugbúnaður hf.	65
Inka sf.	69
ISA stál/Véla- og járnsmíðaverkstæði Sigurðar Jóns Ragnarssonar	69
Ís-spor hf.	65
Íslandskostur hf.	30
Íslenskur lax hf.	116
Ísvirki hf. - Íslensk mannvirki	108
Járnbending hf.	52
Jeppaþjónustan hf.	72
JL arkitektar sf.	69
JM hf.	65
Jöfur hf.	30, 100, 106, 116
KE verktakar sf.	119
K G W bókhald	69
Kambur	69
Karl Neon ehf.	72
Kjarnagluggar sf.	119
KS-verktakar hf.	112
Kælismiðjan Frost hf.	72
Lakksmiðjan	69
Ljósþráðurinn hf.	100
Lögmenn Kópavogi sf.	122
Malis	69
Maxímus hf.	100
Málning hf.	52
Merkjaland ehf.	115
Mót hf.	112
Myndlistarskóli Kópavogs	69
Nýr blær sf.	69
O. K. varahlutir hf.	65
Omega Farma ehf.	103, 108
Ó. M. & Co.	69
Ó.M. & Co sf.	69
P. Samúelsson ehf.	103, 116
P. Samúelsson hf.	52
Partasalan	69
Pizza pasta sf.	69
Plúsinn, tónleikabar hf.	116
Radíoborg sf.	72
Rafbjarg hf.	52
Rafvirki sf.	119
Ratvís hf.	100, 103
Reykofninn ehf.	115
S. Bragason hf.	65
Samblikk Ísvör hf.	30
Scandic hús hf.	100
Sendibílar Kópavogs hf.	30
Sendibílastöð Kópavogs hf.	30
Skeifan ný húsgagnamiðlun	69
Skipa- & vélaeftirlitið hf.	30
Slökkvitækjaþjónustan hf.	65
Smiðjuvegur 11 hf.	65
Smugan sf.	69
Snyrtistofan Tara	69
Sólsetur hf.	103
Spor hf.	106
Sportbúð Kópavogs	69
Sprettur hf.	100
Steind hf.	115
Stig ehf.	115
Straumur hf. umboðs- og heildverslun	100
Súla	69
Svansprent hf.	52
Syrpa sf.	69
Söluturninn Grænatúni 1	69
T & T Co. hf.	52
Tannlæknastofa Sifjar Matthíasdóttur hf.	106
Tara, umboðs- og heildverslun	122
Tarsus hf.	65

	Tbl. nr.
Timbur og stál hf.	65
Túnþökusalan sf.	69
Túnþökuvinnslan hf.	116
V. Ó. L. ehf.	116
Valentína sf.	69
Valfoss	69
Veiðivon hf.	100
Veitingavörur hf.	100
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar	69, 122
Verkfræðistofa Kópavogs	69
Verkfræðistofan Hamraborg	69
Verkver sf.	69
Verslunin Vogar	69
Vé	69
Vinnulyftur sf.	69
Vöruborg hf.	52
Þöll sf.	69

Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður:

Aðall hf., Egilsstöðum	103
Brúnás Egilsstöðum hf., Egilsstöðum	115
Ferðamiðstöð Austurlands ehf., Egilsstöðum	112
Fiskiðjan Bjarg hf., Bakkafirði	65
Frú Lára hf., Seyðisfirði	108
Gunnólfur hf., Bakkafirði	30
Hamraland hf., Egilsstöðum	112
Hellusteypan B.T. sf., Hlíðarhreppi, Seyðisfirði	80
Hrafnafell sf., Reyðarfirði	71
Loðmundur hf., Fellahreppi	52
Lón hf., fiskimjölsverksmiðja, Vopnafirði	52
Malarvinnslan hf., Egilsstöðum	100
MBI Borgafell hf., Egilsstöðum	52
RLH sf., Seyðisfirði	120
Scan-Am hf., Seyðisfirði	116
Tangi hf., Vopnafirði	103
Tölvin hf., Vopnafirði	72
Vélsmiðjan Stál hf., Seyðisfirði	103

Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Eskifjörður:

Búlandstindur hf., Djúpavogi	72
Búri hf., Fáskrúðsfirði	108
Dana hf., Neskaupstað	52
Fjarðaferðir hf., Neskaupstað	106
Gunnarstindur hf., Stöðvarfirði	52, 100, 108
Heildverslun Austurlands sf., Fáskrúðsfirði	22
Hesja hf., Neskaupstað	30
Hólmaborg hf., Eskifirði	100
Hólmi hf., Eskifirði	115
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði	116
Krappi sf., Fáskrúðsfirði	84
Pöntunarfélag Eskfirðinga hf., Eskifirði	30, 115
Ris sf., Neskaupstað	22, 126
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	106
Skriðjökull hf., Fáskrúðsfirði	116
Sorpsamlag Mið-Austurlands bs., Eskifirði	80
Sólheim sf., Neskaupstað	103
Útgerðarfélagið Birtingur hf., Neskaupstað	100

Tbl. nr.

V.G. hreinsun sf., Neskaupstað 76
Viggó hf., Neskaupstað 30

Ölver hf., Neskaupstað 52

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:

Ás-Húsbyggingar, Borgarnesi 69

Bitinn sf., Reykholti 99
Brjánn sf., Borgarnesi 53
Byggingafélagið Borg hf., Borgarnesi 116

Hreðavatnsskáli hf., Borgarbyggð 52
Hvalur hf., Strandarhreppi 115

Íslenska járnblendifélagið hf.,
Grundartanga 100

Langjökull hf., Húsafelli 65
Laugarkelda sf., Borgarnesi 7

Ólafsfjörður:

Fiskiðjan Ísbjörg hf. 65

Jökull hf. 72

Rangárvallasýsla:

Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf.,
Þykkvabæ 108

Trésmiðja G. G. hf., Hvolsvelli 116

Völuflutningar SÁ hf., Djúpárhreppi 100

Siglufjörður:

Aðalbakarí sf. 99

Hótel Lækur hf. 72

Nammi hf. 65

Rækjuvinnslan Pólar hf. 103

Tbl. nr.

Sjálfstæðishúsið hf. 108

Þormóður rammi hf. 106

Skaftafellssýsla:

Bifreiðastöð Austurlands sf., Höfn 13, 22
Borgey hf., Höfn 30, 100, 108
Bær hf., Kirkjubæjarklaustri 116

Fiskmarkaður Hornafjarðar hf.,
Höfn 103
Foss sf., Höfn 101

G. S. bretti hf., Höfn 116

HK hf., Höfn 103
Hvalsnes hf., Bæjarhreppi 115

Jöklaferðir hf., Höfn 72

Katla sf., Vík 7

Lóan ehf., Skaftárhreppi 103

Skógey sf., Höfn 131
Stúdíó Horn sf., Höfn 49

Top hf., Höfn 103

Verbúðir hf., Hafnarhreppi 52

Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur:

Bíla- og búvélasalan, Sauðárkróki 105
Bílaleiga Sauðárkróks, Sauðárkróki 131
Bílaleiga Skagafjarðar sf.,
Sauðárkróki 49
Bílasala Baldurs, Sauðárkróki 99

Djúpós sf., Sauðárkróki 90
Dögun hf., rækjuvinnsla, Sauðárkróki 49

Fiskiðjan Skagfirðingur hf.,
Sauðárkróki 116

	Tbl. nr.
Hegri hf., Sauðárkróki	65
Hera sf., Hofsósi	57
Hesteyri 2 hf., Sauðárkróki	52
Kjöthlaðan sf., Lýtingsstaðahreppi	44
Marver hf., útgerðarfyrirtæki, Sauðárkróki	49
Óstak sf., Sauðárkróki	69
Pökkunarstöðin hf., Sauðárkróki	112
Skagfirðingur hf., Sauðárkróki	56
Slátursamlag Skagfirðinga hf., Sauðárkróki	108
Steinullarverksmiðjan hf., Sauðárkróki	30
Stuðlatækni hf., Sauðárkróki	52
Stuðull sf., Sauðárkróki	131
Stuðull - tölvubúnaður hf., Sauðárkróki	72
Topphestar sf., Sauðárkróki	44
Vélsmiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki	65
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:	
Arðsýn hf., Stykkishólmi	52
Breiðfirðingur hf., Stykkishólmi	52
Búðir hf., Staðarsveit	100
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	115
Fiskmarkaður Snæfellsness hf., Ólafsvík	100
Guðmundur Runólfsson hf., Grundarfirði	100
Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	115
Hvass sf., Helgafellssveit	53
Kristján Guðmundsson hf., Rifi	112
Leiga ehf., Grundarfirði	103
Lögfiskur hf., Grundarfirði	112
Norðurgarður hf., Ólafsvík	52
Sérleyfisbílar Helga Péturssonar hf.	65
Skipasmíðastöðin Skipavík hf., Stykkishólmi	103
Snjófell sf., Arnarstapa	53
Sólborg ehf., Stykkishólmi	116
Stykkiskaup hf., Stykkishólmi	72
Sæfell ehf., Stykkishólmi	116
Særós sf., Grundarfirði	71
Valafell hf., Ólafsvík	72
Vikuriðnaður hf., Ólafsvík	72
Virki hf., Rifi	30
Öflun sf., Stykkishólmi	131
Örninn hf., vöruflutningar, Ólafsvík	65
Strandasýsla:	
Hólmadrangur hf., Hólmavík	116
Litla hljóðverið hf., Hólmavík	112
Naf hf., Finnbogastöðum, Árneshreppi	65
Vestmannaeyjar:	
Amigo	53
Auðunn hf.	112
Bergur-Huginn hf.	52
Eyjakaup ehf.	112
Eyjavík hf.	112
Ferðaþjónusta Vestmannaeyja	115
Fiskiðjan hf.	43, 53
Fjölverk hf.	103
Goðaborg hf.	103, 115

	Tbl. nr.
Hamar sf.	1
Heimilisdeildin hf.	30
Hellugerðin hf.	115
Hótel Bræðraborg	119
Kristjánssynir sf.	78
Nippill sf.	113, 115
Nova sf.	7
Ólafur og Magnús sf.	131
Skagaberg sf.	49
Skálanes	122
Smáey hf.	52
Spónn sf.	57
Strandberg sf.	49
Tanginn	107
Útgerðarfélagið Bára hf.	52
Útgerðarfélagið Ósk hf.	72
Vinnslustöðin hf.	30, 43, 116
Þrír sf.	84, 101
Ægishjálmur hf.	115, 116
Þingeyjarsýsla:	
Atlanúpur hf., Raufarhöfn	116, 129
Barnavöruverslunin Bessý sf., Húsavík	22
BDS virki hf., Svalbarðseyri	112
Bessý sf., Húsavík	53
Borgartangi hf., Öxarfjarðarhreppi	52
Brauðhús hf., Þórshöfn	108
Fiskbúð Húsavíkur, Húsavík	10
Fiskiðja Raufarhafnar hf., Raufarhöfn	30, 112
Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf., Húsavík	100, 103
Fjallalamb hf., Kópaskeri	115
Garðræktarfélag Reykhverfinga hf., Reykjahverfi	30
Gámatækni hf., Húsavík	72
Gefla hf., Kópaskeri	108
Hafsól hf., Svalbarðseyri	112
Hafspil-vélaverkstæði hf., Þórshöfn	116
Hlað sf., Húsavík	131
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Þórshöfn	103
Höfðaver ehf., Húsavík	100
Höfði hf., Húsavík	52
Íshaf hf., Húsavík	52
Íslenskir sjávarréttir hf., Húsavík	65
Jökull hf., Raufarhöfn	30, 129
Kartöflusalan Svalbarðseyri hf., Svalbarðseyri	65
Kísiliðjan hf., Reykjahlíð v/Mývatn	52
Korri hf., Húsavík	65
Njörður hf., Húsavík	30
Norðurvík hf., Húsavík	106
Svarthamar hf., Húsavík	52
Sænes hf., Grenivík	30
Tjarnir hf., Ljósavatnshreppi	52
Trésmiðjan Borg hf., Húsavík	65, 108
Trésmiðjan Fjalar hf., Húsavík	100
Vogabændur hf., Skútustaðahreppi	106